

# Aðdragandi og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna

# 4

Rannsóknarnefnd Alþingis 2014

**Útgefandi:**

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt þingsályktun nr. 42/139 frá 10. júní 2011 um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

**Ritstjórn:**

Hrannar Már S. Hafberg  
Tinna Finnbogadóttir  
Bjarni Frímenn Karlsson

**Hönnun og umbrot:**

Stefán Einarsson

**Ljósmynd á kápu:**

Torfi Agnarsson

**Prentun og bókband:**

Prentsmiðjan Oddi

Reykjavík 2014

**Merking tákna í töflum:**

– Núll, þ.e. ekkert

... Upplýsingar vantar eða tala ekki til

· Tala á ekki við

Ef töflureitur er auður er þar um að ræða gildi sem óljóst er hvert er út frá fyrirbyggjandi upplýsingum.

ISBN 978-9935-9203-4-8

## EFNISYFIRLIT

<b>17. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis .....</b>	<b>7</b>
17.1 Ársreikningar 2001–2008 .....	8
17.1.1 Rekstrarreikningar .....	9
17.1.2 Efnahagsreikningar .....	19
17.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar .....	24
17.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila við útlánasafn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis .....	26
17.2.2 Útlánareglur .....	28
17.2.3 Áhættustýring .....	31
17.2.4 Útlánareglur Frjálsa fjárfestingarbankans hf. ....	32
17.2.5 Útlánareglur SPRON-Verðbréfa hf. ....	33
17.2.6 Stærstu lántakendur .....	35
17.2.6.1 Lán til stjórnar, starfsmanna og tengdra aðila .....	48
17.3 Fjáreignir og fjárfestingar .....	50
17.3.1 Fjárfestingarheimildir og framkvæmd fjárfestinga .....	51
17.3.2 Eftirlit með fjárfestingum .....	54
17.3.3 Fjáreignir .....	57
17.3.4 Tekjur af fjáreignum .....	59
17.3.5 Umfjöllun um einstaka eignir og mestu niðurfærslur .....	61
17.3.6 Dótturfélög .....	71
17.4 Fjármögnun .....	85
17.4.1 Innlán .....	85
17.4.1.1 Innlán Íbúðalánasjóðs í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á árinu 2008 .....	87
17.4.1.2 Vátryggingafélag Íslands hf. ....	87
17.4.2 Skuldir við lánastofnanir .....	88
17.4.2.1 Seðlabanki Íslands .....	89
17.4.2.1.1 Kaupþingsvixlar .....	90
17.4.2.1.2 GÍF 08 1 .....	91
17.4.2.1.3 Fyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 22. október 2008 .....	93
17.4.2.1.4 Fasteignatryggð veðskuldabréf .....	95
17.4.2.1.5 Uppgjör við Seðlabanka Íslands .....	96
17.4.3 Lántaka .....	97
17.4.3.1 Erlend lántaka .....	97
17.4.3.2 Verðbréfaútgáfa .....	100
17.4.4 Víkjandi lántaka .....	102
17.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur .....	105
17.6 Arður af stofnfjáreign .....	111
17.7 Yfirtökutilraunir og hlutafélagsvæðing .....	113
17.7.1 Tilraun til hlutafélagsvæðingar 2002 .....	113
17.7.1.1 Tilboð „fimmennninganna“ og Starfsmannasjóðs SPRON ehf. ....	114
17.7.1.1.1 Heimild til sölu stofnfjár á yfirverði .....	117
17.7.1.1.2 Aðgangur stofnfjáreigenda að varasjóði .....	119
17.7.2 Tilraun til hlutafélagsvæðingar og samruna við önnur fjármálafyrirtæki 2003–2004 .....	120
17.7.2.1 Sameiningarviðræður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs vélstjóra .....	122
17.7.2.2 Hlutafélagsvæðing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2006–2007 .....	123
17.7.2.3 Stofnfjárviðskipti stjórnarmanna og tengdra aðila í aðdraganda skráningar sparisjóðsins í Kauphöllina .....	124
17.7.2.3.1 Kærumál Samtaka fjárfesta vegna viðskipta í „glugganum“ .....	125
17.7.2.4 Áætlun um samruna við Kaupþing banka hf. ....	127


17.8 Fjárhagsleg endurskipulagning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.....	128
17.8.1 Upphaf viðræðna við erlenda lánardrottna .....	132
17.8.2 Stefubreyting í viðræðum sparisjóðsins við lánardrottna .....	135
17.8.3 Ósk um endurskipulagningu skulda við Seðlabanka Íslands.....	136
17.8.4 Stjórnvöld leggja mat á stöðuna.....	138
17.8.5 Niðurstöður áreiðanleikakönnunar Ernst & Young.....	140
17.8.6 Síðustu dagar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. ....	141
17.8.6.1 Frestur til að skila uppfærðum áætlunum um lausn á eiginfjárvanda sparisjóðsins .....	142
17.8.6.2 Lítillega breyttar tillögur lagðar fram.....	144
17.8.6.3 Fjármálaeftirlitið tekur yfir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. ....	147
17.8.7 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.....	148
17.9 Innra eftirlit.....	150
17.9.1 Innri endurskoðun .....	150
17.9.2 Áhættustýring .....	151

## 18. Byr sparisjóður.....155

18.1 Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs frá 2001 til 2009.....	159
18.1.1 Rekstrarreikningur.....	159
18.1.2 Efnahagsreikningur.....	167
18.1.3 Ársreikningar sparisjóða sem sameinuðust í Byr sparisjóð .....	172
18.1.3.1 Ársreikningar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 2001–2005.....	172
18.1.3.2 Ársreikningar Sparisjóðs Kópavogs 2001–2007 .....	174
18.1.3.3 Ársreikningar Sparisjóðs Norðlendinga 2001–2007.....	176
18.2 Útlán .....	178
18.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila við útlánasafn Byrs sparisjóðs .....	179
18.2.2 Útlánareglur .....	181
18.2.3 Reglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána.....	182
18.2.4 Stærstu lántakendur .....	183
18.2.5 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna.....	214
18.3 Fjáreignir og fjárfestingar.....	216
18.3.1 Fjárfestingarákvarðanir og framkvæmd.....	217
18.3.2 Fjáreignir Byrs .....	220
18.3.3 Tekjur af fjáreignum.....	222
18.3.4 Stærstu fjáreignir og niðurfærslur.....	224
18.3.5 Dótturfélög.....	236
18.4 Fjármögnun .....	246
18.4.1 Innlán .....	247
18.4.1.1 Skuldabréfum breytt í innlán.....	248
18.4.2 Skuldir við lánastofnanir.....	249
18.4.3 Lántaka.....	250
18.4.3.1 Verðbréfaútgáfa .....	251
18.4.3.2 Erlend lán .....	251
18.4.4 Víkjandi lán .....	253
18.5 Eignarhald og stofnfé .....	253
18.5.1 Stofnfé og stofnfjáreigendur Sparisjóður vélstjóra.....	253
18.5.2 Stofnfé og stofnfjáreigendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar.....	258
18.5.2.1 Rannsókn Fjármálaeftirlitsins .....	263
18.5.2.2 Sameining Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra.....	265
18.5.3 Stofnfé og stofnfjáreigendur Byrs sparisjóðs.....	266
18.6 Arður af stofnfjáreign í Byr sparisjóði, forverum hans og sparisjóðum sem sameinuðust honum.....	272
18.7 Fjárhagsleg endurskipulagning.....	276
18.7.1 Umsókn Byrs sparisjóðs um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.....	277
18.7.1.1 Skýrsla PricewaterhouseCoopers .....	277

18.7.1.2	Aðgerðaáætlun Byrs og viðbrögð stjórnvalda og kröfuhafa.....	278
18.7.1.3	Viljayfirlýsing um vinnu að fjárhagslegri endurskipulagningu.....	279
18.7.1.4	Athugasemdir við áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu .....	281
18.7.1.5	Eignasafn Byrs sparisjóðs yfirfarið að nýju.....	283
18.7.1.6	Skilyrði stjórnvalda fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu.....	284
18.7.1.7	Samningaviðræður við kröfuhafa.....	286
18.7.2	Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og stofnun Byrs hf. ....	290
18.8	Innra eftirlit.....	292
18.8.1	Innri endurskoðun .....	292
18.8.2	Áhættustýring .....	294

## 17. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis



## 17. SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Hugmynd að stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis kom fyrst upp á fundi í Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur 27. febrúar 1930 þegar gjaldkeri félagsins, Sigurður Halldórsson trésmiðameistari, vakti máls á því að nauðsynlegt væri að iðnaðarmenn stofnuðu einhvers konar iðnlánadeild. Skyldi hún greiða götu iðnaðarmanna til að auka framleiðslu sína. Hugmyndin fékk byr undir báða vængi og settu iðnaðarmenn á stofn undirbúningsnefnd sem boðaði til fundar 23. janúar 1932 í Baðstofu iðnaðarmanna. Alls mættu 63 félagsmenn á fundinn og stofnuðu þar Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Jón Þorláksson borgarstjóri var kjörinn fyrsti stjórnarformaður. Upphaflegu stofnfjáreigendurnir 63 lögðu hver um sig fram 250 krónur í stofnfé, að auki ábyrgðust þeir 250 krónur til viðbótar ef á þyrfti að halda. Við stofnun sparisjóðsins var heildarstofnfé því 15.750 krónur.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hóf starfsemi 28. apríl 1932 með tveimur starfsmönnum og hafði aðsetur í húsi frú Þóru Magnússon við Hverfisgötu 21 í Reykjavík.<sup>1</sup> Síðar flutti sjóðurinn starfsemi sína að Hverfisgötu 26 og var þar til ársins 1968 þegar hann fluttist í eigið húsnæði að Skólavörðustíg 11. Árið 2002 voru höfuðstöðvar sparisjóðsins svo fluttar að Ármúla 13a.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis stundaði lengi vel aðeins hefðbundna inn- og útlánastarfsemi eins og aðrir sparisjóðir. Á styrjalदारarunum var tekin upp sú stefna í útlánum hjá sparisjóðnum að veita í æ ríkari mæli lán til íbúðabygginga og kaupa á íbúðarhúsnæði. Smám saman dró úr útlánum til verslunar og almennra viðskipta. Árið 1982 fékk sparisjóðurinn heimild til að opna útibú og var hið fyrsta opnað í september 1983 að Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi. Ári síðar var Sparisjóðurinn Pundið sameinaður Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og í kjölfarið var annað útibú opnað í Hátúni 2b. Útibúin voru orðin sjö talsins í lok árs 2007.<sup>2</sup>

Í ársskýrslu sparisjóðsins frá árinu 2007 var sparisjóðnum lýst sem alhliða fjármálafyrirtæki sem veitti viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta á höfuðborgarsvæðinu. Guðmundur Hauksson gegndi starfi sparisjóðsstjóra frá árinu 1996 og síðar forstjóra eftir að sjóðnum var breytt í hlutafélag á árinu 2007.<sup>3</sup> Á undan honum hafði Baldvin Tryggvason verið sparisjóðsstjóri í 20 ár. Síðasti formaður stjórnar var Erlendur Hjaltason.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (hf.) 2001-2008.<sup>4</sup>

	2001	2002	2003	2004/I*	2004/II	2005	2006	2007	2008
Ari Bergmann Einarsson					x	x	x	x	x
Árni Sigfússon	x								
Árni Þór Sigurðsson	x	x	x						
Erlendur Hjaltason					x	x	x	x	Form.
Gunnar Þór Gíslason					x	x	x	x	
Hildur Njarðvík			x	x					
Hildur Petersen		x	x	x	Form.	Form.	Form.	Form.	
Hjalti Geir Kristjánsson	x	x							
Ásgeir Baldurs					x	x	x	x	x
Jón G. Tómasson	Form.	Form.	Form.						
Margrét Guðmundsdóttir									x
Óskar Magnússon					Form. 1**				
Pétur Blöndal			x	Form. 2					
Rannveig Rist									x
Vilhjálmur P. Vilhjálmsson				x					
Þorgeir Baldursson	x	x							
Þorvarður Eliásson				x					

\* Stjórn 2004/I sagði af sér og stjórn 2004/II tók við 30. desember 2004.

\*\* Formaður 1 sagði af sér 26. nóvember 2004 og formaður 2 tók við.

1. Jón Aðalsteinn Jónsson, „Enn ein árás á sjálfstæði SPRON“, *Morgunblaðið* 10. janúar 2004.
2. Skýrsla unnin af ParX viðskiptaráðgjöf IBM fyrir stofnfjáreigendur og fjárfesta SPRON, 29. september 2004.
3. Ársskýrsla SPRON 2007.
4. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008 og fundargerðir ársins 2009.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis óx mikið á árunum 2001–2007 og í lok árs 2007 námu heildareignir hans 224 milljörðum króna, eða 27% af heildareignum sparisjóða í landinu sem þá námu 614 milljörðum króna. Í lok árs 2008 voru hluthafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 1.667 og var nafnverð hlutabréfa 5 milljarðar króna.<sup>5</sup> Síðasta skráða gengi hlutabréfa í sjóðnum var 1,91.<sup>6</sup>

Í árslok 2008 voru í samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.: Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., nb.is-sparisjóður hf., SPRON-Verðbréf hf., Steinsnes ehf., Hraunsnes ehf., ÍsKal ehf., LAX solutions ehf. og SPRON Factoring hf.<sup>7</sup>

Frá árinu 2002, eftir að sparisjóðum varð heimilt að lögum að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag, var nokkrum sinnum reynt að breyta Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag. Þau áform gengu ekki eftir fyrr en árið 2007. Í bókhalda voru skilin milli sparisjóðsins og hlutafélagsins miðuð við 1. apríl 2007. Eigið fé sparisjóðsins 31. mars var 30,5 milljarðar króna og þar af nam stofnfé 20,5 milljörðum króna. Stofnfjáreigendur fengu greidda 9 milljarða króna í arð vegna afkomu ársins 2006. Við stofnun hlutafélagsins fengu stofnfjáreigendur hlutabréf í staðinn fyrir stofnfjárbréf sín. Hlutfé nam 5 milljörðum króna við stofnun. Þar af voru um 15% í eigu sjálfseignarstofnunar sem lögum samkvæmt varð til við hlutafélagsvæðinguna.<sup>8</sup>

Samrunaviðræður hófust milli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Kaupþings banka hf. 30. apríl 2008 að ósk stjórnar Kaupþings banka hf. Viðræðurnar stóðu yfir þar til Fjármálaeftirlitið yfirtók vald hluthafafundar Kaupþings banka hf., vék stjórninni frá og skipaði skilanefnd yfir bankanum þann 9. október 2008.

Eftir fall viðskiptabankanna þriggja haustið 2008 varð rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. afar þungur og hófust viðræður við lánardrottna um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins sem stóðu allt til loka mars 2009. Þá var það mat Fjármálaeftirlitsins að staða sparisjóðsins væri orðin mjög alvarleg þar sem enn hefði ekki tekist að leysa eiginfjár- og lausafjórvara sparisjóðsins þrátt fyrir ítrekaða fresti.<sup>9</sup> Svo fór að 21. mars 2009 nýtti Fjármálaeftirlitið sér heimild í lögum nr. 125/2009 og tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og vék þáverandi stjórn frá.

## 17.1 Ársreikningar 2001–2008

Umfjöllunin tekur mið af samstæðureikningi félagsins nema annað sé tekið fram. Sparisjóðurinn tók, fyrstur sparisjóða, að gera upp í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir árið 2005. Það kallaði á nokkrar tilfærslur í framsetningu hér til þess að reikningar yrðu samanburðarhæfir milli ára. Rétt er að geta þess að ársreikningur fyrir árið 2008 var ekki endurskoðaður sökum þess að Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 21. mars 2009 en ætlunin hafði verið að halda aðalfund 25. mars sama ár.<sup>10</sup>

Ekki liggja fyrir reikningsskil sparisjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 21. mars 2009 og fyrir vikið eru ekki tiltækar upplýsingar um afkomu sjóðsins fram að falli hans. Hins vegar voru allar eignir sjóðsins fluttar til Dróma hf. og samkvæmt ársreikningi Dróma nam tap félagsins fyrir tímabilið 22. mars til 31. desember 2009 tæpum 13 milljörðum króna, sem ætti að gefa vísbendingu um tap af eignasafni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á árinu 2009.<sup>11</sup> Í umfjöllun í skýrslunni er miðað við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.

5. Ársreikningur samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2008.

6. Upplýsingar um gengi hlutabréfa fengnar frá Kauphöll Íslands.

7. Ársreikningur samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2008.

8. Ársreikningur samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007.

9. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., 21. mars 2009.

10. Sjá nánar um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla.

11. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að hafa yrði í huga að rekstri sparisjóðsins hefði verið hætt í mars og eftir það hefði fyrst og fremst fallið til kostnaður, einhverjar vaxtatekjur en engar þjónustutekjur og annað á móti.



### 17.1.1 Rekstrarreikningar

Hagnaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fór vaxandi frá 2001 til 2006. Árið 2006 skilaði sparisjóðurinn mesta hagnaði frá upphafi en þá nam hann rúmum 9 milljörðum króna, sem var rúmlega tvöföldun frá árinu áður. Helsta skýringin á þessari miklu hækkun á afkomu var gangvirðishækkun fjáreigna og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi. Á árinu 2007 dróst hagnaðurinn verulega saman og var einungis rúmur þriðjungur af hagnaði ársins áður og nam 3,3 milljörðum króna. Þar af var bókfærður sölughagnaður vegna sölu sparisjóðsins á eignarhluta hans í Sparisjóðabankanum upp á 3,1 milljarð króna. Hálfársuppgjör 2007 hafði sýnt liðlega 10 milljarða króna hagnað og er því ljóst að síðari hluta ársins snerust hlutirnir til verri vegar fyrir sparisjóðinn. Stærsta ástæðan fyrir því var eign sparisjóðsins í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf., en hlutdeild í tapi félagsins árið 2007 nam 4,2 milljörðum króna.

Á árinu 2008 varð mikið tap af rekstri sjóðsins. Þriggja mánaða uppgjör sýndi strax 8,4 milljarða króna tap, hálfársuppgjör sýndi tap upp á 13,5 milljarða króna og níu mánaða uppgjör 16,5 milljarða króna tap. Gengistap af fjáreignum og hlutdeild í tapi Kistu voru megin skýringin á þessari bágu afkomu. Árið var svo í heildina gert upp með 68,3 milljarða króna tapi. Þar gerði útslagið 37,6 milljarða króna framlag í afskriftareikning útlána, auk 18,6 milljarða króna gengistaps af fjáreignum, 9,9 milljarða króna taps af hlutdeildarfélögum og 1,5 milljarða króna virðisrýrnunar viðskiptavildar.

Samanlagður hagnaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á 10 ára tímabili fyrir fall bankanna 2008, þ.e. á árunum 1998–2007, var um 25,3 milljarðar króna miðað við meðalverðlag ársins 2008. Sparisjóðurinn tapaði því á árinu 2008 næstum þreföldum hagnaði undanfarinna 10 ára.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir árin 2001–2008.<sup>12</sup>

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Hreinar vaxtatekjur	1.255.766	1.688.523	1.986.331	2.275.125	2.224.867	2.414.531	2.645.517	1.160.688
Hreinar þjónustutekjur	483.322	542.657	605.822	616.006	584.064	975.312	1.531.064	1.159.154
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	95.280	107.997	75.023	234.619	715.739	1.903.501	(2.397.121)	(9.857.228)
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	207.032	350.440	1.100.282	1.746.583	4.246.904	9.618.590	3.741.080	(18.593.304)
Aðrar rekstrartekjur	2.854	229.816	37.851	134.512	575.722	284.405	3.695.355	270.497
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>2.044.254</b>	<b>2.919.433</b>	<b>3.805.309</b>	<b>5.006.845</b>	<b>8.347.296</b>	<b>15.196.339</b>	<b>9.215.895</b>	<b>(25.860.193)</b>
Almennur rekstrarkostnaður	(1.558.374)	(1.968.360)	(2.126.199)	(2.541.301)	(3.064.884)	(4.009.207)	(5.418.721)	(6.263.780)
Afskriftir viðskiptavildar		(88.844)	(164.555)	(175.423)	–	–	–	(1.547.421)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(474.332)	(590.758)	(668.383)	(469.884)	(326.591)	(308.347)	(498.402)	(37.600.573)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>(2.032.706)</b>	<b>(2.647.962)</b>	<b>(2.959.137)</b>	<b>(3.186.608)</b>	<b>(3.391.475)</b>	<b>(4.317.554)</b>	<b>(5.917.123)</b>	<b>(45.411.774)</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>11.548</b>	<b>271.471</b>	<b>846.172</b>	<b>1.820.237</b>	<b>4.955.821</b>	<b>10.878.785</b>	<b>3.298.772</b>	<b>(71.271.967)</b>
Skattar samtals	226.602	462.380	(42.025)	(355.467)	(863.451)	(1.868.503)	(12.124)	2.934.188
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>238.150</b>	<b>733.851</b>	<b>804.147</b>	<b>1.464.770</b>	<b>4.092.370</b>	<b>9.010.282</b>	<b>3.286.648</b>	<b>(68.337.779)</b>


#### Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur hækkuðu verulega á árinu 2006 frá fyrra ári eftir jafnari vöxt árin á undan. Á árinu 2007 drógust þær saman um nærri helming og algjör viðsnúningur varð á árinu 2008 þegar hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 25,9 milljarða króna. Það sem vó hvað þyngst í þessum sveiflum á hreinum rekstrartekjum voru gengisáhrif fjáreigna og afkoma hlutdeildarféлага.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

12. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008. Í viðauka C má sjá sömu rekstrarreikninga á meðalverðlagi ársins 2011.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.<sup>13</sup>



Samsetning hreinna rekstrartekna tók miklum breytingum á tímabilinu. Fjárfestingartekjur tóku að vaxa að marki árið 2003 og árið 2005 fóru þær fyrst fram úr hreinum vaxta- og þjónustutekjum. Þetta endurspegladi breyttar áherslur í rekstri sparisjóðsins. Fjárfesting í verðbréfum hafði afgerandi áhrif á afkomu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá og með þeim tíma. Eignarhlutur hans, annars vegar í Exista hf., beinn og í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf., og hins vegar í Sparisjóðabanka Íslands hf., lék þar langstærsta hlutverkið.<sup>14</sup>

Liðurinn aðrar rekstrartekjur vó ekki þungt í rekstri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis ef frá eru talin árin 2005 og 2007. Söluhagnaður hlutabréfa var færður undir þennan lið í ársreikningum sjóðsins. Á árinu 2005 var hagnaður af sölu á eignarhlut í Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. upp á 276 milljónir króna. Á árinu 2007 seldi sparisjóðurinn hlutabréf í Sparisjóðabankanum fyrir 6,2 milljarða króna. Bókfærður söluhagnaður vegna þessa nam tæplega 3,1 milljarði króna en eins og áður sagði samsvaraði það nær öllum hagnaði sparisjóðsins á árinu 2007.

Hreinar vaxtatekjur hækkðu á árunum 2001–2007 í samræmi við vöxt sparisjóðsins. Vaxtatekjur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis voru aðallega af útlánnum og hækkðu um 12,7 milljarða á árinu 2008. Vaxtagjöld af innlánnum sparisjóðsins námu 45% af heildarvaxtagjöldum á árinu 2006. Ytri þættir, svo sem gengisfall krónunnar og aukin verðbólga á árinu 2008, hækkðu vaxtatekjur og vaxtagjöld verulega. Samdráttur í hreinum vaxtatekjum á árinu 2008 stafaði einkum af hækkandi vaxtakostnaði vegna dag- og veðlána- viðskipta og peningamarkaðssamninga við Seðlabanka Íslands, hærri innlánsvöxtum og víkjandi skuldum.

Vaxtamunur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var áþekkur og hjá öðrum sparisjóðum á árunum 2001–2004.<sup>15</sup> Eftir það lækkaði hann verulega og varð mun lægri en annarra sparisjóða. Þetta vitnar um þá grundvallarbreytingu sem orðin var á stefnu sparisjóðsins, þ.e. að horfið var frá því að byggja alfarið á hefðbundinni sparisjóðsstarfsemi en þess í stað

13. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

14. Sérstök umfjöllun er um þátt Exista hf. og Kistu – fjárfestingarfélags ehf. í afkomu sparisjóðanna í 10. kafla, um fjárfestingar sparisjóðanna. Í sama kafla má finna umfjöllun um sölu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Byrs sparisjóðs á eignarhlutnum þeirra í Icebank hf. Um þá sölu er einnig fjallað í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna, og 31. kafla, um Sparisjóðabanka Íslands hf.

15. Útreikningur á vaxtamun er skýrður í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna. Í viðauka B getur að líta töflu sem sýnir vaxtamun hjá einstökum sparisjóðum 2001–2011.

lögð áhersla á fjárfestingar.<sup>16</sup> Útlánaaukningin sem hófst fyrir alvöru árið 2005 byggðist ekki hvað síst á lánunum til fasteignakaupa en mikil samkeppni varð á þeim markaði á árinu 2004. Á sama tíma kepptust fjármálafyrirtækin við að bjóða viðskiptavinum sem hæsta innlánsvexti. Vaxtamunur var nánast orðinn enginn árin 2006–2008. Þessarar þróunar gætti einnig hjá öðrum sparisjóðum, mest þó hjá sparisjóðum á suðvesturhorni landsins. Á árinu 2008 tók vaxtamunur almennt að aukast aftur þegar nær alveg hafði verið tekið fyrir framboð á lánsfé á fjármálamörkuðum.

Tafla 3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á árunum 2001–2008.<sup>17</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Vaxtatekjur:</b>								
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	244.875	218.884	139.825	48.197	83.884	539.730	1.582.324	1.263.274
Útlán o.fl.	4.057.532	3.855.709	4.297.934	5.154.601	7.232.494	12.943.281	14.677.672	27.407.122
Markaðsskuldabréf o.fl.	394.244	454.409	512.654	354.358	566.540	1.054.288	4.671.562	4.681.675
Aðrar vaxtatekjur o.fl.		4.636	38	174	813	–	–	185.767
<b>Samtals</b>	<b>4.696.651</b>	<b>4.533.638</b>	<b>4.950.451</b>	<b>5.557.330</b>	<b>7.883.731</b>	<b>14.537.299</b>	<b>20.931.558</b>	<b>33.537.838</b>
<b>Vaxtagjöld:</b>								
Lánastofnanir	(269.720)	(237.643)	(312.089)	(223.595)	–	(1.220.176)	(4.069.243)	(8.160.707)
Innlán o.fl.	(2.230.074)	(1.804.716)	(1.544.603)	(1.931.309)	(3.227.625)	(5.404.196)	(6.918.004)	(13.509.222)
Lántaka o.fl.	(534.447)	(626.587)	(921.066)	(899.254)	(2.202.647)	(4.979.523)	(6.626.505)	(8.650.323)
Vikjandi skuldir	(229.757)	(167.588)	(168.005)	(202.980)	(196.803)	(518.873)	(614.381)	(1.483.345)
Önnur vaxtagjöld o.fl.	(78.479)	(8.581)	(18.357)	(25.067)	(31.789)	–	(57.908)	(573.553)
<b>Samtals</b>	<b>(3.342.477)</b>	<b>(2.845.115)</b>	<b>(2.964.120)</b>	<b>(3.282.205)</b>	<b>(5.658.864)</b>	<b>(12.122.768)</b>	<b>(18.286.041)</b>	<b>(32.377.150)</b>
Reikn. tekjur (gjöld) vegna verðlagsbreyt.	(98.408)	.	.	.	.	.	.	.
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>1.255.766</b>	<b>1.688.523</b>	<b>1.986.331</b>	<b>2.275.125</b>	<b>2.224.867</b>	<b>2.414.531</b>	<b>2.645.517</b>	<b>1.160.688</b>

Tafla 4. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á árunum 2001–2008.<sup>18</sup>

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis:</b>								
Meðalvextir útlána	16,7%	12,6%	11,8%	11,9%	10,7%	12,1%	10,1%	15,6%
Meðalvextir innlána	11,0%	7,7%	5,6%	5,9%	8,6%	11,3%	9,7%	15,1%
<b>Vaxtamunur</b>	<b>5,1%</b>	<b>4,5%</b>	<b>5,8%</b>	<b>5,6%</b>	<b>1,9%</b>	<b>0,8%</b>	<b>0,3%</b>	<b>0,5%</b>
<b>Aðrir sparisjóðir:</b>								
<b>Vaxtamunur</b>	<b>5,8%</b>	<b>5,3%</b>	<b>5,6%</b>	<b>5,2%</b>	<b>4,3%</b>	<b>4,1%</b>	<b>1,2%</b>	<b>1,5%</b>

### Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hækkuðu tiltölulega stöðugt á árunum 2001–2007. Árið 2008 hækkuðu þau hins vegar gríðarlega.<sup>19</sup> Ástæða þess var framlag í afskriftareikning útlána sem var liðlega ellefu sinnum hærra það ár en framlagið samantlagt sjö ár á undan.

Staða afskriftareiknings útlána hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var 3% af heildarútlánunum í árslok 2002. Niðurfærsluhlutfallið fór síðan lækandi ár frá ári og var aðeins 0,9% í árslok bæði 2006 og 2007. Hjá öðrum sparisjóðum var það 2% að meðaltali<sup>20</sup> í lok þessara sömu ára. Á meðan heildarútlán sparisjóðsins meira en fjórfölduðust frá árslokum 2002 til ársloka 2007 lækkaði framlagið í afskriftareikning útlána. Með hinu háa afskriftaframlagi í árslok 2008 rauk niðurfærsluhlutfallið upp í 16,6%. Þetta hlutfall var 13,5% að meðaltali hjá öðrum sparisjóðum á sama tíma.

Undir rekstrargjöld falla almennur rekstrarkostnaður, sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, þar með talið afskriftum af rekstrarfrámunum, og önnur rekstrargjöld sem eru einkum afskrift eða virðisrýrnun ófenislegra eigna. Undir rekstrargjöldin fellur einnig framlag í afskriftareikning útlána.

16. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að meginskýringin á þessu væri samkomulagið við Íbúðalánasjóð um 90% lán á árinu 2004. Tekjustreymið hefði runnið til Íbúðalánasjóðs en eignirnar staðið áfram í bókum sparisjóðsins.


17. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

18. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

19. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að tekin hefði verið ákvörðun um að fjárfesta meira í tölum, tæknibúnaði, innréttingum og ýmsu öðru vegna meiri gengishagnaðar. Rekstrarkostnaður hefði því aukist að hluta til vegna þess að verið var að búa í haginn fyrir framtíðina.

20. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að vanskil hefðu verið mjög lítil og raunar í sögulegu lágmarki á þessum tíma. Möguleikar sparisjóðsins til að byggja upp þennan sjóð hefðu því verið takmarkaðir.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.<sup>21</sup>



Við kaup sparisjóðsins á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. á árinu 2002 var viðskiptavild upp á rúma 1,5 milljarða króna færð í bækur sjóðsins. Virðisrýnnunarpróf gáfu að mati stjórnenda sparisjóðsins ekki ástæðu til að færa hana niður fyrr en í árslok 2008. Þá var það mat þeirra að bókfært verð viðskiptavildarinnar væri hærra en endurheimtanlegt virði hennar. Af þeirri ástæðu var hún afskrifuð að fullu í árslok 2008.

Þótt almennur rekstrarkostnaður sparisjóðsins hefði hækkað jafnt og þétt í krónum talið á árunum 2001–2008 fór hlutfall hans af meðaleignum sparisjóðsins lækkandi, sbr. mynd 3. Þetta hlutfall var þó áþekkt og hjá öðrum sparisjóðum á tímabilinu, nema helst árið 2004.

Almennur rekstrarkostnaður samanstóð af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunar-kostnaði. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður héldust nokkurn veginn í hendur allt tímabilið sem hér er til umræðu, nema hvað annar rekstrarkostnaður hækkaði mun meira 2007 og 2008. Hækkunin lá fyrst og fremst í auglýsingakostnaði, tölvuþjónustu og aðkeyptri sérfræðiþjónustu.<sup>22</sup>

Launakostnaður fór hækkaði allt tímabilið, enda fjölgaði starfsfólki jafnt og þétt allan tímann, nema 2008 þegar því fækkaði talsvert, einkum undir lok ársins. Stöðugildi hjá sparisjóðnum voru að meðaltali 289 á árinu 2007 og hafði þá fjölgað um tæp 44% á þremur árum.<sup>23</sup> Síðari hluta ársins 2008 var markvisst unnið að því að skera niður rekstrarkostnað sjóðsins og liður í því var að fækka starfsfólki. Á því ári fækkaði stöðugildum um fjórðung, þ.e. úr 286 í ársbyrjun niður í 213 í árslok.

Í ársreikningi tekur liðurinn launakostnaður til allra launa og launatengdra gjalda, breytinga á lífeyrisskuldbindingu og kaupréttarsamninga. Laun og þóknunir til yfirstjórnar eru hér birt án launatengdra gjalda sem sparisjóðurinn bar sjálfur. Til yfirstjórnar og framkvæmdastjórnanna, auk kaupréttaráðila, eru laun og þóknunir allt saman meðtalin í launakostnaðinum í efri hluta töflu 5. Taflan er á samstæðugrunni, en það þýðir að launakostnaður dótturfélaga er meðtalin.

Stjórnin samdi um og ákvað laun sparisjóðsstjóra. Hann samdi síðan við framkvæmdastjórnana um launakjör þeirra. Þóknun fyrir stjórnarsetu var ákveðin á aðalfundi hvert ár. Stjórnin var skipuð fimm mönnum sem fengu fasta þóknun á mánuði. Á aðalfundum sparisjóðsins 2004–2007 var mánaðarleg þóknun stjórnarmanna ákveðin og var hún lægst 116 þúsund


21. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

22. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að óhemjumikill kostnaður hefði fallið til vegna skráningar sparisjóðsins í Kauphöllina á árinu 2007.

23. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að fyrirtækjum hefði fjölgað hjá sparisjóðnum á þessum árum.

krónur en hæst 200 þúsund krónur. Formaður stjórnar fékk tvöfalda þóknun. Á aðalfundi sparisjóðsins 2008 stóð til að samþykkja óbreytta þóknun frá síðasta aðalfundi, en stofnfjárhafi lagði fram tillögu um lægri þóknun og fékk hana samþykkt. Mánaðarþóknun stjórnarmanna varð þannig 120 þúsund krónur og stjórnarformanns 210 þúsund krónur.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.<sup>24</sup>



Stjórnir dótturfélaga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis voru nær eingöngu skipaðar yfirstjórnendum og stjórnarmönnum hjá sparisjóðnum sjálfum, að nokkru leyti sömu aðilum. Sparisjóðsstjóri var stjórnarformaður í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., SPRON-Verðbréfum hf., nb.is-sparisjóði hf., Steinsnesi ehf. og Rekstrarfélagi Spron hf. Hann var hins vegar ekki í stjórn SPRON Factoring hf. Stjórnarformaður sparisjóðsins sat í stjórn Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og nb.is-sparisjóðs hf. Tvö síðastnefndu dótturfélögin lutu fimm manna stjórn, en önnur þriggja manna. Reyndar var samþykkt á aðalfundi SPRON-Verðbréfa hf. 2007 að fjölga stjórnarmönnum í fimm, en þeir urðu þó ekki nema fjórir þetta síðasta starfsár félagsins. Stjórnir dótturfélaganna voru kjörnar á aðalfundum hvers um sig og var þóknun fyrir stjórnarstörf jafnframt ákveðin.

Tafla 5. Launakostnaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á árunum 2001–2008.<sup>25</sup>

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Stöðugildi í árslok	165	181	183	184	206	245	286	213
Launakostnaður	740.730	907.821	1.071.815	1.285.965	1.550.928	1.926.098	2.398.487	2.567.164
Meðallaunakostnaður pr. stöðugildi	4.489	5.016	5.857	6.989	7.529	7.862	8.386	12.052
– hjá öllum öðrum sparisjóðum	4.212	4.874	4.720	5.483	6.366	6.474	7.680	9.457
Laun og þóknar til yfirstjórnar	52.400	28.000	37.549	44.702	45.620	57.094	77.894	49.658
þar af til sparisjóðsstjóra	...	...	27.917	34.857	35.871	47.014	61.334	40.358
Laun og þóknar til framkvstj. (fjöldi þeirra ár hvert var 4, 5, 6 og 6)	...	...	...	...	57.019	82.373	156.851	129.836
Kaupréttir sparisstj. og framkvstj.	–	–	–	–	–	–	50.739	65.520

Launakostnaður á hvert stöðugildi var talsvert hærri hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis árin 2003–2007 en hjá öðrum sparisjóðum.<sup>26</sup> Mestu munaði árið 2008 en þá voru launin um 27% hærri. Á mynd 4 er sýnd þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði


24. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.

25. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

26. Í athugasemdam Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að hafa yrði í huga að sparisjóðurinn hefði fyrst og fremst verið að keppa við viðskiptabankana. Komið hefði fyrir að viðskiptabankarnir stælu frá þeim starfsfólki og því hefði þurft að greiða starfsfólkinu nokkuð sambærileg laun. Í mætti sparisjóðum úti á landi hefðu þessi sjónarmið síður verið uppi.

Reykjavíkur og nágrennis og öðrum sparisjóðum á árunum 2001–2008, borið saman við almenna launaþróun í landinu á sama tímabili. Árið 2008 varð mikil fækkun stöðugilda en launakostnaður hækkaði á árinu. Kostnaður á stöðugildi varð því hærri en áður.

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2008.<sup>27</sup>



Í skýrslu, sem PricewaterhouseCoopers vann fyrir Fjármálaeftirlitið um sparisjóðinn og náði yfir tímabilið frá 30. júní 2008 þangað til Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar 21. mars 2009, kom fram að starfsmenn hefðu notið ýmissa fríðinda. Það eru hin almennu fríðindi sem getið er um í umfjöllun um risnu og fríðindi í 8. kafla.<sup>28</sup>

Skriflegar viðmiðunarreglur um fríðindi starfsmanna og eftirlit með slíku voru ekki til hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og sama gildi um dótturfélög samstæðunnar. Stjórn sparisjóðsins samþykkti starfskjarastefnu 27. febrúar 2008.<sup>29</sup> Í henni var m.a. kveðið á um að starfskjaranefnd væri ætlað að vera stjórn sparisjóðsins til ráðgjafar um starfskjör forstjóra og að forstjóri semdi um starfskjör framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda móðurfélagsins. Ákvörðun um starfskjör framkvæmdastjóra var í höndum stjórnar viðkomandi dótturfélags.<sup>30</sup>

Kaupaugagreiðslur, bónusar, til starfsmanna voru hærri og víðtækari hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis en hjá öðrum sparisjóðum. Ekki voru til skriflegar verklagsreglur um greiðslu bónusa<sup>31</sup> en stjórn og stjórnendur tóku ákvarðanir um greiðslu þeirra.<sup>32</sup> Á árunum 2004–2007 voru greiddir kaupaukar til starfsmanna sparisjóðsins vegna góðrar afkomu sjóðsins.<sup>33</sup> Um var að ræða eingreiðslur sem almennt voru 50% til 100% af mánaðarlaunum og komu til greiðslu eftir að ársuppgjör var birt. Kaupaugagreiðslur þessar áttu almennt ekki við um starfsmenn Frjálsa fjárfestingarbankans hf., SPRON-Verðbréfa hf., SPRON Factoring hf. og tryggingaráðgjafa sparisjóðsins, en þar giltu sérstök hvata- og sölukerfi.

Á árinu 2004 námu kaupaugagreiðslur sparisjóðsins vegna afkomu næstliðins árs samtals 43,4 milljónum króna, á árinu 2005 námu þær 52,6 milljónum króna, 69,1 milljón króna á árinu 2006 og svo 43 milljónum króna á árinu 2007 en þá lækkuðu þær í samræmi við afkomu sjóðsins.

27. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008. Upplýsingar um launavísitölu eru fengnar hjá Hagstofu Íslands.

28. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

29. Hún var í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

30. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

31. Í athugasemdamund Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 kvað hann þetta ekki rétt. Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur þessi gögn ekki borið fyrir augu nefndarinnar.

32. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

33. Eftirfarandi upplýsingar um launamál eru fengnar úr bókhaldsgögnum sparisjóðsins sem Drómi hf. lét rannsóknarnefndinni í té.

Auk kaupaukagreiðslna tengdra afkomu fengu stjórnendur hver um sig misháar viðbótargreiðslur. Á árinu 2004 námu viðbótargreiðslur til 11 stjórnenda samtals 47,5 milljónum króna, þar af var greiðsla til sparisjóðsstjóra 12 milljónir króna.<sup>34</sup> Á árinu 2005 fengu 11 stjórnendur viðbótargreiðslur, samtals 60,5 milljónir króna, og þar af nam greiðsla til sparisjóðsstjóra 17 milljónum króna. Á árinu 2006 fengu 12 stjórnendur viðbótargreiðslur, samtals 96,5 milljónir króna, þar af komu 30 milljónir króna í hlut sparisjóðsstjóra. Á árinu 2007 höfðu greiðslur þessar lækkað í samræmi við afkomu og námu 27 milljónum króna til sjö stjórnenda, þar af gengu 10 milljónir króna til forstjóra sparisjóðsins.

Samningar voru gerðir um greiðslur af þessu tagi til sparisjóðsstjóra. Meiri hluti stjórnar undirritaði 7. október 2004 samning um hvatakerfi fyrir sparisjóðsstjóra. Samningurinn fól í sér að sparisjóðsstjóri fengi bónus á laun sín ef hagnaður af rekstri sjóðsins skilaði meira en 12% arðsemi af eigin fé. Í þessu sambandi var miðað við niðurstöðu rekstrarreiknings í endurskoðuðu ársuppgjöri samstæðu sparisjóðsins sem hlutfall af bókfærðu eigin fé eins og það væri í lok næstliðins rekstrarárs. Næðist ekki 12% arðsemi yrði enginn bónus greiddur. Bónusinn skyldi nema 1% af hagnaði ársins og hámarksgreiðsla fyrir hvert ár yrði 12 milljónir króna. Stjórnarformaður sparisjóðsins, Hildur Petersen, undirritaði nýjan samning um hvatakerfi fyrir sparisjóðsstjóra 6. febrúar 2007 vegna rekstrarársins 2006. Hann var efnislega samhljóða fyrrnefndum samningi að öðru leyti en því að heimilt var að greiða bónusinn í formi framlags á lífeyrisreikning að vali sparisjóðsstjóra. Sama dag undirritaði stjórnarformaðurinn annan samning um hvatakerfi fyrir sparisjóðsstjóra á grundvelli afkomunnar 2007. Hann miðaðist einnig við 12% arðsemi að lágmarki. Ef slík arðsemi næðist skyldi bónusinn nema 20 milljónum og auk þess 0,25% af hagnaði umfram það, þó að hámarki 70 milljónum króna.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. var með tvær kaupréttaráætlanir í gildi þegar hann féll. Kaupréttaráætlun I var samþykkt á hluthafafundi 21. ágúst 2007 og á stjórnarfundum 31. ágúst 2007. Í henni var um að ræða 46.020.000 hluti í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. sem undirliggjandi eign. Heildarfjöldi hluta var þó færður niður þar sem 242 af 260 starfsmönnum ákváðu að nýta sér réttinn. Kaupréttaráætlun II var samþykkt á sama hluthafafundi og á stjórnarfundum 27. desember 2007. Í henni var um ræða samtals 49.700.000 hluti á ári og 149.100.000 hluti á þriggja ára tímabili. Samningur samkvæmt áætluninni var gerður við 52 lykilstarfsmenn samstæðunnar. Á stjórnarfundum 13. nóvember 2008 var ákveðið að kanna hvort heimilt væri að loka samningum um kauprétti sem ekki yrðu nýttir því þeir þóttu íþyngjandi fyrir eiginfjárstöðu sparisjóðsins. Samningarnir höfðu ekki verið ógiltir með formlegum hætti þegar sparisjóðurinn féll. KPMG framkvæmdi mat á kaupréttarsamningunum fyrir stjórnina. Niðurstaða fyrirtækisins var að miðað við gefnar forsendur væri virði kaupréttar samkvæmt kaupréttaráætlun I um 83,4 milljónir króna og samkvæmt kaupréttaráætlun II um 238,2 milljónir króna.<sup>35</sup>

Til viðbótar við þá samninga sem hér var greint frá er rannsóknarnefndinni kunnugt um fleiri samninga við einstaka starfsmenn. Greint verður frá þeim stærstu.

Á árinu 2004 voru gerðir viðbótarsamningar við ráðningarsamninga fjögurra lykilstarfsmanna, sem fólu í sér kaupaukagreiðslur gegn því að umræddir starfsmenn létu ekki af störfum eða réðu sig til samkeppnisaðila. Um var að ræða eingreiðslur frá 1 til 2 milljóna króna á ári allt til ársins 2007. Sama ár var gerður starfslokasamningur við framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Auk launa í 12 mánuði fékk hann 12 milljóna króna eingreiðslu og ívilnun vegna bifreiðar. Á árinu 2005 voru gerðir starfslokasamningar við tvo starfsmenn, sem fólu í sér 2 milljóna króna eingreiðslu umfram hefðbundnar starfslokagreiðslur samkvæmt kjarasamningum. Árið 2006 fékk framkvæmdastjóri SPRON-Verðbréfa hf. 10,1 milljónar króna kaupauka og annar starfsmaður þar 3 milljóna króna eingreiðslu til viðbótar við ráðningarsamning. Á árinu 2007 var undirritaður starfslokasamningur við einn starfsmann sem fól í sér 4 milljóna króna eingreiðslu umfram hefðbundnar starfslokagreiðslur.

34. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að hann hefði fengið umsamin bónus en ekki kaupaukagreiðslu þar sem þær hefðu náð til annarra starfsmanna.

35. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

Í byrjun ágústmánaðar 2008 var gerður starfslokasamningur við framkvæmdastjóra fjárfestinga, en gengið hafði verið frá ráðningarsamningi við hann 24. janúar sama ár. Skömmu eftir að framkvæmdastjórinn var ráðinn, 14. febrúar 2008, var gerður samningur milli hans, félags í eigu hans og Hraunsness ehf., dótturfélags sparisjóðsins. Samkvæmt samningnum keypti Hraunsnes ehf. allt hlutaféð í félagi framkvæmdastjórans og auk þess eignarhlut hans í öðru félagi fyrir samtals 170 milljónir króna. Helmingur kaupverðs var greiddur við undirritun samnings en aðrar greiðslur skyldu inntar af hendi á árunum 2009–2011. Í samningnum var ákvæði um að ef framkvæmdastjórinn léti af störfum innan þriggja ára skyldi Hraunsnes ehf. eiga rétt á að selja honum bréfin aftur og skyldi frestur framkvæmdastjórans til að ganga frá greiðslu kaupverðsins vera sex mánuðir frá tilkynningu Hraunsness ehf. um nýtingu söluréttarins. Samkvæmt fyrrnefndum starfslokasamningi skyldu framkvæmdastjórinn og Hraunsnes ehf. vinna sameiginlega að sölu hluta í umræddu félagi. Aðilar gáfu sér tíma til 31. október 2008 til að selja hlutina og skuldbatt sparisjóðurinn sig til að fjármagna hugsanleg kaup, enda hefði kaupandi einhverjar viðbótartryggingar ef til þess kæmi að lána þyrfti allt kaupverðið. Tækist ekki að selja bréfin fyrir 31. október 2008 myndi framkvæmdastjórinn yfirtaka bréfin að nýju og endurgreiða áður mótttekið söluverð, 85 milljónir króna, með skuldabréfi til þriggja ára. Framkvæmdastjórinn fékk 12 mánaða laun við starfslok eins og kveðið var á um í ráðningarsamningi hans.

Frá 1. september 2008 til 21. mars 2009 voru greiddir ýmsir kaupaukar samkvæmt ákvörðun stjórnar.<sup>36</sup> Í árslok 2008 var gerður starfslokasamningur við starfsmann um 12,5 milljóna króna eingreiðslu umfram hefðbundnar starfslokagreiðslur. Fimm starfsmenn fengu kaupaukagreiðslu vegna góðrar frammistöðu og mikils álags síðari hluta ársins 2008. Þessar greiðslur námu frá 500 þúsund krónum til 5 milljóna króna. Einnig var fimm lykilstarfsmönnum greiddur kaupauki á árinu 2009. Um misháar greiðslur var að ræða en heildarfjárhæðin nam um 21 milljón króna.

Framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans hf. fékk 10,5 milljóna króna eingreiðslu á árinu 2005. Árin 2006 og 2007 fékk hann greidda kaupauka í formi níu mánaðarlauna hvort ár. Í upphafi árs 2009 fengu fimm starfsmenn Frjálsa fjárfestingarbankans hf. eingreiðslu, samtals 43,3 milljónir króna, vegna samninga sem undirritaðir voru á árunum 2005 og 2006, sem viðbót við ráðningarsamning ef starfsmennirnir létu ekki af störfum fyrir félagið.

Samkvæmt ársreikningi Frjálsa fjárfestingarbankans hf. 2007, sem var síðasti ársreikningurinn sem var skilað, fékk framkvæmdastjórinn liðlega 40 milljónir króna í árslaun, auk kaupréttá. Á árunum 2004–2007 fékk hver stjórnarmaður ársþóknun sem hæst nam 1.660.000 krónum. Formaðurinn fékk tvöfalda þóknun. Samtals voru haldnir 38 stjórnarfundir í félaginu frá því það komst í eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í september 2002 þangað til 22. janúar 2009. Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu 2007.

Framkvæmdastjóri nb.is-sparisjóðs hf. fékk rúmar 15 milljónir króna í laun á árinu 2007. Á árunum 2004–2007 fékk hver stjórnarmaður ársþóknun sem hæst nam 1.140.000 krónum. Formaðurinn fékk tvöfalda þóknun. Fyrir árið 2008 var þóknun fyrir stjórnarsetu lægri, eða 300 þúsund krónur og tvöföld til formannsins.

Framkvæmdastjóri SPRON-Verðbréfa hf. fékk liðlega 20 milljónir króna í laun árið 2007. Stjórnarmenn í félaginu fengu hins vegar enga þóknun fyrir stjórnarstörf sín. Stjórnarfundir þar voru þó heldur tíðari en hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Samtals voru haldnir 23 stjórnarfundir á tímabilinu frá 21. júní 2005 til 12. desember 2008.

Rekstrarfélag Spron hf. greiddi stjórnarmönnum mánaðarlega þóknun á árunum 2005–2007 sem hér segir, í þúsundum króna hvert ár um sig: 75, 80 og 85. Formaður fékk tvöfalda þóknun. Fyrir árið 2008 var stjórnarmönnum ekki greidd þóknun ef þeir voru jafnframt starfsmenn samstæðunnar, en aðrir stjórnarmenn fengu 100 þúsund króna þóknun á mánuði.

36. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.



## Kjarnarekstur

Afkoma af kjarnarekstri er hér reiknuð á sama hátt og hjá öðrum sparisjóðum. Það er reyndar gróf nálgun, svo sem gerð er grein fyrir í 8. kafla, og er vert að hafa það í huga við lestur á töflu 6. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis byggði upp umfangsmeira kerfi í kringum fjárfestingarstarfsemi sína en aðrir sparisjóðir gerðu og er því ljóst að talsverður hluti almenns rekstrarkostnaðar féll þar til. Sá kostnaður er ekki undanskilinn í töflunni. Vaxtakostnaður vegna fjármögnunar á fjáreignum er heldur ekki undanskilinn. Á móti þessum kostnaðarliðum koma vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum og fleiri verðbréfum, en þær eru meðtaldar í hreinum vaxtatekjum í töflunni. Því kann það að orka tvímælis að viðhafa þessa aðferð á Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis.

Samkvæmt þessari samræmdu aðferð hér í skýrslunni var tap af kjarnarekstri sparisjóðsins frá 2001 til 2008 og jókst það eftir árið 2004. Vaxtamunur hjá sparisjóðnum minnkaði töluvert á sama tíma, eins og kemur fram í töflu 3 hér frammar. Þetta endurspeglar þá miklu áherslubreytingu sem varð hjá sparisjóðnum á tímabilinu er tekið var að horfa meira til fjárfestingarstarfsemi en hefðbundinnar sparisjóðastarfsemi.

Tafla 6. Kjarnarekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.<sup>37</sup>

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Hreinar vaxtatekjur	1.255.766	1.688.523	1.986.331	2.275.125	2.224.867	2.414.531	2.645.517	1.160.688
Hreinar þjónustutekjur	483.322	542.657	605.822	616.006	584.064	975.312	1.531.064	1.159.154
Almennur rekstrarkostnaður	(1.558.374)	(1.968.360)	(2.126.199)	(2.541.301)	(3.064.884)	(4.009.207)	(5.418.721)	(6.263.780)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(474.332)	(590.758)	(668.383)	(469.884)	(326.591)	(308.347)	(498.402)	(37600.573)
<b>Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt</b>	<b>(293.618)</b>	<b>(327.938)</b>	<b>(202.429)</b>	<b>(120.054)</b>	<b>(582.544)</b>	<b>(927.711)</b>	<b>(1.740.542)</b>	<b>(41.544.511)</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt</b>	<b>11.548</b>	<b>271.471</b>	<b>846.172</b>	<b>1.820.237</b>	<b>4.955.821</b>	<b>10.878.785</b>	<b>3.298.772</b>	<b>(71.271.967)</b>

Kjarnarekstur annarra sparisjóða var í heildina sama marki brenndur, sbr. umfjöllun um kjarnarekstur sparisjóðanna í heild í 8. kafla.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis birti í skýringum með ársreikningi 2006 og 2007 svonefnt starfsþáttayfirlit. Þar var yfirskriftin svohljóðandi:

Sparisjóðurinn skiptir meginstarfsemi sinni í tvo starfsþætti. Hefðbundin bankastarfsemi felst í almennri þjónustu við viðskiptavinum, svo sem að veita útlán og taka við innlánnum, auk fjármálaráðgjafar til einstaklinga og fyrirtækja. Fjárfestingar og fjárstýring felst aðallega í fjárfestingum í verðbréfum og fjárstýringu samstæðunnar.

Tafla 7. Starfsþáttayfirlit Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2006 og 2007.<sup>38</sup>

Árið 2006: milljónir króna	Bankastarfsemi	Fjárfestingar	Millifærslur	Samstæðan
Hreinar vaxtatekjur	3.264	(923)	74	2.415
Hreinar þjónustutekjur	637	(3)	342	976
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	86	11.418	16	11.520
Aðrar rekstrartekjur	252	87	(54)	285
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>4.239</b>	<b>10.579</b>	<b>378</b>	<b>15.196</b>
Rekstrargjöld	(2.711)	(1.028)	(270)	(4.009)
Virðisrýrnun útlána	(302)	(6)	–	(308)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>1.226</b>	<b>9.545</b>	<b>108</b>	<b>10.879</b>
Heildareignir	124.686	60.038	(223)	184.501
Úthlutað eigið fé	9.723	24.315	737	34.775
<b>Árið 2007:</b>				
Hreinar vaxtatekjur	3.489	(843)	–	2.646
Hreinar þjónustutekjur	751	780	–	1.531
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	325	2.647	(1.629)	1.343
Aðrar rekstrartekjur	304	3.455	(63)	3.696
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>4.869</b>	<b>6.039</b>	<b>(1.692)</b>	<b>9.216</b>
Rekstrargjöld	(3.312)	(2.161)	54	(5.419)
Virðisrýrnun útlána	(415)	(83)	–	(498)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>1.142</b>	<b>3.795</b>	<b>(1.638)</b>	<b>3.299</b>
Heildareignir	147.001	160.599	(83.404)	224.196
Úthlutað eigið fé	10.625	17.107	29	27.761

37. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

38. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

Hagnaður fyrir skatta af bankastarfsemi samkvæmt þessu yfirliti var allt annar og meiri en afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt í töflu 6. Þessi mismunur stafar að einhverju leyti af því sem nefnt var í upphafi kaflans en auk þess skal bent á að í yfirliti sem þessu getur skiptingin milli starfsþátta ráðist af huglægum sjónarmiðum. Hvort svo hafi verið á umræddum yfirlitum krefst dýpri rannsóknar en rannsóknarnefndinni var unnt að framkvæma miðað við umfang og efni rannsóknarinnar. Rannsóknarnefndin getur því ekki fullyrt um það. Nokkra mynd af því hvað fellur í hvorn starfsþátt má sjá í lýsingu á hlutafélagsvæðingu í október 2007. Þar voru starfsþættirnir nefndir viðskiptabankastarfsemi, en undir hana féll útibúanet sparisjóðsins, kortasvið, Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., nb.is-sparisjóður hf. og SPRON Factoring hf., og fjárfestingarbankastarfsemi, en undir hana féllu fjárfestingar, SPRON-Verðbréf hf. og SPRON fjárstýring.<sup>39</sup> Þessi skipting er ekki hafin yfir allan vafa. Til dæmis var Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. ekki í hreinni viðskiptabankastarfsemi og SPRON fjárstýring spannaði alla samstæðuna, sbr. það sem sagði á blaðsíðu 42 í fyrrnefndri lýsingu:

Fjárstýringin stýrir gjaldeyrisáhættu, lausafjárahættu, vaxta- og verðtryggingaráhættu fyrir samstæðu SPRON og framfylgir stefnu yfirstjórnar í þeim efnum. Fjárstýring annast einnig fjármögnun SPRON-heildarinnar á innlendum og erlendum vettvangi til skemmri og lengri tíma.

Það er stjórnendum fjármálafyrirtækja jafnan kappsmál að geta sýnt fram á góða afkomu þeirra. Því má gera ráð fyrir að stjórnendum sparisjóðsins hafi verið mikið í mun að sýna fram á að viðskiptabankastarfsemin skilaði góðri afkomu, ekki síst áætla vegna breytingar sparisjóðsins í hlutafélag og skráningar í Kauphöll í kjölfarið. Í viðtali *Fréttablaðsins-Markaðarins* við Guðmund Hauksson sparisjóðsstjóra skömmu fyrir skráningu sjóðsins í Kauphöll mátti lesa:

„Því hefur verið haldið fram að 800 milljóna króna tap hafi verið á grunnrekstri sjóðsins, en það er ekki rétt,“ segir [Guðmundur] og bætir við að fyrir skatta hafi hagnaður grunnreksturs sjóðsins verið rúmur 2,7 milljarðar króna. [...] „Grunnrekstur SPRON felur í sér að rekstrarliðir vegna fjárfestinga eru bakfærðir, þar með talinn gengismunur, en á móti eru vaxtatekjur leiðréttar sem nemur kostnaði samstæðunnar af því að liggja með hlutabréfa- og skuldabréfastöður.“<sup>40</sup>

Þarna var talað um grunnrekstur og greinilega ekki átt við það sama og viðskiptabankastarfsemi og enn síður það sama og kjarnarekstur sem notað er í þessari skýrslu. Á blaðsíðu 72 í fyrrnefndri lýsingu var birt starfsþáttayfirlit fyrir 2006, það sama og er í töflu 7. Þar var þess getið að sparisjóðurinn hefði ekki skipt tekjum og afkomu niður á starfsþætti fyrir árin 2004 og 2005. Þar stóð enn fremur að „ef horft er til afkomu félagsins án fjárfestingarbankastarfsemi, þ.e. grunnrekstrar, er hagnaður fyrir skatta árið 2006 2.366 milljónir króna“. Útreikningur á afkomu grunnrekstrar var þarna útskýrður á nákvæmlega sama hátt og sparisjóðsstjórinn gerði í viðtalinu sem fyrr var vitnað til.<sup>41</sup>

Í ársskýrslu sparisjóðsins 2007 er yfirlit á blaðsíðu 31, sem sýnir „reiknaðan grunnrekstur SPRON“ árin 2004–2007. Þar er hagnaður reiknaðs grunnrekstrar fyrir skatta sagður hafa verið 482 milljónir króna árið 2004 en 4.859 milljónir króna árið 2007.<sup>42</sup> Samkvæmt þessu á grunnrekstur að hafa styrkst mikið milli þessara ára. Bent skal á að þetta eru óendurskoðaðar tölur.<sup>43</sup>

Hvort hagnaður af reiknuðum grunnrekstri eða afkoma af bankastarfsemi er réttari mælikvarði en afkoma af kjarnarekstri verður ekki fullyrt um. Sjónarhornin eru ólík og skiptir mestu máli að þekkja til hvers er horft hverju sinni. Ekki er úr vegi að líta til þess mælikvarða sem oft er beitt við mat á hve lífvænlegar lánastofnanir eru, en það er

Hagnaður reiknaðs grunnrekstrar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samkvæmt ársskýrslum:

- 2004: 482 milljónir króna
- 2005: 1.198 milljónir króna
- 2006: 2.366 milljónir króna
- 2007: 4.859 milljónir króna

39. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2007, bls. 61.

40. Óli Kristján Ármannsson, „Fjárfestingarbankastarfsemi SPRON vikkuð út“, *Fréttablaðið* 26. september 2007.

41. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2007.

42. Ársskýrsla SPRON 2007.

43. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 gagnrýndi hann aðferðina sem notuð er í skýrslu rannsóknarnefndarinnar við útreikning á afkomu kjarnareksturs fyrir skatt og sagði hana gefa ranga mynd af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Við skýrslugjöf fyrir rannsóknarnefndinni fullyrtu fyrrverandi stjórnarformaður og stjórnarmaður í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, þeir Óskar Magnússon og Pétur H. Blöndal, að grunnrekstur sparisjóðsins hefði verið í ólagi og skilað engu, jafnvel tapi. Afkoman hefði verið borin uppi af hækkun á verðbréfaeign, einkum í Kaupþingi og Exista.

vaxtamunurinn. Hann er þó því sama marki brenndur og aðrir mælikvarðar að því leyti til að hann er reiknaður með ýmsum hætti.<sup>44</sup> Vaxtamunur hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var lítill og fór minnkandi þessi fjögur ár. Sé hann reiknaður eins og almennt er gert í þessari skýrslu, þ.e. sem mismunur meðal útláns- og innlánsvaxta, var hann þessi á árunum 2004–2007:

- 2004: 5,6%
- 2005: 1,9%
- 2006: 0,8%
- 2007: 0,3%

Ef hann er reiknaður sem hreinar vaxtatekjur á móti meðaleignum var hann sem hér segir:

- 2004: 3,8%
- 2005: 2,4%
- 2006: 1,6%
- 2007: 1,3%

Þessar tölur benda í aðra átt en þær sem gefa til kynna að hagnaður hafi verið af grunnrekstri sparisjóðsins þessi sömu ár. Þær eru hins vegar í meira samræmi við afkomuna af kjarnarekstri eins og hún birtist í töflu 6. Ef reiknaður er vaxtamunur fyrir bankastarfsemina eina, hreinar vaxtatekjur á móti meðalstöðu eigna, eins og hún birtist í töflu 7, þá hefur hann verið 2,6% árið 2007.

### 17.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í lok árána 2001–2008 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á árunum 2001–2008 á verðlagi hvers árs svo og árslokaverðlagi ársins 2011.


#### Eignir

Heildareignir sparisjóðsins liðlega þrefölduðust á árunum 2005–2007 og komust í 224 milljarða króna. Árið 2008, síðasta heila starfsár sjóðsins, varð hins vegar lítils háttar samdráttur. Hinn mikli vöxtur árin þrjú var borinn uppi af gríðarlegri aukningu útlána og fjáreigna. Mynd 5 sýnir hvernig eignir sparisjóðsins í lok árána 2001–2008 skiptust.

Útlánin voru langstærsti einstaki eignaliður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis allt umrætt tímabil. Vægi þeirra í heildareignum var að jafnaði um og yfir 70%. Síðasta árið voru útlán 86% af heildareignum sparisjóðsins. Í lok árs 2004 hóf Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis ásamt öðrum sparisjóðum samstarf við Íbúðalánasjóð um lán til kaupa á íbúðarhúsnæði. Íbúðalánasjóður lánaði sparisjóðnum gegn framsali á greiðsluflæði af skilgreindum lánnum sem sparisjóðurinn veitti viðskiptavinum sínum. Íbúðalánin töldust þó eign sparisjóðsins. Þetta átti sinn þátt í útlánavexti sparisjóðsins sem hófst fyrir alvöru á árinu 2005. Útlánavöxturinn 2005–2007 skýrist þó aðallega af lánnum til fjárfestingar í byggingaverkefnum og í hlutabréfum. Þá fór hlutur gengisbundinna útlána hratt vaxandi og námu þau um 40% útlána í árslok 2007. Hækkun útlána árið 2008 var því einkum vegna veikingar íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Langstærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa. Útlán voru nær einvörðungu til einstaklinga, jafnan um og yfir helmingur, og til fyrirtækja. Útlán til ríkis og sveitarfélaga voru óveruleg. Útlán eru alltaf nettó í efnahagsreikningi, þ.e. að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu sem er staðan á afskriftareikningi útlána. Til þess að sjá brúttóstöðu útlána, heildarútlán, þarf því að bæta stöðu afskriftareikningsins við. Í töflu 9 má sjá samhengið í lok árána 2001–2008. Þar er niðurfærsluhlutfallið jafnframt sýnt og til samanburðar hjá öðrum sparisjóðum á sama tímabili.

44. Vaxtamunur er útskýrður í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2001–2008.<sup>45</sup>



Afskriftaframlagið hélt hvergi nærri í við útlánavöxtinn og var umtalsvert lægra en hjá öðrum sparisjóðum, þar til í árslok 2008 þegar niðurfærsluhlutfallið nam tæpum 17% af útlánunum.

Tafla 8. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2001–2008.<sup>46</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Útlán til viðskiptavina	25.475.605	35.915.416	37.199.209	49.763.703	84.950.482	128.295.508	161.629.502	190.014.690
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	673.197	1.112.608	1.077.060	1.084.262	1.086.695	1.111.302	1.430.277	37.858.880
<b>Heildarútlán án fullnustueigna</b>	<b>26.148.802</b>	<b>37.028.024</b>	<b>38.276.269</b>	<b>50.847.965</b>	<b>86.037.177</b>	<b>129.406.810</b>	<b>163.059.779</b>	<b>227.873.570</b>
Niðurfærsluhlutfall	2,6%	3,0%	2,8%	2,1%	1,3%	0,9%	0,9%	16,6%
Niðurfærsluhlutfall annarra sparisjóða	4,1%	4,2%	4,1%	3,2%	2,5%	2,0%	2,0%	13,5%

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarvirktækjum.

Fjáreignir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2004 námu 10 milljörðum króna og voru þær 14% heildareigna. Í lok árs 2007 höfðu fjáreignir nær fjórfaldast að bókfærðu verði og námu 43 milljörðum króna, sem jafngildi 19% heildareigna. Þessa aukningu má einkum rekja til gangvirkisbækkunar á hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum tekjum. Veruleg gengislækkun varð á fjáreignum á árinu 2008 og drógust þær saman um 68% frá fyrra ári.

Eign í hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum tekjum nam í árslok 2007 samtals 29 milljörðum króna og hafði rúmlega sjöfaldast frá því í árslok 2004, auk þess sem vægi eignaliðarins af heildareignum hafði aukist úr 6% í árslok 2004 í 13% í árslok 2007. Öll verðbréf í veltubók, hvort sem þau voru skráð eða óskráð, voru metin á gangvirkni frá ársbyrjun 2005 þegar sparisjóðurinn tók upp IFRS-reikningsskil. Það leiddi jafnframt til þess að gangvirkislækkun slíkra bréfa á árinu 2008 þurfti að færa að fullu sem gengistap. Helstu eignir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í þessum flokki voru eignarhlutur í Kaupþingi hf., sem sparisjóðurinn seldi á árinu 2002, og síðan í Meiði ehf. (síðar Exista

45. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

46. Ástæða þess að fjárhæð útlána hér er lægri en í efnahagsreikningi er sú að í efnahagsreikningi eru fullnustueignir taldar með útlánunum. Ekki er eðlilegt að hafa þær með í umfjöllun um útlánin.

ehf./hf.) frá sama ári. Mikil gengishækkun varð á þessum eignarhlut allt til miðs árs 2007 þegar markaðsverðið tók að síga. Lækkunin á árinu 2008 var gífurleg og í lok ársins hafði þessi eignaliður dregist saman um 85% frá fyrra ári.

Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum voru eignfærð á 8,7 milljarða króna í árslok 2008 og hafði sá liður þá dregist saman um 28% frá árslokum 2007. Skýrir niðurfærsla á skuldabréfum fyrirtækja þá breytingu að mestu.

Framan af umræddu tímabili færði sparisjóðurinn eign sína í Sparisjóðabanka Íslands hf., Tölvumiðstöð sparisjóðanna og Reiknistofu bankanna eftir hlutdeildaraðferð. Hlutdeild sjóðsins í afkomu þessara fyrirtækja, einkum bankans, hækkaði þennan eignalið umtalsvert til ársloka 2006. Í desember 2006 stofnaði Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis ásamt fleiri sparisjóðum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. til að halda utan um eignarhluti þeirra í Exista hf. Þangað flutti sjóðurinn stóran hluta eignar sinnar í Exista hf. Auk þess seldi sparisjóðurinn á árinu 2007 nær allan eignarhlut sinn, fyrir utan 5,17%, í Sparisjóðabanka Íslands hf., sem hann hafði lengi átt um fjórðungshlut í. Við það fluttust eignir milli liða í ársreikningi, en sparisjóðurinn lánaði kaupendum að eignarhlutum. Eign í hlutdeildarfélögum nam 2,6 milljörðum króna í árslok 2007. Þessi eignaliður dróst verulega saman á árinu 2008 og nam í árslok 463 milljónum króna. Fyrst og fremst má rekja það til slæmrar afkomu Kistu – fjárfestingarfélags ehf.


Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

Aðrar eignir og fleira samanstendur af rekstrarfjármunum, öðrum eignum og óefnislegum eignum. Rekstrarfjármunir voru eignfærðir á 3,2 milljarða króna í lok árs 2008. Aðrar eignir námu 3,6 milljörðum króna í lok árs 2008 og óefnislegar eignir 281 milljón króna og höfðu þá minnkað verulega frá fyrra ári vegna virðisrýrnunar viðskiptavildar. Sparisjóðurinn nýtti sér heimild í skattalögum til að fresta skattgreiðslu af söluhagnaði af eignarhlutum í félögum.

#### Skuldir

Fjármögnun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir utan eigið fé fólst aðallega í innlánunum og lántöku. Á árinu 2008 var eigið fé sjóðsins orðið neikvætt og var sjóðurinn þá fjármagnaður með innlánunum, lántöku og dag- og veðlánaviðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2001–2008.<sup>47</sup>



47. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

Eins og sjá má á mynd 6 voru almenn innlán stærstur hluti fjármögnunar sparisjóðsins fram til ársins 2005, en þá fóru lántökur að aukast til muna. Í árslok 2005 voru innlán 34% af heildarfjármögnun sjóðsins, en fóru upp í 43% af fjármögnunarpáttum í lok árs 2008. Samanlagt hlutfall innlána af fjármögnunarpáttum hjá öðrum sparisjóðum í árslok 2008 var 51%. Þannig sést að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fjármagnaði sig í minna mæli með innlánunum en aðrir sparisjóðir í heild. Innlánin jukust þó allt tímabilið, einkum árin 2006 og 2007.

Lántaka var annar meginþáttur fjármögnunar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Lántaka sjóðsins fór verulega vaxandi eftir 2004. Í lok þess árs voru heildarlántökur 24% af fjármögnun sparisjóðsins. Í lok árs 2008 voru þær 43% af fjármögnun hans og höfðu þá næstum sexfaldast í krónum talið á milli ára. Lántökur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis skiptust í tvo meginflokka, útgefin skuldabréf og víxla annars vegar og lán frá fjármálafyrirtækjum hins vegar. Erlend lántaka rúmlega þrefaldaðist miðað við fjárhæðir í erlendum myntum frá árslokum 2005 til ársloka 2007.<sup>48</sup> Á árinu 2008 greiddi sparisjóðurinn til baka hluta af erlendri lántöku sinni sem skýrir samdráttinn. Hefði sparisjóðurinn ekki fallið hefði endurfjármögnunarpörf hans numið tæpum 422 milljónum evra, sem jafngilti þá rúmum 67 milljörðum króna, eða 30% af heildareignum sjóðsins samkvæmt ársreikningi 2008.

Skuldir við lánastofnanir námu 47 milljörðum króna í árslok 2008 og höfðu fimmfaldast frá fyrra ári. Helsta skýringin á aukningunni voru dag- og veðlánaviðskipti við innlendar lánastofnanir og Seðlabanka Íslands vegna lausafjárskorts sjóðsins á árinu 2008.

Aðrar skuldir námu 15,5 milljörðum króna í lok árs 2008 og höfðu hækkað um rúma 11 milljarða króna á árinu, meðal annars vegna vaxta- og gjaldeyrisvarناسamninga sem gerðir voru við lánastofnanir. Eftir atburðina á íslenskum fjármálamarkaði haustið 2008 voru samningar við Fortis Bank og HSH Nordbank vegna gjaldeyrisvarna óuppgerðir í sparisjóðnum.

Víkjandi skuldir voru ekki fyrirferðarmikill þáttur í fjármögnun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fram til ársins 2005 þegar þær tóku að hækka. Alls námu víkjandi lán 9,4 milljörðum króna í lok árs 2008. Í lok mars 2008 seldi sparisjóðurinn Kaupþingi banka hf. víkjandi skuldabréf fyrir 42 milljónir evra, eða 5,1 milljarð króna.<sup>49</sup>

#### Eigið fé

Litlar breytingar urðu á eigin fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrr en á árinu 2005. Stofnfé hafði lengi verið nær óbreytt að öðru leyti en því að nýtt hafði verið heimild til árlegs endurmats og verðbótahækkunar. En árið 2005 dró til tíðinda er stofnfé var aukið tvívegis og aftur og enn meira árið eftir. Varasjóðurinn sem um langa hríð hafði verið langstærstur hluti eigin fjár var það ekki lengur í árslok 2006, eftir síðustu stofnfjárukninguna, eins og sjá má á mynd 7. Arðgreiðslur hækkuðu verulega í tengslum við þetta, ekki aðeins í fjárhæðum heldur einnig sem hlutfall af stofnfé í lok næstliðins árs. Þetta hlutfall var 50% á árinu 2006, en þá voru greiddir út tæpir 2 milljarðar króna í arð. Árið eftir var hlutfallið 46% og útborgaður arður nærri 9 milljarðar króna.

Sparisjóðnum var breytt í hlutafélag á árinu 2007 og var ákveðið að hlutafé við stofnun skyldi vera 5 milljarðar króna. Stofnfjáreigendur fengu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagn-gjald fyrir stofnfjárhluti sína. Sjálfseignarstofnunin, sem skyldi fara með hlut gamla varasjóðsins í hinu nýja hlutafélagi, varð eigandi 15% hlutafjárins og var sú skipting ákvörðuð á grundvelli verðmats. Hluthafar, sjálfseignarstofnunin þar meðtalin, öðluðust tilkall til alls óráðstafaðs eigin fjár.<sup>50</sup> Hluthafar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. fengu greidda 1,6 milljarða króna í arð á árinu 2008, sem svaraði til 33% af hlutafé í árslok 2007.<sup>51</sup>


48. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 sagði Guðmundur Hauksson að Seðlabankinn hefði með vaxtastefnu sinni ýtt undir áhuga almennings og fyrirtækja á erlendum lánunum.

49. Skráð miðgengi Seðlabanka Íslands fyrir evru 31. mars 2008 var 121,28.

50. Samkvæmt hlutafélagalögum ber að leggja hluta óráðstafaðs eigin fjár í varasjóð, sem skal nema 25% af hlutafé, en sá varasjóður á ekkert skylt við varasjóð í sparisjóði.


51. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að miðað hafi verið við 50% af hagnaði en ekki hlutfall af hlutafé.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2001–2008.<sup>52</sup>



Á árunum 2001–2004 sveiflaðist hlutfall bókfærðs eigin fjár af heildarfjármögnun sjóðsins í kringum 8%. Þetta hlutfall hækkaði verulega við stofnfjárukningarnar árin 2005 og 2006 og var komið í 18,8% í árslok 2006. Það hélst enn hátt í árslok 2007 þrátt fyrir nærri 9 milljarða króna arðgreiðslu en féll síðan hratt á árinu 2008 og varð á endanum neikvætt um 13,6%. Tap var af rekstri sparissjóðsins á þriðja ársfjórðungi 2007 og varð taprekstur viðvarandi frá þeim tíma og fram að falli sparissjóðsins í mars 2009. Eiginfjárlutfallið var þó lengst af talsvert hærra en hlutfall bókfærðs eigin fjár af heildareignum og vel yfir hinu lögbundna 8% lágmarki. Mynd 8 sýnir hvernig þessi hlutföll þróuðust. Þar er árinu 2008 skipt upp eftir fjórðungum til þess að sýna framvinduna betur.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og eiginfjárlutfall í árslok 2001–2008.<sup>53</sup>



52. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

53. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárlutfall sem sparissjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

Þó að hratt gengi á eigið fé á árinu 2007 tókst framan af ári að halda eiginfjárlutfallinu vel yfir lögbundnu lágmarki. Árið 2008 fór eiginfjárlutfallið að síga en fór þó ekki undir lögbundið lágmark fyrr en í skýrslu sem skilað var til Fjármálaeftirlitsins fyrir 31. október 2008. Samkvæmt skýrslunum var eigið fé þá orðið neikvætt um 13,6%. Ársreikningurinn fyrir 2008 var fullfrágenginn en án undirritunar þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar 21. mars 2009. Samkvæmt honum var staðan í árslok enn verri en tölurnar í skýrslunni til eftirlitsins gáfu til kynna.

## 17.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis námu um 74% af heildareignum í lok árs 2005 og 86% í lok árs 2008. Vöxtur sjóðsins á árunum 2005–2007 skýrðist að miklu leyti af auknum útlánnum sem námu í árslok 2004 tæpum 50 milljörðum króna en tæpum 162 milljörðum króna í árslok 2007. Útlánaaukningu á þessu tímabili má einkum rekja til samstarfs við Íbúðalánasjóð, sem hófst í lok árs 2004, aukningar erlendra lána og útlána til fjárfestinga í hlutabréfum og til byggingaverkefna. Á árinu 2008 jukust útlán sparisjóðsins um tæpa 30 milljarða króna, fyrst og fremst vegna falls krónunnar og verðbólgu.<sup>54</sup>

Tafla 9. Útlán samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sem hlutfall af eignum 2004–2008.<sup>55</sup>

Pús. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Útlán til viðskiptavina (samstæða)	49.763.703	84.950.482	128.295.508	161.629.502	190.014.690
Eignir samtals (samstæða)	68.749.023	114.929.194	184.500.544	224.195.519	220.268.330
<b>Útlán sem hlutfall af eignum</b>	<b>72%</b>	<b>74%</b>	<b>70%</b>	<b>72%</b>	<b>86%</b>

Mikil hækkun var á heildarútlánnum á árinu 2005 en þá hækkuðu útlán til viðskiptavina um 70% frá árinu áður.<sup>56</sup> Í desember 2004 hófst samstarf við Íbúðalánasjóð sem fólst í því að Íbúðalánasjóður keypti greiðslufæði af tilteknum lánnum sparisjóðsins til íbúðar-kaupa og byggingaframkvæmda. Íbúðalánasjóður tók á sig alla áhættu af hugsanlegum vanhöldum, en bréfin sátu áfram í útlánasafni sparisjóðsins sem annaðist innheimtu þeirra og þjónustaði lántakendurnar. Á árinu 2005 keypti Íbúðalánasjóður skuldabréf með veði í ákveðnum fasteignaveðlánnum sparisjóðsins. Í árslok 2005 nam bókfært verð skuldabréfanna og lána sem sparisjóðurinn hafði selt greiðslufæðið af liðlega 13,2 milljörðum króna. Á móti þessum skuldabréfum á eignahlið efnahagsreikningsins var lántaka færð á skuldahliðina.

Á árinu 2006 hækkuðu útlán til viðskiptavina um rúmt 51% frá árinu áður og aftur var meginástæða hækkunarinnar aukning íbúðalána.<sup>57</sup> Aukningin var minni á árinu 2007 þegar útlán til viðskiptamanna hækkuðu um 26% frá árinu áður.<sup>58</sup> Í skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil á árunum 2005–2008 má sjá að gengisbundin lán jukust mikið á árunum 2006, 2007 og 2008.

Í samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis voru móðurfélagið og Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. stærstu lánveitendurnir. Í lok árs 2006 voru útlán móðurfélagsins 71,5 milljarðar króna en þá námu útlán fjárfestingarbankans 53 milljörðum króna. Frjálsi fjárfestingarbankinn sérhæfði sig í framkvæmda-, húsnæðis- og bílalanum og voru útlán hans nær eingöngu í erlendri mynt. Í árslok 2007 voru útlán SPRON-Verðbréfa hf. 4,4 milljarðar króna, útlán móðurfélagsins 90,3 milljarðar króna og útlán Frjálsa fjárfestingarbankans 63,8 milljarðar króna. SPRON-Verðbréf hf. sérhæfðu sig í verðbréfaþjónustu og veittu lán til verðbréfaþjónu. Útlán nb.is-sparisjóðs hf., sem var aðallega netbanki, voru á bilinu 3–4 milljarðar króna á árunum 2005–2008.

54. Hér er um að ræða nettóhækkun; útlán hækkuðu m.a. vegna gengisfalls og verðbólgu en aftur á móti var framlag í afskriftareikning á árinu 2008 mun herra en fyrri ár.


55. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2004–2008.

56. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005.

57. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2006.

58. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007.



Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008.<sup>59</sup>

Skuldabréf og yfirdráttarlán mynduðu stærstan hluta af útlánnum samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis en í töflu 10 má sjá sundurliðun útlána eftir útlánaformi á árunum 2005–2008.

Tafla 10. Sundurliðun útlána samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis eftir tegundum 2005–2008.<sup>60</sup>

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008
Yfirdráttarlán	7.998.211	9.332.555	10.780.027	10.359.577
Vixlar	134.230	97.746	104.298	33.609
Skuldabréf	76.816.177	109.456.631	143.940.502	175.875.478
Annað	1.864	9.408.576	6.804.675	3.746.026
<b>Útlán til viðskiptamanna</b>	<b>84.950.482</b>	<b>128.295.508</b>	<b>161.629.502</b>	<b>190.014.690</b>

Stærstur hluti útlána Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var til heimila, eða yfir 50%. Útlán til eignarhaldsfélaga námu 10,8% af heildarútlánnum í árslok 2007 og 8,5% lok árs 2008.

Tafla 11. Sundurliðun útlána samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis eftir tegundum lántakenda 2005–2007.<sup>61</sup>

	2005	2006	2007
<b>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</b>	<b>0,4%</b>	<b>0,3%</b>	<b>0,3%</b>
<b>Fyrirtæki:</b>	<b>33,1%</b>	<b>39,2%</b>	<b>39,0%</b>
Landbúnaður	0,0%	0,0%	0,0%
Sjávarútvegur	0,2%	1,0%	0,2%
Verslun	4,8%	3,3%	2,9%
Byggingaverktakar og iðnaður	11,3%	11,9%	9,0%
Þjónustustarfsemi	16,8%	23,0%	26,9%
<b>Einstaklingar (íbúðalán og annað)</b>	<b>66,5%</b>	<b>60,5%</b>	<b>60,7%</b>
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

Útlán til eignarhaldsfélaga voru gjarnan til kaupa á hlutabréfum með veði í bréfunum sjálfum og annarra fjárfestingaverkefna, einkum í byggingariðnaði. Fall bankanna, gengishrun á verðbréfum og samdráttur í efnahagslífi á árinu 2008 hafði mikil áhrif á gæði útlána og veða að baki þeim. Því jókst niðurfærsluþörf sparissjóðsins verulega. Niðurfærslur

59. Skýrslur sparissjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Upplýsingar fyrir þriðja ársfjórðung 2008 byggjast á gögnum frá 31. október 2008. Sjá nánari umfjöllun um skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og skýrslur um útlán og vanskil í 6. og 9. kafli.

60. Ársreikningar Sparissjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008.

61. Ársreikningar Sparissjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008.

höfðu gjarnan verið undir 1% af heildarútlánasafni samstæðunnar, en árið 2008 námu þær tæpum 17%. Í töflu 12 má sjá niðurfærsluhlutfall útlána hjá samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá árinu 2005 til ársins 2008.

Tafla 12. Útlán Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2008.<sup>62</sup>

<i>Pús. kr.</i>	2005	2006	2007	2008
Heildarútlán	86.037.177	129.406.810	163.059.779	227.873.570
Staða afskriftareiknings í árslok	1.086.695	1.111.302	1.430.277	37.858.880
<b>Útlán til viðskiptavina</b>	<b>84.950.482</b>	<b>128.295.508</b>	<b>161.629.502</b>	<b>190.014.690</b>
Niðurfærsluhlutfall	1,2%	0,9%	0,9%	16,6%
Framlag ársins í afskriftareikn.	326.591	308.347	498.402	37.600.573
<b>Endanlega afskrifuð útlán á árinu</b>	<b>(264.359)</b>	<b>(257.304)</b>	<b>(101.761)</b>	<b>(1.176.489)</b>

### 17.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila við útlánasafn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis

Innri endurskoðun hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis kannaði reglulega ýmsa þætti í útlánasafni sparísjóðsins og dótturfélaga hans. Helstu atriði sem könnun innri endurskoðanda náði til voru vanskil útlána, aðferðir vegna sérgreindra afskrifta, vaxtakjör skuldbréfa, útlánaheimildir starfsmanna, úttekt á tryggingarvixlum og yfirferð á fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og starfsmanna. Þá kannaði innri endurskoðun einnig möguleika á misferli eða svikum. Samkvæmt skýrslum um innri endurskoðun vegna árána 2005 og 2006 var ekki gerð athugun á stærstu lánþegum sparísjóðsins, en á árunum 2007 og 2008 fór innri endurskoðun sérstaklega yfir lán til stærstu lánþega samstæðunnar.

Í skýrslum innri endurskoðanda vegna árána 2005–2008 var lítið um alvarlegar athugasemdir. Á árunum 2007 og 2008 gerði innri endurskoðun athugasemdir við útlán hjá stærstu lántakendum sparísjóðsins sem nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um einstaka lántakendur hér aftar.

Ytri endurskoðandi, KPMG, skoðaði skuldbindingar hjá stærstu lántakendum og vanskilaaðilum sparísjóðsins á árinu 2007. Skuldbindingar stærstu lántakenda sparísjóðsins voru án athugasemda en endurskoðandi benti á áhættu sem tengdist stærstu vanskilaaðilum sjóðsins vegna krosseignarhalds og krosstrygginga milli lántakenda. Benti ytri endurskoðandi á mikilvægi þess að fylgjast með verðmæti trygginga fyrir útlánum, sér í lagi veðum í hlutabréfum.<sup>63</sup>

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á útlánaáhættu sparísjóðsins í september 2007. Athuginin laut að gæðum útlána, auk þess sem lagt var mat á áhættustýringu og innra eftirlit vegna þeirra. Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins voru þær að almennt væri haldið ágætlega utan um útlán hjá samstæðu sparísjóðsins. Skortur væri þó á yfirsýn yfir heildarútlán samstæðunnar og eftirfylgni með lánnum til byggingaverktaka og að haldið væri sérstaklega utan um lán í erlendri mynt til innlendra aðila sem ekki hefðu tekjur í erlendri mynt. Þá var gerð sérstök athugasemd við að sparísjóðurinn tæki handveð í stofnfjárbréfum umfram 10% af heildarnafnvirði stofnfjárbréfa sparísjóðsins, og kom fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins að þar færi sjóðurinn ekki að lögum.<sup>64</sup> Einnig fundust dæmi um að fyrirgreiðslur til framkvæmdastjóra SPRON-Verðbréfa hf. væru ekki teknar fyrir á stjórnarfundi. Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins beindust að SPRON-Verðbréfum og vörðuðu flestar skýrsluskil, lánareglur og önnur formsatriði hjá félaginu.<sup>65</sup>

62. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008.

63. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007.

64. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 máttu fjármálafyrirtæki ekki eiga eða taka að veði, nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins, eigin hlutabréf sem næmi hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutfjár fyrirtækisins. Í þessu ákvæði var hvergi minnst á stofnfé og í athugasemdum með frumvarpi til laganna var aðeins á það minnst í athugasemdum við 1. mgr. 29. gr. að ákvæðið væri hliðstætt 13. gr. eldri laga, nr. 113/1996, en þar voru ákvæði um að viðskiptaböndum væri óheimilt að eiga sjálfir eða taka að veði meira en 10% af eigin hlutafé.

65. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

Fjármálaeftirlitið fór sérstaklega yfir útlán með veði í verðbréfum hjá samstæðunni. Gerð var alvarleg athugasemd við að tryggingarþekja verðbréfa hefði lækkað talsvert frá árinu 2006 til ársins 2007 og væri ekki í samræmi við ákvæði í lánareglum sparisjóðsins og dótturfélaga hans. Talið var að vísbending væri um að samstæða sparisjóðsins gerði minni kröfur en áður um tryggingarþekju sem leiddi til mikillar útlánaáhættu í lánum með veði í verðbréfum. Leit Fjármálaeftirlitið svo á að þessi þróun á tryggingarþekju útlána með veði í verðbréfum væri ekki „æskileg“ samfara aukningu slíkra útlána. Jafnframt lagði Fjármálaeftirlitið áherslu á að líta bæri þröngt á undanþágur frá þeirri meginreglu lánareglanna að almennt ætti ekki veita lán með handveði í óskráðum hlutabréfum, en talsvert aukning hafði verið í slíkum lánum þrátt fyrir ákvæði lánareglna. Þá hafði sparisjóðurinn tekið að handveði stofnfjárbréf í sjálfum sér fyrir um 14% af framreiknuðu heildarnafnverði stofnfjárbréfa í sparisjóðnum. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki má fjármálafyrirtæki ekki taka að veði eigin hlutabréf sem nema hærri fjárhæð en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins án þess að til komi samþykki frá Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið taldi þessa reglu einnig gilda um stofnfjárbréf og benti sparisjóðnum á að grípa til viðeigandi aðgerða, með hliðsjón af 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 og 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sparisjóðurinn hafði einnig veitt lán til kaupa á stofnfjárbréfum í sjálfum sér sem námu rúmum 6% af framreiknuðu heildarnafnverði stofnfjárbréfa í sparisjóðnum, en samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga um fjármálafyrirtæki bar þeim að taka traustar tryggingar fyrir lánnum til kaupa á eigin hlutabréfum ef lánin færu umfram 5% af nafnverði heildarhlutafjár eða stofnfjár viðkomandi fyrirtækis. Í lánareglum sparisjóðsins var almenna reglan einnig sú að veita ekki lán með handveði í stofnfjárbréfum sparisjóða og benti Fjármálaeftirlitið á að framkvæmdin bryti í bága við þá reglu. Fjármálaeftirlitið taldi mikilvægt að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis myndi „ihuga gaumgæfilega“ þá auknu áhættu sem fælist í því að lána gegn handveði í eigin stofnfjárbréfum þar sem greiðslugeta lántakenda yrði háð verðmæti lánveitanda.<sup>66</sup>

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við áhættumælingaraðferðir sparisjóðsins og þá sérstaklega að engin álagspróf hefðu verið framkvæmd eða sérstök útlánaathugun á útlánasafni samstæðunnar í heild sinni.<sup>67</sup> Innri endurskoðandi þyrfti að gera sérstaka athugun á útlánnum allrar samstæðunnar sem afhent yrði stjórn sparisjóðsins til yfirferðar til að tryggja betur heildaryfirsýn fyrir útlánaáhættu samstæðunnar. Fjármálaeftirlitið tók einnig til skoðunar alla viðskiptamenn samstæðu sparisjóðsins sem voru með áhættuskuldbindingar yfir 300 milljónum króna.<sup>68</sup> Um athugasemdir eftirlitsins um einstaka viðskiptamenn samstæðunnar vísast til umfjöllunar um stærstu lántakendur sparisjóðsins hér aftar.

Í bréfi sem Fjármálaeftirlitið sendi Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis samhliða skýrslunni var krafist úrbóta í samræmi við efni hennar innan tiltekinna tímamarka. Fór Fjármálaeftirlitið fram á að ytri endurskoðandi sparisjóðsins yfirfæri úrbætur sjóðsins og skilaði skýrslu um hvaða breytingar hefðu verið gerðar og á hvern hátt. Þeirri skýrslu skyldi skilað til Fjármálaeftirlitsins fyrir 31. janúar 2008. Jafnframt var óskað eftir því að skýrslan yrði tekin til umfjöllunar í stjórn sparisjóðsins og fundargerð þess stjórnarfundar yrði send Fjármálaeftirlitinu.<sup>69</sup> Skýrslan var tekin fyrir í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 7. nóvember 2007 og var fundargerð fundarins send Fjármálaeftirlitinu ásamt reglum um lánveitingar og ábyrgðir og viðmið um áhættudreifingu útlána, en breytingar á þessum reglum höfðu verið samþykktar á fundinum.<sup>70</sup>

Ytri endurskoðandi sendi svar við skýrslu Fjármálaeftirlitsins 8. febrúar 2008. Í svarinu kom meðal annars fram að ástæða þess að aukning hefði orðið á handveðum í óskráðum bréfum væri einkum sú að handveð hefði verið tekið í stofnfjárbréfum sparisjóðsins sjálfs en stofnfjárbréfin væru orðin skráð hlutabréf en hefðu verið óskráð þegar úttekt Fjármálaeftirlitsins fór fram. Fjármálaeftirlitið hafði einnig bent á að virði útlána með

66. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

67. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði gert álagspróf á sparisjóðnum árið 2008 og hann staðist það vel.

68. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

69. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 22. október 2007.

70. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 5. desember 2007.

veði í verðbréfum, þar sem tryggingarþekja væri 125% eða lægri, hefði aukist til muna. Í svari ytri endurskoðanda við þessari athugasemd kom fram að starfsmenn sparisjóðsins fylgdust daglega með tryggingarþekju og kölluðu eftir viðbótartryggingum ef við ætti. Þá kom fram að í tengslum við útlán með veði í stofnfjárbréfum hefði þess verið gætt að taka veði í heildarstofnfjárbréfum viðkomandi lántakenda sem hefði valdið því að handveð í eigin bréfum hefði farið yfir leyfileg mörk, en ekki kom fram í svarinu í hverju úrbætur sparisjóðsins hefðu falist. Fjármálefirlitið hafði einnig bent á að engin álagspróf hefðu verið framkvæmd á útlánasafni sparisjóðsins en í svari ytri endurskoðanda kom fram að álagspróf væru framkvæmd á afmörkuðum þáttum starfseminnar. Sem dæmi væri þol skoðað miðað við breytingar á gengi og fasteignaverði. Einnig væri unnið að úrbótum á þessu atriði og hefði meðal annars verið fjárfest í hugbúnaði til að auðvelda framkvæmd álagsprófa á útlánasafni samstæðunnar. Varðandi athugasemd Fjármálaeftirlitsins um að ekki væri haldið sérstaklega utan um gengisbundin útlán til aðila sem ekki hefðu tekjur í erlendri mynt kom fram í svari ytri endurskoðanda að lántakendur með gengisbundin útlán væru í flestum tilvikum með tekjur í íslenskum krónum. Eftirlit af hálfu sparisjóðsins fælist því í álagsprófum á heildarsafni útlána í erlendri mynt. Í svari ytri endurskoðanda kom enn fremur fram að lánareglur SPRON-Verðbréfa hf. hefðu verið samþykktar í stjórn félagsins 14. nóvember 2007. Hefði meðal annars verið fellt úr þeim ákvæði um að lánanefnd skyldi koma saman að minnsta kosti vikulega og í stað þess sett inn ákvæði um að hún skyldi koma saman svo oft sem þurfa þætti. Fjármálaeftirlitið hafði einnig gert athugasemd við að kjör viðskipta SPRON-Verðbréfa hf. við tengda aðila hefðu ekki verið tilgreind með fullnægjandi hætti. Í svari ytri endurskoðanda við þeirri athugasemd kom fram að upplýsingar í umræddri skýrslu hefðu verið uppfærðar í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins.<sup>71</sup>

### 17.2.2 Útlánareglur

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samþykkti útlánareglur 1. desember 2004 á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. og reglur nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar. Reglur um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra voru samþykktar 20. desember 2003.<sup>72</sup> Lánareglurnar voru endurbættar tvívegis á árinu 2007 á grundvelli reglna nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar.<sup>73</sup>

Samkvæmt útlánareglum sparisjóðsins átti stjórn að fara yfir stærstu skuldbindingar viðskiptamanna sparisjóðsins tvisvar á ári. Miðað var við að skuldbinding vegna einnar atvinnugreinar færi ekki yfir 30% af heildarútlánum sparisjóðsins og var almenna reglan sú að heildarskuldbindingar einstakra viðskiptavina eða tengdra aðila skyldu ekki fara yfir 20% af eigin fé samkvæmt næstliðnu endurskoðuðu uppgjöri sparisjóðsins, útreiknað samkvæmt reglum um eiginfjárhlutfall lánastofnana nr. 693/2001.<sup>74</sup> Í eldri útgáfum lánareglanna voru stærstu skuldarar skilgreindir sem aðilar með heildarskuldbindingu yfir 4% af eigin fé en í nýjustu útgáfunni var talað um 10% af eigin fé.<sup>75</sup> Ósamræmi var á milli reglna um það hvað teldust vera stórir skuldarar (sjá töflu 13).<sup>76</sup> Í reglunum um framkvæmd starfa stjórnar og forstjóra sparisjóðsins var miðað við að ef skuldbinding næði 5% af eigin fé sparisjóðsins væri um stóran skuldara að ræða en í handbók áhættustýringar frá árinu 2004 var miðað við 4% eða meira af eigin fé sparisjóðsins.<sup>77</sup> Samkvæmt lánahandbók frá 10. júlí 2007 töldust þeir hins vegar til stærstu skuldara sem voru með heildarskuldbindingar yfir 10% af eigin fé sparisjóðsins eins og það var skilgreint í 84. gr. laga nr. 161/2002. Eftir ábendingu frá Fjármálaeftirlitinu var hlutfallinu breytt í 2,5% árið 2008.<sup>78</sup>

71. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., úttekt KPMG á úrbótum vegna skýrslu FME 22. október 2007 um útlánaáættu, 8. febrúar 2008.

72. Reglur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis um framkvæmd starfa stjórnar og forstjóra voru endurnýjaðar 31. ágúst 2007.

73. Lánahandbækur dagsettar 24. maí 2006 og 2. ágúst 2007.

74. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum var hámarkið 25%. Um skilgreiningu á eigin fé vísast til 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

75. Samkvæmt 7. mgr. 2. gr. reglna nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum (sem leystu af reglur nr. 531/2003 með sama heiti) eru stórir skuldarar skilgreindir sem aðilar með heildarskuldbindingu yfir 10%. Breytingin hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á sér ekki samsvörun í reglubreytingunni hjá Fjármálaeftirlitinu, en aðilum sem tilgreindir voru sem stórar áhættuskuldbindingar sparisjóðsins í skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins fækkaði við þetta.

76. Stórir skuldarar í þessu sambandi teljast einnig vera stórar áhættuskuldbindingar.

77. Reglur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis um framkvæmd starfa stjórnar og forstjóra, 5. október 2007.

78. Lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 27. júní 2008.

Tafla 13. Mismunandi viðmið um hvað taldist vera stór skuldari samkvæmt reglum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.<sup>79</sup>

	Skuldbinding sem hlutfall af eigin fé		
	2004	2007	2008
Reglur um störf stjórnar og framkvæmdastjóra		5%	
Lánahandbók	4%	10%	2,50%
Handbók áhættustýringar	4%		

Heildarskuldbindingar stærstu skuldara samanlagt máttu ekki vera meiri en fjórfalt eigið fé sparisjóðsins. Stjórn sparisjóðsins var þó heimilt að víkja frá þessari reglu með bókun í gerðabók og heimila skuldbindingar upp að þeim mörkum sem löggjafinn setti.<sup>80</sup>

Meginreglan var sú að við ákvörðun um útlán skyldi meta áætlaða greiðslugetu lánþega, framboðnar tryggingar og viðskipti við sparisjóðinn með það fyrir augum að tryggja sem best að lántaki gæti staðið við skuldbindingar sínar.<sup>81</sup> Sérstaklega var tekið fram að skuldbreytingar, þar með taldar skilmálabreytingar, skyldu ávallt fá ítarlega umfjöllun þar sem greiðslugeta, tryggingar og heildarskuldir væru kannaðar til hlítar, og að litið skyldi á skuldbreytingu sem nýja lánveitingu.<sup>82</sup>

Tryggingakafllinn var ítarlegur og í nýjustu útgáfu útlánareglanna skiptist hann annars vegar í lán í íslenski mynt og hins vegar í lán í erlendri mynt. Ekki var þó munur á efnisreglum vegna íslenskra og erlendra lána. Að jafnaði skyldu teknar ásætlanlegar tryggingar vegna skuldbindinga sem stofnað var til. Lánveitingar sem ekki voru tryggðar með veði skyldu almennt ekki vera til lengri tíma en fimm ára. Gæta skyldi fyllstu varúðar varðandi veðhlutfall og miða við aðstæður í hverju tilviki sérstaklega ef um var að ræða stöðutöku, til dæmis í hlutabréfum og afleiðum, nema í hlut ættu mjög fjársterk fyrirtæki. Eins bar að fylgjast reglulega með verðmæti trygginga á lánstímanum.<sup>83</sup>

Lán án sérstakra trygginga til fyrirtækja kröfðust ítarlegrar könnunar á rekstri þeirra og skoðunar á stjórnendum. Þá þurfti jafnframt að skila inn ársuppgjöri félagsins, undirrituðu af löggiltum endurskoðanda.<sup>84</sup>

Veðsetningarhlutfall íbúðarhúsnæðis mátti mest vera 80% af matsverði og aldrei meira en 100% af brunabótamati nema til kæmu auknar tryggingar.<sup>85</sup> Veðsetningarhlutfall atvinnuhúsnæðis mátti vera allt að 70% af verðmæti.<sup>86</sup> Veðsetningarhlutfall viðskiptakrafna mátti vera allt að 75% af fjárhæð krafna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.<sup>87</sup> Lánveiting gegn skuldabréfum gat numið allt að 60% af verðmæti bréfanna.<sup>88</sup>

Almennt mátti ekki lána gegn veði í óskráðum bréfum og bar að leggja ákvarðanir um undanþágur fyrir lánanefnd. Veðsetning á skráðum bréfum mátti ekki fara yfir 80% og á óskráðum en seljanlegum, traustum, innlendum fyrirtækjum ekki yfir 60%. Ekki var þó tilgreint í lánareglunum hvort um væri að ræða hlutfall af kaupverði eða matsverði í óskráðum bréfum. Verðmæti óskráðra bréfa bar að meta sérstaklega.<sup>89</sup> Ný regla bættist

79. Byggt á upplýsingum úr starfsreglum sjóðsins.

80. Skv. 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 216/2007 og 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var viðmiðið áttfalt, eða 800%

81. Greinar 2.2–2.5 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2. ágúst 2007, meginreglur, upplýsingaöflun, lánveitingar til einstaklinga, lánveitingar til fyrirtækja. Afla bar nauðsynlegra upplýsinga um fjárhag viðskiptavinar og meta greiðslugetu hans. Hjá lögaðila bar að jafnaði að afla ársreikninga, árschlutauppgjöra, rekstrar- og greiðsluáætlana, skattframtala og annarra upplýsinga í samræmi við eðli viðskipta. Gæta þurfti að því að eiginfjárstaða viðskiptavinar væri viðunandi og að stjórn og framtíðarhorfur teldust góðar. Lán til einstaklinga skyldu taka mið af viðskiptum þeirra við sparisjóðinn og greiðslugetu.

82. Grein 2.6, skuldbreytingar, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

83. Grein 1.5, tryggingar, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

84. Grein 3.3, lán án sérstakra trygginga til fyrirtækja, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

85. Grein 3.4.1, almennar reglur um tryggingar í húsnæði, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

86. Grein 3.4.5, fjölnota atvinnuhúsnæði, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

87. Grein 3.4.12, viðskiptakröfur, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

88. Grein 3.4.17 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007; grein 3.4.15 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. maí 2006.

89. Grein 3.4.14 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007; grein 3.4.13 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. maí 2006.

við árið 2007 um að almennt mætti ekki veita lán gegn handveði í stofnfjárbréfum. Útibússtjóri eða lánanefnd gat vikið frá þessu.<sup>90</sup> Greiðslugetu, eignastöðu og viðskiptasögu sjálfskuldarábyrgðaraðila bar að meta með sama hætti og hjá aðalskuldara.<sup>91</sup>

Reglur um hæfi starfsmanna til lánveitinga tóku til fjárhagslegrar stöðu viðkomandi starfsmanns og fjölskyldutengsla. Starfsmenn sem voru í vanskilum við sparisjóðinn eða aðrar lánastofnanir eða bjuggu við mjög erfiða fjárhagsstöðu skyldu ekki hafa útlánaheimild. Þá máttu starfsmenn ekki veita viðskiptamanni lán eða hafa afskipti af lánveitingum ef viðskiptavinur var maki, foreldri, systkini, systkini maka eða barn þeirra.<sup>92</sup> Í fyrri útgáfum útlánareglanna var jafnframt tiltekið að starfsmaður væri vanhæfur til að fara með mál lántaka ef tengsl starfsmanns við viðskiptamann væru þess eðlis að almennt mætti draga óhlutdrægni hans í efa. Það ákvæði var ekki að finna í nýjustu útgáfu lánahandbókarinnar frá árinu 2007.

Sparisjóðsstjóri hafði heimild til að lána allt að 10% af eiginfjárgrunni samstæðu sparisjóðsins til eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila. Hærri útlán þurfti að bera undir stjórn en þó mátti heildarfyrirgreiðsla sparisjóðsins ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni.<sup>93</sup> Þær lánveitingar bar að færa í gerðabók stjórnar. Í útgáfu lánahandbókarinnar frá 2007 kom fram að 25% reglan ætti ekki við um millibankalán, ríkisverðbréf og kaup á stöðluðum markaðsbréfum á Verðbréfabingi og álíka tryggum verðbréfum.<sup>94</sup> Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við þetta ákvæði og benti á í skýrslu sinni um útlánaáhættu hjá sparisjóðnum að slíkt væri í andstöðu við reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar. Sparisjóðurinn svaraði því til að breyting yrði gerð á reglunum til samræmis við athugasemdir Fjármálaeftirlitsins.<sup>95</sup> Það var gert með uppfærslu lánahandbókarinnar í júní 2008.

Með útgáfu lánareglanna frá ágúst 2007 kom inn nýtt ákvæði sem færði framkvæmdastjóra sérgreinda heimild til að lána allt að 100 milljónum króna.<sup>96</sup> Útlánnum umfram þær heimildir sem sparisjóðsstjóri veitti starfsmönnum bar að vísa til lánanefndar.<sup>97</sup>

Sparisjóðsstjóri hafði einn umboð til allra lánveitinga allt að 10% af eiginfjárgrunni. Sparisjóðsstjórn hafði eftirlit með lánamálum sparisjóðsins og bar ábyrgð á þeim en lánanefndin starfaði í umboði sparisjóðsstjóra. Lánanefnd átti að taka til afgangslu allar láns- eða fyrirgreiðslubeiðnir frá þeim stafsmönnum sem höfðu útlánaheimildir þegar þær beiðnir fóru umfram heimildir viðkomandi starfsmanns. Í lánanefnd sátu sparisjóðsstjóri, framkvæmdastjóri sparisjóðsins (staðgengill sparisjóðsstjóra), framkvæmdastjóri fjárhagssviðs, staðgengill framkvæmdastjóra og forstöðumaður áhættustýringar. Þó hugtökin væru ekki sérstaklega skilgreind í lánahandbókinni bar líka að leggja fyrir lánanefnd „óvenjulega fjármögnun“ eða „sérstaka áhættutöku“ áður en gengið væri til samninga.<sup>98</sup> Lánanefndin var hugsuð sem vettvangur til að vinna úr málum og samræma vinnubrögð og áherslur í stefnum og einstökum málum.<sup>99</sup> Nefndin hafði hins vegar engar formlegar útlánaheimildir samkvæmt reglum sjóðsins.

Fjárhæð útlánaheimilda miðaðist við samtölu fyrirbyggjandi lánsútsóknar og heildarskuldbindingar viðkomandi lánþega og tengdra aðila. Félög innan samstæðu voru talin fjárhagslega tengd, auk fyrirtækja þar sem önnur atriði ættu að gera það að verkum að

90. Grein 3.4.15, stofnfjárbréf, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

91. Grein 3.4.18 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007; grein 3.4.16 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. maí 2006.

92. Grein 5.4 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007; grein 4.1.3 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. maí 2006.

93. Grein 1.8 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

94. Grein 1.8, lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

95. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

96. Grein 1.8, lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007. Í lánareglunum er framkvæmdastjóri skilgreindur sem staðgengill sparisjóðsstjóra. Ólafur Haraldsson gegndi því hlutverki á þessum tíma.

97. Grein 1.7, skipulag lánastarfseminnar, í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

98. Grein 5.6 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007; grein 4.1.4 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. maí 2006.

99. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

fjárhagslegir erfiðleikar eins gætu haft áhrif á greiðslustöðu annars.<sup>100</sup> Tafla 14 sýnir þá starfsmenn sem höfðu heimild til að samþykka og afgreiða lánveitingar, þar á meðal skuldbreytingar, framlengingar og ábyrgðir.

Tafla 14. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.<sup>101</sup>

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Lánanefnd/stjórn	Heildarskuldbindingar undir 25% af eigin fé sparisjóðsins
Sparisjóðsstjóri	10% af eigin fé sparisjóðsins
Framkvæmdastjóri sparisjóðsins (staðgengill sparisjóðsstjóra)	50 milljónir króna, síðar 100 milljónir króna
Framkvæmdastjórar fjárhagssviðs og kortasviðs og forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar	25 milljónir króna
Staðgengill framkvæmdastjóra sparisjóðsins	25 milljónir króna
Útibússtjóri	12–18 milljónir króna, fasteignalán allt að 25 milljónir króna
Staðgengill útibússtjóra (þjónustustjóri)	10–12 milljónir króna, fasteignalán allt að 15 milljónir króna
Þjónustustjóri	4–8 milljónir króna
Vanskilafulltrúi, innheimtustjóri, sérfræðingur	2–6 milljónir króna
Fyrirtækjafulltrúi/þjónustufulltrúi	0–6 milljónir króna
Aðrir starfsmenn sem starfa við greiðsluþjónustu/vanskil	0–3 milljónir króna

Fjármálaeftirlitið taldi í eftirlitsskýrslu um athugun á útlánaáættu sparisjóðsins að útlánaheimildir væru almennt ágætlega skilgreindar í lánareglum sparisjóðsins.<sup>102</sup>

Útibússtjóra bar að fylgjast með útlánunum og innheimtustjóri skyldi gera mánaðarlegt yfirlit um stöðu og þróun vanskila.<sup>103</sup> Samkvæmt reglunum bar sérfræðingur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í fasteignaviðskiptum ábyrgð á fullnustu veðkrafna í samráði við útibússtjóra. Ekki var að finna reglur um sölu annarra fullnustueigna en fasteigna í nýjstu útgáfu regnanna en í eldri handbók var að finna ákvæði um sölu á fasteignum, skipum, verðbréfum og hvers konar lausafé.<sup>104</sup>

Að öllu jöfnu var óheimilt að gefa eftir vexti og dráttarvexti þannig að bókfærð staða kröfunnar yrði lægri en hún var um næstliðin áramót. Þó voru gerðar undantekningar þar sem útibússtjóra og framkvæmdastjóra voru gefnar tiltekna heimildir en lánanefnd hafði heimild til að gefa eftir höfuðstól, vexti, dráttarvexti og kostnað.<sup>105</sup> Hvorki er getið um heimildir sparisjóðsstjóra né sparisjóðsstjórnar í þessum efnunum.

Sérstök framlög á afskriftareikning útlána skyldi færa ársfjórðungslega og jafnframt gera tillögur að endanlegum afskriftum. Stjórn bar að staðfesta endanlegar afskriftir umfram 10 milljónir króna, sem og heildartölur afskrifta.<sup>106</sup>

### 17.2.3 Áhættustýring

Hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var í gildi handbók um áhættustýringu sem skilgreindi þá áhættu sem gæti steðjað að daglegri starfsemi sparisjóðsins, greindi hana í áhættuþætti og upplýsti starfsmenn um áhættu og varnir gegn henni í rekstri sparisjóðsins. Reglur sparisjóðsins um áhættustýringu tóku mið af gildandi lögum, leiðbeinandi til-mælum og reglum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Um ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra sagði áhættustýringarhandbókin að stjórn sparisjóðsins bæri ábyrgð á starfsemi hans og skyldi sjá til þess að á hverjum tíma væri farið að gildandi lögum og reglum varðandi reksturinn. Stjórn sparisjóðsins bar meðal annars að sjá til þess að virkt innra eftirlitskerfi væri til staðar og því viðhaldið reglulega. Sparisjóðsstjóri bar ábyrgð á að reglum um áhættustýringu innan sparisjóðsins væri framfylgt. Hann skyldi sjá til þess að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og mæla áhættuþætti í daglegri starfsemi sparisjóðsins, ásamt stýringu á áhættu hans. Sparisjóðsstjóra bar að viðhalda skipuriti sem tilgreindi ábyrgðarsvið og heimildir starfsmanna hverju sinni.

100. Grein 5.2 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007; grein 4.1.1 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. maí 2006.

101. Lánahandbækur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

102. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

103. Grein 8.1 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

104. Grein 8.9 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007; grein 7.3.2 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. maí 2006.

105. Grein 8.101 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

106. Greinar 8.10.3 og 8.10.4 í lánahandbók Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. ágúst 2007.

Áhættustýringarhópur hafði meðal annars það hlutverk að móta, skrá og framfylgja stefnu um heildaráhættu sparisjóðsins hverju sinni og koma á fót eftirlitskerfi og ferli við mat á áhættu.<sup>107</sup> Áhættustýringarhópur átti að uppfærða stjórnina með reglulegu millibili um áhættutöku sparisjóðsins og yfirfara reglulega sett viðmið og mörk áhættuþátta.

Í handbók áhættustýringar var fjallað um útlánaáhættu. Útlánaáhætta fól í sér mat á mögulegu tapi vegna vanhæfni eða tregðu viðskiptamanna til að mæta skuldbindingum sínum í framtíðinni. Sérstaklega var tekið fram í handbókinni að lækkandi markaðsverð skráðra verðbréfa í kauphöll félli einnig undir útlánaáhættu sparisjóðsins. Fram kom að mögulegt væri fyrir sparisjóðinn að minnka útlánaáhættu með lánsþæfismati við ákvörðun útlána hverju sinni. Ekki tíðkaðist þó hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að framkvæma sérstaka lánsþæfisflokkun eða áhættuflokkun við veitingu útlána.<sup>108</sup>

Um framkvæmd lánveitinga og hámark fyrirgreiðslna til viðskiptamanna var vísað til útlánareglna sparisjóðsins og fjallaði handbók áhættustýringar því ekki nánar um útlánaframkvæmd umfram það sem fram kom í lánareglum sparisjóðsins. Útlánamarkmið sparisjóðsins voru að eðlilegur tekjuafgangur yrði af rekstri hans svo að markmiðum um arðsemi eigin fjár á hverjum tíma yrði náð. Við ákvörðun um lánveitingar skyldi ávallt gæta varfærni og fara fram raunmat á tryggingum. Þó var heimilt að víkja frá þessu ef fyrirbyggjandi upplýsingar sýndu að ekki væri þörf á sérstökum tryggingum.

Reglulega átti að gera yfirlit um stærstu lánþega og stærstu vanskilaaðila sparisjóðsins og leggja fyrir lánanefnd eða stjórn, og yrði þannig haldið uppi eftirliti með útlánaáhættu. Áhættustýringu eða innri endurskoðun bar að gera stjórn sparisjóðsins viðvart ef framkvæmd lánamála væri ekki í samræmi við lánastefnu eða lánareglur.

Ársfjórðungslega bar sparisjóðsstjóra að leggja fyrir stjórn sparisjóðsins töluleg yfirlit yfir skuldbindingar aðila sem námu 4% eða meira af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.<sup>109</sup> Með þessum yfirlitum skyldu fylgja upplýsingar um framlög í afskriftareikning útlána vegna þessara skuldbindinga. Þá bar að gera stjórn sparisjóðsins grein fyrir því ef veruleg fjárhagsleg veikleikamerki væru komin fram hjá viðskiptamanni án þess að ástæða teldist til að leggja fé í afskriftareikning vegna hans. Þá skyldi stjórninni enn fremur gerð grein fyrir framlögum í afskriftareikning útlána og stöðu hans.

Lánaeftirlit með einstökum málum var í höndum útlánastýringar en sparisjóðsstjóri bar ábyrgð á að farið væri eftir útlánareglum og reglum um áhættustýringu. Áhættustýringarhópur átti að hafa yfirlit yfir samsetningu heildarútlána sparisjóðsins á hverjum tíma og koma með athugasemdir ef útlán færu umfram heimildir. Útlánastýring, sem samkvæmt handbók um áhættustýringu var undir stjórn Páls Árnasonar, átti að hafa eftirlit með því að lánareglur sparisjóðsins væru virtar af starfsmönnum og að viðskiptavinir væru metnir með tilliti til greiðslugetu við lánveitingu. Útlánastýringu, innra eftirliti og lánveitendum í útibúum sparisjóðsins bar að leita til áhættustýringar ef talin væri ástæða til, til dæmis vegna stærðar lánasamnings, trygginga eða annarra mála.<sup>110</sup>

Eins og fram kom í kafla 17.2.1 gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að eftirlit með útlánaáhættu samstæðu sparisjóðsins væri ábótavant og að áhættumæling væri ekki virk hjá sparisjóðnum.

#### 17.2.4 Útlánareglur Frjálsa fjárfestingarbankans hf.

Sérstakar lánareglur giltu um lánveitingar Frjálsa fjárfestingarbankans hf. Fyrstu reglurnar voru frá 10. mars 2003 en voru síðar uppfærðar 12. febrúar 2004 og var þar sérstaklega fjallað um afgreiðslu lánsúmsókna með veði í fasteignum.<sup>111</sup>

107. Áhættustýringarhópur samanstóð af Páli Árnasyni forstöðumanni áhættustýringar, Guðmundi Haukssyni sparisjóðsstjóra, Ólafi Haraldssyni framkvæmdastjóra, Ósvaldi Knudsen framkvæmdastjóra fjárfstýringar, Jóni Halli Péturssyni framkvæmdastjóra SPRON-Verðbréfa hf. og Kristni Bjarnasyni framkvæmdastjóra Frjálsa fjárfestingarbankans hf.

108. Skýrsla Lárusar Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. nóvember 2012.

109. Þar á meðal aðila sem voru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu yrði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum sem eina heild.

110. Í handbók um áhættustýringu var að öðru leyti vísað til starfsreglna útlánastýringar sparisjóðsins. Þær fundust ekki.

111. Fyrstu tvær blaðsíðurnar í lánareglum Frjálsa fjárfestingarbankans hf. eru dagsettar 4. maí 2006, en á síðustu síðu reglnanna stendur að þær séu samþykktar 12. febrúar 2004.



Lánareglurnar gerðu ráð fyrir lánanefnd í bankanum sem skipuð væri framkvæmdastjóra, forstöðumanni útlána og tveimur þjónustufulltrúum. Lánanefndin hafði meðal annars það hlutverk að afgreiða lánsúmsóknir innan sinna heimilda, úmsóknir um skuldskeytingar, skilmála- og veðbreytingar vegna áður veittra lána o.fl.<sup>112</sup> Lánanefnd hafði heimild til að samþykkja veðtryggð fasteignalán og lán vegna nýbygginga allt að 50 milljónum króna en lán umfram þá fjárhæð og allt að 10% af eiginfjárgrunni bankans skyldi framkvæmdastjóri samþykkja. Lánveitingar umfram 10% af eiginfjárgrunni bankans bar að leggja fyrir stjórn til samþykktar.<sup>113</sup>

Tafla 15. Lánaheimildir hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.<sup>114</sup>

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Stjórn	Lánveitingar umfram 10% af eigin fé bankans
Framkvæmdastjóri	Allt að 10% af eigin fé bankans ef lán var tryggt með fasteignaveði Allt að 2% af eigin fé ef lán var tryggt með veði í bifreiðum, skráðum hlutabréfum eða sjálfskuldarábyrgð
Lánanefnd	50 milljónir króna
Forstöðumaður útlána	5 milljónir króna
Þjónustufulltrúar	Bílalán fyrir allt að 2,5 milljónir króna

Lán og ígildi lána til einstakra viðskiptamanna og fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki nema hærri fjárhæð en 25% af eiginfjárgrunni bankans. Leggja bar mat á arðsemi fjárfestinga þegar um var að ræða fjármögnun á verulegum fjárfestingum með hliðsjón af umfangi rekstrar viðkomandi viðskiptamanns. Áhersla skyldi lögð á að taka fullnægjandi tryggingar, kvaðabinda eignir og semja um uppsagnarákvæði tengd skilyrðum um fjármögnun og rekstur. Jafnframt bar að taka mið af markmiðum um dreifingu áhættu og fylgjast vel með fjárhagsstöðu viðskiptavina.<sup>115</sup>

Heimilt var að lána að hámarki 80% af verðmati íbúðarhúsnæðis, 60% af verðmati atvinnuhúsnæðis og í sérstökum tilvikum 75%. Þegar um var að ræða íbúðarhúsnæði var heimilt að lána að 80% af framkvæmdakostnaði eða 65% af verðmati framkvæmda. Þegar um atvinnuhúsnæði var að ræða var heimilt að lána 75% af framkvæmdakostnaði eða 60% af verðmati framkvæmda.<sup>116</sup>

Í lánareglum Frjálsa fjárfestingarbankans hf. voru ekki ákvæði um lán til starfsmanna þrátt fyrir að starfsreglur stjórnar gerðu ráð fyrir að slíkar reglur væru settar. Þó skal bent á að samkvæmt lánareglum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis bar starfsmönnum dótturfélaga sparisjóðsins að fylgja þeim reglum og setja sér sambærilegar reglur. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við það í úttekt á útlánaáættu samstæðu sparisjóðsins haustið 2007 að ekki hefðu verið settar slíkar reglur. Samkvæmt skýrslu sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins vegna athugasemda í kjölfar könnunarinnar var reglum um lán til starfsmanna bætt inn í lánahandbók og þær samþykktar af stjórn bankans 6. febrúar 2008.<sup>117</sup>

### 17.2.5 Útlánareglur SPRON-Verðbréfa hf.

Fyrir liggja útlánareglur SPRON-Verðbréfa hf. frá desember 2006 en þær voru ekki undirritaðar af stjórn og ekki verður séð af stjórnarfundargerðum SPRON-Verðbréfa hf. að fjallað hafi verið um þær eða þær samþykktar. Fram kom í fundargerð stjórnar SPRON-Verðbréfa hf. að lánareglurnar hefðu verið lagðar fram í drögum á fundi 14. mars 2007. Stjórnin hefði ætlað að yfirfara reglurnar og samþykkja í framhaldi af því en slíkt var ekki bókað í síðari fundargerðum SPRON-Verðbréfa hf. Fjármálaeftirlitið gerði alvarlega athugasemd við að ekki skyldi vera bókað í fundargerð að stjórn hefði samþykkt umrædd drög að lánareglum frá desember 2006.<sup>118</sup>

112. 2. gr. í almennum reglum um lánveitingar Frjálsa fjárfestingarbankans hf., 10. mars 2003.

113. 4. gr. í almennum reglum um lánveitingar Frjálsa fjárfestingarbankans hf., 10. mars 2003.

114. Almennar reglur um lánveitingar Frjálsa fjárfestingarbankans hf., 12. febrúar 2004.

115. 5. gr. í almennum reglum um lánveitingar Frjálsa fjárfestingarbankans hf., 10. mars 2003.

116. 4. gr. í almennum reglum um lánveitingar Frjálsa fjárfestingarbankans hf., 12. febrúar 2004.

117. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

118. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

Útlánareglur SPRON-Verðbréfa hf. voru sambærilegar við eldri útgáfur lánahandbóka Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Þó var í lánareglum SPRON-Verðbréfa hf. miðað við að aðili teldist til stærstu skuldara ef skuldbinding hans nam 7% af eiginfjárgrunni.<sup>119</sup>

Samkvæmt útlánareglunum hafði stjórn eftirlit með lánamálum og bar ábyrgð á þeim og framkvæmdastjóri bar ábyrgð á lánastarfsemi félagsins gagnvart stjórn.<sup>120</sup> Framkvæmdastjóri hafði heimild til að lána til eins aðila eða fjárhagslega tengdra aðila allt að 10% af eigin fé SPRON-Verðbréfa hf. Ef skuldbindingin var hærri en 10% af eiginfjárgrunni félagsins bar að leita samþykkis lánanefndar.<sup>121</sup> Samkvæmt lánareglunum bar lánanefnd að koma saman einu sinni í viku eða oftari ef ástæða væri til. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að nefndin hefði aðeins fundað sex sinnum á árinu 2007 og hefði á fundum sínum aðeins fjallað um einstakar lánveitingar en ekki stærstu lánamálin, stefnu í útlánamálum, þróun vanskila, málefni varðandi innheimtur og endurgreiðslur lána, lánamörk, endurskoðun viðskiptakjara eða yfirferð yfir stærstu skuldara eins og henni bar að gera samkvæmt lánareglunum.<sup>122</sup>

Samkvæmt lánareglunum bar stjórn SPRON-Verðbréfa hf. að taka ákvarðanir um lán ef heildarskuldbinding lántakanda var „umfram 25% af CAD eigin fé SPRON“.<sup>123</sup> Heildarskuldbinding viðskiptamanns mátti þó aldrei fara yfir 20% af eigin fé SPRON-Verðbréfa hf. samkvæmt lánareglunum. Lánanefnd gat þó lánað „allt að 25% af eigin fé, samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar“. Færu lán umfram þau mörk þurfti að lækka það hlutfall með sérstökum ábyrgðarsamningi við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis.<sup>124</sup>

Tafla 16. Lánaheimildir SPRON-Verðbréfa hf.<sup>125</sup>

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Stjórn	Heildarskuldbindingar umfram 25% af eiginfjárgrunni
Lánanefnd	Allt að 25% af eiginfjárgrunni félagsins
Framkvæmdastjóri	Allt að 10% af eiginfjárgrunni félagsins
Lánastjóri	Allt að 5% af eiginfjárgrunni félagsins
Tveir miðlarar saman	10 milljónir króna

Meginreglan var sú að ekki mátti gera samninga við einstaka aðila fyrir hærri fjárhæð en sem nam 20% af bókfærðu eigin fé SPRON-Verðbréfa hf. á hverjum tíma. Lánanefnd gat þó vikið frá þessu hámarki teldi hún tryggingar mjög góðar.<sup>126</sup>

Við hverja lánveitingu bar að leggja mat á rekstur, efnahag og greiðslugetu rekstraraðila, svo og tryggingarstöðu.<sup>127</sup> Skuldbreytingar áttu alltaf að fá ítarlega umfjöllun þar sem greiðslugeta, tryggingar og heildarskuldir voru kannaðar til hlítar. Litið var á skuldbreytingu sem nýja lánveitingu og lánastjóra bar að leita samþykkis lánanefndar ef lánveitingin féll utan útlánaheimilda hans.<sup>128</sup>

Við útreikning á veðsetningarhlutfalli húsnæðis var almenna reglan sú að miða við verðmat frá viðurkenndum löggiltum fasteignasala eða löggiltum matsmanni, sem SPRON-Verðbréf hf. samþykkti. Ekki var tilgreint hámark veðsetningarhlutfalls af matsverði íbúðarhúsnæðis en þó mátti veðsetning aldrei vera meiri en 100% af brunabótamati. Veðsetningarhlutfall atvinnuhúsnæðis mátti nema allt að 55% af verðmati.<sup>129</sup> Hámarksveðsetningarhlutfall

119. Grein 1.5 í lánareglum SPRON-Verðbréfa hf., desember 2006.

120. Greinar 4.2 og 4.3 í lánareglum SPRON-Verðbréfa hf., desember 2006.

121. Grein 1.6 í lánareglum SPRON-Verðbréfa hf., desember 2006.

122. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáheftu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

123. Grein 4.2 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006. Ekki er ljóst hvort hér er átt við eigið fé SPRON eða SPRON-Verðbréfa en í uppfærðum reglum sem samþykktar voru í nóvember 2007 af stjórn SPRON-Verðbréfa er talað um eigið fé SPRON-Verðbréfa.

124. Grein 4.2 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

125. Lánareglur SPRON-Verðbréfa hf., desember 2006.

126. Grein 2.1 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

127. Grein 2.3 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

128. Grein 2.5 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

129. Greinar 3.1.1 og 3.1.2 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

óskráðra verðbréfa var 60% en 80% af skráðum bréfum.<sup>130</sup> Óheimilt var að veita lán með handveði í stofnfjárbréfum en lánastjóri, framkvæmdastjóri eða lánanefnd gátu veitt undanþágu frá þeirri reglu.<sup>131</sup> Veðsetningarmörk ríkisskuldabréfa og innistæðna voru 95% og skuldabréfa 60%.<sup>132</sup>

Sérstök framlög í afskriftareikning útlána bar að ákveða árlega og sömuleiðis átta lánastjóri, innheimtustjóri og framkvæmdastjóri að koma með tillögur að endanlegum afskriftum. Stjórn staðfesti einstakar afskriftir umfram 10 milljónir króna og heildartölur.<sup>133</sup>

### 17.2.6 Stærstu lántakendur

Rannsóknarnefndin valdi úrtak stærstu lántakenda sparisjóðsins til sérstakrar skoðunar og greiningar með það að markmiði að varpa ljósi á útlánastefnu sjóðsins og ástæður fyrir afskriftum útlána. Kannað var hvort útlánastarfsemi hefði verið í samræmi við reglur sjóðsins og gildandi lög og reglur.

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar sem skila bar til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánnum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu. Til grundvallar umfjölluninni liggja skýrslur sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar fyrir árin 2007 og 2008. Þær voru gerðar á samstæðugrundvelli og því er fjallað um útlánasafn samstæðunnar í heild en jafnan tilgreint hvort lánið hafi verið veitt af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, SPRON-Verðbréfum hf. eða Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.<sup>134</sup>

Úrtak stærstu lántakenda miðaðist við þessar stærstu skuldbindingar sjóðsins. Til viðbótar þeim komu til skoðunar aðilar sem voru með sérgreint framlag í afskriftareikning umfram 300 milljónir króna hjá sparisjóðnum í lok árs 2008. Þar sem niðurfærsluhlutfall útlánasafnsins var lágt fram til ársins 2008 var ekki talin ástæða til að fara lengra aftur í athugun á stórum niðurfærslum.

Umfjöllunin beinist að lántökum í úrtakinu og aðilum fjárhagslega tengdum þeim, eins og sparisjóðurinn mat tengsl þeirra og skilgreindi sem sameiginlega áhættuskuldbindingu í skýrslum til Fjármálaeftirlitsins. Skoðaðar voru helstu lánveitingar til þessara lánahópa<sup>135</sup> á árunum 2005 til 2008 og heildarskuldbindingar þeirra í árslok 2008. Kannað var hvort útlánastarfsemi samstæðunnar hefði verið í samræmi við lánareglur sparisjóðsins og dótturfélaga hans. Umfjöllunin er ekki tæmandi en er ætlað að gefa mynd af útlánasafni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Tafla 17. Úrtak rannsóknarnefndar af lánahópum samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007–2008.<sup>136</sup>

<i>Pús. kr.</i>	Árslok 2007	Árslok 2008
<b>Heildarskuldbinding úrtaks</b>	<b>20.282.909</b>	<b>43.725.000</b>
<b>Heildarútlán sparisjóðsins</b>	<b>163.059.779</b>	<b>227.873.570</b>
<b>Hlutfall úrtaks af heild</b>	<b>12,4%</b>	<b>19,2%</b>
Sérgreindar afskriftir úrtaks	–	20.717.000
Sérgreindar afskriftir alls	439.984	30.827.040
Afskriftareikningur útlána (sérg. og alm.)	1.430.277	37.858.880
<b>Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls</b>	<b>–</b>	<b>67,20%</b>

Í úrtakinu voru 29 lánahópar og nam fyrirgreiðsla til þeirra samtals 20,3 milljörðum króna í lok árs 2007 eða um 12,4% af heildarútlánnum. Stærð úrtaksins miðað við árslok 2008 var 43,7 milljarðar króna, eða 19,2% af heildarútlánnum samstæðu sparisjóðsins. Á sama

130. Grein 3.1.3 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

131. Grein 3.1.4 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

132. Greinar 3.1.5 og 3.1.6 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

133. Greinar 6.3.4 og 6.3.5 í lánareglum SPRON-Verðbréfa, desember 2006.

134. Dótturfélög sparisjóðsins skiluðu einnig inn skýrslum til Fjármálaeftirlitsins ef starfsemi þeirra heyrði undir reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar.

135. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

136. Byggt á upplýsingum úr skýrslum sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar sem skilað var til Fjármálaeftirlitsins og upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sjóðsins sem rannsóknarnefndinni var afhent. Hér er um að ræða brúttóskuldbindingu, áður en tekið er tillit til frádráttarliða.

tíma námu sérgreindar niðurfærslur vegna aðila í úrtakinu 67,2% af sérgreindum niðurfærslum sparisjóðsins í heild.<sup>137</sup> Rétt er að geta þess að upplýsingar um sérgreind framlög í afskriftareikning 2008 byggja á óendurskoðuðu uppgjöri sparisjóðsins.

Í umfjölluninni er fjallað um hversu stór skuldbinding lántakanda var í lok árs 2008 miðað við eiginfjárgrunn sparisjóðsins eins og hann var metinn 31. október það ár. Þetta er vegna þess að eiginfjárgrunnur sparisjóðsins var orðinn neikvæður í árslok og því mæltist Fjármálaeftirlitið til þess að sparisjóðurinn notaði tölur frá því í október sem viðmið í skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar í lok árs 2008.<sup>138</sup>

Útlán til aðila í úrtakinu hækkuðu um 23,4 milljarða króna, eða um 116% frá árslokum 2007 til ársloka 2008 og má að stórum hluta rekja hækkunina til gengisfalls íslensku krónunnar á þessu tímabili. Á sama tíma rýrnuðu veð mikið, einkum verðmæti hlutabréfa og stofnfjárbréfa. Auk þess varð lækking og ákveðin stöðnun á fasteignamarkaði hérlandis. Endurspegladist þetta í auknum framlögum í afskriftareikning sparisjóðsins þar sem algengt var að tryggingar fyrir lánnum væru í formi fasteigna eða verðbréfa.

Í lánareglum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá maí 2006 komu fram viðmið um veðsetningarhlutföll vegna trygginga fyrir útlánnum. Þannig átti veðsetningarhlutfall vegna lána með veði í skráðum hlutabréfum að vera innan við 80%. Almenna reglan var að veita ekki lán með handveði í óskráðum hlutabréfum en allar ákvarðanir um slíkt skyldu teknar í lánanefnd. Væru slík lán veitt, skyldi veðsetningarhlutfall vera innan við 60% ef um traust innlend fyrirtæki væri að ræða. Lánanefnd var þó alltaf heimilt að víkja frá þessum reglum og gat auk þess veitt lán án trygginga til fyrirtækja í góðum rekstri. Þannig samþykkti lánanefnd SPRON-Verðbréfa hf. að veita Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingar (síðar Gift fjárfestingarfélag ehf.) eingreiðslulán í erlendri mynt að jafnvirði rúmlega 1 milljarðs króna gegn veði í hlutabréfum í Exista hf., Straumi-Burðarási hf. og Saga Capital hf. með 100% veðsetningarhlutfalli. Eigið fé Giftar fjárfestingarfélags í árslok 2007 var rúmí 19 milljarðar króna. Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding Giftar fjárfestingarfélags ehf. 1.444 milljónum króna og var öll sú fjárhæð færð í afskriftareikning sparisjóðsins 31. desember 2008.

Hér á eftir fer umfjöllun um tólf lánaþópa hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að fjalla nánar um til að varpa nánara ljósi á útlána-starfsemi sparisjóðsins. Farið verður yfir helstu lánveitingar til umræddra aðila, hvort þær voru í samræmi við lánareglur og gildandi lög og reglur á fjármálamarkaði og fjallað um mat sparisjóðsins á afskriftaþörf vegna þeirra. Skoðun á öðrum lánaþópum í úrtakinu gaf ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

#### Brautarholt 20 ehf. og tengdir aðilar

Brautarholt 20 ehf. og tengdir aðilar voru stærsta áhættuskuldbinding sparisjóðsins á samstæðugrundvelli á árunum 2006–2008. Lánaþópurinn átti og rak ýmsar fasteignir á Íslandi en sum félögin sinntu öðrum verkefnum og fjárfestingum. Brautarholt 20 ehf. var að jöfnu í eigu stjórnarformanns félagsins og framkvæmdastjóra þess. Þá áttu þeir báðir hluti í félögunum Skjólvangi ehf. og Streng Byggingum ehf. en framkvæmdastjórinn átti til viðbótar hluti í Parketi ehf., Málmsteypu Ámunda Sigurðs ehf., Tjarnarvöllum 5 ehf. og Árbakka ehf. Félögin Arnarsmári ehf. og Fasteignasölusérleyfi ehf. (Remax) voru í eigu stjórnarformannsins og viðskiptafélaga hans en þeir tengdust einnig í gegnum Streng fjárfestingar ehf., og fleiri félög.

Upphaf viðskipta Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila má rekja aftur til ársins 2005 þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. fjármögnuðu með erlendum lánnum kaup félagsins á landspildu í Hnoðraholti í Garðabæ og fasteignum á svokölluðum Brautarholtsreit í Reykjavík. Lánin voru tryggð með veði í fasteignunum og var fjármögnunin um 70% af kaupverði eða innan marka þeirra veðsetningarhlutfalla sem lánareglur tilgreindu. Á árunum 2007 og 2008 hækkaði skuldbinding lánaþópsins

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	2.037	–
2008	5.400	2.046

Gjaldprot 2011

137. Hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis voru fjölmörg íbúðar- og framkvæmdalán, bæði hjá sparisjóðnum sjálfum og Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Þar sem stór hluti útlánasafnsins voru íbúðalán en meiri hluti sérgreindra afskrifta var af öðrum lánnum en íbúðalánunum nær úrtak byggt á háum afskriftum og stórum útlánnum til minni hluta útlánasafns en yfir stóran hluta afskriftaframlags.

138. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 31. janúar 2012.

töluvert og var hópurinn orðinn mjög stór lántaki hjá sjóðnum. Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2007 kom fram ábending um stærð lánaþópsins og áhættuna sem hefði skapast vegna útlána sparisjóðsins til Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila:

Að lokum vil ég benda á að áhætta við einstaka lánveitingar er meiri en oft áður, þar sem krosseignarhald og krosstryggingar eru mun meiri en áður. Vil ég þá minnst sérstaklega á Brautarholt 20 ehf., en þar eru 10 kennitölur á bak við lánveitingu og mikið af krossveðum.<sup>139</sup>

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samþykkti 28. mars 2007 að veita Skjólvangi ehf.<sup>140</sup> og tengdum aðilum lánaþyrngreiðslu fyrir allt að 1.450 milljónir króna og var eftirfarandi bókað í fundargerð stjórnar:

Sparisjóðsstjóri fór fram á heimild til að veita Skjólvangi og tengdum aðilum lánaþyrngreiðslu fyrir allt að 1.450 millj.kr. Þessi þyrngreiðsla nær til margra aðskilinna verkefna sem eru sjálfstæð mál hvert fyrir sig og byggja á góðum tryggingum. Þetta var samþykkt.

Tveimur vikum síðar voru lánamörk lánaþópsins hækkuð á ný. Lánanefnd sparisjóðsins samþykkti ný lán til Strengs fjárfestinga ehf. 12. apríl 2007 vegna kaupa á Remax sér-söluleyfum sem tryggð voru með hlutum í Norðurhlíð fasteignafélagi ehf. og Streng byggingum ehf.:

Óskað er eftir lánamörkum á félagið vegna kaupa á Remax sér-söluleyfum í Evrópu, um er að ræða 49% hlut í Remax London, 51% hlut í Remax UKSouth og 50% hlut í Remax-Baltic og Remax Finnland. SPRON fer með 40% eignarhlut í Streng Fjárfestingum ehf. þar sem Steinsnes dótturfélag SPRON er eigandi þess hlutar í félaginu, [...]. Heildarþörf á fjármögnun á árinu er því 1.000.000 pund til viðbótar við það sem félagið er með í yfirdráttarskuld sem færð verður yfir í lánsamning. Tryggingar eru handveð í eignarhlutum [stjórnarformannsins og viðskiptafélaga hans] í Norðurhlíð fasteignafélagi ehf. og Streng byggingum ehf., Fyrirtækjaráðgjöf SPRON hefur unnið verðmat á þessum eignarhlutum og metið [þá] samtals á kr. 236 mkr. Lánamörk félagsins óskast sett 200 mkr. til 04.04.08. Þetta félag er að hluta í eigu dótturfyrirtækja SPRON.<sup>141</sup>

Brautarholt 20 ehf. og Skjólvangur ehf. voru sameinuð í júní 2007 og var lánnum sparisjóðsins til Skjólvangs ehf., þá samtals um 150 milljónum króna, skuldskeytt á Brautarholt 20 ehf.

Stjórnarfundur 22. september 2007 samþykkti samtals tæplega 2,6 milljarða króna lánamörk fyrir Brautarholt 20 ehf. og tengda aðila til 15. september 2008. Fram kom á stjórnarfundinum að heildarútlán til lánaþópsins væru 14,4% af eiginfjárgrunni en að öllu jöfnu væri stefnan sú að fara ekki yfir 10% af eigin fé við lánveitingar til tengdra aðila. Í reglum sjóðsins um mál sem heyrðu undir ákvörðunartöku stjórnar var kveðið á um að þyrngreiðsla til tengdra félaga mætti hæst nema 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Eftirfarandi bókun var staðfest af stjórn á fundinum:

Útlán SPRON sparisjóðs til Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila eru kr. 1.606.914.000, miðað við 18. september 2007. Óskað hefur verið eftir auknum lánveitingum um sem nemur 198.200.000. Samtals verða því útlán til Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila kr. 1.805.114.000. Óskað er eftir því að útlánamörk til ofangreindra aðila verði hækkuð í 2 milljarða króna til 15. september 2008 vegna útlána SPRON sparisjóðs.

Útlán Frjálsa fjárfestingarbankans hf. til Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila eru kr. 503.105.000, þann 18. september 2007. Óskað er eftir því að útlánamörk til ofangreindra aðila verði 550 milljónir króna til 15. september 2008 vegna útlána Frjálsa fjárfestingarbankans hf.

Samtals er því óskað eftir því að útlánamörk SPRON heildarinnar verði 2.550 milljónir til Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila til 15. september 2008.

Skuldbindingin við samstæðuna hækkaði milli árunna 2007 og 2008 vegna nýrra lána og óhagstæðra gengisbreytinga. Í lok mars 2008 kom fram í skýrslu sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins að heildarskuldbinding Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila næmi 2.372

139. Skýrsla innri endurskoðunar SPRON um starfsemi deildarinnar fyrir árið 2007, 20. febrúar 2008.

140. Skjólvangur ehf. féll undir lánaþóp Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila og sameinaðist Brautarholti 20 ehf. í júní 2007.

141. Fundargerð lánanefndar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 12. apríl 2007.

milljónum króna, eða 11,5% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Lán til lánaþópsins voru ýmist tryggð með veðum í fasteignum félaganna eða með sjálfskuldarábyrgð eigenda. Útibússtjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sagði að ekki hefði verið sýnt fram á annað en að fasteignaverkefni Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila væru traust og eðlileg.<sup>142</sup>

Lánaþópurinn var tengdur Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. í gegnum ýmsar fjárfestingar, sérstaklega í gegnum Norðurhlíð fasteignafélag ehf., Streng fjárfestingar ehf. og Streng Byggingar ehf., en sparisjóðurinn átti hlut í þessum félögum, ýmist með stjórnarformanni Brautarholts 20 og viðskiptafélaga hans eða stjórnarformanninum og framkvæmdastjóra Brautarholts 20. Eiginfjárframlag þeirra fyrrnefndu í félögunum var fjármagnað með lánum frá sjóðnum sem tryggð voru með veði í bréfunum sjálfum.<sup>143</sup>

Strengur fjárfestingar ehf. var að 40% hluta í eigu Steinsness ehf., dótturfélags sparisjóðsins á móti hlut stjórnarformanns Brautarholts 20 og viðskiptafélaga hans en þeir áttu 30% hlut hvor. Strengur Byggingar ehf. var að 40% hluta í eigu framkvæmdastjóra Brautarholts 20, 40% í eigu stjórnarformannsins og 20% í eigu Fasteignafélagsins Hlíðar ehf. sem var að fullu í eigu Frjálsa fjárfestingarbankans hf. Þá var Norðurhlíð fasteignafélag ehf. í 13% eigu Fasteignafélagsins Hlíðar ehf. en afgangurinn til helminga í eigu stjórnarformanns Brautarholts 20, sem jafnframt var stjórnarformaður Norðurhlíðar, og viðskiptafélaga hans.

Norðurhlíð fasteignafélag ehf. var ekki talið tengt Brautarholts 20 ehf. samkvæmt skilgreiningum sparisjóðsins á stórum áhættuskuldbindingum. Engu að síður taldi Páll Árnason, forstöðumaður áhættustýringar sparisjóðsins, ástæðu til að fá álit ytri endurskoðanda sparisjóðsins á því hvort Norðurhlíð skyldi flokkuð með lánaþópi Brautarholts 20 ehf. Í minnisblaði KPMG vegna þessa frá 5. október 2007 var niðurstaðan að Norðurhlíð fasteignafélag ehf. væri ekki tengt lánaþópnum.<sup>144</sup>

Í árslok 2008 nam heildarskuldbinding Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila tæpum 5,4 milljörðum króna og var áhættuskuldbindingin 29,4% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins, að frádregnu sérstöku afskriftaframlagi og vaxtafrýstingu. Samkvæmt 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki má áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Fari áhættuskuldbinding yfir 25% mörkin skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Þau svör fengust við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar til Fjármálaeftirlitsins um skuldbindingu Brautarholts 20 ehf. og tengdra aðila að sparisjóðurinn hefði ekki tilkynnt um skuldbindinguna.<sup>145</sup>

Sérgreint framlag í afskriftareikning vegna lánaþópsins í lok árs 2008 nam rúmum 2 milljörðum króna. Í greinargerð um sérgreindar afskriftir frá í desember 2008 var farið yfir mat á virði trygginga að baki lánum til þópsins og fjallað um fjárhæð útistandandi lána. Lán til þópsins, sem flest voru í erlendri mynt, höfðu þá hækkað mikið vegna gengisfalls krónunnar. Veð að baki lánunum, sem voru að miklu leyti í fasteignum, lóðum og hlutabréfum, höfðu lækkað í verði og hlutabréfin mörg hver orðin einskis virði.

Í febrúar 2009 hafði Steinsnes ehf., dótturfélag sparisjóðsins, yfirtekið hluta eignar stjórnarformanns Brautarholts 20 og viðskiptafélaga hans í Norðurhlíð fasteignafélaga ehf. Eftir það eignuðust sparisjóðurinn og Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. 55% hlutafjár í Norðurhlíð fasteignafélaga ehf. en jafnframt voru 40% hlutafjár félagsins veðsett þeim vegna skulda annarra viðskiptamanna. Norðurhlíð fasteignafélag ehf. var úrskurðað gjaldþrota í júlí 2011.

Brautarholt 20 ehf. var úrskurðað gjaldþrota í nóvember 2011. Drómi hf. leysti til sín fjórar fasteignir Brautarholts 20 ehf. sem hluta af uppgjöri skulda félagsins og lýsti um leið kröfu í þrotabúið upp á rúma 3,3 milljarða króna.

Strengur Byggingar ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2011. Strengur fjárfestingar ehf. var enn starfandi 2011 og samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir það ár átti Steinsnes ehf.

142. Skýrsla Lárusar Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. nóvember 2012.

143. Greinargerð sparisjóðsins yfir sérgreindar afskriftir yfir 1 milljón krónur, 17. desember 2008.

144. Stórar áhættuskuldbindingar, minnisblað um hvort tilteknir aðilar séu fjárhagslega tengdir aðilar samkvæmt reglum FME nr. 531/2003, 5. október 2007.

145. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndarinnar 5. júlí 2012.

40% hlut í félaginu en 60% voru í eigu félaganna Arnarsmára ehf., G. Harðarsonar ehf. og Lorán ehf.

#### Icebank hluthafalán

Í 9. kafla um útlán er ítarleg umfjöllun um Icebank hluthafalánin. Þar kemur fram heildarumfang kaupanna, upplýsingar um lántaka, lánsfjárhæðir og sérstaka samninga sem gerðir voru í tengslum við kaupin.

Síðla árs 2007 keyptu þrettán einkahlutafélög, sum hver í eigu stjórnenda Icebank hf., 43% hlut í bankanum af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., Byr sparisjóði, nb.is-sparisjóði hf., Sparisjóði Kópavogs og Sparisjóði Norðlendinga. Tólf þessara félaga fengu lánað hjá sparisjóðnum 5. desember 2007 fyrir hluta kaupverðsins en þau voru SM 1 ehf., Bergið ehf., Obduro ehf., Fjárfestingarfélagið Sproti ehf., Breiðutangi ehf., Lagos ehf., HDH Invest ehf., G-tveir ehf., Saltsalan ehf., Óseki ehf., Infestus Holding ehf. og Sparta Holding ehf.

Rúm 68% af kaupverðinu voru upphaflega fjármögnuð með lánnum frá sparisjóðum og nam lánsfjárhæðin samtals 8,4 milljörðum króna. SPRON-Verðbréf hf. lánaði 25% af heildarlánsfjárhæðinni og voru lánin í erlendum myntum, eða jafnvirði rúmra 2 milljarða króna. Kaupendur skuldbundu sig til að greiða afganginn af kaupverðinu með eiginfjárframlagi. Til tryggingar lánunum var veð í 75% seldra hluta og voru Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, í gegnum dótturfélag sitt, og Byr sparisjóður samhliða á 1. veðrétti, en Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóðurinn í Keflavík voru með 2. veðrétt í bréfunum.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður stóðu jafnframt sameiginlega að fjármögnun til Sparisjóðs Mýrasýslu sem endurlánaði fé til aðila sem keyptu hlutabréf í Icebank hf. Þessi fjármögnun nam 800 milljónum króna og var í erlendum myntum og komu 320 milljónir króna frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og 480 milljónir króna frá Byr sparisjóði.<sup>146</sup>

Á þeim tíma sem leið frá samþykkt kautilboðanna í október 2007 til undirritunar lánasamninganna í desember sama ár, lækkaði gengi Icebank hf. og því rýrnaði veð sparisjóðanna fyrir lánunum. Gengi Icebank hf. endurspegladi að einhverju leyti gengi Exista hf. og hafði gengislækkun þess áhrif á virði hluta í bankanum. Verðbreyting á hlutum í Icebank hf. hafði áhrif á samninga um kaup á hlutafélaginu frá því í október 2007 og var því samið um nýjar forsendur. Meðal þeirra var sölutrygging á hlutum Icebank hf. í Exista hf. Samningur um þetta milli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Icebank hf. var undirritaður 2. desember 2007, þar sem sparisjóðurinn ábyrgðist að kaupa um 84,3 milljónir hluta í Exista á genginu 31 en gengi í lok árs 2007 var 19,75. Á lokadegi samningsins, 1. desember 2008, nam skuld sparisjóðsins vegna samningsins rúmum 434 milljónum króna.<sup>147</sup> Icebank hf. fór fram á greiðslu tryggingarinnar í nóvember 2008 og var hún greidd að fullu.<sup>148</sup>

Um sumarið 2008 var stjórnendum sparisjóðsins ljóst að talsverð áhætta var af lánunum. Fram kom á fundi endurskoðunarnefndar í janúar 2009 að ekki hefði verið talin þörf á að leggja í afskriftareikning vegna þessara lána sumarið 2008, meðal annars vegna þess að fyrir lá mat á Icebank hf. sem benti til þess að virði veðanna væri um 100% af lánunum.<sup>149</sup> Þetta mat tók hins vegar ekki tillit til þess að þegar á reyndi skilaði eiginfjárframlg eins stærsta kaupandans, SM 1 ehf., sér ekki og flestir lántakar fengu lánað fyrir eiginfjárframlögum hjá sparisjóðnum sjálfum eða annarri lánastofnun, þannig að útlánahættan var í raun meiri en hún var metin í upphafi.<sup>150</sup> Fall viðskiptabankanna hafði mikil áhrif á rekstur Icebank hf. og eigið fé hans minnkaði hratt í kjölfarið.

Heildarskuldbinding vegna Icebank hluthafalánanna nam tæpum 4,4 milljörðum króna í lok árs 2008 en hún hafði hækkað mikið vegna gengislækkunar krónunnar. Í lok árs 2008 hafði öll fjárhæðin verið færð sem sérgreint framlag í afskriftareikning sparisjóðsins. Öll félögin tólf urðu gjaldþrota á árunum 2010 og 2011.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	2.142	–
2008	4.375	4.375

Öll félögin tólf gjaldþrota 2010 og 2011

146. Ódagsett minnisblað Fjármálaeftirlitsins um aðdraganda sölunnar á Icebank og yfirlit yfir lánveitingar.

147. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

148. Tölvuskeyti Elínar Þorsteinsdóttur til Ólafs Haraldssonar 26. nóvember 2008.

149. Fundargerð endurskoðunarnefndar SPRON hf., 6. janúar 2009.

150. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld- binding	Staða á afskrifta- reikningi
2007	685	–
2008	1.513	1.543

Gjaldprot 2009

### Suðurnesjamenn ehf. og tengdir aðilar

Suðurnesjamenn ehf. var stofnað snemma árs 2007 til að kaupa hlut íslenska ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja en þegar þau kaup gengu ekki eftir, fjárfesti félagið í Sparisjóðnum í Keflavík, Sparisjóðabanka Íslands hf. og Bláa lóninu hf.<sup>151</sup> Við stofnun Suðurnesjamanna ehf. voru eigendur félagsins fimm, allir með jafnan eignarhlut. Það voru Kaupfélag Suðurnesja svf., Nesfiskur ehf., Vísir hf., Gnúpverjar ehf. og Hvatning ehf. Síðar á árinu breyttist eignarhaldið og var Sparisjóðurinn í Keflavík meðal nýrra hluthafa með tæpan 14% hlut.<sup>152</sup> Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis skilgreindi Suðurnesjamenn ehf. og SM 1 ehf., sem var að fullu í eigu Suðurnesjamanna ehf., sem einn lánahóp.

Stjórnarformaður Suðurnesjamanna ehf. var Eiríkur Tómasson. Grímur Karl Sæmundsen var framkvæmdastjóri félagsins allt fram til 31. mars 2008 en hann var jafnframt stofnfjárhafi í Sparisjóðnum í Keflavík og sat í bankaráði Icebank hf.

Sparisjóðurinn veitti Suðurnesjamönnum ehf. tvö lán í erlendri mynt árið 2007 til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík sem tryggð voru með veði í sömu bréfum. Fyrri lánið var veitt 23. maí, jafnvirði 411 milljónir króna í svissneskum frönkum og japönskum jenum. Lánanefndarfundur 10. maí 2007 samþykkti og bókaði eftirfarandi um lánveitinguna:

Félagið hefur nú fest kaup á tæplega 2,0% stofnfjár í SPKEF og er að leita eftir fyrirgreiðslu fyrir þeim kaupum, þ.s. SPKEF getur eðlilega ekki annast slíka fyrirgreiðslu að svo stöddu. Erum því að leita eftir því hvort SPRON hafi áhuga á að koma að slíkri fjármögnun sem nemur um 400 milljónum króna.

Seinna lánið var veitt 21. júní 2007, jafnvirði 211 milljóna króna, og var það einnig til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Lánið var samþykkt á fundi lánanefndar 18. júní 2007:

Óskað er eftir 211 mkr. láni í erlendri mynt sem skiptist í 50% JPY og 50% CHF, til tryggingar kæmi til viðbótar við það sem fyrir er, handveð í stofnfjárhlutum í SPKEF að uppreiknuðu nafnvirði kr. 24.938.968 og m.v. markaðsvirði kr. 209.487.331.

Markaðsvirði hinna keyptu stofnfjárbréfa sem voru til tryggingar láninu frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var því lægra en lánsfjárhæðin. Samtals námu lánin jafnvirði 622 milljóna króna, og voru bæði lánin tryggð með veði í stofnfjárbréfum fyrir lægri fjárhæð. Litið var sérstaklega til þess hverjir voru eigendur Suðurnesjamanna ehf. við veitingu þessara lána og talið að um trausta aðila væri að ræða.<sup>153</sup>

Hinn 2. desember 2007 lánuðu SPRON-Verðbréf hf. SM 1 ehf. jafnvirði 527 milljóna króna í erlendri mynt til kaupa á rúmlega 81 milljón hluta í Icebank hf. Lánið var tryggt með veði í sömu bréfum og innstæðu reiknings félagsins hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis eins og hún var á hverjum tíma. Tryggingar lánahópsins hjá sparisjóðnum voru komnar langt undir lágmarkstryggingarþekju samkvæmt lánareglum strax í upphafi árs 2008. Veðkall var sent á Suðurnesjamenn ehf. samkvæmt skýrslu um veðköll á tíma-bilinu 1. júlí til 10. september 2008 sem sparisjóðurinn sendi til Fjármálaeftirlitsins.<sup>154</sup> Í október 2008 voru stofnfjárbréfin og hlutabréfin í Icebank hf., sem lögð voru að veði fyrir lánunum, orðin verðlítill.

Heildarskuldbindingar Suðurnesjamanna ehf. og SM 1 ehf. námu 2.607 milljónum króna í lok árs 2008 og var áhættuskuldbindingin 19,3% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.<sup>155</sup> Þar af voru 1,1 milljarður króna vegna SM 1 ehf. sem einnig var fjallað um í kaflanum um Icebank

151. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, apríl 2010, 2. bindi, bls. 288.

152. Aðrir nýir hluthafar á árinu 2007 samkvæmt hlutafjármiðum RSK voru Ásar-Capital með tæp 2%, Útnesjamenn með tæp 14%, Saltver með tæp 14% og Grindarvíkurkaupstaður með innan við 1% hlut. Hlutföll stofnenda félagsins lækkuðu öll í tæp 14% og Hvatning fór út úr félaginu.

153. Skýrsla Lárusar Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. nóvember 2012.

154. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

155. Skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, unnar af sparisjóðnum og skilað til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega, 31. desember 2008.



hlutahafalánin hér að framan. Framlög í afskriftareikning í lok árs 2008 vegna félaganna voru samtals 2.637 milljónir króna. Framlög í afskriftareikning voru því 30 milljónum króna umfram stöðu skuldbindinganna.<sup>156</sup>

Í mars 2009 var Suðurnesjamenn ehf. úrskurðað gjaldþrota og SM 1 ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2011.

#### Exista hf.

Exista hf. var fjárfestingarfélag sem var að stærstum hluta í eigu Bakkabræðra Holding B.V. og Kistu – fjárfestingarfélags ehf.<sup>157</sup> Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, var annar tveggja forstjóra Exista hf. og átti eignarhlut í félaginu. Þá var Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, í stjórn Exista hf. og átti jafnframt eignarhlut í félaginu.<sup>158</sup>

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 30. september 2008 var lögð fram beiðni um heimild stjórnar til að lána 2 milljarða króna til Exista hf. Eftirfarandi var bókað á fundinum:

Áður en þessi liður var tekinn til umfjöllunar vék Erlendur Hjaltason af fundi. Óskað var eftir heimild stjórnar til lánveitingar til Exista að upphæð 2 ma.kr. í 30 daga. Áhætta vegna Exista er þá tæplega 2,5 ma.kr., sem er 20% af CAD hlutfalli. Þetta var samþykkt.

Samdægurs veitti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis Exista hf. 2 milljarða króna peningamarkaðslán með gjalddaga 31. október 2008. Þá lagði dótturfélag Exista hf., Vátryggingafélag Íslands hf., 2 milljarða króna peningamarkaðsinnlán inn í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. með sama upphafs- og lokadag og lánið til Exista hf. Penningamarkaðsinnláni Vátryggingafélags Íslands hf. var breytt í almennt innlán á gjalddaga þess, 31. október 2008.<sup>159</sup>

Ekki kom til uppgjors á láninu í lok október 2008, heldur var það framlengt. Hinn 30. október 2008 var tilkynnt um afskráningu Exista hf. úr Kauphöll Íslands. Á fundi endurskoðunarnefndar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 6. janúar 2009 kom fram að þegar umrætt lán var veitt, höfðu íslensk stjórnvöld lýst því yfir að gripið yrði til aðgerða til að verja bankakerfið og að ekki væri gert ráð fyrir að aðrir bankar en Glitnir yrðu fyrir skakkaföllum. Endurskoðunarnefndin taldi því eignir Exista hf. vera traustar. Einnig kom fram á fundinum að þetta hefði verið „óheppileg lánveiting“.<sup>160</sup> Lagt var 1,6 milljarða króna framlag í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga Exista hf. í lok árs 2008. Lánið var aftur framlengt 29. janúar 2009, með gjalddaga 16. mars 2009 og 22,5% vöxtum, en lánið var enn útistandandi í júlí 2009.<sup>161</sup>

Exista hf. og tengdir aðilar voru ekki á meðal stórra áhættuskuldbindinga hjá sparisjóðnum samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007, og var því ekki tilkynnt um fyrirgreiðslur til félagsins í skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins. Heildarskuldbinding Exista hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis nam 2,5 milljörðum króna í lok árs 2008 og var sérgreint afskriftaframlag 1,6 milljarða króna 31. desember 2008.

#### Norðurhlíð fasteignafélag ehf. og tengdir aðilar

Norðurhlíð fasteignafélag ehf. var stofnað 22. febrúar 2006. Á árinu 2008 var félagið í 40% eigu stjórnarformanns Brautarholts 20 ehf., sem fyrr er getið, og viðskiptafélaga hans að jöfnu; Stekkeyri ehf. og Þursaborg ehf. áttu 20% hlut hvort; Fasteignafélagið Hlíð ehf., í eigu Frjálsa fjárfestingarbankans, átti 10% hlut, og Steinsnes ehf. sömuleiðis, en það var í eigu sparisjóðsins.<sup>162</sup>

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	–	–
2008	2.500	1.600

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	998	–
2008	2.015	294

Gjaldþrot 2011

156. Skuldbindingar Suðurnesjamanna ehf. í lok árs 2008 voru 1.513 milljónir króna en sérgreint framlag í afskriftareikning á sama tíma nam 1.543 milljónum króna.

157. Sjá nánari umfjöllun í 10. kafla.

158. Í athugasemdom til rannsóknarnefndarinnar 17. desember 2013 sagði Guðmundur Hauksson að hlutabréfaeign hans hefði ekki haft áhrif á ákvarðanatöku eða afstöðu í málefnum Exista hf.

159. Um innlánið er fjallað frekar hér aftar í kaflanum um fjármögnun sparisjóðsins.

160. Fundargerð endurskoðunarnefndar SPRON hf., 6. janúar 2009.

161. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

162. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

Hjá samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samanstóð lánaþingurinn af Norðurhlíð fasteignafélagi ehf., Leigustofum ehf., sem var dótturfélag Norðurhlíðar, og einstaklingi með óverulegar skuldbindingar.

Norðurhlíð fasteignafélag ehf. fékk fimm lán í erlendri mynt í mars og apríl 2006, tvö hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og þrjú hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., til kaupa á fasteigninni Fosshálsi 17–25, Reykjavík, fyrir samtals 1.080 milljónir króna. Skilyrði fyrir lánveitingunni var 162 milljóna króna eiginfjárframlag Norðurhlíðar. Lánin voru tryggð með 1. veðrétti í fasteigninni, ásamt sjálfskuldarábyrgð Stúðlaháls ehf., að hámarki 13,5 milljónir króna, og sjálfskuldarábyrgðum Fasteignafélagsins Hlíðar ehf. og þriggja einstaklinga að hámarki 3.375.000 króna hver aðili. Sjálfskuldarábyrgðirnar voru felldar niður af sparisjóðnum 30. nóvember 2007 en nýjar tryggingar voru ekki lagðar fram í þeirra stað. Sjálfskuldarábyrgða voru felldar niður þar sem önnur veð voru talin fullnægjandi miðað við greiðslustöðuna.<sup>163</sup> Áður en sjálfskuldarábyrgðum var aflétt, fékk Norðurhlíð fasteignafélag ehf. nýtt lán hjá sparisjóðnum 28. september 2007, jafnvirði 120 milljóna króna í erlendri mynt til kaupa á 54.217 hlutum í Kaupþingi banka hf., 980.912 hlutum í Exista hf. og 739.973 hlutum í Landsbanka Íslands hf. Hlutabréfin sjálf stóðu til tryggingar láninu, auk þess sem aðrar fyrirliggjandi tryggingar Norðurhlíðar skyldu einnig nýttar, en þær voru ekki tilgreindar í lánasamningnum. Lánanefnd Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hafði fjallað um lánveitingu til félagsins 10. september 2007 og samþykkti að veita því eingreiðslulán, jafnvirði 375 milljóna króna í erlendri mynt til þriggja ára. Bókun lánanefndar var svohljóðandi:

Í ljósi hækkunar verðmats á [fasteigninni Fosshálsi 17–25] óskar félagið eftir 375mkr. erlendu kúluláni með vaxtagreiðslum til þriggja ára. Með þessu vill félagið nýta veðrymi eignarinnar í ný og arðsöm verkefni. Frjálsi er með helming lánveitinga á eignina fyrir og mun því taka helming af þessari lánveitingu – sem yrði þá 187,5mkr. frá SPRON á öðrum veðrétti samhliða 187,5mkr. frá Frjálsa. Vextir 2,6% álag á Libor og 1% lántökugjald.

Fjármunina mun félagið m.a. nýta sem eiginfjárframlag í önnur verkefni; við kaup á fasteignum og hlutabréfum.<sup>164</sup>

Gunnar Jón Yngvason löggiltur fasteigna- og skipasali, sem þá var starfsmaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, hafði í september 2007 metið eignina að nýju á 1.611 milljónir króna.<sup>165</sup>

Svo virðist sem Norðurhlíð fasteignafélag ehf. hafi aðeins nýtt lánamörkin sem samþykkt voru á umræddum lánanefndarfundi upp að 120 milljónum króna í september 2007. Í janúar 2008 endurfjármagnaði félagið yfirdrátt sinn með 120 milljóna króna láni hjá sparisjóðnum á grundvelli heimildarinnar sem samþykkt var í september 2007. Til tryggingar nýja láninu var tryggingarbréf með 1. veðrétti í fasteigninni að Fosshálsi 25, sem áður hafði verið veðsett sparisjóðnum í apríl 2006 þegar sparisjóðurinn fjármagnaði kaup félagsins á fasteigninni.

Lán Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Frjálsa fjárfestingarbankans hf. til Norðurhlíðar fasteignafélags ehf. og tengdra aðila námu samtals tæpum 1.158 milljónum króna í árslok 2007. Skuldir lánaþingsins hækkuðu mikið á árinu 2008 sökum gengisfalls íslensku krónunnar. Heildarskuldbinding lánaþingsins nam rúmum 2 milljörðum króna í lok árs 2008 og á sama tíma var sérgreint framlag í afskriftareikning sparisjóðsins vegna félagsins tæpar 294 milljónir króna. Til hliðsjónar við mat á því framlagi var höfð sú staðreynd að veð sparisjóðsins fyrir skuldbindingum lánaþingsins höfðu rýrnað. Áhættuskuldbinding lánaþingsins var 11,6% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins 31. desember 2008.

Norðurhlíð fasteignafélag ehf. var úrskurðað gjaldþrota í júlí 2011. Heildarskuldir félagsins hjá samstæðu sparisjóðsins stóðu þá í rúmum 2.110 milljónum króna. Aðeins tvær fasteignir fundust í þrotabúi Norðurhlíðar og fékk Drómi hf. afsal fyrir fasteigninni að Fosshálsi fyrir 900 milljónir króna. Mismunurinn var afskrifaður hjá Dróma hf.<sup>166</sup>

163. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

164. Fundargerð lánanefndar Sparisjóðsins Reykjavíkur og nágrennis, 10. september 2007.

165. Greinargerð til lánanefndar SPRON, 30. apríl 2008.

166. Samantekt Lausna lögmannsstöfu fyrir Dróma hf. á kröfum í þrotabúi Norðurhlíðar fasteignafélags ehf., 12. nóvember 2012.

## Lánahópur um fasteignafélag

Lánahópur um fasteignafélag, sem í voru þrjú félög um fasteigna- og byggingaverkefni og tveir einstaklingar, fékk á árunum 2006 til 2008 nokkur lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. sem að mestu leyti voru nýtt til kaupa á fasteignum.

Stærsta félagið í hópnum fékk lán hjá sparisjóðnum 29. maí 2006, jafnvirði 230 milljóna króna í erlendri mynt, sem tryggt var með veði í fasteign félagsins að Bildshöfða í Reykjavík. Í byrjun árs 2007 var félagið í vanskilum hjá sparisjóðnum og var gerð skilmálabreyting á láni þar sem afborgunum höfuðstóls og vaxta var frestað og lánið framlengt.

Félagið fékk ný lán á árunum 2007 og 2008, þrátt fyrir vanskil félagsins. Á fundi lánaneftar sparisjóðsins 1. mars 2007 var samþykkt beiðni um 50 milljóna króna lán sem tryggt yrði með veði í nýrri fasteign félagsins með 62% veðsetningarhlutfalli. Eftirfarandi var bókað á lánaneftarfundum:

Útibúinu er kunnugt um vanskilatöðu en mælir með þessu engu að síður. Allar skuldbindingar félaganna eru vel tryggðar og þau hafa skilað inn miklum tekjum til útibúsins.

Lánaneftar samþykkti 18. október 2007 nýtt 160 milljóna króna lán til kaupa á byggingarlóð. Þar var um 100% fjármögnun að ræða sem tryggð var með 1. veðrétti í lóðinni ásamt veði í öðrum fasteignum félagsins. Ekki var getið um veðsetningarhlutfall í lánareglunum ef um lóðarlán var að ræða, heldur skyldi það metið hverju sinni. Á fundinum var eftirfarandi bókað um stöðu félagsins hjá sparisjóðnum:

Félögin hafa alla tíð verið gríðarlega arðsöm fyrir SPRON sökum þess að oftast en ekki liggja gjalddagar í vanskilum með tilheyrandi kostnaði. Útibúið telur þó útlánið vel tryggt enda öll með fasteignaveðum. Þess má jafnframt geta að áætla má að mikið dulið eigið fé leynist í ársreikningum félaganna í formi fasteigna sem færðar eru inn á bókvirði.

Samkvæmt þágildandi lánareglum sparisjóðsins bar að leggja mat á rekstur, efnahag og greiðslugetu fyrirtækja við nýjar lánveitingar. Stöðva skyldi allar lánveitingar ef lántakandi væri í vanskilum en heimilt var að gera undantekningu ef um úrlausn vanskila eða vantrosgðra lána væri að ræða. Í skýrslu fyrrverandi útibússtjóra fyrirtækjaútibús Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að almennt hefði það verið viðmið hjá sjóðnum að veita ekki ný lán til aðila sem voru með vanskil fyrir. Staðan var metin út frá tryggingum eða viðskiptasögu viðkomandi og tímabundin vanskil áttu þá ekki að hafa teljandi áhrif.<sup>167</sup>

Heildarskuldbinding lánahópsins hjá samstæðu sparisjóðsins nam tæpum 2 milljörðum króna í lok árs 2008 sem var 12,2% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.<sup>168</sup> Sérgreind niðurfærsla á afskriftareikningi vegna hópsins nam rúmum 375 milljónum króna 31. desember 2008, sökum hækkunar á erlendum lánum félagsins.<sup>169</sup>

## Lánahópur um fasteignafélag að hluta til í eigu Frjálsa fjárfestingarbankans hf.

Lánahópur, sem í voru sex fasteigna- og byggingarfélög og einn einstaklingur, mynduðu stærstu áhættuskuldbindingu Frjálsa fjárfestingarbankans hf. Eitt félaganna var í helmings-eigu Frjálsa fjárfestingarbankans hf. Þátttaka fjárfestingarbankans í framkvæmdum félagsins var sambærileg öðrum framkvæmdaverkefnum hjá bankanum þar sem hann fjármagnaði hluta af verkefninu með lánum, hluta með eiginfjárframlagi til verkefnisins og átti að auki eignarhluta í félaginu. Dótturfélag bankans, Fasteignafélagið Hlíð ehf., stofnaði dótturfélag um hvert slíkt framkvæmdaverkefni og fékk þá dótturdótturfélag lán frá bankanum fyrir verkefninu. Fram kom í skýrslutöku rannsóknarnefndarinnar af fyrrverandi framkvæmdastjóra Frjálsa fjárfestingarbankans hf. að litið hefði verið svo á að útlán til slíkra verkefna myndu endurheimtast en áhættan hefði falist í eiginfjárframlaginu.<sup>170</sup> Engar reglur virðast hafa verið til hjá bankanum um mat á áhættu við þátttöku í slíkum verkefnum.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	1.048	–
2008	1.945	375

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	1.149	–
2008	1.943	880

167. Skýrsla Lárusar Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. nóvember 2012.

168. Skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, unnar af sparisjóðnum og skilað til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega, 31. desember 2008.

169. Greinargerð sparisjóðsins yfir sérgreindar afskriftir yfir 1 milljón krónur, 17. desember 2008.

170. Skýrsla Kristins Bjarnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. nóvember 2012.

Skuldbindingar lánaþópsins jukust jafnt og þétt frá lokum árs 2006 til loka árs 2008. Þær námu 886 milljónum króna í lok árs 2006, 1.245 milljónum króna í lok árs 2007 og 1.943 milljónum króna í lok árs 2008. Hækkunin skýrðist bæði af nýjum lánveitingum og gengisfalli krónunnar. Félögin voru aðallega með framkvæmdalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. til að fjármagna byggingar á fasteignum og flest voru lánin tryggð með 1. veðrétti í fasteignunum ásamt sjálfskuldarábyrgð einstaklingsins. Við skýrslutökur fyrir rannsóknarnefndinni kom fram hjá framkvæmdastjóra Frjálsa fjárfestingarbankans hf. að bankinn hefði haft mikla trú á viðkomandi og verkefnum hans þar sem fyrri verkefni hefðu „komið mjög vel út“. Á árunum 2006 og 2007 fjölgaði verkefnum hratt og því stækkaði skuldbinding lánaþópsins hjá bankanum.<sup>171</sup>

Hinn 1. nóvember 2008 fengu fimm félög í lánaþópnum ný lán frá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. til að endurfjármagna fyrri lán til félaganna sem voru í erlendri mynt. Nýju lánin voru jafnframt tryggð með fasteignaveðum, tryggingarvixlum og sjálfskuldarábyrgð einstaklingsins í lánaþópnum.

Í skýrslu Frjálsa fjárfestingarbankans hf. til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar 30. júní 2008 kom fram að heildarskuldbinding lánaþópsins næmi 1.493 milljónum króna og að frádreginni 15 milljóna króna ábyrgð frá lánastofnun næmi áhættuskuldbindingin 24,9% af eiginfjárgrunni bankans.

Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding lánaþópsins 1.943 milljónum króna og áhættuskuldbindingin 6,8% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.<sup>172</sup>

#### Baugur Group hf. og tengdir aðilar

Baugur Group hf. var fjárfestingarfélag sem átti og rak ýmsar smásöluverslanir á Íslandi, í Bretlandi og í Danmörku. Baugur Group hf. var í meirihlutaeigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. sem var í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Jóhannesar Jónssonar, Ásu Ásgeirsdóttur og Kristínar Jóhannesdóttur. Jón Ásgeir Jóhannesson var stjórnarformaður Baugs Group hf. frá miðju ári 2007 en hafði áður verið forstjóri félagsins. Hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis samanstóð lánaþópurinn af Baugi Group hf., tveimur einkahlutafélögum og þremur einstaklingum.

Lánaþópur Baugs Group hf. og tengdra aðila hafði verið í viðskiptum við sparisjóðinn í mörg ár en stóran hluta af þeim tíma hafði lánaþópurinn verið með ótryggðar skuldir. Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2007 sagði:

Þó verður að geta þess að Baugur Group og [...] eru með stóran hluta sinna viðskipta án trygginga, en það hefur verið í mörg ár.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu sparisjóðsins í október 2007 var gerð alvarleg athugasemd við að um 683 milljóna króna af lánum til hópsins væru án formlegra trygginga. Ítrekað var að rökstuðningur þyrfti að liggja fyrir því af hálfu stjórnar þegar ekki væru teknar formlegar tryggingar vegna svo hárrar fyrirgreiðslu. Í athugasemdum sparisjóðsins við skýrslu Fjármálaeftirlitsins kom fram að Baugur Group hf. væri mjög fjársterkur aðili og að áratuga góð reynsla væri hjá sparisjóðnum af viðskiptum við aðila tengda félaginu. Fjármálaeftirlitið áréttaði hins vegar að liggja þyrfti fyrir mat á styrk viðkomandi aðila sem réttlætti að ekki væru teknar formlegar tryggingar.<sup>173</sup>

Baugur Group hf. fékk 650 milljóna króna lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 1. júlí 2008. Lánið var veitt til uppgjors á láni í erlendri mynt og uppgreiðslu víxils, upphaflega að fjárhæð 250 milljónir króna, auk vaxta og lántökukostnaðar. Lánið var tryggt með 10% eignarhlut Baugs í F-Capital ehf., eignarhaldsfélagi um eign Baugs í Mosaic Fashions, tískuvöruverslanakeðju í Bretlandi. Lánið bar að endurgreiða með sex mánaðarlegum gjalddögum afborgunar og vaxta, fyrst 1. ágúst 2008. Fyrsti gjalddagi lánsins var greiddur en lánið fór í vanskil í september 2008.

Árstök (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	289	–
2008	1.150	1.150

Gjalddprot 2009

171. Skýrsla Kristins Bjarnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. nóvember 2012.

172. Skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, unnar af sparisjóðnum og skilað til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega, 31. desember 2008.

173. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

Hinn 12. desember 2008 veitti sparisjóðurinn Baugi Group hf. lán að fjárhæð 1.149 milljónir króna sem átti að endurgreiðast með tólf jöfnum mánaðarlegum afborgunum, fyrst 14. febrúar 2009. Lánið var veitt til að endurfjármagna eldri skuldir félagsins, bæði til uppgjörs á láninu frá því í júlí sama ár og greiðslu skuldabréfs sem gefið var út af Styrk Invest ehf., áður BG Capital ehf. Skuldabréfið hafði verið gefið út til handa Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í september 2007, upphaflega að nafnvirði 500 milljónir króna með lokagjaldsdaga 28. september 2008, en var í vanskilum frá þeim tíma, og voru eftirstöðvar þá rúmar 558 milljónir króna. Sem tryggingu fyrir láninu lagði Baugur fram 29,5% hlut í F-Capital ehf., ásamt kvöð um veðsetningarbann, og handveð í innistæðu reiknings félagsins hjá sparisjóðnum eins og hún var á hverjum tíma. Baugur Group hf. átti F-Capital ehf. að fullu, en 12. desember 2008 tók Sparisjóðabanki Íslands hf. yfir helming hlutfjár í félaginu til fullnustu á skuldum félagsins í Sparisjóðabanka Íslands hf.

Samkvæmt lánareglum sparisjóðsins bar að afla nauðsynlegra upplýsinga um fjárhag viðskiptavinar og meta greiðslugetu, eiginfjárstöðu og framtíðarhorfur hans áður en lán var samþykkt. Ekki liggur fyrir hvort og þá hvernig láshæfi Baugs Group hf. var metið í desember 2008 þegar félagið fékk lán til endurfjármögnunar á skuldum við sparisjóðinn. Fjárhagsstaða Baugs Group hf. varð fyrir skakkaföllum haustið 2008, meðal annars vegna yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á valdi hluthafafundar Glitnis banka hf. 7. október 2008, en Baugur Group hf. hafði átt stóran hlut í bankanum í gegnum eignarhlut sinn í FL Group hf. sem var stærsti hluthafi í Glitni við fall bankans.<sup>174</sup>

Í lok desember 2008 voru færðar tæpar 1.150 milljónir króna í sérgreint afskriftaframlag vegna útlána til Baugs Group hf., eða sem nam heildarskuldbindingu félagsins. Baugur Group hf. var úrskurðað gjaldþrota í mars 2009.

#### R. Sigmundsson ehf.

R. Sigmundsson ehf. var félag sem sérhæfði sig í sölu og þjónustu á rafeindatekjum, siglingataekjum, vélum og bátum. Í byrjun árs 2009 var nafni félagsins breytt í R.S. rekstur ehf. Á árunum 2005–2007 fjármagnaði Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis kaup Einar Óskarssonar<sup>175</sup> og fleiri aðila á R. Sigmundssyni ehf., Vélasölnni ehf. og Radiómiðun-Ísmar ehf., í gegnum einkahlutafélagið Polar Group ehf.<sup>176</sup> Steinsnes ehf., dótturfélag sparisjóðsins, eignaðist síðar stóran hlut í Polar Group ehf. og kom því að rekstri R. Sigmundssonar ehf.

Hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis samanstóð lánahópurinn upphaflega af R. Sigmundssyni ehf., Bliku rekstrarfélagi ehf., Vélasölnni ehf. og Radiómiðun-Ísmar ehf.

Í desember 2006 sameinuðust R. Sigmundsson ehf., Vélasalan ehf., Radiómiðun-Ísmar ehf., Blika rekstrarfélag ehf., Vélasalan Verkstæði ehf., Vélasalan-eignarhaldsfélag ehf. og Vélar og Tæki ehf. undir nafni R. Sigmundssonar ehf. Í nóvember 2006 var óskað eftir endurfjármögnun á öllum lánum R. Sigmundssonar ehf., Vélasölnnar ehf., Bliku rekstrarfélags ehf. og Radiómiðunar-Ísmar ehf. hjá samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í tengslum við fyrirhugaðan samruna félaganna. Lánanefndarfundur 13. nóvember 2006 samþykkti endurfjármögnun á öllum skuldum félaganna, þá um 570 milljónir króna. R. Sigmundsson ehf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis gerðu með sér ódagsett samkomulag um „endurfjármögnun R. Sigmundssonar ehf.“ sem fólst í fimm nýjum lánum til félagsins.

Endurfjármögnun samkvæmt samkomulaginu hófst í desember 2006 þegar hluti af lánum félaganna var endurfjármagnaður með fjórum nýjum lánum til R. Sigmundssonar ehf. fyrir samtals 439 milljónir króna. Fyrsta lánið var eingreiðslulán að fjárhæð um 125 milljónir króna sem greiðast átti í desember 2007. Annað lánið var einnig eingreiðslulán í japönskum jenum og svissneskum frönkum, jafnvirði 100 milljóna króna, með lokagjaldsdaga í desember 2009. Hin tvö lánin voru til tíu ára með mánaðarlegum afborgunum, samtals að fjárhæð um 215,5 milljónir króna. Lánin voru öll tryggð með allsherjarveði í kröfum og birgðum

Árslök (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskrifta-reikningi
2007	553	–
2008	1.129	1.035

Gjaldþrot 2009  
Afskrifað 2009: 1.035

174. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, apríl 2010, 2. bindi, bls. 137.

175. Einar Óskarsson eignaðist stóran hlut í R. Sigmundssyni ehf. í gegnum einkahlutafélagið Polar Group ehf., og gegndi Einar stöðu stjórnarformanns R. Sigmundssonar ehf. til ársloka 2007, þegar Úlfar Ármannsson tók við. Samkvæmt fundargerðum lánanefndar sparisjóðsins var Einar Óskarsson nefndur í forsvari fyrir kaupin á R. Sigmundssyni ehf., Vélasölnni ehf. og Radiómiðun-Ísmar ehf.

176. Í lok árs 2005 átti Polar Group ehf. 60% eignarhlut í R. Sigmundssyni ehf. Í árslok 2006 var hluturinn 50,4% og 73,4% í árslok 2007.

félagsins fyrir 230 milljónir króna, veði í vörubirgðum fyrir 160 milljónir króna, veði í viðskiptakröfum fyrir 75 milljónir króna, auk þess sem hluthafar R. Sigmundssonar ehf. sem áttu samtals 91,71% í félaginu, veðsettu sparisjóðnum hluti sína í R. Sigmundssyni ehf. Þá var jafnframt lögð fram óskipt sjálfskuldarábyrgð eigenda R. Sigmundssonar ehf. að fjárhæð 50 milljónir króna fyrir einu lánanna.

Fimmta og síðasta lánið til endurfjármögnunar félagsins var eingreiðslulán, veitt 10. maí 2007, að fjárhæð rúmar 111 milljónir króna og bar að endurgreiða það 8. febrúar 2008. Tryggingar fyrir láninu samkvæmt lánasamningi voru fimm tryggingabréf að fjárhæð alls 120 milljónir króna með veði í kröfum og birgðum Vélásölnnar ehf.,<sup>177</sup> veði í kröfum og birgðum félagsins, veði í 91,71% hluta í R. Sigmundssyni ehf., ávísun á fjárgreiðslur frá SPRON Factoring hf. og handveði í sölu á hlutabréfum í Marport, sem var kanadískt tæknifyrirtæki.

Samkvæmt ákvæðum samkomulags R. Sigmundssonar ehf. og sparisjóðsins um endurfjármögnun myndu handveðsetningar í hlutabréfum R. Sigmundssonar ehf. og sjálfskuldarábyrgðir eigenda falla niður þegar búið væri að greiða upp tvö af eingreiðslulánunum, annars vegar í desember 2007 og hins vegar í febrúar 2008. Í skjali sem lagt var fyrir lánanefnd sjóðsins kom enn fremur fram að til þess að hægt væri að fella niður sjálfskuldarábyrgðirnar þyrfti eiginfjárlutfall félagsins að vera orðið 25% „án áhrifa viðskiptavildar“.<sup>178</sup>

Í lok árs 2007 og fram á seinni hluta árs 2008 voru lán félagsins endurfjármögnuð. Á lánanefndarfundi 5. maí 2008 var eftirfarandi bókað um skuldbindingar félagsins:

Vegna skuldbreytinga á lánum R. Sigmundssonar ehf. [...] þarf að hækka lánamörk félagsins tímabundið þar sem lán til uppgreiðslu telur inn í heildarskuldbindingu. Núverandi lánamörk duga ekki fyrir en lánið hefur verið greitt upp.

Þetta er nýr íslenskur lánsamningur að fjárhæð 129mkr. sem kemur í stað lánsamnings [...] að fjárhæð 129mkr. þar sem allar sjálfskuldarábyrgðir hluthafa eiga að falla niður.

Lánamörkin eru 600mkr. í dag en þurfa að hækka í 770,7mkr. tímabundið.

Lánanefnd Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samþykkti að endurfjármagna og hækka lán til R. Sigmundssonar ehf. um leið og sjálfskuldarábyrgðum hluthafa var aflétt, þrátt fyrir að eigið fé félagsins í lok árs 2007 væri neikvætt um 151 milljón króna. Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding R. Sigmundssonar ehf. við sparisjóðinn 1.129 milljónum króna. Fram kom í skýrslutöku rannsóknarnefndarinnar af fyrrverandi útibússtjóra fyrirtækjastíðs Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að rekstrargrundvöllur R. Sigmundssonar ehf. hefði verið orðinn veikur á árinu 2008 og því hefði verið nauðsynlegt fyrir sparisjóðinn að grípa til aðgerða til að tryggja stöðu sína. Sparisjóðurinn hefði fengið utanaðkomandi sérfræðing til að koma að rekstrinum með það að markmiði að snúa við rekstri félagsins og koma því hugsanlega í söluhæft form.<sup>179</sup>

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 28. janúar 2009 var fjallað um endanlegar afskriftir á tímabilinu september til desember 2008. Þar var samþykkt að afskrifa endanlega tæpar 1.035 milljónir króna vegna R. Sigmundssonar ehf. og var þar um að ræða stærstu einstöku afskriftina á tímabilinu. Um ástæðu afskriftarinnar sagði:

Stór hluti lánanna var í erlendri mynt og hækkaði verulega við gengisfall krónunnar. Einnig hafði rekstrarumhverfi félagsins breyst mikið og ljóst að félagið myndi síðar lenda í gjaldþroti. SPRON var orðinn rekstraraðili að félaginu og því var félagið selt svo að SPRON yrði ekki aðili að gjaldþrota fyrirtæki. Fram kom að það væru margir aðilar sem spyrjast nú fyrir um skuldbindingar fyrirtæki.

Félagið var úrskurðað gjaldþrota í febrúar 2009 en hafði þá skipt um nafn og hét R.S. rekstur ehf.

177. Sem þá var búið að sameina R. Sigmundssyni ehf.

178. Tillaga að endurfjármögnun R. Sigmundssonar ehf., ódagsett minnisblað.

179. Skýrsla Lárusar Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. nóvember 2012.

Á sama tíma og R.S. rekstur ehf. var úrskurðað gjaldþrota í byrjun árs 2009, stofnaði Polar Group ehf., sem þá hafði verið selt frá Steinsnesi ehf. til Gífsfélagsins ehf. í eigu Sigurðar Jenssonar,<sup>180</sup> nýtt einkahlutafélag undir nafninu R. Sigmundsson ehf. Fram kemur í ársreikningi Gífsfélagsins ehf. vegna ársins 2008 að félagið hafi keypt kröfur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á hendur R. Sigmundssyni ehf. á tæpar 54 milljónir króna í lok árs 2008, sem fjármagnaðar hafi verið með láni frá sparisjóðnum sjálfum.

Gífsfélagið ehf. var úrskurðað gjaldþrota í nóvember 2011. Samkvæmt ársreikningum R. Sigmundssonar ehf. fyrir árin 2010 til 2012 hefur félagið verið í eigu einkahlutafélags að nafni Vélasalan ehf.

#### Hvítsstaðir ehf.

Hvítsstaðir ehf. var stofnað árið 2002 til að kaupa fjórar jarðir á Mýrum af Sparisjóði Mýrasýslu. Félagið var í eigu Hreiðars Más Sigurðssonar, Sigurðar Einarssonar, Magnúsar Guðmundssonar, Steingríms P. Kárasonar, Ingólfs Helgasonar og Þorvaldar Lúðvíks Sigurjónssonar, en hann hvarf úr hluthafahópnum á árinu 2007.

Hvítsstaðir ehf. fengu eingreiðslulán í erlendri mynt hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 10. október 2005, jafnvirði 300 milljóna króna, til kaupa á félaginu Langárfossi ehf. Til tryggingar láninu var veð í jörðinni Langárfossi á Mýrum og skipt (pro rata) sjálfskuldarábyrgð þeirra Hreiðars Más Sigurðssonar, Ingólfs Helgasonar, Sigurðar Einarssonar, Steingríms Kárasonar og Þorvaldar Lúðvíks Sigurjónssonar. Þorvaldur Lúðvík var leystur undan sjálfskuldarábyrgðinni 7. október 2008 og í hans stað kom Magnús Guðmundsson.

Á fundi lánanefndar sparisjóðsins 11. desember 2008 var samþykkt að breyta láninu í íslenskar krónur en á þeim tíma nam lánið um 714 milljónum króna. Láninu var breytt í eingreiðslulán til fimm ára sem tryggt skyldi með skiptri (pro rata) sjálfskuldarábyrgð eigenda, tryggingarbréfi með 1. veðrétti í jörðinni Langárfossi að fjárhæð 57 milljónir króna, auk tryggingarbréfs á 2. veðrétti að fjárhæð 350 milljónir. Eftirfarandi var bókað:

Langárfoss ehf. keypti jörðina Langárfoss á Mýrum í Borgarbyggð árið 2005, jörðin liggur að ánni Langá og á laxveiðihlunnindi í ánni, einnig laxveiðihlunnindi í ánni Urriðaa. Árs-tekjur jarðarinnar vegna veiðihlunninda fyrir árið 2008 var 7.540.000. Jörðin er 1273 ha. Áætlað verðmæti er 320 mkr metið af Eignamiðlun í des 2008. Lánamörk óskast hækkuð í 740 mkr og framlengd til 01.05.09.

Virði trygginga var orðið lægra en virði lánsins þegar sparisjóðurinn samþykkti framlengingu á láninu. Í samþykkt lánanefndar sparisjóðsins kom fram að leita ætti leiða til að styrkja stöðuna. Samkvæmt þágildandi lánareglum bar ætíð við skuldbreytingar á lánnum að reyna að bæta tryggingarstöðu sparisjóðsins ef hún var ekki fullnægjandi.

Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding Hvítsstaða ehf. 729 milljónum króna og var áhættuskuldbindingin um 5% af eiginfjágrunni sparisjóðsins. Við ákvörðun um framlag á afskriftareikning útlána Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 31. desember 2008 var ekki gert ráð fyrir tapi af skuldum Hvítsstaða ehf. og því ekki færð sérgreind niðurfærsla vegna lánveitingarinnar í afskriftareikning.<sup>181</sup>

Í desember 2011 kyrrsetti slitastjórn Kaupþings banka hf. hluti fimmmenninganna í Hvítsstöðum ehf. vegna skuldbindinga þeirra við þrotabú Kaupþings banka hf.<sup>182</sup> Þá höfðu Hvítsstaðir ehf. einnig verið með háa skuldbindingu í Sparisjóði Mýrasýslu sem Arion banki hf. hafði yfirtekið eftir fall sparisjóðsins. Í lok árs 2011 var eigið fé Hvítsstaða ehf. neikvætt um 806 milljónir króna.

#### Miðvörður ehf.

Miðvörður ehf. var eignarhaldsfélag í eigu þriggja starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík. Miðvörður átti í árslok 2008 stofnfjárbréf upp á rúmar 175 milljónir króna að nafnvirði í Sparisjóðnum í Keflavík og rúmar 18 milljónir króna að nafnvirði í Byr sparisjóði.<sup>183</sup>

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	323	–
2008	729	–

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	157	–
2008	378	316

Gjaldprot 2010

180. Fyrirverandi stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi í R. Sigmundssyni ehf./R.S. rekstri ehf.

181. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 16. október 2009.

182. „Búið að kyrrsetja jarðir æðstu toppanna“, visir.is 21. desember 2011, <http://www.visir.is/buid-ad-kyrrsetja-jardir-aedstu-toppanna/article/2011712219793>.

183. Samandreginn ársreikningur Miðvarðar ehf. 2008.

Miðvörður ehf. tók 14 milljóna króna lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 2. febrúar 2007 til kaupa á 100.000 stofnfjárhlutum í Byr sparisjóði. Lánið var tryggt með handveði í hinum keyptu bréfum en markaðsvirði þeirra nam þá tæpum 13,4 milljónum króna. Þegar starfsmaður sparisjóðsins spurðist fyrir um það í tölvupósti hvort heimild væri til að lána 14 milljónir króna þrátt fyrir að markaðsvirði hlutanna væri einungis 13,4 milljónir króna, svaraði framkvæmdastjóri sparisjóðsins því til að það væri í lagi þar sem um trausta aðila væri að ræða.<sup>184</sup> Veðsetningarhlutfall lánsins var um 104%.

Sparisjóðurinn veitti Miðverði ehf. lán í erlendri mynt að jafnvirði 40 milljóna króna 30. maí 2007 til kaupa á 4 milljónum stofnfjárhluta í Sparisjóðnum í Keflavík. Lánið var tryggt með veði í stofnfjárbréfunum og veðsetningarhlutfallið 100%. Miðvörður ehf. tók enn lán til kaupa á 4 milljónum stofnfjárhluta í Sparisjóðnum í Keflavík 23. ágúst 2007. Lánið var í erlendri mynt að jafnvirði 80 milljóna króna, tryggt með veði í stofnfjárbréfunum. Veðsetningarhlutfall var 100%. Hinn 20. desember 2007 veitti sparisjóðurinn Miðverði ehf. enn á ný lán í erlendri mynt að jafnvirði 17 milljóna króna til kaupa á rúnum 9,5 milljónum stofnfjárhluta í Byr sparisjóði. Lánið var tryggt með veði í stofnfjárbréfunum sjálfum og sem fyrr með 100% veðsetningarhlutfalli.

Lánanefnd sparisjóðsins bókaði á fundum sínum að Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri sparisjóðsins, hefði samþykkt lánveitingarnar til Miðvarðar ehf. Í lánareglum sparisjóðsins frá maí 2006 var ekki að finna heimild til veðsetningar á stofnfjárbréfum en almenna reglan var sú að veita ekki lán með handveði í óskráðum bréfum. Lánanefnd hafði heimild til að samþykkja veðsetningu sem skyldi þó að jafnaði vera innan við 60% í bréfum sem væru „seljanleg hlutabréf í óskráðum en traustum innlendum fyrirtækjum“.<sup>185</sup>

Í lok nóvember 2008 hafði staða lána Miðvarðar ehf. hækkað vegna gengisfalls krónunnar og nam þá 378 milljónum króna. Á fundi endurskoðunarnefndar sparisjóðsins í janúar 2009 þar sem farið var yfir sérgreind framlög í afskriftareikning kom eftirfarandi fram um Miðvörð ehf.:

Lánveiting til félagsins er að fjárhæð 378 millj. kr. [...]. Til trygginga voru tekin veð í hlutabréfum eigendanna en lánið var nýtt til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík og Byr sparisjóði. Mikil óvissa er um raungildi trygginga því þykir rétt að gjaldfæra 250 millj. kr.

Nokkur umræða var um þetta félag, þar sem [einn eigendanna] á sæti í viðræðunefnd fyrir hönd SPKEF um sameiningu SPRON, SPKEF og BYR. Auk þess er vitað að Miðvörður skuldar einnig verulegar fjárhæðir í BYR. Nefndarmenn voru sammála um að staða [viðkomandi] í viðræðunefndinni orkaði mjög tvímælis þar sem hann hefur ríkra hagsmuna að gæta. Það er því ósk Endurskoðunarnefndar að [eigendur Miðvarðar ehf.] komi ekki að viðræðunefnd um sameiningu viðkomandi sparisjóða. Guðmundur [Hauksson] ætlaði að taka þetta mál upp við Geirmund [Kristinsson] með formlegum hætti.<sup>186</sup>

Sérgreint framlag í afskriftareikning vegna útlána til Miðvarðar ehf. nam rúnum 316 milljónum króna í lok árs 2008 og var það byggt á því að tryggingar væru ófullnægjandi. Miðvörður ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2010 og lýsti Drómi hf. 402 milljóna króna kröfu í þrotabúið en fékk aðeins úthlutað tæpum 3 milljónum króna.

### 17.2.6.1 Lán til stjórnar, starfsmanna og tengdra aðila

Í lánahandbókum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis voru sérstakar reglur um starfsmannalán. Samkvæmt þágildandi ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja eftir þeim reglum sem stjórn setti.

Samkvæmt lánareglum sparisjóðsins var það stefna hans að veita starfsmönnum bestu kjör sem völ var á. Heimilt var að lána starfsmönnum eða tengdum aðilum, svo sem maka eða félagi sem starfsmaður átti meira en 10% eignarhlut í, allt að 5 milljónir króna. Fjárhæðir

184. Tölvuskeyti Ólafs Haraldssonar til Hauks Páls Guðmundssonar 31. janúar 2007.

185. Í lánareglum var ekki tilgreint að stofnfjárbréf féllu undir óskráð bréf, en áhættu af veðtöku í stofnfjárbréfum má telja áþekka veðtöku í óskráðum hlutabréfum.

186. Fundargerð endurskoðunarnefndar SPRON hf., 6. janúar 2009.



umfram það voru háðar samþykki sparisjóðsstjóra eða framkvæmdastjóra útlánasviðs. Um tryggingar lána til starfsmanna giltu sömu reglur og um aðra lánþega sjóðsins.

Starfsmenn áttu að sýna gott fordæmi í eigin fjármálum og ekki vera í vanskilum. Útibústjórum, þjónustustjórum eða innheimtustjórum bar að tilkynna starfsmannaþjónustu og innri endurskoðanda sparisjóðsins ef til verulegra vanskila kæmi hjá starfsmönnum. Ítrekuð vanskil gátu varðað uppsögn. Starfsmenn í verulegum vanskilum við sparisjóðinn eða aðrar lánastofnanir og þeir sem bjuggu við erfiða fjárhagsstöðu skyldu ekki hafa lánaheimild. Starfsmönnum var óheimilt að afgreiða sig sjálfir í tölvukerfum sem viðskiptavinir höfðu ekki aðgang að og skyldu ekki taka þátt í meðferð mála sem vörðuðu viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja og einstaklinga sem þeir voru persónulega eða fjárhagslega tengdir.

Í síðustu grein lánareglna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis kom fram að reglurnar næðu jafnframt til starfsmanna dótturfélaga sparisjóðsins og bæri þeim að setja sambærilegar reglur um lán til sinna starfsmanna. Sambærileg ákvæði um lánveitingar til starfsmanna var að finna í lánareglum SPRON-Verðbréfa hf. en í lánareglum Frjálsa fjárfestingarbankans hf. voru ekki ákvæði um lán til starfsmanna þrátt fyrir að starfsreglur stjórnar og lánareglur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis gerðu ráð fyrir að slíkar reglur væru settar.

Samkvæmt reglum um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis átti innri endurskoðandi að taka saman skýrslur um viðskipti venslaðra aðila við samstæðuna sem lögð væri fyrir stjórn sparisjóðsins til umfjöllunar.

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Samkvæmt reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa stjórnar og forstjóra bar að taka lánveitingar til stjórnarmanna, varamanna þeirra og forstjóra fyrir á fundi stjórnar. Jafnframt skyldi stjórn eigi sjaldnar en ársfjórðungslega upplýst um öll afgreidd viðskiptaerindi og kjör stjórnarmanna og tengdra aðila.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að 22. maí 2007 hefði framkvæmdastjóri hjá sparisjóðnum gert framvirkan samning um kaup á hlutum í Exista hf. fyrir 10 milljónir króna sem ekki hefði verið lagður fyrir stjórn til samþykkis og að samningsins hefði ekki verið getið í skýrslu um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að innri endurskoðanda skyldi hafa yfirsétt slík skuldbinding. Enn fremur var gerð athugasemd við það að trygging fyrir framvirka samningnum væri handveð í stofnfjárbréfum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis en slíkt væri í andstöðu við lánareglur SPRON-Verðbréfa hf. og veðsetningin hefði hvorki verið borin undir lánafund né stjórn. Hvergi hefði verið bókað hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hver heimilaði undanþáguna frá lánareglunum né hvaða rök hefðu legið þar að baki.<sup>187</sup>

Einkahlutafélag í eigu varamanns í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var á árinu 2007 með 311 milljóna króna yfirdrátt og lán að fjárhæð 428 milljónir japanskra jena. Yfirdrátturinn var tímabundinn og var á endanum lækkaður í 7 milljónir króna en lánið hækkaði á árinu 2008 vegna gengisbreytinga. Í lok ársins nam heildarskuldbinding félagsins tæpum 489 milljónum króna og voru tæpar 197 milljónir króna færðar sem sérgreint framlag í afskriftareikning 31. desember 2008.<sup>188</sup>

Á stjórnarfundum 13. nóvember 2008 var gerð grein fyrir lánnum til starfsmanna vegna hlutafjárkaupa. Kom fram að starfsmenn lytu sömu reglum um þjónustu og aðstoð og aðrir viðskiptavinir og fengu enga sérmeðferð.

Talsvert var um lánveitingar til starfsmanna samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Staða lána til starfsmanna samstæðunnar frá 30. september 2008 til 15. maí 2009 var að meðaltali um 4 milljarðar króna á tímabilinu, eða um það bil 2% af heildarútlánnum samstæðunnar. Í lok september 2008 voru sex starfsmenn með lán yfir 100 milljónir króna hver, samtals um 900 milljónir króna. Þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar sparisjóðsins 21. mars 2009 voru fimm starfsmenn með lán yfir 100 milljónir króna, samtals um 751 milljón króna. Lækkun lánanna skýrist að hluta til af afskriftum.

187. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhettu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 22. október 2007. Í athugasemdum sparisjóðsins við skýrslu Fjármálaeftirlitsins kom fram að málið yrði tekið til skoðunar.

188. Fram kom í skýringum að framlag í afskriftasjóð væri aðeins varúðarafskrift. Viðkomandi væri eignamaður en óvarlegt væri að „gera ráð fyrir að hann greiði meira en honum ber lagalega“.

### Afskriftir lána til starfsmanna

Á stjórnarfundum 30. september 2008 var fjallað um niðurfærslur upp á 150 milljónir króna vegna lána til þriggja starfsmanna samstæðunnar. Um var að ræða sérfræðing í reikningshaldsdeild sparisjóðsins og tvo framkvæmdastjóra dótturfélaga.

Á fundi endurskoðunarnefndar 6. janúar 2009, þar sem fjallað var um skýrslu KPMG um útlán til viðskiptavina og mat á afskriftum, kom fram að á tímabilinu 1. janúar til 30. nóvember 2008 hefði sparisjóðurinn afskrifað um 230 milljónir króna vegna þriggja starfsmanna og tveggja fyrirtækja í eigu starfsmanna og maka þeirra. Vísað var til samþykktar frá stjórnarfundinum 30. september um að afskrifa endanlega vegna þriggja starfsmanna. Stjórnarfundurinn 30. september bókaði eftirfarandi um aðgerðir gagnvart umræddum starfsmönnum:

Mikil umræða fór fram um stöðu þessara starfsmanna, sérstaklega þar sem ríkari kröfur eru gerðar til fjármála starfsmanna en annarra viðskiptavina samkvæmt lánahandbók SPRON. Fram kom sú skoðun að það væri „prinsipp“ að taka ákveðið á þessum málum. Einnig kom það fram að þessir starfsmenn, að [einum] undanskildum, væru í þannig störfum að möguleiki á misferli væru mjög litlir. Niðurstaðan var sú að Guðmundur [Hauksson] geri tilhlýðilegar ráðstafanir [varðandi þann aðila]. Um aðra starfsmenn yrði gerð ítarleg greinargerð, þar sem farið væri yfir fjármál hvers og eins, ásamt lýsingu á þeim störfum sem viðkomandi starfaði fyrir sparisjóðinn í dag. Í framhaldi af niðurstöðum greinargerðanna yrði tekin ákvörðun um störf þessara aðila.

Samhliða afskriftum starfsmannanna var gert samkomulag um endurskipulagningu á skuldbindingum þeirra. Samningarnir báru allir yfirskriftina „nauðasamningur“ og voru dagsettir 1. október 2008.<sup>189</sup> Öll lánin voru með veði í hlutum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, stofnfjárbréfum Sparisjóðsins í Keflavík eða skráðum bréfum. Þá voru fasteignir lagðar að veði fyrir lánunum tveggja starfsmannanna. Allir fengu starfsmennirnir nýtt lán fyrir hluta útistandandi lána en annað var afskrifað.

Stjórnarfundur sparisjóðsins 30. september 2008 fjallaði aðeins um afskriftir af lánunum til þessara þriggja starfsmanna en tveir aðrir starfsmenn og fyrirtæki í þeirra eigu gerðu einnig samskonar samkomulag undir yfirskriftinni „nauðasamningur“ á svipuðum tíma. Um var að ræða starfsmann sparisjóðsins og maka hans sem voru með lán sem námu rúmum 300 milljónum króna og framkvæmdastjóra eins af dótturfélögum sparisjóðsins með rúmlega 51 milljónum krónu skuldbindingar við sparisjóðinn. Tryggingar fyrir lánunum voru hlutabréf í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, fasteignir og verðbréfasöfn. Skuldauppgjör við starfsmann og maka fól í sér að eignir voru teknar upp í skuldir, nýtt lán veitt fyrir um helmingi þeirra og og annað afskrifað. Til uppgjors á skuldum framkvæmdastjórans var félagi í hans eigu veitt lán til þess að greiða upp persónulegar skuldir hans. Ekkert var afskrifað.

Samtals var um að ræða afskriftir vegna skuldbindinga fimm starfsmanna, auk maka eins starfsmanns, sem námu 230 milljónum króna. Þeir þrír starfsmenn sem fremst er getið í umfjölluninni héldu allir áfram störfum fyrir samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis allt þar til Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar sparisjóðsins á vormánuðum 2009.

## 17.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Í þessum kafla er fjallað um fjárfestingar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á samstæðugrundvelli með áherslu á þær stærstu sem og þær sem ollu honum mestu tapi á árinu 2008. Fjallað verður um skipulag og reglur sparisjóðsins, framkvæmd fjárfestinga og áhættustýringu. Litið verður á þróun verðbréfaeignar, afkomu af verðbréfaeign og áhrif á afkomu sparisjóðsins á árunum 2001–2008.

189. Ekki var um að ræða eiginlega nauðasamninga í skilningi laga um gjaldþrotaskipti o.fl. heldur samkomulag milli sparisjóðsins og starfsmannanna sem hafði ekki sömu réttaráhrif og eiginlegur nauðasamningur.

### 17.3.1 Fjárfestingarheimildir og framkvæmd fjárfestinga

Stjórn sparisjóðsins samþykkti reglur um störf stjórnar og framkvæmdastjóra á fundi sínum 20. desember 2003.<sup>190</sup> Í 11. gr. reglnanna er fjallað um hlutverk stjórnar og segir meðal annars:

Stjórn sparisjóðsins skal sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri sparisjóðsins. Sparisjóðsstjórn fer með málefni sparisjóðsins og skal hún annast um að stjórnskipulag rekstrar hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins.

Sparisjóðsstjórninni ber að setja markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum sbr. reglur um áhættustýringu SPRON. Þá ber stjórninni að fylgja eftir settum markmiðum. Sparisjóðurinn skal hafa tryggt eftirlit með áhættu í starfsemi sinni.

Sparisjóðsstjórn fjallar um þau mál sem hún skal annast samkvæmt lögum, reglugerðum, fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins og samþykktum sparisjóðsins, svo og þau mál sem sparisjóðsstjóri leggur fyrir stjórnina.

Starfsskyldur sparisjóðsstjóra voru skilgreindar í 16. gr. og voru þær meðal annars:

Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sparisjóðsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri stendur fyrir rekstri sparisjóðsins í samræmi við þær reglur sem settar eru af sparisjóðsstjórn skv. samþykktum hans og lögum.

Sparisjóðsstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar sparisjóðsins.

Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan sparisjóðsins.

Mörk heimilda sparisjóðsstjóra voru til umfjöllunar í 27. gr. sömu reglna:

Um mörk heimilda sparisjóðsstjóra til fjárfestingar í verðbréfum fer samkvæmt reglum stjórnar sparisjóðsins um áhættustýringu. Fjárfesting í öðrum fasteignum en fullnustueignum skal borin upp í stjórn, sem og önnur þau fjárfestingaráform sem telja má meiriháttar eða óvenjuleg. Sem dæmi má nefna kaup á meiriháttar tölvubúnaði og fyrirhugaða opnun útibúa og afgreiðslustaða.

Reglur um áhættustýringu, sem reyndar gengu undir heitinu handbók áhættustýringar, voru nokkuð almenns eðlis. Í þeim sagði til að mynda: „Meginreglur áhættustýringar skulu notaðar til grundvallar ítarlegri reglum um áhættustýringu í tilteknum þáttum rekstrarins og ákvarða valdssvið starfsmanna. Í meginreglum áhættustýringar skal mótaður almennur rammi sem stjórn SPRON setur varðandi áhættuþætti í fjárhagslegum og ófjárhagslegum efnisflokkum.“

Handbókin skilgreindi fjölmarga áhættuþætti sparisjóðsins og var markaðsáhætta talin vera einn sá helsti. Hún var skilgreind sem áhætta sem skapaðist vegna óvissu í flæði framtíðartekna eða -gjalda sparisjóðsins sem afleiðing af verð- og/eða vaxtabreytingum á markaði. Þar gæti verið um að ræða breytingu á vaxtastigi, breytingu á hlutabréfaverði eða breytingu á gengi gjaldmiðla.

Í viðaukum með handbók áhættustýringar voru há mörk fjárfestingarheimilda og tíðni áhættumælinga skilgreind. Í viðauka frá árinu 2004 var markaðsáhættunni skipt milli veltubókar fjárstýringar og veltubókar miðlunar. Í veltubók fjárstýringar skyldi færa skráð íslensk og erlend verðbréf innan ákveðinna hlutfalla. Þar skyldu vera íslensk skuldabréf og víxlar sem væru nothæf í endurhverfum viðskiptum gagnvart Seðlabankanum. Öllum stöðutökum sparisjóðsins í markaðsverðbréfum skyldi stýrt af fjárstýringu og þær færðar í veltubók, nema stjórn hefði samþykkt aðra meðhöndlun við bókun einstakra viðskipta

190. Nýjar starfsreglur voru settar 31. ágúst 2007 en þær breyttu ekki mörkum fjárfestingarheimilda frá því sem áður var. Þá voru hlutverk stjórnar og starfsskyldur sparisjóðsstjóra (sem var kallaður forstjóri í nýjum reglum þar sem þær giltu um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf.) svipuð í þeim reglum. Þó bættist meðal annars við um hlutverk stjórnar í 12. gr. að hún skyldi „sjá til þess að forstjóri og aðrir stjórnendur [fylgdu] útlánastefnu félagsins og [framkvæmdu] þær aðgerðir sem þörf [væri] á til að fylgja áhættustefnu og mörkum áhættutöku í rekstri félagsins“.

eða stöðutöku. Forstöðumaður fjárfestingar bar ábyrgð á þessum fjárfestingum. Í veltubók miðlunar skyldu skráð verðbréf sem miðlun þurfti að hafa milligöngu um til að safna í stöður fyrir viðskiptavinum sína.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis tók nýtt skipurit gildi frá og með 1. mars 2005. Afkomusvið voru þá sex talsins að meðtöldum dótturfélögnum nb.is-sparisjóði hf. og Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Eitt afkomusviðanna var SPRON markaðsviðskipti sem átti að annast miðlun og stöðutökur á markaði fyrir sparisjóðinn og var Jón Hallur Pétursson forstöðumaður þess sviðs.<sup>191</sup>

Fyrr á sama ári hafði sparisjóðsstjóri þó fjallað um undirbúning að stofnun verðbréfa-fyrirtækis á stjórnarfundum. Þar sagðist hann telja að svigrúm hefði myndast á markaði fyrir verðbréfafyrirtæki og því hefði hann hug á að sparisjóðurinn setti slíkt fyrirtæki á stofn. Hann sagði að eignaraðild annarra kæmi vel til greina og því yrðu möguleikar á samstarfi við aðra aðila kannaðir vandlega. Á fundinum fól stjórnin sparisjóðsstjóra að halda áfram undirbúningi á málinu.<sup>192</sup> SPRON-Verðbréf hf. var svo stofnað í maí 2005 og framkvæmdastjóri félagsins var Jón Hallur Pétursson.

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 28. desember 2005 fór sparisjóðsstjóri yfir skipulag, markmið og rekstur SPRON-Verðbréfa hf. Starfsemin skyldi ná til reksturs sjóða, miðlunar og eignastýringar og var markmiðið að koma verðbréfastarfsemi sparisjóðsins inn í nýja félagið. Það myndi ekki vera með eigin stöðutöku en til stæði að bæta við nýju sviði hjá félaginu, eignastýringu fagfjárfesta, og yrði fyrsti viðskiptavinurinn Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Stöðutaka sparisjóðsins, um 1,5–2 milljarðar króna í hlutabréfum og um 3–4 milljarðar í skuldabréfum, færi í eignastýringu hjá SPRON-Verðbréfum hf. Á stjórnarfundinum var einnig kynnt hugmynd um stofnun fjárfestingarfélags, Fjárfestingarfélags SPRON – Steinsnes ehf., sem tengdist aðallega fasteignaverkefnum eins og lýst er hér aftar. Verkefni Steinsness ehf. áttu að vera margþættari en raunin varð, t.d. hvað varðaði miðlun, ráðgjöf, útlán og fjárfestingu fyrir samstæðuna. Til stóð jafnvel að sækja um leyfi fjárfestingabanka fyrir þetta félag.

Í október 2006 gerði sparisjóðurinn svo rammasamning við SPRON-Verðbréf hf. um eignastýringu, ávöxtun og vörslu verðbréfa. Með samningnum veitti sparisjóðurinn félaginu umboð til að kaupa verðbréf eða aðra fjármálagerninga fyrir sína hönd samkvæmt skilgreindri fjárfestingarstefnu, annast vörslu verðbréfa, innlausn þeirra og innheimtu á afborgunum, vöxtum og verðbótum. Fyrir þjónustuna greiddi sparisjóðurinn SPRON-Verðbréfum hf. ákveðna þóknun sem tilgreind var í samningnum. Fjárfestingarstefnan náði til innlendra hlutabréfa, verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa, fyrirtækjabréfa, verðbréfasjóða, hlutabréfasjóða, eignastýringar á vegum Kaupþings í Lúxemborg og bréfa í Exista hf.

Í samningnum var kveðið á um að fundir skyldu haldnir eigi sjaldnar en mánaðarlega með fjárfestingaráði sparisjóðsins þar sem árangur, ávöxtun og áhætta væru metin. Tveir fjárfestingastjórar yrðu með safni sparisjóðsins; annar hefði umsjón með stýringu innlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða en hinn umsjón með stýringu á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum, fyrirtækjabréfum og verðbréfasjóðum. Báðir voru tilgreindir fjárfestingastjórar þess hluta safns sparisjóðsins sem var í stýringu hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Þá var sérstakur starfsmaður tilgreindur sem fjárfestingastjóri yfir Exista safni sparisjóðsins, en SPRON-Verðbréf hf. átti að fylgjast með þróun á verðmæti þeirrar eignar og upplýsa sparisjóðinn reglulega um hana.<sup>193</sup> Þess ber að geta að samningurinn við SPRON-Verðbréf hf. náði eingöngu til skilgreindra eigna, ekki allra verðbréfa í eigu sparisjóðsins. Ekki var gert ráð fyrir því að í félaginu væru fjárfestingar sem sparisjóðurinn hygðist eiga í lengri tíma heldur yrðu í umsjá félagsins bréf sem keypt væru til að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Fjárfestingarbók, eða langtímafjárfestingar, yrði í umsjón

191. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 6. maí 2005.

192. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 31. janúar 2005.


193. Rammasamningur um eignastýringu, ávöxtun og vörslu verðbréfa milli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og SPRON-Verðbréfa hf., 27. október 2006.

starfsmanna sparisjóðsins og annarra dótturfyrirtækja. Starfsmann sparisjóðsins, sem kom að fjárfestingum hans og starfaði í sparisjóðnum frá 2006, rak ekki minni til þess að fjárfestingaráð hefði verið starfrækt.<sup>194</sup>

Þau gögn sem rannsóknarnefndinni hafa verið afhent bera ekki með sér að aðrir viðaukar við handbók áhættustýringar hafi verið gerðir frá 2004 til mars 2007. Þá var gerður viðauki sem skipti fjárfestingum sparisjóðsins í veltubók og veltubók miðlunar. Í veltubók skyldu vera skráð íslensk og erlend verðbréf innan ákveðinna hlutfalla og þar skyldu vera skulda- bréf og víxlar sem væru nothæf í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Öllum stöðutökum í markaðsverðbréfum skyldi stýrt samkvæmt samningi við SPRON-Verðbréf hf. og skyldu þær færðar í veltubók nema stjórn samþykkti aðra meðhöndlun. SPRON-Verðbréf hf. bar ábyrgð á og skyldi stýra stöðutöku í markaðsverðbréfum fyrir sparisjóðinn í samræmi við fjárfestingarstefnu og ákvarðanir fjárfestingaráðs á hverjum tíma.

Haustið 2007 tók nýtt skipurit gildi og var þá skilgreint sérstakt svið innan sparisjóðsins sem sá um fjárfestingar. Valgeir M. Baldursson var ráðinn framkvæmdastjóri þess sviðs.<sup>195</sup> Sviðinu var ætlað að halda betur utan um fjárfestingar sjóðsins, bæði í veltubókinni sem stýrt var af SPRON-Verðbréfum hf. sem og aðrar fjárfestingar í skráðum og óskráðum eignum sem sjóðurinn átti. Fjárfestingar sparisjóðsins voru þá ýmist á viðskiptabanka- sviði, hjá forstjóra, hjá SPRON-Verðbréfum hf. eða í dótturfélögum.<sup>196</sup>

Mynd 10. Skipurit Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007.<sup>197</sup>



Valgeir M. Baldursson gegndi starfinu í nokkra mánuði eða fram til janúar 2008. Á þeim tíma voru engar nýfjárfestingar en hann sagði rammann utan um fjárfestingar hafa verið skýran:

Stjórn tók auðvitað ákvörðun um öll svona stærri mál [...] en önnur mál voru síðan tekin af forstjóra og framkvæmdastjóra. [...] [Það voru alveg niður í] 100 milljóna króna fjárfestingar sem voru að fara fyrir stjórnarfundum. Síðan var þetta veltubókin sem rúllaði með heimildum sem [voru í SPRON-Verðbréfum hf.] en aðrar eignir voru eignir sem menn höfðu átt lengi og ætluðu sér að eiga. Það var ekki mikið um að það væri verið að fjárfesta til þess að kaupa og selja svo strax aftur.<sup>198</sup>

Ragnar Þórir Guðgeirsson tók við af Valgeiri sem framkvæmdastjóri fjárfestinga og gegndi því starfi fram á ágústmánuð 2008. Hann var jafnframt titlaður framkvæmdastjóri Kistu – fjárfestingarfélags ehf. Ragnar tjáði rannsóknarnefndinni að á hans starfstíma hefði

194. Skýrsla Valgeirs M. Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. desember 2012.

195. Valgeir var upphaflega ráðinn til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis árið 2006 í fyrirtækjaráðgjöf.

196. Skýrsla Valgeirs M. Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. desember 2012.

197. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2007.

198. Skýrsla Valgeirs M. Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. desember 2012.

ekki verið ráðist í nýjar fjárfestingar, mestur tími hans hefði farið í að átta sig á eignasafni sparisjóðsins og ná utan um það. Hann sagðist hafa leitað leiða til að losa sparisjóðinn úr þeirri stöðu sem hann var kominn í með Exista hf. og hefði það meðal annars verið reynt í samstarfi við Kaupþing banka hf. Viðbrögðin voru hins vegar dræm og ljóst að þungt ástand á fjármálamörkuðum var farið að hafa áhrif víða. Ragnar lýsti skipulagi sparisjóðsins hvað varðar fjárfestingar svo:

Vandinn er að við vorum með eina stóra fjárfestingu sem var Exista og það var mjög eðlilegt að ekki yrði tekin ákvörðun um hana nema með íhlutun forstjóra eða stjórnar félagsins. Hins vegar voru allar minni fjárfestingar í greiðslumiðlunar fyrirtækjunum og eignasafn í Lúxemborg o.s.frv. á minni könnu þegar ég kem til starfa. Ég fann það mjög fljótt á stjórnunarstílum þarna innanhúss að menn vildu að það væri samhljómur meðal framkvæmdastjóranna um að taka ákvarðanir um þetta. Þannig að ég fékk í raun og veru mjög takmarkað umboð til ákvarðana [...] ég var t.d. ekki umsjónarmaður reikningsins í Lúxemborg. Jón Hallur hafði verið það áður og þar af leiðandi þurfti ég að hafa hann með í ráðum varðandi tilfærslur af þeim reikningi.<sup>199</sup>

Með viðauka við rammasamning milli sparisjóðsins og SPRON-Verðbréfa hf. í lok árs 2007 voru gerðar breytingar á fyrri skipulagi. Verðbréfasöfnum var fækkað úr sjö í eitt og fjárfestingamörk rýmkuð. Í samningnum kom fram að með því að sameina söfn og rýmka heimildir gætu sjóðstjórar nýtt ýmis tækifæri betur. Sjóðstjórar skyldu funda vikulega með framkvæmdastjóra fjárfestinga. Á þriggja mánaða fresti, fyrir birtingu ársfjórðungsuppgjörs, skyldu sjóðstjórar og framkvæmdastjóri fjárfestinga funda með forstjóra, framkvæmdastjóra sparisjóðsins, framkvæmdastjóra SPRON-Verðbréfa hf. og forstöðumanni áhættustýringar og fara yfir árangur og ákvarðanir í liðnum fjórðungi.<sup>200</sup>

Samkvæmt fundargerðum stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var rætt um fjárfestingar sparisjóðsins á um helmingi þeirra 106 funda stjórnarinnar sem haldnir voru frá 2004 til 2008. Þá er átt við að rætt hafi verið almennt um atriði sem vörðuðu fjárfestingar, eins og til dæmis yfirferð yfir árangur af hlutabréfasafni sparisjóðsins í heild, þróun hlutfjáreignar í Exista eða afstöðu til breytinga sem áttu sér stað í Sparisjóðabankanum. Í þessum tilvikum var ekki verið að ræða nýfjárfestingar nema að mjög takmörkuðu leyti. Almennt var þeim málum vísað til sparisjóðsstjóra.

### 17.3.2 Eftirlit með fjárfestingum

Páll Árnason var forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar sparisjóðsins frá árinu 2004. Um áhættustýringu sparisjóðsins sagði í handbókinni að hún skyldi skilgreina áhættusvið sparisjóðsins og setja meginreglur um þá áhættu sem ásættanlegt væri að taka í rekstrinum á hverjum tíma. Þá skyldi hún skilgreina hvernig meta ætti einstaka áhættuþætti, setja starfsreglur um hvernig taka ætti ákvarðanir sem gætu leitt af sér áhættu fyrir sparisjóðinn og hverjir gætu tekið slíkar ákvarðanir, ásamt því hvernig daglegu eftirliti og skýrslugjöf með áhættuþáttum sparisjóðsins skyldi háttáð.

Forstöðumanni áhættustýringar var framselt daglegt eftirlitshlutverk og vald til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir að starfsmenn færu út fyrir fram gefnar heimildir og mörk sem sett voru af áhættustýringarhópi. Í honum voru forstöðumaður áhættustýringar, sparisjóðsstjóri, framkvæmdastjóri sparisjóðsins, framkvæmdastjóri fjárfestingar sparisjóðsins, framkvæmdastjóri SPRON-Verðbréfa hf. og framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans hf. Hlutverk hópsins var að móta, skrá og framfylgja stefnu varðandi heildaráhættu sparisjóðsins hverju sinni ásamt því að leggja mat á árangur settrar stefnu. Hópurinn skyldi koma á fót eftirlitakerfi og ferli við mat á áhættu. Jafnframt skyldi hann ákvarða hámarksáhættustig sparisjóðsins hverju sinni og uppfærða stjórn reglulega um áhættutöku sparisjóðsins. Þá átti hópurinn að yfirfara reglulega sett viðmið og mörk áhættuþátta. Áhættuhópurinn átti að móta skýra, skriflega fjárfestingarstefnu ásamt viðmiðunarmörkum um áhættu og yfirfara hana reglulega. Hópurinn hafði einnig önnur hlutverk varðandi útlánaáhættu og heildaráhættu sparisjóðsins.

199. Skýrsla Ragnars Þ. Guðgeirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. nóvember 2012.

200. Eigin viðskipti SPRON hf. Breytingar á rammasamningi frá árinu 2006, 7. desember 2007.

Fjárfestingamörk og tíðni mælinga á fylgni við stefnuna voru skilgreind í viðaukum við áhættuhandbók en þau breyttust einnig að frumkvæði áhættustýringarhóps eins og bar að gera. Á fundum hópsins var raunstaða sparisjóðsins borin saman við þau mörk sem höfðu verið sett. Til dæmis var á fundi hópsins í janúar 2007 farið yfir mörk markaðsáhattu en þá gildi að:

1. Heildarmarkaðsverð eigna í veltu- og fjárfestingarbók mætti ekki vera meira en 20% af heildarniðurstöðu efnahagsreiknings.
2. Heildarmarkaðsverð skuldabréfa sem voru ríkis- eða bankatryggð mætti vera allt að 100% af eigin fé sparisjóðsins.
3. Heildarmarkaðsverð skuldabréfa fyrirtækja mátti ekki fara yfir 10% af eigin fé sjóðsins og skuldabréf einstakra fyrirtækja yrði að vera minna en 5% af eigin fé.
4. Heildarmarkaðsverð hlutabréfa í íslenskum krónum ætti hæst að nema 75% af eigin fé og heildarmarkaðsverð hlutabréfasjóða mætti ekki fara yfir 10% af eigin fé.
5. Heildarmarkaðsverð hlutabréfa eins félags mætti hæst vera 10% af eigin fé, þó gæti stjórn veitt samþykki fyrir því að það yrði allt að 50%.
6. Heildarmarkaðsverðmæti erlendra verðbréfasjóða eða -safna yrði að vera undir 15% af eigin fé og markaðsverð einstakra verðbréfasjóða eða safna (sjóðir eða söfn verðbréfa sem skráð voru í Vestur-Evrópu eða Norður-Ameríku) skyldi vera minna en 10% af eigin fé sjóðsins.

Eigið fé í reglunum var „eigið fé samkvæmt næstliðnu uppgjöri“. Á árinu 2007 voru mörg þessara hlutfalla hækkuð. Þannig mátti heildarmarkaðsverð eigna í veltu- og fjárfestingarbók nema 25% af eignum frá sumrinu 2007. Frá sama tíma var hámarksheildarmarkaðsverð hlutabréfa 100% af eigin fé og síðar á árinu var það hækkað í 130% af eigin fé. Heildarmarkaðsverð hlutabréfa eins félags með sérstöku samþykki stjórnar var hækkað í 85% af eigin fé og svo í 100% af eigin fé. Fundargerðir áhættustýringarhóps bera það með sér að mörk hafi verið hækkuð því að ákveðnar eignir eða eignaflokkar hafi verið komin umfram leyfilegt hámark. Þó slíkt sé ekki óleyfilegt mætti ætla að viðmið séu sett til þess að takmarka áhættu og hana ætti að minnka þegar komið er að hæsta leyfilega gildi í stað þess að rýmka reglur til þess að koma til móts við vaxandi áhættu. Hér á eftir fara nokkur dæmi:

1. Á fundi hópsins í mars 2006 var heildarvirði skuldabréfasjóða 11,4% af eigin fé sparisjóðsins en hámarkið var 10%. Á fundinum var rætt að endurskoða þyrfti viðmiðanir með „G.H.“ [Guðmundi Haukssyni sparisjóðsstjóra].
2. Á fundi 12. september 2006 kom fram að leyfilegt hlutfall heildarmarkaðsverðs eigna í veltu- og fjárfestingarbók hefði verið hækkað úr 15% í 20% af heildarniðurstöðu efnahagsreiknings sparisjóðsins. Þessar eignir námu þá 19,6% af eignum og voru því naumlega innan nýrra marka. Á sama fundi kom fram að skoða þyrfti mörk í hlutabréfum einstakra félaga vegna hækkunar á gengi Exista: „Eign í Exista hefur hækkað og er komin í 76,9% af eigin fé, en mörkin voru sett í 50% af eigin fé, en þessi mörk þarf að hækka nú þegar Exista hf. verður skráð á markað, ef SPRON ætlar að eiga bréfin. Sama gildir um hlutfall heildarmarkaðsverðs hlutabréfa og hlutabréfasjóða af eigin fé, en það hlutfall er komið í 94,4% en sett mörk voru 75%.“
3. Á fundi hópsins tveimur vikum síðar, 26. september 2006, var heildarvirði eignarhlutarins í Exista hf. vel umfram leyfilegt mörk eða í 84,4% af eigin fé sparisjóðsins meðan hámarkið var 50%. Hlutfall heildarmarkaðsverðs hlutabréfa og hlutabréfasjóða var þá 103,4% af eigin fé sjóðsins en mörkin heimiluðu mest 75% af eigin fé. Gengi Exista hf. hélt áfram að hækka út árið 2006 og fyrstu mánuði ársins 2007. Í fundargerðum áhættustýringarhópsins frá þessum tíma kom ítrekað fram að endurskoða þyrfti mörk vegna markaðsáhattu.

4. Á fundi hópsins 27. mars 2007 var markaðsverð eigna í veltu- og fjárfestingarbók yfir mörkum og eins heildareign í íslenskum hlutabréfum en þau voru 100,8% af eigin fé sparisjóðsins meðan hámarkið var 75%. Þá var eignarhluturinn í Exista 75% af eigin fé en hámark samkvæmt reglum var 50%. Á fundinum var lögð fram tillaga að nýjum mörkum til viðmiðunar fyrir markaðsáættu sem leggja átti fyrir stjórn.

Í töflu 18 eru dregin saman dæmi um mælingar á eignaflokkun á fundum áhættustýringarhóps. Þar eru eingöngu birtar upplýsingar um þrjá flokka, heildarmarkaðsverð eigna í veltubók og fjárfestingarbók sem hlutfall af heildareignum, heildarmarkaðsverð hlutabréfa sem hlutfall af eigin fé og virði eignarhlutar í einu félagi sem hlutfall af eigin fé með sérstöku samþykki stjórnar. Ekki eru birtir allir flokkar sem voru skoðaðir af hópnum og hefur það áhrif á hversu vel lesandanum kann að virðast hafa verið haldið utan um áhættur innan sparisjóðsins. Skuldabréf voru til að mynda mun oftast innan settra marka en hlutabréf, en til einföldunar eru upplýsingar um þau ekki birtar í töflunni. Þar sem eignarhlutir höfðu mun meiri áhrif á rekstur sparisjóðsins en skuldabréf er áhersla á þá hér. Hér eru birt þau atriði sem hægt er að nálgast upplýsingar um úr fundargerðunum, þar sem engar upplýsingar komu fram eru eyður.

Tafla 18. Dæmi um takmörk markaðsáættu úr fundargerðum áhættustýringarhóps Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Dagsetning	Heildarmarkaðsverð eigna		Heildarmarkaðsverð hlutabréfa		Virði einstaks félags með samþykki stjórnar	
	Hámark	Mæling	Hámark	Mæling	Hámark	Mæling
7.3.2006	15,0%	18,9%	...	...	...	...
14.3.2006	15,0%	17,5%	...	...	...	...
21.3.2006	15,0%	19,4%	...	...	...	...
28.3.2006	15,0%	19,1%	...	...	...	...
4.4.2006	15,0%	19,3%	...	...	...	...
12.4.2006	15,0%	20,4%	...	...	...	...
25.4.2006	15,0%	20,0%	...	...	...	...
16.5.2006	15,0%	19,0%	...	...	...	...
4.7.2006	15,0%	18,0%	...	...	...	...
15.8.2006	15,0%	17,8%	...	...	50,0%	50,5%
12.9.2006	20,0%	19,6%	75,0%	94,4%	50,0%	76,9%
26.9.2006	20,0%	20,8%	75,0%	103,4%	50,0%	84,4%
3.10.2006	...	...	75,0%	100,8%	50,0%	83,0%
11.10.2006	...	...	75,0%	102,4%	50,0%	83,4%
17.10.2006	...	...	75,0%	102,1%	50,0%	82,3%
30.10.2006	...	...	75,0%	99,3%	50,0%	79,4%
14.11.2006	...	...	...	...	50,0%	56,8%
5.12.2006	...	...	...	...	50,0%	56,3%
19.12.2006	...	...	...	...	50,0%	57,8%
9.1.2007	...	...	...	...	50,0%	62,3%
23.1.2007	...	...	75,0%	79,9%	50,0%	70,8%
30.1.2007	...	...	75,0%	79,9%	50,0%	72,1%
27.2.2007	20,0%	21,5%	...	...	50,0%	77,1%
6.3.2007	20,0%	21,2%	75,0%	76,0%	50,0%	63,1%
27.3.2007	20,0%	21,4%	75,0%	100,8%	50,0%	75,0%
3.4.2007	...	...	75,0%	88,2%	50,0%	55,5%
12.6.2007	20,0%	22,7%	75,0%	92,1%	50,0%	74,9%
14.8.2007	25,0%	20,4%	100,0%	78,2%	85,0%	64,3%
6.11.2007	25,0%	18,6%	100,0%	62,4%	85,0%	51,3%
1.4.2008	25,0%	12,9%	100,0%	12,8%	85,0%	12,8%

Áhætta af hlutabréfum var sjaldnast innan þeirra hámarka sem sett voru, nema yfirleitt stuttu eftir að hámarksáættan hafði verið hækkuð. Lækkun áhættu vegna einstaks félags á árinu 2007 og snemma árs 2008 var fyrst og fremst vegna gengislækkunar Exista hf. en ekki vegna beinna aðgerða sparisjóðsins sjálfs til þess að draga úr henni. Yfirferð áhættustýringarhóps náði til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. sem var óskráð félag fært




með hlutdeildaraðferð í bókum sparisjóðsins. Annað óskráð félag sem fært var með hlutdeildaraðferð, Sparisjóðabanki Íslands hf., var hins vegar ekki til umræðu samkvæmt fundargerðum hópsins. Aðrar óskráðar eignir voru það ekki heldur.

Ólíkt mörgum öðrum sparisjóðum framkvæmdi Fjármálaeftirlitið ekki vettvangsathugun á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis eftir 2005. Athugun Fjármálaeftirlitsins á sparisjóðnum, sem var gerð október 2007, sneri eingöngu að útlánaáhættu og því ekki ástæða til að gera grein fyrir athugasemdum Fjármálaeftirlitsins hér.

### 17.3.3 Fjáreignir

Fjáreignir eru af þrennum toga í þessari umfjöllun; hlutir í hlutdeildarfélagum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum og markaðsskuldabréf og önnur skuldabréf með föstum tekjum. Jafnan er fjallað um þær tvær fyrstnefndu saman sem eignarhluti. Á árunum 2001–2004 breyttust fjáreignir sparisjóðsins lítið að umfangi þótt ákveðnir eignaflokkar hafi stækkað meðan aðrir minnkuðu. Á árunum 2005–2007 rúmlega tvöfölduðust fjáreignir sparisjóðsins, einkum vegna breytinga á eignarhlutum í eigu hans og ber þar helst að nefna gengishækkun Exista hf. Fjáreignir sparisjóðsins rýrnuðu mjög á árinu 2008 og var þar einkum um að ræða tap af skráðum hlutabréfum í eigu hans.

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2001–2008.<sup>201</sup>



Fjáreignir sparisjóðsins í árslok 1997 námu 5,6 milljörðum króna.<sup>202</sup> Þá voru markaðsskuldabréf tæplega 3/4 hluta safnsins. Þegar Kaupþing hf. var skráð á markað árið 2000 jókst virði þess mjög og við það hækkaði hlutfall hlutabréfa af fjáreignum sparisjóðsins. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis seldi alla hluti sína í Kaupþingi banka hf. til bankans sjálf fyrir 2,7 milljarða króna á árinu 2002 til að fjármagna kaup á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Kaupþing banki hf. seldi svo hlutina áfram til Meiðs ehf.<sup>203</sup> Frá 1997 til 2005 hækkaði virði fjáreigna sparisjóðsins að raunvirði um rúman þriðjung en árleg meðaltalsraunhækkun á tímabilinu var þó ekki nema tæp 5%, sem var töluvert lægra en raunávöxtunarkrafa húsbreifa á sama tímabili.<sup>204</sup>


201. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

202. Miðað við fast verðlag ársins 2011 í árslok 1997 var samtalan tæplega 12 milljarðar króna.

203. „Kaupþing banki hf. – tilkynningarskyld viðskipti“, fréttavefur Kauphallar Íslands hf. 11. október 2002 kl. 10:08:14, <http://news.icex.is/newsservice/MMIcexNSWeb.dll/newspage?language=EN&pagetype=newstypesnewslist&primarylanguagecode=IS&newsnumber=18819>; „Kaupþing banki hf. – tilkynningarskyld viðskipti“, fréttavefur Kauphallar Íslands hf. 11. október 2002 kl. 10:09:54, <http://news.icex.is/newsservice/MMIcexNSWeb.dll/newspage?language=IS&pagetype=newstypesnewslist&primarylanguagecode=IS&newsnumber=18820>.


204. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 sagði hann lækun á hlutfjár-mörkuðum um aldamótin og litlar tekjur af hlutdeildarfélagum helstu ástæðu þessa.

Mynd 12. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2001–2008.<sup>205</sup>



Fjáreignir sem hlutfall af heildareignum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis voru yfirleitt umfram það sem aðrir sparisjóðir áttu að venjast frá árinu 2001 til 2007, þó sum árin væru hlutföllin svipuð. Fjáreignir sem hlutfall af eigin fé sparisjóðsins voru mun hærra en hjá öðrum sparisjóðum til ársins 2005 en þá og næsta ár á eftir var hlutfallið svipað. Vegna áhrifa Exista hf. árið 2007 var hlutfall fjáreigna af eigin fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hærra en hjá öðrum sparisjóðum. Einnig komu til stórar stofnfjárhækkanir í Byr sparisjóði og Sparisjóðnum í Keflavík á árinu. Árið 2008 varð hlutfall fjáreigna af eigin fé sparisjóðsins neikvætt meðan það var mjög hátt í öðrum sparisjóðum. Þar hafði jákvætt eigin fé í Byr sparisjóði og Sparisjóðnum í Keflavík mjög mikil áhrif á samburðarhópinn. Þó eigið fé væri jákvætt í flestum öðrum sparisjóðum var það mun lægra en verið hafði árin á undan og hlutfall fjáreigna af eigin fé því töluvert hærra.

Mynd 13. Eignarhlutir í félögum sem hlutfall af fjáreignum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og sama hlutfall í sparisjóðakerfinu (utan SPRON) í árslok 2001–2008.<sup>206</sup>



Á árinu 2002 seldi sparisjóðurinn hlut í Kaupþingi banka hf. til þess að fjárfesta í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., sem varð dótturfélag sparisjóðsins. Við samstæðuuppgjör var eignarhluturinn í fjárfestingarbankanum ekki færður sem slíkur heldur horft í gegnum félagið, og eignir þess og skuldir voru á reikningi sparisjóðsins sjálfs. Frjálsi fjárfestingar-

205. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.

206. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.

bankinn hf. hafði átt riflega 3 milljarða króna af skuldabréfum í lok árs 2001 samkvæmt ársreikningi þess árs og því jókst skuldabréfaeign sparisjóðsins við kaup á bankanum. Þetta hafði mikil áhrif á hlutfall eignarhluta af heildarfjáreignum því skuldabréf höfðu mun meira vægi en flest önnur ár. Frá árinu 2002 jókst vægi eignarhluta og var mjög áþekkt sama hlutfalli í öðrum sparisjóðum.


### 17.3.4 Tekjur af fjáreignum

Tekjur af fjáreignum eru gengishagnaður vegna hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum, verðbreytingar skuldabréfa, hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrtækja og arðstekjur. Vaxtatekjur af skuldabréfum teljast ekki til tekna af fjáreignum og færast með öðrum vaxtatekjum. Ávöxtun er hér skilgreind sem tekjur af fjáreignum á einu ári sem hlutfall af meðalstöðu eignarhluta á árinu.<sup>207</sup>

Ósamkvæmni var í því hvernig söluhagnaður fjáreigna var færður. Hann var ýmist færður meðal annarra tekna eða sem gengishagnaður í ársreikningi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Þetta á einnig við um marga aðra sparisjóði. Í endurskoðunarskýrslum með ársreikningi kemur gjarnan fram hversu hár söluhagnaður af fjáreignum er. Árið 2001 var söluhagnaður sparisjóðsins 128 milljónir króna vegna Fjárfestingafélagsins Stoða hf. og 39 milljónir króna vegna Meiðs ehf. og var hann færður sem gengishagnaður. Söluhagnaður af SP-fjármögnun hf., sem nam 141 milljón króna árið 2002, var færður meðal annarra rekstrartekna. Árið 2005 hagnaðist sparisjóðurinn um 276 milljónir króna af sölu Alþjóða líftryggingarfélagssins hf. og var sá hagnaður færður meðal annarra rekstrartekna. Hið sama má segja um 3,1 milljarðs króna söluhagnað af Icebank hf. á árinu 2007. Um annan söluhagnað var ekki getið í endurskoðunarskýrslum.

Ávöxtun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis af hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum og hlutum í hlutdeildarfélögum var ívið betri en hjá öðrum sparisjóðum frá 2001 til 2005. Sparisjóðurinn fjárfesti töluvert í fjármálafyrirtækjum og hafði af því góðar tekjur. Má þar til að mynda nefna hlutdeild í tekjum Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og gengishækkana Exista hf. (Meiðs ehf.). Þrátt fyrir að ávöxtun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hefði lengi vel verið hærri en hjá hinum sparisjóðunum var hún aðeins minni en ávöxtun íslensku úrvalsísitölnnar.

Mynd 14. Árleg ávöxtun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og annarra sparisjóða 2001–2008.<sup>208</sup>




207. Rétt er að benda á að ávöxtun er reiknuð sem hlutfall af meðalstöðu eigna. Þegar tap verður á eignum, eins og varð 2008 og 2009, verður ávöxtun neikvæð. Í einhverjum tilvikum verður hún neikvæð um meira en 100% vegna þess að tapi er deilt í meðalstöðu eigna. Ekki ætti að vera hægt að tapa meiru en fjárfest hefur verið fyrir (að því gefnu að engir framvirkir samningar séu til staðar) en með þeirri aðferð sem notuð er hér við að reikna ávöxtun getur hún birst með þessum hætti. Því er ekki verið að leggja til hér að sparisjóðurinn hafi tapað meiru en hann átti í fjáreignum.

208. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.

Árið 2007 gáfu eignarhlutar sparisjóðsins í öðrum félögum ekki vel af sér í samanburði við ávöxtun annarra sparisjóða. Í samanburðartölum hafa aðrir stórir sparisjóðir töluverð áhrif og má í því ljósi benda á t.d. ávöxtun Byrs sparisjóðs á sama tíma en hún var töluvert umfram meðaltal. Báðir sparisjóðirnir seldu hluta eignar sinnar í Sparisjóðabanka Íslands hf. á árinu 2007 og færðu vegna þess bæði söluhagnað og gengishagnað. Gengishagnaður Byrs sparisjóðs var um 2,4 milljarðar króna en gengishagnaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis rúmar 826 milljónir króna vegna Sparisjóðabankans. Þá hafði tap Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á árinu vegna Kistu töluvert að segja í slakri ávöxtun ársins. Árið 2008 var svo hlutfallslega mun verra fyrir ávöxtun sparisjóðsins en annarra sparisjóða.

Í þessu samhengi er áhugavert að skoða uppsafnaðan hagnað af fjáreignum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og hafa tölur hvers árs verið færðar á verðlag ársins 2011. Hér er ekki um að ræða hagnað á verðlagi hvers árs eins og annars staðar í umfjölluninni og því eru tölur í þessari umfjöllun ekki sambærilegar við tölur annars staðar í skýrslunni. Frá 2001 til 2007 var uppsafnaður hagnaður af fjáreignum Sparisjóðs Reykjavíkur miðað við það verðlag um 32,6 milljarðar króna. Á sama tíma jókst eigið fé sparisjóðsins um 32,3 milljarða króna á sama verðlagi. Tap á fjáreignum 2008 var hærra en uppsafnaður hagnaður síðustu sjö ára þar á undan og því var nettó tap af fjáreignum frá 2001 til 2008 2,7 milljarðar króna á verðlagi ársins 2011.

Mynd 15. Árlegar og uppsafnaðar tekjur af fjáreignum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008 miðað við fast verðlag 2011.<sup>209</sup>



Ljóst má vera að tekjur af fjáreignum höfðu mikla þýðingu í uppbyggingu eigin fjár sparisjóðsins fram til ársins 2008 og áttu stóran þátt í hröðum vexti hans. Ólíkt því sem finna má í endurskoðunarskýrslum margra annarra sparisjóða, þar sem beinlínis er varað við því að sparisjóðir reiði sig um of á tekjur af fjáreignum, þá fjallaði endurskoðandi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis um fórnarkostnað sparisjóðsins við það að eiga verðbréf í stað þess að lána fjármuni út. Í endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings fyrir 2001 sagði:

Bókfært verð eignarhluta í Kaupþingi nemur 2.557. millj. kr. en auk þess á sparisjóðurinn hlut í Kaupþingi í gegnum SP eignarhaldsfélagið og er markaðsvirði þess hlutar 691 millj. kr. Í því felst umtalsvert fjárbinding að eiga þessi hlutabréf og hefur það veruleg áhrif á rekstur SPRON og á árinu 2001 eru áhrifin þannig að væru þessir fjármunir bundnir í útlánum með 12% vöxtum hefðu vaxtatekjur verið hærri sem nemur 389 millj. kr.<sup>210</sup> Þá hefði CAD-hlutfallið einnig hækkað úr 11,2% í 19,2%. Þannig má með einfaldri, en stórtækri, aðgerð breyta efnahagsreikningi sparisjóðsins verulega og hækka eiginfjárlutfall hans umtalsvert.<sup>211</sup>

209. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

210. Í sömu skýrslu kom fram að áhrif eignarhluta sparisjóðsins í Kaupþingi hf. hefðu verið jákvæð um 296 milljónir króna á árinu 2001.


211. Skýrsla um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir árið 2001.

Í endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2003 kom fram mat endurskoðanda á áhrifum lægra hlutfalls útlána af eignum sparisjóðsins en áður hafði verið:

Afleiðingar lækkunar útlána má meðal annars sjá í því að sjóður og kröfur á lánastofnanir hækka um nálægt 130% og eru nú 7.418 millj. kr. [...] Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum nema 14.111 millj. kr. í árslok 2003 en voru í árslok 2002 9.796 millj. kr. og hefur þessi liður því hækkað um [...] 44%. Þessi breyting á samsetningu efnahagsreikningsins, verði hún varanleg, leiðir væntanlega til þess að vaxtamunur minnkar og framlag í afskriftareikning útlána á einnig að minnka. Þegar á heildina er litið getur þetta haft jákvæð áhrif á sparisjóðinn og dregur líklega úr sveiflum í afkomu.<sup>212</sup>

Þessi spá reyndist að hluta til rétt. Vaxtamunur minnkaði töluvert frá árinu 2003 en að baki því voru fleiri ástæður en getið var í skýrslunni. Þá dróst niðurfærsluhlutfall saman með vaxandi útlánunum. Það reyndist hins vegar ekki rétt að sveiflur í afkomu minnkuðu með minna vægi útlána. Meðan afkoman var jákvæð tók hún stór stökk milli ára og að sama skapi varð tapið árið 2008 mjög mikið. Þessar sveiflur voru að miklu leyti vegna fjáreigna og mikils vægis þeirra í efnahag sparisjóðsins. Reyndar má segja að afkoma sparisjóðsins hafi verið borin uppi af tekjum af fjáreignum. Þó að dæmi endurskoðandans frá árinu 2001 af fórnarkostnaði við fjárbindingu í hlutabréfum Kaupþings hf. sýni að hann hafi talið að tekjur hefðu orðið meiri ef fjármagnið hefði verið bundið í útlánunum, má draga í efa að sparisjóðurinn hefði getað haft 12% vaxtatekjur af útlánunum frá árinu 2004 þegar samkeppni í útlánunum harðnaði verulega.

Mynd 16. Tekjur af fjáreignum og hagnaður fyrir skatta hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.<sup>213</sup>



Tekjufærsla vegna sölu á Icebank hf. á árinu 2007 var meiri en hagnaður ársins hjá sparisjóðnum. Í þessu samhengi má geta þess að sparisjóðurinn lánaði þeim aðilum sem keyptu eignarhlutina til kaupanna á árinu 2007 og námu afskriftir útlánanna um 4,4 milljörðum króna árið eftir. Tap ársins 2008 var að mestu leyti vegna útlána en fjáreignir settu þó sitt mark á slæma stöðu sparisjóðsins í lok þess árs.

### 17.3.5 Umfjöllun um einstaka eignir og mestu niðurfærslur

Þær fjáreignir sem voru stærstar í efnahag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá 2005 til 2008 voru Exista hf. og Kista – fjárfestingarfélag ehf., Sparisjóðabanki Íslands hf., Sparisjóðurinn í Keflavík, Landsbanki Íslands hf. og Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. Þá má einnig nefna hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum sparisjóðsins, eignir í eignastýringu í Kaupþingi í Lúxemborg og skuldabréf með ríkisábyrgð.

212. Skýrsla um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir árið 2003.

213. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

Tafla 19. Fjáreignir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2005–2008.<sup>214</sup>

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008
Kista – fjárfestingarfélag ehf.		1.410.759.000	2.325.181.000	155.170.000
Exista hf.	7.134.464.012	15.451.316.303	7.763.028.164	26.823.256
<b>Samtals</b>	<b>7.134.464.012</b>	<b>16.862.075.303</b>	<b>10.088.209.164</b>	<b>181.993.256</b>
Sparisjóðabanki Íslands hf./Icebank hf.	1.388.826.000	2.944.500.000	1.653.311.128	2.946.519
Tölvumiðstöð sparísjóðanna/Teris	64.810.000	45.003.000	64.814.000	151.708.000
Reiknistofa bankanna	79.978.000	79.979.000	80.299.000	73.085.000
<b>Samtals</b>	<b>1.533.614.000</b>	<b>3.069.482.000</b>	<b>1.798.424.128</b>	<b>227.739.519</b>
Sparisjóðurinn í Keflavík	109.649.000	155.253.000	1.208.936.000	52.888.098
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis	3.653.502	3.653.502	3.653.502	3.653.502
Sparisjóður Bolungarvíkur	1.572.209	1.572.209	6.827.752	1.706.938
Sparisjóður Vestfirðinga	2.228.866	2.228.866	25.343.133	
Sparisjóður vélstjóra		44.917.752		
<b>Samtals</b>	<b>117.103.577</b>	<b>207.625.329</b>	<b>1.244.760.387</b>	<b>58.248.538</b>
Ríkisbréf	1.706.639.364	3.531.760.253	2.093.581.170	1.719.982.177
Íbúðabréf	2.207.021.661	3.319.723.291	6.308.212.775	3.196.500.938
<b>Samtals</b>	<b>3.913.661.025</b>	<b>6.851.483.544</b>	<b>8.401.793.945</b>	<b>4.916.483.115</b>
Bankavixlar Icebank hf.			960.000.000	
Verðbréfasjóðir SPRON	605.935.711	2.279.609.351	4.487.807.982	1.992.931.453
Kaupþing Lúxemborg eignastýring	1.000.046.820	1.084.920.277	2.168.382.874	
Eik banki P/f			569.987.048	185.418.795
Kaupþing banki hf.		687.669.721	934.960.400	
Landsbanki Íslands hf.	290.019.972	679.632.780	1.011.999.459	
Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf.	195.910.673	769.715.674	1.125.754.906	
Eyrir Invest ehf.			305.902.200	1.125.074.925
Sjóðasafn			400.502.824	152.675.660
<b>Samtals</b>	<b>2.091.913.176</b>	<b>5.501.547.803</b>	<b>11.965.297.693</b>	<b>3.456.100.833</b>
CCP hf.				613.219.710
Atorka Group hf.	10.792.740	88.051.600		650.061.612
Marel hf.			43.796.560	261.373.880
Fasteignafélagið Stoðir hf.	209.486.400	209.486.400	410.599.552	72.863.330
Fasteignafélagið Kurfurst ehf.		210.021.579	310.021.579	106.798.854
Aurora Holding hf.			274.880.100	284.052.747
Creditinfo Group hf.	36.089.438	103.113.598	200.451.875	201.849.109
Annað	2.957.168.010	8.539.354.125	8.010.965.661	2.466.476.784
<b>Samtals</b>	<b>3.213.536.588</b>	<b>9.150.027.302</b>	<b>9.250.715.327</b>	<b>4.656.696.026</b>
<b>Samtals</b>	<b>18.004.292.378</b>	<b>41.642.241.281</b>	<b>42.749.200.644</b>	<b>13.497.261.287</b>

Tekjur af fjáreignum árin 2005, 2006 og 2007 voru samkvæmt ársreikningum 17,8 milljarðar króna, en þá er ekki tekið tillit til þess fjármagnskostnaðar sem til fellur við að eiga bréfin. Tekjur af eignarhlutum í Exista hf., Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. og Icebank hf. voru um 14,1 milljarður króna á sama tíma eða 79% tekna af fjáreignum. Afkoma af Kistu – fjárfestingarfélagi stjórnaðist nær eingöngu af gengi hlutabréfa í Exista hf. og töluverð fylgni var milli virðis Sparisjóðabanka Íslands hf. og Exista hf. Ljóst má vera að fjármálfyrirtæki, eða eignarhaldsfélög utan um fjármálfyrirtæki, höfðu mest áhrif á afkomu sparísjóðsins af fjáreignum.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis átti 7,9% hlut í Exista hf. í árslok 2005, 6,3% hlut ári síðar og 3,2% í árslok 2007. Breytingar milli árána 2005 og 2006 voru vegna hlutfjárukninga í Exista hf. en sparísjóðurinn jók hlut sinn í félaginu svo lítið í þeim að eignarhluturinn minnkaði. Nafnverðsfjöldi hluta í eigu hans á árinu 2006 jókst þó úr 685 milljónum í 688 milljónir. Síðan voru þær breytingar helstar að sparísjóðurinn seldi hluti sína í Exista hf. til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. á árunum 2006 og 2007. Gengi Exista hf. náði hæstu hæðum í júlí 2007 þegar það var rúmlega 40 krónur á hlut, upp frá um 22,5 í lok árs 2006. Í lok árs 2007 var gengið rétt tæpar 19,75 krónur á hlut. Því varð lítils háttar gengislækkun milli ársloka 2006 og 2007 en sparísjóðurinn bókaði um 2 milljarða króna hagnað af þessum bréfum á árinu 2007.<sup>215</sup> Þessi hagnaður skýrist meðal annars af

214. Úr ársreikningum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og sundurliðunum frá KPMG endurskoðun hf. fyrir sömu ár.

215. Auk þessa hafði sparísjóðurinn arðstekjur af Exista hf.

fyrirgreindri sölu bréfa til Kistu en í mars 2007 seldi sparisjóðurinn um 171 milljón hluta í Exista hf. til fjárfestingarfélagsins fyrir um 4,8 milljarða króna. Í júní 2007 keypti Kista 173 milljónir hluta í Exista hf. af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fyrir um 5,8 milljarða króna. Kista – fjárfestingarfélag keypti bréfin á þeim tíma sem þau voru hvað verðmætust en með gengisbreytingum bréfanna fram til ársloka 2007 tapaði fjárfestingarfélagið töluvert á eigninni og eigendur þess sömuleiðis. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis átti 48,4% hlut í Kistu – fjárfestingarfélagi í árslok 2007 og var það fært sem hlutdeildarfélag hans. Hlutdeild sparisjóðsins í tapi fjárfestingarfélagsins á árinu 2007 var 4,2 milljarðar króna. Með áframhaldandi gengisfalli bréfa í Exista hf. á árinu 2008 varð tap sparisjóðsins af Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. 9,8 milljarðar króna.

Tafla 20. Afkoma af fjáreignum samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008.<sup>216</sup>

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008	Samtals
Exista hf. (hlutabréf)	3.475.492	8.682.177	2.394.681	(6.732.709)	7.819.641
Kista – fjárfestingarfélag ehf.		22.043	(4.234.515)	(9.767.986)	(13.980.458)
Sparisjóðabanki Íslands hf.	594.128	1.405.660	1.805.795	(1.650.365)	2.155.218
Sparisjóðurinn í Keflavík/Sparisjóður Vestfirðinga		7.034	1.805.765	(1.080.834)	731.965
Fasteignafélagið Kurfust ehf.			100.000	(516.815)	(416.815)
Fasteignafélagið Stoðir hf.*			201.113	(1.711.804)	(1.510.691)
Gnúpur fjárfestingarfélag hf. (skuldabréf)			(225.000)		(225.000)
Milestone ehf. (skuldabréf)				(1.973.813)	(1.973.813)
New Bond Street (áætlun skuld gjaldfærð)				(1.699.700)	(1.699.700)
Nýsir hf. (skuldabréf)				(1.084.682)	(1.084.682)
Atorka Group hf. (skuldabréf)				(975.092)	(975.092)
Baugur Group hf. (skuldabréf)				(972.182)	(972.182)
Exista hf. (skuldabréf)				(766.867)	(766.867)
Hf. Eimskipafélag Íslands (skuldabréf)				(478.879)	(478.879)
Reiknistofa bankanna	17.847		2.795	(4.048)	16.594
Tölvumiðstöð sparisjóðanna/Teris	(7.049)	(19.806)		33.784	6.929
Hlutdeildartekjur í öðrum félögum	(8.314)	(1.165)	(6.393)	(239.629)	(255.501)
Annað	890.539	1.426.148	(500.282)	1.171.089	2.987.494
<b>Samtals</b>	<b>4.962.643</b>	<b>11.522.091</b>	<b>1.343.959</b>	<b>(28.450.532)</b>	<b>(10.621.839)</b>

\*Í sundurliðunum stendur ýmist Fasteignafélagið Stoðir hf. eða Stoðir. Gera má ráð fyrir að þar sé átt við Fasteignafélagið Stoðir hf., þar sem FL Group hf. tók ekki upp nafnið Stoðir hf. fyrir en í ágúst 2009.

Sparisjóðurinn tapaði 1,7 milljörðum króna á Sparisjóðabankanum á árinu 2008. Eignarhlutur í bankanum var 5,2% frá árslokum 2007 en á því ári seldi sparisjóðurinn 19,3% hlut í bankanum. Frá 2005 til 2007 hafði sparisjóðurinn 3,8 milljarða króna í tekjur af bankanum, þar af um 826 milljónir króna í söluhagnað af hlut í bankanum á árinu 2007. Samningar um kaup aðila á hlutafé í Sparisjóðabankanum voru undirritaðir í september 2007 og gengið frá kaupunum í desember sama ár. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður seldu stóran hluta eignar sinnar í bankanum til annarra sparisjóða og nýrra hluthafa. Þetta var í fyrsta skipti sem aðilar utan sparisjóðakerfisins eignuðust hlut í bankanum. Seljendur, ásamt bankanum sjálfum, Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóði Mýrasýslu lánuðu nýjum hluthöfum fyrir kaupunum. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis lánaði til kaupanna í gegnum dótturfélag sitt SPRON-Verðbréf hf. Lánin voru í erlendum myntum að jafnvirði rúmir 2 milljarðar króna. Lánin hækkuðu með gengisfalli krónunnar á árinu 2008 og í árslok höfðu um 4,4 milljarðar króna verið afskrifaðir vegna þessara lána í sparisjóðnum.

Sparisjóðabanki Íslands hf. var meðal stærstu eigenda Exista hf. en minnkaði hlut sinn í félaginu smám saman frá árinu 2006, meðal annars með því að selja Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. hlutabréfin. Í lok árs 2005 átti bankinn 5,8% í Exista hf., ári síðar 3,5% og 2,5% í lok árs 2007. Í þessu ljósi er athyglisvert að skoða hversu stór hlutur af eigin fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var bundinn í þessu eina félagi, í gegnum beina eign hans sem og óbeina eign í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og Sparisjóðabanka Íslands hf.

216. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008 og sundurliðanir frá endurskoðendum sem afhentar voru rannsóknarnefndinni.

Tafla 21. Bein og óbein eign Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Exista hf. og hlutfall af eigin fé hans.<sup>217</sup>

Pús. kr.	2005		2006		2007	
Beinn eignarhlutur í Exista hf.	7.134.464	54,8%	15.451.316	44,4%	7.763.028	28,0%
Óbeinn eignarhlutur í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf.	–	0,0%	2.698.764	7,8%	9.710.481	35,0%
Óbeinn eignarhlutur í gegnum Sparisjóðabanka Íslands hf.	1.272.111	9,8%	2.064.968	5,9%	287.175	1,0%
<b>Samtals eignarhlutur í Exista hf.</b>	<b>8.406.575</b>	<b>64,6%</b>	<b>20.215.048</b>	<b>58,1%</b>	<b>17.760.684</b>	<b>64,0%</b>
<b>Eigið fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis</b>	<b>13.017.211</b>		<b>34.774.905</b>		<b>27.760.533</b>	

#### Exista hf. og Kista – fjárfestingarfélag ehf.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis stofnaði SP-eignarhaldsfélag ehf. 19. júní 2001 til að halda utan um hlutabréf í Kaupþingi hf. Síðar sama ár komu fleiri sparisjóðir að félaginu sem keypti hluti eigenda sinna í Kaupþingi hf. Félagið breytti um nafn og hét Meiður ehf. í nokkurn tíma og síðar Exista ehf./hf.<sup>218</sup> Félagið var gjarnan til umfjöllunar í stjórn sparisjóðsins enda sat Guðmundur Hauksson í stjórn þess frá stofnun og hlutur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Exista hf. stærstur meðal sparisjóða.

Snemma árs 2004 gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við stærð eignarhlutar sparisjóðsins í Meiði ehf. Hann nam þá meira en 25% af eigin fé hans sem var umfram það hámark sem leyfilegt var samkvæmt reglum um stórar áhættuskuldbindingar. Fjárfestingar sem ekki eru þess eðlis að þær eigi að draga frá eigin fé við útreikning eiginfjárgrunnns geta talist til stórra áhættuskuldbindinga, líkt og útlán, ef þær nema meira en 10% af eiginfjárgrunni fjármálfyrirtækis. Ef skuldbindingar fara umfram 25% hámarkið þarf að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um til hvaða aðgerða grípa skal til þess að minnka stærð skuldbindingarinnar. Með bréfi frá Fjármálaeftirlitinu 6. september 2004 var sparisjóðnum gert að flokka Meið ehf. sem fyrirtæki tengt fjármálasviði en slíkir eignarhlutar drógust frá eigin fé við útreikning á eiginfjárgrunni.<sup>219</sup>

Virði Meiðs ehf. hafði hækkað töluvert fram til ársins 2004, einkum vegna hækkana á gengi hlutabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf. Hlutabréf í bankanum voru 60% af eignum Meiðs hf. í árslok 2003 og 78% ári síðar.<sup>220</sup> Vægi þessara bréfa var meginástæða þess að Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að flokka skyldi Meið ehf. sem félag tengt fjármálastarfsemi.<sup>221</sup> Meiður ehf. breytti nafni sínu í Exista ehf. á fyrri hluta árs 2005 en samkvæmt auglýsingu í blöðum 13. maí 2005 tengdist nafnbreytingin þátttöku í stórum verkefnum bæði á Íslandi og erlendis. Stuttu síðar varð Exista ehf. meðeigandi að sérstöku félagi, Skiptum ehf., til að halda utan um gerð tilboðs í Landssíma Íslands hf. Skipti ehf. eignaðist hlut ríkisins í Landssímanum eftir að hafa verið með hæsta tilboð. Á árinu 2006 eignaðist Exista ehf. Vátryggingafélag Íslands hf. og Lýsingu hf. Í febrúar 2007 keypti Exista hf. 15,5% í finnska tryggingarfélaginu Sampo Oyj.<sup>222</sup>

Undanfari breytinga á starfsemi Exista hf. var breytt eignarhald í félaginu. Það hafði upprunalega verið stofnað til þess að halda utan um eignarhluti sparisjóða og Sparisjóðabankans í Kaupþingi hf. Á stjórnarfundi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 12. desember 2002 voru ræddar hugmyndir um að selja hluta af hlutafé félagsins „til utanaðkomandi fjárfesta“. Á stjórnarfundi í janúar 2003 gerði sparisjóðsstjóri grein fyrir því að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefði selt 12,68% af hlutafé félagsins til Bakkabræðra Holding og héldi eftir 11,08% hlut í félaginu.<sup>223</sup> Í ágúst sama ár var hlutafé Meiðs ehf. aukið um 4,4 milljarða króna og var þátttaka Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í aukningunni með þeim hætti að sparisjóðurinn átti 7,9% í félaginu frá lokum árs 2003. Í fundargerðum

217. Hér eru nýttar sundurliðanir frá sparisjóðnum sjálfum um eignarhluta hans í Exista hf., ársreikningar Kistu – fjárfestingarfélags ehf. og sundurliðanir frá Sparisjóðabanka Íslands hf. á verðbréfaeign hans. Hlutfallsleg eign í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og Icebank hf. er reiknuð miðað við eignarhluti sparisjóðsins í þeim tveimur félögum eins og þeir voru skráðir á hlutafjármiða í árslok hvers árs um sig.

218. Umfjöllun um Exista hf. má finna í 10. kafla.

219. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 6. september 2004.

220. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2004.

221. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 6. september 2004. Í bréfinu kom meðal annars fram að ef 50% eða meira af heildareignum félags væru eignarhlutur í lánastofnun teldist það alltaf fyrirtæki tengt fjármálfyrirtæki.

222. „Exista acquires 15.48% shareholding in Finnish Group Sampo“, vefur OMX Nordic Exchange 8. febrúar 2007, <http://news.icex.is/newsservice/MMIcexNSWeb.dll/newspage?language=EN&pagetype=&primarylanguagecode=EN&newsnumber=36674>.

223. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 9. janúar 2003.



stjórnar á þessum tíma er ekki rætt um kaup á hlutafé í Meiði ehf. Samkvæmt ársreikningi Meiðs ehf. fyrir árið 2003 voru tveir hluthafar með stærri en 10% hlut í félaginu í árslok, Bakkabræður Holding (59,1%) og Kaupþing banki hf. (19,2%).

Hlutur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Exista hf. var 7,9% í lok árs 2005, 6,3% í lok árs 2006, 3,2% ári síðar og 0,5% í lok árs 2008. Þessi eignarhlutur var stór hluti eigin fjár sparisjóðsins, svo sem sýnt er í töflu 21, og tekjur af eignarhlutnum höfðu mikla þýðingu í rekstri sparisjóðsins. Taldi stjórnin ástæðu til að kanna skattalegt óhagræði stofnfjár-eigenda af því að eiga bréf í Exista hf. í gegnum sparisjóðinn, líkt og fyrir stofnfjárhöfum væri sparisjóðurinn eignarhaldsfélag utan um bréf í Exista hf.<sup>224</sup> Ekkert er bókað frekar í stjórnarfundargerðum um niðurstöðu þessarar athugunar. Árið 2004 voru tekjur af bréfum í Exista hf. 66% af hagnaði sparisjóðsins fyrir skatta en sama hlutfall ári síðar var 70%. Með hækkandi gengi bréfa þyngdust áhrif eignarhlutarins í Exista hf. á eiginfjárgrunn sparisjóðsins. Sparisjóðirnir höfðu lengi átt í viðræðum við Fjármálaeftirlitið um áhrif eignarhluta í fjármálafyrirtækjum á eiginfjárgrunni þeirra, meðal annars í tengslum við félög eins og Scandinavian Holding og Exista hf.

Og niðurstaðan var sú að ef viðkomandi fyrirtæki fjármagnar sig með lántökum frá óskyldum aðila, þá þurfti sparisjóðurinn ekki að draga fjárfestinguna alfarið frá sínu eigin fé, aðeins sem nam hlutdeild viðkomandi í þessu fyrirtæki. Það var hugsunin á bak við Kistu. Fjármálaeftirlitið gerði engar athugasemdir við þessa útfærslu þegar þeir höfðu fengið skýringar.<sup>225</sup>

Þessi áhrif skuldsetts eignarhaldsfélags utan um hluti í fjármálafyrirtækjum á eiginfjárgrunn sparisjóðanna voru önnur af aðalástæðum þess að Kista – fjárfestingarfélag ehf. var stofnað árið 2006. Í nóvember 2006 greindi sparisjóðsstjóri frá viðræðum sparisjóða um stofnun hlutdeildarfélags um eignarhluti sparisjóðanna í Exista hf. Sparisjóðabankinn vildi selja bréf sín í Exista hf. fyrir 1,4 milljarða króna og óskaði sparisjóðsstjóri eftir heimild til þess að kaupa þann hlut. Eignarhlutinn myndi sparisjóðurinn leggja inn í hið nýja félag og þáverandi hlutur sparisjóðsins færi ekki inn í félagið.<sup>226</sup>

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis lagði 1,4 milljarða króna í peningum fram sem hlutafé í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. 21. desember 2006 og sparisjóðsstjóri settist í stjórn þess. Sparisjóðurinn átti þá 41,5% í félaginu á móti fimm öðrum sparisjóðum. Fjárfestingarfélagið keypti um 2,7% hlut í Exista hf. af sparisjóðunum fimm og Sparisjóðabankanum með þeim fjármunum sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis lagði til auk fjármögnunar frá viðskiptabönkunum. Kaup fjárfestingarfélagsins á hlutum í Exista hf. héldu áfram á árinu 2007 og átti það 8,9% hlut í því í lok árs 2007. Á sama tíma var hlutur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Kistu 48,4%. Gengi bréfa í Exista hf. sveiflaðist mikið innan ársins þótt gengi í lok árs og upphafi árs hefði verið svipað, eða í kringum 20 krónur á hlut. Um mitt ár 2007 var gengið hins vegar tvöfalt hærra en það. Á þeim tíma vó bein eign sparisjóðsins í Exista hf. (þ.e. án tillits til þeirra bréfa sem Kista átti í Exista hf.) allt að 85% af eigin fé sparisjóðsins sem var langt umfram það sem verðbréfaeign í einu félagi mátti vera samkvæmt reglum sparisjóðsins. Stjórn og stjórnendur sparisjóðsins lögðu hins vegar áherslu á að hækka áhættuviðmið sparisjóðsins frekar en að minnka eignina til þess að hún bryti ekki í bága við reglur sjóðsins.<sup>227</sup>

Áhætta sparisjóðsins af bréfum í Exista hf. var meiri en bein eign, sem þó var fylgst með, gaf til kynna. Takmörkuð áhætta eigenda af einkahlutafélagi er ekki til staðar þegar, og upp að því marki sem, eigendur ábyrgjast skuldbindingar einkahlutafélagsins. Í lok árs 2007 samþykkti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. að gangast í ábyrgð fyrir skuldbindingum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. við lánveitendur sína, Straum-Burðarás Fjárfestingabanka hf., Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf. Ábyrgðirnar námu 6,4 milljörðum króna og voru undirritaðar af Guðmundi Haukssyni, forstjóra sparisjóðsins, með gildistöku 30. desember 2007. Ekki var fjallað um þær í stjórn sparisjóðsins fyrr en 23. janúar 2008 þegar

„Menn fóru virkilega að velta fyrir sér með hvaða hætti væri hægt að sjá [Sparisjóðabankann] fyrir sér til framtíðar. Það fóru að koma upp spurningar um hvort við ættum allir samleið þá. Eða hvort að bankinn kynni að þróast í einhverja þá átt að sumir sparisjóðir færu í burtu frá bankanum. Þannig að þetta var bara opin ská umræða. [...] Og ein tillagan sem [Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Sparisjóða-bankans] kom upp með var að losa bankann undan fjárbindingu í Exista til þess að geta sett þá peninga í önnur verkefni. Við í stjórninni tókum mjög vel í þessa tillögu og bankinn seldi þá 25% af hlutdeild sinni í Exista og þeir sparisjóðir sem áttu í Exista bjuggu til fyrirtæki Kistu sem keypti þessi hluta-bréf á markaðsverði. Og það stóð til að selja síðan önnur 25% og svo framvegis. En markmiðið þarna var að gefa Finni kost á [...] að hrinda í framkvæmd breytingum á bankanum. Þetta var allt gert í fullri vinsemd ef ég man rétt.“

Skýrsla Guðmundar Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina, 16. maí 2013.

„Það er auðvitað alveg ljóst að seinni hluta 2007 fjarar mjög undan alþjóðlegum fjármálamarkaði. Fram eftir árinu voru hlutirnir ágætir og ég hafði ekki miklar áhyggjur af Exista því að þar var mjög vel haldið á málum varðandi rekstur. Upplýsingaflæði var einnig mjög gott. Þeir lögðu áherslu á að hafa góða lausafjárstöðu á hverjum tíma og við fengum upplýsingar í þá veru mjög reglulega. Við töldum á þessum tíma að þessi verðlækkun sem var að eiga sér stað á seinni hluta ársins myndi rétta sig af aftur. Og þetta snerist um það að þola þessa lægð sem var að koma á verðbréfamörkuðum því verðmætin myndu skila sér til baka í betra árferði. Þannig að ég hafði ekki beint áhyggjur af stöðu mála hjá Exista.“

Skýrsla Guðmundar Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina, 16. maí 2013.

224. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 30. maí 2005.

225. Skýrsla Guðmundar Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

226. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 8. nóvember 2006; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. nóvember 2006.

227. Um þetta er fjallað nánar í kafla 17.3.2. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 benti Guðmundur Hauksson á að fjárfestingarnar hefðu alltaf verið dregnar frá eigin fé við útreikning á eiginfjárgrunni, líkt og gera bar.

stjórnin samþykkti að heimila forstjóra að gefa út slíkar ábyrgðaryfirlýsingar. Erlendur Hjaltason, sem þá var forstjóri Exista hf. og stjórnarmaður í sparisjóðnum, sat fundinn þar sem þetta var samþykkt og er ekki bókað að hann hafi vikið af fundi. Ábyrgðirnar voru 35,2% af eiginfjárgrunni eins og hann var í árslok 2007.

Ábyrgðirnar frá desember 2007 giltu fram í febrúar 2008. Þá tókst sparisjóðurinn á hendur hluta skuldbindinga Kistu – fjárfestingarfélags ehf. við Kaupþing banka hf. Sparisjóðurinn tók 1,7 milljarða króna lán hjá Kaupþingi sem var „innaborgun á lán Kistu – fjárfestingarfélags ehf. hjá bankanum“ samkvæmt lánsamningnum. Gjaldalagi lánsins var 15. júní 2008 en þegar kom að honum var lánið framlengt til 15. júní 2009. Lántakan var samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins 25. febrúar 2008. Ábyrgðir við Straum-Burðarás Fjárfestingarbanka og Glitni banka hf. voru endurnýjaðar síðast 25. júní 2008. Gilti þá ábyrgðin til handa Glitni banka hf., sem nam 900 milljónum króna, til 30. desember 2008, en 1.200 milljóna króna ábyrgð til Straums-Burðarás til 15. október 2008. Ábyrgð til Glitnis banka hf. rann út án þess að gripið yrði til aðgerða en Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. gekk að ábyrgðinni.

Gengi Exista hf. náði hámarki um sumarið 2007 og í byrjun árs 2008 var staða Kistu – fjárfestingarfélags ehf., sem var mjög skuldsett félag með bréf í Exista hf. sem veð fyrir skuldunum, ekki góð. Með fallandi gengi hlutabréfanna fóru lánardrottinnar fram á auknar tryggingar fyrir lánunum. Ábyrgðaryfirlýsingar þær sem fjallað var um hér á undan voru hluti af þeim aðgerðum sem ráðist var í til að styrkja stöðu Kistu en auk þess var ráðist í hlutafjárukningar. Svo fór að samþykkt var að auka hlutafé Kistu – fjárfestingarfélags ehf. þrisvar sinnum á árinu 2008, fyrst um 7,1 milljarð króna á aðalfundi félagsins 28. mars 2008, svo um 1,5 milljarða króna á hluthafafundi 27. júní og loks 2,4 milljarða króna á stjórnarfundum 27. júlí sama ár. Hlutur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í þessum hlutafjárukningum var fyrst 3,4 milljarðar króna, þar af voru 1,7 milljarðar króna greiddir með reiðufé og aðrir 1,7 milljarðar króna með yfirtöku skulda eins og vikið var að, svo 726 milljónir króna og loks 1,2 milljarðar króna.

Miðað við framburð í skýrslutökum fyrir rannsóknarnefndinni höfðu forsvarsmenn sparisjóðsins ekki miklar áhyggjur af þeirri áhættu sem var til staðar í Exista hf. vegna þess að félagið átti dreifðar fjárfestingar:

Við ræddum [fjárfestingar] mjög oft á stjórnarfundum í SPRON einkum í tengslum við Kistu. Vegna þess að það fyrirtæki var sérstaklega stofnað utan um kaupin á þeim hluta sem að Sparisjóðabankinn ákvað að selja í Exista. Við vorum auðvitað mjög vakandi yfir þessu allan tímann og höfðum áhyggjur af því að þetta mundi geta tekið í hjá okkur. En ég vil taka skýrt fram að þegar við keyptum í Exista [litum við] ekki svo á að við værum í raun að kaupa hlutabréf í einu fyrirtæki [...] þarna væri um að ræða fjárfestingu í fyrirtæki sem ætti mjög góðar og dreifðar eignir. Þeir áttu stóran hluta í frábærum fyrirtækjum eins og Kaupþingi, Sampo, VÍS, Símanum og svo framvegis og svo framvegis. Þannig að við litum svo á að við værum ekki að setja öll eggin í eina körfu með þessu. [...] Við vildum fremur fylgjast með hvernig slíkar fjárfestingar þróuðust heldur en að vera endilega sjálfir að gera sams konar fjárfestingar í SPRON. Þannig litum við á þessa fjárfestingu í Exista. Vissulega fylgdumst við með því hver þessi fjárfesting var sem hlutfall af eigin fé, en það ber líka að hafa í huga að þetta háa hlutfall kom fyrst og fremst til af því hvað bréfin í Exista höfðu hækkað mikið á markaði. Þannig var ekki eins og við hefðum stöðugt verið að kaupa hlutabréf til þess að mynda þessa stöðu. Við keyptum á mun lægra verði en markaðsverðið hækkaði hratt, mun hraðar en sem nam hækkun eigin fjár í SPRON þrátt fyrir að við værum að auka eigin fé SPRON með útgáfu stofnfjárbréfa. En, þetta kom nú til fyrst og fremst út af þróun á markaðsvirði Exista sem þetta hlutfall varð svona hátt í lok fyrsta og annars ársfjórðungs 2007. Spurningin var: áttum við að selja þetta þá?<sup>228</sup>

Flestar fjárfestingar Exista hf. voru þó í fjármálafyrirtækjum; lánastofnunum og tryggingafélögum. Aðrar stórar fjárfestingar sparisjóðsins voru í fyrirtækjum með sams konar starfsemi, þ.e. Sparisjóðabanka Íslands hf., Sparisjóðnum í Keflavík, Kaupþing banka hf.,

228. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

Landsbanka Íslands hf. og Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka hf. Samþjöppun áhættu af fjáreignum sparisjóðsins var því nokkur innan sömu atvinnugreinarinnar.

#### Sparisjóðabanki Íslands hf.

Líkt og aðrir sparisjóðir átti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hlut í Sparisjóðabanka Íslands hf. og var lengi vel stærsti hluthafinn. Í árslok 2004 var eignarhlutur sparisjóðsins í bankanum 24,7%. Sparisjóðsstjóri sat í stjórn Sparisjóðabankans þar til Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis seldi stærstan hluta eignar sinnar í bankanum síðla árs 2007. Bankinn var upphaflega stofnaður sem þjónustubanki fyrir sparisjóðina en eftir því sem umsvif Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis jukust nýttu þeir þjónustu Sparisjóðabankans í sífellt minna mæli. Stoðdeildir innan þessara tveggja sparisjóða sinntu því sem Sparisjóðabankinn hafði gert fyrir þá áður.

Þessi þróun var meðal þess sem leiddi til umræðna um hvort þessir tveir sparisjóðir ættu áfram að eiga hlut í bankanum. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 31. janúar 2005 var fjallað um þetta:

Sparisjóðsstjóri greindi frá því að á næstunni þyrfti stjórn SPRON að taka stefnumótandi ákvörðun um eignaraðild að Sparisjóðabankanum. Hann sagði að mikið fé væri bundið í bankanum, en í raun væri SPRON sáralítið að nýta sér þjónustu bankans núorðið, þar sem allt viðskiptaumhverfi hefði breyst umtalsvert á undanförunum árum. Hins vegar ylti framtíð Sparisjóðabankans að miklu leyti á eignarhaldi SPRON en SPRON á 25% hlut í bankanum. Ákveðið var að stjórnin myndi fjalla ítarlega um þessi mál á næstunni.<sup>229</sup>

Samkvæmt fundargerð stjórnar sparisjóðsins frá 28. desember 2005 náðist ekki samstaða meðal sparisjóða um uppbyggingu Sparisjóðabankans á grundvelli tillagna sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hafði lagt fram. Stjórnin þyrfti að taka ákvörðun um hvernig eignarhaldi sparisjóðsins á Sparisjóðabankanum yrði háttáð. Í lok árs 2005 var eignarhlutur sparisjóðsins í bankanum 24,5% og gott gengi bankans á árinu skilaði sparisjóðnum tæpum 600 milljónum króna í tekjur. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu Sparisjóðabankans fyrir árið 2005 var meginuppistaða hagnaðar bankans á árinu tekjur af Exista hf. Tekjur af eignarhlut í félaginu voru 2,6 milljarðar króna og hagnaður fyrir skatta tæpir 3 milljarðar króna.

Stjórn veitti sparisjóðsstjóra heimild til þess að taka þátt í hlutfjárukningu Sparisjóðabankans á fundi 20. febrúar 2006. Hlutur sparisjóðsins í aukningunni var áætlaður 150 milljónir króna. Á sama ári fékk sparisjóðsstjóri einnig samþykki stjórnar fyrir því að kaupa hluta eignar Sparisjóðabankans í Exista hf., svo sem fjallað var um í kaflanum hér á undan. Sparisjóðurinn hafði 1,4 milljarða króna í tekjur af bankanum á árinu 2006 en hagnaður bankans fyrir skatta það ár var umtalsvert betri en árið áður og nam 6,8 milljörðum króna. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu bankans 2006 var gengishækkun hlutabréfa í eigu Exista hf. rúmir 6 milljarðar króna á árinu.

Árið 2007 áttu sér stað viðræður milli eigenda Sparisjóðabankans um framtíð eignarhalds hans og á stjórnarfundi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 17. júlí 2007 greindi sparisjóðsstjóri frá viðræðum sparisjóðsins við Sparisjóðinn í Keflavík og Byr um framtíðar- eignarhald bankans. Á stjórnarfundi 22. september 2007 heimilaði stjórnin sparisjóðsstjóra að ganga frá sölu hluta af hlutfé sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum. Sparisjóðurinn seldi 19,42% eignarhlut í bankanum fyrir 6,2 milljarða króna en hélt eftir 5,17% hlut. Tekju- færður söluhagnaður af viðskiptunum var 3,1 milljarður króna.

Í árslok 2007 hafði verið undirritaður samningur við Sparisjóð Mýrasýslu um kaup hans á 1,17% eignarhlut Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Sparisjóðabankanum. Samningurinn beið samþykkis Fjármálaeftirlitsins um áramótin en hann var færður til eignar á sölugengi og nam tekjufærsla vegna þessa 187 milljónum króna. Þá hafði sparisjóðurinn gert sölu- réttarsamning við Sparisjóðinn í Keflavík og Sparisjóð Mýrasýslu um hin 4%. Samningurinn fól í sér skuldbindingu um kaup á sama gengi og voru í viðskiptunum með 18,42% hlutinn.

229. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 31. janúar 2005.

Sá hlutur var því færður upp á sölugengi og nam tekjufærslan 640 milljónum króna.<sup>230</sup> Auk þessa var hlutdeild í hagnaði Icebank hf. á árinu 2007 979 milljónir króna. Samtals var því um að ræða tekjur af þessari verðbréfaeign sem námu 4,9 milljörðum króna en hagnaður sparisjóðsins fyrir skatta á árinu var 3,3 milljarðar króna.

Samningar um sölu á hlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum voru undirritaðir í október 2007. Í sama mánuði var gefin út útboðslýsing vegna hlutafjávæðingar sparisjóðsins og miðuðust fjárhagsupplýsingar þar við 30. júní 2007. Mikið er fjallað um stærð eignarhlutar sparisjóðsins í Exista hf., bæði beina og óbeina eign í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. Gengi bréfa í Exista hf. var sögulega hátt í lok júní 2007, en það náði hámarki í júlí 2007 og lækkaði stöðugt þaðan í frá. Því var sex mánaða uppgjör sparisjóðsins árið 2007 einkar hagfellt. Í útboðslýsingunni undir kaflanum „nýleg þróun“ var fjallað um áhrif sölunnar á eignarhlutum í Sparisjóðabankanum:

Hagnaður SPRON fyrir skatta fyrstu átta mánuði 2007 voru 12,2 milljarðar króna samkvæmt óopinberu uppgjöri sem ekki hefur verið endurskoðað eða kannað. [...] Horfur eru á að niðurstöður níu mánaða uppgjors SPRON verði áþekkar niðurstöðum sex mánaða uppgjors. SPRON seldi 20,6% af 24,6% hluta sínum í Icebank 12. október 2007. Söluhagnaður eftir skatta er áætlaður 3,3 milljarðar króna. Áhrif sölunnar á CAD hlutfall SPRON er áætlað um 4,0% til styrkingar sem gefur SPRON möguleika á að auka útlán eða auka fjárfestingar. Lausafjárstaða SPRON verður einnig rýmri í kjölfar sölunnar. Hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi (úrvalsvisitalan) hækkaði á fyrri hluta ársins um 29,3% en hefur frá miðju ári til 15.10.07 lækkað um 3,0% (8313–8591). Frá miðju ári hefur gengi á hlutabréfum Exista hf. hækkað um 4,2% (34,4–35,5) en eins og lýsingin ber með sér á SPRON bæði beint og óbeint (Kista ehf. og Icebank hf.) stóran hluta í félaginu.<sup>231</sup>

Útboðslýsingin gaf til kynna að til viðbótar 12,2 milljarða króna hagnaði fyrstu átta mánuði ársins kæmi söluhagnaður af sölu eignarhluta í Sparisjóðabankanum, 3,3 milljarðar króna. Gengisþróun Exista hf. á síðari hluta ársins varð til þess að mjög dró úr hagnaði fyrir ársuppgjörið en eins og fyrr segir varð hagnaður ársins fyrir skatta 3,3 milljarðar króna. Ekki var gengið frá sölu á eignarhlutum í Sparisjóðabankanum fyrr en í desember 2007. Vegna þess hversu mikla þýðingu eignarhlutur bankans í Exista hf. hafði haft fyrir afkomu hans árin á undan og þar af leiðandi væntingar um afkomu hans næstu ár fóru kaupendur fram á að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður gerðu samning um „verðtryggingu“ á hlutum í Exista hf. við Sparisjóðabankann. Með samningnum ábyrgðust sparisjóðirnir tveir að tryggja ákveðið verð á hlutum bankans í Exista hf. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis gjaldfærði 296 milljónir króna vegna þessa samnings í árslok 2007. Sparisjóðurinn greiddi samninginn í nóvember 2008 en þá stóð hann í um 434 milljónum króna.

Svo fór að Fjármálaeftirlitið samþykkti ekki kaup Sparisjóðs Mýrasýslu á 1,17% hlut Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Sparisjóðabankanum. Sparisjóðurinn sendi Sparisjóðnum í Keflavík bréf um að hann hygðist nýta sér söluréttinn á 4% hlutum en sú sala gekk ekki eftir. Hann átti því enn 5,17% í Sparisjóðabankanum í árslok 2008 og var tap af eigninni á árinu 1,7 milljarðar króna.

Tap af skuldabréfum sem keypt voru úr peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Spron hf. á árinu 2008.

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 28. mars 2008 fór forstjóri sparisjóðsins fram á að sparisjóðurinn keypti 2 milljarða króna skuldbindingu Nýsis hf. úr peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Spron hf. Nýsir hf. ætti í lausafjárerfiðleikum og hefði óskað eftir fram­lengingu lána. Þetta var samþykkt.

Sparisjóðurinn hafði þá þegar keypt víxla Nýsis hf. fyrir tæpa 2 milljarða að nafnverði og greitt fyrir með eigin víxlum. Viðskiptin fóru fram 18. mars 2008 en 1,6 milljarðar af því sem keypt var af víxlunum var á gjalddaga 19. mars sama ár.<sup>232</sup> Í byrjun apríl 2008 fór fram uppgjör Nýsis hf. við eigendur þessara víxilútgáfa með útgáfu nýrra víxla fyrir

230. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007. Í skýrslunni kemur fram að samningurinn um kaupin á 4% hlutum hafi verið við Sparisjóðinn í Keflavík en það afrit af samningnum sem rannsóknarnefndin hefur er söluréttarsamningur við Sparisjóðinn í Keflavík og Sparisjóð Mýrasýslu.

231. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2007.

232. Tölvuskeyti Ósvaldar Knudsen til Guðmundar Haukssonar og Ragnars Þóris Guðgeirssonar 25. mars 2008.

meginhlutanum auk lítillgrar peningagreiðslu.<sup>233</sup> Sparisjóðurinn færði víxileign sína í Nýsi hf. niður um tæplega 1,1 milljarð króna í árslok 2008 en félagið var þá í samninga- viðræðum við kröfuhafa sína.

Í ágúst 2009 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að sekta skyldi Nýsi hf. vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti með því að tilkynna ekki um alvarlega stöðu sína þegar ljóst var að félagið gæti ekki staðið við greiðslu á afborgunum skuldabréfa og víxla sem féllu í gjalddaga 19. mars 2008. Félagið greindi ekki frá því að víxlarnir hefðu fallið í gjalddaga fyrr en 18. júní 2008.<sup>234</sup>

Á þessum tíma fengum við kynningu frá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, sem kynntu fyrir okkur góða stöðu Nýsis. Við höfðum miklar efasemdir um það að þeir myndu klára sig af þessu máli. Á mjög stuttum tíma verða menn að taka ákvörðun um hvað sé skynsamlegasta leiðin. Fyrir sjóð skiptir gríðarlega miklu máli hvort viðkomandi bréf er t.d. metið niður um 10%, 20% eða 30%. Það hefur mikil áhrif á gengi sjóðsins. Niðurstaðan verður sú, eins og mörg fjármálafyrirtæki gerðu á þessum tíma, að menn reyna að meta hvers virði bréfin eru út frá horfum skuldara og færa síðan bréfið út úr sjóðnum þannig að sjóðsfélagarnir upplifi ekki sveiflur, heldur er áætlað tap tekið inn einu sinni, eignin tekin inn á bækur bankans á raunhæfu mati og hann heldur síðan utan um málið. [...] Frá því að þessi ákvörðun var tekin um yfirtöku eignarinnar úr sjóðnum, líður langur tími eða fram í júlí þar sem Landsbankinn, aðalkröfuhafi Nýsis, vann að lausn á stöðu félagsins. Á þeim tíma sem líður þarna á milli skýrist staða Nýsis mjög mikið. Við fengum kynningar eftir kynningar þar sem farið var mjög nákvæmlega ofan í stöðuna og komu þá margir skrýtnir hlutir í ljós í því félagi.<sup>235</sup>

Þá keypti sparisjóðurinn skuldabréf HF Eimskipafélags Íslands af Rekstrarfélagi Spron hf. haustið 2008. Með tölvupósti 15. september 2008 tilkynnti starfsmaður rekstrarfélagsins starfsmanni Eimskipafélagsins að rekstrarfélagið hefði ákveðið að setja skuldabréf útgefið af Eimskipafélaginu í innheimtu þar sem félagið uppfyllti ekki ákvæði um eiginfjárhlutfall eins og kveðið væri á um í ákvæðum skuldabréfsins.<sup>236</sup> Það var svo 1. október 2008 sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis keypti skuldabréf HF Eimskipafélags Íslands (HFEIM 07 2), 500 milljónir króna að nafnverði, af Rekstrarfélagi Spron hf. Þetta skuldabréf var fært niður um 479 milljónir króna í ársreikningi sparisjóðsins 2008. Það var keypt af rekstrarfélaginu á 539 milljónir króna.<sup>237</sup>

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. keypti skuldabréf úr peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Spron hf. í nóvember 2008. Skuldabréfin voru útgefin af CCP hf., Milestone ehf., Sparisjóði Mýrasýslu, Sparisjóði Svarfdæla, Atorku Group hf., Baugi Group hf., Exista hf., Eyri Invest ehf., FL Group hf., Marel hf., Samson eignarhaldsfélagi ehf. og Fasteignafélaginu Stoðum hf. Tap af þessum kaupum fyrir sparisjóðinn var að minnsta kosti 5,6 milljarðar króna.<sup>238</sup> Hluti af þessu tapi er sundurliðaður í töflu 20 en betur er gerð grein fyrir uppgjöri á peningamarkaðssjóði sparisjóðsins hér aftar.

### Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Vestfirðinga

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis átti 1,3% hlut í Sparisjóði Vestfirðinga í lok árs 2005 og Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. átti þá rúm 5% í Sparisjóðnum í Keflavík. Um Sparisjóðinn í Keflavík er ekki fjallað í fundargerðum fjárfestingarbankans frá árinu 2000 til 2009. Frjálsi fjárfestingarbankinn tók þátt í nokkrum stofnfjárukningum Sparisjóðsins í

233. Bréf Nýsis hf. til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2. apríl 2008.

234. Stjórnvaldssekt Fjármálaeftirlitsins vegna brota Nýsis hf. á 1. mgr. 45. gr., 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, 10. ágúst 2009.

235. Skýrsla Ragnars Þ. Guðgeirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 29. nóvember 2012.

236. Tölvuskeyti starfsmanns Rekstrarfélags Spron hf. til starfsmanns Eimskips 15. september 2008.

237. Tölvuskeyti Brynjars Kristjánssonar til Valgeirs M. Baldurssonar 1. október 2008.

238. Rétt er að taka fram að um er að ræða nálgun rannsóknarnefndarinnar á tapinu út frá sundurliðunum sem afhentar voru. Uppgefin fjárhæð hér miðar við tap af skuldabréfum Milestone ehf., Sparisjóðs Mýrasýslu, Sparisjóðs Svarfdæla, Atorku Group hf., Baugs Group hf., FL Group hf., Samson eignarhaldsfélags ehf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. Tap af skuldabréfum Exista hf. var 767 milljónir króna en hluti af því var vegna bréfa sem sparisjóðurinn átti fyrir og hafði ekki keypt úr peningamarkaðssjóðum. Sundurliðun frá sparisjóðnum nær ekki til þess hvaðan skuldabréfin voru keypt svo hægt sé að sundurliða þetta tap frekar.

Keflavík frá 2005 til 2007. Í árslok 2005 átti fjárfestingarbankinn 52,6 milljónir hluta og 5% hlut, ári síðar 104,7 milljón hluti og 4,9% hlut og í lok árs 2007 tæp 5% en 476,3 milljónir hluta samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.<sup>239</sup>

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis tók þátt í stofnfjáruakningu Sparisjóðs Vestfirðinga á árinu 2007. Sparisjóðurinn keypti 12,8 milljónir hluta í útboðinu í október 2007 og 9,7 milljónir hluta í útboði í desember sama ár. Stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestfirðinga fengu 16,4% í sameinuðum sjóði.<sup>240</sup> Eignarhlutur hans í Sparisjóðnum í Keflavík í lok árs 2007 var 0,2%.<sup>241</sup>

Í mars 2008 keypti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík af Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. að nafnverði 217,6 milljónir fyrir 1,2 milljarða króna.<sup>242</sup> Sparisjóðurinn færði eign sína í Sparisjóðnum í Keflavík niður um 1,1 milljarð króna á árinu 2008.

Síðla árs 2008 tilkynntu Sparisjóðurinn í Keflavík, Byr sparísjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis að undirrituð hefði verið viljayfirlýsing um samruna sparísjóðanna þriggja en ekki varð af þeim áformum.<sup>243</sup>

#### Skuldafleiðusamningar við New Bond Street Asset Management LLP

Í október 2006 fjárfesti sparísjóðurinn fyrir 10 milljónir evra í samsettum skuldabréfavafningi (e. *synthetic CDO*) að nafni Piccadilly. Var þessi skuldabréfavafningur í raun safn fjölda skuldatrygginga (e. *CDS – credit default swap*). Skuldatrygging er tvíhliða samningur milli kaupanda og seljanda þar sem kaupandi tryggingarinnar „tryggir“ sig fyrir greiðslufalli þriðja aðila á tilteknu skuldabréfi. Fyrir þetta greiðir kaupandi tryggingarinnar seljanda þóknun (skuldatryggingarálag). Ef þriðji aðili lendir í greiðslufalli greiðir seljandi tryggingarinnar kaupanda fjárhæð tryggingarinnar og kaupandi afhendir seljanda tiltekið eða jafnrétt hátt skuldabréf þriðja aðila. Uppgjör í kjölfar greiðslufalls getur líka farið fram með þeim hætti að seljandi greiðir kaupanda mismuninn á tryggingarfjárhæðinni og markaðsvirði skuldabréfsins sem þá er ákveðið með uppboði á almennum markaði í kjölfar greiðslufallsins.<sup>244</sup>

Samsettur skuldabréfavafningur er eins og áður sagði safn skuldatrygginga á fjölda aðila sem er þá skipt niður í mismunandi lög (e. *tranche*) með ólíka láns hæfiseinkunn. Þetta gerir fjárfestum kleift að horfa til láns hæfiseinkunnarinnar í stað útgefanda skuldabréfs.<sup>245</sup> Eðli samsettra skuldabréfavafninga er þannig að ef ákveðið hlutfall af verðmæti safnsins tapast byrjar aðili sem fjárfestir í skuldabréfavafningnum að tapa af sinni fjárfestingu. Er þetta kallað innsláttarpunktur (e. *attachment point*). Ef tap safnsins nær síðan ákveðnu hærra hlutfalli sem kallast útsláttarpunktur (e. *detachment point*) er öll fjárfesting viðkomandi aðila töpuð.

Piccadilly skuldabréfavafningnum var stýrt af New Bond Street Asset Management LLP, sem var sérhæft eignastýringarfyrirtæki í eigu Kaupþings banka. Piccadilly var þó upphaflega settur saman af Barclays banka. Í lok október 2006 samþykkti sparísjóðurinn að fjárfesta í tveimur lögum Piccadilly skuldabréfavafningsins. Annars vegar var um að ræða 5 milljónir evra til tíu ára í lagi með láns hæfiseinkunnina A og hins vegar 5 milljónir evra til sjö ára í lagi með láns hæfiseinkunnina BBB. Sparisjóðurinn lagði ekki fram 10 milljónir evra þegar viðskiptin fóru fram heldur ábyrgðist að greiða fjárhæðina ef tap yrði á safninu. Samkvæmt stöðuskýrslu um Piccadilly fyrir ágúst mánuð 2008 voru 109 undirliggjandi aðilar (bæði fyrirtæki og ríki) í safni Piccadilly A. Innsláttarpunktur safnsins á

239. Samkvæmt skjölum frá Landsbanka Íslands hf. um niðurstöðu stofnfjárútbóðs Sparisjóðsins í Keflavík í desember 2007 átti Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. 217,6 milljónir hluta en sömu hlutfallseign og um getur í hlutafjármiðum.

240. Samrunaáætlun Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 11. september 2007.

241. Samkvæmt hlutafjármiðum var eignarhluturinn skráður á Sparisjóð Vestfirðinga og var hann 1%. Eignarhluturinn í Sparisjóðnum í Keflavík var 16,4% af einu prósentu eða 0,2%.

242. Tölvuskeyti Kristins Bjarnasonar til Ragnars Þ. Guðgeirssonar 7. mars 2008.

243. Sjá t.d. „Sparisjóðurinn í Keflavík, BYR og SPRON undirrita viljayfirlýsingu um sameiningu“, vefsíða *Vikurfrétta* 4. desember 2008.

244. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 2010, 2. bindi, bls. 21.

245. „A tsunami of hope or terror“, Business Spectator 19. nóvember 2008, <http://www.businessspectator.com.au/bs.nsf/Article/A-tsunami-of-hope-or-terror-LHRJP?OpenDocument>.

Þessum tíma var 6,59% og útsláttarpunktur 8,09%. Ekkert tap hafði orðið af safninu. Í safni Piccadilly BBB voru í lok ágúst mánaðar 2008 110 undirliggjandi aðilar (bæði fyrirtæki og ríki). Innsláttarpunktur safnsins var 4,23% og útsláttarpunktur 5,73%. Ekkert tap hafði þá orðið á safninu. Ljóst er að í kjölfar erfiðleika á fjármálamörkuðum á seinni hluta árs 2008 varð mikið tap af fjárfestingu sparisjóðsins í Piccadilly og í lok árs 2008 var áætlað tap af samningnum 1,7 milljarðar króna.<sup>246</sup>

### 17.3.6 Dótturfélög

Stefna stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var að nýta tækifæri sem gæfust til vaxtar og fjárfesti í því skyni í dótturfélögum sem voru viðbót við rekstur hans og „var ætlað að auka fjölbreytni í þjónustuframboði sparisjóðsins“.<sup>247</sup> Meðal þeirra voru SPRON-Verðbréf hf., SPRON Factoring hf., Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. og nb.is-sparisjóður hf. Rekstrarfélag Spron hf. var dótturfélag sparisjóðsins fram á árið 2007 þegar það varð dótturfélag annars dótturfélags, SPRON-Verðbréfa hf. Þá setti sparisjóðurinn á stofn fjárfestingarfélag, Steinsnes ehf. Áhrif SPRON Factoring hf. á sparisjóðinn voru lítil, tap ársins 2006 var 352 þúsund krónur, hagnaður árið eftir 6,5 milljónir króna og hagnaður ársins 2008 32,5 milljónir og þykir ekki ástæða til að gera sérstaka grein fyrir því félagi. Hér á eftir verður því fjallað um önnur dótturfélög, hlutverk þeirra, stjórn og áhrif á rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Þar sem umfjöllun í kaflanum hingað til hefur verið á samstæðugrundvelli hafa áhrif dótturfélaga á rekstur þegar komið fram. Þær tölur sem hér birtast eru ekki til viðbótar tapi eða eignum sem gerð hefur verið grein fyrir hér framár.

#### Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. var upphaflega stofnaður utan um kaup á skuldabréfum á markaði, lánveitingar og ábyrgðir til eigenda og kaup á hlutabréfum í nýjum félögum.<sup>248</sup> Starfsemi félagsins og tilgangur tók verulegum breytingum frá stofnun fram til ársins 2000 en það ár keypti Kaupþing hf. 70% í félaginu og gerði í kjölfarið yfirtökutilboð sem meiri hluti hluthafa samþykkti. Félagið uppfyllti þá ekki lengur skilyrði um skráningu á Verðbréfaþingi Íslands og voru bréfin afskráð. Í eigu Kaupþings banka hf. var útlánastarfsemi aukin en verðbréfasvið og eignastýringarsvið fjárfestingarbankans færðust til Kaupþings hf.

Árið 2002 keypti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis svo allan hlut Kaupþings í Frjálsa fjárfestingarbankanum eða 93,8%. Í lýsingu sparisjóðsins frá 2007 segir um starfsemi Frjálsa fjárfestingarbankans hf.:

Í dag býður Frjálsi fjárfestingarbankinn einstaklingum og fyrirtækjum fjölbreytta og sveigjanlega lánaþjónustu gegn veði í fasteignum, lóðum og bifreiðum. Lánað er til bifreiðakaupa og til fasteignakaupa, fullbúinna eða í byggingu, íbúða-, atvinnu- og frístundarhúsnæði, hvort sem er við kaup eigna eða til endurfjármögnunar þeirra. Aukin áhersla er á stærri lánveitingar til millistórra og stærri aðila.

Í stjórn bankans árið 2008 sátu starfsmenn sparisjóðsins, Guðmundur Örn Hauksson, Kristján Harðarson, Ragnar Þ. Guðgeirsson, Ósveldur Knudsen og Valgeir M. Baldursson. Framkvæmdastjóri bankans var Kristinn Bjarnason.

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. skilaði um 573 milljóna króna hagnaði á árinu 2005, árið 2006 var 694 milljóna króna hagnaður og árið 2007 nam hagnaður bankans 1.204 milljónum króna. Tap varð af rekstrinum á árinu 2008 að fjárhæð 7,3 milljarðar króna sem má rekja til virðisrýrnunar útlána, að stórum hluta til iðnaðar og byggingastarfsemi. Heildareignir bankans jukust úr 37,5 milljörðum króna í árslok 2005 í 90 milljarða króna í árslok 2008. Eigið fé bankans var neikvætt sem nam tæpum 2 milljörðum króna í árslok 2008.

Kaup sparisjóðsins á bankanum sættu nokkurri gagnrýni, meðal annars frá hópi stofnfjárhafa, þeim Pétri H. Blöndal, Gunnari A. Jóhannssyni, Gunnlaugi M. Sigmundssyni, Ingimar Jóhannssyni og Sveini Valfells, sem stundum voru nefndir „fimmerningarnir“ á árunum 2002 og 2003.

246. Þarna var í raun gert ráð fyrir því að öll fjárfestingin myndi tapast, 10 milljónir evra á genginu 169,97 sem var miðgengi Seðlabanka Íslands 31. desember 2008.

247. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2007.

248. Félagið var stofnað sem Samvinnusjóður Íslands hf. árið 1982.

Aðdragandi og eftirmálar kaupanna á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 5. apríl 2002 var rætt um kaup á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. af Kaupþingi hf. Vonir stóðu til þess að með kaupum á bankanum myndu vaxtaberandi eignir sparisjóðsins aukast. Til þess að af kaupunum gæti orðið þyrfti annaðhvort að bæta eiginfjárstöðu sparisjóðsins eða selja hlutabréf í fjármálafyrirtækjum í eigu sparisjóðsins, því kaupin myndu lækka eiginfjárhlutfallið að öðru óbreyttu.<sup>249</sup> Á stjórnarfundum sparisjóðsins 7. maí 2002 lagði sparisjóðsstjóri fram minnisblað um fyrirhuguð kaup á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Einn framkvæmdastjóra sparisjóðsins hafði þá metið virði fjárfestingarbankans á um 3 milljarða króna. Framkvæmdastjórinn mat það sem svo að ekki myndi færast mikil þekking yfir til sparisjóðsins á sviðum eins og fjárstýringu og verðbréfamiðlun með kaupunum. Hann gagnrýndi eignasafnið og tekjur af því og velti því upp hvort nokkuð annað fælist í kaupunum en kaup á eigin fé. Á fundinum kom fram að stjórnin teldi mikinn hag af því að eignast Frjálsa fjárfestingarbankann hf. ef hann fengist á ásættanlegu verði og veitti stjórnarformanni heimild til að hafa samband við forstjóra Kaupþings hf. til að athuga hvort grundvöllur væri fyrir kaupunum.

Sparisjóðsstjóri hélt sérstaka kynningu um kaupin á stjórnarfundum 28. maí 2002. Með kaupunum væri vonast til að sparisjóðurinn yrði leiðandi fjármálastofnun fyrir einstaklinga sem og smærri fyrirtæki. Sparisjóðurinn væri sterkur á einstaklingsmarkaði með stóran hóp viðskiptavina en Frjálsa fjárfestingarbankinn hf. hefði sérhæft sig í fasteigna-, bíla- og framkvæmdalánunum. Samruninn myndi auka verðmæti sparisjóðsins og gera hlutabréf í félaginu líklegri til þess að verða skráð á Verðbréfaþingi Íslands.<sup>250</sup>

Sparisjóðurinn hugðist fjármagna kaup á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. með sölu á eignarhlut sínum í SP-Fjármögnun hf. Sumarið 2002 lá fyrir verðmat á félaginu upp á tæpa 2,4 milljarða króna og rætt hafði verið við nokkra sparisjóði um kaup á félaginu.<sup>251</sup> Ekki náðust samningar milli þessara aðila og var Kaupþingi hf. gerð grein fyrir því að sparisjóðurinn gæti ekki keypt hlutabréf í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. að svo stöddu.<sup>252</sup> Stjórn sparisjóðsins samþykkti 12. september 2002 tillögu sparisjóðsstjóra um að selja hlutabréf í Kaupþingi hf. til þess að fjármagna kaup á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. en tveimur vikum síðar var rætt um að selja einnig eignarhlutinn í SP-fjármögnun í sama tilgangi. Stjórnin samþykkti að fela stjórnarformanni og sparisjóðsstjóra að ganga frá samningi á þessum grundvelli og voru hlutir í báðum félögum seldir til að kaupa hlut í fjárfestingarbankanum 30. september 2002. Sparisjóðurinn greiddi 3,8 milljarða króna fyrir Frjálsa fjárfestingarbankann hf.

Í tilkynningu sparisjóðsins vegna kaupanna kom fram að miklar væntingar hefðu verið bundnar við hlutafjávæðingu sparisjóðsins sumarið 2002 en eftir að hætt hefði verið við þau áform hefði verið leitað annarra leiða til að styrkja sparisjóðinn. Kaupin á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. féllu vel að rekstri sjóðsins og myndu gera honum kleift að styrkja kjarnastarfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptin áttu að miðast við 1. júlí 2002 en þá nam eigið fé bankans 2,5 milljörðum króna og heildareignir 16 milljörðum króna. Samhliða kaupunum seldi sparisjóðurinn Kaupþingi hf. 12,6% hlut í því sjálfu á genginu 13.<sup>253</sup>

Á fundi stjórnar 14. nóvember 2002 gerði endurskoðandi sparisjóðsins grein fyrir því að við áreiðanleikakönnun á fjárfestingarbankanum hefði ekkert komið fram sem raskaði forsendum kaupanna.<sup>254</sup> Í ljósi þessa samþykkti stjórnin endanlegan kaupsamning og stuttu síðar samþykkti Fjármálaeftirlitið að sparisjóðurinn eignaðist virkan eignarhlut í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.<sup>255</sup>

Í grein í *Morgunblaðinu* 22. desember 2002 gagnrýndu fimm menningarnir kaup sparisjóðsins á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Þeir væru að láta verðmeta fjárfestingarbankann

249. Eignarhlutur í fjármálafyrirtækjum kemur til frádráttar eiginfjár í útreikningum skv. 85. gr. laga nr. 161/2002.

250. Kynning vegna kaupa á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. fyrir stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, maí 2002.

251. Þessir sparisjóðir voru Sparisjóður vélstjóra, Sparisjóður Kópavogs, Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður Norðlendinga.

252. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 11. júní 2002.

253. „SPRON kaupir Frjálsa fjárfestingarbankann af Kaupþingi“, *Morgunblaðið* 30. september 2002.

254. Bréf KPMG hf. til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 14. nóvember 2002.

255. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 12. desember 2001.



og væru vísbendingar um sparisjóðurinn hefði greitt of mikið fyrir hann.<sup>256</sup> Verðmatið, sem gert var af Deloitte & Touche hf., var birt í *Morgunblaðinu* 15. janúar 2003 hf. og var á bilinu 2,4 til 2,9 milljarðar króna að frádræginni 330 milljóna króna arðgreiðslu til fyrri eigenda. Var það mat fimmmenninganna að sparisjóðurinn hefði greitt of mikið fyrir bankann, rúma 3,8 milljarða króna auk arðgreiðslunnar.<sup>257</sup>

Sama dag skoraði Pétur H. Blöndal á stjórn sparisjóðsins að láta óháðan aðila bera saman það verð sem sparisjóðurinn greiddi fyrir Frjálsa fjárfestingarbankann hf. og verðmatið sem fimmmenningarnir létu gera.<sup>258</sup> Niðurstaða þeirrar skoðunar var að mistök í útreikningi og villur í tölulegum forsendum hefðu leitt til rangrar niðurstöðu Deloitte & Touche um virði bankans eða vanmats upp á að minnsta kosti 1,1 milljarð króna. Eftir að villur hefðu verið leiðréttar væri virði Frjálsa fjárfestingarbankans hf. metið um 4,5 milljarðar króna.<sup>259</sup> Deloitte & Touche gerði þá nýtt verðmat og var niðurstaða þess að virði fjárfestingarbankans væri 3,5–4,1 milljarður króna.<sup>260</sup>

#### Nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn)

Netbankinn var stofnaður sem deild innan Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis árið 1999 og var ætlað að veita almenna bankaþjónustu á netinu. Árið 2002 keypti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis Sparisjóð Öfundarfjarðar sem lagði niður starfsemi í kjölfar sameiningar sparisjóða á Vestfjörðum. Þeim kaupum fylgdi leyfi til reksturs sparisjóðs, bankanúmer og aðgangur að Reiknistofu bankanna. Nafni Sparisjóðs Öfundarfjarðar var í kjölfarið breytt í nb.is-sparisjóð og starfsemi Netbankans flutt þangað. Þá var nb.is-sparisjóður gerður að hlutafélagi árið 2002, fyrstur sparisjóða. Öll starfsemi sparisjóðsins fór fram í gegnum síma, tölvupóst og internetið. Geir Þórðarson var framkvæmdastjóri þessa nýja sparisjóðs, en hann hafði verið framkvæmdastjóri Netbankans. Í skýrslutöku lýsti hann sérstöðu bankans og starfsemi:

Sérstaða hans fólst í því að veita betri kjör bæði á innlánnum og útlánnum, þó var ekki mikill munur á kjörum Netbankans og öðrum en við gættum þess alltaf að vera með bestu innlánskjörin þótt það væru bara einhver prósentubrot af ávöxtun yfir árið sem voru betri, en við komum yfirleitt út þannig að við vorum með bestu kjörin. Það er hagkvæmur rekstur að vera ekki með útibú og þess vegna gátum við veitt aðeins betri kjör.<sup>261</sup>

Guðmundur Örn Hauksson var stjórnarformaður nb.is-sparisjóðs allt fram til 2009. Lengst af skipuðu Ólafur Haraldsson, Hildur Petersen og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson stjórnina auk Guðmundar. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var eini eigandi nb.is-sparisjóðs hf.

Tafla 22. Rekstrarupplýsingar nb.is-sparisjóðs hf. 2002–2008.<sup>262</sup>

Pús. kr.	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Hreinar vaxtatekjur	120.686	114.099	153.419	123.103	133.275	57.513	66.412
Aðrar rekstrartekjur	15.001	23.303	27.211	1.211	532	20.782	20.702
Hreinar rekstrartekjur	135.687	137.402	180.629	142.001	166.037	156.662	113.048
Hagnaður (tap) ársins	25.095	31.840	52.221	7.217	10.850	(38.740)	(282.041)

Hreinar vaxtatekjur höfðu veruleg áhrif á afkomu nb.is. Afkoman var jákvæð allt frá árinu 2002 til og með ársins 2006. Á árinu 2007 og 2008 varð tap af rekstri sparisjóðsins og má rekja það til verulegs samdráttar í hreinum vaxtatekjum. Fyrirverandi sparisjóðsstjóri nb.is-sparisjóðs hf. lýsti aðstæðum þá:

[Árið 2007 voru] óverðtryggðir vextir orðnir mjög háir og okkar innlán mikið til óverðtryggð. Aukinn vaxtakostnaður var af þeim sökum, afkoma Netbankans fór eftir verðbólgu á hverjum tíma þannig að þegar misvægi var þarna á milli, það er að segja verðbólgan var mjög mikil og verðtryggð útlán skiluðu miklum tekjum, var hagnaður af rekstrinum.

256. „Telja SPRON hafa keypt bankann á of háu verði“, *Morgunblaðið* 22. desember 2002.

257. „Bankinn metinn á 2,4–2,9 milljarða“, *Morgunblaðið* 15. janúar 2003.

258. Pétur H. Blöndal, „SPRON greiddi allt of hátt verð“, *Morgunblaðið* 15. janúar 2002.

259. „Villur í verðmati“, *Morgunblaðið* 24. janúar 2003.

260. „Verðmat bankans hækkar um rúman milljarð“, *Morgunblaðið* 1. mars 2003.

261. Skýrsla Geirs Þórðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. nóvember 2012.

262. Úr ársreikningum nb.is-sparisjóðs hf. fyrir árin 2002–2008.


Síðan þegar bilið jafnaðist þá minnkaði þetta. Það var sláandi hversu mikil fylgnin var þarna á milli. [...] það má segja að þetta hafi verið helsti áhættuþátturinn í rekstrinum, þessi vaxtamunur á milli verðtryggðra og óverðtryggðra eigna og skulda.<sup>263</sup>

Heildareignir nb.is-sparisjóðs hf. námu 1,8 milljörðum króna í lok árs 2002, þar af voru útlán um 72% og kröfur á lánastofnanir um 26% af heildareignum. Í árslok 2007 voru markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum í eigu sparisjóðsins töliverð, eða 845 milljónir króna en voru 88 milljónir árið áður.

[Þetta] var á þeim tíma þegar innlánin voru orðin mun meiri heldur en útlánin. Þá fórum við að leita leiða til að ávaxta innlánin en aukning útlána var ekki í takt við þau. Þannig að við vorum með umfram fé og urðum við að leita leiða til að ávaxta það betur. Þá fengum við ráðgjöf frá SPRON-Verðbréfum varðandi hugsanlega ávöxtunarmöguleika í verðbréfum og fórum svoltið eftir þeirri ráðgjöf.<sup>264</sup>

Í árslok 2008 voru verðbréfaeignir sparisjóðsins litlar en kröfur á lánastofnanir höfðu aukist til muna. Nb.is-sparisjóður hf. hafði þá flutt hluta fasteignalána sinna til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sem nýtti þau í verðbréfaverkefni sem gekk undir nafninu Geysir. Fyrir bréfin fékk nb.is-sparisjóður hf. kröfu á hendur móðurfélaginu. Í mars 2009 keypti MP Banki hf. nb.is-sparisjóð hf. af Dróma hf. og starfar í dag á kennitölu sparisjóðsins.

Mynd 17. Eignir nb.is-sparisjóðs hf. í árslok 2002–2008.<sup>265</sup>



#### SPRON-Verðbréf hf.

Í lok árs 2005 stofnaði sparisjóðurinn sérstakt félag um verðbréfavíðskipti, SPRON-Verðbréf hf. Félagið var alfarið í eigu sparisjóðsins en samkvæmt samþykktum félagsins frá 7. ágúst 2007 var tilgangur þess víðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og skyldur rekstur.

Meginviðfangsefni SPRON-Verðbréfa hf. voru eignastýring og verðbréfamiðlun fyrir sparisjóðinn og viðskiptavinum hans. Tilgangi SPRON-Verðbréfa hf. er svo lýst í lýsingu sparisjóðsins frá 2007, sem birt var í tengslum við skráningu í kauphöll:

Fjárfestingabankastarfsemin er vaxtabroddurinn í starfsemi SPRON og verið er að byggja upp öfluga fjárfestingabankastarfsemi undir nafni SPRON Verðbréfa hf. SPRON Verðbréf tók til starfa fyrri hluta ársins 2006 en áður hafði verðbréfastarfsemin verið innan móðurfélagsins SPRON en verðbréfavíðskipti hófust hjá fyrirtækinu árið 1986 þegar SPRON gaf út veðskuldabréf í samvinnu við Kaupþing að upphæð 15 milljónir

263. Skýrsla Geirs Þórðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. nóvember 2012.

264. Skýrsla Geirs Þórðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. nóvember 2012.

265. Ársreikningar nb.is-sparisjóðs hf. 2002–2008.

króna. [...] Eigin fjárfestingar SPRON eru hluti af fjárfestingabankastarfseminni. Þar eru ákvarðanir um fjárfestingar SPRON heildarinnar teknar í samráði við stjórn og forstjóra og fylgst með arðsemi þeirra.<sup>266</sup>

SPRON-Verðbréf sérhæfðu sig í verðbréfabjónustu til minni og meðalstórra fjárfesta á markaði. Starfsemin byggðist einkum á miðlun, eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf og rekstri verðbréfasjóða. Rekstrarfélag Spron hf., sem sá um rekstur verðbréfasjóða í nafni sparisjóðsins og hafði verið dótturfélag hans, varð dótturfélag SPRON-Verðbréfa hf. árið 2007. Starfsleyfi SPRON-Verðbréfa var fyrst gefið út í febrúar 2006 og náði þá til móttöku og miðlunar fyrir mæla og framkvæmdar slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila. Í apríl 2006 fékk félagið leyfi til að hefja viðskipti í kauphöll og í lok janúar 2007 starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Starfsmannafjöldi félagsins var 37 þegar mest var í ársbyrjun 2008.

Í stjórn SPRON-Verðbréfa hf. sátu starfsmenn sparisjóðsins og Frjálsa fjárfestingarbankans hf., Ósvaldur Kjartan Knudsen, Guðmundur Örn Hauksson, Ólafur Haraldsson og Kristinn Bjarnason. Framkvæmdastjóri þar til í nóvember 2008 var Jón Hallur Pétursson en þá tók Björg Kristinsdóttir við starfinu.

Smávægilegt tap varð af rekstri SPRON-Verðbréfa hf. á árinu 2005. Árið eftir skilaði félagið 79,7 milljónum króna í hagnað eftir skatt, árið 2007 163,1 milljón en árið 2008 var tap af rekstrinum rúmur 1 milljarður króna. Afkoma ársins 2007 vegna tekna af ráðgjafarþjónustu, einkum í tengslum við sölu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Byrs sparisjóðs á eignarhlut í Sparisjóðabankanum, en söluferlið var í umsjón SPRON-Verðbréfa hf. Tap ársins 2008 má rekja til niðurfærslu á lánum til viðskiptavina, en félagið lánaði gjarnan til verðbréfakaupa. Heildareignir SPRON-Verðbréfa hf. námu um 4,9 milljörðum króna í árslok 2006 en voru 8,8 milljarðar króna í árslok 2007. Um helming þeirrar aukningar má rekja til útlána til viðskiptamanna, sem voru engin í ársbyrjun 2007 en námu um 4,4 milljörðum króna í lok árs 2007. Útlán félagsins námu 1,6 milljörðum króna í árslok 2008.

SPRON-Verðbréf hugðust flytja þekkingu sína á verðbréfiðskiptum til Austur-Evrópulanda og hófust viðræður við aðila í fyrirtækinu Finhill í Litháen sem var í eigu ZiaValda Group. Finhill hafði verið greiningar- og verðmatsdeild innan ZiaValda Group en varð að dótturfélagi á árinu 2007 og voru starfsmenn þess 18. Rekstrarkostnaður var metinn um 350 þúsund evrur á ári og virði fyrirtækisins meira en 350 milljónir evra og stóð til að SPRON-Verðbréf myndi kaupa helmingshlut í félaginu.<sup>267</sup>

Síðan stofnuðum við verðbréfafélag í Litháen – verðbréfa og „trading“ félag – sem fór eiginlega aldrei af stað. Þetta var tími sem var ekki góður. [...] Við settum það í gang og áttum ágætis samstarfsaðila í Litháen, stórt fjárfestingarfélag sem heitir ZiaValda sem að ætlaði í rauninni að vera framkvæmdaaðilinn með okkur í þessu. En það sem þá vantaði fyrst og fremst voru tól og tæki, þekking og ferlar sem að við ætluðum að útvega og þeir að reka þetta. En það gekk illa bæði að yfirfæra tól og tæki og ferla. [...] Ferlana sem menn voru með í SPRON-Verðbréfum átti í rauninni að flytja yfir á annað félag en það var auðvitað menningarmunur og eitt og annað var þyngra en menn áttu von á. Það var allt, allt, allt annar kúltúr. [...] Það var engin verðbréfaeign [sett inn,] við bara settum inn hlutafé í félagið sem átti að nota til að ráða fólk og setja upp skrifstofu og byrja að kaupa og selja verðbréf. Þannig að þetta voru nú ekki miklir peningar [...] en ég man ekki hvað þetta voru miklir peningar.<sup>268</sup>

Niðurfærsla SPRON-Verðbréfa vegna Finhill voru 94 milljónir króna á árinu 2008.<sup>269</sup>

Bráðabirgðastjórn sparisjóðsins gerði samkomulag við Íslensk verðbréf hf. vorið 2009 um að taka að sér þjónustu á sviði vörslu og eignastýringar við viðskiptavinum sem áður voru hjá sparisjóðnum og SPRON-Verðbréfum hf. Samhliða var samið um að Rekstrarfélag ÍV tæki við rekstri sjóða sem áður voru starfræktir af Rekstrarfélagi Spron hf. Í ágúst 2009 var SPRON-Verðbréf hf. tekið til slitameðferðar.<sup>270</sup>

266. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2007.

267. Glærुकyning um Finhill, 28. nóvember 2007.

268. Skýrsla Valgeirs M. Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. desember 2012.

269. Tölvuskeyti Valgeirs M. Baldurssonar til KPMG hf. 4. desember 2008.

270. Þetta kemur t.d. fram í skýringum með ársreikningi félagsins fyrir árið 2011.

### Steinsnes ehf.

Steinsnes ehf. var dótturfélag sparisjóðsins og stofnað af honum árið 1998. Í grein 1.3 í samþykktum félagsins frá 31. janúar 2005 segir að tilgangur félagsins hafi verið kaup og sala verðbréfa, fjárfesting í fyrirtækjum, fasteignarekstur, eignaumsýsla og annar skyldur rekstur. Að sögn fyrrverandi framkvæmdastjóra hagdeildar sparisjóðsins kom Steinsnes ehf. einkum að smærri fjárfestingum og fullnustueignum að einhverju leyti.<sup>271</sup>

Á árinu 2006 var hlutfé Steinsness aukið tvisvar. Í ársbyrjun umbreytti sparisjóðurinn 28 milljóna króna viðskiptakröfu á hendur félaginu í hlutfé. Síðar á árinu var hlutfé félagsins hækkað um 200 milljónir króna. Á árinu 2007 var hlutfé aukið um 1.461 milljón króna. Stærsta verkefni Steinsness ehf. var fasteignaverkefni í Berlín sem var meðal annars rekið í gegnum nokkur dótturfélög félagsins.<sup>272</sup>

Samkvæmt ársreikningi Steinsness ehf. 2007 sátu í stjórn félagsins Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri, Jón Hallur Pétursson, framkvæmdastjóri SPRON–Verðbréfa hf., og Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, en hann var jafnframt framkvæmdastjóri Steinsness. Stjórninni bar að halda fundi einu sinni í mánuði þar sem kynnt voru ný verkefni og farið yfir framgang samþykktra verkefna. Með samningi frá júlí 2007 tók fyrirtækjaráðgjöf sparisjóðsins að sér daglegan rekstur og öflun fjárfestinga fyrir Steinsnes ehf. Jafnframt skyldi fyrirtækjaráðgjöf sparisjóðsins koma með tillögum að skipan í stjórnir félaga fyrir hönd Steinsness ehf.<sup>273</sup>

Félagið var rekið með tapi frá 2005–2008. Minnst var tapið árið 2007, eða um 733 þúsund krónur, en aftur á móti var rekstrartapið árið 2008 tæpir 2 milljarðar króna þegar niðurfærslur krafna námu 1.224 milljónum króna. Kröfurnar voru að mestu á hendur Mitte ehf. og Fasteignafélaginu Kurfurst ehf. sem fjallað er um í kaflanum hér á eftir.

Tafla 23. Fjárhagsupplýsingar Steinsness ehf. 2005–2008.<sup>274</sup>

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008
Eignir	66.785	577.828	4.498.929	3.330.910
Skuldir	78.870	474.078	2.935.023	3.610.951
Eigið fé	(12.085)	103.750	1.563.905	(280.041)
Hagnaður (tap)	(20.188)	(84.165)	(734)	(1.843.947)

Fjárfestingarstefna Steinsness ehf. frá apríl 2007 gerði ráð fyrir að félagið hefði á hverjum tíma fjárfestingargetu að hámarki 10% af eigin fé sparisjóðsins en arðsemiskrafa eigin fjár félagsins var 25% á ári. Hámarksfjárfesting í hverju einstöku verkefni var 2% af eigin fé sparisjóðsins á hverjum tíma. Mest máttu 10 verkefni vera í gangi á hverjum tíma og hlutdeild félagsins ekki meiri en 40% í hverju verkefni. Stefnan gerði ráð fyrir að 20% af heildarfjármagni væri stöðutaka í umbreytingarverkefnum, 30% stöðutaka í samrunaverkefnum, 30% þátttaka í fasteignaverkefnum og 20% af heildarfjármagni væri í milli-lagsfjármögnun (e. *mezzanine financing*). Æskileg lengd verkefna var skilgreind 6–18 mánuðir. Ný verkefni voru fyrst tekin til skoðunar hjá fyrirtækjaráðgjöf sparisjóðsins sem aflaði gagna og lagði mat á verkefnin og þátttakendur í þeim. Þar var stefna verkefna ákveðin, hvernig sölufæri yrði að þeim loknum og samkomulag gert við hlutaðeigandi aðila. Þá voru þau kynnt fjárfestingaráði og framkvæmdastjóra þar sem nánari útfærsla var ákveðin og þau síðan lögð fyrir til afgreiðslu.<sup>275</sup>

Stjórn sparisjóðsins samþykkti 23. ágúst 2006 að taka þátt í fasteignaverkefni í Berlín í Þýskalandi sem haldið var utan um í Steinsnesi ehf. Á árinu 2007 fjárfesti Steinsnes ehf. fyrir rúma 4 milljarða króna í íbúðarhúsnæði í miðborg Berlínar ásamt hópi fjárfesta. Keyptar voru um 320 íbúðir, samtals um 30.000 fermetrar. Hlutur Steinsness ehf. í verkefninu var 35% en stjórnun þess var í höndum fyrirtækjaráðgjafar sparisjóðsins. Vonir stóðu til að verkefnið gæfi góða ávöxtun á þremur til fimm árum með markvissri hækkun leigutekna

271. Skýrsla Valgeirs M. Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. desember 2012.

272. Skýrsla Valgeirs M. Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. desember 2012.

273. Tölvaskeyti Arnar Viðars Skúlasonar til Hörpu Gunnarsdóttur, Jóns Halls Péturssonar og Guðna Halldórssonar 21. ágúst 2007.

274. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Steinsness ehf. 2005–2008.

275. Fjárfestingafélög SPRON: Staða og stefna. Kynning fyrir stjórnarfund SPRON, 25. apríl 2007.

og almennri hækkun fasteignaverðs en lág leiga og lágt fermetraverð á húsnæði í Berlín í samanburði við aðrar stórborgir í Evrópu var talið merki um hækkun fasteignaverðs á komandi árum.<sup>276</sup>

Tafla 24. Eignarhlutir Steinsness ehf. í árslok 2005–2008.<sup>277</sup>

Þús. kr.	2005		2006		2007		2008	
	Eignarhluti	Bókfærð eign	Eignarhluti	Bókfærð eign	Eignarhluti	Bókfærð eign	Eignarhluti	Bókfærð eign
Hraunsnes ehf.	100%	557	100%	572	•	•	•	•
Einkaklúbburinn ehf.	100%	6.760	100%	3.736	•	•	•	•
Smartkort hf.	*	46.575	80%	58.487	•	•	•	•
Fasteignafélagið Kurfurst ehf.	•	•	100%	210.022	35%	310.022	35%	100.824
Mitte ehf.	•	•	•	•	100%	500	100%	500
Meingarður ehf.	•	•	•	•	100%	30.500	100%	**
Meingil ehf.	•	•	•	•	100%	**	100%	**
ESTIA hf.	•	•	32%	88.568	46%	88.568	46%	38.000
Eros ehf.	•	•	•	•	30%	195.000	30%	97.500
Polar Group ehf.	•	•	•	•	61%	60.000	•	•
Strengur fjárfestingar ehf.	•	•	•	•	40%	55.500	40%	–
LAREF – sjóður	•	•	•	•	•	149.469	•	134.916
Önnur félög	•	12.989	•	194.821	•	32.782	•	97.781

\* Samkvæmt ársreikningi Smartkorta hf. fyrir árið 2005 átti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis 25.1% í félaginu. Ársreikningur Steinsness ehf. segir ekki hver eignarhlutur Steinsness var í Smartkortum hf.

\*\* Eignarhlutir eru ekki gefnir upp í ársreikningi Steinsness ehf. og líklega falla þeir undir „önnur félög.“ Í ársreikningum félaganna sjálfra koma eignarhlutir Steinsness fram en að sjálfsgöðu ekki mat Steinsness á þeim og þar af leiðandi ekki upplýsingar um bókfærða eign.

Um þessa fjárfestingu sagði fyrrverandi stjórnarformaður sparisjóðsins:

Ef ég man þetta rétt þá voru starfsmenn hjá SPRON sem höfðu tengingar inn í þýskt umhverfi. Höfðu búið í Berlín ef ég man rétt og það kemur upp þarna verkefni. Á þessum tíma er fasteignaverð í Berlín mjög lágt og fjármögnun mjög hagstæð. Og einhvern veginn er svona farið í að skoða þessi mál. Sem endar með því að það er þarna ákveðinn pakki sem er fjármagnaður og svo átti SPRON eitthvað í þessu. [...] Þetta er kynnt fyrir stjórn þannig að það sé þekking á verkefninu og að þetta gæti verið arðsamt, bæði fyrir SPRON sem lánafélag og að taka þátt í því. [...] Þetta var í eldri hverfum bæjarins og þetta voru þá íbúðir uppi og jafnvel verslanir niðri. Langtímaleiga, sem sagt ... Og ég held að þetta hafi allt verið í útleigu og skilað fjárstreymi og staðið undir þeim skuldbindingum, að minnsta kosti þann tíma sem ég vissi um. [...] Ég held að [skrifstofa sparisjóðsins í Berlín] hafi bara verið að halda utan um verkefnið á staðnum.<sup>278</sup>

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 23. maí 2007 kom fram að fjárfestingarverkefni í Berlín gengju mjög vel og gæfu mikla arðsvon. Á fundinum var ákveðið að skipta starfsemi sem hafði verið í höndum Steinsness ehf. milli þriggja félaga eftir eðli verkefna. Félagin þrjú voru Steinsnes ehf., ÍsKal ehf., sem sá um fjárfestingar tengdar kortastarfsemi, og Hraunsnes ehf., sem hélt utan um fjárfestingar tengdar sparisjóðastarfsemi. Hraunsnes ehf. var dótturfélag Steinsness ehf. Á fundi stjórnar sparisjóðsins 17. júlí 2007 var samþykkt að auka hlutafé þessara félaga um samtals 1.226 milljónir króna sem áttu að skiptast þannig að 810 milljónir króna færu til Steinsness ehf., 430 milljónir króna til ÍsKals ehf. og 175 milljónir til Hraunsness ehf.<sup>279</sup> Samkvæmt ársreikningi Steinsness fyrir árið 2007 var hlutafé félagsins hins vegar aukið töluvert meira, eða um 1.461 milljón króna.<sup>280</sup>

Í tengslum við þetta fasteignaverkefni opnuðu SPRON-Verðbréf hf. skrifstofu í Berlín árið 2007 sem hafði umsjón með verkefninu og sinnti fyrirtækjaráðgjöf.<sup>281</sup> Fjallað var um opnun skrifstofunnar í fjölmiðlum og kom þar fram að hlutverk hennar væri „að veita ráðgjöf og annast fjárfestingar í fasteignum og fyrirtækjum í Þýskalandi, sem og á nálægum svæðum og bæta með því enn frekar þjónustu við einka- og fyrirtækjafjárfesta

276. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2007.

277. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Steinsness ehf. 2005–2008, ársreikningum Smartkorta hf. fyrir 2005 og 2006 og ársreikningi Estia hf. fyrir 2006.

278. Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

279. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 17. júlí 2007.

280. Ársreikningur Steinsness 2007.

281. Ársskýrsla SPRON 2007.

á Íslandi“.<sup>282</sup> Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrverandi stjórnarformaður að helstu verkefni skrifstofunnar hefðu verið að sinna fasteignaverkefnum.<sup>283</sup> Kristján Guðmundsson var ráðinn til að leiða fasteignahluta starfseminnar fyrir SPRON-Verðbréf hf. í Berlín. Haft var eftir forstjóra að sparisjóðurinn sæi „frekari tækifæri á þesum markaði og [horfði] einnig til Eystrasaltsríkjanna og Mið-Evrópu þar sem efnahagsumhverfið hefur tekið miklum breytingum á undanföllum árum“.<sup>284</sup> Heildartekjur sparisjóðsins af Berlínarverkefnum fyrir árið 2007 námu 1,9 milljónum evra, eða um 166 milljónum króna, sem skiptust milli Steinsness ehf. og SPRON-Verðbréfa hf.<sup>285</sup>

Í ársreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2008 námu hrein gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði, sem tilheyrðu Steinsnesi, 607 milljónum króna, þar af voru 403 milljónir króna vegna Kurfurst, 97,5 milljónir vegna Eros, 50,5 milljónir króna vegna ESTIA og 55,5 milljónir króna vegna Strengs fjárfestinga. Þá færði móðurfélag sparisjóðsins niður 113 milljónir króna vegna Kurfurst. Tap vegna sölu á eignarhluta í Polar Group nam 228 milljónum króna.

Þrátt fyrir að arðsemiskrafa eigin fjár Steinsness hafi verið 25% skilaði félagið tapi á hverju ári frá 2005 til 2008, samtals að fjárhæð 1.949 milljónir króna. Samkvæmt ársreikningi Steinsness fyrir árið 2011 var félagið í umsjón móðurfélags þess, Dróma hf. Eigið fé félagsins var þá neikvætt um 1.178 milljónir króna. Skuldir félagsins námu á sama tíma 4.962 milljónum króna en þar af voru skuldir við Dróma 4.284 milljónir. Gert hafði verið samkomulag við Dróma hf., sem stærsta lánardrottins félagsins, um endurfjármögnun þess. Andvirði seldra eigna á árinu 2011 nam 5,9 milljörðum króna og voru skuldir við þýskar lánastofnanir greiddar niður um 5,1 milljarð króna. Þær fasteignir sem eftir stóðu fóru í sölumeðferð.<sup>286</sup>

Fasteignafélagið Kurfurst ehf., Mitte ehf., Meingarður ehf. og Meingil ehf.

Fasteignafélagið Kurfurst ehf., Mitte ehf., Meingarður ehf. og Meingil ehf. héldu utan um fasteignaverkefni á vegum Steinsness ehf. erlendis. Að auki átti Fasteignafélagið Kurfurst ehf. 100% eignarhluta í Meingili ehf. í lok árs 2006 en Steinsnes ehf. átti 100% í félaginu ári síðar.

Fasteignafélagið Kurfurst ehf. átti félag í Svíþjóð og annað í Þýskalandi þar sem haldið var utan um sex fasteignir. Mitte, Meingarður og Meingil áttu hvert um sig eitt þýskt félag með eina fasteign hvert. Þýsku félögin í eigu Meingils og Fasteignafélagsins Kurfurst áttu svo saman annað þýskt félag sem átti þrjár fasteignir.<sup>287</sup> Íslensku félögin fjármögnuðu fjárfestingar þeirra erlendu í fasteignunum með fjármunum frá móðurfélagi sínu, Steinsnesi ehf., sem aftur fékk lán hjá sparisjóðnum.<sup>288</sup>

Tap var af rekstri Fasteignafélagsins Kurfurst ehf. árin 2007 og 2008, samtals um 41 milljón króna. Mitte tapaði tæpum 5 milljónum króna árið 2007 og hagnaðist um rúma milljón árið eftir. Meingarður ehf. tapaði 2 milljónum árið 2007 og 12 milljónum 2008. Tap Meingils ehf. fyrir sömu tvö ár var 426 þúsund krónur. Afkoma þessara félaga á árinu 2006 var lítil eða engin.

Félögin voru enn í fullum rekstri samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2011 og Drómi hf. meirihluta eigandi í gegnum Steinsnes ehf.<sup>289</sup>

Strengur fjárfestingar ehf.

Haustið 2006 vann sparisjóðurinn greiningu og verðmat á Remax-Íslandi og vaknaði þá áhugi eigenda félagsins á samstarfi við sparisjóðinn. Þeir buðu þátttöku í félagi sem myndi kaupa 50% hlut í Remax sérleyfishöfum í nokkrum löndum Evrópu. Í kynningu fyrirtækja-

282. „SPRON opnar skrifstofu í Berlín“, mbl.is 16. nóvember 2006, [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2007/11/16/spron\\_opnar\\_skrifstofu\\_i\\_berlin/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2007/11/16/spron_opnar_skrifstofu_i_berlin/).

283. Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

284. „SPRON opnar skrifstofu í Berlín“, mbl.is 16. nóvember 2006, [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2007/11/16/spron\\_opnar\\_skrifstofu\\_i\\_berlin/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2007/11/16/spron_opnar_skrifstofu_i_berlin/).

285. Kynning lögð fram á stjórnarfundum Steinsness ehf., 25. mars 2008.

286. Ársreikningur Steinsness 2011.

287. Tölvuskeyti Þorsteins Rafns Johnsen til Valgeirs Más Baldurssonar, Jóns Gunnars Vilhelmssonar og Kristjáns Björgvins-sonar 29. apríl 2009.

288. Skýrsla Gunnars Inga Halldórssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012.

289. Ársreikningur Fasteignafélagsins Kurfurst ehf. 2011.

ráðgjafar sparisjóðsins á verkefninu kom fram að markmið með aðkomu sjóðsins að félaginu væru m.a. að fjárfesta í verkefnum með góðri arðsemi á næstu þremur til fimm árum, að skapa þekkingu á mörkuðum og þróun þeirra og ná tengingu við tiltekin markaðssvæði sem hægt yrði að nýta við stofnun fjárfestingaverkefna og þjónustu við viðskiptavini.<sup>290</sup> Þessar hugmyndir voru kynntar fyrir stjórn sparisjóðsins á fundi 31. janúar 2007. Degi síðar samþykkti stjórn Steinsness ehf. að leggja fram hlutafjárframlag að fjárhæð 55,5 milljónir króna í Streng fjárfestinga ehf.<sup>291</sup> Steinsnes ehf. átti þá 40% í félaginu.

Á fyrri hluta árs 2008 voru 32 fasteignasölur starfandi á vegum Strengs í Englandi, 13 í Eystrasaltsríkjunum og 6 í Finnlandi. Væntingar voru um að félagið myndi skila jákvæðu sjóðstreymi í lok ársins 2008.<sup>292</sup> Ársreikningar árána 2007 og 2008 voru ekki endurskoðaðir og án sjóðstreymis.

Tafla 25. Fjárhagsupplýsingar Strengs fjárfestinga ehf.<sup>293</sup>

Pús. kr.	2007	2008
Eignir	264.919	212.234
Skuldir	216.582	248.610
Eigið fé	48.336	(36.377)
Hagnaður (tap)	(34.914)	(84.713)

Tap ársins 2007 var tilkomið vegna rekstrarkostnaðar, vaxtagjalda og gengismunar en engar rekstrartekjur voru hjá félaginu. Á árinu 2008 voru fastafjármunir vegna skrifstofa félagsins í Englandi, Finnlandi og Eystrasaltsríkjunum afskrifaðir um rúmlega 68 milljónir króna sem var helsta ástæða þess að félagið skilaði tapi upp á tæpar 85 milljónir króna það ár. Í ársreikningi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir árið 2008 eru gjaldfærðar 55,5 milljónir króna vegna Strengs fjárfestinga ehf. þegar eignarhluturinn í félaginu var að fullu færður niður.

#### ESTIA ehf.

ESTIA ehf. var stofnað á árinu 2006. Samkvæmt samþykktum félagsins frá 15. ágúst 2006 var tilgangur þess „þátttaka í atvinnurekstri, eignaumsýsla, ávöxtun fjármuna, verðbréfa- viðskipti, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur“.

Tafla 26. Fjárhagsupplýsingar ESTIA ehf.<sup>294</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008
Eignir	389.396	401.829	346.738
Skuldir	126.177	158.136	177.613
Eigið fé	263.219	243.694	169.125
Hagnaður (tap)	80.871	(13.797)	(74.569)

Hagnaður ársins 2006 var einkum vegna söluhagnaðar á fasteign félagsins. Tap á árinu 2008 má rekja til 61 milljónar króna taps á framvirkum samningum við fall bankanna í október 2008.<sup>295</sup> Í ársreikningi Sparisjóðsins árið 2008 eru færðar niður rúmar 50 milljónir króna vegna ESTIA ehf.

Á stjórnarfundum Steinsness 11. október 2006 staðfesti stjórn kaup á 32% hlut í ESTIA ehf. fyrir 88,5 milljónir króna að markaðsverði. Aðrir hluthafar í lok árs 2006 voru Líra ehf. (15,4%), Fjárfestingafélagið Fjörður (14%), Gráni ehf., (13,1%), Sigtryggur Guðlaugsson (12,6%) og Anton Benjamínsson (12,6%).<sup>296</sup> Ætlunin á þessum tíma var að félagið myndi sérhæfa sig í umbreytingarverkefnum.<sup>297</sup> Í lok árs 2006 voru helstu eignir félagsins samkvæmt ársreikningi þess 71,2% eignarhlutur í Slippnum á Akureyri, sem metinn var á 64

290. Tölvuskeyti Arnar Viðars Skúlasonar til Ólafs Haraldssonar, Jóns Halls Péturssonar og Valgeirs Más Baldurssonar 7. febrúar 2007.

291. Fundargerð stjórnar Steinsness ehf., 1. febrúar 2007.

292. Fundargerð stjórnar Steinsness ehf., 25. mars 2008.

293. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Strengs fjárfestinga ehf. 2007 og 2008.

294. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum ESTIA hf. fyrir 2006 til 2008.

295. Tölvuskeyti Jóns Halls Péturssonar til Jóns Gunnars Vilhelmssonar og Valgeirs Más Baldurssonar 18. desember 2008.

296. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

297. Tölvuskeyti Jóns Halls Péturssonar til Sigurjóns Rafnssonar 4. september 2006.

milljónir króna, og 49% eignarhlutur í plastbátaverksmiðjunni Seiglu ehf., sem metinn var á 20 milljónir. Þá átti félagið fasteignir við Naustatanga 2 og Hjalteyrargötu 22 á Akureyri. Bókfært verð þessara eigna var samtals 197,5 milljónir króna í lok árs 2006.

Á árinu 2007 töldu starfsmenn SPRON-Verðbréfa hf. að áform sem kynnt hefðu verið við innkomu í félagið um uppbyggingu á kröftugu fjárfestingafélagi gengju of hægt.<sup>298</sup> Í september 2007 var ESTIA ehf. rætt á stjórnarfundum Steinsness ehf. Þó félagið hefði skilað ágætri arðsemi hefðu markmið sem lagt var upp með ekki náðst. Stjórnin samþykkti heimild til að selja hlut Steinsness í félaginu.<sup>299</sup> Árið 2008 tóku SPRON-Verðbréf hf. á sig 25 milljóna króna tap vegna viðskipta ESTIA ehf. sem framkvæmd höfðu verið í september 2007.<sup>300</sup> Í janúar 2009 var gengið frá sölu Steinsness ehf. á 32,2% eignarhlut í ESTIA ehf. til Kristjáns Ásgeirssonar, stjórnarmanns ESTIA, fyrir 38 milljónir króna.

#### LAREF – (Landsbanki Aquila Real Estate Fund I)

LAREF var fagfjárfestisjóður sem stofnaður var í samstarfi Landsbankans og Askar Capital. Þegar lokað hafði verið fyrir fjárfestingar í sjóðinn í maí 2006 höfðu hlutdeildarskírteinishafar sjóðsins skuldbundið sig til að leggja 43,2 milljónir evra í sjóðinn. Stefna sjóðsins var að fjárfesta í fasteignum á mismunandi byggingarstigum í Austur-Evrópu og Mið-Austurlöndum. Fjárfestingatímabil sjóðsins var 18 mánuðir, þ.e. til nóvember 2007, og líftími sjóðsins fjögur ár með möguleika á framlengingu um eitt ár.<sup>301</sup>

Kallað var eftir fyrstu greiðslu vegna þátttöku í LAREF í febrúar 2007. Framkvæmdastjóri SPRON-Verðbréfa óskaði þá eftir því við starfsmann Landsbankans að selja hlutinn í sjóðnum, helst áður en til fyrstu greiðslu inn í hann kæmi.<sup>302</sup> Ekki varð af þessu. Í stjórnarfundargerð Steinsness 13. september 2007 segir að LAREF-verkefnið hafi ekki skilað því sem vonast hafi verið til, aðallega í þróunarverkefnum í Austur-Evrópu. Lagðar hafi verið fram 70 milljónir króna í verkefnið og samþykkt að stefna að því að komast út úr sjóðnum.<sup>303</sup> Í ársreikningi Steinsness 2007 var eignarhlutur í sjóðnum bókfærður á tæplega 150 milljónir króna. Samkvæmt kynningu fyrir fjárfesta 16. maí 2008 var sjóðurinn með fimm fjárfestingarverkefni í gangi, tvö í Dubai, tvö í Tyrklandi og eitt í Rúmeníu.<sup>304</sup>

Í árslok 2008 var bókfært verð Steinsness ehf. í LAREF tæpar 135 milljónir króna, eða 55,2 milljónir króna að nafnverði.<sup>305</sup> Sömu fjárhæðir voru í ársreikningi Steinsness fyrir árið 2009.<sup>306</sup>

#### Eros ehf. (Nordic Retail Partners ehf.)

Á fyrri hluta árs 2007 fjárfesti Steinsnes ehf. í Eros ehf. sem var á þeim tíma í eigu Sigurðar Jenssonar og Sjafnar Sóleyjar Kolbeins. Eros var samningsbundinn dreifiaðili fyrir La Senza vörumerkið og rak undirfataverslanir undir því vörumerki á Íslandi og í Noregi. Auk þess hafði félagið fengið leyfi til reksturs verslana í Svíþjóð og Finnlandi.<sup>307</sup> Steinsnes ehf. keypti 28,5% eignarhlut í félaginu fyrir 180 milljónir króna en lagði auk þess fram 15 milljónir króna til viðbótar í hlutafjárukningu félagsins. Að henni lokinni átti Steinsnes 30% í félaginu.<sup>308</sup> Í lok árs 2007 áttu Sigurður og Sjöfn hvort sín 30% í félaginu og Björgvin Jón Bjarnason 10%.<sup>309</sup> Í lok árs 2007 var eignarhlutur Steinsness í Eros bókfærður á 195 milljónir króna. Ári síðar var hann metinn á 97,5 milljónir króna og 48,7 milljónir króna

298. Tölvuskeyti Arnar Viðars Skúlasonar til Kristjáns Vilhelmssonar, Rúnars Sigurpálssonar, Jóns Halls Péturssonar og Valgeirs Más Baldurssonar 23. maí 2007.

299. Fundargerð stjórnar Steinsness ehf., 13. september 2007.

300. Tölvuskeyti Jóns Halls Péturssonar til Guðmundar Haukssonar 13. mars 2008.

301. Landsbanki Aquila Real Estate Fund I – Activity Update H1 2007, kynningarbæklingur Landsbankans og Askar Capital, 30. júní 2007.

302. Tölvuskeyti Jóns Halls Péturssonar til Gunnars Sveins Magnússonar og Arnar Viðars Skúlasonar 27. febrúar 2007.

303. Fundargerð stjórnar Steinsness ehf., 13. september 2007.

304. LAREF – Investor Meeting 2008, 16. maí 2008.

305. Ársreikningur Steinsness 2008.

306. Ársreikningur Steinsness 2009.

307. Hugsanleg aðild Steinsness að EROS ehf., 15. mars 2007.

308. Aðild Steinsness að EROS ehf., 31. mars 2007.

309. Samkvæmt hlutafjármíðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.



í lok árs 2009. Niðurfærslur á eignarhlutum komu til gjalda hjá Steinsnesi ehf.<sup>310</sup> Frá 2006–2008 var hagnaður af rekstri Eros ehf., samtals um 32 milljónir króna. Eros ehf. var úrskurðað gjaldþrota í nóvember 2012.<sup>311</sup>

#### Polar Group ehf.

Polar Group ehf. var stofnað 2004 en árið eftir eignaðist félagið 60,2% eignarhlut í R. Sigmundssyni ehf. sem var verslun og heildsala með vörur tengdar sjávarútvegi, útivist, landmælingum og fleira. Eignarhlutur Polar Group í R. Sigmundssyni var bókfærður á 39,2 milljónir króna í lok árs 2005.<sup>312</sup>

Í október 2007 var hlutafé Polar Group aukið um 97 milljónir króna og hlutur Steinsness í aukningunni 60 milljónir króna. Andvirði hlutafjárukningarinnar frá Steinsnesi var lagt inn á reikning R. Sigmundssonar sem ráðstafaði peningunum til greiðslu láns frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.<sup>313</sup> Á fundi stjórnar Steinsness 10. október 2007 var fjallað um stöðu einstakra verkefna og kom fram að rekstur R. Sigmundssonar væri í góðum farvegi og kaup á hlutafé væru frágengin. Í lok árs 2007 átti Steinsnes rúmlega 61% eignarhlut í Polar Group<sup>314</sup> en langstærsta eign félagsins þá var 75,7% eignarhlutur í R. Sigmundssyni.<sup>315</sup> Asparvík ehf. átti um 38,5% eignarhlut í félaginu á móti Steinsnesi. Asparvík hafði á árinu 2007 keypt aðra hluthafa út úr Polar Group.<sup>316</sup>

Árið 2007 var tap af rekstri R. Sigmundssonar ehf. tæpar 200 milljónir króna. Á stjórnarfundum Steinsness 16. janúar 2008 var fjallað um stöðu R. Sigmundssonar sem var mun verri en talið hafði verið stuttu áður.<sup>317</sup> Félagið væri að missa umboð sem það hefði haft auk þess sem staða á lager, kröfum og lánnum væri mun verri en talið hafði verið. Í febrúar 2008 var ákveðið að auka hlutafé í R. Sigmundssyni og skráði Polar Group sig fyrir 100 milljónum króna í aukningunni á genginu 1. Steinsnes lagði fram helming aukningarinnar á móti Asparvík ehf.<sup>318</sup> Í desember 2008 var samið um að Steinsnes fengi hlut Asparvíkur í Polar Group gegn yfirtöku á lánnum Asparvíkur hjá sparisjóðnum sem þá námu 106 milljónum króna.<sup>319</sup> Steinsnes seldi Polar Group til Gífsfélagsins ehf. fyrir eina krónu í desember 2008. Eigandi Gífsfélagsins í lok árs 2008 var Fjávirkir ehf.<sup>320</sup> en það félag var í eigu Sigurðar Jenssonar.<sup>321</sup> R. Sigmundsson ehf. var úrskurðað gjaldþrota í febrúar 2009 og Gífsfélagið ehf. varð gjaldþrota í nóvember 2011.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis færði niður 228 milljónir króna í lok árs 2008 vegna Polar Group en sundurliðanir vegna 2006 og 2007 sýna ekki tekju- eða gjaldfærslur vegna félagsins.

#### Rekstrarfélag Spron hf.

Rekstrarfélag Spron hf. var stofnað í ágúst 2004 og var tilgangur félagsins hvers konar rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Félagið var þá í 99,9% eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Árið 2005 stofnaði félagið fimm verðbréfasjóði. Í lok árs 2006 voru verðbréfasjóðirnir orðnir sex og fjárfestingarsjóðirnir tveir.

Í lok árs 2008 átti SPRON-Verðbréf hf. 90,9% hlut í Rekstrarfélagi Spron hf. og Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. 9,1%<sup>322</sup> en SPRON-Verðbréf og Frjálsi Fjárfestingarbankinn voru á þessum tíma bæði dótturfélög Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.<sup>323</sup>

310. Ársreikningar Steinsness ehf.

311. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

312. Ársreikningur Polar Group ehf. 2005.

313. Tölvuskeyti Arnar Viðars Skúlasonar til Einars Arnar Ævarssonar 8. október 2007.

314. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

315. Ársreikningur Polar Group ehf. 2007.

316. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

317. Fundargerð stjórnar Steinsness ehf., 16. janúar 2008.

318. Tölvuskeyti Arnar Viðars Skúlasonar til Ólafs Haraldssonar og Jóns Halls Péturssonar 26. febrúar 2008.

319. Tölvuskeyti þjónustustjóra á viðskiptabankasviði sparisjóðsins til Ólafs Haraldssonar 15. desember 2008.

320. Ársreikningur Gífsfélagsins ehf. 2008.

321. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

322. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.


323. Ársreikningur samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2008.

Tafla 27. Sjóðir starfræktir hjá Rekstrarfélagi Spron hf. 2005–2008.<sup>324</sup>

	2005	2006	2007	2008
<b>Verðbréfasjóðir</b>				
Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa	x	x	x	x
Alþjóðlegur hlutabréfasjóður	x	x	x	x
BRIK hlutabréfasjóður		x	x	x
Íslenskur hlutabréfasjóður	x	x	x	x
Skuldabréfasjóður stuttur	x	x	x	x
Skuldabréfasjóður langur	x	x	x	x
<b>Fjárfestingarsjóðir</b>				
Peningamarkaðssjóðurinn		x	x	
Stýrður hlutabréfasjóður		x	x	x

Rekstrarfélag Spron hf. hætti starfsemi í lok maí 2009 í kjölfar þess að Fjármálaeftirlitið yfirtók Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis í mars sama ár og voru allir sjóðir og aðrar eignir Rekstrarfélags Spron hf. þá fluttar til Íslenskra Verðbréfa hf.<sup>325</sup>

Mynd 18. Hrein eign sjóða Rekstrarfélags Spron hf. í árslok 2005–2008.<sup>326</sup>



Í lok árs 2007 námu hreinar eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags Spron hf. samtals 35,7 milljörðum króna og höfðu þá vaxið um 19,7 milljarða króna frá árinu á undan. Var vöxturinn einkum bundinn við peningamarkaðssjóð rekstrarfélagsins en hrein eign hans jókst úr 6,2 milljörðum króna í 23,4 milljarða<sup>327</sup> króna í árslok 2007. Hreinar eignir peningamarkaðssjóðs voru þá rétt tæp 66% af hreinum eignum rekstrarfélagsins.

Í töflu 28 má sjá sundurliðun á eignum peningamarkaðssjóðs Rekstrarfélags Spron í lok árs 2007 og í lok september 2008. Frá lokum árs 2007 til loka september 2008 jókst vægi innlána í peningamarkaðssjóðnum mikið eða úr 1,75% í 21,06% og voru þau þá stærsta fjárfesting hans. Í lok árs 2007 höfðu fjárfestingar í skuldabréfum útgefnum af Baugi Group hf. og Milestone ehf. vegið þyngst í peningamarkaðssjóðnum.

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 28. mars 2008 greindi forstjóri sjóðsins frá málefnum Nýsis en félagið var þá í lausafjárerfiðleikum og hafði óskað eftir framlengingu lána. Samþykkti stjórn sjóðsins að heimila forstjóra að flytja 2 milljarða

324. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Rekstrarfélags Spron hf.

325. Ársreikningur Rekstrarfélags Spron hf. 2008.

326. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Rekstrarfélags Spron hf. og upplýsingum úr skýrslum rekstrarfélagsins til Fjármálaeftirlitsins.

327. Rétt er að geta þess að mismunur er á upplýsingum um hreina eign peningamarkaðssjóðs SPRON sem fram kemur í ársreikningi Rekstrarfélags Spron hf. annars vegar og samkvæmt upplýsingum frá Arion verðbréfavörslu hf. (Verdis) hins vegar.

Tafla 28. Eignir peningamarkaðssjóðs Rekstrarfélags Spron hf.<sup>328</sup>

Fjárfesting	31.12.2006		31.12.2007		30.9.2008	
	Fjárhæð	Vægi	Fjárhæð	Vægi	Fjárhæð	Vægi
Innlán	67.530.105	1,09%	402.660.884	1,75%	3.302.892.607	21,06%
Milestone ehf.	-	-	2.673.414.000	11,61%	2.473.675.000	15,77%
Atorka Group hf.	610.135.000	9,84%	1.795.774.833	7,80%	1.847.456.875	11,78%
Baugur Group hf.	616.380.000	9,94%	2.842.810.590	12,35%	1.747.497.420	11,14%
Landic Property hf.	-	-	1.727.121.300	7,50%	1.519.062.500	9,69%
Samson eignarhaldsfélag ehf.	725.760.000	11,70%	2.139.079.861	9,29%	1.008.641.667	6,43%
Eyrir Invest ehf.	-	-	865.561.800	3,76%	867.697.850	5,53%
Exista hf.	650.320.000	10,49%	1.862.131.227	8,09%	673.187.000	4,29%
CCP hf.	-	-	670.039.260	2,91%	620.431.380	3,96%
Hf. Eimskipafélag Íslands	1.236.960.000	19,95%	516.500.000	2,24%	540.614.500	3,45%
Jarðboranir hf.	-	-	360.225.000	1,56%	405.420.290	2,59%
Og fjarskipti hf. (Vodafone)	-	-	243.162.800	1,06%	282.702.600	1,80%
Marel hf.	-	-	-	-	215.245.600	1,37%
Sparisjóður Mýrasýslu	-	-	-	-	117.759.000	0,75%
Sparisjóður Svarfdæla	-	-	-	-	58.879.500	0,38%
FL Group hf.	1.245.735.000	20,09%	2.194.833.439	9,53%	300	0,00%
Aker ASA	-	-	474.924.987	2,06%	-	-
Avant hf.	-	-	182.605.800	0,79%	-	-
Bakkavör Group hf.	-	-	232.946.560	1,01%	-	-
BG Capital ehf.	-	-	501.479.000	2,18%	-	-
Dagsbrún hf.	372.680.000	6,01%	373.403.450	1,62%	-	-
Gnúpur fjárfestingafélag hf.	-	-	504.951.700	2,19%	-	-
Íslenskir aðalverktakar hf.	-	-	246.631.200	1,07%	-	-
Nýsir hf.	138.391.000	2,23%	1.986.361.800	8,63%	-	-
Sæplast hf.	-	-	224.458.500	0,98%	-	-
Sparisjóðabanki Íslands hf.	306.480.000	4,94%	-	-	-	-
SPRON	230.493.120	3,72%	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>6.200.864.225</b>	<b>100,00%</b>	<b>23.021.077.991</b>	<b>100,00%</b>	<b>15.681.164.089</b>	<b>100,00%</b>

króna skuldbindingu Nýsis úr peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Spron, þannig að lánveitandi yrði SPRON. Voru því engin skuldabréf á Nýsi hf. í peningamarkaðssjóðnum í lok september 2008.

Slit á peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Spron hf.

Í kjölfar setningar laga nr. 125/2008 hinn 6. október 2008 var lokað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Spron.

Ellefu dögum síðar gaf Fjármálaeftirlitið út tilmæli til rekstrarfélaga verðbréfasjóða um slit á peningamarkaðssjóðum félaganna. Þau skyldu ekki opna fyrir innlausnir hlutdeildarskírteina í sjóðnum, heldur greiða sjóðsfélögum úr þeim þannig að allt laust fé hvers peningamarkaðssjóðs greiddist inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga í hlutfalli við eign þeirra. Var sérstaklega tekið fram í tilmælunum að hafa ætti jafnræði sjóðsfélaga að leiðarljósi.<sup>329</sup>

Í minnisblaði framkvæmdastjóra SPRON-Verðbréfa hf. um stöðu peningamarkaðssjóðsins frá 9. nóvember 2008 voru lagðar upp tvær leiðir til að greiða út úr sjóðnum til sjóðsfélaga. Til greina kæmi að greiða strax út til sjóðsfélaga það handbæra fé sem væri í sjóðnum og svo í framhaldi af því reglulegar greiðslur eftir því sem aðrar eignir yrðu seldar eða innheimtar. Þá mætti freista þess að selja allar eignir sjóðsins í einu lagi og greiða eina fullnaðargreiðslu til sjóðsfélaga. Þessa leið hefðu Byr, Glitnir, Landsbankinn og Kaupþing farið, þ.e. keypt öll bréf í eigu peningamarkaðssjóða rekstrarfélaga þeirra og greitt fyrir með reiðufé. Mat á eignum sjóðanna við þessi kaup hefði verið í höndum endurskoðunarfrýrtækja. Í minnisblaðinu kom enn fremur fram að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Byr sparisjóður, MP Fjárfestingarbanki og Íslensk verðbréf hefðu verið í samskiptum við viðskipta- og fjármálaráðuneyti um mögulega aðkomu stjórnvalda að lausn sjóða þessara félaga. Þessar fjármálastofnanir teldu að ríkið hefði með óbeinum hætti leyst úr vandræðum peningamarkaðssjóða rekstrarfélaga „ríkisbankanna“ með því að kaupa eignir úr

328. Byggt á upplýsingum frá Arion verðbréfavörslu hf. (Verdis) og upplýsingum úr skýrslum rekstrarfélagsins til FME.

329. „Peningamarkaðssjóðir rekstrarfélaga verðbréfasjóða“, vefsíða Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/447>.

þeim. Í þessu samhengi hefðu forsvarsmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis horft til jafnræðis- og samkeppnissjónarmiða. Rætt hefði verið við „ríkisbankana“ um að þeir keyptu eignir af sjóðum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og annarra minni fjármála-fyrirtækja. Í minnisblaðinu kom fram það mat forsvarsmanna sparisjóðsins að viðræður við Kaupþing og mögulega Landsbankann myndu taka of langan tíma og viðskiptavinir myndu ekki þola það að tilkynning frá sparisjóðnum drægist öllu lengur.

Í minnisblaði framkvæmdastjórans komu fram niðurstöður verðmats endurskoðunar-fyrirtækjanna KPMG og PricewaterhouseCoopers á eignum peningamarkaðssjóðsins. Við útreikning á útgreiðsluhlutfalli var miðað við stöðu sjóðsins 26. september 2008.<sup>330</sup> Heildarstærð sjóðsins<sup>331</sup> var 13,1 milljarður króna en þar af voru eignir í formi peninga í sjóði 2.066 milljónir króna.<sup>332</sup>

Tafla 29. Meðaltalsmat KPMG og PricewaterhouseCoopers á eignum peningamarkaðssjóðs SPRON hf.<sup>333</sup>

Krónur	Auðkenni	Virði	Meðaltalsmat KPMG	Meðaltalsmat PwC	Meðaltal KPMG og PwC
CCP hf.	CCP 09 0728	633.001.250	88%	100%	94%
Milestone ehf.	MILE 08 1026	2.525.410.959	75%	67%	71%
Sparisjóður Mýrasýslu	SPM 03/18	120.538.900	25%	95%	60%
Sparisjóður Svarfdæla	SPSVARF 03/18	60.269.450	50%	95%	73%
Atorka Group hf.	ATOR 06 1	251.455.250	75%	95%	85%
Atorka Group hf.	ATOR 07 2	506.064.000	75%	95%	85%
Atorka Group hf.	ATOR 07 8	1.091.479.000	75%	95%	85%
Baugur Group hf.	BAUG 07 2	618.232.560	88%	95%	91%
Baugur Group hf.	BAUG 08 1201	812.857.531	88%	95%	91%
Baugur Group hf.	BAUG 09 0122	319.703.700	88%	95%	91%
Exista hf.	EXISTA 07 2	711.514.890	25%	50%	38%
Eyrir Invest ehf.	EYRI 07 2	885.251.200	88%	100%	94%
FL Group hf.	FL 09 0709	314.011.800	38%	55%	46%
Marel hf.	MARL 08 1	219.608.400	88%	100%	94%
Samson eignarhaldsfélag ehf.	SAMS 07 5	1.028.483.000	13%	0%	6%
Landic Property hf.	STOD 09 0306	1.548.916.500	75%	95%	85%
<b>Samtals</b>		<b>11.646.798.390</b>	<b>7.979.530.065</b>	<b>9.021.391.174</b>	<b>8.500.460.619</b>
Útgreiðsluhlutfall		.	68,51%	77,46%	72,99%
Peningar í sjóði		2.065.981.355	.	.	.
Samtals		13.712.779.745	73,26%	80,85%	77,06%
<b>Verðgildi 26.9.2008</b>		<b>13.148.270.519</b>	<b>76,40%</b>	<b>84,33%</b>	<b>80,36%</b>

Á þessum tíma var sparisjóðurinn sjálfur langstærsti hlutdeildarskírteinishafi peningamarkaðssjóðsins en hann átti rúmlega 53% hlutdeildarskírteina. Auk þess áttu SPRON-Verðbréf hf. rúmlega 1,8%.<sup>334</sup> Tillaga að útgreiðslu samkvæmt minnisblaði framkvæmdastjóra SPRON-Verðbréfa hf. var að sparisjóðurinn myndi kaupa eignir peningamarkaðssjóðsins á verði sem svaraði til 85% útgreiðsluhlutfalls. Stjórn sparisjóðsins fjallaði um stöðu peningamarkaðssjóðsins á fundi sínum 10. nóvember 2008 og kom þar fram að sparisjóðurinn væri undir miklum þrýstingi frá viðskiptavinum sínum, sem jafnframt ættu hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóðnum, um að koma með sambærilega lausn og aðrar fjármálastofnanir. Sparisjóðurinn var á þessum tíma eina fjármálastofnunin sem ekki hafði leyst mál peningamarkaðssjóðs rekstrarfélags síns. Stjórnin samþykkti að kaupa eignir af peningamarkaðssjóðnum og að útgreiðsluhlutfall til hlutdeildarskírteinishafa yrði 85%, en fyrir fundinn var lagt áður nefnt minnisblað.<sup>335</sup>

330. Ástæða þess að útreikningur á útgreiðsluhlutfalli sjóðanna var miðaður við 26. september 2008 í minnisblaðinu var sú að 29. september 2008 hafði FL Group hf. farið í greiðslustöðvun. Hafði gengi peningamarkaðssjóðs rekstrarfélaga Glitnis og Byrs verið lækkað vegna þess. Þegar þeim sjóðum var síðan slitið endurspeglaði tilkynnt útgreiðsluhlutfall þeirra ekki þá lækkan sem orðið hafði á gengi sjóðanna við greiðslustöðvun FL Group heldur eingöngu tap sem orðið hafði eftir þann tíma. Þannig tilkynnti Glitnir að útgreiðsluhlutfall peningamarkaðssjóðs Glitnis væri 85,12% en ef horft var til 26. september 2008, áður en FL Group fór í greiðslustöðvun, reiknaðist útgreiðsluhlutfallið 79,22%. Í tilfelli peningamarkaðssjóðs Byrs var tilkynnt útgreiðsluhlutfall 94,9% en reiknað útgreiðsluhlutfall miðað við 26. september 88,13%.

331. Þá er átt við þá fjármuni sem voru til ráðstöfunar fyrir hlutdeildarskírteinishafa peningamarkaðssjóðsins.

332. Minnisblaði sparisjóðsins um stöðu peningamarkaðssjóðs SPRON, 9. nóvember 2008.

333. Minnisblaði sparisjóðsins um stöðu peningamarkaðssjóðs SPRON, 9. nóvember 2008.

334. Byggt á upplýsingum frá Arion verðbréfavörslu hf. (Verdis).

335. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 10. nóvember 2008.

Sparisjóðurinn sendi frá sér tilkynningu 11. nóvember 2008 um að útgreiðsluhlutfall til sjóðfélaga peningamarkaðssjóðs SPRON yrði 85,52% miðað við eign sjóðfélaga 3. október 2008. Upphæðin yrði lögð inn á innlánsreikninga í nafni sjóðfélaga 17. nóvember 2008 og sjóðsfélagar fengu bestu kjör á innlánsreikningum til loka árs 2009.<sup>336</sup>

## 17.4 Fjármögnun

Efnahagur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis stækkaði ört á því tímabili sem rannsóknin nær til og hefur þegar verið gerð grein fyrir stækkandi eignasafni útlána og fjárfestinga hér framar. Til þess að fjármagna vöxtinn þurfti sparisjóðurinn að afla fjár og léku innlán og lántökur þar stærst hlutverk, þótt skuldir við lánastofnanir vægju þungt á árinu 2008.

Tafla 30. Skuldir í ársreikningum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2005–2008.<sup>337</sup>

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008
Skuldir við lánastofnanir samtals	11.209.876	11.523.899	8.513.472	47.158.508
Innlán samtals	39.340.021	56.592.406	85.410.286	93.877.621
Lántaka samtals	44.445.350	69.642.032	89.096.537	94.821.696
Aðrar skuldir	1.190.005	3.091.926	4.363.444	15.549.455
Reiknaðar skuldbindingar samtals	1.808.345	3.659.005	3.618.726	802.995
Víkjandi skuldir	3.918.386	5.216.371	5.432.501	9.390.379
<b>Samtals</b>	<b>101.911.983</b>	<b>149.725.639</b>	<b>196.434.966</b>	<b>261.600.654</b>

Þeir skuldaliðir sem áttu þátt í eiginlegri fjármögnun starfseminnar voru innlán, lántaka, skuldir við lánastofnanir og víkjandi lán. Um þá verður fjallað hvern fyrir sig hér aftar. Meðal annarra skulda eru færðar veltufjárskuldir vegna gjaldfallinna framvirkra gjaldeyrissamninga við Fortis Bank og HSH Nordbank að fjárhæð 9,7 milljarðar króna. Einnig er bókuð skuldbinding upp á 1,7 milljarða króna vegna New Bond Street.

### 17.4.1 Innlán

Frá 1997 til 2004 var sparisjóðurinn að mestu leyti fjármagnaður með innlánnum en þá voru þau 53–71% af skuldum hans að undanskildu eigin fé.<sup>338</sup> Frá 2005 til 2008 var hlutfallið 36–43%, lægst árið 2008. Á sama tíma var hlutfall innlána af skuldum annarra sparisjóða á bilinu 54–56% og því má segja að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hafi fjármagnað sig að minna leyti með innlánnum en aðrir sparisjóðir.

Heimili voru um helmingur innlánseigenda hjá sparisjóðnum samkvæmt atvinnugreinaflokkun innlána sem var skilað til Seðlabanka mánaðarlega.<sup>339</sup> Meiri hluti innlána Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var óbundinn. Í byrjun árs 2008 minnkaði hlutur bundinna innlána hratt, en mikil breyting varð á binditíma innlána eftir fall viðskiptabankanna um haustið 2008. Í lok október 2008 var hlutfall bundinna innlána í sparisjóðnum 17% en í janúar 2009 höfðu þau náð 30%.

Samdráttur í bundnum innlánnum skýrist að einhverju leyti af tregðu fjármagnseigenda til að binda innlán sín lengi þegar eftirspurn eftir innlánnum jókst meðan þrengdi að fjármálastofnunum á erlendum lánamörkuðum og millibankamörkuðum. Með því að binda ekki innlán, eða binda þau til mjög skamms tíma, gátu innlánseigendur leitað eftir tilboðum í fjármagn og flutt það milli fjármálastofnana eða fjárfestinga eftir því hvaða kjör buðust og má sjá dæmi þessa síðar í kaflanum. Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008 um að allar innistæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum yrðu tryggðar að fullu, ásamt þeim forgangi í kröfur þrotabúa fjármálastofnana sem innlán fengu með lögum nr. 125/2008, hafði áhrif á eftirspurn eftir innlánnum. Þegar ljóst var að

336. Töluskeyti Ara Bergmanns Einarssonar 11. nóvember 2008.


337. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008.

338. Yfirlit um atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

339. Frá miðju ári 2007 til febrúar 2009.

stutt yrði við innlánsseigendur jókst vilji til þess að binda innlán. Á síðari hluta ársins 2008 hóf Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis átak til þess að auka bundin innlán í því skyni að bæta lausafjárstöðu sjóðsins.<sup>340</sup>

Mynd 19. Bundin og óbundin innlán Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá janúar 2005 til febrúar 2009.<sup>341</sup>



Frá árinu 2005 til 2007 voru helstu innlánsseigendur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis lífeyrissjóðir og dótturfélög sparisjóðsins, Rekstrarfélag Spron hf., Steinsnes ehf. og SPRON-Verðbréf hf. Árið 2008 tók hópur innlánsseigenda nokkrum breytingum þegar Íbúðalánasjóður varð stærsti innlánsseigandi sparisjóðsins en innlán hans jukust um tæpa 2 milljarða króna frá lokum september 2008 til 9. október 2008. Þá keypti sparisjóðurinn eigin skuldabréf af Íbúðalánasjóði sem lagði andvirðið inn sem innlán í sparisjóðinn. Síðla árs 2008 jukust innlán Vátryggingafélags Íslands hf. um 2 milljarða króna þegar félagið færði fjármuni úr peningamarkaðsinnláni á innlánsreikning hjá sparisjóðnum.

Innlán Rekstrarfélags Spron hf. drógust saman frá því sem áður hafði verið á árinu 2008, meðal annars vegna lokunar á sjóðum félagsins. Hinn 8. október 2008 nam innstæða á reikningum peningamarkaðssjóðs rekstrarfélagsins 1,1 milljarði króna<sup>342</sup> en þeim sjóði var lokað 17. nóvember 2008 og greitt úr honum til hlutdeildarskírteinishafa.<sup>343</sup> Innlán Steinsness ehf. minnkuðu vegna uppgreiðslu félagsins á lánum sínum samhliða myntbreytingu á lánum í lok árs 2008.

Við skýrslutökur fyrir rannsóknarnefndinni var fyrrverandi starfsmaður fjárfstýringar sparisjóðsins inntur eftir því hvort ráðist hefði verið í aðgerðir hjá sparisjóðnum til að auka innlán eða koma í veg fyrir útlæði þeirra þegar erfiðara varð að útvega laust fé í aðdraganda eða kjölfar falls bankanna haustið 2008. Sagði hann slíkt hafa verið gert, þó ekki með almennri hækkun innlánsvaxta sparisjóðsins heldur með boðum til stórra innlánsseigenda um sérstök kjör, jafnan gegn ákveðnum binditíma. Ef sparisjóðurinn hefði ekki boðið sams konar kjör og aðrir bankar hefðu innlánsseigendur flutt sig um set.<sup>344</sup> Af tölvupóstum milli starfsmanna sparisjóðsins í september 2008 má sjá að Glitnir banki hf. bauð þeim einstaklingi sem átti hæstu innlánin í sparisjóðnum 11% vexti á innlán í evrum með tveggja mánaða binditíma og mætti sparisjóðurinn því tilboði til að missa ekki fjármunina úr sjóðnum.<sup>345</sup>

340. Skýrsla Gunnars Inga Halldórssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012.

341. Lausafjaryfirlit Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, skýrslur unnar af sparisjóðnum og skilað til Seðlabanka Íslands mánaðarlega.

342. Upplýsingar úr reikningsyfirlitum yfir innlánsreikninga Rekstrarfélags Spron hf. sem Drómi hf. afhenti rannsóknarnefndinni.

343. „SPRON greiðir út allar eignir sjóðsfélaga úr Peningamarkaðssjóði“, vefsíða Samtaka fjármálafyrirtækja 11. nóvember 2008, <http://www.sff.is/frettir/frettir/nr/416>.

344. Skýrsla Gunnars Inga Halldórssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012.

345. Tölvuskeyti forstöðumans fjárfstýringar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til starfsmanns sparisjóðsins 1. október 2008.

### 17.4.1.1 Innlán Íbúðalánasjóðs í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á árinu 2008

Samkvæmt greinargerð fyrrverandi starfsmanns Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis óskaði Íbúðalánasjóður eftir því í maí 2008 að gera upp verðtryggð skuldabréf útgefin af sparisjóðnum,<sup>346</sup> sem Íbúðalánasjóður átti 2 milljarða króna að nafnverði af, en seldi honum í þeirra stað óverðtryggð skuldabréf. Lokagjalddagi verðtryggða skuldabréfaflokksins var 1. mars 2011. Að þessari ósk Íbúðalánasjóðs útbjó sparisjóðurinn nýjan óverðtryggðan skuldabréfaflokk með lokagjalddaga 30. desember 2010.<sup>347</sup> Til að bæta upp fyrir styttri líftíma nýja skuldabréfaflokksins varð það að samkomulagi að Íbúðalánasjóður keypti 800 milljónum króna meira af skuldabréfum í nýja flokknum en sparisjóðurinn keypti til baka skuldabréf í þeim eldri, 2.790 milljónir króna að nafnverði, og var gengið frá viðskiptunum 16. maí 2008. Sparisjóðurinn skuldbatt sig til að kaupa til baka 800 milljónir króna af nýja skuldabréfaflokknum 30. janúar 2009.<sup>348</sup>

Á fundi stjórnar Íbúðalánasjóðs 10. október 2008 var samþykkt að kaupa safn íbúðalána frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og tengdum aðilum fyrir 6,6 milljarða króna á bókfærðu verði, en skilyrði fyrir kaupunum var að sparisjóðurinn myndi kaupa upp skuldabréfaflokkinn sem var á gjalddaga 30. desember 2010 og uppkaupsvirðið yrði lagt inn í sparisjóðinn. Lítill markaður var með skuldabréf og með gildistöku neyðarlaganna 6. október 2008 var innistæðueigendum veittur forgangsréttur á kröfum sínum við slit fjármálafyrirtækja auk þess sem ríkisstjórnin hafði lýst því yfir að allar innistæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum yrðu tryggðar að fullu.<sup>349</sup> Fjárstýringardeild sparisjóðsins fékk samþykki sparisjóðsstjóra fyrir uppkaupum á skuldabréfaflokknum og að andvirðið yrði lagt inn í sparisjóðinn. Samþykkið var bundið því skilyrði að innlánsreikningurinn bæri sömu vexti og skuldabréfin og yrði bundinn til sama gjalddaga, þ.e. 30. desember 2010. Gekk þetta eftir og voru tæpir 2,9 milljarðar króna lagðir inn á bundinn reikning á nafni Íbúðalánasjóðs.<sup>350</sup>

Í lok janúar 2009 vann sparisjóðurinn að kyrrstöðusamningum við lánardrottna og var ekki í aðstöðu til að efna fyrrgreint samkomulag um að greiða Íbúðalánasjóði 800 milljónir króna, en lausafjárstaða sparisjóðsins var ekki góð. Greiðslan var hins vegar innt af hendi 27. febrúar 2009 þegar Íbúðalánasjóður tók út rúmar 860 milljónir króna af reikningi sínum hjá sparisjóðnum.<sup>351</sup>

### 17.4.1.2 Vátryggingafélag Íslands hf.

Vátryggingafélag Íslands hf. lagði 2 milljarða króna peningamarkaðsinnlán til 30 daga í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. 30. september 2008. Á sama degi gerði eigandi Vátryggingafélags Íslands hf., Exista hf., samning við sparisjóðinn um 2 milljarða króna peningamarkaðslán í 30 daga. Lánið til Exista hf. var samþykkt á stjórnarfundi 30. september 2008:

Aður en þessi liður var tekinn til umfjöllunar vék Erlendur Hjaltason af fundi. Óskað var eftir heimild stjórnar til lánveitingar til Exista að upphæð 2 ma.kr. í 30 daga. Áhætta vegna Exista er þá tæplega 2,5 ma.kr., sem er 20% af CAD hlutfalli. Þetta var samþykkt.<sup>352</sup>

Exista hf. hafði frá 11. febrúar 2008 fengið regluleg peningamarkaðslán hjá sparisjóðnum á bilinu 500 til 1.500 milljónir króna. Peningamarkaðslánið 30. september 2008 var framlengt í lok hvers mánaðar til 30 daga í senn, síðast 29. janúar 2009, en þá með gjalddaga

346. Flokkurinn var með auðkennið SPR 06 1 og samanstóð af verðtryggðum vaxtalausum eingreiðslubréfum. Hinn 1. mars 2006 gaf sparisjóðurinn út vixla í þessum flokki sem nam 3 milljörðum króna og 10. mars 2008 voru 3 milljarðar króna til viðbótar gefnir út.

347. Í þessum flokki, með auðkennið SPR 08 1, voru útgefnir 3 milljarðar króna 30. apríl 2008.

348. Greinargerð vegna fyrirspurnar Fjármálaeftirlitsins um tiltekin innlán Íbúðalánasjóðs hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 20. apríl 2009.

349. „Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar“, vefsíða forsætisráðuneytisins 6. október 2008, <http://www.forsætisraduneyti.is/frettir/nr/3032>.

350. Greinargerð vegna fyrirspurnar Fjármálaeftirlitsins um tiltekin innlán Íbúðalánasjóðs hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 20. apríl 2009.

351. Greinargerð vegna fyrirspurnar Fjármálaeftirlitsins um tiltekin innlán Íbúðalánasjóðs hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 20. apríl 2009.

352. Erlendur Hjaltason var annar tveggja forstjóra Exista hf. á þessum tíma og jafnframt stjórnarformaður sparisjóðsins. Guðmundur Hauksson, forstjóri sparisjóðsins og stjórnarmaður í Exista hf., sat jafnframt fundinn.

16. mars 2009. Í lok árs 2008 nam sérgreind niðurfærsla á afskriftareikningi sparisjóðsins vegna skulda Exista hf. 1,6 milljörðum króna.

Vátryggingafélag Íslands hf. endurnýjaði ekki peningamarkaðsinnlánið og lagði andvirðið inn á tékkareikning í sparisjóðnum 31. október 2008. Samkvæmt tölvupóstum starfsmanna sparisjóðsins frá því í janúar 2009 var farið með þennan tékkareikning og innistæðu hans sem um peningamarkaðsinnlán væri að ræða, þ.e. samið var um tímalengd hverju sinni og vextir greiddir á gjalddaga lánsins. Þessi samskipti sýna að vextir á tékkareikningnum hafi að minnsta kosti verið 21,75% frá lokum nóvember 2008 til 2. mars 2009. Frá 2. mars 2009 til 2. maí 2009 voru vextirnir 21,5%.<sup>353</sup> Hæstu innlánsvextir sem sparisjóðurinn bauð í vaxtatöflu sinni 11. nóvember 2008 voru 19% á vaxtabótareikningum með innistæðu hærri en 50 milljónir.<sup>354</sup> Á þessum tíma var ljóst að innistæður á tékkareikningi nutu innistæðutryggingar ríkissjóðs og forgangs í þrotabú fjármálastofnana en óvíst var hvort hið sama gildi um peningamarkaðsinnlán eða heildsöluinnlán.<sup>355</sup>

Í skýrslum fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að ekki hefði verið óvenjulegt að binda innlán á tékkareikningum í ákveðinn tíma gegn hærri vöxtum, einkum þegar lausafjárþurrðar fór að gæta í sparisjóðnum og áhersla var lögð á að afla stórra innlána og að binda þau helst til lengri tíma.<sup>356</sup> Þá kom fram hjá fyrrverandi framkvæmdastjóra fjárhagssviðs sparisjóðsins að honum hefði ekki þótt það óvenjulegt að sparisjóðurinn tæki við peningum, lánaði þá út og tæki vaxtamun fyrir.<sup>357</sup> Starfsmanni fjárfstýringar sparisjóðsins þótti þó óvenjulegt að fjármunir væru látnir flæða innan sömu samstæðunnar í gegnum sparisjóðinn, þ.e. frá Vátryggingafélagi Íslands hf. til sparisjóðsins og frá honum til Exista hf. Hann sagðist þó ekki hafa í fljótu bragði getað séð að slíkt hefði verið óleyfilegt og eftir að heimild fyrir þessum viðskiptum kom frá stjórninni hefðu þau verið framkvæmd.<sup>358</sup>

#### 17.4.2 Skuldir við lánastofnanir

Skuldir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við lánastofnanir voru skammtímaskuldir við önnur fjármálafyrirtæki og lánastofnanir, svo sem dag- og veðlán hjá Seðlabanka Íslands, lán til styttri tíma frá Sparisjóðabanka Íslands, skammtímalán frá erlendum bönkum, millibankalán við íslenskar fjármálastofnanir, úppgerðar skuldir í jöfnunarkerfum og þess háttar. Skuldir til lengri tíma teljast til lántöku og er fjallað um þær í kafla 17.4.3.

Skuldir við lánastofnanir voru á bilinu 4–18% af skuldum Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis að undanskildu eigin fé í árslok 2005 til ársloka 2008. Á árunum 2005–2007 voru skuldir við lánastofnanir á bilinu 8,5–11,2 milljarðar króna, en þær námu 47,2 milljörðum króna í árslok 2008.

Eftir að Guðmundur Hauksson tók við sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 1996 dró sparisjóðurinn sig smám saman út úr samstarfi við Sparisjóðbanka Íslands hf. og fór að leita leiða til að fjármagna sig sjálfur, sérstaklega erlendis.<sup>359</sup> Þegar kom fram á árið 2005 var engin skammtímafjármögnun sparisjóðsins fyrir tilstilli Sparisjóðabanka Íslands hf. Á árunum 2005 til 2007 voru skuldir sparisjóðsins við lánastofnanir að stærstum hluta vegna millibankalána við innlendar lánastofnanir. Á árinu 2005 námu peningamarkaðssamningar tæpum 10 milljörðum króna og veðlán hjá Seðlabanka Íslands 1,3 milljörðum króna.<sup>360</sup> Vægi dag- og veðlána jókst jafnt og þétt á árunum 2006 og 2007 en á sama tíma dró úr millibankalánum hjá innlendum lánastofnunum. Í árslok 2008 námu dag- og veðlán hjá Seðlabanka Íslands 47,2 milljörðum króna.<sup>361</sup>

353. Tölvuskeyti Stéfans Þórs Sigtryggssonar til Önnu Kristínar Björnsdóttur, Gunnars Inga Halldórssonar og Ósvalds Knudsen 2. mars 2009.

354. Vaxtatafla Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sem í gildi var 11. nóvember 2008.

355. Með dómum Hæstaréttar hafa heildsöluinnlán verið felld undir hugtakið innistæða samkvæmt íslenskum lögum og njóta því sömu réttinda og almennar innistæður. Má þar nefna dóm Hæstaréttar frá 28. október 2011 í máli nr. 311/2011. Var þar meðal annars tekið tillit til orðalags samnings, greiðslna í tryggingasjóð innistæðueigenda, aðgreiningar frá láni, aðgreiningu frá verðbréfi og hvort heildsöluinnlán væru þáttur í hefðbundinni almennri bankastarfsemi.

356. Skýrsla Gunnars Inga Halldórssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012; skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

357. Skýrsla Valgeirs M. Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. desember 2012.

358. Skýrsla Gunnars Inga Halldórssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012.

359. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

360. Upplýsingar úr sundurliðun innlána frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka sem KPMG afhenti rannsóknarnefndinni.

361. Yfirlit dag- og veðlána frá Seðlabanka Íslands, 2005–2011.




Aukningu í dag- og veðlánnum sparisjóðsins hjá Seðlabankanum á árinu 2008 má rekja til lausafjárerfiðleika sjóðsins. Þegar þrengdi að á erlendum lánamörkuðum reiddi sparisjóðurinn sig í æ meira mæli á innlenda banka, en eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008 varð fjármögnun þeirra fjármálafyrirtækja sem eftir stóðu erfið. Í lok september 2008 var lausafjárskortur sparisjóðsins orðinn viðvarandi og skammtímafjármögnun dýr. Stærsti hluti hennar fór þá fram fyrir milligöngu Kaupþings banka hf. á 250–350 punktum yfir REIBOR.<sup>362</sup> Við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á valdi hluthafafundar Kaupþings banka hf. 9. október 2008 þyngdist fjármögnun sparisjóðsins enn frekar og í stjórnfundargerð hans frá þessum degi er þess getið að lausafjárstaðan sé erfið því hún hafi byggst að miklu leyti á nánú samstarfi við Kaupþing banka hf. Við fall Kaupþings banka voru útistandandi skammtímalán sparisjóðsins hjá bankanum gjaldfelld og greiðslu krafist.<sup>363</sup> Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis reiddi sig eftir það nær eingöngu á fyrirgreiðslur frá Seðlabanka Íslands til skammtímafjármögnunar.

### 17.4.2.1 Seðlabanki Íslands

Seðlabanki Íslands veitir fjármálastofnunum lausafjárþyngingargreiðslu á veðlánsformi, gegn veði í verðbréfum, svokölluðum dag- og veðlánnum.<sup>364</sup> Veðlán Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hjá Seðlabanka Íslands í lok árs 2006 námu tæpum 3 milljörðum króna og til tryggingar veðlánunum voru settir ríkisvixlar og skuldabréf Íbúðalánasjóðs. Í lok árs 2007 námu veðlán hjá Seðlabanka Íslands tæpum 4,5 milljörðum króna gegn veði í ríkisvixlum og skuldabréfum Íbúðalánasjóðs, en í lok árs 2008 námu dag- og veðlán Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 47,2 milljörðum króna. Til tryggingar stóðu ýmis verðbréf að markaðsverðmæti 63,6 milljarða króna sem nánari grein er gerð fyrir hér aftar.

Mynd 20. Tryggingarandlag dag- og veðlána Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hjá Seðlabanka Íslands frá mars 2005 til mars 2009.<sup>365</sup>



Frá falli viðskiptabankanna í byrjun október fram til ársloka 2008 jókst skuldastaða sparisjóðsins við Seðlabanka Íslands um 19,3 milljarða króna en litlar breytingar urðu á stöðunni frá árslokum 2008 fram að yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á valdi hluthafafundar sparisjóðsins 21. mars 2009. Þá námu skuldir hans við Seðlabankann 47,8 milljörðum króna og skráð markaðsverðmæti trygginga fyrir þeim skuldum 57,2 milljörðum króna.

362. Mánaðarskýrsla hagdeildar SPRON, 30. september 2008.

363. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2008.

364. Nánar er fjallað um reglur um viðskipti lánastofnana við Seðlabanka Íslands í 6. kafla, um eftirlit með starfsemi sparisjóða.

365. Yfirlit dag- og veðlána frá Seðlabanka Íslands, 2005–2011. Bréf með auðkennið Aust 13,5% 19/3/08 í myndinni er jöklabréf útgefið af austurríska ríkinu.

Seðlabankinn tilkynnti sparisjóðnum 20. febrúar 2009 að fyrirgreiðsla við sjóðinn í dag- og veðlánum hefði náð leyfilegu hámarki miðað við fyrirliggjandi tryggingar. Forstöðumaður fjárstýringar sparisjóðsins óskaði sama dag eftir fundi með framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans til að ræða tryggingastöðu sparisjóðsins og gat þess að sparisjóðnum hefði ekki verið ljóst hvar mörk hámarksfyrirgreiðslu lægju fyrr en þennan dag.<sup>366</sup>

#### 17.4.2.1.1 Kaupþingsvixlar

Í mars 2008 jukust lán sparisjóðsins hjá Seðlabanka Íslands um rúma 10 milljarða króna en þau voru veitt gegn veði í því sem á mynd 20 eru kölluð bankabréf en voru eingöngu víxlar útgefnir af Kaupþingi banka hf. Sparisjóðurinn gaf út víxla sem bankinn keypti með eigin víxlum sem sparisjóðurinn setti svo að veði fyrir fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands.<sup>367</sup>

Við fall Kaupþings banka hf. féllu víxlarnir í veði og 20. október 2008 gerði Seðlabanki Íslands veðkall þar sem sparisjóðurinn var krafinn um auknar tryggingar vegna þeirrar eignarýrnunar. Á þessum tíma mat Seðlabankinn bréf bankanna í viðskiptum við fjármálafyrirtæki á 50% af virði þeirra.<sup>368</sup> Í kjölfarið lagði Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fram staðfestingu frá Íbúðalánasjóði þess efnis að sjóðurinn hygðist kaupa af sparisjóðnum 20 milljarða króna íbúðalánasafn og yrði hluti kaupverðsins greiddur með íbúðabréfum (HFF-flokkum). Seðlabanki Íslands veitti 9,2 milljarða króna lán gegn veði í staðfestingunni.<sup>369</sup>

Einn víxlaflokkanna frá Kaupþingi banka hf. var á gjalddaga 15. október 2008 en sparisjóðurinn hafði lagt að veði tæpa 6 milljarða króna að nafnverði af þeim flokki gegn rúmra 5,8 milljarða króna fyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum. Á gjalddaga víxlanna voru þeir færðir úr veðláni til einnar viku yfir í daglán. Sparisjóðurinn fékk 90% af nafnverði víxlanna í daglán til 10. nóvember 2008, að undanskildum 16. október 2008 þegar Seðlabankinn lánaði 97,09% af markaðsvirði víxlanna.

Samkvæmt 15. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 808/2008 frá 22. ágúst 2008 skal fjárhæð útistandandi daglána aldrei vera hærri en níutíu hundraðshlutar af markaðsvirði verðbréfa sem sett hafa verið til tryggingar þeim. Við skýrslutöku rannsóknarnefndarinnar af starfsmanni Seðlabanka Íslands kom fram að víxillinn hefði verið notaður til tryggingar dagláni, þrátt fyrir að hafa verið kominn fram yfir gjalddaga, vegna þess að sjóðurinn hefði ekki átt aðrar eignir sem hann gat sett sem tryggingu fyrir láninu. Starfsmenn Seðlabanka Íslands hefðu gert sér fyllilega grein fyrir því að þetta væri óeðlilegt og ekki samkvæmt reglum bankans, en stjórnendur bankans hefðu samþykkt fyrirgreiðslu til sjóðsins. Bankastjórar settu stafi sína við yfirlit um daglán til sparisjóðsins.<sup>370</sup> Um þetta sagði framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni:

Frádragið er bara ákveðið í reglunum og reglurnar eru settar af stjórunum og þeir geta breytt því ef þeir vilja. [...] Ég held að munnlegt samþykki [fyrir undanþágu] myndi teljast gilt samþykki en ég held að okkar verklag hafi verið það að fá þetta meira og minna allt undirritað. [...] En það var enginn ágreiningur um það milli starfsmanna bankans og bankastjórana að það væri heimilt. Og það að gera það ekki væri í rauninni það sama og að loka bönkunum. Þú verður að átta þig á því að hefðum við ekki gert þetta hefðum við þurft að loka sparisjóðnum af því þetta voru einu eignirnar, þeir gátu ekki borgað skuldina og þetta voru einu eignirnar sem þeir gátu afhent okkur til þess að við gætum samþykkt það að vera áfram með þá í lánaviðskiptum. Þannig að það að samþykkja ekki hefði verið það sama og að loka.<sup>371</sup>

366. Tölvuskeyti Ósvalds Knudsen til Sturlu Pálssonar 20. febrúar 2009.

367. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 sagði hann lausafjástöðu sparisjóðsins hafa verið góða framan af árinu 2008 og þessi fyrirgreiðsla gæti ekki hafa tengst lausafjárskorti.

368. Bréf Guðrúnar Ögmundsdóttur til Tryggva Pálssonar 17. desember 2008; skýrsla Gerðar Ísberg fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. október 2012.

369. Nánar er fjallað um staðfestingu Íbúðalánasjóðs í kafla 17.4.3.1.2.

370. Skýrsla Gerðar Ísberg fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. október 2012; tölvuskeyti Seðlabanka Íslands til rannsóknarnefndarinnar 17. janúar 2013.

371. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

## 17.4.2.1.2 GIIF 08 1

Frá 8. október 2008 og fram til þess er Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 21. mars 2009 veitti Seðlabanki Íslands sparísjóðnum fyrirgreiðslu gegn veði í eignavörðu, lagskiptu skuldabréfi, GIIF 08 1, sem gefið var út af sérstökum fagfjárfestasjóði, Geysi 2008-I Institutional Investor Fund. Sparisjóðurinn nýtti A-lag skuldabréfsins,<sup>372</sup> sem var að nafnverði 124,8 milljónir evra, til tryggingar vikulöngum veðlánnum hjá Seðlabankanum og B-lag, sem var að nafnverði 34,2 milljónir evra, til tryggingar daglánnum.

Sparisjóðurinn fékk vikulangt veðlán 8. október 2008 gegn veði í A-laginu. Veðsetningarhlutfall bréfsins vegna lánsins var 75% af markaðsverðmæti þess<sup>373</sup> en hámarksveðsetningarhlutfall vegna skuldabréfa í erlendri mynt var á þessum tíma 86% af markaðsverðmæti.<sup>374</sup> Tveimur dögum síðar, meðan A-lagið var enn þá nýtt til tryggingar veðláni, fékk sjóðurinn daglán með veði í skuldabréfinu að nafnverði 65,4 milljónir evra og var markaðsverðmæti bréfsins skráð 9,4 milljarðar króna.<sup>375</sup> Hámarksveðsetningarhlutfall daglána var 90% samkvæmt reglum Seðlabankans.<sup>376</sup> Í B-lagi skuldabréfsins lágu verðmæti að nafnverði 34,2 milljónir evra og því stóð það ekki eitt undir tryggingu lánsins. Ekki verður annað séð en að allt B-lag bréfsins ásamt þeim hluta A-lagsins sem ekki var veðsettur vegna daglánsins, 31,2 milljón evra, hefði verið nýtt sem veð fyrir dagláninu á þessum tíma og fram til 22. október 2008.<sup>377</sup>

Frá 22. október 2008 var nafnverð B-lagsins, 34,2 milljónir evra, nýtt til tryggingar daglánnum en á sama tíma var veðsetningarhlutfall A-lagsins 100% vegna vikulanga veðlánsins. Við skýrslutöku rannsóknarnefndarinnar af starfsmanni Seðlabanka Íslands kom fram að bankastjórn Seðlabankans hefði veitt undanþágu frá reglum nr. 808/2008 um 14% lágmarksfrádrag og hefði lánið verið veitt með þeim formerkjum.<sup>378</sup> Sparisjóðurinn var með lán hjá Seðlabanka Íslands með veði í GIIF 08 1 þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar sparísjóðsins 21. mars 2009. Um uppgjör skuldarinnar er fjallað í kafla 17.4.3.1.4.

## Geysir 2008-I Institutional Investor Fund

Um mitt ár 2007 komu upp hugmyndir hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis um að fjármagna íbúðalán með útgáfu verðbréfaðra skuldabréfa (e. *RMBS – residential mortgage backed securities*) í gegnum heildsölubanka erlendis eða hjá Íbúðalánasjóði, ef hugmyndir um að hann yrði að heildsölubanka yrðu að veruleika.<sup>379</sup>

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 28. nóvember 2007 veitti stjórn sjóðsins sparísjóðsstjóra og lyktilfrákvæmdastjórum sparísjóðsins heimild til að ljúka verðbréfunarferlinu. Heimildin gildi til að kaupa íbúðalán fyrir hönd sparísjóðsins fyrir allt að 1,2 milljarða króna af nb.is-sparisjóði hf. og allt að 11 milljarða króna af Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Jafnframt var sparísjóðnum heimilt að selja íbúðalán sín fyrir allt að 13 milljarða króna, ásamt lánnum nb.is og Frjálsa fjárfestingarbankans hf. til sjálfstæðs fjárfestingasjóðs.

Í mars 2008 var stofnaður sérstakur fagfjárfestasjóður, Geysir 2008-I Institutional Investor Fund (hér eftir Geysir 2008-I) til þess að gefa út verðbréfað skuldabréf með veði í fasteignalánasafni sparísjóðsins, en sjóðurinn var í umsjón Rekstrarfélags Spron hf.<sup>380</sup>

372. A-lagið var með hæsta lánshæfismat frá alþjóðlega matsfyrirtækinu Moody's.

373. Gjarnan er talað um frádrag, en mismunur á 100% og frádragshlutfallinu er veðsetningarhlutfallið. Frádragið er þá 25% hér.

374. Hámarksfrádrag var 14%.

375. Gengið á bréfinu sjálfu var alltaf 1 en þegar myntgengið breyttist, þ.e. gengi krónu gagnvart evru, hafði það áhrif á markaðsverði bréfsins sem gefið var út í evru en lánið var veitt í krónum.

376. Frádrag daglána mátti ekki fara undir 10%.

377. 25% af A-laginu var ekki veðsett en nafnverð þess var 124,8 milljónir evra. Því voru óveðsettar 31,2 milljónir evra. Sú fjárhæð, að viðbættu nafnverði B-lagsins sem var 34,2 milljónir evra, var samtals 65,4 milljónir evra.

378. Skýrsla Gerðar Ísberg fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparísjóðina 30. október 2012.

379. Ódagsett minnisblað sparísjóðsins um fjármögnun íbúðalána með verðbréfunarfyrirkomulagi.

380. Fundargerð stjórnar Rekstrarfélags Spron hf., 28. febrúar 2008.

## Verðbréfun íbúðalána

Við verðbréfun íbúðalána selur lánveitandi íbúðalán til heildsölubanka sem fjármagnar sig með lántöku eða útgáfu eignavaráns skuldabréfs (e. *asset backed security*). Skuldabréfið er selt fagfjárfestum og er algengt að skipta skuldabréfinu í þrjú lög (e. *tranches*) þar sem efsta lagið fær hæsta mögulega láns hæfi. Það láns hæfi er forsenda verðbréfunarinnar þar sem hátt láns hæfismat veitir aðgang að hagstæðri fjármögnun. Í sumum tilfellum eru gerðir afleiðusamningar samhliða, til dæmis ef greiðsluflæði lána er með öðrum vaxtakjörum eða í annarri mynt en útgefna skuldabréfið. Ef heildsölubanki er ekki hluti af ferlinu eru gjarnan stofnaðir sérstakir fjárfestingarsjóðir eða eignarhaldsfélög (e. *special purpose vehicle – SPV*) sem sjá um að gefa út eignavörðu skuldabréfin. Tilgangur verðbréfunar er að nýta eignir og framtíðarfjárfæði þeirra til að útvega hagkvæma fjármögnun og draga úr markaðs- og vaxtaáhættu fjármálastofnunar, þar sem útlánaáhætta frá viðkomandi lánastofnun flyst til kaupanda eignavara skuldabréfsins og þannig hefur verðbréfunin jákvæð áhrif á eiginfjárlutfall viðkomandi lánastofnunar.\*

Í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárförur og áhættugrunn fjármálfyrirtækja er verðbréfun skilgreind á eftirfarandi hátt:

Verðbréfun (e. *securitisation*): Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhætta tengd ákveðinni kröfu eða kröfusafni er lagskipt í hluta (e. *tranches*) með eftirfarandi hætti:

- Greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomunni af kröfunni eða kröfusafninu, og
- forgangsröðun laganna (e. *tranches*) ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins (e. *the subordination of tranches*).

\* Ódagsett minnisblað sparisjóðsins um fjármögnun íbúðalána með verðbréfunarfyrirkomulagi.

Sjóðurinn var skráður í Hollandi og stjórnarformaður hans var Guðmundur Örn Hauks-son, forstjóri sparisjóðsins. Í júlí 2008 keypti Geysir 2008-I fasteignatryggð íbúðalán af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fyrir 21 milljarð króna.

Lánunum var komið fyrir í einu heildarsafni og 23. júlí 2008 var gefið út skuldabréfið GIIF 08 1 sem var eignavarið skuldabréf í þremur lögum, að nafnverði 124,8 milljónir evra í A-lagi (e. *senior class A*), 32,4 milljónir evra í B-lagi (e. *mezzanine class B*) og 1,6 milljónir evra í C-lagi (e. *junior class C*). Skuldabréfið var með ársfjórðungslegum vaxta- og höfuðstólsafborgunum og var til 45 ára. Í samningnum var kaupréttarákvæði og gat sparisjóðurinn keypt íbúðalánin til baka eftir fimm ár.<sup>381</sup>

Tilgangur verðbréfunarinnar var að nýta eignir sjóðsins til að útvega honum ódýra fjármögnun en forstjóri hafði til að mynda lýst því á fundi stjórnar 6. júní 2008 að sjaldan eða aldrei hefði aðgengi að lausu fé verið erfiðara. Búist var við að sala bréfsins gæti dregist vegna stöðu á fjármálamörkuðum en verðbréfunarferlið tók einnig mið af því að sparisjóðurinn gæti notað bréfið í veðlánaviðskiptum við Seðlabanka Íslands eða seðlabanka í Evrópu þar til hagstæðari skilyrði yrðu á fjármálamörkuðum.<sup>382</sup> Í vinnugögnum sparisjóðsins var gengið út frá því að fyrirkomulagið hefði jákvæð áhrif á eiginfjárlutfall sjóðsins þar sem útlánaáhætta vegna fasteignalánanna færðist frá sparisjóðnum til endanlegra fjárfesta. Það var þó háð því að endanlegir fjárfestar keyptu skuldabréfin en það gekk ekki eftir. Skuldabréfið seldist ekki en sparisjóðurinn fékk sjálfur skuldabréfið sem greiðslu fyrir þau lánasöfn sem flutt voru í Geysi 2008-I.

Í júlí 2008 hertu Seðlabanki Evrópu og Seðlabanki Lúxemborgar reglur um veðhæf bréf sem gerði það að verkum að ekki var mögulegt að nýta skuldabréfið sem veð fyrir fyrirgreiðslu frá þeim. Seðlabanki Íslands samþykkti lánveitingar til sparisjóðsins 8. og 9. október 2008 gegn tryggingu í skuldabréfinu, annars vegar 4,6 milljarða króna daglán (90% af markaðsvirði B-flokks) og hins vegar 12,7 milljarða króna veðlán (75% af markaðsvirði

381. Ódagsett minnisblað sparisjóðsins um fjármögnun íbúðalána með verðbréfunarfyrirkomulagi.

382. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 28. nóvember 2007.

A-flokks), en sú lánveiting var hugsuð til skamms tíma, eða sem svokallað brúarlán, þar til sjóðurinn næði samningum við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu og við Íbúðalánasjóð um kaup á útlánum tryggðum með fasteignaveði.<sup>383</sup>

#### 17.4.2.1.3 Fyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 22. október 2008

Stjórnarfundargerðir og tölvupóstsamskipti á milli starfsmanna sparisjóðsins sýna að áhersla var lögð á samstarf við Íbúðalánasjóð til þess að fjármagna sparisjóðinn eftir að viðskiptabankarnir féllu. Í því augnamiði útbjuggu starfsmenn nokkrar tillögur að lána-söfnum til að selja Íbúðalánasjóði. Á stjórnarfundum Íbúðalánasjóðs 10. október 2008 var samþykkt að kaupa 6,6 milljarða króna safn íbúðalána frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. og var yfirlýsing þess efnis send Seðlabankanum. Þessi yfirlýsing var ekki nýtt sem veð í dag- og veðlánaviðskiptum við Seðlabankann.

Það var hins vegar 22. október 2008 sem Seðlabanki Íslands veitti Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fyrirgreiðslu á grundvelli ákvörðunar stjórnar Íbúðalánasjóðs um að kaupa 20,2 milljarða króna lána-safn af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Við staðfestingu á þessari ákvörðun fékk sparisjóðurinn 9,2 milljarða króna daglán allt fram til 13. janúar 2009 en eftir það veðlán til einnar viku í senn sem nam 10,2 milljörðum króna. Lánið var enn útistandandi þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar sparisjóðsins 21. mars 2009.<sup>384</sup> Þáverandi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, Guðmundur Bjarnason, sendi Seðlabanka Íslands staðfestingu á fyrirhuguðum kaupum með tölvuskeyti 22. október 2008:

Það staðfestist hér með að stjórn Íbúðalánasjóðs hefur á fundi sínum í dag samþykkt að kaupa af SPRON skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði fyrir 20 milljarða kr. Samningurinn verður undirritaður þegar gengið hefur verið frá reglugerð um kaup Íbúðalánasjóðs á slíkum bréfum af fjármálastofnunum í samræmi við lög nr. 125/2008 og stjórn SPRON hefur fallist á efnisatriði umrædds samnings. Gera má ráð fyrir að endanlegur frágangur taki einhverja daga en stefnt er að því að ljúka máli þessu fyrir lok þessarar viku.<sup>385</sup>

Drög að samningi um kaup Íbúðalánasjóðs á lána-safninu af sparisjóðnum hljóðuðu upp á 20,2 milljarða króna. Við undirritun skyldi greiða 5,1 milljarð króna í reiðufé og 11 milljarða króna með skuldabréfum útgefnunum af Íbúðalánasjóði (HFF-flokkum) sem uppfylltu veðhæfisreglur Seðlabanka Íslands. Lokagreiðsla færir fram 20. október 2016 og skyldi hún nema 4 milljörðum króna í íbúðabréfum eða markaðshæfum verðbréfum.

Í reglum nr. 808/2008 um viðskipti fjármála fyrirtækja við Seðlabanka Íslands kemur ekki fram að hægt sé að nýta annað en verðbréf sem veð fyrir dag- og veðlánunum, en staðfesting framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs getur varla talist til verðbréfa. Sé litið fram hjá því að ekki var um verðbréf að ræða ætti 13. gr. umræddra reglna ef til vill best við, en í henni sagði:

Liggi viðmiðunarverð verðbréfa ekki fyrir á skipulegum verðbréfamarkaði eða hjá viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir, er ekki hægt að nota viðkomandi verðbréf sem fjárhagslega tryggingarráðstöfun nema til komi sérstök ákvörðun bankastjórnar. Sama gildir um verðbréf sem ekki hafa lánshæfismat frá þeim matsfyrirtækjum sem Seðlabankinn viðurkennir.

Þegar rannsóknarnefndin innti eftir formlegu samþykki bankastjórnar fyrir því að taka staðfestingu Íbúðalánasjóðs til sparisjóðsins sem gilt veð var henni afhent afrit af tölvuskeyti frá Ingimundi Friðrikssyni, einum þriggja þáverandi seðlabankastjóra, til starfsmanna bankans frá 22. október 2008, þar sem hann áframsendi áður nefnda staðfestingu framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs á kaupum á lána-safninu. Í skeyti Ingimundar stóð „Til uppl. IF“. Formlegt samþykki bankastjórnar fyrir því að taka yfirlýsinguna að veði virðist því ekki hafa legið fyrir, en samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Seðlabankans til rannsóknarnefndarinnar voru „[m]ikil samskipti [...] við bankastjórn á þessum tíma, daglegir fundir og ýmis samskipti þar á milli. Öll ný veð sem minnsti vafi lék á að féllu ekki

383. Bréf Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins 12. mars 2009; tölvuskeyti Ósvalds Knudsen til Gerðar Ísberg 8. október 2008.

384. Nafnverð yfirlýsingar sjóðsins var skráð 10,2 milljarðar króna hjá Seðlabanka Íslands, 10% frádragi var beitt vegna daglána en ekkert frádrag var vegna veðlánanna. Í fyrirhuguðum kaupsamningi var markaðsverðmæti Íbúðalánasjóðsbréfa (HFF) sem nota átti til greiðslu fyrir hluta lána-safnsins 10,2 milljarðar króna.

385. Tölvuskeyti Guðmundar Bjarnasonar til Sturlu Pálssonar og Tryggva Pálssonar 22. október 2008.

undir reglur 808 frá ágúst 2008 voru borin undir yfirmenn bankans.<sup>386</sup> Að minnsta kosti einn bankastjórnari setti stafi sína á yfirlit yfir daglán og veð að baki þeim þar sem yfirlýsingin kemur skýrt fram.<sup>387</sup> Framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans lýsti því fyrir rannsóknarnefndinni hvaða veð bankinn mætti taka fyrir fyrirgreiðslum:

[Þ]að er ákvæði í reglunum og þegar þú ert kominn í aðrar eignir en þær sem taldar eru upp, þessar hefðbundnu eignir, þá eru í Seðlabankanum seðlabankastjórnir nánast alvald eða allsráðandi. Þeir staðfesta reglurnar og hafa fullt frelsi í reglunum sjálfum til þess að breyta þeim. [...] [V]ið breyttum þessum reglum þrisvar árið 2008 til þess að opna á að þeir gætu skilað okkur fasteignaveðbréfum og eignavörðum bréfum til þess að við þyrftum ekki að taka þau beint, til þess að þeir gætu pakkað þessu saman og gert þetta þannig úr garði að við gætum tekið við þessu án þess að þurfa að ráða tugi eða hundruð manna í vinnu við að halda utan um þetta.<sup>388</sup>

Skjöl Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis um greiðsluflæði 22. október 2008 sýna að þrátt fyrir að tekist hefði að útvega 10,2 milljarða króna með því að leggja yfirlýsingu Íbúðalánasjóðs að veði til tryggingar veðláni við Seðlabankann dugðu lausafjáreignir aðeins fyrir útgreiðslum dagsins. Þetta var meðal annars vegna þess að tveimur dögum áður hafði Seðlabankinn gert veðkall á sparisjóðinn vegna Kaupþingsvixla sem notaðir voru sem tryggingar fyrir fyrirgreiðslum og óskað eftir öðrum tryggingum. Samkvæmt sama skjali átti sparisjóðurinn ekki laust fé til þess að mæta skuldbindingum næsta dags og var uppsöfnuð lausafjárþörf fram til loka ársins 2008 26,5 milljarðar króna.<sup>389</sup>

Ekkert varð af fyrirhuguðum kaupum Íbúðalánasjóðs á lánasafni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Við úrvinnslu Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. á kröfum vegna dag- og veðlána Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var þáverandi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs inntur svara af lögfræðingi Seðlabanka Íslands um hvers vegna kaup Íbúðalánasjóðs á lánasafni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hefðu ekki gengið eftir.<sup>390</sup> Framkvæmdastjórinn sagði setningu reglugerðar sem heimilaði kaupin hafa dregist til 26. nóvember 2008.<sup>391</sup> Stjórn Íbúðalánasjóðs hefði staðfest eigin reglur um kaup lánasafna af fjármála-fyrirtækjum 15. janúar 2009<sup>392</sup> og þá hefði verið óskað eftir því við sparisjóðinn að fá lánasafnið sem selja átti til að meta og yfirfara. Sparisjóðurinn sagðist þá vilja endurskoða afstöðu sína til þeirra skuldabréfasafna sem áður höfðu verið boðin Íbúðalánasjóði til kaups, sérstaklega skuldabréfa frá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. sem báru breytilega vexti.<sup>393</sup> Samkvæmt greinargerð Íbúðalánasjóðs til rannsóknarnefndar og skýrslutöku af starfsmanni Íbúðalánasjóðs voru samskipti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Íbúðalánasjóðs vegna kaupa á lánasafni sparisjóðsins lítil sem engin á árinu 2009.<sup>394</sup> Á meðan naut sparisjóðurinn fyrirgreiðslu vegna staðfestingarinnar frá 22. október 2008.<sup>395</sup>

Hinn 24. febrúar 2009 beindi Seðlabanki Íslands því til fjögurra ráðuneyta (forsætis-, fjármála-, viðskipta- og félagsmálaráðuneytis) að ná lendingu í viðræðum fjármálastofnana við Íbúðalánasjóð. Þáverandi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs ritaði sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis bréf 25. febrúar 2009 þar sem áréttað var að Íbúðalánasjóður væri tilbúinn að halda áfram þeim viðræðum sem í gangi voru um kaup sjóðsins á fasteignaveðbréfum fjármálafyrirtækja. Þrátt fyrir samningaviðræður milli Íbúðalánasjóðs og sparisjóðsins í kjölfarið tókst ekki að ljúka samningum.<sup>396</sup>

386. Tölvuskeyti Gerðar Ísberg til Tinnu Finnbogadóttur 6. nóvember 2012.

387. Tölvuskeyti Seðlabanka Íslands til rannsóknarnefndarinnar 17. janúar 2013.

388. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

389. Tölvuskeyti Stefáns Þórs Sigtryggssonar til Guðmundar Haukssonar, Valgeirs Más Baldurssonar, Páls Árnasonar, Ólafs Haraldssonar, Jóns Gunnars Vilhelmssonar, Jóns Halls Péturssonar, Ósvalds Knudsen og Gunnars Inga Halldórssonar 22. október 2008.

390. Tölvuskeyti Magnúsar Inga Erlingssonar til Guðmundar Bjarnasonar 29. maí 2009.

391. Reglugerð nr. 1081/2008 um heimild Íbúðalánasjóðs til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

392. Í 4. gr. reglugerðar nr. 1081/2008 segir að stjórn Íbúðalánasjóðs geti sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um meðferð umsókna og lánasamninga sem gerðir eru á grundvelli umsókna samkvæmt 2. gr. sömu reglna.

393. Tölvuskeyti Guðmundar Bjarnasonar til Seðlabanka Íslands 2. júní 2009.

394. Skýrsla Inga Kristins Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012.

395. Fyrirhuguð kaup Íbúðalánasjóðs á skuldabréfasafni SPRON í október 2008, greinargerð Íbúðalánasjóðs, 18. október 2012.

396. Tölvuskeyti Guðmundar Bjarnasonar til Seðlabanka Íslands 2. júní 2009. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 kom fram að hann teldi sparisjóðinn hafa greitt um fjóra milljarða í vaxta-kostnað til Seðlabankans vegna fyrirgreiðslna frá október 2008 til mars 2009.

Íbúðalánasjóði barst beiðni frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 18. mars 2009 um kaup á lánasöfnum fyrir samtals 43 milljarða króna. Á sama tíma lýsti sparisjóðurinn yfir áhuga á að selja Íbúðalánasjóði skuldabréf í erlendri mynt fyrir allt að 20 milljarða króna til viðbótar. Beiðninni hafði ekki verið svarað þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar sparisjóðsins 21. mars 2009.<sup>397</sup>

Vafi lék á gildi yfirlýsingarinnar frá 22. október 2008 sem veðs og í heildarsamkomulagi milli slitastjórnar sparisjóðsins og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. var fallið frá 10,2 milljarða króna kröfu á hendur Íbúðalánasjóði vegna loforðs um kaup á skuldabréfi af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis tryggðu með veði í fasteignaveðskuldabréfum samkvæmt yfirlýsingunni.<sup>398</sup>

#### 17.4.2.1.4 Fasteignatryggð veðskuldabréf

Hinn 26. nóvember 2008 samþykkti Seðlabanki Íslands að taka fasteignatryggð veðskuldabréf að nafnverði tæpir 7,5 milljarðar króna að veði fyrir tæplega 3 milljarða króna dagláni.<sup>399</sup> Sparisjóðurinn fékk lánafyrirgreiðslu gegn veði í lánasafninu fram að falli hans en veðsetningarhlutfallið breyttist nokkuð á tímabilinu. Hæst fór hlutfallið í 65% og nam lánsfjárhæðin þá tæpum 4,9 milljörðum króna. Í safninu voru 497 lán frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. og nb.is-sparisjóði hf. Þessi bréf voru ekki tryggingarhæf samkvæmt reglum Seðlabankans nr. 808/2008.<sup>400</sup>

Hinn 10. desember 2008 lagði sparisjóðurinn að veði skuldabréf Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. í erlendri mynt, jafnvirði um 13,1 milljarðs króna að bókfærðu virði, vegna fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands. Í safninu voru 215 veðskuldabréf útgefin af fyrirtækjum og 196 veðskuldabréf útgefin af einstaklingum, samtals 411 skuldabréf í erlendri mynt.<sup>401</sup> Lánsfjárhæðin var á bilinu 4,6–9,6 milljarðar króna og stjórnadist af lausafjárþörf sjóðsins hverju sinni. Fjárhæðin var stillt af með því að beita mismunandi frádragi vegna þessara veða, hæst var það rúm 76% og lægst 35%. Seðlabankinn kannaði ekki hvort um var að ræða sömu lán og þau sem sparisjóðurinn hugðist selja Íbúðalánasjóði.<sup>402</sup> Skuldabréfin voru flutt í kössum til Seðlabanka Íslands og geymd þar í skjalageymslum.<sup>403</sup>

Hinn 5. mars 2009 var laust fé sparisjóðsins uppurið en með því að auka veðsetningarhlutfall fasteignatryggðra veðskuldabréfa hjá Seðlabanka Íslands var honum útvegað meira laust fé. Veðsetningarhlutfallið var hækkað úr tæpum 59% í 65% og fékk sparisjóðurinn þannig viðbótarfyrirgreiðslu upp á rúma 1,3 milljarða króna. Um bráðabirgðalausn var að ræða og þótti fyrirsjáanlegt að sjóðurinn myndi fljótlega standa aftur frammi fyrir lausafjárþurrð að öðru óbreyttu.<sup>404</sup> Forsvarsmenn sparisjóðsins áttu fund með Seðlabankanum 8. mars 2009 um viðbótartryggingar sem sparisjóðurinn gæti lagt fram<sup>405</sup> en um var að ræða 19,8 milljarða króna útlánasafn til einstaklinga með veði í fasteignum.<sup>406</sup> Starfsmenn sparisjóðsins lýstu því yfir í samskiptum við Seðlabankann að sparisjóðurinn væri tilbúinn til þess að veðsetja Seðlabankanum lánasafnið sem Íbúðalánasjóður hafði ætlað að kaupa og var að baki staðfestingunni sem lögð var að veði fyrir fyrirgreiðslu 22. október 2008. Lánasafnið kæmi þá í staðinn fyrir staðfestinguna.<sup>407</sup> Seðlabankinn tók ekki við þessum tryggingum þótt hann hefði áður tekið við sambærilegum tryggingum eins og fyrr greinir.

Við höfum það í rauninni í hendi okkar hvort við samþykkjum þessar tryggingar. Ég held að burtséð frá eiginfjárkröfunni þá hefðum við alltaf getað sagt nei, við samþykkjum þetta ekki, og lokað hjá þeim en við vildum ekki spila einhvern einleik í því. Þetta var það stórt mál að önnur stjórnvöld hlutu að þurfa að vera virkur þátttakandi og ákvörðunaraðili í

397. Tölvuskeyti Guðmundar Bjarnasonar til Seðlabanka Íslands 2. júní 2009.

398. Tölvuskeyti Eignasafns Seðlabanka Íslands til rannsóknarnefndarinnar 8. nóvember 2012.

399. Vegið veðhlutfall lánasafnsins var 75,2% (e. *loan to value*).

400. Til þess hefðu þau meðal annars þurft að vera rafrænt skráð og hafa viðskiptavaka á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndri upplýsingaveitu.

401. Vegið veðsetningarhlutfall undirliggjandi lánasafns var 95% miðað við gengi krónunnar 9. desember 2008.

402. Tölvuskeyti Eignasafns Seðlabanka Íslands til rannsóknarnefndarinnar 8. nóvember 2012.

403. Skýrsla Gerðar Ísberg fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. október 2012.

404. Fall og endurskipulagning minni fjármála fyrirtækja í mars 2009 – drög að vinnuskjali, 7. mars 2009.

405. Bréf Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins 12. mars 2009.

406. Tölvuskeyti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Seðlabanka Íslands 8. mars 2009.

407. Tölvuskeyti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Seðlabanka Íslands 8. mars 2009.

Því a.m.k. svo lengi sem það var vinnandi vegur að lána þeim [...] þetta er náttúrulega orðið mjög þröngt þarna og við sjáum alveg í hvað stefnir. Ég held að áður en þessi plön eru færð í letur hafi menn verið búnir að ræða saman í nokkra daga eða vikur um að staðan væri vonlaus og að það þyrfti að gera þetta þannig að öllu væri haldið rétt til haga og það sé réttur rökstuðningur. Lagalega stöndum við í báða fætur því þarna séu miklir hagsmunir og margir kröfuhafar sem kynnu að hjóla í okkur sem einhverja gerendur í því að eignir þeirra eru mun minna virði en ella. Þó að í okkar huga væri alveg orðið ljóst að það vorum ekki við sem settum SPRON á hausinn heldur þeir sjálfir sem sáu um það. Við reyndum hins vegar að bjarga þeim en því miður hefur umræðan um þetta hrun svoltið verið þannig að það er reynt að skella skuldinni á slökkviliðið.<sup>408</sup>

#### 17.4.2.1.5 Uppgjör við Seðlabanka Íslands

Slitastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og Drómi hf. annars vegar og Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. hins vegar gerðu með sér samkomulag um uppgjör vegna viðskipta Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við Seðlabanka Íslands og vegna kröfulýsingar Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. í slitabú Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 7. júlí 2011.<sup>409</sup> Endanleg krafa nam 41,5 milljörðum króna og taldist hin samþykkt krafa tryggð með veði í:

1. A- og B-skuldabréfum útgefnunum af Geysi 2008-I fagfjárfestastjóði (Geysis 2008-I Institutional Investor Fund) og
2. tveimur söfnum fasteignalána sem veðsett voru með handveðsyfirlýsingum til Seðlabanka Íslands 26. nóvember 2008 og 10. desember 2008 vegna daglána.

Með samkomulaginu féll Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. frá kröfu um sértöku- eða veðrétt í kröfu á hendur Íbúðalánastjóði vegna loforðs um kaup á skuldabréfi af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis tryggðu með veði í fasteignaveðskuldabréfum, samkvæmt staðfestingu Íbúðalánastjóðs frá 22. október 2008. Niðurfellingin var háð þeim fyrirvara að fyrrgreint samkomulag um fjárhæð og stöðu kröfu Eignasafns Seðlabanka Íslands gengi eftir og myndi eiga sér stað þegar endanleg og fyrirvaralaus niðurstaða lægi fyrir.

Samhliða samkomulaginu var undirritaður samningur um upplausn á Geysi 2008-I fagfjárfestastjóði. Uppgjör vegna slitanna og yfirtöku Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. á öllum eignum sjóðsins var sem hér segir:

- Verðmæti eigna sjóðsins taldist 28.250 milljónir króna fyrir utan kröfu hans á sparisjóðinn vegna gjaldmiðlaskiptasamnings.
- Verðmæti A- og B-laga skuldabréfsins taldist 26.000 milljónir króna
- Í hlut Dróma kæmu samtals 2.250 milljónir króna sem yrðu greiddar:
  1. með skuldajöfnuði við kröfu Geysis 2008-I á hendur Dróma hf. vegna móttækis greiðsluflæðis af skuldabréfum Geysis 2008-I, samtals 790 milljónir króna með vöxtum (höfuðstóllinn var 762.506.908 krónur auk umsaminna vaxta), en fjármunirnir voru í vörslum Dróma hf.;
  2. með peningum að fjárhæð tæplega 1,5 milljarðar króna; greiðslan yrði innt af hendi þegar allar eignir Geysis 2008-I yrðu afhentar Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. eða dótturfélagi þess til fullra umráða, þar með talið allt handbært fé og fullnustueignir;
  3. krafa Geysis 2008-I á hendur sparisjóðnum á grundvelli gjaldmiðlaskiptasamnings frá 23. október 2008 yrði afturkölluð og félli niður.

Frá endurgreiðslum Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. voru dregnar 200 milljónir króna sem var umsamin umsýsluþóknun til Dróma hf. vegna lána sem tilheyrðu Geysi 2008-I.

Eignasafn Seðlabanka Íslands innleysti fasteignatryggð veðskuldabréf sem lögð voru til tryggingar daglánum í nóvember og desember 2008. PricewaterhouseCoopers ehf. verðmat

408. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

409. Samkomulag um uppgjör vegna viðskipta SPRON við Seðlabanka Íslands og vegna kröfulýsingar ESÍ í slitabú SPRON, 7. júlí 2011.



safnið og var innlausnarverð þess 14,6 milljarðar króna.<sup>410</sup> Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. féll frá endurgreiðslukröfu á hendur Dróma hf. vegna sjóðflæðis af skuldabréfunum sem fóru inn á reikninga Dróma hf. og Frjálsa fjárfestingarbankans hf. eftir að slitameðferð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Frjálsa fjárfestingarbankans hf. hófst, samtals 559 milljónir króna. Umsýsluþóknun til Dróma hf. vegna fasteignatryggðu veðskuldabréfanna nam 150 milljónum króna.

Að því leyti sem Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. fengi ekki fullnustu á viðurkenndri veðkröfu við innlausn samkvæmt samkomulaginu skyldu eftirstöðvar kröfunnar njóta stöðu sem almenn krafa við slit Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Krafa Eignasafns Seðlabanka Íslands var 41,5 milljarðar króna. Upp í hana voru tekin skuldabréf að baki Geysisvafningnum fyrir 26 milljarða, fasteignatryggð veðskuldabréf fyrir 13 milljarða króna og innistæða sparisjóðsins á reikningum í Seðlabankanum fyrir rúman 1 milljarð króna. Eftir stóð almenn krafa í bú sparisjóðsins sem nam 1,1 milljarði króna.

### 17.4.3 Lántaka

Lántökur voru annar stærsti þáttur fjármögnunar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á eftir innlánum, en undir lántökum í ársreikningi fellur fjármögnun til lengri tíma, svo sem veðbréfaútgáfa, og langtímalán frá íslenskum og erlendum fjármálastofnunum. Í árslok 2004 nam lántaka sparisjóðsins 16,4 milljörðum króna en í lok árs 2008 hafði hún náð 94,8 milljörðum króna og hafði því næstum sexfaldast á tímabilinu. Hlutfall lántöku af skuldum sparisjóðsins var 26% í lok árs 2004 og 36% í árslok 2008 en hæst varð hún 47% árið 2006.

Tafla 31. Sundurliðun á lántöku Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2005–2008.<sup>411</sup>

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008
Útgefin skuldabréf	27.997.368	31.774.949	23.706.871	8.980.587
Útefnir vixlar	4.287.528	3.660.090	4.296.560	18.345
Lán frá fjármálafyrirtækjum	12.160.454	34.206.993	61.093.106	85.822.764
þar af erlend lán*	12.031.509	33.852.504	51.397.201	86.122.965
<b>Samtals</b>	<b>44.445.350</b>	<b>69.642.032</b>	<b>89.096.537</b>	<b>94.821.696</b>

\*Erlendar skuldir úr gögnum frá Dróma.

Árið 2005 var skuldabréfaútgáfa veigameiri þáttur lántöku sparisjóðsins en lán frá fjármálafyrirtækjum. Á því varð breyting frá árinu 2006, einkum vegna aukins vægis erlendra lántöku. Með gengisfalli íslensku krónunnar síðla árs 2008 jukust erlendar skuldir sparisjóðsins í íslenskum krónum mikið en ekki var um nýjar lántökur að ræða á því ári.

#### 17.4.3.1 Erlend lántaka

Þegar nýr sparisjóðsstjóri tók við árið 1996 breyttist fjármögnun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, en hann sagði í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni: „Ég hafði verið í stjórn Sparisjóðabankans um 1986 og þá var haldið öðruvísi á málum. Þá voru menn látnir njóta stærðar og þess að vera með mikil viðskipti. Allt í einu 1996 var búið að fella þetta allt út og það var ein gjaldskrá fyrir alla. Þeir sem voru með mest viðskipti, stærstir og traustastir, fengu ekki betri kjör á nokkurn hátt. Ég gerði mönnum grein fyrir því að þetta myndi leiða til þess að SPRON færi að fjármagna sig sjálfur [...] Ég hafði mjög góð tengsl erlendis og þetta varð til þess að við tókum lán erlendis í kjölfarið.“<sup>412</sup> Sparisjóðurinn lagði því aukna áherslu á að fjármagna sig sjálfur frá 1996 og sótti fjármagn á erlenda markaði. Frá árinu 2004 varð aðgengi að slíku fjármagni mun betra en áður hafði þekkt.

Frá árslokum 2005 til ársloka 2007 þrefaldaðist erlend lántaka sparisjóðsins í evrum en rúmlega fjórfaldaðist í íslenskum krónum. Frá 2005 til 2008 var erlend lántaka á bilinu 12–33% af heildarskuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé og þá eru víkjandi lán í erlendri mynt ekki talin með.

410. Innlausnarvirði lánasafnanna var metið 13,1 milljarður króna miðað við 30. apríl 2011. Innistæður á bankareikningum vegna greiðsluflæðis af lánunum námu um 1,5 milljörðum króna.

411. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008; sundurliðun frá KPMG. Erlend lán í sundurliðun eru hærrí en lán frá fjármálafyrirtækjum samtals árið 2008 og skýrist mismunurinn af samstæðufærslum í ársreikningi.

412. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

Tafla 32. Erlend lántaka Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við árslok 2005–2008.<sup>413</sup>

	2005	2006	2007	2008
Miðgengi Sí EUR/ISK 31,12	74,70	94,61	91,20	169,97
Erlendar skuldir samtals ISK	12.031.509.284	33.852.503.992	51.397.200.742	86.122.965.436
Erlendar skuldir samtals EUR	161.064.381	357.811.056	563.565.798	506.695.069

Í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni sagði fyrrverandi forstöðumaður fjárstyringar sparisjóðsins að það hefði verið ódýrast, hagkvæmast og auðveldast á allan hátt að sækja fjármagn erlendis árin 2005 til 2007 og að lítil áhersla hefði verið lögð á að gefa út skuldabréf og fjármagna sparisjóðinn innanlands.<sup>414</sup>

Frá 2005 tók sparisjóðurinn þrjú stór sambankalán. HSH Nordbank AG var umboðsaðili 85 milljóna evra láns sem sparisjóðurinn tók 13. desember 2005 og var til fimm ára. Á fundi stjórnar sparisjóðsins 28. september 2005 kom fram að sparisjóðnum byðust mun betri kjör á erlendum lánnum en áður og var samþykkt að ganga til samninga við HSH Nordbank um nýtt lán en 45 milljónir evra af því færu í uppgreiðslu á eldra sambankaláni.

Sparisjóðurinn tók annað 90 milljóna evra sambankalán 21. september 2006, sem Fortis Bank SA/NV var umboðsaðili fyrir. Lánið var til þriggja ára. Á stjórnarfundi 27. september 2006 var greint frá því að lausafjárstaða sparisjóðsins hefði lagast vegna hækkunar á virði hlutafjár í Exista hf. í kjölfar skráningar félagsins í Kauphöll Íslands og vegna erlendar lántöku. Stærsta sambankalánið var svo tekið 18. maí 2007 en það nam 200 milljónum evra. Umboðsaðilinn var Sumitomo Mitsui Banking Corporation Europe Limited og lánið var til þriggja ára.

Tafla 33. Útistandandi erlendar lántökur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2005–2008.<sup>415</sup>

Evrur	2005	2006	2007	2008
Próunarbanksí Evrópu (CEB)	–	–	2.000.000	2.000.000
HSH Nordbank	85.000.000	85.000.000	85.000.000	85.000.000
LB Kiel	10.625.569	19.196.110	–	–
Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	15.000.000	15.000.000	40.000.000	40.000.000
Fortis Bank	–	90.000.000	90.000.000	90.000.000
Banque Générale (BGL BNP Paribas)	7.070.683	4.555.332	–	–
Den norske bank	1.500.000	–	–	–
B. Caisse d'Epargne	7.400.000	5.400.000	–	–
Bayerische Landesbank	18.833.391	19.879.735	20.000.000	20.000.000
Kaupþing Lúxemborg	10.000.000	10.000.000	20.000.000	–
Nykredit	5.000.000	3.000.000	–	–
Dexia bank – Brussel	–	23.000.000	23.000.000	–
Erste Bank	–	20.000.000	20.000.000	20.000.000
DZ Bank	–	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Commerzbank	–	20.000.000	20.000.000	6.000.000
Landesbank (LRP)	–	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Sumitomo Mitsui Banking Corporation	–	–	200.000.000	200.000.000
Eiginfærð lántökugjöld – EUR sambankalán	–	–	(767.544)	–
Ógreidd vaxtagjöld	634.738	2.779.878	4.333.341	3.695.096
<b>Samtals</b>	<b>161.064.381</b>	<b>357.811.055</b>	<b>563.565.798</b>	<b>506.695.096</b>

Erlend útlán samstæðunnar jukust hratt frá árinu 2005, bæði hjá sparisjóðnum sjálfum og hjá stærsta dótturfélaginu, Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Hluta aukningar í erlendri lántöku sparisjóðsins má rekja til fjármögnunar á starfsemi fjárfestingarbankans. Í ársreikningi Frjálsa fjárfestingarbankans hf. fyrir árið 2005 voru eignir 37,5 milljarðar króna og skuldir 33,6 milljarðar króna, en í lok árs 2008 námu eignir 90,2 milljörðum króna og skuldir 91,7 milljörðum króna. Ársreikningar Frjálsa fjárfestingarbankans hf. bera með sér að hann hafi nær eingöngu verið fjármagnaður af sparisjóðnum á árunum 2005–2008 og staðfesti fyrrverandi framkvæmdastjóri hans það í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni.<sup>416</sup>

413. Sundurliðun frá KPMG hf., afhent rannsóknarnefndinni.

414. Skýrsla Ósvalds Knudsen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. nóvember 2012.

415. Sundurliðun frá KPMG hf., afhent rannsóknarnefndinni. Erlend víkjandi lán eru ekki hluti af þessum upplýsingum.


416. Skýrsla Kristins Bjarnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. nóvember 2012.

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. lánaði að mestu í svissneskum frönskum og japönskum jenum til langs tíma.<sup>417</sup> Í árslok 2008 voru tæplega 71% útlána Frjálsa fjárfestingarbankans hf. til meira en fimm ára en á sama tíma var töluverður hluti fjármögnunar hans í peningamarkaðslánum í íslenskum krónum til eins til fjögurra mánaða í senn.<sup>418</sup> Í árslok 2008 námu útistandandi peningamarkaðslán sparisjóðsins til Frjálsa fjárfestingarbankans hf. rúmum 26 milljörðum króna.<sup>419</sup> Sparisjóðurinn sjálfur var að stórum hluta fjármagnaður í evrum og fjárstýringardeild sparisjóðsins tryggði gjaldeyrisjöfnuð samstæðunnar innan hennar og utan, meðal annars með framvirkum gjaldmiðlasamningum. Mikil vinna fór í að framlengja peningamarkaðslán til fjárfestingarbankans og viðhalda gjaldeyrisjöfnuði vegna starfsemi hans sem var að mestu fjármögnuð í krónum en eignirnar í erlendri mynt. Íhugað var að fjármagna sparisjóðinn að einhverju leyti í japönskum jenum og svissneskum frönskum en það reyndist dýrara en að fá lánaðar evrur og gera skiptasamninga í svissneskum frönskum og japönskum jenum.<sup>420</sup>

Staða íslenskra bankastofnana á alþjóðlegum fjármálamörkuðum varð erfið á árinu 2007. Fyrirverandi forstöðumaður fjárstýringar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sagði við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni að á síðari hluta árs 2007 og í byrjun árs 2008 hefði verið orðið ljóst að aðgengi að lánsfjármagni væri orðið mun verra en áður.<sup>421</sup> Minna aðgengi að lánsfjármagni gerði aðstæður til endurfjármögnunar erlendra lána sparisjóðsins ekki ákjósanlegar.

Eins og fram er komið treysti sparisjóðurinn á fjármögnun frá Íbúðalánasjóði í kjölfar falls bankanna. Kaup Íbúðalánasjóðs á útlánum fjármálafyrirtækja voru til umræðu á fundum bankastjórnar Seðlabanka Íslands með fulltrúum Íbúðalánasjóðs, og á fundi 8. desember 2008 var fjallað um málefni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. Sparisjóðurinn ýtti á Íbúðalánasjóð vegna kaupa á lánum í erlendri mynt en á þeim tíma var Íbúðalánasjóður ekki tilbúinn í slík kaup. Bréfi sparisjóðsins til Íbúðalánasjóðs 18. mars 2009, þar sem meðal annars var óskað eftir að Íbúðalánasjóður fjármagnaði lánasafn í erlendri mynt að jafnvirði 20 milljarða króna, var ekki svarað.

Mynd 21. Gjald dagar lána og eftirstöðvar erlendra heildarlántöku miðað við ákvæði lánasamninga.<sup>422</sup>



Á mynd 21 má sjá áætlaða dreifingu lokagjalddaga erlendra lántöku sparisjóðsins frá nóvember 2008 til nóvember 2016. Stærsti gjald daginn hefði verið 15. maí 2010 sem var lokadagur 200 milljóna evra sambankalánsins en meðal annarra stórra gjalddaga var 4.

417. Skýrsla Gunnars Inga Halldórssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012.

418. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

419. Samkvæmt afriti af gagnagrunni fjárstýringarkerfis Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (IT2).

420. Skýrsla Gunnars Inga Halldórssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. október 2012.

421. Skýrsla Ósvalds Knudsen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. nóvember 2012.

422. Myndin er unnin af rannsóknarnefndinni upp úr þeim erlendu lánasamningum sem henni voru afhentir af Dróma hf. vegna lántöku Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

október 2009, lokadagur lánsins sem tekið var hjá Fortis árið 2006. Þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar sparisjóðsins 21. mars 2009 var vika þar til sjóðurinn átti að standa skil á 20 milljóna evra greiðslu til Bayerische Landesbank. Jafnhá upphæð skyldi koma til greiðslu til Erste bank 9. júní 2009. Frá yfirtöku Fjármálaeftirlitsins fram til loka árs 2010 var endurfjármögnunarpörf sparisjóðsins tæpar 422 milljónir evra sem samsvaraði þá rúmum 67 milljörðum króna,<sup>423</sup> eða 30% af heildareignum sjóðsins samkvæmt ársreikningi ársins 2008.

### 17.4.3.2 Verðbréfaútgáfa

Samkvæmt ársreikningum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis nam verðbréfaútgáfa hans frá 9 milljörðum króna til rúmra 35 milljarða króna frá árslokum 2005 til ársloka 2008.

Tafla 34. Sundurliðun á verðbréfaútgáfu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2005–2008.<sup>424</sup>

Pús. kr.	2005	2006	2007	2008
Vixlaútgáfa	4.287.528	3.660.090	4.296.560	18.345
Skuldabréfaútgáfa	27.997.368	31.979.184	23.706.871	8.980.587
þar af skuldabréfaútgáfa SPRON	6.779.476	10.756.853	15.063.263	7.952.489
þar af skuldabréfaútgáfa Frjálsa fjárfestingarbankans	4.478.013	4.058.821	1.098.312	76.745
þar af liðir er varða Íbúðalánasjóð hjá SPRON	10.241.280	10.647.147	6.923.836	803.138
þar af liðir er varða Íbúðalánasjóð hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum	6.498.598	6.516.363	-	-
þar af liðir er varða Íbúðalánasjóð hjá nb.is	-	-	408.048	-
þar af annað	-	-	213.411	148.215
<b>Samtals</b>	<b>32.284.896</b>	<b>35.639.274</b>	<b>28.003.431</b>	<b>8.998.932</b>

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis færði fjármögnun Íbúðalánasjóðs á útlánasöfnum sparisjóðsins sem skuldabréfaútgáfu í ársreikningi.<sup>425</sup> Sparisjóðurinn fékk fjármögnun sem nam tæpum 10 milljörðum króna á árunum 2004 og 2005 frá Íbúðalánasjóði. Misjafnt er milli ára í ársreikningum sparisjóðsins hvaða liðir sem vörðuðu þessa fjármögnun töldust til verðbréfaútgáfu og skýrir það að mestu leyti breytingar á þessum lið milli áranna 2006 og 2007.

Frá 2005 til 2008 gaf sparisjóðurinn út skuldabréf fyrir sem svaraði 51,7 milljörðum króna að nafnverði, þar á meðal víkjandi skuldabréf sem fjallað er um í kafla 17.4.1. Sjö skuldabréfaflokkar af fjórtán voru verðtryggðir, aðrir fjórir voru með óverðtryggðum breytilegum vöxtum og einn flokkur með föstum óverðtryggðum vöxtum. Þá voru tveir flokkar bundnir gengi á hlutabréfum í Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf.<sup>426</sup>

Skuldabréf sem gefin voru út fyrir árið 2006 og voru enn útistandandi í árslok 2008 voru öll seld í byrjun mars 2009 samkvæmt yfirliti sparisjóðsins.<sup>427</sup> Af heildarútgáfu upp á 52,8 milljarða króna frá árinu 1995 höfðu fjögur skuldabréf verið greidd upp fyrir mars 2009 og nam heildarnafnverð þeirra 13 milljörðum króna.<sup>428</sup>

Á árinu 2008 gaf sparisjóðurinn út skuldabréf fyrir 22 milljarða króna, sem var 55% af úti-standandi skuldabréfaútgáfu sparisjóðsins í mars 2009.<sup>429</sup> Samkvæmt Verðbréfaskráningu Íslands seldi sparisjóðurinn lítið af þessum bréfum og átti sjálfur 21,5 milljarða króna af bréfunum í mars 2009. Af heildarútgáfu sparisjóðsins á árunum 2005–2008 voru tæplega 40 milljarðar króna að nafnverði ógjaldfallnir í mars 2009. Sparisjóðurinn sjálfur átti 28,5 milljarða króna að nafnverði af þeim bréfum og Rekstrarfélag Spron hf. átti 710 milljónir króna að nafnverði í mars 2009. Heildarnafnverð skuldabréfa sparisjóðsins í eigu annarra

423. Miðgengi evru 21. mars 2009 samkvæmt Seðlabanka Íslands var 154,28.

424. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008; sundurliðun unnin upp úr gögnum sem KPMG afhenti rannsóknarnefndinni. Sundurliðun ársins 2006 stemmir ekki við ársreikning sama árs og munar þar um 204 milljónum króna.

425. Sjá nánar í 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

426. Flokkar með auðkennin SPR 07 2 og SPR 07 3.

427. Tölvuskeyti Gunnars Inga Halldórssonar til Guðmundar Haukssonar o.fl. 3. mars 2009.

428. Um er að ræða útgáfuna SPR 06 2 að nafnverði 5 milljarðar króna með hálfis árs líftíma, SPR 07 1 að nafnverði 3 milljarðar króna með 18 mánaða líftíma, SPR 07 2 að nafnverði 2,5 milljarðar króna með 13 mánaða líftíma og SPR 07 3 með 14 mánaða líftíma.

429. Um var að ræða bæði verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf með 30 mánaða til sjö ára líftíma. Auðkenni þeirra eru SPR 08 1, SPR 08 2, SPR 08 3, SPR 08 4 og SPR 08 5.

aðila en sparisjóðsins sjálfs í mars 2009 var tæpir 10,7 milljarðar króna. Sparisjóðurinn átti stóran hluta skuldabréfaflokkanna SPR 06 1 og SPR 08 1, en fjallað er um viðskipti með þau bréf í kafla 17.4.1.1.

Tafla 35. Eigendur skuldabréfa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í mars 2009.<sup>430</sup>

Krónur	Virðing hf.	Kaupþ. banki	Íbúðalánasj.	Lífeyrissj. B7	Lsj. verslm.	Rekstrf. Spron	Aðrir	SPRON	Samtals
95 A	-	-	-	-	-	-	30.000.000	-	30.000.000
95 C	-	-	-	-	40.000.000	-	130.000.000	-	170.000.000
96 Flokkar	-	50.000.000	-	-	145.000.000	-	235.000.000	-	430.000.000
SPR 01 1	-	20.000.000	-	-	-	-	480.000.000	-	500.000.000
SPR 05 1	1.810.000.000	-	1.580.000.000	700.000.000	-	-	110.000.000	-	4.200.000.000
SPR 05 2	50.000.000	1.280.000.000	-	240.000.000	200.000.000	165.000.000	65.000.000	-	2.000.000.000
SPR 06 1	150.000.000	110.000.000	-	-	485.000.000	-	455.000.000	4.800.000.000	6.000.000.000
SPR 06 3	-	-	-	300.000.000	-	40.000.000	510.000.000	2.150.000.000	3.000.000.000
SPR 06 4	-	500.000.000	-	-	300.000.000	155.000.000	545.000.000	-	1.500.000.000
SPR 08 1	-	-	-	-	-	-	-	3.000.000.000	3.000.000.000
SPR 08 2	-	-	-	-	-	-	-	5.000.000.000	5.000.000.000
SPR 08 3	-	-	-	-	-	250.000.000	100.000.000	4.650.000.000	5.000.000.000
SPR 08 4	-	-	-	-	-	-	-	5.000.000.000	5.000.000.000
SPR 08 5	-	-	-	-	-	100.000.000	50.000.000	3.850.000.000	4.000.000.000
Samtals	2.010.000.000	1.960.000.000	1.580.000.000	1.240.000.000	1.170.000.000	710.000.000	2.710.000.000	28.450.000.000	39.830.000.000

Vextir skuldabréfa sparisjóðsins voru sambærilegir við vexti á skuldabréfum annarra fjármálafyrirtækja á árunum 2005 til 2008. Eins og áður segir var lítil áhersla lögð á að fjármagna sparisjóðinn innanlands meðan aðgengi að lánsfé erlendis var hvað best á árunum 2005 til 2007. Að mati forstöðumanns fjárstýringar sparisjóðsins var óskilvirkara að afla fjár á innlendum markaði en erlendum, þar hefði verið um lægri fjárhæðir að ræða og meiri tilkostnað. Þegar erlendu markaðirnir lokuðust hefði jafnframt þrengt að innlendum lánamarkaði og því hefði sparisjóðurinn aldrei lagt mikla áherslu á skuldabréfaútgáfu innanlands.<sup>431</sup>

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. gaf út nokkra skuldabréfaflokka meðan hann var í eigu Kaupþings banka hf. en eftir árið 2002, þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis eignaðist hann, sá fjárstýringardeild sparisjóðsins um að fjármagna fjárfestingarbankann. Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. gaf út skuldabréfaflokk sem nam 1,5 milljörðum króna árið 2001, með lokadag 15. september 2007, og tvo flokka sem námu 1 milljarði króna hvor árið 2002, annar með lokadag 15. júlí 2005 og hinn með lokdag 17. júlí 2008. Samvinnusjóður Íslands, sem síðar varð Frjálsi fjárfestingarbankinn, gaf út skuldabréf sem nam 300 milljónum króna árið 1997 og var lokadagur þess 1. desember 2009.<sup>432</sup> Útistandandi virði þessara skuldabréfaflokka nam hæst 4,5 milljörðum króna í árslok 2005.

Á árunum 2005–2008 gaf Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis út víxla fyrir 128 milljarða króna að nafnverði. Síðasta víxlaútgáfa sparisjóðsins áður en Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar hans var 5. maí 2008. Frá 2005 til 21. mars 2009 voru víxlar fyrir 120 milljarða króna á gjalddaga. Á tímabilinu voru tvær stórar víxlaútgáfur, annars vegar 5. nóvember 2007, þegar sparisjóðurinn gaf út víxla fyrir 32 milljarða króna, og hins vegar 5. maí 2008, þegar útgáfa víxla nam 48 milljörðum króna.

Peningamarkaðssjóðir stóru viðskiptabankanna þriggja fjárfestu í víxlaútgáfum sparisjóðsins á árunum 2005–2007, en meðal annarra kaupenda voru lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður. Á árinu 2008 voru viðskipti Kaupþings banka hf. með víxla útgefna af sparisjóðnum umsvifameiri en annarra, en þau námu 29,5 milljörðum króna.

Þegar víxlarnir sem Kaupþing banki hf. hafði keypt komu á gjalddaga keypti bankinn iðulega aðra víxlaútgáfu fyrir svipaða upphæð. Á því varð undantekning í ágúst 2008 þegar SPR 08 0820 var á gjalddaga, en þá keypti Kaupþing banki hf. ekki nýja víxlaútgáfu af sparisjóðnum. Hins vegar keypti Kaupþing banki hf. SPR 09 0120 fyrir 6 milljarða króna í september 2008, en hafði í þeim mánuði eingöngu selt sparisjóðnum til baka víxla fyrir

430. Tölvuskeyti Gunnars Inga Halldórssonar til Guðmundar Haukssonar o.fl. 3. mars 2009.

431. Skýrsla Ósvalds Knudsen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. nóvember 2012.

432. Tölvuskeyti Kauphallar Íslands til rannsóknarnefndarinnar 21. mars 2013.

4 milljarða króna. Kaupþing banki hf. greiddi fyrir víxla sparisjóðsins með eigin víxlum sem nýttir voru í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands, svo sem fjallað var um hér framar.

Tafla 36. Kaup og sala Kaupþings banka hf. á víxlum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. á árinu 2008.<sup>433</sup>

Flokkur	Nafnverð	Útgáfudagur	Gjaldlagi	Keypt	Selt
SPR 08 0421	3.500.000.000	5.11.2007	21.4.2008	4.3.2008	10.4.2008
SPR 08 0520	2.500.000.000	5.11.2007	20.5.2008	4.3.2008	15.5.2008
SPR 08 0620	4.000.000.000	5.11.2007	20.6.2008	4.3.2008	16.6.2008
SPR 08 0721	3.500.000.000	5.11.2007	21.7.2008	8.4.2008	15.7.2008
SPR 08 0820	2.500.000.000	5.11.2007	20.8.2008	15.5.2008	18.8.2008
SPR 08 1020	4.000.000.000	5.11.2007	20.10.2008	10.6.2008	3.9.2008
SPR 08 1120	3.500.000.000	5.5.2008	20.11.2008	9.7.2008	
SPR 09 0120	6.000.000.000	5.5.2008	20.1.2009	23.9.2008	
<b>Samtals</b>	<b>29.500.000.000</b>				

Í minnispunktum sparisjóðsstjóra frá júní 2008 kemur fram að lengri tíma hafi tekið að ljúka verðbréfunarverkefni sparisjóðsins en ætlað var.<sup>434</sup> Í minnisblaðinu segir: „Kaupþing hefur lánað 10 milljarða upp í það með víxli sem seldur var til Seðlabankans. Á móti fékk Kaupþing Spron víxil.“<sup>435</sup> Því má leiða að því líkur að Kaupþing banki hf. hafi aðstoðað sparisjóðinn við að útvega laust fé með víxlaskiptunum þegar aðrar fjármögnunarleiðir reyndust torsóttari. Við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á valdi hluthafafundar Kaupþings 8. október 2008 átti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis tvo víxla útgefna af bankanum og bankinn tvo víxla útgefna af sparisjóðnum.

Tafla 37. Eign Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis af víxlum hvors annars 12. nóvember 2008.<sup>436</sup>

Víxlar	Upphæð (kr.)
KAUP 08 1015	5.944.384.800
KAUP 08 1114	3.445.715.000
<b>Samtals</b>	<b>9.390.099.800</b>
SPR 08 1120	3.428.985.000
SPR 09 0120	5.713.920.000
<b>Samtals</b>	<b>9.142.905.000</b>
Krafa sparisjóðsins	247.194.800

Verðbréfaútgáfa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis nam 32% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé í árslok 2005, en hafði lækkað í 3% í árslok 2008. Þessi breyting skýrist meðal annars af auknu vægi annarra þátta, svo sem erlendrar lántöku, í fjármögnun sparisjóðsins, en einnig af því að minni áhersla var lögð á að sækja fjármuni á innlenda markaði, eins og fram kom í skýrslutökum rannsóknarnefndarinnar.<sup>437</sup> Þá hafði Íbúðalánasjóður leyst til sín fasteignalán sparisjóðsins sem voru að baki fjármögnun til sparisjóðsins og var sú fjármögnun ekki lengur til staðar. Þegar kom fram á árið 2008 var lítil eftirspurn eftir skuldabréfum sparisjóðsins þar sem markaður fyrir skuldabréf fyrir-tækja var nær óvirkur.

#### 17.4.4 Víkjandi lántaka

Víkjandi lán sparisjóðsins voru 3–4% af heildarskuldum hans að undanskildu eigin fé í ársreikningum árunum 2005–2008. Víkjandi lán námu á bilinu 3,9–5,4 milljörðum króna á árunum 2005–2007, en þau nærri tvöfölduðust á árinu 2008 þegar þau voru metin á 9,4 milljarða króna í ársreikningi.

433. Unnið upp úr gögnum frá Verðbréfaskráningu Íslands og útboðslýsingum víxlanna.

434. Sjá umfjöllun um Geysi 2008-I Institutional Investor Fund og GIIF 08 1 hér framar.

435. Minnispunktar Guðmundar Haukssonar, 16. júní 2008.

436. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til slitastjórnar Kaupþings banka hf. 12. nóvember 2008.

437. Skýrsla Ósvalds Knudsen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. nóvember 2012.

Tafla 38. Innlend og erlend víkjandi lántaka Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá árslokum 2005–2008.<sup>438</sup>

	2005	2006	2007	2008
<b>Gjaldeyrián sem nýttast sem eiginfjárbáttur B (þús. evra):</b>				
HSH Nordbank, Copenhagen branch	10.000	10.000	10.000	10.000
Kaupþing banki hf.	–	–	–	42.000
Samtals víkjandi lán í evrum	10.000	10.000	10.000	52.000
<b>Víkjandi lán í evrum umreiknuð í krónur (þús. kr.)</b>	<b>751.614</b>	<b>954.172</b>	<b>920.440</b>	<b>8.838.440</b>
<b>Krónulán sem nýttast í eiginfjárbátt B (þús. kr.):</b>				
Útgefið 1997	356.801	–	–	–
Útgefið 1999 Kaupþing	624.478	–	–	–
Útgefið 2005	1.578.313	2.134.826	2.255.029	2.633.949
Útgefið 2006		1.478.780	1.571.340	1.835.359
Víkjandi lán í krónum	2.559.592	3.613.606	3.826.369	4.469.308
<b>Nýttist sem eiginfjárbáttur A (þús. kr.):</b>				
Útgefið 2001, innlendir aðilar	607.180	648.593	685.692	796.400
<b>Samtals</b>	<b>3.918.386</b>	<b>5.216.371</b>	<b>5.432.501</b>	<b>14.104.148</b>

Í lok árs 2005 voru fjögur víkjandi lán útstandandi, eitt í erlendri mynt og þrjú í íslenskum krónum. HSH Nordbank AG veitti sparisjóðnum 10 milljóna evra víkjandi lán árið 2005.<sup>439</sup> Á stjórnarfundum sparisjóðsins 10. maí 2005 var samþykkt að sparisjóðsstjóri tæki víkjandi lán hjá HSH til fimm ára. Um væri að ræða þátttöku í skuldabréfasjóði, ScandiNotes 3 (CBO). Á fundi 14. desember 2005 veitti stjórnin sparisjóðsstjóra heimild til að taka allt að 2 milljarða króna víkjandi lán vegna áhrifa þátttöku sparisjóðsins í hlutfjárukningu Exista hf. á eiginfjárlutfall hans, en hlutur sparisjóðsins í aukningunni var 1,6 milljarðar króna. Sparisjóðurinn gaf í sama mánuði út víkjandi skuldabréf (SPR 05 2) og í lok ársins voru Viðskiptastofa SPRON, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins stærstu eigendur bréfanna, með samtals 910 milljónir króna að nafnverði samkvæmt yfirliti frá Verðbréfastofu Íslands.

### Lán til Holt Investment Group Ltd. til kaupa á víkjandi skuldabréfum sparisjóðsins í janúar 2006

Í janúar 2006 keypti Holt Investment Group Ltd. 700 milljónir króna að nafnverði af víkjandi skuldabréfaflokknum SPR 05 2, en seldi aftur 28. febrúar 2006 samkvæmt yfirliti frá Verðbréfastofu Íslands. Holt Investment Group Ltd. átti 9,94% stofnfjár sparisjóðsins í árslok 2005 og 9,41% ári síðar. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis lánaði félaginu rúmlega 690 milljónir króna til þessara kaupa og var tekið veð í skuldabréfinu sjálfu samkvæmt upplýsingum úr verðbréfakerfi sparisjóðsins. Í tölvupósti framkvæmdastjóra SPRON-Verðbréfa hf. til starfsmanna Kaupþings í Lúxemborg 9. janúar 2006 var lagt til að gengið yrði frá kaupum Holt Investment Group á víkjandi skuldabréfum sparisjóðsins með lánveitingu frá sparisjóðnum. Umsamin þóknun, 0,5%, yrði gerð upp sérstaklega. Í tölvupóstinum var tekið fram að „[v]iðskiptadagur og uppgjörsdagur vegna þessara viðskipta [væri] 30.12.2005“ og er lánasamningurinn dagsettur þá. Um lán með veði í skuldabréfum segir í útlánareglum sparisjóðsins, en þar er ekki sérstaklega getið ákvæða um víkjandi lán: „Skilyrði er að greiðendur þessara bréfa séu lánshæfir og tryggingar þeirra fullnægjandi skv. matsreglum SPRON. Skuldabréf eru tekin að handveði og/eða framseld til tryggingar með sjálfskuldarábyrgð framseljanda, og getur lánveitingin numið allt að 60% af verðmæti bréfanna á hverjum tíma. Tryggt skal að greiðslur berist inn á reikning sem SPRON hefur ráðstöfunarrétt yfir.“ Lán til Holt Investment Group Ltd. nam 100% af virði skuldabréfanna sem tekin voru að veði.

438. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005–2008; samningar um víkjandi lán sem sparisjóðurinn tók á þessum sömu árum. Erend lán eru umreiknuð í krónur á því gengi sem notað var í ársreikningum sparisjóðsins fyrir hvert ár, 75,16 kr./evru árið 2005, 95,42 kr./evru árið 2006, 92,04 kr./evru árið 2007 og 169,97 kr./evru 2008. Ekki er samræmi milli niðurstöðutölu töflunnar og ársreikninga sparisjóðsins árið 2008 þar sem lán frá Kaupþingi var fært með tilliti til samkomulags um skuldajöfnun milli Kaupþings og sparisjóðsins sem þá lá fyrir en var ófrágengið.

439. Lánið frá HSH Nordbank var framselt, samkvæmt heimildum í samningi, til Mare Baltic PCC 1. nóvember 2005.

Í desember 2006 gaf sparisjóðurinn út annað víkjandi skuldabréf (SPR 06 4) og keyptu Holt Investment Group Ltd.<sup>440</sup> og Exista fjárfestingar ehf. 1,5 milljarða króna að nafnverði af útgáfunni í sama mánuði og voru einu eigendur þess í lok ársins.<sup>441</sup> Í lok árs 2007 og 2008 áttu Vátryggingafélag Íslands hf. og Arion safnreikningur 500 milljónir króna hvort af útgáfunni, Lífeyrissjóður verslunarmanna 300 milljónir króna og Rekstrarfélag Spron hf. 200 milljónir króna. Tilgangurinn með útgáfu skuldabréfsins var að hækka eiginfjárlutfall sparisjóðsins.<sup>442</sup> Stjórnin samþykkti heimild til sparisjóðsstjóra til að gefa út skuldabréfið 14. desember 2006.

Hinn 31. mars 2008 seldi sparisjóðurinn Kaupþingi banka hf. víkjandi skuldabréf fyrir 42 milljónir evra, eða 5,1 milljarð króna.<sup>443</sup> Stjórn sparisjóðsins samþykkti 28. mars 2008 að tekið yrði víkjandi lán í erlendri mynt til tveggja ára en ekki kom fram í stjórnarfundargerð hversu hátt lánið mátti vera eða hver tilgangur þess var. Í tölvupósti framkvæmdastjóra hagdeildar sparisjóðsins til ytri endurskoðanda sparisjóðsins frá 26. mars 2008 segir:

Við fáum víkjandi lán að upphæð 5 milljarðar og gerum ráð fyrir því að við munum þurfa að nota 3,5 milljarða af því sjálfir til að ná Cad hlutfalli í 12%.

Eftir standa 1,3 milljarðar og óskin er sú að við kaupum útlánasafn með veði í hlutabréfum Kaupþings og nýtum það Cad sem við þetta skapast til fulls með því. Hvaða fjárhæð getum við verið að kaupa af þeim?<sup>444</sup>

Í tölvupósti frá starfsmanni Kaupþings banka hf. til framkvæmdastjóra hagdeildar sparisjóðsins 31. mars kom eftirfarandi fram:

Í framhaldi af samtali okkar áðan þar sem við komumst að samkomulagi um eftirfarandi:

Kaupþing veitir SPRON víkjandi lán í evrum að fjárhæð sem jafngildir ISK 5ma. Lánstími 10 ár og álag 7%.

Andvirði lánsins verður lagt inná reikning SPRON hjá Kaupþingi uns gengið hefur verið frá lánsamningum milli SPRON annars vegar og Kjalars hf. (1,5ma), Holt Investment Group Ltd (1,5ma) og Nýræktar ehf (1,5ma) hins vegar.

Fyrir lok dags verða gerðir áhættuskiptasamningar milli Kaupþings og SPRON sem koma munu í staðinn fyrir lánin. Þessir áhættuskiptasamningar verða lækkaðir um sem nemur lánsfjárhæð þegar lánin verða afgreidd.

Miðað er við að lánin verði til 2ja ára og njóti 3,0% álags. Þá er gert ráð fyrir að Spron taki 0,5% lántökugjald.

Áhættuskiptasamningarnir verða til eins mánaðar og verða gerðir við Kjalar (4,0ma sem lækkar í 1,5ma), Gift (4ma), Holt Investment (4,0ma sem lækkar í 1,5ma) og AB 57(2ma).<sup>445</sup>

Framkvæmdastjóri hagdeildar sparisjóðsins staðfesti þessi skilyrði með þeirri breytingu að gerður yrði áhættuskiptasamningur vegna lána Nýræktar ehf. fyrir 1,5 milljarða og að ábyrgðin vegna Giftar fjárfestingarfélags ehf. yrði ekki hærri en 3 milljarðar króna.<sup>446</sup>

Í minnisblaði sparisjóðsstjóra frá því í júní 2008 kemur fram að til greina hafi komið að Exista lánaði sparisjóðnum víkjandi lán að fjárhæð 3 milljarðar króna. Slík lántaka hafi eingöngu verið ætluð til að koma í veg fyrir að lakkandi hlutabréfaverð skaðaði um of eiginfjárlutfall sparisjóðsins. Niðurstaða málsins hafi hins vegar verið að „Kaupþing veitti SPRON víkjandi lán að fjárhæð 5 milljarðar og að fyrir hluta þessarar fjárhæðar myndi SPRON kaupa útlán af Kaupþingi, sem íþyngdi þeirra eiginfjárlutföllum. Auk þess mundi

440. Holt Investment Group Ltd. fékk tæplega 986 milljónir króna lánaðar frá sparisjóðnum í desember 2006 til þess að kaupa víkjandi skuldabréf sparisjóðsins. Samkvæmt lánagagnagrunni sparisjóðsins var lánið greitt upp í ágúst 2007 en félagið seldi skuldabréfið 7. ágúst 2007 samkvæmt upplýsingum frá Verðbréfaskráningu Íslands.

441. Upplýsingar samkvæmt yfirliti frá Verðbréfaskráningu Íslands.

442. Tölvuskeyti Ósvalds Knudsen til Gunnars Inga Halldórssonar 13. desember 2006.

443. Skráð miðgengi Seðlabanka Íslands fyrir evrur 31. mars 2008 var 121,28.

444. Tölvuskeyti Valgeirs M. Baldurssonar til Sigurðar Jónssonar 26. mars 2008.

445. Tölvuskeyti Guðmundar Þórs Gunnarssonar til Valgeirs M. Baldurssonar 31. mars 2008.

446. Tölvuskeyti Valgeirs M. Baldurssonar til Guðmundar Þórs Gunnarssonar 31. mars 2008.



SPRON veita ábyrgðir út af sama máli<sup>447</sup>. Í fréttatilkynningu sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sendi til Kauphallarinnar vegna lánsins kom fram að „[t]ilgangurinn með lántökunni [væri] að renna enn styrkari stoðum undir eiginfjárgrunn félagsins“<sup>448</sup>.

Drómi hf. afhenti rannsóknarnefndinni óundirritaða lánasamninga við Nýrækt ehf.,<sup>449</sup> Kjalar ehf. og Holt Investment Group Ltd. en ekki fundust undirrituð eintök samninganna. Lánin er ekki að finna í útlánakerfum sparisjóðsins og samkvæmt upplýsingum frá Dróma hf. er ekki að finna nein bókhaldsgögn eða færslur um útgreiðslur vegna lánanna í búi sparisjóðsins. Áhættuskiptasamningur við AB 57 ehf.<sup>450</sup> fannst óundirritaður en sams konar samningur við Fjárfestingarfélagið MATA ehf. er til undirritaður.<sup>451</sup> Aðrir samningar hafa ekki fundist.<sup>452</sup> Í bókhaldi sparisjóðsins eru hins vegar færðir 14,5 milljarðar króna vegna ábyrgða sparisjóðsins gagnvart Kaupþingi banka hf. en þar er ekki að finna sundurliðun á félög. Þessi fjárhæð kemur heim og saman við tölvupóstssamskipti hér á undan, sem og árshlutareikning sparisjóðsins frá 31. mars 2008 þar sem ábyrgðir vegna viðskiptamanna nema ríflega 17,6 milljörðum króna. Í árshlutareikningi 30. júní 2008 eru ábyrgðir sparisjóðsins vegna viðskiptamanna hins vegar 2,7 milljarðar króna. Ábyrgðirnar voru því ekki færðar í þann reikning.<sup>453</sup> Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri að áhættuskiptasamningarnir hefðu verið gerðir til skamms tíma og hefðu gengið til baka eftir það. Hann minntist þess ekki að ábyrgð hefði fallið á sparisjóðinn eða hann þurft að taka á sig áhættu vegna þessara samninga.<sup>454</sup> Samkvæmt samningunum var lokadagur þeirra 15. desember 2011.

Vegna lækkunar á gengi krónunnar var víkjandi lánið frá Kaupþingi banka hf. jafnvirði 7,1 milljarðs króna í árslok 2008 sé miðgengi Seðlabanka Íslands 31. desember 2008 margfaldað með nafnverði lánsins. Í ársreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2008 var lánið hins vegar bókað á rúmlega 2,4 milljarða króna en ársreikningurinn var ekki endurskoðaður. Þetta mat var byggt á tillögu stjórnenda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í tengslum við skuldajöfnun við Kaupþing banka hf.<sup>455</sup> en skuldajöfnunin hafði ekki gengið eftir þegar rannsóknarnefndin innti eftir upplýsingum um hana.<sup>456</sup>

## 17.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Varasjóður myndaði lengi vel stóran hluta eigin fjár sparisjóðsins, eða á bilinu 85–90% frá 2001 til ársloka 2004. Á árunum 2005 og 2006 var stofnfé aukið mikið og lækkaði hlutfall stofnfjár af eigin fé af þeim sökum og nam 44% í árslok 2006. Varasjóðurinn nam þá 15,3 milljörðum króna en stofnféð 19,5 milljörðum króna. Við hlutafélagsvæðinguna í október 2007 var lögbundinn varasjóður 25% af nafnverði hlutabréfa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og óráðstafað eigið fé 24,2 milljarðar króna, eða 78% af eigin fé sparisjóðsins.<sup>457</sup> Hér verða raktar breytingar á stofnfé sparisjóðsins og stofnfjárhafahópnum.

Samkvæmt samþykktum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá 24. mars 2000 mátti stofnfé sparisjóðsins vera allt að 500 milljónir króna og skiptast í allt að 20 þúsund stofnfjárhluti. Stofnfjáreigendur áttu einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Einstökum stofnfjáreigendum var óheimilt að eiga fleiri en 20 hluti. Sparisjóðurinn mátti ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé og eigin stofn-

447. Minnispunktar Guðmundar Haukssonar, 16. júní 2008.

448. „Spron tekur fimm milljarða króna víkjandi lán“, *Viðskiptablaðið* 2. apríl 2008.

449. Í lok árs 2007 var Nýrækt ehf. í 50% eigu Sundagarða ehf. og 50% eigu Eignarhaldsfélagsins Mata hf. Á sama tíma átti Eignarhaldsfélagið Mata hf. 45,7% hlut í Sundagörðum en aðrir stórir eigendur voru Edda Ingibjörg Eggertsdóttir og Gísli V. Einarsson með 21,7% eignarhlut hvort í lok árs 2007. Þau Gísli og Edda áttu hvort um sig 40% hlut í Eignarhaldsfélaginu Mata hf. á þessum tíma.

450. Í lok árs 2007 var eini eigandi þessa félags Íslenskar sjávarafurðir ehf. og eini eigandi þess félags Kaupfélag Skagfirðinga (svf.) samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað var til ríkisskattstjóra.

451. Sú kennitala sem Fjárfestingarfélagið MATA ehf. er skráð með í samningnum er kennitala Nýræktar ehf.

452. Tölvuskeyti Dróma hf. til rannsóknarnefndarinnar 25. mars 2013.

453. Bréf Dróma hf. til embættis sérstaks saksóknara 18. ágúst 2011.

454. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

455. Tölvuskeyti KPMG til rannsóknarnefndarinnar 31. október 2012.

456. Tölvuskeyti Bjarka Baxter til rannsóknarnefndarinnar 17. október 2012.

457. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2007.

fjárlutum fylgdi ekki atkvæðisréttur. Sala eða annað framsal stofnfjárhluta var óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar og veðsetning stofnfjárhluta var óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé umfram það sem kveðið var á um í samþykktum sparisjóðsins. Stofnfé gat einnig aukist með endurmati á stofnfé í samræmi við þágildandi ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Stofnfjáreigendur höfðu kauprétt að nýju stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína.

Tafla 39. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2001 til ársloka 2008.<sup>458</sup>

Pús. kr.	2001		2002		2003		2004		2005		2006		2007		2008
Stofnfé/hlutafé	484.874	15,2%	513.706	13,2%	538.641	11,7%	603.671	10,2%	3.960.503	30,4%	19.453.815	55,9%	4.877.279	17,6%	4.889.722
Varasjóður	2.707.473	84,8%	3.373.433	86,8%	4.059.434	88,3%	5.342.986	89,8%	9.056.708	69,6%	15.321.090	44,1%	.	.	.
Varasjóður skv. hfl.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	1.250.000	4,5%	1.250.000
Óráðstafað eigið fé	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	21.633.274	77,9%	(47.472.046)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>3.192.347</b>	<b>100,0%</b>	<b>3.887.139</b>	<b>100,0%</b>	<b>4.598.075</b>	<b>100,0%</b>	<b>5.946.657</b>	<b>100,0%</b>	<b>13.017.211</b>	<b>100,0%</b>	<b>34.774.905</b>	<b>100,0%</b>	<b>27.760.553</b>	<b>100,0%</b>	<b>(41.332.324)</b>

Með breytingum á samþykktum sparisjóðsins 26. mars 2003 mátti hver stofnfjáreigandi aldrei, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, fara með meira en 5% af heildar atkvæðamagni í sparisjóðnum, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggðist á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðsins. Þá skyldi stjórn ekki samþykkja framsal stofnfjárhluta eða aukningu stofnfjár ef það leiddi til þess að einstakur stofnfjáraðili eða aðili í nánnum tengslum við hann eignaðist eða færi með virkan eignarhlut í sparisjóðnum. Með breytingunum var bann við veðsetningu stofnfjárhluta afnumið.

Í árslok 2001 voru stofnfjáreigendur 1.115 talsins, allt einstaklingar, og enginn átti meira en 0,14% stofnfjár. Fjöldi útgefna stofnfjárhluta í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var óbreyttur frá 2001 til 2004 en stofnfjárhafahópurinn tók breytingum á árinu 2004 þegar stofnfjarmarkaður tók til starfa. Um vorið 2003 stofnaði stjórn sparisjóðsins starfshóp um tilboðsmarkaðinn og samþykkti svo tæpu ári seinna, 25. mars 2004, drög að reglum um stofnfjarmarkað sem send voru til Fjármálaeftirlitsins með beiðni um athugasemdir. Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til sparisjóðsins kom fram:

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að rekinn verði lokaður tilboðsmarkaður sem ekki er opin almenningi, þar sem varast er að upplýsingagjöf líkist upplýsingagjöf á skipulegum verðbréfamarkaði og gætt er að reglum um almenn útboð.<sup>459</sup>

Regludrögunum var síðan lítillega breytt í samræmi við athugasemdir Fjármálaeftirlitsins og voru nýjar reglur um stofnfjarmarkað samþykktar á stjórnarfundum sparisjóðsins 6. október sama ár. Samið var við H.F. Verðbréf hf. um að annast viðskipti með stofnfjarmarkaðbréfin. Tilboðsmarkaður var svo starfræktur hjá SPRON-Verðbréfum hf. þegar félagið tók til starfa á fyrri hluta árs 2006.

Í viðskiptum á stofnfjarmarkaði settu seljandi stofnfjarmarkaðbréfa og væntanlegur kaupandi sig í samband við umsjónaraðila og lögðu inn verðtilboð um kaup og sölu. Sölu- og kauptilboð voru tengd saman sjálfvirkir eftir verði, eða eftir aldri ef tvö eða fleiri tilboð reyndust jafnhá, en sala á stofnfé var ávallt háð samþykki stjórnar. Á vefsíðu sparisjóðsins voru birtar allar opinberar tilkynningar sem sparisjóðurinn sendi Kauphöll Íslands hf. og aðrar upplýsingar sem stjórnin taldi geta haft áhrif á verð stofnfjarmarkaðanna. Ekki var þó heimilt að birta upplýsingar um hæsta kauptilboð og lægsta sölutilboð eða viðskiptagengi innan dagsins. Sögulegar upplýsingar um viðskiptagengi voru birtar.<sup>460</sup>

Þó að viðskipti á stofnfjarmarkaði hefðu í fyrstu leitt til þess að stofnfjáreigendum fjölgaði þá leið ekki á löngu þar nokkrir stofnfjáreigendur tóku að auka við hlut sinn og við það fækkaði stofnfjáreigendum á nýjan leik. Frá opnun markaðarins og fram til ársloka 2004 bættust 36 nýir aðilar á stofnfjáreigendalistann og 15 aðilar sem áttu stofnfjárhluta juku við stofnfjáreign sína. Þá seldu 394 stofnfjáreigendur öll stofnfjarmarkaðbréfa sín og 242 seldu hluta af bréfum.

458. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

459. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 30. júní 2004.

460. Reglur um viðskipti á stofnfjarmarkaði SPRON, samþykkt á stjórnarfundum SPRON 2004.

Tafla 40. Aðilar sem juku mest við eignarhlut sinn á stofnfjármarkaði árið 2004.<sup>461</sup>

Eigandi	Nafnverð fyrir opnun stofnfjármarkaðar	Nafnverð í lok árs 2004	Stofnfé keypt á árinu
1 Vátryggingafélag Íslands hf		18.075.000	18.075.000
2 Kaupþing Búnaðarbanki hf.		17.750.000	17.750.000
3 Föroya Sparikassi		17.750.000	17.750.000
4 Sundagarðar hf.		17.700.000	17.700.000
5 Meiður ehf.		12.550.000	12.550.000
6 Guðmundur Hauksson	500.000	9.025.000	8.525.000
7 Fiskiðja Sauðárkróks ehf.		8.850.000	8.850.000
8 Svellhamar ehf.		8.750.000	8.750.000
9 SGP Fjárfestingar ehf.		8.150.000	8.150.000
10 Birkir Baldvinsson ehf.		7.825.000	7.825.000
11 JP Fjárfestingar ehf.		7.700.000	7.700.000
12 HGK ehf.		7.500.000	7.500.000
13 Mínerva ehf.		7.175.000	7.175.000
14 Bakkabræður		6.775.000	6.775.000
15 Skógarnes ehf.		6.250.000	6.250.000
16 Norræna fjárfestingarfélag ehf.		5.725.000	5.725.000
17 Arol ehf.		5.250.000	5.250.000
18 Holt Holdings SA		5.225.000	5.225.000
19 Pálmi Haraldsson		4.700.000	4.700.000
20 Pétur Guðmundarson	500.000	4.275.000	3.775.000

Af tuttugu stærstu stofnfjárhöfum í lok árs 2004 höfðu einungis tveir þeirra átt stofnfé í byrjun ársins. Fyrir opnun stofnfjármarkaðar voru allir stofnfjáreigendur einstaklingar en einkahlutafélögum fjölgaði í hópnum á árinu 2004 og voru einungis þrír einstaklingar meðal tuttugu stærstu stofnfjárhafa í lok ársins. Þeir þrír aðilar sem áttu stærstu stofnfjárhlutina fyrir opnun stofnfjármarkaðar, 1 milljón króna hver að nafnverði, seldu öll sín stofnfjárbréf fyrir lok árs 2004.

Á stofnfjáreigendafundi í lok árs 2004 kom fram að tæplega 60% stofnfjár í sparisjóðnum hefðu skipt um eigendur frá því tilboðsmarkaðurinn var opnaður fyrir um 2,2 milljarða króna. Á fundinum taldi stjórnarformaðurinn að það verð sem hefði myndast á bréfunum væri sanngjarnt og að stofnfjáreigendur gætu vel við unað. Eigendahópurinn hefði breyst mikið og því væri eðlilegt að hinir nýju eigendur vildu fylgja fjárfestingu sinni eftir og kysu sér nýja stjórn. Ný stjórn var kjörin á fundinum.<sup>462</sup>

Í ársbyrjun 2005 skiptist stofnfé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í 14.480 jafna hluti og var hver hlutur 25.000 krónur að nafnverði. Heildarnafnverð stofnfjár var 362 milljónir króna og stofnfjáreigendur 747 talsins.<sup>463</sup> Viðskipti á stofnfjármarkaði voru töluverð en stofnfé sparisjóðsins var aukið mikið frá því hann var opnaður. Samþykktum sparisjóðsins var breytt 7. mars 2005 þannig að stofnfé gæti orðið allt að 2,5 milljarðar króna. Að breytingunum loknum hljóðaði 2. mgr. 4. gr. samþykktta svo:

Stofnfé sparisjóðsins má vera allt að 2.500 millj.kr. og skiptist í allt að 100.000 jafna stofnfjárhluti. Nú þegar (7. mars 2005) skal hækka stofnfé sparisjóðsins um allt að 724 millj.kr. að nafnverði, eða um allt að 28.960 hluti, en stjórn skal ákveða hvenær og að hvaða marki hækunarheimilda verður að öðru leyti neytt innan ofangreindra marka.

Fyrir nýja stofnfjárhluti skyldi greiða nafnverð að viðbættu þegar gerðu endurmati, hagnaðarráðstöfunum og ónýttri heimild til endurmats stofnfjár. Stofnfjáreigendur höfðu kauprétt að nýjum hlutum í hlutfalli við stofnfjáreign sína. Ákveðið var að nýta heimildina að hluta og bjóða strax út 724 milljónir króna í útboði sem stóð yfir 9.–23. maí 2005. Stofnfjáreigendur áttu forgangsrétt til þeirra 28.960 hluta sem í boði voru og gat hver þeirra skráð sig fyrir tveimur nýjum hlutum fyrir hvern stofnfjárhlut sem hann átti fyrir.<sup>464</sup>

„Þá er ákveðið að auka stofnfé árið 2005 því það var mikill uppgangur á markaðnum og sú þróun mundi setja þrýsting á eiginfjárstöðu sparisjóðsins og líka hitt, að markmið SPRON var að geta vaxið.“

Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. maí 2013.

461. Stofnfjáreigendalisti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2004.

462. Fundur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 30. desember 2004.


463. Endurmetið nafnverð hvers stofnfjárhlutur var 43.775 krónur í byrjun árs 2005.

464. Stofnfjáreigendur gátu nýtt sér forgangsréttinn að fullu eða að hluta og þeir sem vildu kaupa fleiri hluti gátu gert það, svo framarlega sem einhverjir stofnfjáreigendur nýttu ekki kauprétt sinn að fullu.

Verðmæti stofnfjárins<sup>465</sup> í útboðinu nam tæpum 1,3 milljörðum króna en söluverð hvers stofnfjárhlutar var 44.324 krónur miðað við vísitölu neysliverðs fyrir maí 2005.<sup>466</sup> Að sögn sparisjóðsstjóra var markmiðið með stofnfjárukningunni í maí 2005 að styrkja eiginfjárstöðu sparisjóðsins og renna þar með sterkari stoðum undir reksturinn, til að mynda með því að auka útlán.<sup>467</sup>

Í nóvember 2005 nýtti stjórnin heimildina frá 7. mars á ný og bauð út stofnfé fyrir 1.086 milljónir króna að nafnverði. Sömu skilmálar giltu um forgangsrétt stofnfjáreigenda og áður, en stjórnin hafði nú heimild til að selja nýjum stofnfjáreigendum þá hluti sem stofnfjárhafar nýttu ekki forgang sinn til kaupa á. Verðmæti stofnfjárins í útboðinu nam 1.980 milljónum króna.<sup>468</sup> Eftir útboðin tvö 2005 nam heildarnafnverð stofnfjár 2.172 milljónum króna og fjölgaði stofnfjáreigendum um 71 á árinu. Endurmetið stofnfé sparisjóðsins í árslok 2005 nam 3.961 milljón króna, þar af voru 3.260 milljónir króna vegna útboðanna. Stofnféð sjöfaldaðist því frá fyrra ári.<sup>469</sup>

Mynd 22. Stofnfjárukningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005 og 2006.<sup>470</sup>



Á aðalfundi sparisjóðsins 6. mars 2006 var samþykktum breytt á ný til að heimila stjórn að hækka stofnfé sparisjóðsins um allt að 2.828.000.000 krónur og gildi heimildin til ársloka 2010. Samþykktum var einnig breytt þannig að 25.000 nýir hlutir, hver að nafnverði ein króna, kæmu í stað hvers eldri hlutar. Heildarnafnverð stofnfjár hélt óbreytt en það skiptist þá í 2.172.000.000 einnar krónu hluti. Heimild til hækkunar stofnfjár var nýtt að fullu í útboði sem stóð yfir dagana 7.–21. apríl 2006 og nutu stofnfjáreigendur þar sama forgangsréttar til áskriftar að nýjum hlutum og áður. Verðmæti stofnfjár í útboðinu nam 5,5 milljörðum króna.

Á fundi stofnfjáreigenda 6. nóvember 2006 var enn samþykkt heimild til að auka stofnfé, nú í allt að 10 milljarða króna að nafnverði, sem jafngilti tvöföldun á stofnfé sparisjóðsins. Heimildin gildi til septemberloka 2011. Tveimur dögum síðar ákvað stjórnin að auka stofnféð um 4,5 milljarða króna að nafnverði með útboði 7.–21. desember 2006. Söliverð hvers stofnfjárhlutar í útboðinu var 2,04699 krónur og var heildarverðmæti útboðsins um 9,2 milljarðar króna.<sup>471</sup> Á þessum sama tíma voru viðskipti á stofnfjármarkaði á genginu

465. Þegar rætt er um verðmæti stofnfjár í tengslum við útboðslýsingar er átt við raunverulegt söliverð hlutar margfaldað með fjölda hluta sem til sölu voru í hverju útboði. Söliverð hlutar var nafnverð hans að teknu tilliti til heimilda til endurmits hans.

466. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 6. maí 2005.

467. „Stofnfé í SPRON verður stóraukið“, visir.is 7. mars 2005, <http://www.visir.is/stofnfe-i-spron-verdur-storaukid/article/2005503070421>.

468. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 6. maí 2005.

469. Ársreikningur samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2005.


470. Fundargerðir stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2005–2006.

471. Útboðslýsing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 1. desember 2006.

3,5–4,0 en þar gátu viðskipti farið fram á yfirverði.<sup>472</sup> Stjórnin seldi stofnfjárhlutina í útboðinu á endurmetnu nafnverði í samræmi við þágildandi 66. og 67. gr. laga nr. 161/2002. Umframvirðið gekk til stofnfjáreigenda sem seldu á markaði, ekki til sparisjóðsins sjálfs. Í stjórnarfundargerð 31. janúar 2007 segir að 28 aðilar hafi hætt við kaup á 5.224.582 stofnfjárhlutum í útboðinu, og samþykkti stjórnin að þeir skyldu seldir nb.is-sparisjóði hf., dótturfélagi sparisjóðsins.

Í lok árs 2006 nam heildarnafnverð stofnfjár sparisjóðsins 9,5 milljörðum króna og endurmetið stofnfé 19,5 milljörðum króna. Á árinu höfðu verið gefnir út nýir stofnfjárhlutir að verðmæti 14,7 milljarðar króna, og að meðtöldu endurmati stofnfjár hækkaði stofnfé um 15,5 milljarða króna á árinu. Á sama tíma fjölgaði stofnfjáreigendum um 373, bæði við stofnfjárútboðin og vegna viðskipta á stofnfjármarkaði, og voru þeir 1.191 talsins í lok árs 2006.<sup>473</sup> Lögðilum fjölgaði meðal nýrra stofnfjáreigenda á þessum tíma, í lok árs 2005 voru 38 af 818 stofnfjáreigendum lögðilar og ári síðar var 81 lögðili í hópi stofnfjáreigenda sparisjóðsins.

Mynd 23. Hlutfallsleg stofnfjáreign einstaklinga og lögðila í árslok 2003–2008.<sup>474</sup>



Þá söfnuðust stofnfjárhlutir á færri hendur. Eftir fyrsta útboðið í maí 2005 höfðu fimm aðilar eignast 5% eða meira af stofnfé sparisjóðsins og var það í fyrsta sinn sem stofnfjáreign einhvers eins fór yfir 5%. Samkvæmt 3. mgr. 70. gr. laga nr. 161/2002 takmarkaðist atkvæðisréttur hvers stofnfjáreiganda við 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggðust á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs. Enginn stofnfjáreigandi átti þó virkan eignarhlut, þ.e. meira en 10% stofnfjár.<sup>475</sup>

Á aðalfundi sparisjóðsins 8. mars 2007 var stjórn enn veitt heimild til hækkunar, en þá var stofnfé sjóðsins 9,5 milljarðar króna. Með nýrri heimild gat stjórn sparisjóðsins hækkað stofnfé um allt að 5,5 milljarða króna og gildi heimildin til ársloka 2011. Stjórn sparisjóðsins samþykkti svo 17. júlí 2007 að sjóðnum yrði breytt í hlutafélag og hann skráður í Kauphöll Íslands þá um haustið, en jafnframt var þá ákveðið að tilboðsmarkaðurinn yrði opinn til 7. ágúst. Frá janúar til ágúst 2007, síðustu átta mánuðina áður en sparisjóðnum var breytt í hlutafélag, fjölgaði stofnfjárhöfum úr tæplega 1.200 í um 1.700. Í lok árs 2007, þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var orðinn að hlutafélagi og búið að skrá sjóðinn í Kauphöll Íslands, voru lögðilar á hluthafalistanum 170 af 2.170 hluthöfum og áttu þeir tæp 70% af heildarhlutafé sparisjóðsins.<sup>476</sup>

472. Gengið er fengið úr verðbréfakerfi sparisjóðsins.

473. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

474. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2003–2008.

475. Hér er ekki búið að taka afstöðu til þess hvort tengdir aðilar fari sameiginlega með virkan eignarhlut.

476. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Tafla 41. Tuttugu stærstu stofnfjáreigendur/hlutafjáreigendur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 2004–2008.<sup>477</sup>

Árslok 2004		Árslok 2005		Árslok 2006	
Vátryggingafélag Íslands hf.	4,99%	Holt Investment Group Ltd.	9,94%	Föroya Sparikassi	9,94%
Föroya Sparikassi	4,90%	Eik Banki	8,06%	Holt Investment Group Ltd.	9,41%
Kaupþing Búnaðarbanki hf.	4,90%	Tuscon Partners Corporation	7,92%	Tuscon Partners Corporation	8,02%
Sundagarðar hf.	4,89%	Sundagarðar hf.	5,03%	Vátryggingafélag Íslands hf.	5,01%
Meiður ehf.	3,47%	Vátryggingafélag Íslands hf.	5,02%	Sundagarðar hf.	5,01%
Guðmundur Hauksson	2,63%	Kaupþing banki hf.	4,93%	Kaupþing banki hf.	4,98%
Fiskiðja Sauðárkróks ehf.	2,44%	Veifa ehf.	4,01%	14 sp/f	3,66%
Svellhamar ehf.	2,42%	SGP Fjárfestingar ehf.	2,32%	SGP Fjárfestingar ehf.	2,35%
SGP Fjárfestingar ehf.	2,25%	Birkir Baldvinsson hf.	2,23%	Birkir Baldvinsson ehf.	2,31%
Birkir Baldvinsson hf.	2,16%	JP Fjárfestingar ehf.	2,19%	JP Fjárfestingar ehf.	2,26%
JP Fjárfestingar ehf.	2,13%	Flagg ehf.	2,01%	Guðmundur Örn Hauksson	1,27%
HGK ehf.	2,07%	Guðmundur Örn Hauksson	1,49%	Arol ehf.	1,11%
Minerva ehf.	1,98%	Svellhamar ehf.	1,24%	Minerva ehf.	1,00%
Bakkabræður sf.	1,87%	Minerva ehf.	1,23%	Insolidum ehf.	0,91%
Skógarnes ehf.	1,73%	Arol ehf.	1,10%	Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	0,85%
Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	1,58%	Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	1,07%	Svellhamar ehf.	0,84%
Arol ehf.	1,45%	Skógarnes ehf.	0,87%	Skógarnes ehf.	0,68%
Holt Holdings SA	1,44%	Guðmundur Arnaldsson	0,47%	Guðmundur Kristinsson	0,63%
Pétur Guðmundarson	1,32%	Guðmundur Kristinsson	0,43%	Sund ehf.	0,51%
Pálmi Haraldsson	1,30%	Arngrímur Hermannsson	0,42%	Guðmundur Arnaldsson	0,47%
<b>Samtals</b>	<b>51,93%</b>	<b>Samtals</b>	<b>61,97%</b>	<b>Samtals</b>	<b>61,22%</b>
21. ágúst 2007		Árslok 2007		Árslok 2008	
Eik Banki	9,94%	SPRON – sjóðurinn ses.	14,59%	SPRON – sjóðurinn ses.	14,98%
Tuscon Partners Corporation	8,02%	Arion safnreikningur	8,28%	Arion safnreikningur	9,12%
Imis ehf.	8,01%	Tuscon Partners Corporation	6,81%	Tuscon Partners Corporation	6,81%
Vátryggingafélag Íslands hf.	5,01%	Kaupþing banki hf.	4,32%	Nýi Kaupþing banki hf.	4,41%
Kaupþing banki hf.	4,98%	Vátryggingafélag Íslands hf.	4,26%	Vátryggingafélag Íslands hf.	4,26%
14 sp/f	3,66%	Eik Banki	3,45%	14 ehf.	3,11%
Sundagarðar hf.	3,02%	14 ehf.	3,11%	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	2,57%
Dexter Fjárfestingar ehf.	2,34%	Sundagarðar hf.	2,57%	Sparisjóður Reykjavíkur og nágr.	2,28%
Birkir Baldvinsson ehf.	2,31%	Sparisjóður Reykjavíkur og nágr.	2,28%	Birkir Baldvinsson hf.	1,97%
Fari ehf.	2,26%	Birkir Baldvinsson ehf.	1,97%	Sundagarðar hf.	1,83%
Insolidum ehf.	1,45%	Dexter Fjárfestingar ehf.	1,59%	Vikur ehf.	1,21%
Vikur ehf.	1,43%	Fari ehf.	1,57%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	1,21%
Guðmundur Örn Hauksson	1,27%	GLB Hedge	1,40%	Guðmundur Kristinsson	1,17%
Arol ehf.	1,14%	Vikur ehf.	1,21%	Guðmundur Örn Hauksson	1,14%
Minerva ehf.	0,94%	Guðmundur Örn Hauksson	1,12%	IceCapital ehf.	1,09%
Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	0,84%	Arol ehf.	1,11%	Mara ehf.	0,94%
Merla ehf.	0,74%	Minerva ehf.	0,82%	Rekstrarfélag Spron hf.	0,87%
Guðmundur Kristinsson	0,65%	Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	0,72%	Minerva ehf.	0,82%
Svellhamar ehf.	0,63%	Byr sparisjóður	0,66%	Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	0,72%
Skógarnes ehf.	0,60%	Svellhamar ehf.	0,57%	Sparisjóðabanki Íslands hf.	0,66%
<b>Samtals</b>	<b>59,23%</b>	<b>Samtals</b>	<b>62,40%</b>	<b>Samtals</b>	<b>61,16%</b>

Frá 2001 til 2008 náði samanlagður eignarhlutur 20 stærstu stofnfjár- og hluthafa sparisjóðsins hámarki í árslok 2007, eða 62,4%, en þá var búið að breyta sparisjóðnum í hlutafélag. Hópur 20 stærstu stofnfjáreigenda tók litlum breytingum á árunum 2001 til 2004 miðað við það sem síðar gerðist. Í töflu 41 má sjá lista yfir stærstu stofnfjár- og hluthafa í lok árunna 2004 til 2008. Þar er einnig sýnt hverjir voru stærstu stofnfjárhafar sparisjóðsins 21. ágúst 2007 þegar stofnfjármarkaðnum var lokað í aðdraganda hlutafélagsvæðingar. Eignarhald lögaðila á listanum er útskýrt til hliðar við töfluna.

Við breytingu sparisjóðsins í hlutafélag var stofnuð sérstök sjálfseignarstofnun, SPRON-sjóðurinn ses., um fjármuni úr varasjóði sparisjóðsins, og átti hún 15% eignarhlut í hinu nýja hlutafélagi. Sjálfseignarstofnunin varð fyrsti aðilinn til þess að eignast meira en 10% hlut í sparisjóðnum og fékk til þess undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu. Í árslok 2007 nam hlutur sjálfseignarstofnunarinnar 14,59% og var hún þá stærsti hluthafinn. Á sama tíma var safnreikningur í umsjón Arion verðbréfavörslu hf. skráður fyrir 8,28% hlutafjár í spari-

477. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2003-2008.

sjóðnum.<sup>478</sup> Á safnreikningnum skiptist eignin svo: Eik Banki p/f átti um 5%, Kaupþing Lúxemborg um 3% og fjárfestingarsjóður Kaupþings banka hf. um 0,3%. Í árslok 2008 var eign Arion safnreiknings komin í 9,12% og skiptist þannig að Eik Banki p/f átti um 8,4%, fjárfestingarsjóður Kaupþings banka hf. um 0,6% og Kaupþing Lúxemborg 0,1%.<sup>479</sup>

## 17.6 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis greiddi stofnfjárhöfum arð af stofnfé þeirra, óslitið frá 1997 að minnsta kosti. Arðgreiðsluhlutfallið allan þennan tíma fór aðeins einu sinni undir 12% af stofnfé, en arðgreiðslan árið 2002 vegna 2001 nam 7% af stofnfé í árslok 2001. Heimilt hefði þó verið samkvæmt reglum Tryggingasjóðs sparisjóða að greiða 10% af stofnfé í arð í það sinn.<sup>480</sup> Næstu fimm ár var arðsemi eigin fjár mjög góð og arðgreiðsluhlutfallið fór því síhækkandi. Arðgreiðslur voru alltaf innan þeirra marka sem reglur Tryggingasjóðs settu hverju sinni. Samtals voru 13 milljarðar króna greiddir til stofnfjárhafa í formi arðs síðustu sjö starfsár sparisjóðsins vegna afkomu næstliðinna ára. Síðasta arðgreiðslan

### Lögaðilar á lista yfir 20 stærstu stofnfjáreigendur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 2004 til 2008

- Sundagarðar hf: félag tengt Gunnari Þór Gíslasyni, stjórnarmanni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.
- 14 sp/f.: Færeyskt félag í eigu Gunnars Mohr og Pouls Zvonko. Eftir hlutfjársvæðinguna framseldi félagið alla hluti sína til 14 ehf.
- SGP Fjárfestingar ehf. og Dexter Fjárfestingar ehf.: Félög í eigu Sigurðar Gísla Pálmasonar sem flutti hluti í sparisjóðnum milli félaganna.
- JP fjárfestingar ehf. og Fari ehf.: Félög í eigu Jóns Pálmasonar.
- Birkir Baldvinsson ehf.: Félag í eigu Birkis Baldvinssonar sem var í varastjórn sparisjóðsins árin 2004 til 4. júlí 2008.
- Fiskiðja Sauðárkróks ehf. var í eigu Kaupfélags Skagfirðinga svf.
- Svellhamar ehf.: Félag í eigu hjónanna Önnu J. Hallgrímsdóttur og Jóhannesar Helgasonar.
- HGK ehf.: Félag í eigu hjónanna Sigríðar Th. Erlendsdóttur og Hjalta Geirs Kristjánssonar, varaformanns sparisjóðsins á árunum 2001–2002.
- Mínerva ehf.: Félag í eigu hjónanna Guðrúnar Erlu Aðalsteinsdóttur og Þorvalds Friðfinns Jónssonar, starfsmanns sparisjóðsins.
- Bakkabræður sf.: Félag í eigu Lýðs Guðmundssonar.
- Skógarnes ehf.: Félag í eigu hjónanna Geirlaugar B. Geirlaugsdóttur og Kristjáns P. Harðarsonar, framkvæmdastjóra hjá sparisjóðnum.
- Norræna Fjárfestingarfélag ehf.: Félag í eigu Ólafs Haraldssonar, framkvæmdastjóra hjá sparisjóðnum.
- Arol ehf.: Félag í eigu hjónanna Ólafar Erlu Óladóttur og Ara Bergmann Einarssonar, sem sat í varastjórn sparisjóðsins árið 2003 og stjórn frá árinu 2004.
- Veifa ehf.: Félag í eigu Kristins Hallgrímssonar.
- Flagg ehf.: Félag í eigu Háuhlíðar 2 ehf. (í eigu Þórólfs Gíslasonar) og Háuhlíðar 3 ehf. (í eigu Sigurjóns Rúnars Rafnssonar).

478. Arion verðbréfavarsla hf. var dótturfélag Kaupþings banka hf.

479. Samkvæmt sundurliðun frá Verdis hf. (áður Arion verðbréfavarsla hf.).

480. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla, um eignarhald sparisjóðanna.

- Insolidum ehf.: Félag í eigu Daggar Pálsdóttur og Páls Ágústs Ólafssonar.
- Sund ehf. og IceCapital ehf. voru í eigu Gunnþórunnar Jónsdóttur og barna hennar, Jóns Kristjánssonar og Gabríelu Kristjánsdóttur.
- Víkur ehf.: Félag í eigu Sparisjóðsins í Keflavík.
- Merla ehf. var í eigu Róberts Melax.
- GLB Hedge: Viðskiptaeining í eigu Glitnis banka hf. sem fjárfesti í hlutabréfum til tryggingar í viðskiptum með framvirka samninga.
- Mara ehf.: Félag í eigu hjónanna Dóru Þórhallsdóttur og Magnúsar B. Einarssonar.

var reyndar til hluthafa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og heyrði þar með ekki lengur undir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og þar af leiðandi ekki heldur undir reglur Tryggingasjóðs, en þess í stað fór um hana samkvæmt lögum um hlutafélag.

Af töflu 42 sést vel að mikil breyting varð á arðgreiðslum hjá sparisjóðnum frá og með rekstrarárinu 2005. Á því ári var stofnfé aukið tvisvar um samtals tæpa 3,3 milljarða króna, eða meira en fimmfaldað. Samþykkt var á aðalfundi 2006 að greiða stofnfjárhöfum arð sem næmi 50% af stofnfjáreign þeirra í árslok 2005. Þannig fengu þeir í rauninni endurgreidda seinni stofnfjárukninguna sem hafði farið fram í nóvember og nam 1.980 milljónum króna. Arðgreiðslan nam nærri helmingi hagnaðarins árið 2005. Ári síðar var gengið enn lengra á þessari braut. Stofnfé var aftur aukið tvisvar á árinu og nú um samtals 14,7 milljarða króna. Síðari aukningin var í desember og nam 9,2 milljörðum króna. Á aðalfundi 2007 var samþykkt að stofnfjárhafar fengju greiddan 46% arð af stofnfjáreign sinni í árslok 2006. Þetta jafngilti nokkurn veginn öllum hagnaði ársins 2006, sem var methagnaður í sögu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Þar fengu stofnfjárhafarnir í arð nær alla stofnfjárukninguna frá því í desember. Arðgreiðslan árið 2008 vegna ársins 2007 var lægri, enda versnaði afkoma sparisjóðsins verulega síðari hluta ársins. Þó var nærri helmingi hagnaðar varið til greiðslu arðs, enda hafði hlutafélagssparisjóðurinn sett sér og gefið út arðgreiðslustefnu, sem var að „greiða út arð sem nemur 20–50% af hagnaði hvers árs að teknu tilliti til eiginfjárstöðu og annarra aðstæðna sem stjórn metur hverju sinni“.<sup>481</sup> Nú giltu ekki lengur viðmiðin við raunardsemi eigin fjár og stofnfé í árslok því nú var það hlutafélag sem hlut átti að máli. Þarna var arðgreiðslan við efri mörkin samkvæmt arðgreiðslustefnunni, þrátt fyrir að afkomuhorfur væru slæmar þegar tekin var ákvörðun um að greiða þennan arð. Samkvæmt eiginfjárfirliti í ársreikningi 2007 var nærri 1,5 milljarða króna tap á rekstrinum eftir að fyrsta ársfjórðungi sleppti.

Við stofnfjárukningarnar kom fram að tilgangur þeirra væri að efla starfsemi sparisjóðsins, bæta eiginfjárstöðuna og auka útlánagetuna. Stofnfé sem greitt var inn í lok árs og greitt aftur út nokkrum mánuðum síðar sem arður getur ekki hafa haft mikil áhrif til styrkingar sparisjóðsins.<sup>482</sup>

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreignenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.<sup>483</sup> Árin 2001–2007 var stofnfé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hækkað með slíku endurmati vegna verðlagsbreytinga um rúmar 800 milljónir króna. Framkvæmdin var í samræmi við reglur þar um. Stofnféð var ekki verðbætt í lok ársins 2003 en endurmatið í árslok 2004 var um leið leiðrétting á því. Eftir að sparisjóðurinn varð hlutafélag var ekki um neitt endurmat að ræða, enda komið hlutafé í stað stofnfjár.

481. Ársskýrsla SPRON [Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.] 2007, bls. 4.

482. Umfjöllun um þessa viðhorfsbreytingu er að finna í 12. kafla, um eignarhald sparisjóðanna. Í athugasemdam Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 kom fram að ef stofnfé hefði ekki verið aukið hefði sparisjóðurinn ekki uppfyllt reglur um eigin fé, þar sem hann var í gríðarlegum vexti og þurfti að auka eigið fé. Þó var eiginfjárlutfall sparisjóðsins langt yfir lögboðnu lágmarki þessi tvö ár sem stofnféð var aukið. Það var 13,6% í árslok 2005 en hefði verið 10,3% ef stofnféð hefði ekki verið aukið í nóvember um 1.980 milljónir króna. Ári síðar var hlutfallið 20,2% en hefði verið 11,7% ef stofnfjárukningin í desember upp á 9.000 milljónir króna hefði ekki átt sér stað.

483. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðan breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla, um eignarhald sparisjóðanna.



Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa allt að 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar á stofnfé með svokölluðu sérstöku endurmati.<sup>484</sup> Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðalfundum sparisjóðsins 2002–2007 var samþykkt að hækka stofnfé í lok næstliðins árs um 5%. Þetta var í samræmi við lög, nema sérstaka endurmatið vegna 2006. Þá var stofnfé hækkað um 595 milljónir króna, en ekki var heimilt að hækka það nema um 61,6 milljónir króna. Ástæða þess var að arðgreiðslan sem samþykkt var á sama aðalfundi og umrætt sérstakt endurmat nam 99,3% af hagnaði ársins. Af þeim sökum voru aðeins 0,7% eftir af honum óráðstöfuð.<sup>485</sup> Sérstakt endurmat og endurmat vegna verðlagsbreytinga kom ekki til álita eftir að sparisjóðnum var breytt í hlutafélag.<sup>486</sup>

Í töflu 42 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út árið eftir og sérstaka endurmatinu var þá bætt við stofnféð. Ástæðan var sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmda. Þannig sáust viðkomandi fjárhæðir ekki fyrir en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 42. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.<sup>487</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007*	2008
Arður vegna ársins/tímabilsins	33.938	92.467	116.188	153.937	1.980.343	8.948.716	1.606.458	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–	–	–	–	–
Stofnfé/hlutafé í árslok	484.874	513.706	538.641	603.671	3.960.503	19.453.815	4.877.279	4.889.722
Arður sem hlutfall af stofnfé/hlutafé**	7,0%	18,0%	21,6%	25,5%	50,0%	46,0%	32,9%	–
Arður sem hlutfall af hagnaði***	14,3%	12,6%	14,4%	10,5%	48,4%	99,3%	48,9%	–
<b>Afkoma ársins</b>	<b>238.150</b>	<b>733.851</b>	<b>804.147</b>	<b>1.464.770</b>	<b>4.092.370</b>	<b>9.010.282</b>	<b>3.286.648</b>	<b>(68.337.779)</b>
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	10,0%	23,1%	20,9%	27,5%	55,0%	48,1%	•	•
Raunarðsemi ársins (nafnarðsemi 2001–2003)	8,3%	23,1%	20,9%	27,5%	55,0%	48,1%	6,3%	-236,3%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	23.816	25.679	27.657	30.184	198.025	972.691	–	–
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga****	38.779	10.137	–	37.373	66.817	595.137	–	–

\* Sparisjóðurinn varð hlutafélag á árinu 2007.

\*\* Þetta var arðgreiðsluhlutfallið vegna 2001–2006.

\*\*\* Þetta var arðgreiðsluhlutfallið vegna 2007.

\*\*\*\* Endurmatið 2004 var einnig vegna 2003.

## 17.7 Yfirtökutilraunir og hlutafélagsvæðing

Í kjölfar lagabreytingar á árinu 2001 sem heimilaði sparisjóðum að breyta félagiformi sínu, hófust umræður innan sparisjóðsins um að breyta honum í hlutafélag.<sup>488</sup> Það var þó ekki fyrir en árið 2007 sem sparisjóðurinn var formlega gerður að hlutafélagi og voru hlutabréf hans skráð í Kauphöll Íslands 23. október 2007.

### 17.7.1 Tilraun til hlutafélagsvæðingar 2002

Í mars 2001 var lagt fram á Alþingi lagafrumvarp sem heimilaði breytingu á félagiformi sparisjóða í hlutafélag. Frumvarpið var kynnt á aðalfundi sparisjóðsins 23. mars sama ár og eftir að það var samþykkt sem lög nr. 71/2001 í maí sama ár hóf stjórn sjóðsins undir-

484. Sú heimild kom inn í lög 2001 og var óbreytt í lögum um fjármálafyrirtæki frá 2002. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun um sérstaka endurmatið í 12. kafla, um eignarhald sparisjóðanna.

485. Ákvæðið um sérstaka endurmatið er í 2. tölul. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Greinin fjallar um ráðstöfun hagnaðar, sem getur samkvæmt henni verið með þrennu móti, þ.e. með greiðslu arðs, sérstöku endurmati og færslu í varasjóð. Sérstaka endurmatið er því ráðstöfun á hagnaði. Hafi honum verið ráðstafað með öðrum hætti kemur sérstakt endurmat ekki til álita.

486. Í athugasemdam Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 kom fram að hjá Tryggingasjóði hefðu menn lagt þann skilning í reglurnar að alltaf hefði mátt greiða jafn mikinn arð og raunarðsemin sagði til um og endurmatið síðan ofan á það. Þessu til stuðnings benti hann á að greiða hefði mátt arð þótt um tap hefði verið að ræða og jafnframt færa upp stofnféð sem næmi verðbólgu. Rannsóknarnefndin bendir á að hafi þetta verið túlkun stjórnar Tryggingasjóðs þá sé ljóst að hún hafi talið sig geta sett og túlkað reglur um hámarkshlutfall arðgreiðslu án þess að vera bundin af þeim ramma sem 68. gr. laga um fjármálafyrirtæki setti um ráðstöfun hagnaðar, sbr. næstu neðanmálgrein hér á undan. Sá ramma er skýr. Arðgreiðsla þrátt fyrir tap var undantekningarákvæði. Rannsóknarnefndin bendir einnig á, vegna athugasemdar Guðmundar, að uppfærsla stofnfjár vegna verðbólgu byggðist á 67. gr. sömu laga og hafði ekki með ráðstöfun hagnaðar að gera, heldur var hún færð úr varasjóði miðað við lok árs.

487. Ársreikningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2001–2008.

488. Sjá lög nr. 71/2001 um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum. Nánari umfjöllun um þessa lagabreytingu er að finna í 4. kafla, um lagaumhverfi sparisjóðanna.

búning að hlutafélagsvæðingu hans. Aðalfundur sparisjóðsins 15. mars 2002 samþykkti að fela stjórn og sparisjóðsstjóra að vinna áfram að breytingu á rekstrarformi sjóðsins og leggja tillögur um það fyrir fund stofnfjäreigenda þegar aðstæður yrðu hagstæðar að mati stjórnar. Á stofnfjäreigendafundi 7. maí 2002 kom fram að yfirlýst markmið með hlutafélagsvæðingunni væri að styrkja eigið fé sparisjóðsins og stefnt væri að því að skrá hann á Verðbréfaþing Íslands á haustmánuðum 2002. Hlutafélagið Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. var stofnað 7. maí 2002 og skráð í fyrirtækjaskrá 14. maí 2002. Tilgangur félagsins var að yfirtaka rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og rækja þá starfsemi sem viðskiptabönkum og sparisjóðum væri heimil samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

„Á þessum tíma var mikil þróun á fjármálamarkaðinum. Komin ný fyrir-tæki, nýir möguleikar og búið að slaka á öllum reglugerðum og svo framvegis, Ísland í raun orðið partur af alþjóðlegu umhverfi. Við litum á SPRON sem hluta af þessu umhverfi og til að efla sparisjóðinn töldum við að það væri ástæða til að skoða [hlutafjäreigingu] og við veltum þessu mjög mikið fyrir okkur [...] Niðurstaðan af þessari umræðu var sú að freista þess að breyta sparisjóðnum í hlutafélag á árinu 2002.“

Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknar-nefnd Alþingis um sparisjóðina 15. maí 2013.

Lagabreytingin kvað á um að stofnfjäreigendur sparisjóðs sem breytt væri í hlutafélag fengju einungis hlutafé í nýju félagi sem gagnjald fyrir stofnfjäreigendur sína. Hlutaféð sem kæmi í hlut stofnfjäreigenda skyldi nema sama hlutfalli af hlutafé nýja félagsins og hlutdeild endurmetins stofnfjár í áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins, en það skyldi metið af óháðum aðila. Hlutafé sem ekki gengi til stofnfjäreigenda yrði eign sjálfseignarstofnunar sem komið yrði á fót í tengslum við hlutafélagsvæðingu sparisjóðs.<sup>489</sup> Sjálfseignarstofnunin SPRON-sjóðurinn ses. var stofnuð í þessu skyni 14. maí 2002.<sup>490</sup> Samkvæmt samþykktum stofnunarinnar átti hún að stuðla að vexti og viðgangi í starfsemi sparisjóðsins ásamt því að vera eigandi að því hlutafé í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. sem ekki félli til stofnfjäreigenda við umbreytingu sparisjóðsins í hlutafélag. Einungis var heimilt að úthluta fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar til menningar- og líknamála í Reykjavík og nágrenni.

Í sama mánuði lágu fyrir niðurstöður verðmats sem Deloitte & Touche ráðgjöf ehf. vann fyrir sparisjóðsstjórnina. Þar var markaðsvirði sparisjóðsins talið liggja á bilinu 5,0–5,5 milljarðar króna, en væri tekið tillit til lagaákvæða um takmörkun á atkvæðisrétti við 5% heildaratkvæðamagns var markaðsvirðið talið á bilinu 4,0–4,4 milljarðar króna.<sup>491</sup> Miðgildi mats Deloitte & Touche ráðgjafar ehf. var 4,2 milljarðar króna og studdist stjórn sparisjóðsins við þá fjárhæð við ákvörðun á virði hlutafélagsins. Stjórnin samþykkti að útgefin hlutabréf næmu 1 milljarði króna og að gengi bréfanna yrði 4,2.<sup>492</sup> Þar sem endurmetið stofnfé í árslok 2001 nam tæpum 485 milljónum króna, yrði hlutur stofnfjäreigenda í nýju hlutafélagi 11,5% og hlutur sjálfseignarstofnunarinnar 88,5%, eða 3.715 milljónir króna.

Í fréttabréfi sparisjóðsstjórnar frá 28. maí 2002 voru helstu atriði hlutafélagsvæðingarinnar rakin. Stjórnin teldi markaðsverðmæti sparisjóðsins hagstætt, breytt rekstrarform myndi auðvelda oöflun eigin fjár á markaði og að eignarhald yrði skýrara og skiljanlegra. Búist var við miklum áhuga fjárfesta en stofnfjäreigendum var í sjálfsvald sett hvort þeir tækju þátt í breytingunni. Þeir sem ekki hefðu áhuga gætu óskað eftir að stofnfjäreigendur þeirra yrðu innleyst. Þá kom fram að breytingu sparisjóðsins í hlutafélag þyrfti að samþykkja á fundi stofnfjäreigenda sem fyrirhugað væri að halda í lok júní 2002.<sup>493</sup>

#### 17.7.1.1 Tilboð „fimmmenninganna“ og Starfsmannasjóðs SPRON ehf.

Fimm stofnfjäreigendur voru á öðru máli en stjórnin um hlutafélagsvæðingu sparisjóðsins og töldu áætlað endurgjald fyrir stofnfjäreigendur ekki sanngjarnt.<sup>494</sup> Þessir fimm stofnfjäreigendur voru Pétur H. Blöndal, Gunnar A. Jóhannsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Ingimar Jóhannsson og Sveinn Valfells. Vísað hefur verið til þessara stofnfjäreigenda sem „fimmmenningana“ og verður það gert í umfjölluninni hér á eftir.

489. Um nánari skýringar á því hvernig stofnfé var skipt fyrir hlutafé við hlutafjäreigingu sparisjóðs samkvæmt 3. mgr. 37. gr. A laga nr. 113/1996, sbr. 3. gr. laga nr. 71/2001, vísast til umfjöllunar í 4. kafla, um lagaumhverfi sparisjóðanna.

490. Þessari sjálfseignarstofnun var slitið á stjórnarfundum hennar 30. september 2004 og það tilkynnt fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra með bréfi 4. október 2004. Tvær aðrar sambærilegar sjálfseignarstofnanir voru síðar stofnaðar vegna áforma um hlutafélagsvæðingu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, þ.e. árin 2004 og 2007, eins og rakið verður hér aftar.

491. Sjá 9. mgr. 37. gr. A þágildandi laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 37. gr. B geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

492. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 21. maí 2002.

493. SPRON breyttist í hlutafélag, Fréttabréf SPRON, 28. maí 2002. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 sagði Guðmundur Hauksson að stofnfjäreigendum hefði verið kynnt á tveimur aðalfundum að svo kynni að fara að skynsamlegt væri að breyta sparisjóðnum í hlutafélag. Haldnir hefðu verið fjórir kynningarfundir fyrir stofnfjäreigendur áður en „fimmmenningarnir“ komu til sögunnar.

494. Sveinn Valfells, Ingimar Jóhannsson, Gunnar A. Jóhannsson og Gunnlaugur M. Sigmundsson, „Ekki tveir milljarðar heldur 5,7 milljarðar“, *Morgunblaðið* 27. júní 2002.

Aðkoma fimmmenninganna hófst með bréfi tveggja stofnfjárhafa, Ingimars Jóhannssonar og Benedikts Jóhannessonar, til stjórnar sparisjóðsins 14. júní 2002, þar sem þeir lýstu yfir andstöðu við fyrirhugaða hlutafélagsvæðingu. Jafnframt kynntu þeir tillögur sem þeir óskuðu eftir að yrðu teknar fyrir á fundi stofnfjäreigenda sem halda átti 28. júní 2002 og samþykkti stjórnin að setja tillögur þeirra á dagskrá fundarins. Fyrsta tillagan var að fundur stofnfjäreigenda hafnaði tillögu stjórnar um að breyta Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag. Önnur tillagan var að felldar yrðu úr gildi takmarkanir á fjölda eignarhluta í eigu einstakra stofnfjäreigenda, en í samþykktum var þá kveðið á um að einstökum stofnfjäreigendum væri óheimilt að eiga fleiri en 20 stofnfjäreihluti. Þriðja tillagan var að fundurinn legði til við stjórn sjóðsins að hún lýsti því yfir að hún myndi ekki standa í vegi fyrir framsali stofnfjäreihluta í sjóðnum. Að lokum var lagt til að ef hlutafélagsvæðingin næði fram að ganga, yrði atkvæðisréttur sjálfseignarstofnunarinnar sem færi með þorra hlutafjárins takmarkaður við 5% af heildaratkvæðamagni, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.<sup>495</sup> Stjórn sparisjóðsins féllst á að bera tillögurnar upp á fyrirhuguðum fundi stofnfjäreigenda.<sup>496</sup>

Hinn 25. júní 2002 sömdu fimmmenningarnir við Búnaðarbanka Íslands hf. um að bankinn keypti stofnfé í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis af stofnfjäreigendum fyrir milligöngu fimmmenninganna. Sama dag sendu þeir bréf til stofnfjäreigenda þar sem þeir buðust til þess að kaupa að minnsta kosti 67% stofnfjár í sparisjóðnum á genginu 4,0. Endurmetið stofnfé 31. desember 2001 nam þá 485 milljónum króna og heildarverðið var því 1.940 milljónir króna. Samkomulagið við Búnaðarbankann kvað á um að fimmmenningarnir myndu síðan selja bankanum stofnféð á genginu 4,077 og fengju þeir því samtals 37 milljónir króna í sinn hlut, eða tæpar 7,5 milljónir króna hver, ef allt stofnféð seldist. Í bréfinu til stofnfjárhafa tíunduðu fimmmenningarnir helstu rök sín fyrir því að áætlanir stjórnarinnar um hlutafélagsvæðingu sparisjóðsins væru óhagstæðar stofnfjäreigendum og hvöttu þá til að fella tillögu stjórnarinnar en taka tilboði Búnaðarbankans um kaup á stofnfé, enda væri þar hærra verð í boði. Meðal helstu annmarka á hlutafélagsvæðingu töldu þeir eftirfarandi:

- a) Hlutdeild stofnfjäreigenda í eigin fé minnkar úr 15,5% í 11,5%.
- b) Hlutdeild stofnfjäreigenda í greiddum arði minnkar úr 100% í 11,5%.
- c) Seljanleiki hlutabréfanna/stofnfjárbréfa minnkar.
- d) Fyrirhuguð hlutafjäreivæðing eykur áhættu stofnfjäreigenda.
- e) Verð hlutabréfa hins nýja hlutafélags mun frekar lækka en hækka en það er reynslan erlendis frá þar sem hömlur eru lagðar á hlutafé eins og fyrirhugað er.<sup>497</sup>

Í greinargerð í *Morgunblaðinu* 27. júní 2002 röktu fimmmenningarnir nánar hvers vegna þeir töldu að tillögur stjórnar sparisjóðsins þjónuðu ekki hagsmunum stofnfjäreigenda.<sup>498</sup> Minni hlutdeild í eigin fé skýrðu þeir með vísan til þess að eigið fé sparisjóðsins næmi 3.192 milljónum króna og þar af væri endurmetið stofnfé 485 milljónir króna, eða 15,2% af eigin fé. Í tillögum stjórnar um hlutafélagsvæðingu var gert ráð fyrir að stofnfjäreigendur myndu eignast 11,5% í hinu nýja hlutafélagi á móti sjálfseignarstofnuninni, miðað við áætlað markaðsverðmæti. Hjá sparisjóði færi öll arðgreiðsla til stofnfjárhafa en í hlutafélagi um sparisjóð færi hluti arðgreiðslunnar til sjálfseignarstofnunarinnar, sem þá væri jafnframt hluthafi.<sup>499</sup> Þá töldu þeir seljanleika hlutabréfanna minni, meðal annars vegna þess að lítil eftirspurn yrði eftir bréfum í félagi þar sem einn aðili hefði yfirgnæfandi meiri hluta, ekki síst í ljósi þess að gert væri ráð fyrir takmörkun á mögulegu atkvæðavægi allra

495. Samkvæmt 9. mgr. 37. gr. A þágildandi laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði var heimilt að kveða á um að atkvæðamagn sjálfseignarstofnunar væri takmarkað við 5%, sjá nánari umfjöllun um þetta í 4. kafla, um lagaumhverfi sparisjóðanna.

496. Bréf stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Benedikts Jóhannessonar 19. júní 2002.

497. Bréf fimmmenninganna til stofnfjäreigenda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 25. júní 2002.

498. Sveinn Valfells, Ingimar Jóhannsson, Gunnar A. Jóhannsson og Gunnlaugur M. Sigmundsson, „Ekki tveir milljarðar heldur 5,7 milljarðar“, *Morgunblaðið* 27. júní 2002.

499. Í greininni var ekki tekið tillit til þess hvernig hagnaður sparisjóðs skiptist milli stofnfjäreigenda og varasjóðs.

annarra en sjálfseignarstofnunarinnar við 5%. Auk þess myndi áhætta fjárfesta aukast með breyttu félagsformi, þar sem stofnfé nyti forgangs gagnvart varasjóði við slitameðferð sparisjóðs en ekki hlutafé.<sup>500</sup>

Ítrekað var að samkvæmt samningi þeirra við Búnaðarbankann myndi bankinn ekki eignast varasjóð sparisjóðsins sem var þá um 2.700 milljónir króna. Til þess að af því gæti orðið þyrfti að hlutafélagsvæða sparisjóðinn og sameina hann síðan Búnaðarbanka Íslands hf. Við þá sameiningu myndi Búnaðarbankinn þurfa að greiða SPRON-sjóðnum ses. með hlutabréfum í bankanum sem næmi áætluðu verðmæti eignarhluta SPRON-sjóðsins ses. í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. Samkvæmt verðmati Deloitte & Touche væri sá eignarhluti metinn á 3.715 milljónir króna. Heildargreiðsla Búnaðarbankans fyrir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, ef af sameiningu yrði, væri þannig um 5.655 milljónir króna samkvæmt útreikningum fimmmenninganna.<sup>501</sup>

Stjórn sparisjóðsins ákvað á fundi sínum 26. júní 2002 að fresta fyrirhuguðum fundi stofnfjáreigenda 28. júní í ljósi lagalegrar óvissu um lögmati tilboðs fimmmenninganna og Búnaðarbankans frá 25. júní. Fimmmenningarnir sendu umsókn til Fjármálaeftirlitsins um að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, næði samningurinn við Búnaðarbankann fram að ganga.<sup>502</sup> Stjórn sparisjóðsins mótmælti þessari umsókn með bréfi til Fjármálaeftirlitsins 2. júlí 2002 og krafðist þess að henni yrði hafnað.<sup>503</sup> Átökin milli stjórnar sparisjóðsins og fimmmenninganna stigmögnuðust og í opnu bréfi til stofnfjáreigenda sparisjóðsins 27. júlí 2002 tilkynnti Sveinn Valfells að hann myndi leggja fyrir fund stofnfjáreigenda tillögu um vantraust á núverandi stjórn og um kosningu nýrrar stjórnar.<sup>504</sup>

Sama dag og Sveinn Valfells birti bréf sitt stofnuðu fimm starfsmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis einkahlutafélag, Starfsmannasjóð SPRON ehf., sem samkvæmt samþykktum hafði það markmið að stuðla að vexti og viðgangi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis með því að fara með eignarhald á stofnfé sjóðsins, auk lánastarfsemi sem tengdist eignarhaldinu. Í stjórn félagsins sátu fimm starfsmenn sparisjóðsins, Ari Bergmann Einarsson útibússtjóri, Harpa Gunnarsdóttir forstöðumaður starfsmannaþjónustu, Jóhannes Helgason fulltrúi, Sigríður Einarsdóttir þjónustustjóri og Þorvaldur F. Jónsson útibússtjóri. Megintilgangur með stofnun félagsins var að koma í veg fyrir að yfirtökutilboð fimmmenninganna og Búnaðarbankans frá 25. júní 2002 næði fram að ganga, enda væri það forsenda þess að tryggja áframhaldandi sjálfstæði og starfsemi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.<sup>505</sup> Stjórn félagsins sendi stofnfjáreigendum bréf með tilboði í stofnfjárbréf á genginu 4,5 miðað við stöðu endurmetins stofnfjár. Í bréfinu var greint frá því að vilyrði hefði fengist frá Sparisjóðabanka Íslands hf., Kaupþingi banka hf. og öðrum fjárfestum fyrir þátttöku í þessum kaupum. Tilboðið, sem gildi til miðnættis mánudaginn 29. júlí 2002, var sett fram með nokkrum skilyrðum:

1. Að stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samþykkti kaupin.
2. Að fundur stofnfjáreigenda felldi úr gildi ákvæði í samþykktum sparisjóðsins um hámarkseignarhluta hvers stofnfjáreiganda.
3. Að Fjármálaeftirlitið féllist á að Starfsmannasjóður SPRON ehf. eignaðist virkan eignarhluta í sparisjóðnum, samkvæmt 10., sbr. 14. gr. laga nr. 113/1996.
4. Að eigendur a.m.k. 51% af stofnfé sparisjóðsins samþykktu kaupin.<sup>506</sup>

500. Sjá 3. mgr. 70. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

501. Sveinn Valfells, Ingimar Jóhannsson, Gunnar A. Jóhannsson og Gunnlaugur M. Sigmundsson, „Ekki tveir milljarðar heldur 5,7 milljarðar“, *Morgunblaðið* 27. júní 2002.

502. Í samræmi við 10. gr., sbr. 14. gr. þágildandi laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

503. Bréf stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 2. júlí 2002.

504. Sveinn Valfells, „Bréf til stofnfjáreigenda SPRON“, *Morgunblaðið* 27. júlí 2002. Í athugasemd til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 benti Guðmundur Hauksson á að úrskurður Fjármálaeftirlitsins, sem fjallað er um hér aftar, um að ekki væri bannað að selja stofnfé á yfirverði hafi þá þegar verið kominn fram.

505. Bréf Starfsmannasjóðs Sparisjóðs Reykjavíkur til Fjármálaeftirlitsins 12. ágúst 2002.

506. „Átökin um SPRON harðna enn“, *Morgunblaðið* 30. júlí 2002.

Í kjölfarið sendu fimm menningarnir frá sér yfirlýsingu þar sem þeir ítrekuðu tilboð sitt á genginu 4,0 og gagnrýndu tilurð Starfsmannasjóðs SPRON ehf. og tilboð félagsins. Þá bentu þeir á að einkahlutafélagið, sem þeir töldu stofnað fyrir tilstilli sparisjóðsstjórans, væri ekki stofnfjáreigandi í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis en virtist engu að síður hafa fengið aðgang að stofnfjáreigendaskrá sem óheimilt var samkvæmt samþykktum sparisjóðsins.<sup>507</sup> Starfsmannasjóðurinn svaraði um hæl með annarri yfirlýsingu þar sem staðhæfingum um aðild sparisjóðsstjórans að stofnun félagsins var hafnað. Í yfirlýsingunni var ekkert minnst á aðgang að stofnfjáreigendaskrá.<sup>508</sup> Nokkrum dögum síðar hækkaði Starfsmannasjóður SPRON ehf. tilboð sitt úr 4,5 í 5,5 krónur fyrir hvern hlut, miðað við endurmetið stofnfé. Við það breyttist viðhorf fimm menninganna og drógu þeir tilboð sitt til baka. Í yfirlýsingu þeirra 10. ágúst 2002 sögðu þeir tilgangi sínum náð með viðbrögðum starfsmannasjóðsins:

Fyrir okkur hefur aldrei vakað annað en að tryggja öllum stofnfjáreigendum í Spron, sem þess óska, sanngjarnt endurgjald fyrir stofnfé sitt. Við þessar aðstæður er það sjálfgefið að falla frá tillögu eins okkar um vantraust á stjórn Spron á [stofnfjáreigendafundi] 12. ágúst 2002. Við mælum svo með að stofnfjáreigendur samþykki á fundinum fyrirleggjandi tillögu um breytingu á samþykktum í því skyni að afnema ákvæðið um hámarkseign eins aðila á stofnfé.<sup>509</sup>

Sá fyrirvari var settur af hálfu fimm menninganna að reyndist samningur starfsmannasjóðsins ekki skuldbindandi, vegna afstöðu Fjármálaeftirlitsins eða stjórnar sparisjóðsins, mundu fimm menningarnir reyna á ný að semja við Búnaðarbankann.<sup>510</sup> Á fjölsóttum fundi stofnfjárhafa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 12. ágúst 2002 gerðu fulltrúar stjórnar sparisjóðsins, fimm menninganna og Starfsmannasjóðs SPRON ehf. grein fyrir sjónarmiðum sínum, m.a. lýstu Pétur H. Blöndal og Jón Steinar Gunnlaugsson nú stuðningi fimm menninganna við tilboð Starfsmannasjóðs SPRON ehf. Á fundinum var samþykkt að afnema takmörkun á fjölda hluta í eigu einstakra stofnfjáreigenda.<sup>511</sup>

#### 17.7.1.1.1 Heimild til sölu stofnfjár á yfirverði

Í framhaldi af umsókn fimm menninganna um að fara með virkan eignarhlut í sparisjóðnum sendi Fjármálaeftirlitið málsaðilum bréf þar sem stofnunin rakti þau sjónarmið og atriði sem það hugðist hafa til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknarinnar. Þar voru sérstaklega tilgreind tvö álitamál:

1. Hvort tilboð fimm menninganna til stofnfjáreigenda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samræmdest lögum og þá sérstaklega hvort heimilt væri að eiga viðskipti með stofnbréf á öðru verði en á endurmetnu nafnverði. Einnig hvort að í viðskiptunum fælist að stofnfjáreigendum, bæði núverandi og tilvonandi, væri veittur aðgangur að eigin fé sparisjóðsins umfram það sem mælt væri fyrir í lögum.
2. Hvort ferli viðskiptanna, eins og það var kynnt í samningi fimm menninganna og Búnaðarbankans, félli að lögum og hvernig yrði gætt ákvæða laga nr. 113/1996 í því efni.<sup>512</sup>

Meginágreiningur stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, fimm menninganna og Búnaðarbankans snerist um það hvort túlka bæri tiltekin ákvæði laga nr. 113/1996, sem takmörkuðu framsal stofnfjárbréfa, þannig að einungis væri heimilt að framselja stofnfjárbréf á endurmetnu nafnverði, og aðeins í afmörkuðum tilvikum, þ.e. við innlausn, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um fjármálaafyrirtæki, við sölu nýs stofnfjár, sbr. 2. mgr. 22. gr., við slit sparisjóðs, sbr. 70. gr., og við breytingu sparisjóðs í hlutafélag, sbr. 37. gr. A og B; eða hvort almennt væri heimilt að framselja stofnfjárbréf á yfirverði, nema við framangreindar aðstæður.

507. „Átökin um SPRON harðna enn“, *Morgunblaðið* 30. júlí 2002. Samþykktir sparisjóðsins kváðu á um að einungis stofnfjáreigendur ættu að hafa aðgang að stofnfjáreigendaskrá.

508. „Átökin um SPRON harðna enn“, *Morgunblaðið* 30. júlí 2002.

509. „Yfirlýsing fimm stofnfjáreigenda í SPRON“, *Morgunblaðið* 10. ágúst 2002.

510. „Yfirlýsing fimm stofnfjáreigenda í SPRON“, *Morgunblaðið* 10. ágúst 2002.

511. „Munum ekki ganga gegn afstöðu Fjármálaeftirlitsins“, *Morgunblaðið* 13. ágúst 2002.

512. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 3. júlí 2002.

Helstu rök fimmenningsanna og Búnaðarbankans voru þau að hvergi í lögum væri bannað með berum orðum að selja stofnfé á yfirverði og því hlyti sala á markaðsverði að vera heimil, enda væri annað brot á eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir töldu að ef það hefði verið vilji löggjafans að banna framsal stofnfjár á yfirverði hefði það þurft að koma skýrt fram í lögnum sjálfum. Einnig var nefnt að réttindi samkvæmt stofnfjárbréfum væru tvímælalaust eign, enda væri litið þannig á þau í skattalegu tilliti og væri vísað til þess í athugasemdum við 1. gr. í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 87/1985.<sup>513</sup>

Í öðru lagi töldu fimmenningsarnir og Búnaðarbankinn að við samruna fjögurra sparisjóða á Vestfjörðum hefðu átt sér stað viðskipti þar sem yfirverð var greitt fyrir stofnfé. Það hefði viðgengist athugasemdalaust af hálfu Fjármálaeftirlitsins og því væri ekki ástæða til þess að gera athugasemdir við þetta atriði í umsókn fimmenningsanna og Búnaðarbankans.

Tilboð Starfsmannasjóðs SPRON ehf. byggði einnig á því að greitt yrði yfirverð fyrir stofnfjárhluti í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Fimmenningsarnir, sem töldu stjórn sparisjóðsins standa að baki tilboði starfsmannasjóðsins, gagnrýndu tilboðið á þeim forsendum að stjórn sparisjóðsins væri að stuðla að tilboði í stofnfé á yfirverði á sama tíma og hún gagnrýndi fimmenningsana og Búnaðarbankann fyrir að gera slíkt tilboð.<sup>514</sup>

Mótrök stjórnar sparisjóðsins voru meðal annars þau að eignarréttindum yfir stofnfé hefðu ævinlega verið settar þröngar skorður í lögum um sparisjóði. Þessar takmarkanir væru settar með tilliti til þeirra almannahagsmuna sem starf sparisjóðanna varðaði og að þær væri eingöngu hægt að skýra svo að viðskipti með stofnfé mættu eingöngu fara fram á endurmetnu nafnverði. Hagsmunir stofnfjáreigendanna væru því víkjandi, enda væri hlutverk þeirra að standa vörð um framfarastarf sparisjóðanna en væri bannað að gera sér það að féþúfu.<sup>515</sup>

Stjórn sparisjóðsins taldi hins vegar að samningur Búnaðarbankans við fimmenningsana væri ekki sambærilegur við það sem átti sér stað við sameiningu sjóðanna á Vestfjörðum, enda hefðu öll stofnfjárviðskipti þar farið fram á endurmetnu nafnverði. Aðrar greiðslur hefðu runnið til sparisjóðsins sjálfs, ekki til stofnfjáreigenda eins og gert var ráð fyrir í samningi Búnaðarbankans við fimmenningsana. Jafnvel þótt talið yrði að greitt hefði verið yfirverð við stofnfjárviðskiptin væri þetta ekki samanburðarhæft. Þá taldi stjórnin að óvenjulegt væri fyrir stjórn sparisjóðs að samþykkja viðskipti með stofnfé á yfirverði og í því samhengi þyrfti m.a. að skoða hvort yfirverð fyrir stofnfé gengi til sparisjóðsins eða stofnfjáreigenda. Yfirverðið sem Búnaðarbankinn bauðst til að greiða fyrir stofnfé í sparisjóðnum myndi ekki ganga til sparisjóðsins, heldur myndi bankinn líklega nota SPRON-sjóðinn ses. til að draga úr eigin útgjöldum og bæta afkomu. Þannig mundi bankinn láta verðmæti sparisjóðsins endurgreiða sér fjárfestinguna.<sup>516</sup>

Samband íslenskra sparisjóða gerði, með bréfi 9. júlí 2002, grein fyrir afstöðu sinni til umsóknar fimmenningsanna um virkan eignarhlut og til bréfs Fjármálaeftirlitsins frá 3. júlí 2002. Í bréfinu kom fram að sambandið teldi að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins varðaði í raun framtíð sparisjóðastarfsemi á Íslandi og tilverugrundvöll sparisjóða almennt. Ef umsóknin yrði samþykkt myndu aðrir viðskiptabankar gera stofnfjáreigendum í öðrum sparisjóðum hliðstæð tilboð, sem yrðu margfalt hærri hlutfallslega í tilvikum þar sem stofnfé viðkomandi sjóðs væri 1% af eigin fé eða minna. Þá var það afstaða sambandsins að sala stofnfjár á yfirverði væri óheimil. Það væri augljóst af lestri greinargerðar með frumvarpi sem varð að lögum nr. 71/2001.<sup>517</sup>

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins um heimild til sölu stofnfjár á yfirverði, í greinargerð frá 19. júlí 2002, var í meginatriðum sú að þágildandi löggjöf fæli ekki í sér bann við framsali eignarhluta á hærra verði en endurmetnu nafnverði, að því tilskildu að lögmaelt samþykki

513. Bréf Jóns Steinars Gunnlaugssonar til Fjármálaeftirlitsins 3. júlí 2002; bréf Búnaðarbanka Íslands hf. til Fjármálaeftirlitsins 8. júlí 2002.

514. Bréf Jóns Steinars Gunnlaugssonar til Fjármálaeftirlitsins 3. júlí 2002; bréf Búnaðarbanka Íslands hf. til Fjármálaeftirlitsins 8. júlí 2002.

515. Bréf Jóns G. Tómassonar til Fjármálaeftirlitsins 8. júlí 2002.

516. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 9. júlí 2002.

517. Nánari umfjöllun um þetta er að finna í 12. kafla, um eignarhald sparisjóðanna.

stjórnar samkvæmt 18. gr. laga nr. 113/1996 lægi fyrir. Fjármálaeftirlitið tók ekki afstöðu til þess hvort yfirverð hefði verið greitt við sameiningu sparisjóða á Vestfjörðum.<sup>518</sup>

#### 17.7.1.1.2 Aðgangur stofnfjáreigenda að varasjóði

Annar stór þáttur í deilu fimmmenninganna og Búnaðarbankans við stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var hvort tilboð fimmmenninganna og Búnaðarbankans fæli í sér að stofnfjáreigendur eignuðust hlutdeild í rekstrarafgangi sparisjóðsins og bryti þannig gegn ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 113/1996.<sup>519</sup> Fimmmenningarnir gagnrýndu á hinn bóginn að tilboð Starfsmannasjóðs SPRON ehf. frá 27. júlí væri fjármagnað með eigin fé sparisjóðsins og bryti því gegn sama lagaákvæði.

Stjórn sparisjóðsins taldi að með fyrirhuguðum stofnfjárkaupum myndi Búnaðarbankinn ná yfirráðum yfir öllu eigin fé sparisjóðsins, þar með talið varasjóði hans. Það gæti bankinn svo notað til að greiða stofnfjáreigendum það yfirverð sem gert var ráð fyrir. Þannig eignuðust stofnfjáreigendur hlutdeild í verðmætum sem þeir ættu ekki tilkall til og bannað væri samkvæmt lögum að veita þeim. Verið væri að greiða stofnfjáreigendum fé sem skilgreint væri sem samfélagseign.

„Samfélagseign sú sem bundin er í sparisjóðunum varðar almanna hagsmunum sem fyrirsvarsmenn opinbers valds hljóta að gefa sérstakan gaum. Verði samningi Búnaðarbankans og stofnfjáreigendanna fimm fullnægt skv. efni er vegið að samfélagshagsmunum í umsjá sparisjóðanna. Hafi einhvern-tímenn verið efni fyrir FME sem eftirlitsaðila með fjármálastarfsemi í landinu til að grípa í taumana, tryggja eðlilega meðferð fjár eftirlitsskyldra aðila, stöðva lögleysu og hrinda órétti, þá er það nú.“

Bréf stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 8. júlí 2002.

### Sameining sparisjóða á Vestfjörðum

Samruni vestfirsku sparisjóðanna fór fram í tvennu lagi. Annars vegar sameinuðust Eyrasparisjóður og Sparisjóður Þingeyrarhrepps, þar sem sá síðarnefndi var yfirtökuaðili en þeim fyrrnefnda slitið, á grundvelli 1. mgr. 72. gr. laga nr. 113/1996. Samruna Sparisjóðs Súðavíkur og Sparisjóðs Öndurfjarðar við Sparisjóð Þingeyrarhrepps var hins vegar hagað í samræmi við 2. mgr. sömu lagagreinar, án þess að tveimur fyrrnefndu sjóðunum væri slitið.

Í upphaflegri samrunaáætlun sparisjóðanna frá 28. október 2000 var gert ráð fyrir því að þeir rynnu allir saman í Sparisjóð Þingeyrarhrepps og hinum þremur yrði síðan slitið. Samrunaáætluninni var síðan breytt 29. desember sama ár og ákveðið að slíta ekki Sparisjóði Súðavíkur og Sparisjóði Öndurfjarðar, en Eyrasparisjóður skyldi renna inn í Sparisjóð Þingeyrarhrepps sem jafnframt breytti um nafn og yrði Sparisjóður Vestfirðinga. Hann myndi síðan kaupa allt stofnfé og nánast allar eignir Sparisjóðs Súðavíkur og Sparisjóðs Öndurfjarðar og taka yfir allar skuldir þeirra.\* Að því loknu myndu Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Kaupþing hf. kaupa allt stofnfé Sparisjóðs Súðavíkur og Sparisjóðs Öndurfjarðar af Sparisjóði Vestfirðinga. Framsal stofnfjár fór þannig fram að Sparisjóður Vestfirðinga keypti allt stofnfé af stofnfjáreigendum Sparisjóðs Súðavíkur og Sparisjóðs Öndurfjarðar í skiptum fyrir stofnfjárbréf í Sparisjóði Vestfirðinga og endurseldi þau síðan til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Kaupþings hf. Viðskiptin fóru öll fram á endurmetnu stofnverði. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis breytti síðan Sparisjóði Súðavíkur í nb.is-sparisjóð og Kaupþing hf. breytti Sparisjóði Öndurfjarðar í Sparisjóð Kaupþings.

Samhliða þessum viðskiptum var gerð bókun við samrunaáætlunina 6. janúar 2001 þar sem aðilar urðu ásáttir um að Kaupþing hf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis tækju þátt í sameiningu sparisjóða í Sparisjóð Vestfirðinga með tilteknum framlögum fyrrnefndu aðilanna. Framlag Kaupþings hf. fólst í kauprétti að hlutabréfum í Kaupþingi hf., 20 milljóna króna stofnfjárframlagi í Sparisjóð Vestfirðinga, án arðgreiðsluréttar á rekstrarárunum 2001–2003, og með því að opna 150 milljóna króna lánalínu til Sparisjóðs Vestfirðinga til þriggja ára. Framlag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fólst í 2 milljarða stofnfjárframlagi, án arðgreiðsluréttar vegna rekstraráranna 2001–2003, og 4% stofnfjárframlagi í nb.is-sparisjóði.

\* Eignirnar sem eftir stóðu voru eignarhlutar í nokkrum félögum að markaðsvirði 12.311.000 krónur í Sparisjóði Öndurfjarðar og 7.060 krónur í Sparisjóði Súðavíkur.

Stjórnin taldi einnig að ef áætlanir fimmmenninganna og Búnaðarbankans gengju eftir og sparisjóðurinn yrði síðan hlutafjávæddur myndi bankinn nýta sjálfseignarstofnunina sem þá yrði stofnuð til að styrkja líknar- og menningarmál í nafni bankans. Þannig myndi

518. Nánari umfjöllun um forsendur þessarar niðurstöðu er að finna í 12. kafla, um eignarhald sparisjóðanna, þar sem fjallað er almennt um aðdraganda þess að heimilt varð að selja stofnfjárbréf á yfirverði.

519. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 113/1996 hafa stofnfjáreigendur ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögnum.

bankinn bæta ímynd sína og þar með markaðsverðmæti sitt. Bankinn myndi nýta verðmæti sparisjóðsins til að endurgreiða sér kaupverð stofnfjárbréfanna með því að færa markaðskostnað bankans yfir í sjálfseignarstofnunina. Yfirverðið fyrir stofnfjárbréfin væri því í raun greitt með fé úr varasjóði sparisjóðsins.

Fimmmenningarnir og Búnaðarbankinn töldu hins vegar að ekki yrði séð að með fyrirætlunum þeirra yrði gengið á varasjóð, enda væri réttarstaða stofnfjáreigenda sú sama fyrir og eftir viðskiptin og að öllu leyti í samræmi við lög, og ekki væri hreyft við öðru eigin fé sparisjóðsins. Búnaðarbankinn taldi meðal annars að ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 113/1996 giltu ekki um viðskipti með stofnfjárhluti á frjálsum markaði, enda væru þau sparisjóðnum í raun óviðkomandi þar sem tekjur af þeim væru ekki hagnaðarhlutur eða arður af rekstri sparisjóðsins sjálfs.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að tilboð fimmmenninganna og Búnaðarbankans fæli í sér að gengið væri á eigið fé sparisjóðsins og taldi heldur ekki að tilboðið veitti stofnfjáreigendum rétt til ágóðahlutar úr sparisjóðnum, enda væri um greiðslu frá þriðja aðila að ræða en ekki frá sparisjóðnum sjálfum.<sup>520</sup>

Haustið 2002 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að hvorki fimmmenningarnir né Starfsmannasjóður SPRON ehf. væru hæfir til að eignast virkan eignarhlut í sparisjóðnum. Í kjölfar úrskurðar kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 í máli nr. 5/2002 frá 17. desember 2002, um umsókn Starfsmannasjóðs SPRON ehf. til að eignast virkan eignarhlut, var farið að leita annarra leiða við hlutafélagsvæðingu sparisjóðsins.

### 17.7.2 Tilraun til hlutafélagsvæðingar og samruna við önnur fjármálafyrirtæki 2003–2004

Stjórn sparisjóðsins skipaði sérstaka undirnefnd stjórnar sem hafði það verkefni að kanna tillögur og hugmyndir að möguleikum stofnfjáreigenda til að selja stofnfjárbréf sín á hærra verði en endurmetnu nafnverði á árinu 2003. Þá skoðaði nefndin einnig hvernig atkvæðavægi yrði háttað í sparisjóðnum við breytingu í hlutafélag.<sup>521</sup> Í nefndinni sátu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Pétur H. Blöndal og Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri.<sup>522</sup> Sparisjóðsstjóra var falið að semja drög að reglum fyrir stjórnina til að vinna eftir ef upp kæmu óskir um framsal stofnfjárhluta. Jafnframt var Sigurði Jónssyni endurskoðanda falið að meta hvað væri eðlilegt að stofnfjáreigendur fengju greitt í hlutafé fyrir stofnfé sitt ef sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag.<sup>523</sup> Sigurður taldi eðlilegt markaðsvirði stofnfjár Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis liggja á bilinu 1.350–1.450 milljónir króna. Ef miðað væri við verðmat Deloitte & Touche á sparisjóðnum frá maí 2002, sem hljóðaði upp á 4.200–4.400 milljónir, myndi hlutdeild stofnfjáreigenda í hlutafé sparisjóðsins eftir hlutafélagsvæðingu vera 31–36%. Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við þá nálgun.<sup>524</sup> Á stjórnarfundum sparisjóðsins 13. nóvember 2003 er greint frá verðmati PricewaterhouseCoopers á sparisjóðnum. Samkvæmt matinu var verðmæti sparisjóðsins 7,9 milljarðar, en á bilinu 6,7–7,1 milljarður í dreifðu eignarhaldi. Verðmæti stofnfjár Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var metið á 1,4 milljarða króna samkvæmt 74. gr. laga nr. 161/2002, sem samsvaraði þá 19% eignarhluta í væntanlegu hlutafélagi.<sup>525</sup> Þetta þýddi að sjálfseignarstofnunin sem stofnuð yrði við hlutafélagsvæðinguna myndi eignast hlutafé að verðmæti 6 milljarðar króna, þ.e. 81% hlutafjár.

Á stjórnarfundum 11. desember 2003 var samþykkt að kanna möguleika á að reka sparisjóðinn sem hlutafélag í eigu eða í samstarfi við viðskiptabanka. Ef fallið yrði frá því að breyta sparisjóðnum í hlutafélag yrði hins vegar hægt að koma upp tilboðsmarkaði með stofnfjárbréf á yfirverði. Ákveðið var að senda erindi til viðskiptabankanna þriggja, Íslandsbanka hf., Kaupþings Búnaðarbanka hf. og Landsbanka Íslands hf., þar sem óskað

„Ég fékk það verkefni að ganga á fund viðskiptabankanna og leggja fyrir þá þær hugmyndir sem höfðu verið ræddar í stjórn SPRON [...] og kanna hvort þeir hefðu áhuga á þessu máli en það væri alveg skýrt að SPRON myndi starfa áfram sem sjálfstæð eining.“

Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. maí 2013.

520. Greinargerð Fjármálaeftirlitsins vegna athugunar á umsókn um kaup á virkum eignarhlut í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 19. júlí 2002.

521. Minnisblað undirnefndar stjórnar um stofnfjármál – atkvæðavægi sjálfseignarstofnunar, 6. nóvember 2003.

522. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 2. apríl 2003.

523. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 24. júlí 2003.

524. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 27. ágúst 2003.

525. SPRON verðmat – unnið af PricewaterhouseCoopers hf. fyrir stjórn SPRON, desember 2003.



var eftir viðræðum um mögulegar útfærslur á samstarfi. Í bréfunum kom fram verðmat PricewaterhouseCoopers á sparisjóðnum en þess óskað að bankarnir gæfu upp það verð sem þeir væru tilbúnir að greiða stofnfjáreigendum fyrir hlut þeirra í hlutafjávæddum sparisjóði. Skilyrði fyrir viðræðum voru að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis yrði sjálfstæð eining sem rekin yrði undir eigin nafni og að starfsmönnum yrði tryggt áframhaldandi starf eftir fremsta megni.<sup>526</sup>

Stóru bankarnir þrír sendu allir tilboð sem rædd voru á stjórnarfundum 20. desember 2003.<sup>527</sup> Ákveðið var að ganga til viðræðna við Kaupþing Búnaðarbanka hf. sem þótti hafa gert hagstæðasta tilboðið en það hljóðaði upp á 8.160–9.240 milljónir króna. Þar af yrðu 6 milljarðar króna greiddir fyrir hlutafjáreign sjálfseignarstofnunarinnar.<sup>528</sup> Stjórnin samþykkti að ganga til viðræðna við bankann og á stjórnarfundum 21. desember 2003 greindi sparisjóðsstjóri frá því að náðst hefði samkomulag um öll grundvallaratriði. Stjórnin undirritaði þá viljayfirlýsingu sem fulltrúar Kaupþings Búnaðarbanka hf. höfðu þegar undirritað.

Á stjórnarfundum 29. desember var staðfest samrunaáætlun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. og önnur gögn sem ganga þyrfti frá fyrir áramót ef hlutafélagsvæðing ætti að nást. Í tengslum við hlutafélagsvæðinguna var ákveðið að slíta SPRON-sjóðnum ses. sem stofnaður var 2002 og stofna nýja sjálfseignarstofnun með sama nafni. Hún var skráð í fyrirtækjaskrá 20. janúar 2004.

Skiptar skoðanir voru um áform Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Kaupþings Búnaðarbanka hf. Jón Kr. Sólnes, formaður Sambands íslenskra sparisjóða, lagðist meðal annars harkalega gegn þeim í viðtali 11. janúar 2004 og hvatti stjórnvöld til að stöðva áformin:

Löggjafinn getur fjallað um málið og gert orðalagið í lögum skýrara þannig að tekin verði af öll tvímæli um hugsanlega heimild til að ráðstafa fjármunum sem eiga að fara inn í sjálfseignarstofnunina. Það er hægt að gera með ýmsu móti. Meðal annars væri hægt að hugsa sér að stjórn yfir sjálfseignarstofnuninni væri ekki kjörin af stofnfjáreigendum, heldur skipuð fulltrúum ríkisvaldsins og sveitarstjórna með einhverjum hlutlausum aðila og að ríkisendurskoðandi væri endurskoðandi fyrir hana, þannig að alveg væri skilið á milli.<sup>529</sup>

Viðskiptaráðherra brást við með því að leggja fram frumvarp á Alþingi, sem breytti ákvæðum um skipan stjórnar sjálfseignarstofnana sem til yrðu við hlutafélagsvæðingu.<sup>530</sup> Sú breyting gekk út á það að stofnfjáreigendur hefðu ekkert með skipan stjórnar að gera, en þess í stað yrðu stjórnarmenn alfarið skipaðir af opinberum aðilum. Á stjórnarfundum sparisjóðsins 4. febrúar 2004 var rætt um stöðu mála með tilliti til lagafrumvarpsins og lagði Árni Þór Sigurðsson, stjórnarmaður, fram eftirfarandi bókun:

Með vísan til þess að viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp sem í raun kemur í veg fyrir löglegan samning SPRON og KB-banka og þess að SPRON hefur ætíð ætlað sér að vinna í samræmi við lög, tel ég rétt að stjórn SPRON ákveði nú þegar að leggja til hliðar áform um að breyta SPRON í hlutafélag.<sup>531</sup>

Lögin tóku gildi 6. febrúar 2004 og ákvað stjórn sparisjóðsins sama dag að falla frá fyrirhugðum áætlunum um hlutafélagsvæðingu, enda hafði lagabreytingin áhrif á forsendur sem lágu að baki samningnum við Kaupþing Búnaðarbanka hf. um hlutafélagsvæðinguna. Gert hafði verið ráð fyrir að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar myndi framselja hlutafjáreign sína í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis til Kaupþings. Með lagabreytingunni varð það allsendis óvíst. Á fundi stofnfjárhafa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 10. febrúar 2004 var samþykkt ályktun um að fela stjórn sparisjóðsins að leita sérfræðialits

„Sparisjóðirnir eru fjórða aflið í íslensku viðskiptabankaumhverfi. Það er vilji neytenda, mikils meiri hluta allra landsmanna, að hér verði áfram val. Þar höfum við skyldur, ekki bara við okkar viðskiptavini, heldur landsmenn alla. Það er engin tilviljun að bankarnir ásælast sparisjóðina, bankarnir hafa reynt að líkjast sparisjóðnum á sviði persónulegrar þjónustu.“

Jón Kr. Sólnes, formaður Sambands íslenskra sparisjóða, í viðtali við *Morgunblaðið* 11. janúar 2004.

526. Bréf stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Íslandsbanka hf., Kaupþings hf. og Landsbanka Íslands hf. 12. desember 2003. Í bréfinu var verðmæti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sagt vera 8,2 milljarðar samkvæmt mati PwC, en eftir að athugasemdir bárust frá fulltrúum allra viðskiptabankana var matið endurskoðað og við það fannst villa í útreikningi PwC. Leiðrétt mat reyndist vera 7,4 milljarðar króna eins og kemur fram á stjórnarfundum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis þann 20. desember 2003.

527. Í athugasemdum Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 kom fram að öll tilboðin hefðu verið opnuð á sama tíma.

528. Bréf Kaupþings Búnaðarbanka til stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 18. desember 2003.

529. „EKKI farið að vilja löggjafans (viðtal við Jón Kr. Sólnes, formann Sambands íslenskra sparisjóða)“, *Morgunblaðið* 11. janúar 2004.

530. Frumvarpið varð að lögum nr. 4/2004 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Nánar má lesa um laga-breytinguna í 4. kafla, um lagaumhverfi sparisjóðanna.

531. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 4. febrúar 2004.

um lögmati laga nr. 4/2004, um breytingu á lögum nr. 161/2002, og um hugsanlegan bótarétt Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og einstakra stofnfjáreigenda vegna þessa. Á stjórnarfundum sparisjóðsins 26. febrúar 2004 var lögmonnunum Jakobi Þ. Möller og Gesti Jónssyni falið þetta verkefni. Lögfræðialítið var lagt fram á fundi stjórnar 22. júní 2004 og síðan sent stofnfjáreigendum. Niðurstaða þess var sú að löggjafinn hefði ekki farið út fyrir valdmörk sín í setningu laga nr. 4/2004 og að íslenska ríkið væri ekki bótaskyldt vegna óheimilla takmarkana á eignarrétti eða samningsfrelsi.<sup>532</sup> Þegar ljóst var orðið að ekki yrði af hlutafélagsvæðingu í þessari atrennu ákvað stjórn sparisjóðsins að hefja undirbúning að stofnun markaðar með stofnfjárhluti, en um stofnfjarmarkaðinn var fjallað hér framar í kaflanum um stofnfé og stofnfjáreigendur.

#### 17.7.2.1 Sameiningarviðræður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs vélstjóra

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 19. maí 2004 var samþykkt að fela sparisjóðsstjóra að kanna forsendur þess að hefja samstarf eða samruna við aðra sparisjóði, héraðs og erlendis.<sup>533</sup> Nokkur skriður komst á sameiningarviðræður strax um sumarið, þótt þær hefðu ekki verið í höndum sparisjóðsstjóra. Þannig er greint frá því á stjórnarfundum 22. júní 2004 að stjórnarformaður sparisjóðsins hafi átt óformleg samtöl við stjórnarformann annars innlands sparisjóðs, án skuldbindinga, og hafi sett af stað upplýsingavinnu í tengslum við það. Síðar kom í ljós að þar var um að ræða Jón Þorstein Jónsson, stjórnarformann Sparisjóðs vélstjóra.

Að sögn Óskars Magnússonar, þáverandi stjórnarformanns Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, þekktust hann og Jón Þorsteinn frá fyrri störfum á matvörumarkaði.<sup>534</sup> Þeir hefðu séð að ná mætti gríðarlegri samlegð með sparisjóðunum, bæði vegna staðsetningar og samsetningar viðskiptavinahóps. Óskar hefði því fengið heimild stjórnar til að hefja óformlegar sameiningarviðræður sem gengu ágætlega að hans sögn. IFS Ráðgjöf ehf. var fengin til að gera úttekt á báðum sparisjóðum.<sup>535</sup> Í fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá 6. október 2004 kemur fram að Árni Tómasson, endurskoðandi og fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbanka Íslands hf., hafi verið fenginn til að leggja mat á verðmæti beggja sparisjóða. Taldi hann að skiptihlutföll ættu að vera á bilinu 36–39% fyrir Sparisjóð vélstjóra en 61–64% fyrir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Í fundargerð var bókað:

Fram kom hjá formanni og sparisjóðsstjóra að ýmislegt væri aðfinnsluvert við matið og eflaust væru veigamikil rök fyrir því að hlutur SPRON ætti að vera stærri. Allt að einu var talið að miklir hagsmunir fælust í því að sameina sjóðina jafnvel þótt mæstast þyrfti á hlutföllum sem ekki endurspegluðu nákvæmlega það mat sem stjórnendur SPRON hefðu. Þegar heildarmyndin væri virt, samrunaaðferðin o.fl. væru hlutföllin ekki úrlitaatriði.

Niðurstaða fundarins varð að miða við að skiptihlutfall yrði allt að 60/40 ef á þyrfti að halda. Svo fór að Óskar og Jón Þorsteinn sendu frá sér viljayfirlýsingu fyrir hönd stjórna sparisjóðanna til fjölmiðla 8. október 2004. Í yfirlýsingunni kom fram að stefnt væri að því að sameining tæki gildi 1. janúar 2005 og vilji væri fyrir því að hleypa fleiri sparisjóðum að viðræðunum.<sup>536</sup> Á stjórnarfundum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 4. nóvember var bókað:

Stjórnarformaður hóf fundinn með því að greina frá þróun viðræðna við formann stjórnar [Sparisjóðs vélstjóra] frá síðasta stjórnarfundum. Í þeim hefur komið fram að stjórn [Sparisjóðs vélstjóra] fellst á að halda samrunaviðræðum áfram, en hefur lýst yfir áhyggjum sínum af kaupum KB-banka og aðilum þeim tengdum á stofnfé í SPRON og myndi fylgjast grannt með þróun þeirra mála. Pétur H. Blöndal og Hildur Njarðvík lýstu áhyggjum sínum vegna

532. Lögfræðialit um viðbrögð SPRON og stofnfjáreigenda við setningu laga nr. 4/2004, 10. júní 2004.

533. Skipaður var vinnuhópur til að kanna mögulegt samstarf við erlenda aðila, en ekki verður séð af stjórnarfundargerðum að sú vinna hafi komist langt á veg.

534. Óskar hafði gegnt starfi forstjóra Hagkaups og Jón Þorsteinn hafði gegnt ýmsum stjórnunarstörfum hjá Nóatúni.

535. Skýrsla Óskars Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. september 2013.

536. „Röðin komin að sparisjóðunum“, *Morgunblaðið* 9. október 2004.

ofangreindra kaupa og töldu sig hafa heimildir fyrir því að þau tengdust að verulegu leyti og því væru áform um samruna sett í uppnám ef svo héldi áfram. Þau lýstu því yfir að þau myndu sitja hjá við afgreiðslu á sölu þeirra stofnfjárbréfa sem fyrir fundinum lá.<sup>537</sup>

Viðræður stjórnarformanna gengu hratt fyrir sig og lágu drög að samrunaáætlun sparisjóðanna fyrir um miðjan nóvember 2004. Á stjórnarfundi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 18. nóvember var samruninn ræddur. Þar var meðal annars rætt um stefnu-mörkun sameinaðs sjóðs, starfsmannaskiptingu og möguleg samlegðaráhrif. Stjórnarformaður fól sparisjóðsstjóra að setja upp drög að samlegðaráætlun en „[s]parisjóðsstjóri sagði að naumur tími væri til stefnu til slíkra útreikninga og mikill tími hefði farið til spillis í þeim efnum“.<sup>538</sup> Stjórnarformanni var síðan falið að halda viðræðum áfram. Á stjórnarfundi rúmri viku síðar, 26. nóvember, greindi stjórnarformaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá samkomulagi um að slíta viðræðum við Sparisjóð vélstjóra. Ákveðið var að senda yfirlýsingu þess efnis til fjölmiðla og Kauphallar Íslands. Í kjölfarið óskaði stjórnarformaðurinn eftir því að vera leystur frá störfum við fyrsta hentugleika. Í *Morgunblaðinu* 28. nóvember 2004 kemur fram að ein af ástæðum þess að upp úr viðræðum slitnaði hefði verið að ekki hefði náðst samstaða um hver yrði sparisjóðsstjóri hins sameinaða sparisjóðs. Sumir hefðu viljað að Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, yrði sparisjóðsstjóri, en aðrir sóttu það fast að utanaðkomandi aðili yrði sparisjóðsstjóri sameinaða sjóðsins.<sup>539</sup>

Óskar Magnússon sagðist hafa áttað sig snemma á því að lítill stuðningur væri við sameiningu innan herbúða Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis þar sem sparisjóðsstjóri og þeir sem honum voru „leiðitamar“ hefðu verið mótfallnir sameiningu. Mikil samþjöppun á eignarhaldi hefði átt sér stað frá því að stofnfjármarkaður var opnaður. Stjórnarformenn sparisjóðanna töldu ljóst að sameining yrði ekki samþykkt á stofnfjárhafafundi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og því hefðu þeir orðið ásáttir um að slíta sameiningarviðræðum. Óskar ákvað að segja sig frá stjórnarformennsku í sparisjóðnum enda var hann um þær mundir að taka við starfi forstjóra Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og fannst ekki heppilegt að vera stjórnarformaður í sparisjóði samhliða því að veita öðru fjármálafyrirtæki forstöðu.<sup>540</sup>

Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Sparisjóðs vélstjóra, greindi rannsóknarnefndinni frá því að meðan á sameiningarviðræðum stóð hefði Hreiðar Már Sigurðsson, bankastjóri Kaupþings Búnaðarbanka hf., kallað Jón Þorstein á sinn fund. Á þeim fundi hefði Hreiðar Már „hreinlega [beðið Jón Þorstein] um að hætta þessu“. Jón Þorsteinn gerði sér grein fyrir því að gömul viðskipta- og vinatengsl væru á milli Hreiðars Máss og Guðmundar Haukssonar, sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Hann hefði þá talið sameiningarviðræður tímasóun þar sem Óskar og þeir sem að viðræðunum stóðu hefðu ekki nægilegt bakland.<sup>541</sup>

### 17.7.2.2 Hlutfélagsvæðing Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2006–2007

Á stjórnarfundi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 21. júní 2006 var Guðmundi Hauksyni sparisjóðsstjóra falið að hefja á nýjan leik undirbúning að hlutfélagsvæðingu sparisjóðsins. Leitað var til IMG ráðgjafar, sem síðar varð Capacent,<sup>542</sup> um að meta verðmæti sparisjóðsins. Drög að matsgerð voru kynnt á stjórnarfundi 11. júlí 2006. Ákveðið var að að fresta ákvörðunartöku um hlutfélagsvæðingu þar til afstaða Fjármálaeftirlitsins til matsgerðarinnar lægi fyrir. Um haustið gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við matið án þess að niðurstaða um það lægi fyrir og fóru starfsmenn Capacent á fund stofnunarinnar til að gera frekari grein fyrir því. Á stjórnarfundi 18. október var eftirfarandi bókað:

„Það voru miklu færri aðilar sem heyrðu undir sparisjóðalöggjöfina heldur en hlutfélagalöggjöfina. Þannig að menn vildu, held ég, vera þar sem var svona „main stream“ í rekstrarformi. Ég held að það hafi ekkert verið annað sem vakti fyrir mönnum heldur en að vera bara með laga-grundvöllinn á bak við reksturinn.“

Skýrsla Etlens Hjaltonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

537. Breytingar á stofnfjárfahafópi má sjá í kafla hér frammar um stofnfé og stofnfjáreigendur.

538. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. nóvember 2004.

539. Agnes Bragadóttir, „Leiðin að sjóðum sparisjóðanna“, *Morgunblaðið* 28. nóvember 2004.

540. Skýrsla Óskars Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. september 2013.

541. Skýrsla Jóns Þorsteins Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013. Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni 8. október sagði Hreiðar Már að hann myndi ekki eftir að hafa átt í samskiptum um þetta við Jón Þorstein. Þeir sem teldu Kaupþing hafa reynt að stöðva sameininguna ofmætu áhrif bankans.

542. IMG ráðgjöf varð að Capacent 8. september 2006.

Fjármálaeftirlitið [hefur] enn ekki skilað niðurstöðu um verðmat SPRON og því væri hæpið að það tækist að breyta formi SPRON í hf. á þessu ári. Aukning eign fjár í formi hlutafjár yrði því ekki fær að þessu sinni.

Þess í stað var ákveðið að boða til stofnfjáreigendafundar og auka stofnfé, sem síðan kom til framkvæmda í desember 2006.<sup>543</sup> Á árinu 2007 var þráðurinn tekinn upp að nýju og fól stjórnin sparisjóðsstjóra að afla nýrrar matsgerðar frá Capacent með tilliti til hugsanlegrar breytingar sparisjóðsins í hlutafélag 1. apríl 2007. Matsgerðin var lögð fyrir stjórnarfund 23. maí sama ár og staðfest af Fjármálaeftirlitinu 26. júní. Á stjórnarfund 2. júlí 2007 var ákveðið að hefja þegar í stað undirbúning hlutafélagsvæðingar. Stefnt var að því að leggja tillögu um eignarhaldsbreytingu fyrir fund stofnfjáreigenda í byrjun september. Gögn um samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og samnefnds hlutafélags voru lögð fram á stjórnarfund sparisjóðsins 17. júlí 2007 og samþykkti stjórn að stefna að breytingu sparisjóðsins í hlutafélag og undirritaði samrunaáætlunina. Á sama fundi var ákveðið að markaður með stofnfjárbréf yrði opinn til og með 7. ágúst og stefnt að skráningu í Kauphöll Íslands 15. september 2007. Til þessa tímabils, frá því að ákvörðun var tekin um hlutafélagsvæðingu sparisjóðsins 17. júlí 2007 og þar til stofnfjármarkaði var lokað 7. ágúst, hefur stundum verið vísað sem „gluggans“.<sup>544</sup>

„Okkur fannst rangt að SPRON, sem stóð fyrir þessum markaði, myndi fyrirvaralaust skella hurðum. En með sama hætti varð að ljúka þessu einhvern tímann og þess vegna var tekin ákvörðun um að hafa hann opinn til 7. ágúst. Tilkynntum það þannig að öllum yrði ljóst að þá yrði þessum markaði formlega lokað og næst gætu menn þá átt viðskipti með hlutabréf í SPRON hf.“

Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

Guðmundur Hauksson, fyrrverandi forstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, sagði fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá aðdragandanum að lokun stofnfjármarkaðarins. Til skoðunar hefði komið að loka fyrir viðskipti með stofnbréf um leið og tilkynnt var að sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag. Talið var að það myndi leiða til mikillar óánægju meðal þeirra sem vildu eiga viðskipti með stofnfjárbréf í sparisjóðnum. Þeir þyrftu að bíða á meðan sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag og væru hugsanlega læstir inni með fé sitt. Því hefði verið ákveðið að hafa stofnfjármarkaðinn opinn frá 17. júlí til 7. ágúst 2007 til að gefa stofnfjárhöfum og kaupendum fyrirvara til að gera sínar ráðstafanir.<sup>545</sup>

SPRON-sjóðnum ses., sem stofnaður var 2004 vegna fyrirhugaðrar hlutafélagsvæðingar það ár, var slitið á stjórnarfund hans 27. september 2007 en 20. ágúst hafði verið stofnuð ný sjálfseignarstofnun með sama nafni. Í stjórn hennar voru tilnefnd þau Einar Karl Haraldsson og Hildur Petersen af hálfu viðskiptaráðherra, Guðmundur Hauksson og Kristbjörg Stephensen af hálfu Reykjavíkurborgar, og Þorsteinn Pálsson af hálfu fjármálaráðherra, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 76. gr. þágildandi laga nr. 161/2002.

Eftir áralangan aðdraganda var samrunaáætlun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. loks samþykkt á fundi stofnfjáreigenda, með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins, og var Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. skráður í Kauphöll Íslands 23. október 2007.

Að morgni fyrsta dags í Kauphöll var gengi hlutabréfa í Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 18,9 á hlut, en við lokun markaðar eftir fyrsta viðskiptadag hafði gengið fallið um 11,6% og var 16,7 krónur á hlut.<sup>546</sup> Lækkunin hélt áfram og mánuði seinna, 23. nóv-

ember 2007, hafði gengi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. lækkað um um tæp 35% frá skráningu.<sup>547</sup>

### 17.7.2.3 Stofnfjárviðskipti stjórnarmanna og tengdra aðila í aðdraganda skráningar sparisjóðsins í Kauphöllina

Hið mikla verðfall á hlutabréfum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. vakti upp spurningar um hvort upplýsingar um bréfin í aðdraganda skráningar þeirra í Kauphöll hefðu verið villandi eða jafnvel rangar. Gagnrýnin jókst síðla árs 2007 þegar í ljós kom

543. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 18. október 2006. Um stofnfjárukninguna er fjallað í kafla 17.5.1.2.

544. Magnús Halldórsson, „Viðskipti í „glugganum“ draga dilk á eftir sér“, *Viðskiptablaðið* 4. febrúar 2010.

545. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. maí 2013.

546. „Forstjóri SPRON ánægður með fyrsta daginn í kauphöllinni“, *visir.is* 23. október 2007, <http://www.visir.is/forstjori-spron-anaegdur-med-fyrsta-daginn-i-kauphollinni/article/200771023094>.

547. Kauphöll Íslands – gengi hlutabréfa, gögn frá Kauphöll Íslands afhent rannsóknarnefndinni. Í athugasemdam Guðmundar Haukssonar til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2013 sagði hann það hafa legið ljóst fyrir að bréfin myndu byrja hátt og lækka svo. Opnað var fyrir söluna og fengin fram kaup- og sölutilboð. Ljóst væri þegar slíkt væri gert, og lítið framboð væri af bréfum fyrir fram, að áhugi fjárfesta væri mjög mikill til að byrja með. Þegar í ljós hefði komið að margir væru tilbúnir að selja á þessu verði hefði það lækkað hratt.

að stjórnarmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. höfðu selt stofnfjárbréf í aðdraganda skráningarinnar.

Þeir stjórnarmenn sparisjóðsins sem seldu stofnfjárbréf á þessum tíma voru Hildur Petersen, formaður stjórnar, Gunnar Þór Gíslason í gegnum Sundagarða ehf. og Jóhann Ásgeir Baldurs.<sup>548</sup> Stjórnarmenn, sparisjóðsstjóri og aðilar tengdir þeim seldu 28% af heildarfjölda seldra bréfa og 40% af eigin bréfum í „glugganum“. Áslaug Viggósdóttir, eiginkona Guðmundar Haukssonar sparisjóðsstjóra, seldi 90% stofnfjárhluta sinna og Halldór Kolbeinsson, eigenmaður Hildar Petersen, seldi 23% stofnfjárhluta sinna. Síðar reyndi Davíð Heiðar Hansson, kaupandi bréfa Áslaugar Viggósdóttur, að fá kaupunum rift og óskaði eftir því að ríkislögreglustjóri rannsakaði viðskiptin. Rannsókn málsins var þó hætt 16. desember 2010 þar sem ekki þótti tilefni til að halda henni áfram.<sup>549</sup>

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. sendi frá sér yfirlýsingu 7. febrúar 2008 þar sem staðfest var að hið minnsta þrjár af fimm stjórnarmönnum félagsins hefðu selt stofnfjárbréf sín í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á tímabilinu 17. júlí til 7. ágúst 2007. Tilefni yfirlýsingarinnar var umfjöllun fjölmiðla um viðskipti stjórnarmanna og aðila sem tengdust þeim sem sneri sérstaklega að því að upplýsingar sem kaupendur hefðu haft á þessum tíma hefðu verið takmarkaðar, einkum upplýsingar um forsendur og innihald verðmats sem Capacent gerði á sparisjóðnum í maí 2007.<sup>550</sup> Í yfirlýsingunni var vísað til umsagnar Fjármálaeftirlitsins frá 30. júní 2004 um drög að reglum um viðskipti á stofnfjármarkaði sem þá var í undirbúningi. Í drögunum hafði verið gert ráð fyrir að upplýsingar um viðskipti tengdra aðila með stofnfjárbréf yrðu gerðar opinberar með sama hætti og gert er hjá skráðum félögum. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins kom meðal annars fram að reglurnar væru mjög líkar reglum sem giltu um skráða fjármálagerninga og taldi stofnunin að þær gætu því valdið „ruglingshættu“ milli tilboðmarkaðarins og kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar.<sup>551</sup> Einnig kom þar fram að fyrirhuguð upplýsingagjöf væri til þess fallin að gefa til kynna að markaðurinn væri skipulagður og því í andstöðu við 34. gr. þágildandi laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í yfirlýsingu stjórnarinnar sagði að á grundvelli þessarar niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins hefði stjórnin talið óheimilt að birta upplýsingar um viðskipti innherja. Fullyrðingar í fjölmiðlum um að stjórnin hefði mistúlkað afstöðu Fjármálaeftirlitsins væru því rangar.<sup>552</sup>

#### 17.7.2.3.1 Kærumál Samtaka fjárfesta vegna viðskipta í „glugganum“

Í kjölfar yfirlýsingar stjórnar sparisjóðsins frá 7. febrúar 2008 leituðu Samtök fjárfesta til Fjármálaeftirlitsins, ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra vegna framangreindra viðskipta og lögðu fram kærur. Í bréfi samtakanna til Fjármálaeftirlitsins 11. febrúar 2008 var óskað svara við þeim fullyrðingum sem fram komu í yfirlýsingu stjórnarinnar frá því fyrr í mánuðinum um leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins frá júní 2004.<sup>553</sup> Í svari Fjármálaeftirlitsins 26. mars 2008 kom fram að umsögn Fjármálaeftirlitsins frá 30. júní 2004, um reglur um viðskipti á stofnfjármarkaði, bæri ekki að túlka svo að þar hefði algert bann verið lagt við upplýsingagjöf, að því gefnu að hún ylli ekki ruglingshættu.

Samtök fjárfesta sendu efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra bréf 7. apríl 2008 og vísuðu til bréfs Fjármálaeftirlitsins frá 26. mars um að hugsanlega vörðuðu viðskipti stjórnarmanna sparisjóðsins með stofnbréf í aðdraganda skráningar bréfanna í kauphöll ákvæði almennra hegningarlaga. Með bréfi 23. júní 2008 tilkynnti ríkislögreglustjóri að efnahagsbrotadeildin teldi ekki tilefni til að hefja rannsókn á refsiverðu athæfi vegna þessara viðskipta. Samtökin sendu þá kæru til ríkissaksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og beindist hún að Hildi Petersen, Ásgeiri Baldurs og Gunnari Þór Gíslasyni. Þá voru stjórnarmennirnir Erlendur Hjaltason og Ari Bergmann Einarsson kærðir fyrir

548. Varastjórnarmaðurinn Birkir Baldvinsson og kona hans, Guðfinna Guðnadóttir, seldu alla stofnfjárhluti sína í „glugganum“ (91.613 hluti). Birkir Baldvinsson ehf., sem er félag tengt Birki og Guðfinnu, átti 218.999.659 hluti eftir lokun „gluggans“ og hafði engin viðskipti með þá á meðan „glugginn“ var opin. Varastjórnarmaðurinn Guðmundur Arnaldsson seldi 800.000 hluti í byrjun júlí og keypti 500.000 hluti í „glugganum“. Eftir lokun „gluggans“ átti Guðmundur 44.793.939 hluti. Hvorki Guðmundur né Birkir sátu stjórnarfundi á árinu 2007.

549. Bréf ríkislögreglustjóra til Áslaugar B. Viggósdóttur 16. desember 2010.

550. Yfirlýsing frá stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 7. febrúar 2008.

551. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 30. júní 2004.

552. „Yfirlýsing frá SPRON“, *Morgunblaðið* 8. febrúar 2008.

553. Bréf Samtaka fjárfesta til Fjármálaeftirlitsins 11. febrúar 2008.

## Dómsmál er varða viðskipti stjórnarmanna í aðdraganda skráningar stofnfjárbréfa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Kauphöllina

*Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 650/2012:* Magnús Björn Brynjólfsson keypti stofnfjárbréf í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hjá SPRON-Verðbréfum hf. 25. júlí 2007 og greiddi fyrir þau rúmar 5 milljónir króna.\* Viðskiptin voru samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins 9. ágúst 2007. Seljandi bréfanna var Hildur Petersen sem þá var stjórnarformaður sparisjóðsins. Magnús höfðaði síðar mál á hendur slitastjórn SPRON hf. þar sem hann krafðist þess að krafa sem hann lýsti við slitameðferð sparisjóðsins yrði viðurkennd sem almenn krafa. Kröfu hans var hafnað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem Hæstiréttur síðar staðfesti.\*\* Hæstiréttur taldi að ekki væri hægt að beina málinu að SPRON hf. þar sem bréfin voru ekki keypt af félaginu. Ekki væri heldur um húsbóndaábyrgð að ræða þar sem sala Hildar var talin óviðkomandi störfum hennar hjá félaginu. Kröfu Magnúsar um viðurkenningu kröfunnar við slitameðferð var því hafnað.\*\*\*

*Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 407/2009:* Insolidum ehf., félag í eigu Daggar Pálsdóttur og Páls Ágúst Ólafssonar, sonar hennar, keypti stofnfjárbréf í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á rúmar 560 milljónir (47,5 milljónir að nafnverði á genginu 11,797232). Saga Capital hf. lánaði fyrir öllu kaupverðinu. Við lántökuna lögðu Insolidum ehf., Dögg og Páll Ágúst fram veð í tilteknum fjölda stofnfjárbréfa í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og fleiri sparisjóðum, og í öllum hlutum í Insolidum ehf. Saga Capital hf. gjaldfelldi skuldina 24. október 2007 þegar Insolidum ehf. sinni ekki veðkalli. Sama dag riftu Insolidum ehf., Dögg og Páll Ágúst kaupunum á stofnfjárlutunum, handveðssamningum og hluta af lánasamningnum. Gerningunum var rift á þeim grundvelli að verðmæti stofnfjárlutanna sem lánssamningurinn átti að fjármagna hefði aðeins verið um 60% af verðinu sem greitt var fyrir hlutina, og að Saga Capital hf. hefði haft vitneskju um þennan galla þegar viðskiptin fóru fram. Saga Capital hf. mótmælti riftuninni. Insolidum ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í maí 2008. Protabú þess, Dögg og Páll Ágúst höfðu síðan mál á hendur Saga Capital hf. til viðurkenningar á riftuninni. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti í máli nr. 407/2009, var ekki fallist á kröfu um viðurkenningu riftunarinnar þar sem ekki hefði verið sýnt fram á að hægt væri að finna þá galla á sölufurðunum eða hinu seldu sem meta mætti til verulegra vanefnda að hálfu Saga Capital hf.

*Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 2013 í máli nr. E-3684/2011:* Magnús Björn Brynjólfsson höfðaði mál á nýjan leik til að fá kaupum hans á stofnfjárbréfum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis rift, en nú beindi hann kröfum sínum gegn seljanda bréfanna, Hildi Petersen. Í málinu voru gerðar þær dómkröfur að kaupunum yrði rift og kaupverðið endurgreitt vegna galla á keyptum stofnfjárbréfum, en til vara var krafist skaðabóta eða viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefndu ella. Með dómi héraðsdóms var dómkröfunum hafnað og stefnda sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þótti hvorki sýnt fram á að stofnfjárbréfin hefðu verið haldin galla né að stefnandi hefði orðið fyrir tjóni sem stefnda hefði valdið og skyldi bæta. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

\* Um var að ræða 980.927 kr. að nafnverði á genginu 5,05.

\*\* Dómur Hæstaréttar Íslands 14. nóvember 2012 í máli nr. 650/2012

\*\*\* Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 2013 í máli nr. E-3684/2011 var kröfu Magnúsar um riftun á kaupum hans á stofnfjárbréfum Hildar hafnað. Gat Magnús hvorki sýnt fram á að stofnfjárbréfin hefðu verið gölluð, né að Hildur hefði valdið honum því tjóni sem hann vildi að sér yrði bætt.

hlutdeild í brotunum, sem og Guðmundur Hauksson sem þá var sparisjóðsstjóri, þar sem þeir hefðu samþykkt framsal hinna stjórnarmanna á hlutum sínum.<sup>554</sup> Kæran byggðist á því að hinir kærdðu hefðu framið fjársvik með vísan til 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og innherjaákvæða laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti.

Ríkislögreglustjóri vísaði kærinni frá með bréfi 18. desember 2008, á grundvelli 76. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.<sup>555</sup> Samtök fjárfesta kærdðu ákvörðunina til ríkissaksóknara 19. janúar 2009 sem felldi ákvörðunina úr gildi 10. febrúar 2009 og lagði fyrir ríkislögreglustjóra að hefja rannsókn á málinu með hliðsjón af 248. gr.

554. Magnús Halldórsson, „Kæra SPRON“, *Morgunblaðið* 26. september 2008.

555. Í rökstuðningi ríkislögreglustjóra kom m.a. fram að ekki væri hægt að líta svo á að innherjareglur IX. kafla laga nr. 33/2003 hafi átt við um viðskipti stjórnarmanna í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fyrr en í fyrsta lagi eftir 21. ágúst 2007, þegar fundur stofnfjárhafa samþykkti hlutafélagsvæðinguna og skráningu í Kauphöll. Þá taldi ríkislögreglustjóri að ekki hefði verið sýnt fram á að stjórnarmennirnir hefðu sýnt af sér saknæma háttsemi né beitt blekkingum í tengslum við sölu stofnfjárbréfa sinna í „glugganum“.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940.<sup>556</sup> Með bréfi ríkislögreglustjóra 9. nóvember 2010 var málið fellt niður þar sem ekki þótti sýnt að saknæmisskilyrðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 væri fullnægt, né að verknaðarlýsing 248. gr. laganna ætti við. Ríkislögreglustjóri taldi, með hliðsjón af skýrslutökum af stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra, að ekkert benti til þess að kærðu hefðu leynt upplýsingum í því skyni að styrkja hugmyndir kaupenda stofnfjárbréfa um verðmæti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Enn fremur benti ríkislögreglustjóri á að kærðu sem seldu stofnfé hefðu öll haldið a.m.k. 50% eignarhluta sinna í sparisjóðnum og hefðu því haft mikla hagsmuni af hlutafélagsvæðingunni.

Samtök fjárfesta kærðu ákvörðun ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara 9. desember 2010. Kærendur gagnrýndu að ríkislögreglustjóri teldi ekki að hin kærðu hefðu leynt neinum upplýsingum og bentu á að ef upplýsingar um sölu stjórnarmanna, æðstu stjórnenda og tengdra aðila hefðu legið fyrir hefðu aðrir stofnfjáreigendur líklega ákveðið að selja líka. Kærendur gagnrýndu einnig þau rök ríkislögreglustjóra að stjórnarmennirnir sem seldu hefðu haldið eftir 50% hlut eða meira og því áfram haft verulegra hagsmuna að gæta. Óskað var eftir að ríkislögreglustjóri upplýsti hvaða ástæður hin kærðu hefðu tilgreint fyrir því að hluti af verðmati Capacent hefði verið trúnaðarmál þegar umrædd stofnfjárviðskipti áttu sér stað.<sup>557</sup>

Ríkissaksóknari sagði ástæðu þess að verðmat Capacent hefði ekki verið birt í heild sinni vera þá að þar hefði komið fram mat á tveimur eignum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sem fyrirhugað var að selja, annars vegar lóð í Kringlunni og hins vegar hlutabréf í Icebank hf. Stjórn sparisjóðsins hefði talið slæmt að birta þessar upplýsingar vegna gagnadila í fyrirhuguðum viðskiptum. Við rannsókn málsins kom ekkert fram sem benti til þess að hinir kærðu hefðu með háttsemi sinni framið refsiverðan verknað sem falla mundi undir 248. gr. almennra hegningarlaga. Því var rannsókn á málinu hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram.<sup>558</sup>

#### 17.7.2.4 Áætlun um samruna við Kaupþing banka hf.

Í apríllök 2008 óskaði stjórn Kaupþings banka hf. eftir viðræðum við stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. um mögulega sameiningu félaganna. Vildi stjórn bankans kanna ítarlega hvernig hægt væri að hámarka ávinning beggja félaga, fjárfesta og starfsfólks af sameiningu og vænti hún þess að hægt yrði að ljúka viðræðum á fjórum vikum. Sameiningin væri háð samþykki lánardrottna, að viðeigandi áreiðanleikakönnun yrði gerð á sparisjóðnum og að Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið samþykktu sameininguna. Óskað var eftir svari stjórnar sparisjóðsins samdægurs. Eftir umræðu um kosti og galla slíkra viðræðna samþykkti stjórn sparisjóðsins á fundi 30. apríl 2008 að ganga til viðræðna við Kaupþing banka hf.

Þrátt fyrir áform um að viðræðurnar gengju hratt fyrir sig höfðu samningar ekki náðst þegar stjórnarfundur var haldinn í sparisjóðnum 13. júní 2008. Mikil vinna lá þó að baki og höfðu forstjóri og stjórnarformaður sparisjóðsins farið utan til viðræðna við aðila sem stóðu að baki erlendum lánalínum sjóðsins.<sup>559</sup> Á fundinum 13. júní 2008 gaf stjórn sparisjóðsins forstjóra og stjórnarformanni heimild til að halda áfram viðræðum við Kaupþing banka hf. að því tilskildu að lagt yrði upp með að sparisjóðurinn yrði áfram rekinn undir sama nafni og að viðunandi verð fengist. Helsta ágreiningsefni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Kaupþings banka hf. var skiptihlutfall hlutabréfa í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. og hvernig starfsemi sparisjóðsins yrði háttáð eftir sameiningu.

Á stjórnarfundum 1. júlí 2008 var lögð fram samrunaáætlun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Kaupþings banka hf. Helstu atriði áætlunarinnar voru:

1. Að Kaupþing banki hf. mundi yfirtaka eignir og skuldir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

556. Bréf ríkissaksóknara til Samtaka fjárfesta 10. febrúar 2009.

557. Bréf ríkissaksóknara til Samtaka fjárfesta 9. desember 2010.

558. Bréf ríkissaksóknara til Þórarins V. Þórarinssonar 7. janúar 2011.

559. Í lánasamningum var áskilið að skylt væri að upplýsa lánveitendum um breytingar á eignarhaldi sparisjóðsins.

2. Að hluthafar fengju greitt á markaðsgengi sparisjóðsins 30. júní 2008, að viðbættu 15% álagi. Greiðslan yrði samsett þannig að 60% hennar yrðu í hlutabréfum í Exista hf. og 40% í hlutabréfum í Kaupþingi banka hf.

Gengi sparisjóðsins 30. júní 2008 var 3,33 og að viðbættu 15% álagi yrði greiðslan til hlutafjáreigenda því 3,83 á hvern hlut. Í drögum að skýrslu sem fylgdi samrunaáætluninni var lögð áhersla á að halda sérstöðu sparisjóðsins og að útibúanet hans yrði rekið sem sjálfstæð eining. Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. samþykkti samrunaáætlun og fylgigögn hennar 1. júlí 2008, með fyrirvara um samþykki hluthafa, Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnisyfirvalda, og átti samruni fyrst að koma til framkvæmda að skilyrðum þessum fullnægðum. Þá var ákveðið að boða til hluthafafundar 6. ágúst 2008 og leggja fyrir hann tillögu um staðfestingu samrunaáætlunarinnar og þar með samruna Kaupþings banka hf. og sparisjóðsins á grundvelli hennar.<sup>560</sup> Tillagan var samþykkt á hluthafafundinum.

Samruninn var borinn undir Samkeppniseftirlitið sem samþykkti samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Kaupþings banka hf. á grundvelli þess að sýnt væri að sparisjóðurinn myndi að öðrum kosti hverfa af markaðnum sem sjálfstæður keppinautur og að engin önnur ráð gæfust en að samþykkja samrunann.<sup>561</sup> Á stjórnarfundi 30. september 2008 voru lögð fram drög að aðgerðaáætlun sem yrði sett af stað um leið og samþykki Fjármálaeftirlitsins lægi fyrir.

Að morgni 9. október 2008 voru stjórnarmenn sparisjóðsins boðaðir á fund samdægurs en þá um nóttina hafði Fjármálaeftirlitið yfirtekið Kaupþing banka hf.<sup>562</sup> Með yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Kaupþingi voru áætlanir um samruna félaganna að engu orðnar. Þá var ljóst að skammtímafjármögnun sparisjóðsins var orðin erfið þar sem hún hafði að miklu leyti byggst á nánú samstarfi við Kaupþing. Að auki hefði hlutabréfasafn sparisjóðsins rýrnað mjög og þrot viðskiptabankanna mundi hafa alvarleg áhrif á eiginfjárstöðu sparisjóðsins. Stjórn sjóðsins sá því að ekki væri önnur leið fær en að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stöðu sparisjóðsins.<sup>563</sup>

## 17.8 Fjárhagsleg endurskipulagning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Virðisrýrnun útlána og verðbréfa hafði töluverð áhrif á eigið fé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á árinu 2008. Eiginfjárlutfallið lækkaði stöðugt á árinu en hélt þó yfir lögbundnu lágmarki þar til í árslok 2008 þegar það var orðið neikvætt um 13,56% samkvæmt skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins. Þá átti sparisjóðurinn í lausafjárerfiðleikum frá því á fyrri helmingi ársins 2008 og þegar þrengja fór að á fjármálamörkuðum reiddi sparisjóðurinn sig í meira mæli á Kaupþing banka hf. um skammtímafjármögnun. Við fall bankans varð öflun lausafjár sparisjóðnum enn erfiðari.<sup>564</sup>

Í ljósi lausafjár- og eiginfjárerfiðleika ákvað stjórn sparisjóðsins 9. október 2008 að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stöðuna og var það gert á fundi daginn eftir auk hugmynda um endurskipulagningu.<sup>565</sup> Í kynningunni kom fram að áætluð rýrnun eigin fjár í kjölfar falls viðskiptabankanna næmi um 20 milljörðum króna að teknu tilliti til 2 milljarða króna skattáhrifa. Eigið fé sparisjóðsins yrði þá neikvætt um 10 milljarða króna.

Í kjölfar þessa fundar áréttaði forstjóri sparisjóðsins að sjóðurinn leitaði eftir opinberum stuðningi stjórnvalda og ríkisstofnana sem meðal annars þyrfti að felast í:

1. Kaupum Íbúðalánasjóðs á íbúðalánum í íslenskum krónum af sparisjóðnum á bókfærðu verði, sem gengju hratt og örugglega fyrir sig. Mikilvægt væri að Íbúðalánasjóður yrði að auki tilbúinn til að kaupa íbúðalán í erlendri mynt með sama hætti.

560. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 1. júlí 2008.

561. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um samruna Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., 26. september 2008.

562. „FME yfirtækur Kaupþing“, mbl.is 9. október 2008, [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2008/10/09/fme\\_yfirtækur\\_kaupthing/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2008/10/09/fme_yfirtækur_kaupthing/).

563. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 10. september 2008.

564. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 30. september 2008.

565. Staða og tillögur SPRON, glærुकynning á fundi með Fjármálaeftirlitinu, 10. október 2008.



2. Að Nýi Kaupþing banki myndi samþykkja breytingu á víkjandi lánum í hlutfé og styrkja þannig eiginfjárgrunn sjóðsins.<sup>566</sup>
3. Að ríkið nýtti heimild í 2. gr. laga nr. 125/2008 til að auka eigið fé sjóðsins um 20%.
4. Að viðskiptaráðherra beitti sér fyrir því að gefin yrði út yfirlýsing þess efnis að ríkisstjórn og aðrar ríkisstofnanir myndu styðja við bakið á sparisjóðnum í þeim hremmingum sem væru á fjármálamarkaði. Slík yfirlýsing myndi fyrst og fremst nýtast sjóðnum í viðræðum við erlenda lánardrottna og gæti skapað svigrúm til að vinna að ásættanlegri lausn mála og viðhalda því góða samstarfi sem sjóðurinn hefði haft við fjölmarga alþjóðlega banka. Nauðsynlegt væri að fá slíka yfirlýsingu sem allra fyrst.<sup>567</sup>

Skömmu síðar var útlit fyrir að flest þessara atriða gætu gengið eftir. Hinn 26. nóvember 2008 var samþykkt reglugerð nr. 1081/2008 um heimild Íbúðalánasjóðs til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð voru með veði í íbúðarhúsnæði.<sup>568</sup> Bankastjóri Nýja Kaupþings banka hf. staðfesti með bréfi til Fjármálaeftirlitsins 3. nóvember 2008 vilja bankans til að breyta víkjandi láni sparisjóðsins, að fjárhæð 42 milljónir evra, í hlutfé í sjóðnum.<sup>569</sup> Reglur um eiginfjárframlag ríkisins til sparisjóða, samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008, voru síðan samþykktar 18. desember 2008.

Í kjölfar fundarins 10. október 2008 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um eiginfjárstöðu samstæðu sparisjóðsins. Þær bárust eftirlitinu 17. október 2008 ásamt greinargerð um hvernig fyrirhugað væri að tryggja lausafjárstöðu sparisjóðsins. Einnig fylgdi rekstraráætlun fyrir samstæðuna til ársloka 2008 og gerð var grein fyrir rekstrarhorfum sparisjóðsins fyrir árið 2009.

Áætluð niðurfærsla eigin fjár vegna áhrifa af falli viðskiptabankanna þriggja var þar metin á bilinu 12,3–17 milljarðar króna. Helstu áætluðu niðurfærslur voru:

1. 4 milljarða króna niðurfærsla á virði eignarhluta í Exista hf. og afskrift á 2 milljarða króna láni til félagsins.
2. Lán veitt til hlutabréfakaupa í Icebank hf., samtals 3 milljarðar króna.<sup>570</sup>
3. Gjaldfærsla vegna eignarhluta í Sparisjóðnum í Keflavík og Icebank hf., samtals 750 milljónir króna.
4. Niðurfærsla vegna hlutabréfalans til Gifftar fjárfestingarfélagshf. (áður Samvinnutryggingar hf.), með veði í hlutabréfum Kaupþings banka hf., samtals 1,4 milljarðar króna.
5. Niðurfærsla vegna annarra smærri hlutabréfalána, samtals um 600 milljónir króna.

Í eiginfjárútreikningum var gert ráð fyrir að 9,5–14 milljarða króna þyrfti í nýtt hlutfé til að eigið fé yrði 10,1–11,4 milljarðar króna og eiginfjárlutfall á bilinu 11,3–12,7%.

Í greinargerð um lausafjárstöðu kom fram að í undirbúningi væri sala á veðskuldabréfum í íslenskum krónum að verðmæti 27,2 milljarðar króna til Íbúðalánasjóðs á næstu dögum. Að auki væri gert ráð fyrir að síðar yrðu seld veðskuldabréf í erlendum myntum að verðmæti 35 milljarðar króna. Áætlað útstreymi fjármagns vegna endurgreiðslu á skammtímafjármögnun til ársloka 2008 var um 20 milljarðar króna og heildarfjármögnunarþörf ársins 2009 var áætluð 25 milljarðar króna.<sup>571</sup> Í rekstraráætlun fyrir síðasta ársfjórðung 2008 var gert ráð fyrir rúmlega 600 milljóna króna tapi fyrir skatta. Tap ársfjórðungsins reyndist

566. Víkjandi lán Kaupþings banka hf. til sparisjóðsins fluttist yfir í Nýja Kaupþing banka hf. eftir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á hinum fyrrnefnda.

567. Tölvaskeyti Jónu Ann Pétursdóttur til Ólafs Orrasonar 15. október 2008.

568. Sparisjóðurinn hafði þá þegar, eða 22. október 2008, fengið fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands á grundvelli ákvörðunar stjórnar Íbúðalánasjóðs um að kaupa 20,2 milljarða króna lánasafn af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Um þá fyrirgreiðslu var fjallað hér framar í kafla um skuldir við lánastofnanir. Reglur stjórnar Íbúðalánasjóðs um kaup á skuldabréfum samkvæmt þessari reglugerð voru ekki samþykktar fyrr en 9. janúar 2009 og var þar einungis um að ræða reglur vegna kaupa á bréfum í íslenskum krónum.

569. Bréf Nýja Kaupþings banka hf. til Fjármálaeftirlitsins 3. nóvember 2008.

570. Gert var ráð fyrir að lán til hlutabréfakaupa í Icebank gætu tapast að fullu færi bankinn í þrot.

571. Greinargerð um eiginfjárlutfall og lausafjárstöðu SPRON, 17. október 2008.

hins vegar nema 49,5 milljörðum króna fyrir skatta.<sup>572</sup> Í greinargerð um rekstrarhorfur fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir að grunnrekstur samstæðunnar myndi skila tæpum 4 milljörðum króna í hreinum vaxta- og þjónustutekjum árið 2009. Það var svipuð upphæð og árið 2007 en þá námu þær 4,2 milljörðum króna. Rekstrarkostnaður ársins 2009 var áætlaður um 2,5–2,8 milljarðar króna, eða um það bil helmingi lægri en árið 2007.<sup>573</sup>

Með bréfi 20. október 2008 gaf Fjármálaeftirlitið stjórn sparisjóðsins vikulangan frest til að skila reikningsuppgjöri árituðu af endurskoðanda.<sup>574</sup> Taldi Fjármálaeftirlitið að „[s]amkvæmt fyrirliggjandi gögnum [væri] eigið fé sparisjóðsins uppuríð eftir að tekið hefði verið tillit til áætlaðra niðurfærslna, sem [stöfuðu] fyrst og fremst af óbeinum áhrifum af verðfalli verðbréfa þriggja stærstu viðskiptabankanna“. Þá óskaði Fjármálaeftirlitið enn fremur eftir því, með hliðsjón af eiginfjárstöðu sparisjóðsins, að stjórn hans hygðist að því að grípa til viðeigandi ráðstafana, sbr. 3. mgr. 86. gr. laganna.<sup>575</sup> Þá var óskað upplýsinga um hvort stjórn sparisjóðsins hefði kannað hvort tilefni væri til fjárhagslegrar endurskipulagningar, sbr. 98. gr. sömu laga.<sup>576</sup>

Reikningsuppgjör fyrstu níu mánaða ársins var sent Fjármálaeftirlitinu 27. október sama ár ásamt greinargerð frá endurskoðanda sparisjóðsins.<sup>577</sup> Í þessu uppgjöri hafði, að beiðni Fjármálaeftirlitsins, verið tekið tillit til atburða sem áttu sér stað eftir 30. september 2008. Uppgjörið sýndi tap af rekstri á tímabilinu upp á 39,2 milljarða króna og bókfært eigið fé neikvætt sem nam 12,2 milljörðum króna í lok tímabilsins.<sup>578</sup> Þess má geta að opinbert uppgjör sparisjóðsins fyrir sama tímabil, sem ekki tók tillit til atburða eftir uppgjörsetningu, sýndi 16,5 milljarða króna tap og bókfært eigið fé sem nam 10,4 milljörðum króna í lok tímabilsins. Í skýrslu stjórnar og áritun endurskoðanda með opinbera uppgjörinu var þó greint frá því að í ljósi atburða eftir uppgjörsetningu mætti gera ráð fyrir mikilli virðisryrnun eignasafns og af þeim sökum væri líklegt að eiginfjárgrunnur sparisjóðsins væri undir lögbundnu lágmarki.<sup>579</sup>

Sparisjóðurinn afhenti Fjármálaeftirlitinu greinargerð, sbr. 3. mgr. 86. gr. laga nr. 161/2002, um aðgerðir til lausnar á eiginfjárvanda 29. október 2008. Þar var gert ráð fyrir að auka þyrfti eiginfjárgrunn sparisjóðsins um að minnsta kosti 20 milljarða króna og lækka áhættugrunninn um að minnsta kosti 66 milljarða króna frá síðustu eiginfjárskýrslu til þess að eiginfjárlutfallið yrði viðunandi. Lækkun áhættugrunns byggðist meðal annars á fyrirhugaðri sölu íbúðalána og afskriftum útlána. Hugmyndir um aukningu eigin fjár voru settar fram í fimm liðum:

1. Víkjandi lánnum hjá Nýja Kaupþingi banka hf. yrði breytt í hlutafé, samtals um 6,5–8,7 milljarðar króna.<sup>580</sup>
2. Eiginfjárframlag frá ríkissjóði, samtals um 2,7–5,5 milljarðar króna.<sup>581</sup>
3. Kannaðir yrðu möguleikar á sameiningu við smærri fjármálfyrirtæki, en með slíkri sameiningu gæti eiginfjárgrunnurinn mögulega aukist um 5–9 milljarða króna.

572. Ekki var gert ársfjórðungsuppgjör fyrir síðasta ársfjórðung 2008. Tapið er því fundið með því að draga rekstrarniðurstöðu fyrstu níu mánaða ársins frá rekstrarniðurstöðu ársreiknings 2008.

573. Greinargerð um eiginfjárlutfall og lausfjárstöðu SPRON, 17. október 2008.

574. Í 2. mgr. 86. gr. laga nr. 161/2002 segir: „Er Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eiginfjárgrunnur fjármálfyrirtækis sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 84. gr. skal það krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að slíkt reikningsuppgjör sé áritað af endurskoðanda.“

575. Í 3. mgr. 86. gr. laga nr. 161/2002 segir: „Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eiginfjárgrunnur fjármálfyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjäreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Greinargerð þessi skal afhent innan frests sem Fjármálaeftirlitið tiltekur.“

576. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 20. október 2008.

577. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 30. október 2008.

578. Árshlutareikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 30. september 2008, að teknu tilliti til atburða eftir uppgjörsetningu, 27. október 2008.

579. Árshlutareikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 30. september 2008, 28. nóvember 2008.

580. Fram til þessa hafði verið gert ráð fyrir að einu víkjandi láni frá 31. mars 2008, að fjárhæð um 6,5 milljarðar króna, yrði breytt í hlutafé. Hér hafði verið bætt við eldri víkjandi lánnum upp á 2,2 milljarða króna.

581. Í samræmi við heimild í lögum nr. 125/2008. Miðað yrði við 20% framlag af bókfærðu eigin fé. Miðað við bókfært eigið fé 30. júní 2008 yrði um að ræða 2,7 milljarða króna en 5,5 milljarða króna yrði miðað við 1. janúar 2008. Á þessum tíma höfðu reglur um eiginfjárframlag ríkissjóðs til sparisjóða á grundvelli laganna ekki verið settar.

4. Samið yrði við erlenda lánardrottna um 20% niðurfellingu á lánum gegn tryggingu í eignasafni eða um breytingu á 30% lána í forgangshlutabréf (e. *preference shares*), samtals um 10–15 milljarðar króna.
5. Leitað yrði nýs hlutafjár, samtals 2–3 milljarðar króna.<sup>582</sup>

Tafla 43. Eiginfjárgrunnur og eiginfjárlutfall Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. eftir hlutafjárukningu í samræmi við tillögur sparisjóðsins.<sup>583</sup>

Pús. kr.	Lægri mörk	Efri mörk
Eiginfjárstaða	(12,188,265)	(12,188,265)
Nýtt hlutafé	21.000.000	27.000.000
Eigið fé eftir hlutafjárukningu	8.811.735	14.811.735
Vikjandi lán (án Kaupþingsláns)	4.000.000	4.000.000
Eiginfjárgrunnur	13.547.898	18.811.735
<b>Eiginfjárlutfall</b>	<b>14,3%</b>	<b>19,8%</b>
Áhættugrunnur	95.000.000	95.000.000

Til viðbótar við áður nefnt reikningsuppgjör og greinargerð hafði Fjármálaeftirlitið að auki fengið send ýmis viðbótargögn og upplýsingar með tölvupóstum til að meta stöðu sjóðsins. Að auki var eftirlitinu tilkynnt um 10 milljarða króna ófærðan gengishagnað í október sem ekki var tekið tillit til í uppgjörinu.<sup>584</sup>

Tafla 44. Útreikningar Fjármálaeftirlitsins á mögulegum áhrifum aðgerða á eigið fé og eiginfjárlutfall Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.<sup>585</sup>

Milljarðar kr.	Sviðsmynd A Nokkuð líklegt	Sviðsmynd B Meiri óvissa
1. þrep:	ma.kr.	ma.kr.
Eiginfjárgrunnur október 2008*	(12,2)	(12,2)
Tekið tillit til gengishagnaðar (80%)**	7,5	7,5
Umbreyting á vikjandi lánum í eigið fé (Kaupþing)	8,7	8,7
Lækkun á niðurfærslu vegna NBS v. mögulegrar skuldajöfnunar	–	1,3
Lánveiting til Exista endurheimtist 55%	–	0,7
Vikjandi lánum VÍS umbreytt í hlutafé	–	0,6
Skuldabréfum Eik Banka umbreytt í hlutafé	–	0,5
Eiginfjárbáttur A eftir breytingar	4,0	7,1
Eiginfjárbáttur B – vikjandi lán virk	2,0	3,8
<b>Eiginfjárgrunnur eftir breytingar</b>	<b>6,0</b>	<b>10,9</b>
Áhættugrunnur október 2008	156,0	156,0
Húsnæðislán seld til íbúðalánasjóðs	(20,0)	(20,0)
<b>Áhættugrunnur eftir breytingar</b>	<b>136</b>	<b>136</b>
<b>Eiginfjárlutfall í október 2008 fyrir breytingar</b>	<b>-7,8%</b>	<b>-7,8%</b>
<b>Eiginfjárlutfall miðað við breyttar forsendur</b>	<b>4,4%</b>	<b>8,0%</b>
2. þrep:	Sviðsmynd A Nokkuð líklegt	Sviðsmynd B Meiri óvissa
<b>Eiginfjárgrunnur eftir breytingar skv. 1. þrepi</b>	<b>6,0</b>	<b>10,9</b>
Niðurfærsla skulda erlendra lánardrottna	10,0	15,0
Mögulegt framlag ríkissjóðs m.v. eigið fé 30.6.2008 (20% regla)	2,7	
Mögulegt framlag ríkissjóðs m.v. eigið fé 31.12.2007 (20% regla)		5,5
Eiginfjárbáttur A eftir breytingar	18,7	31,4
Eiginfjárbáttur B – vikjandi lán virk	1,5	
<b>Eiginfjárgrunnur eftir breytingar skv. 2. þrepi</b>	<b>20,2</b>	<b>31,4</b>
<b>Áhættugrunnur eftir breytingar skv. 1. þrepi</b>	<b>136,0</b>	<b>136,0</b>
Íbúðalán í erlendum myntum 35 ma.kr (0,7 vægi) seld ÍLS	(24,5)	(24,5)
<b>Áhættugrunnur eftir breytingar skv. 2. þrepi</b>	<b>111,5</b>	<b>111,5</b>
<b>Eiginfjárlutfall miðað við breyttar forsendur</b>	<b>18,1%</b>	<b>28,2%</b>

\* Samkvæmt uppgjöri 30.9.2008 og að teknu tilliti til áhrifa af atburðum á fjármálamarkaði fram til 27. október 2008.

\*\* Um er að ræða gengishagnað af útlánum í október 2008 sem ekki er tekið tillit til í uppgjörinu sem barst 27. október 2008.

582. Greinargerð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins – áætlun til að bæta eiginfjárstöðu og tryggja framtíðarrekstur SPRON, 29. október 2008.

583. Greinargerð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins – áætlun til að bæta eiginfjárstöðu og tryggja framtíðarrekstur SPRON, 29. október 2008.

584. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Seðlabanka Íslands 30. október 2008.

585. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Seðlabanka Íslands 30. október 2008.

Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum fjögurra vikna frest 30. október 2008 til að auka eiginfjárgrunninn að lögbundnu lágmarki.<sup>586</sup> Samhliða því skipaði Fjármálaeftirlitið Jóhann Pétursson hdl. sem sérfræðing til að hafa sértækt eftirlit með rekstri sparisjóðsins samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Hann skilaði vikulegum skýrslum til Fjármálaeftirlitsins um málefni sem rædd voru á fundum stjórnenda sparisjóðsins.<sup>587</sup>

Seðlabankanum var tilkynnt um veittan frest og kynntar sviðsmyndir um möguleg áhrif hugmynda forsvarsmanna sparisjóðsins um lausnir á eiginfjárvanda hans með ákveðnum breytingum Fjármálaeftirlitsins. Þær tóku meðal annars tillit til áhrifa gengishagnaðar í október, þeim möguleika að breyta fleiri víkjandi lánnum í hlutfé, auk þess sem gert var ráð fyrir að það sem afskrifað hafði verið í uppgjöri vegna lánveitingar til Exista hf. fengist mögulega greitt að hluta. Þar sem Íbúðalánasjóður hafði staðfest að fyrir lægju drög að samningi um kaup á íbúðalánnum af sparisjóðnum upp á um 20 milljarða króna var áhættugrunnur sparisjóðsins lækkaður um þá fjárhæð. Miðað við þessar forsendur gæti eiginfjárhlutfallið orðið á bilinu 4,4–8,0%. Væri gert ráð fyrir frekari aðgerðum, meðal annars því að viðræður um kaup Íbúðalánasjóðs á húsnæðislánasafni í erlendri mynt gengju eftir, niðurfellingu erlendra skulda sparisjóðsins og eiginfjárframlagi ríkissjóðs, gæti eiginfjárhlutfall sparisjóðsins orðið á bilinu 18,1–28,2%.<sup>588</sup>

### 17.8.1 Upphaf viðræðna við erlenda lánardrottna

Áætlanir sparisjóðsins gerðu ráð fyrir að minnsta kosti 10 milljarða króna aukningu eigin fjár vegna endursamninga við lánveitendur sem veitt höfðu lán í erlendum myntum en heildarskuldir sparisjóðsins við þá námu 555 milljónum evra samkvæmt uppgjörinu sem afhent var Fjármálaeftirlitinu 27. október 2008. Samtals voru þessir lánveitendur um 30 talsins.

Bankastjóri Nýja Kaupþings banka hf. staðfesti með yfirlýsingu 3. nóvember 2008 vilja bankans til að breyta 42 milljóna evra víkjandi láni í hlutfé í sparisjóðnum. Eftir stóðu því erlend lán upp á 513 milljónir evra sem fyrir lá að semja þyrfti um.

Sama dag áttu forsvarsmenn sparisjóðsins fyrsta formlega fundinn með nokkrum af stærri erlendu lánardrottnum sjóðsins vegna endurskipulagningar hans. Þar var staða sjóðsins kynnt og þeim gert tilboð um endursamninga.<sup>589</sup> Tilboðið fól í sér:

1. Afskriftir krafna;
2. 20% afskriftir og greiðsla á 80% af kröfum með yfirtöku á safni útlána í erlendum myntum. Endurheimtur lánardrottna yrðu í formi sjóðstreymis af útlánnum út láns-tíma þeirra en lánin yrðu áfram í umsjón sparisjóðsins;
3. 70% afskriftir krafna og peningagreiðslu sem næmi 30% af kröfum; eða
4. kröfum yrði breytt í hlutfé í sparisjóðnum.

Tækju lánardrottnar yfir hluta af lánasafni sparisjóðsins var áætlað að upplausnarverðmæti þess yrði um 45%, enda þótt óvissa ríkti um endurheimtur vegna efnahagsaðstæðna.<sup>590</sup> Vænt endurheimtuhlutfall var talið um 36% með þessari leið en gegn 70% afskriftum fengju lánardrottnar 30% krafna sinna greidd í reiðufé innan tveggja vikna.

Óskað var eftir að innheimtuaðgerðum yrði frestað um fjórar vikur, að viðbrögð við tilboðum fengjust eigi síðar en 10. nóvember 2008 og að samningar yrðu undirritaðir í síðasta lagi 17. sama mánaðar. Næðist ekki samkomulag um neitt af ofangreindu yrði sjóðurinn

586. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 30. október 2008.

587. Fjallað er um skipan og hlutverk sérfræðings samkvæmt 9. gr. laga nr. 87/1998 í 6. kafla, um eftirlit með starfsemi sparisjóða.

588. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Seðlabanka Íslands 30. október 2008.

589. Kynning af fundi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis með erlendum lánardrottnum, 3. nóvember 2008.

590. Upplausnarvirði á að endurspegla virði eignarinnar ef hún er seld burt frá sjóðnum.

líklega yfirtekinn af Fjármálaeftirlitinu og meðhöndlaður á sama hátt og viðskiptabankarnir þrír. Útskýrt var að með nýlega samþykktum lögum nr. 125/2008 hefðu innistæður í fjármálastofnunum verið gerðar að forgangskröfum.<sup>591</sup>

Tafla 45. Sundurliðun á lántökum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í erlendri mynt miðað við 30. september 2008.<sup>592</sup>

Lánveitandi – nafn	Lántaka dagsetning	Mynt	Eftirstöðvar í lok ársfj. í erl. mynt	Lokagjaldagi
Bayerische Landesbank	11.12.2007	EUR	20.000.000	13.12.2008
Erste Bank	2.6.2006	EUR	20.000.000	9.6.2009
Fortis Bank	21.9.2006	EUR	90.000.000	4.10.2009
Sumitomo Mitsui Banking Corporation	14.5.2007	EUR	200.000.000	18.5.2010
HSH Nordbank (víkjandi lán)	31.10.2005	EUR	10.000.000	31.10.2010
HSH Nordbank	30.11.2008	EUR	85.000.000	30.11.2010
Landesbank (LRP)	12.12.2006	EUR	20.000.000	18.12.2010
DZ Bank	6.6.2008	EUR	20.000.000	6.6.2011
Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	8.3.2007	EUR	25.000.000	15.3.2012
Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	25.10.2005	EUR	15.000.000	15.10.2013
Próunarbanki Evrópu (CEB)	20.11.2007	EUR	2.000.000	20.11.2017
Kaupþing banki hf. (víkjandi lán)	31.3.2008	EUR	42.000.000	31.3.2018
Commerzbank	20.9.2008	EUR	6.000.000	29.10.2008
<b>Samtals erlend lán</b>		<b>EUR</b>	<b>555.000.000</b>	
Kaupþing banki hf. (víkjandi lán)		EUR	-42.000.000	
<b>Samtals erl. lán að frádr. víkjandi láni Kaupþings banka</b>		<b>EUR</b>	<b>513.000.000</b>	

Í kjölfar þessa fundar var Deloitte hf. fengið til að meta eignir sparisjóðsins og var matið byggt á uppgjöri sparisjóðsins 30. september 2008 sem sent var Fjármálaeftirlitinu 27. október sama ár. Virðisrýrnun til viðbótar við þá 14 milljarða króna sem gert var ráð fyrir í uppgjörinu var samkvæmt matinu talin nema um 51 milljarði króna eða 26% af bókfærðu virði útlánasafnsins, og var upplausnarverðmæti þess talið minna en 50% af bókfærðu virði.<sup>593</sup>

Mat Deloitte hf. var sent lánardrottnum 14. nóvember 2008 og þeim boðin greiðsla með tilteknu útlánasafni Frjálsa fjárfestingarbankans hf. í erlendum myntum.<sup>594</sup> Með matinu fylgdi opinbert reikningsuppgjör fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2008 ásamt skýrslu endurskoðanda. Uppgjörið sýndi eigið fé í lok tímabilsins upp á 10,4 milljarða króna og eiginfjárlutfallið 10,1%. Í skýringum með uppgjörinu var athugasemd um að vegna atburða sem áttu sér stað eftir uppgjörsdagsetningu mætti gera ráð fyrir mikilli virðisrýrnun eignasafns.<sup>595</sup>

Nokkur samskipti áttu sér stað við erlenda lánardrottna í kjölfar sendingar þessara gagna og tóku þeir misvel í tillögurnar. Sumir, þar á meðal Bayerische Landesbank, vildu fremur ræða við stjórnvöld en sparisjóðinn og jafnvel að málin yrðu skoðuð í heild gagnvart íslenskum lánaþyrftækjum með aðkomu ríkisstjórnarinnar. Forsvarsmenn sparisjóðsins gerðu lánardrottnunum grein fyrir því að málefni sjóðsins væru aðskilin málefnum annarra banka.<sup>596</sup>

Erlendir lánardrottnar sjóðsins komu fram með nýjar hugmyndir 20. nóvember 2008 sem fólu í sér blandaðar leiðir; að 25% krafna yrði breytt í hlutfé; að 5% krafna yrði breytt í víkjandi lán; að 10% krafna yrðu greiddar með peningum og 60% krafna yrði annaðhvort skilmálabreytt með frestun gjalddaga um 24 mánuði og breytingum milli mynta eða yrðu greiddar með yfirtöku á útlánasafni í erlendum myntum. Tafla 46 sýnir áhrif þessara hugmynda á eigið fé sjóðsins. Hér var miðað við að eigin fé væri neikvætt um 19,9 milljarða króna í samræmi við upplýsingar sem áður höfðu verið sendar erlendum lánardrottnum.<sup>597</sup>

591. Kynning af fundi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis með erlendum lánardrottnum, 3. nóvember 2008.

592. Þess ber að geta að hluti lánanna voru sambankalán og því var um talsvert fleiri lánveitendur að ræða en sjást í töflunni.

593. Úttekt Deloitte hf. á útlánasafni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og umræða um lausafjareignir, 14. nóvember 2008.

594. Kynning fyrir erlenda kröfuhafa um lánaafnið sem nota átti til að greiða til baka skuldir, nóvember 2008.

595. Samandreginn árs hlutareikningur á ensku fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2008.

596. Tölvaskeyti Jóhanns Péturssonar til Fjármálaeftirlitsins 19. nóvember 2008; vinnuskýrsla tilsjónarmanns Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 21.–26. nóvember 2008, 27. nóvember 2008.

597. Tölvaskeyti Ósvaldar Knudsen til erlendra lánardrottna 19. nóvember 2008.

Tafla 46. Hugmyndir lánardrottna um aukningu eigin fjár Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.<sup>598</sup>

Milljarðar kr.	Eigið fé
Eiginfjárgrunnur 30. september 2008*	-19,9
Áætlun viðbótavirðisrýrnun útlána og fjáreigna á gangvirði á 4. ársfjórðungi 2008	-9,5
Frádragnar óefnislegar eignir í uppgjöri 30. september 2008	-0,3
Umbreyting á vijkandi láni frá Kaupþingi í eigið fé	7,5
Umbreyting á öðrum vijkandi lánum í eigið fé	7,33
Framlag frá ríkissjóði	5,5
Umbreyting á erlendum lánum í hlutfé (25% af kröfum)	22
Umbreyting á erlendum lánum í vijkandi lán (5% af kröfum)	4,4
<b>Eiginfjárbáttur A eftir breytingar</b>	<b>12,7</b>
Eiginfjárbáttur B – vijkandi lán	4,4
<b>Eiginfjárgrunnur eftir breytingar</b>	<b>17,1</b>
Áhættugrunnur	200
<b>Eiginfjárlutfall</b>	<b>8,54%</b>

\* Að teknu tilliti til athugasemda í uppgjöri um virðisrýrnun útlána og fjáreigna á gangvirði, eftir uppgjörsgdagsetningu.

Í þessum útreikningum var gert ráð fyrir hærri áhættugrunni en í sviðsmyndum Fjármálaeftirlitsins, sem fram koma í töflu 45, því ekki var tekið tillit til fyrirhugaðrar sölu íbúðalána til Íbúðalánasjóðs og gengi krónunnar gagnvart evru var metið lægra en það var skráð á þessum tíma.<sup>599</sup>

Fyrsti formlegi fundur forsvarsmanna sparisjóðsins sem öllum erlendum lánardrottnum var boðið á var haldinn í London 24. nóvember 2008. Þar var gerð grein fyrir helstu hugmyndum um fjárhagslega endurskipulagningu og mati Deloitte á eignum sparisjóðsins. Lánardrottinnar töldu vanta skýrari svör frá íslenskum stjórnvöldum um aðkomu þeirra að málinu og ákváðu að setja saman stýrinfund sem sæi um samskipti og úrvinnslu á tilögum fyrir þeirra hönd.<sup>600</sup>

Í kjölfar fundarins kom tillaga frá nokkrum lánardrottnum um greiðslu á helmingi krafanna og að helmingi yrði breytt í hlutfé. Af hálfu sparisjóðsins var þetta ekki talin ásættanleg lausn þar sem hún myndi nær þurrka út „handbærar eignir“ sjóðsins og koma honum auk þess í eigu erlendra lánardrottna. Sá sérfræðingur sem Fjármálaeftirlitið hafði skipað til að hafa sértækt eftirlit með sparisjóðnum taldi þessa leið geta teft hagsmunum ríkisins í hættu vegna ríkisábyrgðar á innlánnum ef miklar eignir væru farnar út og eftir stæði ábyrgðin ein.<sup>601</sup>

Hinn 28. nóvember 2008 framlengdi Fjármálaeftirlitið frest sparisjóðsins til að finna lausn á eiginfjárvanda hans til 18. desember 2008. Fjármálaeftirlitið hafði þá verið upplýst um að viðræðum við erlenda lánardrottina miðaði vel og að þeir hefðu samþykkt að gjaldfella ekki lán á meðan samningaviðræður stæðu yfir.

Fundur með erlendum lánardrottnum og fulltrúum íslenska ríkisins var haldinn á Íslandi 4. desember 2008. Fulltrúi fjármálaráðuneytis og Seðlabanka var Jóhannes Karl Sveinsson hrl. sem hafði verið ráðinn fulltrúi stjórnvalda í viðræðum sjóðsins við erlenda lánardrottina. Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins voru Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri eftirlitsins, og Rúnar Guðmundsson sviðsstjóri. Á fundinum var rædd aðkoma ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins. Erlendir lánardrottinnar gerðu athugasemd við stuttan frest sem Fjármálaeftirlitið hafði veitt sparisjóðnum til að uppfylla eiginfjárskilyrði og vörpuðu því fram hvort eðlilegt væri að kröfur Seðlabanka Íslands hefðu forgang umfram þeirra.<sup>602</sup> Enn fremur töldu þeir að hlutfé þáverandi hluthafa sparisjóðsins ætti að þurrkast út.

598. Tillaga erlendra lánardrottna um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 20. nóvember 2008.

599. Í tillögnum var miðað við að gengi evru væri 220 krónur en opinbert gengi evru samkvæmt Seðlabanka Íslands var 176 krónur á þessum tíma. Um er að ræða miðgengi.

600. Vinnuskýrsla tilsjónarmanns Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 21.–26. nóvember 2008, 27. nóvember 2008.

601. Vinnuskýrsla tilsjónarmanns Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 21.–26. nóvember 2008, 27. nóvember 2008.

602. Í lok október 2008 fór Seðlabanki Íslands fram á það við sparisjóðinn að hann legði fram ný veð í stað verðbréfa útgefinna af Kaupþingi banka hf. Lánardrottinnar gerðu athugasemd við að staða Seðlabanka sem kröfuhafa væri betri en þeirra vegna þessa og töldu áhættuna eiga að liggja hjá Seðlabankanum.

Ákveðið var að nefnd lánardrottna myndi útbúa yfirlýsingu (e. *memorandum of understanding*) fyrir sparisjóðinn sem gæti nýst til að fá frekari frest hjá Fjármálaeftirlitinu en frestur hafði verið veittur til 18. desember 2008. Í vinnslu var einnig formlegur kyrrstöðusamningur (e. *standstill agreement*) við lánardrottna sem gert var ráð fyrir að myndi liggja fyrir eigi síðar en 18. desember 2008.<sup>603</sup>

Í minnisblaði vegna fundarins sem Jóhannes Karl Sveinsson hrl. sendi 8. desember 2008 til Seðlabanka, Fjármálaeftirlits, fjármála-, forsætis-, viðskipta- og utanríkisráðuneytis kom fram að árangur endurskipulagningar sparisjóðsins væri háður þátttöku stjórnvalda og að ætlast væri til eftirfarandi af þeirra hálfu:

1. Ríkissjóður legði til framlag sem næmi 20% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins<sup>604</sup> og að víkjandi láni hjá Nýja Kaupþingi banka yrði breytt í hlutafé eða heimild veitt til skuldajöfnuðar á milli Nýja Kaupþings og sparisjóðsins vegna sömu kröfu;
2. Seðlabanki Íslands útvegaði sparisjóðnum evrur til að standa skil á þeim hluta sem staðgreiða þyrfti lánardrottnum og tæki til athugunar að sitja við sama borð og aðrir kröfuhafar;
3. Íbúðalánasjóður keypti söfn útlána í erlendum myntum með veði í íbúðahúsnæði;
4. Fjármálaeftirlitið veitti lengri fresti til að vinna að lausn og samþykkti breytingu Nýja Kaupþings á víkjandi láni í hlutafé.

Í desember 2008 veitti Seðlabanki Íslands vilyrði fyrir því að afskrifa hluta af kröfum sínum á Sparisjóðabanka Íslands hf., á móti afskriftum erlendra lánardrottna, og einnig að breyta hluta af kröfum í hlutafé.<sup>605</sup> Sparisjóðnum hafði verið veittur frestur til 18. desember 2008 til að uppfylla eiginfjárskilyrði. Sá frestur var síðan framlengdur 16. desember 2008 til 28. febrúar 2009, að því gefnu að gengið yrði frá kyrrstöðusamningi við erlenda lánardrottna. Drög að slíkum samningi lágu þá þegar fyrir. Lánardrottnar Sparisjóðabanka Íslands hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. voru að miklu leyti þeir sömu og stýrinfyndir lánardrottnanna að mestu skipaðar sömu aðilum. Fram kemur í tölvupósti Jóhannesar Karls til Þórhalls Arasonar, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, 6. janúar 2009, að kröfuhafar hefðu væntingar um frekari aðkomu ríkisins í málum sparisjóðsins, Sparisjóðabankans og vegna uppgjörs viðskiptabankanna þriggja.<sup>606</sup>

### 17.8.2 Stefnubreyting í viðræðum sparisjóðsins við lánardrottna

Áfram var unnið að endurskipulagningu fjárhags sparisjóðsins og á fundi með lánardrottnum í London 13. janúar 2009 var kynnt ný hugmynd að samningum eftir forskrift endurskoðenda sparisjóðsins, KMPG hf. Hún fólst í að breyta skilmálum lána til sparisjóðsins með lengingu lánstíma og vaxtalækkunum.<sup>607</sup> Ákveðin stefnubreyting varð við það í viðræðum sparisjóðsins við erlenda lánardrottna þegar hugmyndir um að nýta tekjufærslu af núvirðingu á lánum vegna skilmálabreytinga til hækkunar á eigin fé sparisjóðsins komu upp. Núvirðing lánanna á grundvelli breyttra skilmála myndi leiða til tekjufærslu í bókhaldi sjóðsins sem kæmi strax til hækkunar á eigin fé.

Sérfræðingur skipaður af Fjármálaeftirlitinu var viðstaddur fundinn og sendi upplýsingar um þessa nýju hugmynd daginn eftir fundinn. Í skýrslu sérfræðingsins kom fram að aðkoma ríkisins hefði verið rædd á fundinum og töldu forsvarsmenn sparisjóðsins að hún yrði jafnvel óþörf með þessari nýju leið en erlendu lánardrottnunum hugnaðist það þó ekki.<sup>608</sup> Fulltrúi stjórnvalda í viðræðum sparisjóðsins við erlenda lánardrottna gerði starfshópi um málefni smærri fjármálafyrirtækja grein fyrir þessari leið með tölvupósti 6. febrúar 2009<sup>609</sup> og forsvarsmenn sparisjóðsins kynntu sömu tillögu á fundi í fjármálaráðu-

603. Tölvuskeyti Jóhanns Péturssonar til Fjármálaeftirlitsins 5. desember 2008.

604. Á þessum tíma hafði 20% eiginfjárframlag ríkissjóðs ekki verið staðfest en reglur um framlag ríkissjóðs til sparisjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008 voru samþykktar 18. desember 2008.

605. Minnispunktur vinnuhóps um stöðu minni fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðabanka Íslands hf., janúar 2009.

606. Tölvuskeyti Jóhannesar Karls Sveinssonar til Þórhalls Arasonar 6. janúar 2009.

607. Tölvuskeyti Jóhanns Péturssonar til Fjármálaeftirlitsins 14. janúar 2009.

608. Tölvuskeyti Jóhanns Péturssonar til Fjármálaeftirlitsins 14. janúar 2009.

609. Í hópnum voru fulltrúar frá fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.

neytinu 16. febrúar 2009.<sup>610</sup> Í greinargerð um lánalengingarleiðina sem KPMG hf. vann fyrir sparisjóðinn í samstarfi við alþjóðadeild KPMG í London kom fram að samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) bæri sparisjóðnum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að færa í rekstrarreikning lækkun eða hækkun á núvirði lánanna vegna umtalsverðra skilmálabreytinga.<sup>611</sup> Álit KPMG var afhent Fjármálaeftirlitinu 18. febrúar 2009.<sup>612</sup>

Fram kom hjá Guðmundi Haukssyni, forstjóra sparisjóðsins, að á fundi með stjórnvöldum hefði komið fram að samkvæmt ábendingu KPMG samræmdist það alþjóðlegum reikningsskilavenjum að líta á slíka lánalengingu sem ígildi eigin fjár. Meðal þeirra sem sátu þann fund var Stefán Svavarsson frá Seðlabankanum sem hafði sérþekkingu á þessu sviði. Að sögn Guðmundar kom Stefán daginn eftir á fund hjá sparisjóðnum til að kynna sér málið frekar. Að fundinum loknum hefði Stefán lýst því yfir að hann teldi að lánalengingarleiðin samræmdist alþjóðlegum reikningsskilareglum þótt hann teldi persónulega að það væri ekki æskileg leið. Til þess að fá úr því skorið hvort svo væri hefði verið óskað eftir áður-nefndri greinargerð frá KPMG hf.<sup>613</sup>

Á fundinum 13. janúar ákváðu erlendu lánardrottarnir að endurskoðunarfyrtækið Ernst & Young í London yrði ráðið til að yfirfara fjárhagsgögn sparisjóðsins og framkvæma áreiðanleikakönnun fyrir þá.<sup>614</sup> Frumniðurstöður áreiðanleikakönnunar fyrirtækisins voru kynntar á fundi með lánardrottnum í London 12. febrúar 2009. Samkvæmt þeim var virðisrýrnun útlána í árslok 2008 talin nema um 54 milljörðum króna.<sup>615</sup> Áætlað var að virðisrýrnun útlána næmi 61,5 milljörðum króna í árslok 2009 og 72 milljörðum króna í árslok 2010.<sup>616</sup> Á meðan beðið var endanlegrar niðurstöðu Ernst & Young, sem lánardrottinn vildu að lægju fyrir áður en þeir tækju afstöðu til endursamninga, fram- lengdi Fjármálaeftirlitið frest sparisjóðsins til að uppfylla eiginfjárkröfur til 30. apríl 2009 á grundvelli viljayfirlýsingar erlendra lánardrottna (e. *memorandum of understanding*).<sup>617</sup> Þeirri yfirlýsingu fylgdi ítarleg tímaáætlun um næstu skref þar sem gert var ráð fyrir að fjárhagslegri endurskipulagningu yrði lokið fyrir 29. apríl 2009. Í ljósi þessa taldi forstjóri sparisjóðsins að á þessum tímamarki væri búið að finna flöt á því hvernig ætti að leysa úr vanda sparisjóðsins.<sup>618</sup>

### 17.8.3 Ósk um endurskipulagningu skulda við Seðlabanka Íslands

Í byrjun febrúar 2009 óskaði sparisjóðurinn eftir að semja um lengri endurgreiðslutíma á skuld sinni við Seðlabankann, í allt að 10 ár og á lægri vöxtum.<sup>619</sup> Þetta var ein forsenda þess að áætlanir sjóðsins í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu og fyrirhugaðir samningar við lánardrottna gengju upp.<sup>620</sup> Þá upplýsti Jóhannes Karl Sveinsson hrl. starfs- hóp um málefni smærri fjármálafyrirtækja 11. febrúar um tillögurnar sem fólu annars vegar í sér eingreiðslu og tiltekna afskrift eða lánalengingu hins vegar. Samhliða þessu þyrfti sparisjóðurinn að biðla til Seðlabankans og „hafa stjórnvöld með í ráðum og svör á reidum höndum um afstöðu þeirra“.<sup>621</sup>

610. Minnisblað til fjármálaráðuneytis um málefni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., minnisþunktar frá Jóhannesi Karli Sveinssyni, 9. ágúst 2012.

611. Álit KPMG hf. fyrir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis á lánalengingarleið, 4. febrúar 2009.

612. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013. Hinn 17. febrúar undirritaði Fjármálaeftirlitið skaðleysisyfirlýsingu og fékk þá afhent álit KPMG.

613. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

614. Tölvuskeyti Jóhanns Péturssonar til Fjármálaeftirlitsins 16. janúar 2009.

615. Til samanburðar bentu þeir á að í mati Deloitte frá því nóvember væri áætluð virðisrýrnun um 66 milljarðar króna og að í fyrirbyggjandi drögum að ársreikningi sparisjóðsins væri hún áætluð um 38 milljarðar króna.

616. Drög að frumniðurstöðum áreiðanleikakönnunar Ernst & Young á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 12. febrúar 2009.

617. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 27. febrúar 2009.

618. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

619. Heildarskuldbætur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. við Seðlabanka Íslands var á þeim tíma um 40 milljarðar króna.

620. Tölvuskeyti Jóhannesar Karls Sveinssonar til Þórhalls Arasonar, Kjartans Gunnarssonar, Ragnars Hafliðasonar, Tryggva Pálssonar, Sturlu Pálssonar, Jóhannesar Bjarna Björnssonar og Guðmundar Jónssonar 6. febrúar 2009.

621. Tölvuskeyti Jóhannesar Karls Sveinssonar til Guðmundar Jónssonar, Ragnars Hafliðasonar, Tryggva Pálssonar, Sturlu Pálssonar, Þórhalls Arasonar, Jóhannesar Bjarna Björnssonar og Kjartans Gunnarssonar 11. febrúar 2009. Frá 1. febrúar til 21. mars 2009 urðu nokkrar mannbreytingar hjá stjórnvöldum sem fjölluðu um málefni sparisjóðsins. Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna var mynduð 1. febrúar 2009 og varð Steingrímur J. Sigfússon nýr fjármálaráðherra og Gylfi Magnússon nýr viðskiptaráðherra. Fjármálaeftirlitinu var skipuð ný stjórn og þáverandi forstjóri, Jónas Fr. Jónsson, lét af störfum. Ragnar Hafliðason sem hafði verið aðstoðarforstjóri var tímabundið settur forstjóri og gegndi því starfi fram að ráðningu Gunnars P. Andersen í byrjun apríl. Þá urðu breytingar innan Seðlabanka Íslands og nýr seðlabankastjóri, Svein Harald Öygard, var settur í lok febrúar.



Í minnisblaði Seðlabankans 11. febrúar 2009 kom fram að engar skuldir sparisjóðsins við Seðlabankann hefðu verið fluttar til ríkisins samhliða flutningi á skuldum annarra fjármálafyrirtækja í samræmi við heimild í fjárukalögum 2008.<sup>622</sup> Ástæðan fyrir því hefði verið sú „annars vegar að ekkert af skuldum SPRON [hefði verið] metið óvarið og hins vegar að [SPRON væri] ekki með í þeim hópi (Straumur, VBS, Saga og Askar) þar sem allar skuldir [hefðu verið] teknar yfir af ríkinu, líka það sem var skilgreint sem varið. Eftir í Seðlabankanum [urðu] eingöngu kröfur tryggðar með ríkisbréfum og bréfum Íbúðalánasjóðs. SPRON [gengi] núna í gegnum endurskipulagningu rekstrar og [væri] í samræðum við kröfuhafa. Það [væri] eðlilegt að fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs [ræddi] við SPRON um endurskipulagningu skulda sem nú [væru] við Seðlabankann líkt og samið [hefði] verið við önnur fjármálafyrirtæki.“<sup>623</sup> Bent var á að fjármálaráðuneytið hefði meira svigrúm en Seðlabankinn til að standa í slíkum viðræðum og að framtíð sparisjóðsins yrði ákveðin í ráðuneytinu. Fjármálaráðuneytið hafði tekið yfir skuldir fyrirtækja sem væri með einum eða öðrum hætti afleiðing atburðarrásar síðustu mánaða og því hafði Seðlabankinn getað snúið sér að hefðbundinni bankastarfsemi. Ef Seðlabankinn myndi semja við sparisjóðinn samkvæmt beiðni hans væri það utan gildandi reglna um viðskipti bankans við fjármálafyrirtæki.<sup>624</sup>

Af minnisblaðinu má ráða að Seðlabankinn hafi talið það á ábyrgð fjármálaráðuneytisins, fyrir hönd ríkissjóðs, að taka ákvarðanir um og gera samninga við sparisjóðinn líkt og gert hafi verið í tilfellum annarra fjármálafyrirtækja með yfirfærslu á kröfum frá Seðlabankanum til fjármálaráðuneytisins. Gerður Ísberg sendi minnisblaðið sem samið var af henni og Perlu Ösp Ásgeirsdóttur til Tryggva Pálssonar með tölvupósti 18. febrúar 2009. Þar segir: „Ég ræddi aðeins við Sturlu [Pálsson, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands] og almennt er afstaða okkar að þar sem önnur fjármálafyrirtæki hafa tekið sína samninga í gegnum fjármálaráðuneytið eigi það að gilda um SPRON einnig og ekki síður.“<sup>625</sup>

Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands, tjáði rannsóknarnefndinni að þar væri væntanlega verið að vísa til þess að það væri skylda Seðlabankans að veita lausafjárþingreiðslu sem í eðli sínum væri skammtímafjármögnun og að bankinn hefði ekki talið sér heimilt að breyta þeim skuldum í langtímalán. Það væri ekki hlutverk Seðlabankans, en vildu menn fara þá leið yrði sú fjármögnun að koma úr ríkissjóði. Það hefði ekki rúmast innan lögbundins hlutverks Seðlabankans.<sup>626</sup>

Þegar halda átti fund starfshóps um málefni smærri fjármálafyrirtækja þar sem meðal annars átti að fjalla um beiðni sparisjóðsins um skuldbreytingu, boðaði skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins forföll en taldi það ekki koma að sök þar sem Seðlabankanum hefði verið falin umsýsla kröfunnar fyrir hönd ráðuneytisins.<sup>627</sup> Svo virðist sem á þessum tíma hafi ekki verið skýrt hvort Seðlabankanum eða fjármálaráðuneytinu hafi borið að taka ákvörðun um beiðni sparisjóðsins um lengingu á endurgreiðslutíma skulda hans við Seðlabankann. Fram kom í máli Tryggva Pálssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, fyrir rannsóknarnefndinni, að af þessum samskiptum að dæma hefði þetta verið heit kartafla sem hvorki Seðlabankinn né ráðuneytið hefði viljað bera ábyrgð á.<sup>628</sup>

Seðlabankinn upplýsti forsætis-, fjármála-, viðskipta-, og félagsmálaráðherra 24. febrúar 2009 um að tveir sparisjóðir hefðu sótt um að skuldbreyta veð- og daglánnum hjá Seðlabankanum. Beiðnir sparisjóðanna tækju mið af fyrirgreiðslum sem nokkrum fyrirtækjum voru boðnar í kjölfar yfirfærslu á kröfum frá Seðlabankanum til fjármálaráðuneytisins í árslok 2008. Seðlabankinn taldi það ekki vera hlutverk sitt að sjá fjármálafyrirtækjum fyrir langtímafjármagni enda væri ekki gert ráð fyrir slíkri fyrirgreiðslu í lögum um Seðla-

„Af þessum samskiptum að dæma þá virðist sem þetta hafi verið heit kartafla sem hvorki Seðlabankinn né ráðuneytið hafi viljað halda á. Það er viðbúið að það komi stundum upp slík staða. Ráðuneytið vill láta skuldbinda sig sem minnst. Seðlabankinn vill helst ekki hreyfa sig nema hafa einhverja tryggingu fyrir því að það komi nýtt fé og tryggi skaðleysi hans og Fjármálaeftirlitið fer ekki í málið nema undanþága sé veitt.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

622. Með fjárukalögum í desember 2008 hafði fjármálaráðherra fengið heimild til „[a]ð kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánnum bankans og annast uppgjör krafna eins og hagkvæmast þykir“. Í tilfelli sparisjóðsins nýtti ríkissjóður ekki þessa heimild.

623. Tölvuskeyti Gerðar Ísberg til Tryggva Pálssonar 18. febrúar 2009.

624. Tölvuskeyti Gerðar Ísberg til Tryggva Pálssonar 18. febrúar 2009.

625. Tölvuskeyti Gerðar Ísberg til Tryggva Pálssonar 18. febrúar 2009.

626. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

627. Tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Guðmundar Jónssonar, Jóhannesar Bjarna Björnssonar, Kjartans Gunnarssonar, Ragnars Hafliðasonar, Tryggva Pálssonar og Sturlu Pálssonar 11. febrúar 2009.

628. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. september 2013.

bankann. Þá væri ekki heppilegt að Seðlabankinn ætti veð í íbúðalánunum og því brýnt að ná lendingu í viðræðum fjármálastofnana við Íbúðalánasjóð um kaup á fasteignaveðbréfum. Að öðrum kosti gæti komið til þess að ríkissjóður þyrfti að yfirtaka tryggingar þessara tveggja sparisjóða gegn langtímafyrirgreiðslu með sama hætti og gert var með aðrar kröfur Seðlabankans áramótin 2008/2009. Lausafjárþróng umræddra sparisjóða gerði það að verkum að brýnt væri að finna lausn sem allra fyrst.<sup>629</sup>

#### 17.8.4 Stjórnvöld leggja mat á stöðuna

Á meðan Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. vann að undirbúningi samkomulags um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins unnu stjórnvöld að því að leggja mat á stöðu sparisjóðsins, sem og fjármálakerfisins alls.

Í minnisblaði, dagsettu 4. mars 2009, sem tekið var saman af Tómasi Brynjólfssyni, sérfræðingi á efnahags- og alþjóðafjármálaskrifstofu forsætisráðuneytis, var fjallað um mat á sjálfbærni skulda þjóðarbúsins (e. *debt sustainability analysis*) í kjölfar fundar stjórnvalda með fulltrúum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þar kom fram að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu væri eitt það hæsta sem vitað væri um. Þrátt fyrir að skuldirnar væru jafn háar og raun bæri vitni teldi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að þær væru sjálfbærar. Hins vegar mætti lítið út af bera ef skuldirnar ættu ekki að verða hagkerfinu ofviða. Það staðfesti nauðsyn þess að bæta hratt skuldastöðu ríkissjóðs, koma bankakerfinu aftur á réttan kjöl og ljúka samningum við erlenda lánardrottina innan þess ramma sem tryggja myndi sjálfbærni skuldanna. Í niðurlagi minnisblaðsins, þar sem fjallað er um endurgreiðslubyrði fram til 2014, kemur fram að gjaldþrot Sparisjóðabankans og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. myndu léttu endurgreiðslubyrði hagkerfisins verulega.<sup>630</sup> Fram kom í skýrslu Tómasar hjá rannsóknarnefndinni að minnisblaðið hefði verið samantekt kynningar á útreikningum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.<sup>631</sup>

Aðspurður hvort stefnubreyting hefði orðið við komu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sagði Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands, fyrir rannsóknarnefndinni: „Nei, ég held að þetta hafi smám saman verið að seytlást inn, það var allt í hers höndum þarna til áramóta. Svo eru settar á stofn þessar skilaneindir og hinir bankarnir fara í einhvern farveg. Þá kemur þetta mál og bankar á dyrnar og menn átta sig á því með viðræðum við bankana sjálfa, við kröfuhafa og aðra aðila að það er ekki möguleiki á að bjarga þessum stofnunum og það verði að búa til áætlun.“<sup>632</sup> Aðspurður hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði talið heppilegast að sparisjóðurinn og Sparisjóðabankinn „færu út af borðinu“ sagði Sturla: „Það var algerlega minn skilningur að það væri þeirra mat að við ættum að loka þessu. [...] Staða þessara stofnana væri bara þannig að það væri ekki hægt að réttlæta það að halda þeim opnum. Það var minn skilningur á þeirra afstöðu.“<sup>633</sup> Í skýrslu Gunnars Haraldssonar stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að sparisjóðirnir hefðu verið í miklum vandræðum, þeir hefðu verið búnir að vera á undanþágum lengi og virtust ekki finna leiðir sem gætu leyst vanda þeirra. Það hefði verið hættulegt ástand fyrir fjármálakerfið í heild og auðvitað þyrfti þá að hugsa um almannaheill.<sup>634</sup>

Á fundi sérstakrar nefndar um endurskipulagningu bankakerfisins<sup>635</sup> 4. mars 2009 var meðal annars fjallað um málefni sparisjóðanna. Á fundinum voru einnig viðstaddir Mark Flanagan og Luis Cortavarria, fulltrúar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem þá voru staddir á Íslandi í tengslum við fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda. Af gögnum má sjá að ákvarðanir í málefnum sparisjóðsins hafa að einhverju leyti verið bornar undir fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.<sup>636</sup> Í fundarpunktum nefndarinnar kom fram að

„Ég man ekki eftir einstökum fundum en ég man eftir að hafa verið viðstaddur og tekið þátt í fundum þar sem menn voru að plana hvernig þessar stofnanir yrðu teknar niður. Það sem kannski vafðist fyrir mönnum var að það væri ekki með öllu ljóst hvort hægt væri að nota sömu aðferð og var notuð við bankana haustið 2008. Það var alveg ljóst að þessi fyrirtæki voru komin af fótum fram. Menn voru ekkert að taka niður fyrirtæki að gamni sínu og þó ég muni ekki tölur eða einstök orð, þá man ég að það gerðu sér allir grein fyrir því að þetta var bara tímaspursmál hvenær þyrfti að loka þessum fyrirtækjum. Menn vildu kannski frekar gera það fyrr en seinna eins og dæmin sanna að menn óttuðust að það yrði svona „drain“ út úr þeim, það væru innherjar í þessum fyrirtækjum sem næðu kannski að bjarga eigin skinni.“

Skýrsla Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. september 2013.

629. Minnisblað Seðlabanka Íslands um skuldbreytingu veð- og daglána, 20. febrúar 2009.

630. Tölvuskeyti Tómasar Brynjólfssonar til Björns R. Guðmundssonar 11. mars 2009.

631. Skýrsla Tómasar Brynjólfssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. apríl 2013.

632. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

633. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

634. Skýrsla Gunnars Ólafs Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2013.

635. Í henni sátu fulltrúar frá Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu og fjármála-, viðskipta-, og utanríkisráðuneytinu.

636. Fundargerð nefndar um endurreisn fjármálakerfisins, 4. mars 2009; tölvuskeyti Erlendar Hjaltonar til Guðmundar Haukssonar 20. mars 2009; tölvuskeyti Marks Flanagan til Lilju Alfreðsdóttur 19. mars 2009.

fulltrúarnir hefðu meðal annars lagt áherslu á að allri endurskipulagningu bankakerfisins yrði hraðað. Verulegt skuldbindingarmál væri hjá ríkissjóði og ekki yrði um frekari skuldbindingar ríkissjóðs að ræða vegna fjármálafyrirtækja. Einnig kom fram að nýráðinn seðlabankastjóri, Svein Harald Öygard, hefði boðið að Seðlabankinn tæki að sér að leiða vinnu við aðgerðaáætlun í málefnum sparisjóðanna og Sparisjóðabanka Íslands hf.<sup>637</sup>

Af gögnum frá Seðlabanka Íslands má sjá að vinna við aðgerðaáætlun var hafin strax í kjölfar þessa fundar. Um var að ræða samstarfsverkefni Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Í drögum að vinnuskjali vegna aðgerðaáætlana, „Fall og endurskipulagning minni fjármálafyrirtækja í mars 2009“, frá 7. mars 2009 er fjallað um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. sem og aðra sparisjóði og fjármálastofnanir. Þar kemur fram að í lok fimmtudagsins 5. mars 2009 hafi laust fé sjóðsins verið uppuríð en vegna sérstakra aðgerða Seðlabankans (daglána) hafi sjóðurinn fengið laust fé. Aðgerðir Seðlabankans fólust í því að hækka veðsetningarhlutfall órafrænna fasteignatryggðra skuldabréfa hjá Seðlabanka Íslands. Við þetta fékk sparisjóðurinn viðbótarfyrirgreiðslu upp á rúma 1,3 milljarða króna. Um bráðabirgðalausn var að ræða og þótti fyrirsjáanlegt að sjóðurinn myndi standa frammi fyrir lausafjárþurrð innan skamms að öðru óbreyttu.<sup>638</sup> Fyrirsjáanlegt væri að í kjölfar lausafjárþurrðar sparisjóðsins myndi stór hluti sparisjóðakerfisins riða til falls vegna innlánaflóttu. Sparisjóðabankinn myndi falla í kjölfarið og draga með sér veikustu sparisjóðina og að önnur fjármálafyrirtæki gætu fylgt í kjölfarið. Í vinnuskjalinu var lagt til að nokkrum fjármálafyrirtækjum yrði lokað á næstu sólarhringum og innlán viðskiptavina þeirra færð í örugga höfn. Þeirra á meðal var Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.

Í máli Sturlu Pálssonar, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefndinni kom fram „að áður en þessi plön eru færð í letur eru menn búnir að ræða saman í nokkra daga eða vikur um að staðan sé vonlaus. Það þurfi að gera þetta þannig að öllu sé haldið rétt til haga og það sé réttur rökstuðningur að lagalega stöndum við í báða fætur því þarna eru miklir hagsmunir og margir kröfuhafar sem kynnu að hjóla í okkur sem einhverja gerendur af því að eignir þeirra eru minna virði en ella, þó í okkar huga væri alveg ljóst að það vorum ekki við sem settum SPRON á hausinn, heldur þeir sjálfir sem sáu um það. Við reyndum hins vegar að bjarga þeim, en því miður hefur umræðan um þetta hrún verið svolítið þannig að það er reynt að skella skuldinni á slökkviliðið“.<sup>639</sup> Fram kom í máli Tryggva Pálssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefndinni að þarna hefðu þeir verið að undirbúa mögulega aðgerðaáætlun. Þetta hefði ekki verið ákvörðun um að fara í þær aðgerðir.<sup>640</sup>

Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, sagði í viðtali við rannsóknarnefndina að engin tiltrú hefði verið á íslensku fjármálakerfi á þessum tíma og allt hefði stefnt í að þessi fjármálafyrirtæki myndu ekki finna leiðir. Þarna hefði það verið ljóst og það væri það sem lægi að baki því að svona aðgerðaáætlun var búin til. Reynt hefði verið að hafa einhvers konar áætlun í gangi sem hægt væri að miða við í þeirri vinnu sem öllum hefði verið ljóst að væri fram undan. Lítið væri annað um það að segja en að það væri dæmi um góð vinnubrögð að reyna að setja upp einhvers konar aðgerðaáætlun.<sup>641</sup> Í sama streng tók Ragnar Hafliðason, settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins, fyrir rannsóknarnefndinni. Þetta hefði verið hluti af viðlagaundirbúningi og að hann hefði ekki litið svo á að þetta hefði verið ákveðið. Þegar bent var á að unnið hefði verið eftir áætluninni að einhverju leyti sagði Ragnar: „Varðandi SPRON, og reyndar Sparisjóðabankann, þá var ekkert annað að gera. Það var alveg ljóst að kröfuhafar myndu ekki koma með nýtt eigið fé til að reisa við sjóðinn. Það lá alveg fyrir og okkar hlutverk í Fjármálaeftirlitinu var ekkert annað en að taka þessa ákvörðun um að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar og ráðstafa innlánnum og eignum.“<sup>642</sup>

637. Fundargerð nefndar um endurreisn fjármálakerfisins, 4. mars 2009.

638. Fall og endurskipulagning minni fjármálafyrirtækja í mars 2009, drög að vinnuskjali, 7. mars 2008.

639. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

640. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. september 2013.

641. Skýrsla Gunnars Ólafs Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2013.

642. Skýrsla Ragnars Hafliðasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. júlí 2013.

Strax daginn eftir, sunnudaginn 8. mars, voru forstjóri og stjórnarformaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. kallaðir til fundar í Fjármálaeftirlitinu. Fram kom hjá Guðmundi Haukssyni, forstjóra sparisjóðsins, að þar hefði seðlabankastjóri gert þeim grein fyrir að Seðlabankinn gæti ekki átt frekari viðskipti við sparisjóðinn þar sem tryggingar sparisjóðsins fyrir dag- og veðlánnum væru ekki nægar:

Þegar við vorum kallaðir þarna inn, þá sagði hann [Svein Harald Öygard] okkur að annað fjármálafyrirtæki myndi falla þarna um kvöldið og að þeir hefðu miklar áhyggjur af því að það myndi orsaka hrun á SPRON daginn eftir. Þannig að þeir vildu bara fella okkur í leiðinni, Sparisjóðabankann líka. Ég varð óskaplega reiður á þessum fundi því þetta voru alveg nýjar fréttir fyrir mér. Að skella þessu svona fram þegar við töldum okkur vera að ná landi með lausnir á erfiðleikum SPRON. Staðan gagnvart Seðlabankanum hafði ekkert versnað eins og þið sjáið og því engin ástæða fyrir þá að tala svona. Ég áttaði mig bara ekki á því hvað þeir voru að fara og sagði að við skyldum senda yfirlit yfir skuldabréf í nótt, sem [Seðlabankinn] gæti fengið til tryggingar útlánnum hans. Við fengum frest til morguns til þess og þá var hætt við að fella okkur og Sparisjóðabankann, en þeir felldu Straum-Burðarás. En allt að einu, virtist vera búið að taka ákvörðun um endalok SPRON.<sup>643</sup>

„Við vorum að reyna að endurfjármagna 500 milljónir evra í heildina og Seðlabankinn og AGS sáu það bara, hér er 500 milljóna evra sekkur. Ef SPRON fer þá fer þetta líka. [...] Þannig að það sé betra að láta SPRON bara fara, þá þarf ekki að vera til gjaldreyrir fyrir þessari stærð.“

Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

Svipuð sjónarmið komu fram í skýrslu Erlendar Hjaltasonar, stjórnarformanns sparisjóðsins, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, en þar kom einnig fram að hann teldi Seðlabankann hafa stjórnað þessum fundi; Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, hefði tekið fundinn yfir um leið og hann byrjaði.<sup>644</sup> Greina hefði mátt viðhorfsbreytingu hjá stjórnvöldum á þessum tíma. Fyrstu samskipti við Fjármálaeftirlitið hefðu verið þess eðlis að menn vildu reyna að láta þetta lifa eins og hægt væri, finna allar leiðir til þess. Erlendur taldi að ákvörðun stjórnvalda um að sparisjóðurinn yrði tekinn yfir hefði legið fyrir 8. mars 2008 þegar hann og Guðmundur Örn voru kallaðir á fund Fjármálaeftirlitsins.<sup>645</sup>

Í stjórnarfundargerð Fjármálaeftirlitsins sama dag kom fram að fundað hefði verið með forsvarsmönnum sparisjóðsins og hefðu þeir sagt að ekkert hefði breyst til verri vegar. Seðlabankinn væri að fara yfir þær tryggingar sem sparisjóðurinn hefði boðið, sem var 18 milljarða króna lánasafn. Jafnframt kom fram að ekki yrði aðhafst fyrr en afstaða Seðlabankans lægi fyrir.<sup>646</sup>

### 17.8.5 Niðurstöður áreiðanleikakönnunar Ernst & Young

Niðurstöður Ernst & Young voru kynntar á fundi 11. mars 2009. Í þeim kom fram að áætlað eigið fé í lok mars væri neikvætt um 37,4 milljarða króna. Til að 15% eiginfjárlutfalli yrði náð þyrfti eigið fé að vera um 22,3 milljarðar króna sem hafði í för með sér aukningu um 59,7 milljarða króna.<sup>647</sup> Á fundinum voru bornir saman kostir og gallar þeirra valmöguleika sem samningsaðilar höfðu komið sér saman um að stæðu til boða. Annars vegar var um að ræða afskriftir 50% krafna og greiðslu 30% þeirra með peningum með möguleika á 20% til viðbótar eftir átta ár, allt eftir þróun útlánasafns sem fyrirhugað var að selja til að mæta peningagreiðslum. Hins vegar var um að ræða skilmálabreytingar allra lána til sparisjóðsins (lánalengingarleið), eða skilmálabreytingar 80% þeirra og greiðslu 20% krafna með peningum.<sup>648</sup>

Fyrri kosturinn myndi hafa meiri áhrif til lækkunar eigin fjár sparisjóðsins en hinn síðari. Fyrri leiðin yrði þó varanleg en lánalengingarleið fæli í sér hærra eigið fé í upphafi en talsverða lækkun síðar vegna gjaldfærslna á endurgreiðslutíma lánanna. Ef lánalengingarleiðin væri valin væru þrjár möguleikar í stöðunni:

643. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

644. Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

645. Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

646. Fundargerð stjórnar Fjármálaeftirlitsins, 8. mars 2009.

647. Umræðuskjal um áreiðanleikakönnun Ernst & Young, 11. mars 2009. Reglur um framlög til sparisjóða sem samþykktar voru 18. desember 2008 settu sem skilyrði fyrir eiginfjárframlagi úr ríkissjóði að eiginfjárlutfall sparisjóðs að meðtöldu framlaginu yrði að vera á bilinu 12–15% að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni.

648. Umræðuskjal um áreiðanleikakönnun Ernst & Young, 11. mars 2009; drög að áreiðanleikakönnun Ernst & Young á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 9. mars 2009. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. reglna um framlag til sparisjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008 frá 18. desember 2008 var miðað við að eiginfjárlutfall sparisjóða að meðtöldu framlagi ríkissjóðs yrði ekki lægra en 12%. Í 3. gr. reglnanna var hins vegar tekið fram að hámarksframlag ríkisins takmarkaðist við það að hlutfallið yrði hæst 15% með framlaginu. Hér er því jafnan gert ráð fyrir hámarkseiginfjárframlagi ríkisins.

1. Skilmálabreyting allra lána til sparisjóðsins, auk 5,5 milljarða króna eiginfjárframlags frá ríkinu.
2. Skilmálabreyting 80% lána til sparisjóðsins og greiðsla á 20% krafna með peningum, auk 5,5 milljarða króna eiginfjárframlags frá ríkinu.
3. Skilmálabreyting allra lána til sparisjóðsins án framlags frá ríkinu.

Í útreikningum var miðað við að endurgreiðslutími lána yrði 15 ár. Samkvæmt þeim yrði eiginfjárhlutfallið hæst 19,1% í upphafi tímabilsins en færi ekki undir 8% lögbundið lágmark á endurgreiðslutímabilinu, væri gert ráð fyrir eiginfjárframlagi ríkisins samhliða skilmálabreytingum. Án eiginfjárframlags ríkisins dygði lánalengingarleiðin ekki til þess að eiginfjárhlutfallið héldist yfir lögbundnu lágmarki nema til ársins 2012.<sup>649</sup>

Í áætlunum Ernst & Young var gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands myndi breyta 47 milljarða króna kröfu<sup>650</sup> í lán til lengri tíma með 2% verðtryggðum vöxtum, líkt og gert hafði verið fyrir önnur smærri fjármálafyrirtæki. Samþykkt þessa væri ein grundvallarforsenda þess að áætlanir gengju eftir. Aðrar forsendur væru að víkjandi lánnum yrði breytt í hlutfé og að Fjármálaeftirlitið myndi viðurkenna bókhaldslega meðhöndlun á skilmálabreytingum lána til hækkunar á eigin fé.<sup>651</sup>

### 17.8.6 Síðustu dagar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Forstjóri sparisjóðsins tilkynnti forsætis-, fjármála-, og viðskiptaráðherra bréflega 12. mars 2009 að sparisjóðurinn hygðist sækja um 20% eiginfjárframlag frá ríkissjóði.<sup>652</sup> Sparisjóðurinn óskaði jafnframt eftir að fá sömu meðhöndlun og önnur fjármálafyrirtæki sem hefði boðist að breyta lánnum sínum við Seðlabanka í langtímalán.<sup>653</sup> Var þar vísað til þess að þeim hefði boðist sjö ára verðtryggt lán með 2% verðtryggðum vöxtum.<sup>654</sup> Á fundi daginn eftir fékk sparisjóðurinn þau svör að aðkoma ríkissjóðs væri óheimil. Heimild ríkissjóðs í fjárukalögum 2008 næði ekki til þeirra veða sem sparisjóðurinn hefði látið Seðlabankanum í té því meðal þeirra hefðu ekki verið ótrygg veð, það er veð í bréfum útgefnum af viðskiptabönkunum þremur.<sup>655</sup> Í máli Guðmundar Arnar Haukssonar fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að upphaflega hefði hugmyndin að því að óska eftir að lánnum yrði breytt í langtímalán komið fram á fundi í Seðlabankanum snemma í febrúar. Á þeim fundi hefði Sturla Pálsson spurt hvers vegna sparisjóðurinn óskaði ekki eftir því að ríkissjóður lánaði honum og hefði nefnt í því sambandi skuldabréf til sjö ára á 2% vöxtum. Það hefði hins vegar ekki verið fyrr en á þessum fundi, 13. mars, sem sparisjóðnum hefði verið tjáð af Þórhalli Arasyni, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti, að sú leið kæmi ekki til greina og hefði aldrei staðið sparisjóðnum til boða.

Mér fannst þetta alveg með ólíkindum [...] hann var búinn að sitja fundi niðri í fjármálaráðuneyti og einnig á sameiginlegum fundum SPRON, Seðlabanka og stjórnvalda þar sem hann hafði heyrt okkur ræða þessi mál án þess að segja nokkurn skapaðan hlut um þetta. Við töldum, úr því hugmyndirnar [komu] frá Seðlabankanum og við höfðum gert grein fyrir þeim á sameiginlegum fundum með þeim og enginn gerði athugasemdir, að þetta væri raunverulegur möguleiki fyrir okkur.<sup>656</sup>

649. Umræðuskjal um áreiðanaleikakönnun Ernst & Young, 11. mars 2009.

650. Hinn 8. október 2008 nam skuldastaða sparisjóðsins við Seðlabanka Íslands vegna veð- og daglána 27,9 milljörðum króna. Markaðsverðmæti trygginga vegna sömu lána var þá 32,7 milljarðar króna. Meðal trygginga við þau tímamörk voru víxlar gefnir út af Kaupþingi banka hf. að verðmæti 9,4 milljarða króna. Sparisjóðnum var gert að skipta úr þessum víxlum og koma með nýjar tryggingar. Þá var honum gert að auka tryggingar sínar vegna nýrra veðlana samhliða vaxandi lausafjárþörf sjóðsins. Frá falli viðskiptabankanna og fram til ársloka 2008 jókst skuldastaða sparisjóðsins við Seðlabankann um 19,3 milljarða króna og var 47,2 milljarðar í árslok. Skráð verðmæti trygginga var þá 63,6 milljarðar króna. Sjá einnig umfjöllun í kafla 17.4.2 um skuldir við lánastofnanir.

651. Drög að áreiðanleikakönnun Ernst & Young á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 9. mars 2009.

652. Formleg umsókn um 20% eiginfjárframlag var þó aldrei lögð fram.

653. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingríms J. Sigfúsossonar og Gylfa Magnúsossonar 12. mars 2009.

654. Afrit af bréfinu fengu Þórhallur Arason í fjármálaráðuneyti, Tryggvi Pálsson í Seðlabanka Íslands, Ragnar Hafliðason hjá Fjármálaeftirlitinu og Kjartan Gunnarsson í viðskiptaráðuneytinu sem allir sátu í starfshópi um málefni smærri fjármálafyrirtækja.

655. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingríms J. Sigfúsossonar, Gylfa Magnúsossonar og Sveins Haralds Öygard 16. mars 2009.

656. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið sendu sameiginlegt bréf til Fjármálaeftirlitsins 12. mars 2009 vegna málefna sparisjóðsins, þar sem lýst var áhyggjum af stöðu hans.<sup>657</sup> Þar er vísað til þess að fyrirbyggjandi veð í Seðlabankanum uppfylli ekki reglur hans og að veð sem hafi verið boðin sem viðbótartryggingar geri það ekki heldur. Í viljayfirlýsingu (e. *memorandum of understanding*) erlendra lánardrottna sjóðsins væri eingöngu gert ráð fyrir lengdum endurgreiðslutíma lána en engum afskriftum, engri umbreytingu krafna í hlutafé eða nýjum lánveitingum. Seðlabankanum væri ekki ljóst hvernig sparisjóðurinn hygðist leysa lausafjávanda sinn. Þá teldist Seðlabankinn lánveitandi til þrautavara og samkvæmt reglum hans hefði hann eingöngu heimild til að lána fyrirtækjum sem uppfylltu reglur um eigið fé. Í tilfelli sparisjóðsins væri bæði um að ræða eiginfjávanda og lausafjávanda sem væri ekki aðeins tímabundinn. Jafnframt kom fram að fjármálaráðuneytið hefði skoðað stöðu sparisjóðsins í samstarfi við Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið með tilliti til möguleika á eiginfjárframlagi frá ríkissjóði. Ein meginforsenda framlags væri að viðkomandi sparisjóður gæti lagt fram trúverðuga viðskiptaáætlun. Talsverð óvissa væri fólgin í þeim áætlunum sem sparisjóðurinn hefði kynnt og ekki væri að sjá að sparisjóðurinn gæti uppfyllt skilyrði fyrir framlaginu.<sup>658</sup>

### 17.8.6.1 Frestur til að skila uppfærðum áætlunum um lausn á eiginfjávanda sparisjóðsins

Í bréfi sem Fjármálaeftirlitið sendi sparisjóðnum 12. mars 2009 var tilvísun í þau efnisatriði sem fram komu í bréfi Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins til eftirlitsins. Sparisjóðurinn fékk sex daga frest til að leggja fram upplýsingar sem breytt gætu fjárhagslegri stöðu sjóðsins. Upplýsingarnar þyrftu að innihalda framtíðarrekstrarhorfur sparisjóðsins og uppfærðar áætlanir um lausn á eiginfjávandanum.<sup>659</sup> Þá gerði Fjármálaeftirlitið einnig athugasemd við lánalengingarleiðina. Það hafði ráðfært sig við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um hana og voru uppi verulegar efasemdir um að hún uppfyllti kröfur um eigið fé samkvæmt Basel-II viðmiðum.<sup>660</sup>

Hinn 13. mars 2009 sendi stýriningnd erlendra lánardrottna sparisjóðsins bréf til Fjármálaeftirlitsins ásamt afriti á seðlabankastjóra, fjármálaráðherra og fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar sem lýst var furðu á viðhorfsbreytingu Fjármálaeftirlitsins til áætlana um lausn á eiginfjávanda sparisjóðsins svo skömmu eftir að veittur var tveggja mánaða frestur til að leysa úr vandanum. Þar kom einnig fram að lánardrottinnar gætu ekki brugðist við áhyggjum af lausafjávanda sparisjóðsins. Það kæmi að mestu leyti í hlut Seðlabanka Íslands að tryggja sparisjóðnum lausafé sem væri hlutverk flestra seðlabanka í Evrópu í því efnahagsástandi sem ríkti. Lánardrottinnar vonuðust hins vegar til þess að lausafjávandi sjóðsins minnkaði samhliða þeirri endurskipulagningu sem þeir hefðu unnið að með sparisjóðnum. Í bréfinu var einnig bent á að það væri rangt að viljayfirlýsing (e. *memorandum of understanding*) innihéldi engar afskriftir krafna eða umbreytingu í hlutafé, líkt og Seðlabankinn hefði haldið fram í bréfi sínu til eftirlitsins 12. mars 2009.<sup>661</sup>

Fjármálaeftirlitið svaraði bréfi stýriningndarinnar 16. mars 2009 og greindi frá því að afstaða þess hefði breyst eftir að hafa ráðfært sig við ýmsa aðila. Vísaði Fjármálaeftirlitið til þess að samkvæmt Basel-II reglum gerði varasjóður banka kleift að taka á sig tap í yfirstandandi rekstri og væri í þeim tilgangi ávallt tiltækur. Leit Fjármálaeftirlitið svo á að

„According to Basel 2 Accord common shareholder's funds allow a bank to absorb losses on an ongoing basis and are permanently available for this purpose. The FME considers that the quality of equity created by the modification of terms as planned does not meet this Basel 2 criteria.“

Bréf Fjármálaeftirlitsins til stýriningndar erlendra lánardrottna SPRON 16. mars 2009.

657. Hinn 10. mars 2009 hafði Ragnar Hafliðason, settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins, kallað eftir bréfum frá Seðlabanka og fjármálaeftirliti sem „innleggi“ í bréf frá Fjármálaeftirlitinu til sparisjóðsins. Áður en bréf Seðlabankans var sent til Fjármálaeftirlitsins voru drög að því búin að ganga á milli starfsmanna bankans, fjármálaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins. Drög að bréfi Fjármálaeftirlitsins til sparisjóðsins fóru jafnframt á milli sömu aðila. Bæði bréfin voru svo send 12. mars 2009.

658. Bréf Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytisins til Fjármálaeftirlitsins 12. mars 2009.

659. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 12. mars 2009.

660. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 12. mars 2009.

661. Tölvuskeyti stýriningndar erlendra lánardrottna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Ragnars Hafliðasonar, Sveins Haralds Öygard, Steingrims J. Sigfússonar, Indriða H. Þorlákssonar, Marks Flanagan, Mats Josefson, Guðmundar Haukssonar, Sturlu Pálssonar og Tryggva Pálssonar 13. mars 2009.

„gæði“ eigin fjár sem búið væri til með þessum hætti væri ekki í samræmi við Basel-II viðmiðin. Eigið fé sparisjóðsins yrði því að auka á annan hátt en með lánalengingum. Ítrekaði Fjármálaeftirlitið að ný áætlun um endurskipulagningu yrði að berast 18. mars.<sup>662</sup>

Í bréfaskiptum forstjóra sparisjóðsins við stjórnvöld næstu daga var ítrekað reynt að fá stjórnvöld til að endurskoða afstöðu sína og koma sparisjóðnum til aðstoðar. Í bréfi forstjóra sparisjóðsins til forsætis-, fjármála og viðskiptaráðherra og seðlabankastjóra 16. mars 2008 var meðal annars vísað til sameiginlegs bréfs Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytis til Fjármálaeftirlitsins frá 12. mars. Ef fjármálaráðherra nýtti ekki heimildir sínar í fjárukalögum frá desember 2008 til aðstoðar við uppgjör á skuldum sparisjóðsins við Seðlabankann og Seðlabankinn veitti ekki frekari fyrirgreiðslu til sjóðsins þá væri aðeins sú leið fær til lausnar lausafjárstöðu hans að Íbúðalánasjóður nýtti lagaheimild sína til að kaupa fasteignaveðlán af sjóðnum. Sú leið hefði verið til skoðunar hjá starfsmönnum Íbúðalánasjóðs og niðurstaða þyrfti að fást í þær viðræður hið fyrsta. Þangað til þyrfti Seðlabankinn að veita sparisjóðnum aðgang að lausu fé en að öðrum kosti væri verið að setja mikla hagsmuni í hættu að óþörfu. Vonaðist hann til að aðilar sýndu ábyrgð og skilning í málinu þar sem ekki væri um nýjar lánveitingar að ræða, sem orsakað gætu þenslu í efnahagslífinu, heldur tilfærslu á málum frá einni stofnun ríkisins til annarrar.<sup>663</sup> Sparisjóðurinn rökstuddi lánalengingarleiðina frekar í bréfi til Fjármálaeftirlitsins 17. mars 2009 og fór fram á að það endurskoðaði afstöðu sína, en að öðrum kosti var þess óskað að Fjármálaeftirlitið myndi rökstyðja afstöðu sína með vísan til gildandi laga og reglna. Í rökstuðningi sparisjóðsins var vísað til alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hefðu verið innleiddir af Evrópusambandinu, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, laga um ársreikninga nr. 3/2006 og Basel II-viðmiðanna.<sup>664</sup>

Í bréfi forstjóra sparisjóðsins til fjármálaráðherra 18. mars 2009 kom fram að hann hefði nýlega verið upplýstur um að embættismenn fjármálaráðuneytisins hefðu ekki verið með sparisjóði í huga þegar fjármálaráðherra var veitt heimild til að kaupa viðskiptabréf af Seðlabanka Íslands í fjárukalögum 2008. Taldi hann að ljóst mætti vera að fjármálaráðherra hefði skýra heimild í lögum til að gera sparisjóðnum kleift að leysa úr sínum málum hjá Seðlabanka Íslands. Það kallaði ekki á frekari framlög úr ríkissjóði heldur væri einvörðungu um að ræða flutning á skuldbindingum milli Seðlabanka Íslands og ríkissjóðs. Nýtti ráðherra sér þessa heimild myndi sú ákvörðun geta reynst afgerandi um framtíð sparisjóðsins.<sup>665</sup> Hún gæti leyst úr lausafjárstöðu hans og um leið skapað honum nauðsynlegar afkomuforsendur. Sparisjóðurinn hefði leitað aðstoðar Íbúðalánasjóðs við að leysa skuldastöðu sína hjá Seðlabankanum en betra væri ef ríkissjóður kæmi beint að málefnum sjóðsins hjá bankanum.<sup>666</sup>

Sama dag sendi forstjóri sparisjóðsins bréf til seðlabankastjóra þar sem vísað var til fundar þeirra tveimur dögum áður þar sem rædd voru málefni sparisjóðsins og skuld hans við Seðlabankann. Í ljósi þess að sparisjóðnum hefði þá nýlega verið tilkynnt að ríkissjóður myndi ekki nýta heimildir til að yfirtaka kröfur Seðlabankans á sparisjóðinn hefði sparisjóðurinn sent bréf til Íbúðalánasjóðs og óskað formlega eftir að hann keypti veðskulda-bréf af sparisjóðnum. Andvirði sölunnar yrði notað til að greiða skuld sparisjóðsins hjá Seðlabankanum og til að tryggja framtíðarviðskipti í samræmi við reglur Seðlabankans.<sup>667</sup>

662. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnnefndar SPRON 16. mars 2009. Orðað svo í bréfi Fjármálaeftirlitsins: „According to Basel 2 Accord common shareholder's funds allow a bank to absorb losses on an ongoing basis and are permanently available for this purpose. The FME considers that the quality of equity created by the modification of terms as planned does not meet this Basel 2 criteria.“

663. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingríms J. Sigfússonar, Gylfa Magnússonar og Sveins Haralds Öygard 16. mars 2009.

664. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Fjármálaeftirlitsins 17. mars 2009. Sparisjóðurinn vísaði til 90. og 93. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, til 14., 96. og 97. gr. IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila, til 9., 39., 40., 41. og 47. gr. IAS-staðals 39, fjármálagerningar, færsla og mat, og til 84. og 85. gr. laga nr. 161/2006 um fjármálafyrirtæki. Einnig var vísað til greina 49(i) og 49(iii) Basel II-viðmiðanna.

665. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Steingríms J. Sigfússonar 18. mars 2009.

666. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Steingríms J. Sigfússonar 18. mars 2009.

667. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Sveins Haralds Öygard 18. mars 2009.

### 17.8.6.2 Lítillega breyttar tillögur lagðar fram

Fjármálaeftirlitið hafði veitt sparisjóðnum og stýrinfund erlendra lánardrottna frest til 18. mars til að leggja fram nýjar áætlanir um lausn á eiginfjárvanda sparisjóðsins. Stýrinfund erlendra lánardrottna sendi Fjármálaeftirlitinu bréf 18. mars 2009, með afriti til seðlabankastjóra, fjármálaráðherra og fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar sem viðhorfsbreytingin var enn gagnrýnd. Bent var á að fulltrúi Fjármálaeftirlitsins hefði verið viðstaddur alla fundi sparisjóðsins með erlendum lánardrottnum frá því að þessi leið hefði verið kynnt í janúar 2009 og ekkert í samskiptum við Fjármálaeftirlitið hefði gefið til kynna að von væri á slíkri viðhorfsbreytingu. Með bréfinu fylgdi skilmálaskjal (e. *term sheet*) þar sem nefnd lánardrottna setti fram lítillega breyttar tillögur.<sup>668</sup> Fram kom hjá Guðmundi Haukssyni að tillaga erlendu lánardrottnanna, þar sem meðal annars var gert ráð fyrir afskriftum 21% allra lána, hefði verið „klárlega fyrsta útspil“. Þessu tilboði lánardrottnanna hefði aldrei verið svarað og aldrei látið á það reyna hversu langt þeir væru tilbúnir að ganga.<sup>669</sup>

Sama dag óskaði forstjóri sparisjóðsins eftir því við Fjármálaeftirlitið að fá frekara svigrúm til að vinna að uppbyggingu eigin fjár og uppfæra áætlanir vegna nýframkominna tillagna frá lánardrottnum. Sparisjóðurinn hefði á undanförunum dögum átt fundi með Seðlabankanum um uppgjör skulda sjóðsins við bankann eða auknar tryggingar.<sup>670</sup> Með bréfinu fylgdi afrit af bréfi sparisjóðsins til Íbúðalánasjóðs, dagsett sama dag, þar sem óskað var eftir að Íbúðalánasjóður keypti veðskuldabréf að áætluðu bókfærðu virði um 43 milljarðar króna. Jafnframt hefði sparisjóðurinn áhuga á að selja Íbúðalánasjóði safn veðskuldabréfa í erlendri mynt fyrir allt að 20 milljarða króna.<sup>671</sup>

Í svarbréfi Fjármálaeftirlitsins til sparisjóðsins 19. mars 2009 var enn fjallað um „gæði eigin fjár sem myndað væri með tekjufærslu vegna gangvirðismats á skuldbindingum og að hvaða leyti slíkt eigið fé samræmdest Basel 2 reglum“. Í bréfinu var vísað til 4. mgr. 64. gr. í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/48/EB, þar sem kveðið væri á um að tiltekin gangvirðisáhrif í reikningsskilum væru ekki talin með í útreikningi eiginfjárgrunnis (e. *own funds*). Umrætt ákvæði er svohljóðandi:

Credit institutions shall not include in own funds either the fair value reserves related to gains or losses on cash flow hedges of financial instruments measured at amortised cost, or any gains or losses on their liabilities valued at fair value that are due to changes in the credit institutions' own credit standing.

Fjármálaeftirlitið taldi að gangvirðisáhrif af fyrirhuguðum lánalengingum sparisjóðsins féllu undir ákvæðið. Þó ákvæðið hefði ekki verið innleitt í íslenskan rétt væri að mati Fjármálaeftirlitsins skylt að innleiða það og yrði „óhjákvæmilegt að gera það fyrr en seinna“. Fyrir vikið taldi eftirlitið lánalengingarleiðina ófullnægjandi en veitti sparisjóðnum engu að síður eins dags frest til að sýna fram á áform til að leysa eiginfjárvanda sparisjóðsins.<sup>672</sup>

Hinn 19. mars 2009 óskaði forstjóri sparisjóðsins eftir fundi með Fjármálaeftirlitinu vegna gagntilboðs til erlendra lánardrottna sem var í undirbúningi hjá sparisjóðnum. Tilgangur fundarins var að fara yfir forsendur tilboðsins til að tryggja að þær yrðu samþykktar af stjórnvöldum og lögð áhersla á að þeim lyki fyrir 24.–25. mars 2009.<sup>673</sup> Tillögur stýrinfundar voru bornar undir fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og athugasemdir hans um fyrirleggjandi tillögur lánardrottna voru sendar Seðlabankanum 19. mars 2009. Þar var þeirri hugmynd hreyft að ef til vill væru lánardrottnar, af tillögunum að dæma, að óska þess að ríkissjóður tæki á sig þann skell sem óhjákvæmilegur væri í málinu. Það væri ekki í samræmi við áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og kynni að valda frekari vanda síðar meir ef fallist yrði á tillögurnar. Nær væri að lánardrottnar legðu fram viðskiptaáætlanir sem miðuðu að lífvænlegum rekstri án aðkomu stjórnvalda og Seðlabankans og myndu

„Það var ljóst að samkvæmt tilskipuninni hafði láðst að innleiða í löginn ákvæði sem bönnuðu svona núvirðingu á skuldum, að það mætti reikna það sem hlut af eigin fé í eiginfjárukreikningum. Það var að minnsta kosti niðurstaðan af okkar hálfu að við myndum ekki setta okkur við að telja þetta sem hlut af eigin fé. Það vantaði að vísu inn í löginn, var í tilskipuninni sem hefði átt að vera búið að innleiða og það getur auðvitað einhver sagt að þetta sé á gráu svæði.“

Skýrsla Ragnars Hafliðasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 15. júlí 2013.

„Ég man við ræddum ítarlega þessa leið og niðurstaða sérfræðinga FME á þeim tíma var sú að þetta væri í raun og veru ekki fær leið. Að þetta væri ekki lausn á framtíðarvanda sjóðsins. Það var svo einfalt.“

Skýrsla Gunnars Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. september 2013.

668. Bréf stýrinfundar erlendra lánardrottna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Fjármálaeftirlitsins 18. mars 2009.

669. Skýrsla Guðmundar Haukssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

670. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Fjármálaeftirlitsins 18. mars 2009.

671. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Íbúðalánasjóðs 18. mars 2009. Í reglugerð um heimild Íbúðalánasjóðs til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði var gert ráð fyrir að heimildin næði einnig til skuldabréfa í erlendri mynt. En í reglum stjórnar Íbúðalánasjóðs um kaup á skuldabréfum fjármálafyrirtækja, sem settar voru á grundvelli heimildar í reglugerðinni og staðfestar af ráðherra 9. janúar 2009, var aðeins kveðið á um heimild til kaupa á veðskuldabréfum í íslenskum krónum.

672. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 19. mars 2009.

673. Tölvuskeyti Guðmundar Haukssonar til Ragnars Hafliðasonar 19. mars 2009.



skuldbinda sig til að styðja fjármálafyrirtækin til frambúðar, eftir atvikum sem nýir hluthafar. Því beindi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þeim varnaðarorðum að íslenska ríkinu að stíga varlega til jarðar í málinu og forðast að fallast á óhagstæðan samning.<sup>674</sup>

Sparisjóðurinn átti fund 19. mars 2009 með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins. Stjórnarformaður sparisjóðsins sendi tölvupóst daginn eftir á sparisjóðsstjóra og framkvæmdastjóra fjármálasviðs sjóðsins með minnispunktum sem hann hafði skrifað niður að fundi loknum. Þar kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði gert grein fyrir því að í framtíðinni þyrfti að innleiða ákvæði úr Basel-II reglum og Evrópu-reglum, svokallaðar varúðarreglur (e. *prudential filters*) með tilliti til eigin fjár, sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS) næðu ekki til og að fyrir vikið væri lánalengingarleið ekki ásætlanleg sem lausn á eiginfjávanda. Þá myndi Fjármálaeftirlitið mögulega nýta sér heimildir til að krefjast hærra eiginfjárhlutfalls en lögbundins lágmarks. Staðfest hefði verið að beiðni um yfirtöku fjármálaráðuneytisins á skuld sparisjóðsins við Seðlabankann og lenging á endurgreiðslutíma skuldar yrði hafnað. Eiginfjárframlag erlendra lánardrottna þætti ekki nægjanlega hátt og að því minna sem „kerfið“ væri þeim mun betra, þar sem geta til að styðja við það væri ekki til staðar hjá Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu og fjármálaráðuneytinu. Að auki kom fram í tölvupósti stjórnarformannsins að hann hefði átt samtalið við Tryggva Pálsson, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, að fundi loknum og spurt hann hvað fundurinn þýddi á mannamáli. Að sögn Erlendar var svar Tryggva eftirfarandi:

Við erum ekki að taka ykkur yfir í kvöld, en það styttist í það ef eigið fé eykst ekki með niðurfellingu skulda. Við vorum klárir á sunnudag fyrir 14 dögum. [...] IMF er búið að segja að erlendar skuldir séu of miklar, og ef þær verða ekki lækkaðar geti Ísland farið á hausinn. Við erum með klára línu að lækka þessar skuldir. Sí ræður í raun ekki við stærra kerfi. Við erum upp við vegginn og þurfum að taka drastískar ákvarðanir til að koma kerfinu áfram.<sup>675</sup>

Í bréfi forstjóra sparisjóðsins til forsætisráðherra 20. mars 2009 var vísað til fundar í ráðuneytinu viku áður þar sem staða sparisjóðsins var rædd og heimildir fjármálaráðherra til að taka yfir skuldbindingar fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins hefði fullyrt að fjármálaráðherra hefði ekki gert samninga á grundvelli þessarar heimildar við nokkurt fjármálafyrirtæki. Taldi forstjórinn hins vegar það hafa verið upplýst að fjármálaráðherra hefði einmitt gert slíkan samning við Saga Capital og hygðist gera fleiri slíka við önnur fjármálafyrirtæki. Hins vegar hefði fjármálaráðherra ekki svarað bréfi forstjórans frá 18. mars 2009 um að nýta þessa heimild til stuðnings Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf.<sup>676</sup>

Í tölvupósti stýrinfendar erlendra lánardrottna til Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneytis, fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Mats Josefsson, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, 20. mars, var túlkun Fjármálaeftirlitsins á 4. mgr. 64. gr. áður nefndrar tilskipunar mótmælt og talið að hún tæki ekki til þeirrar endurskipulagningar sem fyrirhuguð væri hjá sparisjóðnum. Hún fæli í sér niðurfellingu einnar skuldbindingar (e. *de-recognition of a liability*) og tilkomu nýrrar (e. *recognition of a new liability*) með öðrum skilmálum. Þá var bent á að samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) væri skylt að meðhöndla slíkar breytingar í bókhaldi á þann hátt sem lagt hefði verið til.<sup>677</sup> Í kjölfarið var haldinn símafundur sem stýrinfendin tók þátt í ásamt fyrirsvarsmönnum sparisjóðsins, fulltrúum Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins. Síðar sama dag lýsti nefndin áhyggjum í tölvupósti yfir því að stjórnvöld væru í þann mund að taka óábyrgar ákvarðanir í málefnum sparisjóðsins þar sem þau skildu ekki fyllilega þær lausnir sem þeim hefðu verið kynntar. Það væri augljóst að þær ráðleggingar sem stjórnvöld

„AGS fylgdist með öllu þessu, en umræðan og ákvörðunartakan var í samráðshópnum og þá var AGS ekki beinn aðili. Ég upplifði það ekki þannig að þó að ég segi að við séum upp við vegg þá var það ekki þannig að ég sé að segja að AGS sé að setja okkur upp við vegg, heldur bara að við séum í þessari stöðu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði unnið með okkur í að reyna að koma fjármálakerfinu á legg aftur og liður í því var að klára umræðuna varðandi smærri fjármálafyrirtæki. Ég upplifði það þannig að þó þeir væru með sína skoðun á þessu máli, þá voru það samt stjórnvöld sem réðu málinu og hvort þau færu eftir þessu eða ekki.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

„[Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn] vissi af þessum málum. Hann var með þrýsting allan tímann á meðan programmið var að klárast og þangað til það kláraðist í ágúst 2011. Mismikinn þrýsting, en ég held að það hafi nú einfaldlega verið það agavald sem fylgdi þessu samkomulagi sem stjórnvöld voru búin að gera. Ég upplifði það ekki þannig að við værum að gera þetta fyrir sjóðinn eða út af honum. Við vorum að gera þetta út af þjóðarúinu þó svo að sjóðurinn hafi hjálpað okkur í þessu ferli.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2013.

674. Tölvuskeyti fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Seðlabankans 19. mars 2009.

675. Tölvuskeyti Erlendar Hjaltasonar til Guðmundar Haukssonar 20. mars 2009.

676. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Jóhönnu Sigurðardóttur 20. mars 2009.

677. Tölvuskeyti stýrinfendar erlendra lánardrottna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til Ragnars Hafliðasonar, Guðmundar Jónssonar, Sveins Haralds Öygard, Tryggva Pálssonar, Sturlu Pálssonar, Steingrims J. Sigfússonar, Indriða H. Þorlákssonar, Marks Josephs Flanagan og Mats Josefson 20. mars 2009. Í tölvupóstinum sagði: „We do not agree that this article 64.4 is relevant to the loan term out since the article in question deals with gains on cash flow hedging and changes in a credit institution's own credit standing whereas the term out it is in fact de-recognising a liability, and recognising a new one, which Article 64 does not address. Please note that the proposed treatment for acknowledging an extension of a long term loan at subsidised rate through such de-recognition is mandatory for IFRS.“

hefðu fengið væru rangar og ónákvæmar. Óskað var eftir frekari viðræðum og tekið fram að lánardrottinn hefði fullan ásetning um að vinna með sparisjóðnum að viðunandi lausn.<sup>678</sup> Í bréfi sem sparisjóðsstjóri sendi Fjármálaeftirlitinu sama dag vísaði hann til þess að á símafundi hefði komið fram mikill vilji hjá lánardrottnum til að finna lausn á eiginfjáranda sjóðsins en fyrst þyrfti að leysa úr þeim faglega ágreiningi sem væri uppi um þann grunn sem eiginfjárútreikningur sparisjóðsins væri byggður á. Sparisjóðsstjóri vísaði að auki til beiðni sjóðsins til Íbúðalánasjóðs frá 18. mars 2009 þar sem óskað var eftir kaupum á húsnæðislánum og benti á að gengi sú sala eftir fengi Seðlabankinn greiðslur eða fullnægjandi tryggingu fyrir lánum sínum.<sup>679</sup>

Forsætisráðherra svaraði bréfi forstjóra sparisjóðsins frá 20. mars daginn eftir og fylgdi því afrit af svari fjármálaráðherra, dagsett sama dag, varðandi beiðni sparisjóðsins frá 18. mars 2009.<sup>680</sup> Í bréfi fjármálaráðherra sagði meðal annars:

Við fall bankakerfisins sl. haust urðu verðbréf sem útgefin voru af gömlu bönkunum og Seðlabankinn hafði tekið til tryggingar lausafjárþyrirgreiðslu til fjármálakerfisins verðlital. Seðlabankinn varð fyrir umtalsverðu tapi vegna þessa og til að bæta eiginfjárstöðu hans aflaði fjármálaráðherra heimildar Alþingis til að yfirtaka umræddar kröfur og annast fullnustu þeirra. Á grundvelli þessarar heimildar Alþingis var skipaður vinnuhópur fulltrúa fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka sem leitaði leiða til að hámarka endurheimtur hinna ótryggu krafna og lágmarka þannig tjón ríkissjóðs. Eftir urðu í Seðlabankanum aðrar veðkröfur sem taldar voru tryggar og meðal þeirra voru tryggingar sem lagðar voru fram af hálfu Spron. Aldrei kom til tals að ríkissjóður yfirtæki veðlánakröfur fjármálaþyrirtækja sem veitt voru gegn tryggum veðum.<sup>681</sup>

Enn fremur kom fram í bréfinu:

Hvað varðar athugasemd Spron þá voru framlögð verðbréf þeirra til Seðlabankans talin tryggja lánveitingar Seðlabankans og því kom aldrei til álita að ríkissjóður gæti á grundvelli umræddrar lagaheimildar yfirtekið þær kröfur á Spron af Seðlabankanum. Fjármálaráðuneytið hefur ítrekað gert forstjóra Spron grein fyrir ofangreindum sjónarmiðum.<sup>682</sup>

Á stjórnarfundi Fjármálaeftirlitsins 20. mars kom fram að stjórnin væri sammála um að ef grípa ætti inn í starfsemi sparisjóðsins á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálaþyrirtæki yrði að liggja fyrir skýr afstaða Seðlabankans um að lausafjárskorturinn væri alvarlegur, að sparisjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og að ekki komi til frekari aðstoðar af hálfu Seðlabankans. Fyrr um daginn hafði stjórn Fjármálaeftirlitsins óskað eftir erindi frá Seðlabankanum um lausafjárstöðu bankanna og bærust drög að bréfi um stöðu sparisjóðsins inn á fundinn. Gert var fundarhlé og síðar um kvöldið, er fundi var framhaldið, hafði borist bréf frá Seðlabankanum um lausafjárstöðu sparisjóðsins.<sup>683</sup>

Í bréfi Seðlabankans, dagsettu 20. mars, kom fram að sparisjóðurinn hefði ekki uppfyllt bindiskyldu frá því um haustið 2008 og skuldaði 17,3 milljarða króna í daglán og 30,6 milljarða króna í veðlán í lok dags 19. mars 2009. Bent var á að af tæplega 48 milljörðum króna sem sparisjóðurinn hafði að láni frá Seðlabankanum og tryggðar voru með veði, væru um það bil 45 milljarðar króna tryggðar með veðum sem ekki uppfylltu reglur Seðlabankans um hæf veð til tryggingar lánum frá bankanum. Tveimur vikum fyrr hefði sparisjóðurinn boðið fram veðpakka. Flest lánin hefðu verið í erlendri mynt, þriðjungur þeirra hefði verið í vanskilum og nokkur hluti þeirra á 2. veðrétti. Slík veð uppfylltu alls ekki reglur Seðlabankans og þessum veðum yrði því hafnað. Í niðurlagi bréfsins sagði:

„Já, ég er að útskýra fyrir þeim að þessi gerningur einn og sér bæti ekki eiginfjárstöðuna. Ég er alltaf að ýja að því að staðfesta að eiginfjárstaðan sé í lagi því það sé forsendan fyrir fjármögnuninni. Þessi gerningur einn og sér breytir henni ekki, því þeir eru bara að skipta eignum fyrir eignir og ef ég væri kaupandinn að eignum á þessum tíma þá væri ólíklegt að þeir væru að fá bókfært virði fyrir eignirnar. [...] Það varð að vera skýrt gagnvart okkur að þeir væru „solvent“ til að við mætum lána þeim og FME varð að kveða upp úr með það. En þessi tölvupóstur átti náttúrulega bara að skýra eitthvað sem þeim hefði átt að vera ljóst en ég er feginn að ég skrifaði hann.“

Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2013.

678. Tölvuskeyti Gary George til Steingríms J. Sigfússonar, Sveins Haralds Öygard, Indriða H. Þorlákssonar, Hjördísar D. Vilhjálmssdóttur, Jónínu S. Lárúsdóttur, Þorsteins Þorgeirssonar, Mats Josefson, Helgu Valfells, Böðvars Jónssonar og Áslaugar Árnadóttur 20. mars 2009. Í tölvupóstinum sagði: „Following a conference call just ended with representatives of the FME, Central Bank of Iceland and Ministry of Finance, the Steering Committee representing the 35 senior international bank lenders to SPRON is extremely concerned that arbitrary and irresponsible decisions are due to be made with regards to SPRON, based upon the relevant authorities' failure to understand properly a restructuring solution presented to them on 18th March. Evidently incorrect or inadequate advice has been taken [...]“

679. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Fjármálaeftirlitsins 20. mars 2009.

680. Bréf Jóhönnu Sigurðardóttur til Steingríms J. Sigfússonar 20. mars 2009; bréf Steingríms J. Sigfússonar til Jóhönnu Sigurðardóttur 21. mars 2009.

681. Bréf Steingríms J. Sigfússonar til Jóhönnu Sigurðardóttur 21. mars 2009.

682. Bréf Steingríms J. Sigfússonar til Jóhönnu Sigurðardóttur 21. mars 2009.

683. Stjórnarfundargerð Fjármálaeftirlitsins, 20. mars 2009.

Í ljósi ofangreinds eru ekki forsendur fyrir því að Seðlabankinn veiti SPRON þá lausafjár- fyrirgreiðslu sem sparisjóðurinn þarf á að halda þar sem hann uppfyllir ekki reglur um viðskipti fjármálayfirtækja við Seðlabankann. Ekki verður heldur séð að Seðlabankinn geti gripið til fyrirgreiðslu á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um Seðlabankann, þ.e. þrautavarláns þar sem SPRON uppfyllir ekki eiginfjárskilyrði og getur ekki lagt fram tryggingar sem Seðlabankinn telur sér fært að samþykkja. Það er einnig mat Seðlabanka Íslands að að öðru óbreyttu geti SPRON hf. ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskipta- vinum sínum eða kröfuhöfum. Yfirvofandi vandamál SPRON gæti einnig haft neikvæð áhrif á aðrar fjármálastofnanir.<sup>684</sup>

### 17.8.6.3 Fjármálaeftirlitið tekur yfir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf.

Í bréfi frá Fjármálaeftirlitinu til forstjóra sparisjóðsins 21. mars 2009 var vísað til þess að enn gerðu áætlanir sparisjóðsins um lausn á eiginfjárskjöldum ráð fyrir sömu aðferð og eftirlitið hafði áður hafnað.<sup>685</sup> Seðlabankinn hefði með bréfi til Fjármálaeftirlitsins 20. mars 2009 bent á að þótt sparisjóðurinn næði samningum við Íbúðalánasjóð um kaup á veðskuldabréfum væri ólíklegt að það bætti eiginfjárskjöldum sjóðsins. Seðlabankinn hafði bent á að til að umrædd viðskipti bættu stöðu sjóðsins þyrfti kaupverð bréfanna að vera hærra en sem næmi þeim lánnum sem Seðlabankinn hefði veitt sjóðnum gegn veði í bréfunum. Fjármálaeftirlitið vísaði einnig til þess að í fyrri bréfaskrifum hefði komið fram sú afstaða fjármálaráðuneytisins að sparisjóðurinn gæti vart uppfyllt meginskilyrði fyrir eiginfjárframlagi frá ríkissjóði. Ítrekað var að þau áform sem sparisjóðurinn hefði kynnt til lausnar á eiginfjár- og lausafjárskjöldum leysti hann ekki að neinu marki. Einnig vísaði Fjármálaeftirlitið til framangreinds bréfs Seðlabanka Íslands um lausafjárskjöldum sparisjóðsins. Óskað var svara við eftirfarandi spurningum samdægurs:

1. Hvort sparisjóðurinn gæti fullyrt að hann gæti staðið við skuldbindingar sem væru á gjalddaga í næstu viku og hvort hann teldi að hann hefði nægilegt laust fé til að tryggja starfsemi sjóðsins á sama tímabili.
2. Ef svo væri ekki, þá hversu viðamiklar skuldbindingar væri um að ræða sem sjóðurinn gæti ekki efnt.
3. Hvort sparisjóðurinn hefði raunhæfa möguleika til að afla fjár til að standa við umræddar skuldbindingar. Bent var á í þessu samhengi að Seðlabankinn hefði hafnað frekari fyrirgreiðslum.<sup>686</sup>

Í svari sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins var því lýst að sparisjóðurinn hefði 591 milljón króna til að mæta skuldbindingum að fjárhæð 563 milljónir króna sem væru á gjalddaga í vikunni á eftir. Sparisjóðurinn þyrfti hins vegar á fyrirgreiðslu frá Seðlabankanum að halda til að tryggja starfsemi sjóðsins á sama tímabili.<sup>687</sup>

Fjármálaeftirlitið ítrekaði þá að fyrir lægi að Seðlabankinn teldi sér ekki heimilt að veita sparisjóðnum frekari fyrirgreiðslu á grundvelli þeirra trygginga sem sjóðurinn hefði til ráðstöfunar. Fyrir vikið virtist augljóst að starfsgrundvöllur væri ekki lengur fyrir hendi og að eftirlitið teldi einsýnt að sparisjóðurinn félli undir þau ákvæði laga nr. 125/2008 að grípa þyrfti inn í rekstur félagsins.<sup>688</sup> Í kjölfarið óskaði stjórn sparisjóðsins eftir að Fjármálaeftirlitið gripi inn í rekstur sjóðsins<sup>689</sup> og var það gert samdægurs, 21. mars 2009.<sup>690</sup>

Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður sparisjóðsins, lýsti atburðarásinni svo:

„Við erum í rauninni að segja við FME að núna séum við komnir á endastöð með þetta. Ég held það hafi ekki verið neinn misskilningur. Ég man við lágum lengi yfir þessu bréfi og hvernig við ættum að orða þetta og þetta var niðurstaðan. Annaðhvort verði þeim lokað á grundvelli lausafjárreglna einna og sér eða þess og þess að þeir uppfylli ekki eiginfjárkröfurnar, séu ekki „solvent“, og að okkur sé ekki heimilt að lána þeim. Það er bara á þessum tveimur atriðum sem við getum sýnað þeim um fyrirgreiðslu. Þannig lít ég ekki svo á að það sé einhver misskilningur, en á þessum tíma vissu menn alveg að Kaupþing og Exista væru stór hluti af heildar- eignum sparisjóðsins. Það þyrfti ekki mikið meiri upplýsingar en bara það sem hafði komið fram í fjölmiðlum til að reikna út frá síðasta uppgjöri þeirra hver eiginfjárstaðan væri. En þetta var eitthvað sem við hefðum viljað sjá staðfest af FME því það var þeirra hlutverk.“

Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. september 2013.

684. Bréf Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins 20. mars 2009. Seðlabankinn sendi Fjármálaeftirlitinu tvö bréf þann dag, annað fjallaði um lausafjárskjöldum sparisjóðsins og hitt um íbúðabréf hans.

685. Í skilmálaskjali sem fylgdi bréfi stýringsmálaráðs frá 18. mars 2009 voru settar fram litallega breyttar tillögur, en þar var gert ráð fyrir 21% afskriftum, 9% peningagreiðslu og 70% lánalengingu. Hinn 19. mars hafði forstjóri sparisjóðsins einnig óskað eftir fundi með Fjármálaeftirlitinu til að fara yfir gagntillögur sem voru í undirbúningi.

686. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 21. mars 2009.

687. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 21. mars 2009.

688. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. 21. mars 2009.

689. Bréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. til Fjármálaeftirlitsins 21. mars 2009.

690. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., 21. mars 2009.

„Staða þessara fyrirtækja, þessara sparisjóða var auðvitað mjög slæm. Hún var búin að vera það lengi og þetta voru undanþágur eftir undanþágur. Á endanum kom að því að Seðlabankinn taldi sér ekki fært að veita þá fyrirgreiðslu sem var algjörlaga ljóst að þurfti að koma til. Þá var fjármálaráðuneytið ekki í neinni aðstöðu til að taka aðrar ákvarðanir en þær sem það tók.“

Skýrsla Gunnars Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. september 2013.

„Auðvitað var þetta þannig á þessum tíma að traust á fjármálakerfi Íslands var ekkert og þessi blaðamannafundur var til þess að það færu ekki af stað einhverjar sögur og orðrómur um eitthvað. Ég held að það hefði verið mjög varhugavert að láta stjórnendum þessara fyrirtækja eftir að tilkynna svona aðgerðir stórum hópi starfsmanna, þó ég skilji vel forstöðumenn þessara stofnana sem auðvitað finna til ábyrgðar gagnvart sínu starfsfólki.“

Skýrsla Gunnars Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. september 2013.

„Þetta á sér nú bara einfaldlega þá skýringu að forsvarsmenn SPRON mátu stöðuna alveg kolrangt á þessum tíma. Þeir voru einfaldlega með rangt mat á stöðu SPRON og voru alveg fram á síðustu stundu að reyna að koma í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið svipti fyrirtækið starfsleyfi og tæki það yfir. Það olli þessari uppákomu, að þeir drógu lappirnar fram á síðustu stundu að gera það sem þeir þurftu að gera. En það var alveg ljóst að það væri út af starfsmönnum og viðskiptavinum að það var ekki hægt að bíða endalaust með að tilkynna þetta. Að hafa fjármálafyrirtæki sem er að fara í þrot og margir vita það er alveg stórhættuleg staða, þannig að það var ekki hægt að fresta því endalaust að lýsa þessu yfir, jafnvel þótt forsvarsmenn SPRON væru eitthvað að reyna að ströggla fram á síðustu stundu.“

Skýrsla Gylfa Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. september 2013.

Gunnar Ólafur [Haraldsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins] hringir í mig og segir mér að það sé búíð að vera að fara yfir málin og niðurstaða sé komin, að við þurfum að henda inn handklæðinu. Að ég þurfi að halda stjórnarfund í SPRON og samþykka þetta. Við ræðum það eitthvað fram og til baka og ég fæ það út úr honum að þetta sé endanlegt. [...] Ég næ ekki fundi saman fyrr en klukkan fimm um daginn og þá hittumst við niðri í Ármúla, öll stjórnin og Guðmundur. Þeir eru einhvers staðar annars staðar í bænum þarna FME og Gylfi Magnússon og fleiri. Það tekur nú okkur dálitinn tíma að fara yfir þetta bréf sem er skrifað. Við erum þá væntanlega með okkar lögmann, Kristján Þorbergsson, og ég vissi það eftir á að Jóhannes Karl [Sveinsson] var hinum megin í lögfræðiteyminu hjá FME. Menn voru ekki nógu ánægðir með fyrsta textann sem við sendum frá okkur. Korter yfir fimm eða hálf sex fær Guðmundur símtal frá, held ég, Birni Inga Hrafnssyni blaðamanni um að búíð sé að boða blaðamannafund af hálfu viðskiptaráðherra og FME um yfirtöku á SPRON. Við náttúrulega komum af hæstu hæðum vegna þess að ég hélt að ég væri að fara inn í FME. En Gunnar hringir og segir: „Þú verður að klára þetta, við erum að detta út á tíma. Ef þú klárar þetta ekki núna þá tökum við bara sjóðinn yfir með hörðu.“ Þá lá mönnum svo á. Það var búíð að boða til blaðamannafundar þar sem komu fram upplýsingar sem voru rangar, til dæmis um yfirdráttinn í Seðlabankanum og eitthvað svona. Gylfi sagði þarna öllum starfsmönnum SPRON upp í beinni útsendingu. Það var ekki flóknara en það. Mér fannst það ekki mjög drengileg [tilhögun] á þeim tíma. Ég meina, stríðið var búíð og við vorum komnir á leiðarenda. En mér hefði fundist vel við hæfi, þetta var á laugardagskvöldi, að gefa okkur sunnudaginn til að segja starfsfólkinu frá því. En þarna lá mönnum svo á. Af hverju lá mönnum á? Ég veit það ekki, ég held að það hafi verið þannig að Seðlabankinn og allir voru komnir í málið [...] Fullt af hópum að vinna og svona hálfgerð stríðsástand í gangi.<sup>691</sup>

Erlendur sagði að hann hefði fengið á tilfinninguna að Seðlabankinn hefði verið gerandi í þessu og upplifað að Seðlabankinn hefði verið búinn að taka yfir vald Fjármálaeftirlitsins í lokin. En áður hefði hann fundið að ekki væri neinn skilningur fyrir sparisjóðnum, hvorki í fjármálaráðuneytinu né Seðlabankanum:

Mín tilfinning „in the end“ var sú að menn vildu bara minnka kerfið og með því að SPRON færi líka þá væru menn búnir að minnka kerfið um X% og þá myndu detta niður kröfur erlendra lánveitenda í erlendri mynt upp á X.<sup>692</sup>

Aðspurður hvort hann héldi að sparisjóðurinn hefði getað lifað af, sagði Erlendur:

Ég veit það ekki. Sennilega ekki miðað við það sem maður hefur síðan séð, nema til hefði komið veruleg innspýting á nýju eigin fé. [...] Við unnum allt okkar starf á þessum tíma með það að markmiði að láta hann lifa, allir voru af fullum heilindum í því að láta sjóðinn lifa. Vitandi það sem maður veit í dag, þá hef ég ekki hugmynd um það.<sup>693</sup>

### 17.8.7 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Með ákvörðun sinni 21. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar sparisjóðsins og vék félagsstjórn í heild frá störfum þegar í stað. Þá var skipuð skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100 gr. a laga um fjármálafyrirtæki<sup>694</sup> og skyldi hún fara með öll málefni sparisjóðsins, þar á meðal hafa umsjón með meðferð eigna og annast rekstur.<sup>695</sup> Skilanevnd Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. var skipuð:

1. Hlyni Jónssyni, héraðsdómslögmanni;
2. Davíð Arnari Einarssyni, löggiltum endurskoðanda;
3. Feldísi Lilju Óskarsdóttur, héraðsdómslögmanni;

691. Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

692. Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

693. Skýrsla Erlendar Hjaltasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. apríl 2013.

694. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., 21. mars 2009.

695. Með lögum nr. 44/2009 um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var skilanevnd breytt í bráðabirgðastjórn, sem þó hafði sömu hlutverkum að gegna og skilanevnd.

4. Guðrúnu Torfhildi Gísladóttur, löggiltum endurskoðanda;
5. Jóhanni Péturssyni, héraðsdómslögmanni.

Í júní 2009 rann skeið bráðabirgðastjórnar á enda, í samræmi við 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á beiðni bráðabirgðastjórnar um skipun slitastjórnar 23. júní 2009. Hlutverk slitastjórnar var að gæta að eignum félagsins og að hámarka verðmæti þeirra, en einnig að annast innköllun til kröfuhafa í samræmi við 2. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Slitastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. var skipuð:

1. Hlyni Jónssyni, héraðsdómslögmanni;
2. Jóhanni Péturssyni, héraðsdómslögmanni;
3. Hildi Sólveigu Pétursdóttur, hæstaréttarlögmanni.

Við yfirtöku sparisjóðsins tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda sjóðsins. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtók skuldbindingar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis vegna innistæðna. Skyldu innistæður flytjast yfir miðað við stöðu þeirra og áunna vexti á yfirtökudegi. Bankinn yfirtók þó ekki innlánskuldbindingar sparisjóðsins sem stofnað hafði verið til með þeim hætti að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi eða öðru sambærilegu skuldaskjali hefði fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en á sama tíma stofnað til innláns hjá sjóðnum. Bankinn yfirtók heldur ekki peningamarkaðsinnlán frá fjármálafyrirtækjum sem kynnu að eiga innlán hjá sparisjóðnum.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins kom fram að stofnað skyldi sérstakt hlutafélag í eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sem tæki við öllum eignum félagsins og jafnframt öllum tryggingarréttindum, þar með talið öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengdust kröfum sjóðsins. Dótturfélagið skyldi einnig yfirtaka skuldbindingu gagnvart Nýja Kaupþingi banka hf. vegna yfirtöku hans á innistæðuskuldbindingum sjóðsins. Dótturfélagið skyldi gefa út skuldabréf til Nýja Kaupþings banka hf., sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innlánskuldbindingar, og ábyrgjast yfirteknar ábyrgðir. Til tryggingar skuldabréfinu skyldu allar eignir hins nýja dótturfélags veðsettar, sem og hlutabréf í dótturfélaginu. Tryggja skyldi að vextir skuldabréfsins myndu standa undir kostnaði og áhættu vegna þessa og að hagsmunir veðhafans væru tryggðir með viðeigandi skilmálum í tryggingar- og lánaskjölum.<sup>696</sup>

Í kjölfarið var hlutafélagið Drómi hf. stofnað 30. mars 2009. Í stjórn félagsins voru kosin:

1. Hlynur Jónsson, héraðsdómslögmaður;
2. Davíð Arnar Einarsson, löggiltur endurskoðandi;
3. Feldísi Lilja Óskarsdóttir, héraðsdómslögmaður;
4. Guðrún Torfhildur Gísladóttir, löggiltur endurskoðandi;
5. Jóhann Pétursson, héraðsdómslögmaður.<sup>697</sup>

Samkvæmt frétt Dróma hf. og slitastjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2. janúar 2014 náðust samningar milli slitastjórnar, Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf., Hildu ehf. og Arion banka um yfirtöku Eignasafnsins og Hildu á ákveðnum eignum og skuldum Dróma hf. og um uppgjör á kröfu Arion banka á hendur Dróma. Eiga samningarnir ekki að reyna á ábyrgð rikissjóðs.<sup>698</sup>

„Þá var þetta kynnt fyrir mér eins og næsta skref hlýti að vera að skilanefndin og Arion banki semji sín á milli um að eignasafnið fari á milli á einhverju matsverði. Það þurfti auðvitað að færa eignir á móti þessum innistæðum og þar með væri hlutverki skilanefndarinnar, eftir að þeim samningum væri náð, mjög lítið. Það gekk auðvitað ekki eftir og þessi skilanefnd fær eiginlega sjálfstætt líf.“

Skýrsla Gylfa Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. september 2013.

696. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., 21. mars 2009.

697. Í nóvember 2009 voru gerðar breytingar á stjórn Dróma hf. Í stað Davíðs, Feldísar og Guðrúnar komu ný inn í stjórn Hildur Sólveig Pétursdóttir, Þorsteinn Johnsen og Magnús Pálmason.

698. „Samningar um uppgjör á milli Dróma, Eignasafns Seðlabanka Íslands og Arion banka“, spon.is 2. janúar 2014, <http://spon.is/is/Frettirvidburdir/Nanar/samningarumuppgjoramillidromaeignasafnsseðlabankaislandsogarionbanka>.

## 17.9 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hefðu verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2009.

### 17.9.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis starfrækti eigin innri endurskoðunardeild frá árinu 2002 en áður hafði hagdeild sparisjóðsins sinnt verkefnum á sviði innri endurskoðunar.<sup>699</sup> Þegar sparisjóðurinn stækkaði var sett á stofn sérstök innri endurskoðunardeild en stjórnendur vildu að innri endurskoðun yrði aðgreind frá öðrum verkefnum og eftirlit aukið.<sup>700</sup> Hlutverk innri endurskoðunar var að leggja sjálfstætt og óháð mat á rekstur sparisjóðsins með það fyrir augum að bæta starfsemi.<sup>701</sup> Innri endurskoðunardeild annaðist einnig innri endurskoðun dótturfélaganna Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og Netbankans, síðar nb.is-sparisjóðs hf., ásamt innri endurskoðun á SPRON-Verðbréfum hf. samkvæmt samningi frá árinu 2006.<sup>702</sup> Stjórn og sparisjóðsstjóri skipulögðu innra eftirlit í sparisjóðnum og báru ábyrgð á því. Innra eftirlit var á höndum innri endurskoðanda.<sup>703</sup>

Forstöðumaður innri endurskoðunar frá stofnun deildarinnar var Þórir Haraldsson og heyrði hann undir stjórn í skipuriti. Frá árinu 2005 fékk forstöðumaðurinn aðstoð frá öðrum starfsmanni í hálfu stöðugildi við tiltekin verkefni. Forstöðumaðurinn skilaði skýrslu til stjórnar um verkefni sín tvisvar á ári og taldi að almennt hefði viðhorf stjórnar til starfa hans verið jákvætt. Í stjórnarformannstið Hildar Petersen fundaði forstöðumaðurinn með henni ársfjórðungslega og fór yfir helstu mál á ítarlegri hátt en gert var með stjórn. Var það gert að beiðni innri endurskoðanda.<sup>704</sup>

Árlega gerði innri endurskoðun endurskoðunaráætlun sem lögð var fyrir stjórn til samþykktar. Áætlunin var byggð á áhættumati forstöðumannsins en hann hitti einnig ytri endurskoðanda og samræmdu þeir úttektir sínar til að hindra tvíverknad. Engar ábendingar eða gagnrýni komu frá stjórn um áherslur innri endurskoðunar.<sup>705</sup> Við innri endurskoðun sparisjóðsins var tekið mið af alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun og Basel-reglum um innra eftirlit og innri endurskoðun.

Stjórnendur sparisjóðsins og dótturfélaga hans höfðu ekki framkvæmt skriflegt áhættumat fyrir sparisjóðinn og því byggði forstöðumaðurinn endurskoðunaráætlun sína á reynslu sinni af sparisjóðnum og fyrri úttektum. Hann kallaði eftir áhættumati frá framkvæmdastjórum og tók tillit til niðurstöðu þeirra í úttektum sínum. Þá átti hann í reglulegum samskiptum við forstöðumann áhættustýringar og gerði einu sinni úttekt á áhættustýringu. Innri endurskoðun skoðaði gögn um útlánaáhættu, lausafjárahættu og verðtryggingarjöfnuð, fór yfir verklag áhættustýringar og áreiðanleika gagna í kerfum áhættustýringar.

Á stjórnarfundi 25. febrúar 2008 greindi forstöðumaður innri endurskoðunar frá helstu áherslum deildarinnar. Lýsti stjórn sparisjóðsins yfir ánægju með skipulag starfsins. Forstöðumaður innri endurskoðunar taldi að fagleg nálgun við áhættustýringu í sparisjóðnum hefði verið nokkuð góð, en nauðsynlegt hefði verið að ráða fleiri starfsmenn á sviðið. Í skýrslum innri endurskoðunar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var ekki að finna sérstaka umfjöllun um eftirlitsumhverfi. Í lok október 2007 var skipuð endurskoðunarnefnd hjá sparisjóðnum, en innra eftirlit og áhættustýring komu ekki til umfjöllunar hjá nefndinni. Forstöðumaður innri endurskoðunar var ritari nefndarinnar. Þá var hann áheyrnarfulltrúi í ýmsum nefndum og starfshópum, meðal annars sat hann framkvæmdastjórnarfundi til að fylgjast með rekstri sparisjóðsins. Honum var ekki kunnugt um að til hefði verið yfirlit

699. Ársskýrsla SPRON 2007.

700. Skýrsla Þóris Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

701. Ársskýrsla SPRON 2007.

702. Rammamningur um innri endurskoðun milli SPRON og SPRON-Verðbréfa hf., 30. júní 2006.

703. Handbók áhættustýringar SPRON.

704. Skýrsla Þóris Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

705. Skýrsla Þóris Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

yfir helstu eftirlitsaðgerðir en taldi að innra eftirlit hefði verið í nokkuð góðu lagi og að almennar vinnureglur hefðu verið skráðar. Hann minntist þess ekki að mikið hefði verið um frávík frá þessum reglum en taldi að helstu veikleikar í innra eftirlits sjóðsins hefðu legið í eftirlitsþáttum og að þeir hefðu ekki stækkað í samræmi við vöxt sparisjóðsins. Þá hefði hann viljað skoða fjárfestingar sjóðsins betur.<sup>706</sup>

Í erindisbréfi stjórnar sparisjóðsins til forstöðumanns innri endurskoðunar kom fram að hann væri ábyrgður fyrir að þróa og viðhalda virku gæðaeftirliti sem tæki til allra þátta starfsemi innri endurskoðunar. Þá bar honum einnig að upplýsa stjórn um gæðaeftirlit með starfsemi deildarinnar. Að sögn forstöðumannsins var engin úttekt gerð á innri endurskoðunardeild sparisjóðsins. Engar athugasemdir voru gerðar í skýrslum ytri endurskoðanda á árunum 2002–2008.<sup>707</sup> Þá fyllyrta hann að Fjármálaeftirlitið hefði ekki gert athugasemd við starfsemi innri endurskoðunar sparisjóðsins,<sup>708</sup> en vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins 2007 tók ekki til innri endurskoðunar og gerði það þar af leiðandi ekki athugasemd við störf þeirrar deildar.

### 17.9.2 Áhættustýring

Samkvæmt 11. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 ber fjármálafyrirtækjum að upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu sína. Stjórnendur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hófu árið 2005 að birta umfjöllun um áhættustýringu í skýringum með ársreikningi. Áhættustýring Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis náði til allrar starfsemi sparisjóðsins, auk dótturfélaga SPRON-Verðbréfa hf., nb.is hf. og Frjálsa fjárfestingarbankans hf.<sup>709</sup>

Í umfjöllun um áhættustefnu sparisjóðsins segir í skýringu með ársreikningi 2007:

Áhættumat, einkum ákvörðun raungildis þess, ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálastofnana. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur SPRON. Það er stefna stjórnar SPRON að fylgjast skuli sífellt með og reynt að stýra helstu áhættuþáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé hans. Í þessum tilgangi rekur SPRON sérstaka áhættustýringardeild. Að auki er það hlutverk innri endurskoðanda SPRON að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnar SPRON.<sup>710</sup>

Áhættustefna sparisjóðsins var skilgreind í *Handbók Áhættustýringar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis*. Þar segir að markmið áhættustýringar sparisjóðsins skuli vera:

[...] að stefna að ásættanlegri afkomu sparisjóðsins á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum. Erfitt er að spá fyrir með vissu um mestu áhættuþætti reksturins, það er, vaxtaþróun, þróun gengis gjaldmiðla og verðbréfa og þróun afskrifta útlána. Því er nauðsynlegt að meta áhættuþættina og setja ákveðin viðmið sem vinna skal eftir í eigna- og skuldasýringu sparisjóðsins. Viðmið þessi eru skilgreind í viðauka handbókarinnar.

Forstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis bar ábyrgð á, í umboði stjórnar, að reglum um áhættustýringu innan sparisjóðsins væri fylgt. Honum bar að sjá til þess að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og mæla áhættuþætti í daglegri starfsemi, ásamt því að stýra áhættu sparisjóðsins. Hlutverk áhættustýringar var að gefa aðvaranir og ábendingar þegar áhætta nálgast sett viðmiðunarmörk og grípa til viðeigandi aðgerða.<sup>711</sup>

706. Skýrsla Þóris Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

707. Hvorki var umfjöllun um innra eftirlit né innri endurskoðun í skýrslum ytri endurskoðanda vegna árunna 2005, 2006 og 2007.

708. Skýrsla Þóris Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

709. Handbók áhættustýringar SPRON.

710. Ársreikningur samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007.

711. Handbók Áhættustýringar SPRON.

Hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var starfandi áhættustýringarhópur sem samanstóð af forstjóra og fimm lykilstarfsmönnum sparisjóðsins.<sup>712</sup> Hópnunum bar að fylgja ákvörðun stjórnar um markmið hvað varðaði áhættu og áhættustefnu.<sup>713</sup> Hlutverk áhættustýringarhóps var að móta, skrá og framfylgja stefnu varðandi heildaráhættu hverju sinni, ásamt því að leggja mat á árangur settrar stefnu. Hann skyldi koma á fót eftirlitskerfi og ferli við mat á áhættu, auk þess að ákvarða hámarksáhættustig sparisjóðsins hverju sinni. Þá átti hópurinn að meta lausafjárþörf sparisjóðsins sem og möguleika sparisjóðsins á lausu fé á hverjum tíma. Hópnunum bar að sjá til þess að innviðir sparisjóðsins myndu styðja við þau markmið sem sett höfðu verið til stýringar áhættu og uppfæra stjórn með reglulegu millibili um áhættutöku. Þá skyldi reglulega yfirfara sett viðmið og mörk áhættuþátta.<sup>714</sup>

Áhættustýringarhópnunum bar að setja sér skriflegar vinnureglur og ákvarðanir og fundargerðir hópsins áttu að vera rafrænar. Hópurinn fundaði að jafnaði vikulega og tók forstöðumaður áhættu- og útlánasviðs saman gögn fyrir fundi og ritaðir stuttar fundargerðir.<sup>715</sup> Hópurinn átti að vera meðvitaður um afkomu sparisjóðsins á hverjum tíma og skyldi, við ákvarðanir sínar, bera saman raunverulega rekstrarniðurstöðu á hverjum tíma við áætlanir. Áhættustýringarhópurinn átti að útbúa skriflega fjárfestingastefnu og lánastefnu ásamt viðmiðunarmörkum um áhættu og yfirfara þessi gögn reglulega. Viðmiðunarmörkin skyldi endurskoða reglulega og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.<sup>716</sup>

Áhættuþættir samkvæmt *Handbók Áhættustýringar SPRON*:

- Viðskiptaáhætta
- Markaðsáhætta
- Útlánaáhætta
- Lausafjáráhætta
- Rekstraráhætta
- Atburðaáhætta
- Laga- og regluáhætta
- Ímyndaráhætta
- Hamfaraáhætta
- Stjórnmalaleg áhætta
- Starfsgreinaáhætta
- Afurðaáhætta
- Hagræn áhætta
- Tækniáhætta

Í *Handbók Áhættustýringar SPRON* voru áhættuþættir flokkaðir líkt og sjá má hér til hliðar. Í handbókinni var markaðsáhætta talin einn af helstu áhættuþáttum í rekstri sparisjóðsins. Þar var einnig umfjöllun um útlánaáhættu, helstu útlánamarkmið, hvers bæri að gæta í tengslum við útlán sparisjóðsins og eftirlit með útlánaáhættu. Í viðauka með handbókinni voru sett viðmið til stýringar á markaðsáhættu og útlánaáhættu og virðast þessir tveir áhættuþættir því hafa verið álitnir mikilvægustu áhættuþættir sparisjóðsins.

Daglegt eftirlit áhættustýringar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var á ábyrgð forstöðumanns áhættustýringardeildar. Forstöðumaður áhættustýringardeildarinnar var jafnframt forstöðumaður útlánastýringar og gegndi einnig stöðu regluvarðar. Hlutverk áhættustýringar var að fylgjast með og stýra áhættu sparisjóðsins ásamt því að sjá til þess að videigandi vörnum yrði komið við á hverjum tíma. Þá skyldi áhættustýring gefa aðvaranir og ábendingar þegar áhætta nálgadist sett viðmiðunarmörk og grípa þá til videigandi aðgerða.<sup>717</sup>

Forstöðumaður áhættustýringar frá árinu 2004 var Páll Árnason. Hann sat einnig í lánanefnd og í áhættustýringarhópi ásamt lykilstjórnendum og sparisjóðsstjóra. Forstöðumaðurinn leit á þessa aðila sem yfirmenn. Hlutverk hans í lánanefndinni var að benda á mál sem hann taldi að þyrfti að skoða betur og kalla eftir frekari gögnum. Á fundum lánanefndar hafði hann atkvæðisrétt og voru öll mál samþykkt samhljóða og rak forstöðumanninn ekki minni til þess að upp hefði komið ágreiningur í nefndinni. Í einhverjum tilfellum kom hann með ábendingu um að mál þyrftu að fara fyrir stjórn og ekki mætti afgreiða þau í lánanefnd þar sem útlán væru umfram útlánaheimildir sparisjóðsstjóra. Fundargerðir lánanefndarinnar voru stuttar og bókað var hvort erindi væri samþykkt eða hafnað. Forstöðumaðurinn kom þó ekki að öllum málum, til dæmis ekki stórum málum eins og sölu á eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf. Áhættustýring var færð undir fjárhagssvið sparisjóðsins á árinu 2008.<sup>718</sup>

Starfsreynsla forstöðumanns áhættustýringar var að mestu úr fjárfestingarbankastarfsemi og mótaðist starf hans í áhættustýringunni af þeirri reynslu. Áhættustýring sinni fyrst og fremst eftirliti með markaðsáhættu. Vöktun útlána- og vaxtaáhættu var hjá innri

712. Í september 2008 voru Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri, Ólafur Haraldsson aðstoðarsparisjóðsstjóri, Ósvaldur Knúsen framkvæmdastjóri fjárfestingar, Jón Hallur Pétursson framkvæmdastjóri SPRON-Verðbréfa hf., Kristinn Björnsson framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og Páll Árnason forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar í áhættustýringarhóp sparisjóðsins.

713. Ársskýrsla SPRON 2007.

714. Handbók Áhættustýringar SPRON.

715. Skýrsla Páls Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

716. Handbók Áhættustýringar SPRON.

717. Handbók Áhættustýringar SPRON. Nánar er fjallað um hlutverk áhættustýringar í kafla 17.2.3.

718. Skýrsla Páls Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.



endurskoðun en forstöðumaður hennar tók reglulega saman skýrslur um útlán og lagði fyrir stjórnarfund. Fjárstýring sá um vöktun á lausafjárstýringu, gjaldeyrisjöfnuði og verðtryggingarjöfnuði. Áhættustýring safnaði saman upplýsingum í skýrslur sem lagðar voru fyrir fund áhættustýringarhópsins og ritaði jafnframt fundargerðir. Mánuðina fyrir fall sparisjóðsins jók Fjármálaeftirlitið eftirlit með veðköllum og var áhættustýring í miklum samskiptum við Fjármálaeftirlitið vegna þessa.<sup>719</sup>

Í skýrslu Páls fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að hann myndi ekki til þess að hafa fengið athugasemdir um starfsemi áhættustýringar en taldi að Fjármálaeftirlitið hefði viljað efla áhættustýringuna með auknum mannskap. Auk forstöðumanns hafði áhættustýringin lengst af einungis á að skipa einum starfsmanni sem hafði það hlutverk að leiðbeina starfsmönnum útibúa um verkferla og fleira. Rétt fyrir fall sparisjóðsins bættust við tveir starfsmenn í hluta verkefna áhættustýringar þótt þeir heyrðu formlega undir fjárhagssviðið. Skýrslugjöf forstöðumanns fólst fyrst og fremst í samantekt fyrir vikulega fundi áhættustýringarhópsins. Verksvið áhættustýringar náði til allrar samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis en sjónum var aðallega beint að áhættustýringu móðurfélagsins. Þó var horft til útlánaáhættu í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. og þá sérstaklega eftir að bankinn byrjaði að veita lán í erlendum myntum.<sup>720</sup>


Forstöðumaður áhættustýringar mundi ekki eftir því hvort skriflegt áhættumat fyrir sparisjóðinn hefði legið fyrir, nema þá í tengslum við ársskýrslu og í útboðslýsingu þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var skráður á markað. Hann taldi helstu veikleika eftirlitskerfisins tengjast eftirliti með tryggingum útlána og þróun þeirra. Töluverð vinna hefði verið að ná skýrslum um stöðu útlána og tryggingastöðu þeirra úr kerfum sparisjóðsins. Eftir fall sparisjóðsins hefðu einnig komið í ljós veikleikar í skjalagerð og væru dæmi um að fella þyrfti niður ábyrgðir þar sem ekki hefði verið gert greiðslumat. Helsti einstaki áhættuþáttur sparisjóðsins var eignarhlutur í Exista hf. og í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Taldi forstöðumaðurinn að sú áhætta hefði verið tekin meðvitað. Eignarhlutur sparisjóðsins í þessum félögum fór fram úr áhættuviðmiði en fyrir því lá stjórnarsamþykkt. Áhættustýring gerði enga sérstaka úttekt á þessum þætti, umfram reglulega skýrslugjöf til áhættustýringarhóps. Fjárfestingum sparisjóðsins var stýrt af SPRON-Verðbréfum hf. Forstöðumaður áhættustýringar fylgdist með þróun verðbréfasafna og gerði athugasemdir við sjóðstjóra ef hann var kominn út fyrir heimildir sínar.<sup>721</sup>

719. Skýrsla Páls Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

720. Skýrsla Páls Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

721. Skýrsla Páls Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

## 18. Byr sparisjóður



## 18. BYR SPARISJÓÐUR

Byr sparísjóður varð formlega til við sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Sameiningin var samþykkt á aðalfundum beggja sparísjóðanna 1. desember 2006 en reikningshaldslegur samruni miðaðist við 30. apríl 2006. Vægi stofnfjár frá Sparisjóði vélstjóra á móti stofnfé frá Sparisjóði Hafnarfjarðar var ákveðið 63% á móti 37%. Stofnfé hins sameinaða sjóðs nam um 231 milljón króna, stofnfjáreigendur voru 547 talsins og átti enginn þeirra meira en 10% eignarhlut.<sup>1</sup> Samruninn varð með þeim hætti að Sparisjóður Hafnarfjarðar rann saman við Sparisjóð vélstjóra. Á stjórnarfundi í sameinuðum sparísjóði 7. febrúar 2007 kom fram tillaga um að sjóðurinn tæki upp nafnið Byr sparísjóður. Nafnið var samþykkt á næsta stjórnarfundi, 19. febrúar, og tilkynnt um það opinberlega 3. mars 2007. Á aðalfundi sparísjóðsins 13. mars 2007 var l. grein samþykktá sparísjóðsins breytt til samræmis við þetta. „Nafnið er komið úr sjómannamáli; að fá byr í seglin. Það er jákvætt í eðli sínu. Hugmynd er sögð fá góðan byr þegar henni er vel tekið. Byr er sá sem hreyfir eitthvað áfram.“<sup>2</sup>

Hinn 14. nóvember 2007 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðs Kópavogs og Byrs sparísjóðs, en í reikningsskilum var samruninn miðaður við 1. nóvember 2007. Loks rann Sparisjóður Norðlendinga saman við Byr sparísjóð á árinu 2008. Þann samruna samþykkti Fjármálaeftirlitið 19. mars 2008 en í reikningsskilum var miðað við 1. apríl sama ár.

Sparisjóður vélstjóra hóf starfsemi sína 11. nóvember 1961 að frumkvæði stjórnar Vélstjórafélags Íslands. Fyrst var hann í sambýli við Vélstjórafélagið að Bárugötu 11. Fyrsta stjórnin var skipuð þeim Gísla Jónssyni alþingismanni sem var formaður og kjörinn af borgarstjórn Reykjavíkur, Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Jónínu Loftsdóttur sem bæði voru kjörin af ábyrgðarmönnum. Tómas Guðjónsson, féhirðir Vélstjórafélagsins, var ráðinn til að gegna stöðu forstöðumanns sparísjóðsins. Árið 1964 tók Kristján Steinsson við og fékk titilinn sparísjóðsstjóri og gegndi því starfi í eitt ár. Hallgrímur G. Jónsson sem hafði starfað frá 1963 hjá sparísjóðnum varð sparísjóðsstjóri 1965 og gegndi því starfi til 30. júní 2004 en þá tók Ragnar Z. Guðjónsson við stöðu hans. Ragnar varð síðar annar tveggja sparísjóðsstjóra Byrs sparísjóðs. Sparisjóður vélstjóra flutti árið 1971 í Hátún 4a sem var sérstaklega innréttað fyrir sparísjóðinn. Þaðan flutti hann svo árið 1977 í nýbyggt húsnæði að Borgartúni 18 þar sem höfuðstöðvar Byrs sparísjóðs urðu síðar og þar til yfir lauk. Sparisjóður vélstjóra starfrækti útibú í Síðumúla 1 í Reykjavík frá 1986 og árið 1991 var opnuð afgreiðsla í Rofabæ 39 í Árbæjarhverfi. Árið 2002 var afgreiðslan flutt og útibú opnað að Hraunbæ 119 og sama ár var opnuð ný afgreiðsla í húsi Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls. Sparisjóðurinn var sem fyrr sagði stofnaður af vélstjórum og fleiri úr sjómannastétt og voru stofnfjárhafar upphaflega um 350. Við sameininguna við Sparisjóð Hafnarfjarðar 2006 voru stofnfjárhafar tæplega 700 einstaklingar og félög.<sup>3</sup>

Sparisjóður Hafnarfjarðar var stofnaður 22. desember 1902. Hann átti sér þó forvera í Sparisjóði Álftaneshrepps sem stofnaður var 1875 í Hafnarfirði en bar frá 1884 nafnið Sparisjóður í Hafnarfirði. Starfsemin lá niðri árin 1900 og 1901, en 1902 tók hinn nýstofnaði Sparisjóður Hafnarfjarðar við inn- og útlánum þess fyrrnefnda. Í fyrstu stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar sátu Páll Einarsson sýslumaður sem formaður, Jón Gunnarsson verslunarstjóri sem var skrifari og Jóhannes Sigfússon kennari sem var gjaldkeri, en hann var jafnframt fyrsti forstöðumaður sparísjóðsins. Síðar gegndu Jón Gunnarsson, Guðmundur Helgason, Ólafur Böðvarsson, Matthías Á. Mathiesen og Guðmundur Guðmundsson starfi sparísjóðsstjóra. Árið 1981 var Þór Gunnarsson ráðinn sparísjóðsstjóri við hlið Guðmundar Guðmundssonar og gegndi hann starfinu til 2004. Guðmundur Örn Hauksson og Jónas Reynisson voru sparísjóðsstjórar við hlið Þórs um skamma hríð.<sup>4</sup> Þegar Þór lét af starfi tók Björn Ingi Sveinsson við, en gegndi starfinu aðeins um nokkurra mánaða skeið. Síðasti

1. Ársreikningur Byrs sparísjóðs 2006.

2. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs vélstjóra, 13. mars 2007.

3. Lýsing Byrs sparísjóðs, útboðslýsing vegna útgáfu nýs stofnfjár hjá Byr sparísjóði, 31. ágúst 2007; Sigurdór Sigurdórsson, „Sparisjóður vélstjóra í aldarfjórðung: Ágrip af sögu sparísjóðsins“, *Sjómannablaðið Víkingur*, 11.–12. tbl. 48. árg. (1986), bls. 24–27.

4. Matthías Á. Mathiesen, „Sparisjóður Hafnarfjarðar hundrað ára“, *Morgunblaðið* 22. desember 2002.

sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar var Magnús Ægir Magnússon, sem síðan varð annar tveggja sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs. Allt fram til ársins 1929 var sparisjóðurinn starfræktur á heimili forstöðumanns sjóðsins hverju sinni, en þá fluttist hann í leiguhúsnæði að Austurgötu 37 í Hafnarfirði. Þremur árum síðar fluttist sjóðurinn í hús Jóns Mathiesens við Strandgötu 4 og þar var hann starfræktur um tólf ára skeið. Ráðhús Hafnarfjarðarbæjar hósti sparisjóðinn frá 1944 til 1964, en þá flutti hann í eigið húsnæði að Strandgötu 8–10 þar sem höfuðstöðvar hans voru alla tíð síðan. Sparisjóður Hafnarfjarðar starfrækti þrjú útibú. Hið fyrsta var opnað árið 1979 að Reykjavíkurvegi 66 í Hafnarfirði en síðar voru útibú opnuð við Garðatorg í Garðabæ og í versluninni Fjarðarkaupum í Hafnarfirði. Auk þessa rak sparisjóðurinn afgreiðslu í Kringlunni í Reykjavík og bauð þar upp á netbankajónustuna S24, og þar var einnig til húsa verðbréfabjónusta sparisjóðsins, SPH Verðbréfasjóðurinn hf.<sup>5</sup> Í ársbyrjun 2005 voru stofnfjáreigendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar 47 talsins og hafði sú tala lítið breyst um árabíl, en í lok ársins voru þeir aðeins 31 talsins, eftir miklar sviptingar í hópi stofnfjáreigenda á árinu.

Sparisjóður Kópavogs var stofnaður 4. desember 1954 af 30 ábyrgðarmönnum sem hver um sig lagði fram 2 þúsund krónur og ábyrgðist að auki sömu fjárhæð. Rekstur sparisjóðsins hófst þó ekki fyrr en 20. mars árið 1956. Í samþykktum Sparisjóðs Kópavogs var engin yfirlýsing um tilgang eða markmið sparisjóðsins. Strax í upphafi rekstrar sparisjóðsins var sú stefna mörkuð að Kópavogsbúar gengju fyrir um lánaþyrngreiðslu. Utanbæjarmenn gátu þó fengið lán ef þeir stofnuðu til innleggs á móti.<sup>6</sup> Sjóðurinn óx úr grasi með hinum ört stækkandi Kópavogsbæ sem fékk kaupstaðarréttindi 1955. Þegar hann sameinaðist Byr sparisjóði 14. nóvember 2007 var hann orðinn fimmti stærsti sparisjóður landsins, með heildareignir upp á 21 milljarð króna í árslok 2006. Fyrsta stjórn Sparisjóðs Kópavogs var þannig skipuð: Baldur Jónsson formaður, Jósafat J. Línal og Jón Gauti Jónatansson, kjörnir af ábyrgðarmönnum, og Guðmundur Gíslason skipaður af sýslunefnd. Fyrstur til að gegna starfi sparisjóðsstjóra var Hrólfur Ásvaldsson. Aðrir sem gegndu því voru Jósafat J. Línal, Ólafur Stefán Sigurðsson, Halldór J. Árnason og Carl H. Erlingsson sem var sparisjóðsstjóri frá 2002 til sameiningar sparisjóðsins við Byr. Fyrstu starfsárin var starfsemi sparisjóðsins hýst í tveimur kjallaraherbergjum við Skjólbraut 6, en sumarið 1965 flutti sjóðurinn í nýbyggt eigið húsnæði við Digranesveg 10. Þar voru höfuðstöðvarnar til húsa þangað til flutt var í nýbyggt húsnæði að Hlíðarsmára 18 í apríl 1999. Um haustið 2006 keypti sparisjóðurinn byggingu í smíðum að Digranesvegi 1 og var ætlunin að höfuðstöðvarnar flyttust þangað. Til þess kom þó ekki því sjóðurinn sameinaðist Byr sparisjóði í nóvember 2007, en hins vegar opnaði Byr sparisjóður útibú í húsinu 6. júní 2008. Þá starfrækti Sparisjóður Kópavogs útibú að Engihjalla 8 um sextán ára skeið. Í árslok 2006 voru stofnfjáreigendur í sparisjóðnum 524 talsins og nam stofnfé 418 milljónum króna. Enginn stofnfjáreigandi átti þá 5% stofnfjár eða meira.<sup>7</sup>

Sparisjóður Norðlendinga var stofnaður í júní 1997 með samruna Sparisjóðs Akureyrar og Arnarneshrepps og Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps. Þessir forverar hans áttu sér báðir langa sögu.

Sparisjóður Arnarneshrepps var stofnaður árið 1884 og var starfræktur til 1987 er hann sameinaðist Sparisjóði Akureyrar (hinum síðari) og tóku þeir þá upp nafnið Sparisjóður Akureyrar og Arnarneshrepps. Sparisjóður Glæsibæjarhrepps var stofnaður 1908. Allt fram til ársins 1955 var afgreiðsla hans hjá gjaldkera hans hverju sinni en þá fluttist afgreiðslan til Akureyrar í eigið húsnæði.

Sparisjóður Akureyrar (hinn síðari) var stofnaður í ársbyrjun 1931 að frumkvæði Iðnaðarmannafélags Akureyrar og Verslunarmannafélags Akureyrar, þegar fyrirsjáanlegt var að starfsemi Útvegsbanka (áður Íslandsbanka) á Akureyri yrði lögð niður. Þegar Íslandsbanki tók til starfa árið 1904 opnaði hann strax útibú „í hinum stærri kauptúnum Íslands“, þar á meðal á Akureyri. Við opnun þess runnu tveir sparisjóðir á svæðinu inn í útibú Íslandsbanka, en það voru Sparisjóður Akureyrar (hinn fyrri) sem stofnaður var 1884 og

5. Lýsing Byrs sparisjóðs, útboðslýsing vegna útgáfu nýs stofnfjár hjá Byr sparisjóði, 31. ágúst 2007.


6. Fundargerð aðalfundar ábyrgðarmanna í Sparisjóði Kópavogs, 30. apríl 1959.

7. Valþór Hlöðversson, *Sparisjóður Kópavogs: Hálfur aldar saga í máli og myndum*, Kópavogi 2008.

Sparisjóður Norðuramtsins sem stofnaður hafði verið 1898. Varasjóður þess síðarnefnda rann síðar til Sparisjóðs Akureyrar (hins síðari) þegar hann var stofnaður 1931 og þegar útibúi Útvegsbankans á Akureyri var lokað.

Sparisjóður Akureyrar tók formlega til starfa 1932 í afgreiðslustofu að Hafnarstræti 107. Síðar fluttist starfsemin að Ráðhústorgi 9 og þar næst að Brekkugötu 1. Þar var sparisjóðurinn til húsa þangað til hann fluttist að Skipagötu 9, þar sem útibú Byrs sparisjóðs var svo síðar til húsa. Fyrsti forstöðumaður Sparisjóðs Akureyrar var Júlíus Sigurðsson. Við starfi hans tók Jón Guðlaugsson og gegndi því í rúma tvo áratugi. Á eftir honum var Sverrir Ragnars sparisjóðsstjóri í nærri þrjá áratugi. Helga Steindórsdóttir varð sparisjóðsstjóri þegar Sparisjóður Akureyrar og Sparisjóður Arnarneshrepps voru sameinaðir 1987. Jón Björnsson var ráðinn sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga við sameiningu sparisjóðanna í september 1997 og gegndi starfinu til nóvember 2005 er Örn Arnar Óskarsson tók við því, en hann var jafnframt síðasti sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga. Þegar sjóðurinn sameinaðist Byr sparisjóði snemma árs 2008 var hann fimmti stærsti sparisjóður landsins með heildareignir upp á 18,3 milljarða króna. Stofnfé í árslok 2007 nam 2,9 milljörðum króna eftir nýafstaðna 2,7 milljarða króna stofnfjárukningu. Stofnfjáreigendur voru þá 135 og hafði fjölgað um 45 við stofnfjárukninguna.<sup>8</sup>

Mynd 1. Stjórnir í Byr sparisjóði og þeim sparisjóðum sem sameinuðust honum.<sup>9</sup>



Höfuðstöðvar Byrs sparisjóðs voru að Borgartúni 18 í Reykjavík sem áður hýsti Sparisjóð vélstjóra, en þar var jafnframt starfrækt útibú. Sjóðurinn starfrækti sex önnur útibú, að Síðumúla 1 og Hraunbæ 119 í Reykjavík, að Standgötu 8–10 í Hafnarfirði, við Garðatorg í Garðabæ, að Digranesvegi 1 í Kópavogi og að Skipagötu 9 á Akureyri.

Byr sparisjóður hafði það hlutverk „að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002“ samkvæmt 3. gr. samþykktu sparisjóðsins frá 13. mars 2007. Margir aðrir sparisjóðir höfðu hlutverk sitt skilgreint með sambærilegum hætti. Við stofnun Byrs voru ráðnir tveir sparisjóðsstjórar, annars vegar Ragnar Z. Guðjónsson, sem gegnt hafði stöðu sparisjóðsstjóra hjá Sparisjóði vélstjóra frá 2004, og hins vegar Magnús Ægir Magnússon, sem gegnt hafði stöðu sparisjóðsstjóra hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar frá 2005. Samstarfi þeirra lauk í nóvember 2008 þegar Magnús Ægir lét af störfum.

8. Lýsing Sparisjóðs Norðlendinga, 28. nóvember 2007.

9. Ársreikningar Sparisjóðs Hafnarfjarðar; ársreikningar Sparisjóðs Norðlendinga; ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra; ársreikningar Sparisjóðs Kópavogs.

Ragnar gegndi stöðu sparisjóðsstjóra þar til í nóvember 2009, en þá fékk hann tímabundið leyfi frá störfum að eigin ósk, þar sem hann hafði hlotið réttarstöðu grunaðs manns eftir húsleit sérstaks saksóknara hjá sparisjóðnum í tengslum við rannsókn embættisins á svonefndu „Exeter-máli“. Í kjölfarið var Jón Finnbogason ráðinn tímabundið í stöðuna til áramóta 2009. Hinn 13. janúar 2010 var tilkynnt að stjórn sjóðsins hefði ákveðið að framlengja ráðningu Jóns Finnbogasonar til 30. júní 2010 auk þess sem fram kom að Ragnar Z. Guðjónsson hefði sagt upp störfum og að stjórnin hefði ekki gert við hann sérstakan starfslokasamning.<sup>10</sup> Jón Finnbogason gegndi stöðu sparisjóðsstjóra til 22. apríl 2010 og í framhaldinu stöðu forstjóra Byrs hf. þar til kaup Íslandsbanka á Byr hf. gengu í gegn í júlí 2011.

Stjórn sparisjóðsins var skipuð fimm mönnum. Nokkuð var um mannabreytingar og einungis þrjú stjórnarmenn sátu tvö tímabil eða lengur. Þeir voru Jón Þorsteinn Jónsson, sem var stjórnarformaður sparisjóðsins frá upphafi, og Egill Ágústsson og Magnús Ármann, sem báðir sátu í stjórn frá aðalfundi 13. mars 2007 til aðalfundar 9. maí 2008. Jón Þorsteinn Jónsson, sem áður hafði gegnt stöðu stjórnarformanns Sparisjóðs vélstjóra frá árinu 2004 og setið þar í stjórn frá 2001, var stjórnarformaður Byrs sparisjóðs fram til 4. mars 2009 þegar hann sagði sig frá stjórnarstörfum fram að næsta aðalfundi. Ekki kom til þess að hann tæki sæti að nýju í stjórn sparisjóðsins og í nóvember 2009 hlaut hann réttarstöðu grunaðs manns vegna rannsóknar embættis sérstaks saksóknara í áður nefndu Exeter-máli. Jón Kr. Sólnes tók þá við stjórnarformennsku.

Byr sparisjóður var við stofnun annar stærsti sparisjóður landsins. Í árslok 2006 námu eignir hans 22% af samanlögðum eignum allra sparisjóða í landinu og í lok árs 2007 voru þær um 30% af heildareign allra sparisjóða. Eigið fé hans í árslok 2007 nam rúmlega 53 milljörðum króna og eiginfjárlutfallið var 40,2% á sama tíma, og var það langhæsta frá aldamótum að minnsta kosti. Skýringin á því lá fyrst og fremst í 26,3 milljarða króna stofnfjárukningu í desember 2007, þeirri mestu í sparisjóðakerfinu. Jafngildi helmings þessarar stofnfjárukningar var svo varið til greiðslu arðs til stofnfjáreigenda þremur mánuðum síðar. Staða sparisjóðsins veiktist verulega á haustmánuðum 2008 og var eiginfjárlutfallið í árslok 2008 8,3%, eða rétt yfir hinu lögbundna lágmarki.

Aðalfundur sparisjóðsins sem haldinn var 13. maí 2009 var sögulegur og fékk mikla athygli í fjölmiðlum. Þá var boðinn fram listi á móti framboði sitjandi stjórnar. Kosning fór þannig að listi sitjandi stjórnar hélt meiri hluta með 48,7% atkvæða á móti 46,1%. Móttframboðið fékk þannig tvo stjórnarmenn af fimm. Mikið sundurlyndi ríkti í stjórn sparisjóðsins eftir þetta og dró minni hlutinn ýmislegt upp á yfirborðið sem hann taldi hafa farið úrskaiðis í starfsemi sparisjóðsins. Byr sparisjóður fór ekki varhluta af áhrifum falls viðskiptabankanna þriggja í október 2008 og hlutirnir snerust hratt til verri vegar: skuldir hækkuðu og eignir lækkuðu verulega. Stærsta verkefni nýju stjórnarinnar varð fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðsins, sem nánar er fjallað um síðar. Erfiðleikar í starfsemi sparisjóðsins leiddu til þess að Fjármálaeftirlitið skipaði 3. júní 2009 Evu B. Helgadóttur lögmann sem sérfræðing er yrði tilsjónarmaður Fjármálaeftirlitsins með starfsemi Byrs sparisjóðs.<sup>11</sup>

Byr sparisjóður tapaði 16,5 milljörðum króna á fyrri hluta árs 2009.<sup>12</sup> Heildartap sjóðsins árið 2009 nam 38,8 milljörðum króna. Þar af nam virðisrýrnun útlána 38,2 milljörðum króna.<sup>13</sup> Í lok ársins var eigið fé sjóðsins orðið neikvætt um 22,6 milljarða króna og eiginfjárlutfallið neikvætt um 18,5%. Á sama tíma nam stofnfé um 30,6 milljörðum króna og skiptist á 1.523 stofnfjáraðila.<sup>14</sup> Umleitningar til fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóðsins á fyrri hluta árs 2010 báru ekki árangur og á síðasta stjórnarfundi í Byr sparisjóði var samþykkt að fela sparisjóðsstjóra að óska eftir því við Fjármálaeftirlitið að það tæki við ráðum í sjóðnum.<sup>15</sup> Samdægurs tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar Byrs

10. „Nýr sparisjóðsstjóri Byrs“, vefsíða Landsbankans 13. janúar 2010, <http://www.landsbankinn.is/markadir/frettir/?NewsID=363922&p=70>.

11. Minnisblað Fjármálaeftirlitsins um sérstaka eftirlitsmenn í sparisjóðum og Icebank hf., 21. febrúar 2012.

12. Árshlutareikningur Byrs sparisjóðs 30. júní 2009.

13. Samstæðuársreikningur Byrs sparisjóðs 2009.

14. Samstæðuársreikningur Byrs sparisjóðs 2009.

15. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs 22. apríl 2010.

sparísjóðs. Stjórn sjóðsins var um leið vísað frá í heild sinni og bráðabirgðastjórn skipuð. Í bráðbirgðastjórninni sátu Eva B. Helgadóttir hæstaréttarlögmaður, Ágúst Kristinnsson löggiltur endurskoðandi og Árni Ármann Árnason hæstaréttarlögmaður. Jafnframt var stofnað nýtt hlutafélag, Byr hf., og allar eignir sparísjóðsins færðar þangað.<sup>16</sup> Sjá nánari umfjöllun hér aftar.

## 18.1 Ársreikningar Sparísjóðs vélstjóra og Byrs sparísjóðs frá 2001 til 2009

Hér verður farið yfir rekstrarreikninga og efnahagsreikninga Sparísjóðs vélstjóra og síðar Byrs sparísjóðs, helstu liði þeirra og kennitölur, á árunum 2001 til 2009. Svo sem fram hefur komið sameinaðist Sparísjóður Hafnarfjarðar Sparísjóði vélstjóra á árinu 2006. Reikningshaldslegur samruni miðaðist við 30. apríl 2006 þótt formleg sameining hafi ekki átt sér stað fyrr en 1. desember. Til að byrja með starfaði hinn sameinaði sjóður undir nafni Sparísjóðs vélstjóra þar til hann fékk nýtt nafn í byrjun mars 2007. Vegna þessara óljósu marka verður því litið svo á í þessari umfjöllun um ársreikningana að starfsemi Byrs sparísjóðs hafi verið framlenging á starfsemi Sparísjóðs vélstjóra. Þrír sparísjóðir sameinuðust honum og reikningshaldslegur samruni miðaðist við eftirfarandi dagsetningar: Sparísjóður Hafnarfjarðar frá 30. apríl 2006, Sparísjóður Kópavogs frá 31. október 2007 og Sparísjóður Norðlendinga frá 1. apríl 2008. Umfjöllunin tekur mið af samstæðureikningi félagsins nema annað sé tekið fram. Rétt er að geta þess að ársreikningur fyrir árið 2009 var staðfestur og áritaður af slitastjórn sparísjóðsins 29. nóvember 2010, en ekki áritaður af endurskoðanda. Í umfjöllun í skýrslunni er miðað við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.<sup>17</sup>

Ársreikningurinn fyrir 2006 var gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Við innleiðingu þeirra hjá hinum sameinaða sparísjóði var, svo sem skylt var, saminn upphafsefnahagsreikningur miðaður við 1. janúar 2006 þannig að samanburðarfjárhæðir við fyrra ár yrðu metnar og fram settar með réttum hætti í efnahagsreikningi 31. desember 2006. Breytingarnar frá fyrri reikningskilaaðferðum yfir í IFRS þýddu það að eigið fé 31. desember 2005, samkvæmt ársreikningi 2005, hækkaði um 92,1 milljón króna í upphafsefnahagsreikningi 1. janúar 2006. Hækkunin skýrðist fyrst og fremst af breytingu á virðisrýrnun útlána og breyttri meðferð lántökugjalda í bókhaldi.

Ekki lágu fyrir reikningskil sparísjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar 2010 til 22. apríl 2010 sem leiðir til þess að engar upplýsingar eru til staðar um afkomu sparísjóðsins síðasta rúma ársfjórðunginn fyrir fall hans. Hins vegar voru allar eignir sparísjóðsins fluttar til Byrs hf. og samkvæmt ársreikningi Byrs hf. nam hagnaður nýja fjármálafyrirtækisins fyrir tímabilið 23. apríl 2010 til 31. desember 2010 ríflega 1,1 milljarði króna.

### 18.1.1 Rekstrarreikningur

Hér verður fyrst gerð grein fyrir hver áhrifin af framangreindum sameiningum höfðu á rekstur Byrs sparísjóðs, en þau eru sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Árleg afkoma Sparísjóðs vélstjóra og Byrs sparísjóðs 2001–2009 og þeirra sparísjóða sem sameinuðust honum.<sup>18</sup>

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sparísjóður vélstjóra > Byr sparísjóður	418.029	703.030	582.637	682.559	1.123.597	2.676.299	7.929.115	(28.881.415)	(38.824.528)
Sparísjóður Hafnarfjarðar	108.416	56.979	185.320	319.391	703.887	Vantar 4 mán.	•	•	•
Sparísjóður Kópavogs	(90.702)	27.101	(8.299)	134.479	238.459	511.397	697.610	< til 31. okt.	•
Sparísjóður Norðlendinga	(122.301)	80.435	57.582	126.450	186.478	185.968	559.624	Vantar 3 mán.	•

16. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Byrs sparísjóðs, kt. 610269-2229, til Byrs hf., kt. 620410-0200, 22. apríl 2010.

17. Nánar er fjallað um meðhöndlun ársreikninga og reikningskilareglur í 8. kafli.

18. Samkvæmt ársreikningum viðkomandi sparísjóða.

Rekstur Byrs sparisjóðs skilaði hagnaði upp á tæpa 2,7 milljarða króna á fyrsta rekstrarári sjóðsins. Hagnaður jókst verulega á árinu 2007 og þar vó gengishagnaður af fjáreignum þungt. Aðrar rekstrartekjur voru einnig umtalsverðar, eða nær 4,3 milljörðum króna, fyrst og fremst söluhagnaður af eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf. Á árunum 2008 og 2009 varð síðan verulegt tap á rekstri sparisjóðsins. Tapið mátti einna helst rekja til gengistaps af fjáreignum og umtalsverðs framlags í afskriftareikning vegna virðisrýrnunar útlána.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs fyrir árin 2001–2009.<sup>19</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Hreinar vaxtatekjur	844.404	976.376	761.060	865.398	914.973	1.787.738	2.703.291	7.349.150	2.807.330
Hreinar þjónustutekjur	172.305	185.371	186.938	167.692	174.596	678.172	553.746	1.140.160	1.399.180
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	55.922	34.978	312.482	321.396	621.436	2.207.479	492.534	(2.235.474)	109.659
Gengishagnaður (-tap) af fjáreignum	(35.762)	236.014	123.000	409.507	595.512	721.284	5.844.147	(7.930.486)	(7.180.511)
Aðrar rekstrartekjur	7.259	6.606	12.299	18.260	65.720	106.910	4.291.192	55.493	50.347
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>1.044.128</b>	<b>1.439.345</b>	<b>1.395.779</b>	<b>1.782.253</b>	<b>2.372.237</b>	<b>5.501.583</b>	<b>13.884.910</b>	<b>(1.621.157)</b>	<b>(2.813.995)</b>
Almennur rekstrarkostnaður	(608.415)	(665.901)	(699.749)	(801.518)	(823.760)	(2.212.740)	(3.454.511)	(5.009.498)	(4.862.084)
Önnur rekstrargjöld	-	-	-	-	-	-	-	(3.824.139)	-
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(152.749)	(224.274)	42.758	(171.584)	(185.728)	(89.153)	(816.763)	(25.378.342)	(38.356.321)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>(761.163)</b>	<b>(890.175)</b>	<b>(656.990)</b>	<b>(973.102)</b>	<b>(1.009.488)</b>	<b>(2.301.893)</b>	<b>(4.271.274)</b>	<b>(34.211.979)</b>	<b>(43.218.405)</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>282.965</b>	<b>549.170</b>	<b>738.789</b>	<b>809.151</b>	<b>1.362.749</b>	<b>3.199.690</b>	<b>9.613.636</b>	<b>(35.833.136)</b>	<b>(46.032.400)</b>
Skattar samtals	135.065	153.860	(156.152)	(109.812)	(239.152)	(523.391)	(1.684.521)	6.951.721	7.207.872
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>418.029</b>	<b>703.030</b>	<b>582.637</b>	<b>699.339</b>	<b>1.123.597</b>	<b>2.676.299</b>	<b>7.929.115</b>	<b>(28.881.415)</b>	<b>(38.824.528)</b>

### Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Hreinar rekstrartekjur tóku ekki að hækka umtalsvert fyrr en við sameininguna 2006 en þá hækkuðu þær frá fyrra ári um rúm 130%, enda þótt þær innihéldu aðeins átta mánaða áhrif af sameiningunni við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Hækkunin varð enn meiri árið 2007 en þá gætti áhrifanna af sameiningunni við Sparisjóð Kópavogs allt árið. Hreinar rekstrartekjur námu 13,9 milljörðum króna á árinu 2007 og voru þær langhæstu hjá nokkrum sparisjóði það ár. Á árinu 2008 varð mikill viðsnúningur þegar hreinar rekstrartekjur urðu neikvæðar um 1,6 milljarða króna. Þessi breyting skýrðist einna helst af miklu gengistapi af fjáreignum og samdrætti í öðrum rekstrartekjum. Nærri þreföldun hreinna vaxtatekna dró þó úr áhrifum gengistaps ársins á hreinar rekstrartekjur.


Á tímabilinu 2001–2009 áttu fjárfestingartekjur, þ.e. gengishagnaður, arðstekjur og hlutdeildartekjur, ekki afgerandi þátt í hreinum rekstrartekjum sparisjóðsins fyrr en árið 2005, þegar þær náðu helmingshlutdeild og hlutur þeirra óx mikið næstu tvö ár. Eftir það, árin 2008 og 2009, varð tap af fjárfestingum svo mikið að hreinar rekstrartekjur urðu verulega neikvæðar. Þess er vert að geta að Sparisjóður vélstjóra hafði, líkt og aðrir sparisjóðir, átt hlut í Kaupþingi hf. og með vexti og viðgangi félagsins hafði sparisjóðurinn haft umtalsverðar tekjur af eign sinni í því. Sparisjóður vélstjóra seldi nær allan sinn hlut í Kaupþingi í nóvember árið 2000, eða 10,4%, fyrir rúma 1,6 milljarða króna. Kaupendur voru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Þróunarfélag Íslands hf. og Lífeyrissjóður sjómanna. Með því innleysti sparisjóðurinn söluhagnað upp á rúma 1,3 milljarða króna fyrir skatt árið 2001.<sup>20</sup>

Fjárfestingar höfðu veruleg áhrif á sparisjóðinn eftir stofnun Byrs sparisjóðs. Á árinu 2007 nam gengishagnaður af fjáreignum 5,8 milljörðum króna og þar af nam hagnaður af hlutabréfum tæpum 5,5 milljörðum króna. Þetta snerist við á árinu 2008 þegar gengistap sparisjóðsins af fjáreignum nam 7,9 milljörðum króna. Tap af hlutabréfaeign nam þá tæpum 6,5 milljörðum króna, þar af var tap af 5,4% eignarhlut í Sparisjóðabankanum ríflega 2 milljarðar króna og gengistap af hlutafjáreign í VBS Fjárfestingarbanka hf. nam ríflega 1 milljarði króna. Á árinu 2009 nam gengistap Byrs sparisjóðs af fjáreignum 7,2 milljörðum króna. Þar munaði mest um tap af innlendum fjárfestingarhlutabréfum upp á 4,3 milljarða króna. Tap vegna gangvirðisbreytinga á fjárfestingarfasteignum nam 2,6 milljörðum króna, þar af var tæplega 2,1 milljarður króna vegna þriggja fasteignaverkefna í eigu Lava Capital, dótturfélags Byrs sparisjóðs.

19. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009. Í viðauka C má sjá yfirlit yfir sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi, þ.e. meðalverðlagi ársins 2011.

20. Ársreikningur Sparisjóðs vélstjóra árið 2000.



Mynd 2. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs 2001–2009.<sup>21</sup>

Arðs- og hlutdeildartekjur Sparisjóðs vélstjóra tóku að verða umtalsverðar árið 2003. Það voru einkum hlutdeildartekjur af Sparisjóðabanka Íslands hf. og MP Fjárfestingarbanka hf. sem gáfu þessar tekjur. Árið 2005 nær tvöfaldaðist þessi tekjuliður og átti hagnaður Sparisjóðabankans stærstan þátt í því. Á árinu 2006 námu arðs- og hlutdeildartekjur 2,2 milljörðum króna og enn var það hlutdeildin í hagnaði Sparisjóðabankans sem skipti sköpum. Þetta ár varð methagnaður hjá bankanum, 2,7 milljarðar króna. Sparisjóður vélstjóra færði liðlega 1,5 milljarða króna hlutdeildartekjur vegna þessa. Umtalsverðar hlutdeildartekjur árið 2006 voru líka vegna eignarhluta í SP-Fjármögnun hf. og MP Fjárfestingarbanka hf. Arðs- og hlutdeildartekjur voru mun lægri á árinu 2007, en námu þó tæpum hálfum milljarði króna. Þar var einkum um að ræða hlutdeild í hagnaði SP-Fjármögnunar hf. Á árinu 2008 voru þessar tekjur neikvæðar um 2,2 milljarða króna og munaði þar mest um 2,1 milljarðs króna hlutdeild í tapi SP-Fjármögnunar hf.

Aðrar rekstrartekjur voru óverulegur liður í rekstri Byrs sparisjóðs, nema á árinu 2007 er þær námu 4,3 milljörðum króna. Þar réð mestu söluhagnaður af 30,3% eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum upp á 4,2 milljarða króna.

Hreinar vaxtatekjur voru á svipuðu róli árin 2001–2005, en jukust umtalsvert á árunum 2007–2008, þar af nærri þrefölduðust þær árið 2008. Í töflu 3 má sjá að stærstur hluti vaxtatekna sparisjóðsins var af útlánum og jukust þær tekjur verulega frá og með 2006, mest um rúmlega 15,5 milljarða króna á árinu 2008, en lækkuðu aðeins 2009. Á sama tíma jukust útlán sjóðsins um 78 milljarða króna,<sup>22</sup> sem skýrðist að hluta af samruna Sparisjóðs Kópavogs við Byr sparisjóð 1. nóvember 2007 og samruna Sparisjóðs Norðlendinga við Byr sparisjóð 1. apríl 2008. Ytri þættir, svo sem gengisfall krónunnar og aukin verðbólga á árinu 2008, höfðu jafnframt áhrif til hækkunar vaxtatekna og vaxtagjalda. Samdráttur í hreinum vaxtatekjum á árinu 2009 stafaði einkum af lækkun útlána samhliða lægri vaxtamun.

21. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.

22. Hér er tekið tillit til breytinga á afskriftareikningi.

Tafla 3. Vaxtatekjur og -gjöld Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs 2001–2009.<sup>23</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>Vaxtatekjur:</b>									
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	244.756	273.142	205.434	340.638	385.761	1.233.585	2.109.292	5.351.133	2.827.300
Útlán o.fl.	2.135.570	1.769.199	1.599.156	1.765.730	2.328.326	6.821.573	10.355.808	25.875.954	22.315.555
Markaðsskuldabréf o.fl.	134.896	25.212	24.834	114.779	61.831	164.064	530.885	2.456.961	2.211.131
<b>Samtals</b>	<b>2.515.221</b>	<b>2.067.554</b>	<b>1.829.424</b>	<b>2.221.147</b>	<b>2.775.918</b>	<b>8.219.222</b>	<b>12.995.985</b>	<b>33.684.048</b>	<b>27.353.986</b>
<b>Vaxtagjöld:</b>									
Lánastofnanir	(34.289)	(106.993)	(29.268)	(39.601)	(65.487)	(4.030.753)	(1.281.129)	(2.932.480)	(166.761)
Innlán o.fl.	(974.146)	(721.535)	(742.453)	(944.376)	(1.214.340)	(2.106.289)	(5.848.316)	(15.482.618)	(18.104.889)
Lántaka o.fl.	(457.501)	(251.947)	(269.995)	(356.565)	(567.717)	(196.327)	(2.990.790)	(7.313.697)	(5.882.835)
Víkjandi skuldir	(39.593)	(8.056)	(24.940)	(13.973)	(13.159)	(98.115)	(169.428)	(605.619)	(392.171)
Önnur vaxtagjöld o.fl.	(46.642)	(2.647)	(1.708)	(1.234)	(242)	–	(3.031)	(484)	–
<b>Samtals</b>	<b>(1.552.171)</b>	<b>(1.091.178)</b>	<b>(1.068.364)</b>	<b>(1.355.749)</b>	<b>(1.860.945)</b>	<b>(6.431.484)</b>	<b>(10.292.694)</b>	<b>(26.334.898)</b>	<b>(24.546.656)</b>
Reiknuð gjöld v. verðlagsbreytinga	(118.646)	.	.	.	.	.	.	.	.
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>844.404</b>	<b>976.376</b>	<b>761.060</b>	<b>865.398</b>	<b>914.973</b>	<b>1.787.738</b>	<b>2.703.291</b>	<b>7.349.150</b>	<b>2.807.330</b>

Vaxtagjöld sparisjóðsins voru jafnan greidd í mestum mæli til innlánseigenda en þar á eftir voru þau mest vegna lántöku. Árið 2006 voru hæstu vaxtagjöldin greidd öðrum fjármálastofnunum vegna innlána þeirra í sparisjóðnum. Frá og með 2007 urðu vaxtagjöld vegna almennra innlána langstærstur hluti vaxtagjalda sparisjóðsins, eða 57%. Ári síðar voru þau 59% heildarvaxtagjalda og 74% árið 2009. Helstu ástæður þessara umskipta voru breyttar markaðsaðstæður en að hluta til áhrif af samruna Sparisjóðs Kópavogs og síðar Sparisjóðs Norðlendinga við Byr sparisjóð, en hjá báðum þessum sjóðum hafði meiri hluti vaxtagjalda verið vegna almennra innlána.

Vaxtamunur hjá Sparisjóði vélstjóra og síðar Byr sparisjóði fór lækkaði frá 2002 en var ekki langt frá því sem var hjá öðrum sparisjóðum.<sup>24</sup> Lánasamningar sparisjóðsins við Íbúðalánasjóð í árslok 2004 og á árinu 2005 skiluðu sparisjóðnum óverulegum vaxtatekjum og áttu þeir stóran þátt í því hve mikið vaxtamunurinn lækkaði. Árin 2006 og 2008 er þetta hlutfall vísat ekki nákvæmt vegna sameiningar við Sparisjóð Hafnarfjarðar og Sparisjóð Norðlendinga.

Tafla 4. Meðalvextir út- og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði vélstjóra og Byr sparisjóði 2001–2009.<sup>25</sup>

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>Sparisjóður vélstjóra og Byr sparisjóður</b>									
Meðalvextir útlána	15,7%	12,8%	11,6%	10,9%	11,0%	14,0%	10,9%	17,8%	14,1%
Meðalvextir innlána	10,4%	6,9%	5,9%	6,1%	6,6%	6,3%	10,0%	14,4%	12,8%
<b>Vaxtamunur</b>	<b>4,8%</b>	<b>5,6%</b>	<b>5,4%</b>	<b>4,5%</b>	<b>4,1%</b>	<b>7,3%</b>	<b>0,8%</b>	<b>3,0%</b>	<b>1,1%</b>
<b>Aðrir sparisjóðir</b>									
<b>Vaxtamunur</b>	<b>5,8%</b>	<b>5,3%</b>	<b>5,9%</b>	<b>5,5%</b>	<b>3,7%</b>	<b>2,2%</b>	<b>1,0%</b>	<b>0,2%</b>	<b>-1,8%</b>

### Rekstrargjöld

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum, auk framlags í afskriftareikning útlána.

Rekstrargjöld Byrs sparisjóðs hækkuðu mikið á árunum 2008 og 2009. Stafaði það fyrst og fremst af framlagi í afskriftareikning útlána, sem hafði verið óverulegt allt til 2007 þegar það nífaldaðist frá fyrra ári. Framlag í afskriftareikning útlána á árunum 2008–2009 var helsta skýringin á rekstartapi Byrs sparisjóðs þau ár og neikvæðri eiginfjárstöðu hans í árslok 2009.

Virðisrýrnun óefnislegra eigna var sérgreind fyrir árið 2008. Þá voru óefnislegar eignir í efnahagsreikningi í árslok 2007 færðar niður um 80% eða um 3,8 milljarða króna. Um var að ræða viðskiptavild sem var til orðin vegna sameiningar við aðra sparisjóði og við kaup á eignarhlut í Allianz Ísland hf. Á grundvelli virðisrýrnunarprófs í lok árs 2008 var 3,1 milljarðs króna viðskiptavild vegna samrunans við Sparisjóð Kópavogs færð niður að fullu. Að auki var viðskiptavild vegna samrunans við Sparisjóð Norðlendinga færð niður um 261 milljón króna, eða um 53%. Þá var viðskiptavild vegna eignarhlutar í Allianz Ísland hf. færð niður um 423 milljónir króna, eða um 42% af umframvirði félagsins.<sup>26</sup>


23. Ársreikningar Byrs sparisjóðs 2006–2009.

24. Útreikningur á vaxtamun er skýrður í 8. kafla.

25. Byggt á ársreikningum Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.


26. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun ársreiknings Byr sparisjóðs 2008, 30. apríl 2009.

Mynd 3. Rekstrargjöld Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs 2001–2009.<sup>27</sup>



Almennur rekstrarkostnaður sparisjóðsins hækkaði mikið á árunum 2006–2008 í krónum talið, enda sameinaðist hann öðrum sparisjóðum hvert þessara ára. Hlutfall hans af meðaleignum sparisjóðsins fór þó lækkanði, sbr. mynd 4. Þetta hlutfall var oftast lægra en hjá öðrum sparisjóðum á umræddu tímabili fyrir utan árið 2006.

Mynd 4. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs 2001–2009 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.<sup>28</sup>



Með almennum rekstrarkostnaði er átt við launakostnað, afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna, og annan rekstrarkostnað. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hélst nokkurn veginn í hendur 2001–2006, launakostnaðurinn var 53–56% af almenna

27. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.

28. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2009. Vegna þess hve miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tók árið 2009 er reiknað með lokastöðu eigna það ár en ekki meðalstöðu.

rekstrarkostnaðinum. Á árinu 2007 hækkaði annar rekstrarkostnaður talsvert meira en launakostnaður og hélt sú þróun áfram allt til falls sparísjóðsins. Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna voru mjög lítil hluti almenns rekstrarkostnaðar, eða á bilinu 2–3%.


Launakostnaður Sparísjóðs vélstjóra hækkaði tiltölulega lítið frá 2001 til 2005, sé tekið mið af verðbólgu og fjölgun stöðugilda. Við sameiningarnar varð mikil breyting á, ekki aðeins vegna fjölgunar stöðugilda heldur hækkaði meðallaunakostnaður á stöðugildi umtalsvert, einkum árin 2006 og 2008. Meðallaunakostnaður á stöðugildi árið 2007 hélst nánast óbreyttur frá fyrra ári og var um 7 milljónir króna, en hlutfall launakostnaðar af rekstrarkostnaði lækkaði úr 52% árið 2006 í 42% árið 2007. Á árinu 2008 fjölgaði starfsmönnum um 13% og meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkaði um 34%.

Tafla 5. Launakostnaður Sparísjóðs vélstjóra og Byrs sparísjóðs á árunum 2001–2009.<sup>29</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi stöðugilda	71	74	75	74	74	163	208	234	211
Launakostnaður	312.872	356.725	360.500	409.758	443.145	1.155.056	1.453.621	2.197.939	1.848.618
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	4.407	4.821	4.807	5.537	5.988	7.086	6.989	9.393	8.761
Laun og bóknarir til yfirstjórnar	30.538	32.417	27.885	26.765	26.173	65.081	104.526	97.144	64.168
Þar af til sparísjóðsstjóra	...	...	18.577	17.561	16.533	46.011	88.981	79.678	50.460

Á mynd 5 er sýnd þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparísjóði vélstjóra, síðar Byr sparísjóði, og öðrum sparísjóðum á árunum 2001 til 2009 í samanburði við almenna launaþróun í landinu. Launavísitalan hækkaði tiltölulega jafnt og þétt á tímabilinu en meðallaunakostnaður hjá sparísjóðunum í heild fylgdi annarri þróun og hækkaði að jafnaði hraðar. Meðallaunakostnaður hjá Sparísjóði vélstjóra og síðar Byr sparísjóði þróaðist með áþekkingu hætti og almenna launavísitalan fram til 2005. Eftir það breyttist hann mjög sveiflukennt. Skýringin á lækkingu meðallaunakostnaðar hjá Byr sparísjóði 2007 liggur að nokkru leyti í því að launakostnaður Sparísjóðs Kópavogs fyrstu tíu mánuði ársins er ekki talinn með hjá sameinuðum sjóði. Árið 2008 hækkaði launakostnaður á stöðugildi hjá Byr verulega, langt umfram almenna launavísitölu og nokkuð meira hlutfallslega en hjá öðrum sparísjóðum. Árið 2009 lækkaði meðallaunakostnaður á stöðugildi hjá Byr sparísjóði, en þó mun minna en hjá öðrum sparísjóðum. Lækkunin það ár hjá öðrum sparísjóðum er ekki fyllilega marktæk í þessum samanburði, þar sem tveir stórir sparísjóðir hurfu þá af sjónarsviðinu.<sup>30</sup>

Mynd 5. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparísjóði vélstjóra og Byr sparísjóði og hjá sparísjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2009.<sup>31</sup>



29. Byggt á ársreikningum Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparísjóðs 2006–2009.

30. Um launaþróun hjá sparísjóðunum í heild er fjallað í 8. kafla.

31. Ársreikningar sparísjóðanna 2001–2009. Launavísitala er fengin hjá Hagstofu Íslands.

32. Með breytingu á lögum um hlutafélög árið 2006 voru stjórnir endurskoðunarskyldra hlutafélaga skyldaðar til að samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna, sbr. 3. gr. laga nr. 89/2006, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í janúar 2008 voru greiddar samtals 97 milljónir króna í kaupauka til 206 starfsmanna. Þar af skiptust 42 milljónir króna á milli 21 starfsmanns sem fengu á bilinu 1 til 5 milljónir króna hver, 10 milljónir króna skiptust á milli 16 starfsmanna sem fengu hver á bilinu 500 til 800 þúsund krónur, 35 milljónir króna skiptust á milli 107 starfsmanna sem fengu 250 til 500 þúsund krónur hver og 10 milljónir króna skiptust á milli 62 starfsmanna sem fengu minna en 500 þúsund krónur hver.

Í febrúar 2008 var greiddur kaupauki til sparisjóðsstjóranna og fékk hvor þeirra 9,2 milljónir króna í sinn hlut. Að auki voru inntar af hendi tæpar 2 milljónir króna í kaupauka-greiðslur til sjö starfsmanna, sem fengu á bilinu 25 til 503 þúsund krónur hver. Þá voru greiddar 1,5 milljónir króna í kaupaukagreiðslur á árinu 2008.<sup>33</sup> Af þeim fóru 767 þúsund krónur til framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs, 500 þúsund krónur skiptust jafnt milli fimm starfsmanna, 200 þúsund krónur voru greiddar til eins starfsmanns og 37 þúsund krónur til annars. Í september 2009 var greiddur 1,2 milljóna króna kaupauki til viðskiptastjóra. Starfsmenn Byrs sparisjóðs nutu einnig flestra þeirra fríðinda sem tíðkuðust almennt hjá sparisjóðum og er þeirra getið í umfjöllun um risnu og fríðindi í 8. kafla.

Sparisjóðurinn greiddi einn árangurstengdan bónus á tímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl 2010. Á fundi stjórnar 2. mars 2010 var samþykkt eingreiðsla upp á 29.448.000 krónur til framkvæmdastjóra markaðsviðskipta sem miðaðist við hagnað af markaðsviðskiptum sparisjóðsins. Gerð var grein fyrir reiknireglum í ráðningarsamningi framkvæmdastjórans og í fundargerð stjórnar kom fram að lagt hefði verið fram minnisblað frá KPMG sem staðfesti réttmæti útreiknings á kaupaukanum. Einnig var lagt fram lögfræðiálit frá lögmannstofunni Landslögum sem staðfesti að um lögmeta launakröfu væri að ræða. Framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hefði sjálfur látið 5 milljónir króna af greiðslunni renna til forstöðumanns markaðsviðskipta.<sup>34</sup> Á sama tíma voru einnig greiddar samtals 10 milljónir króna til 17 starfsmanna vegna vinnuálags í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu. Greiðsla til hvers starfsmanns var á bilinu 400 til 1.200 þúsund krónur.

Ragnar Z. Guðjónsson og Magnús Ægir Magnússon sparisjóðsstjórar voru báðir með ákvæði í ráðningarsamningi um sex mánaða uppsagnarfrest, auk ákvæðis um að „að uppsagnartíma loknum [skyldi] sparisjóðsstjóri halda fullum launum samkvæmt 2. gr. í 18 mánuði. [Óskaði] stjórn sparisjóðsins eftir því að sparisjóðsstjóri [léti] af störfum innan umsamins uppsagnartíma [skyldi] greiða honum full laun skv. 2. gr. í 24 mánuði frá því að uppsagnarfrestur byrjaði að líða“. Umsamin mánaðarlaun samkvæmt 2. gr. ráðningarsamninganna voru 2,3 milljónir króna. Sparisjóðsstjórnir nutu einnig báðir 36% viðbótarframlags í séreignarsjóð og var það verulega umfram ákvæði kjarasamninga. Nokkrir aðrir stjórnendur voru með ákvæði í ráðningarsamningum um uppsagnarfrest og fengu til viðbótar aukagreiðslur samkvæmt starfslokasamningum á árunum 2009 og 2010.

Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs var með ákvæði í ráðningarsamningi um níu mánaða uppsagnarfrest, auk ákvæðis um að uppsagnarfrestur yrði greiddur ef sparisjóðurinn óskaði eftir að starfsmaður léti af störfum innan uppsagnartíma. Í starfslokasamningi var gert ráð fyrir að framkvæmdastjórinn fengi greidda samtals tólf mánuði frá því að hann var leystur frá vinnuskyldu, sem voru þrjú mánuðir umfram ákvæði ráðningarsamnings. Framkvæmdastjórinn hafði til afnota bifreið samkvæmt ráðningarsamningi og hélt umráðum yfir henni í tíu og hálfan mánuð eftir starfslok.

Framkvæmdastjóri Byrs verðbréfa var með ákvæði í ráðningarsamningi um níu mánaða uppsagnarfrest, auk ákvæðis um að uppsagnarfrestur yrði greiddur ef fyrirtækið óskaði eftir að starfsmaður léti af störfum innan uppsagnartíma. Í starfslokasamningi var gert ráð fyrir að framkvæmdastjórinn fengi greidda samtals ellefu mánuði frá því að hann var leystur frá vinnuskyldu, sem voru tveir mánuðir umfram ákvæði ráðningarsamnings. Framkvæmdastjórinn hafði til afnota bifreið samkvæmt ráðningarsamningi og hélt umráðum yfir henni út uppsagnarfrestinn.

33. Byggt á gögnum frá Íslandsbanka vegna Byrs sparisjóðs.

34. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparisjóðs, 10. desember 2010.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs var með ákvæði í ráðningarsamningi um sex mánaða uppsagnarfrest, auk ákvæðis um að uppsagnarfrestur yrði greiddur ef fyrirtækið óskaði eftir að starfsmaður léti af störfum innan uppsagnartíma. Í starfslokasamningi var gert ráð fyrir að framkvæmdastjórinn fengi greidda samtals átta mánuði frá því að hann var leystur frá vinnuskyldu, sem voru tveir mánuðir umfram ákvæði ráðningarsamnings. Framkvæmdastjórinn hafði til afnota bifreið samkvæmt ráðningarsamningi og hélt umráðum yfir henni út uppsagnarfrestinn.

Yfirmaður áhættustýringar og útlánasviðs var með ákvæði í ráðningarsamningi um þriggja mánaða uppsagnarfrest, auk ákvæðis um að uppsagnarfrestur yrði greiddur ef fyrirtækið óskaði eftir að starfsmaður léti af störfum innan uppsagnartíma. Í starfslokasamningi var gert ráð fyrir að starfsmaðurinn fengi greidda samtals átta mánuði frá því að hann var leystur frá vinnuskyldu, sem voru fimm mánuðir umfram ákvæði ráðningarsamnings.

Regluvörður var með ákvæði í ráðningarsamningi um sex mánaða uppsagnarfrest en í starfslokasamningi var gert ráð fyrir að starfsmaðurinn fengi greidda samtals sjö mánuði frá því að hann var leystur frá vinnuskyldu, sem var einn mánuður umfram ákvæði ráðningarsamnings. Starfsmaðurinn hélt einnig síma og tölvufríðindum sem hann hafði notið í starfi út uppsagnartímamann.

#### Kjarnarekstur

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðastarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingarstarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðsskuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Afkoma af kjarnarekstri er hér reiknuð með sambærilegum hætti og í umfjöllun um aðra sparisjóði. Um nokkra nálgun er að ræða sem gerð er nánari grein fyrir í 8. kafla. Sparisjóður vélstjóra stundaði ekki umfangsmikla fjárfestingarstarfsemi og á almenna nálgunin því vel við um hann, þ.e. á árunum 2001–2005. Byr sparisjóður lagði frá upphafi meiri áherslu á fjárfestingarstarfsemi en byggði þó ekki upp viðlíka kerfi í kringum hana og t.d. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis gerði. Þó er ljóst að nokkur hluti almenns rekstrarkostnaðar féll í þeim geira starfsemi sparisjóðsins og er sá kostnaður ekki undanskilinn í töflu 6. Vaxtakostnaður vegna fjármögnunar á fjáreignum er heldur ekki undanskilinn. Á móti þessum kostnaðarliðum koma hins vegar vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum og fleiri verðbréfum, en þær eru meðtaldar í hreinum vaxtatekjum í töflunni.

Í töflu 6 getur að líta afkomu af kjarnarekstri Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs á árunum 2001 til 2009. Kjarnareksturinn skilaði sparisjóðnum jákvæðri afkomu til og með 2006, en hún var að vísu lítil hluti hagnaðarins það ár. Á árinu 2007 var afkoma af kjarnarekstri hins vegar neikvæð um rúman 1 milljarð króna en þá hækkaði framlag í afskriftareikning útlána töluvert. Þrátt fyrir það stóðu vaxta- og þjónustutekjur ekki undir almennum rekstrarkostnaði það árið.

Árið 2008 námu hreinar vaxtatekjur sparisjóðsins 7,3 milljörðum króna, sem var nánast þreföldun frá fyrra ári, og stóðu þær ásamt þjónustutekjum undir almennum rekstrarkostnaði. Afkoma af kjarnarekstri var samt sem áður neikvæð um 21,9 milljarða króna vegna 25,4 milljarða króna framlags í afskriftareikning útlána. Árið 2009 var afkoma af kjarnarekstri neikvæð um tæplega 39 milljarða króna. Framlag í afskriftareikning útlána hækkaði þá enn frekar. Þar að auki drógust hreinar vaxtatekjur mikið saman svo vaxta- og þjónustutekjur stóðu ekki undir almennum rekstrarkostnaði.

Tafla 6. Kjarnarekstur Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs 2001–2009.<sup>35</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Hreinar vaxtatekjur	844.404	976.376	761.060	865.398	914.973	1.787.738	2.703.291	7.349.150	2.807.330
Hreinar þjónustutekjur	172.305	185.371	186.938	167.692	174.596	678.172	553.746	1.140.160	1.399.180
Almennur rekstrarkostnaður	(581.062)	(635.921)	(670.594)	(409.758)	(443.145)	(2.148.229)	(3.393.704)	(4.914.845)	(4.724.588)
Afskr. rekstrarfjárm., rekstrarl. eigna o.fl.	(27.352)	(29.980)	(29.155)	(43.446)	(25.007)	(64.511)	(60.807)	(94.653)	(137.496)
Framlög í afskriftareikning útlána	(152.749)	(224.274)	42.758	(171.584)	(185.728)	(89.153)	(816.763)	(25.378.342)	(38.356.321)
<b>Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta</b>	<b>255.546</b>	<b>271.572</b>	<b>291.007</b>	<b>408.302</b>	<b>435.689</b>	<b>164.017</b>	<b>(1.014.237)</b>	<b>(21.898.530)</b>	<b>(39.011.895)</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt</b>	<b>282.965</b>	<b>549.170</b>	<b>738.789</b>	<b>792.371</b>	<b>1.362.749</b>	<b>3.199.690</b>	<b>9.613.636</b>	<b>(35.833.136)</b>	<b>(46.032.400)</b>

35. Byggt á ársreikningum Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.

Afkoma af kjarnarekstri hjá sparisjóðunum samanlagt var neikvæð allt umrætt tímabil, sbr. umfjöllun um kjarnarekstur sparisjóðanna í heild í 8. kafla. Sparisjóður vélstjóra hafði því sérstöðu að þessu leyti á árunum 2001–2006.


### 18.1.2 Efnahagsreikningur

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs í lok árunna 2001–2009 og þróun þeirra á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikninga sparisjóðsins umrætt tímabil á verðlagi hvers árs svo og á föstu verðlagi, þ.e. árslokaverðlagi ársins 2011.

#### Eignir

Við samruna Sparisjóðs Hafnarfjarðar við Sparisjóð vélstjóra undir lok árs 2006 þrefölduðust heildareignir ef miðað er við eignir Sparisjóðs vélstjóra árið 2005. Mikill vöxtur var einnig árin 2007 og 2008, meiri en sem nam sameiningum á þeim árum. Í árslok 2008 námu heildareignir Byrs sparisjóðs samtals 253 milljörðum króna og höfðu rúmlega tvöfaldast á tveimur árum. Þar munaði langmest um vöxt útlána, en þau höfðu aukist um tæpa 100 milljarða króna frá því í árslok 2006. Á þessum tíma var Byr stærsti sparisjóður landsins, með 33 milljörðum króna meiri heildareignir en Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis.

Mynd 6. Eignir Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs í lok árunna 2001–2009.<sup>36</sup>



Útlánin voru stærsti einstaki eignaliður sparisjóðsins allt tímabilið 2001–2009 og var vægi þeirra af heildareignum frá tæpum 60% til liðlega 70%. Lægst var hlutfallið í lok árunna 2003 og 2004 en hæst í árslok 2009, en þá nam það 71,2%. Í krónum talið urðu útlánin hæst í árslok 2008 þegar þau námu 172 milljörðum króna sem jafngilti 68% af heildareignum.

Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa, eða 85% að jafnaði, en vægi yfirdráttarlána var að jafnaði 15%. Sparisjóður vélstjóra lánaði framan af tímabilinu meira til lögaðila en einstaklinga, en það tók að breytast frá og með 2004 og námu lán til einstaklinga um tveimur þriðju af útlánunum sparisjóðsins í árslok 2007. Í árslok 2004 og á árinu 2005 hafði samningur við Íbúðalánasjóð veruleg áhrif til útlánaaukningar, þar sem sparisjóðurinn seldi Íbúðalánasjóði greiðsluflæði af íbúðalánunum sem jók samkeppnishæfi sparisjóðsins og annarra sparisjóða á fasteignaveðlánamarkaði. Í árslok 2004 voru seld

36. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.

íbúðalán fyrir rúma 2 milljarða króna og á árinu 2005 fyrir rúmlega 1,6 milljarða króna. Þessir samningar skiluðu sparisjóðnum óverulegum hreinum vaxtatekjum. Eftir það var lánað í æ meira mæli til lögaðila. Útlánin eru sýnd nettó í efnahagsreikningi, þ.e. að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu, sem er staðan á afskriftareikningi útlána. Til þess að sjá brúttóstöðu útlána þarf því að bæta stöðu afskriftareikningsins við.

Tafla 7. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði vélstjóra og Byr sparisjóði í árslok 2001–2009.<sup>37</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Útlán til viðskiptavina	14.247.989	13.407.428	14.100.198	18.354.858	24.137.514	72.988.464	117.737.319	172.325.172	144.663.131
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	471.440	580.624	389.627	442.230	436.595	747.744	1.756.891	25.288.084	55.647.523
<b>Heildarútlán án fullnustueigna</b>	<b>14.719.429</b>	<b>13.988.052</b>	<b>14.489.826</b>	<b>18.797.088</b>	<b>24.574.109</b>	<b>73.736.208</b>	<b>119.494.210</b>	<b>197.613.256</b>	<b>200.310.654</b>
Niðurfærsluhlutfall	3,2%	4,2%	2,7%	2,4%	1,8%	1,0%	1,5%	12,8%	27,8%
Niðurfærsluhlutfall annarra sparisjóða	3,8%	3,8%	3,9%	2,9%	2,1%	1,7%	1,6%	15,6%	19,8%

Staða afskriftareiknings tók ekki að hækka að marki í krónum talið fyrr en árið 2007, meira en sem nam viðbótinni sem við bættist með sameiningunni við Sparisjóð Kópavogs, og hækkaði mikið eftir það. Staðan á afskriftareikningi í árslok 2006, eftir sameininguna við Sparisjóð Hafnarfjarðar, nam tæpum 750 milljónum króna, sem jafngilti 1% af heildarútlánunum. Þetta hlutfall, oft nefnt niðurfærsluhlutfall, hafði farið lækandi. Með umtalsverðu framlagi í afskriftareikning í árslok 2007 og 2008 hafði staðan á honum rúmlega þrítugfaldast á tveimur árum og nam í lok árs 2008 12,8% af heildarútlánunum. Niðurfærsluhlutfallið hækkaði enn á árinu 2009 og var 27,8% í lok ársins. Þetta hlutfall var lægra hjá Byr sparisjóði en hjá öðrum sparisjóðum á árunum 2006–2008, en umtalsvert herra í árslok 2009. Gengislækkun íslensku krónunnar var helsti orsakavaldur þessarar auknu niðurfærslu þótt fleira hafi komið til.

Kröfur á lánastofnanir hækkuðu verulega á árinu 2007 og námu 28,5 milljörðum króna í lok ársins.<sup>38</sup> Jafngilti það 15,4% af heildareignum. Þar af námu kröfur á Glitni banka og Landsbanka Íslands samtals 13 milljörðum króna og kröfur á Sparisjóðabankann/Icebank 8 milljörðum króna. Kröfur á lánastofnanir drógust aftur saman á árinu 2008 og námu 11,2 milljörðum króna í árslok. Þar af námu kröfur á Glitni banka 6 milljörðum króna og kröfur á Icebank 1,7 milljörðum króna. Þessi liður lækkaði enn á árinu 2009 og nam í árslok 7,4 milljörðum króna, þar af námu kröfur á Glitni banka 6,5 milljörðum króna.

Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabankanum voru óverulegur eignaliður þar til Byr sparisjóður varð til. Hann hækkaði gríðarlega á árinu 2008 og nam í lok þess árs rúmlega 37 milljörðum króna, eða tæplega 15% af heildareignum. Þar af voru óbundnar innstæður tæplega 36,9 milljarðar króna og höfðu riflega tífaldast frá fyrra ári.<sup>39</sup> Árið 2009 dróst þessi eignaliður saman að nýju og nam 12,7 milljörðum króna í lok árs.

Fjáreignir sparisjóðsins námu á bilinu 14–20% af heildareignum sparisjóðsins frá árslokum 2001 til 2006. Eftir það lækkaði hlutur þeirra og var minnstur í árslok 2008 eða 7,6%. Í árslok 2007 var hlutfallið komið niður í 12,5%, sem var umtalsvert lægra hlutfall en hjá öðrum sparisjóðum sem heild, en þar námu fjáreignir 21,2% heildareigna í lok ársins 2007. Samsetning fjáreigna Byrs sparisjóðs var jafnframt frábrugðin því sem gerðist hjá hinum sparisjóðunum því hlutabréf vógu 55% í safni Byrs sparisjóðs en 73% af fjáreignum annarra sparisjóða í árslok 2007. Á árinu 2008 lækkaði bókfært virði fjáreigna um 17% og nam í árslok 19,2 milljörðum króna. Árið 2009 voru fjáreignir 10% af heildareignum sjóðsins, eða 20,5 milljarðar króna. Til samanburðar var hlutfall fjáreigna af heildareignum annarra sparisjóða 7,8% í lok árs 2009.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hluteildarfyrtækjum.

37. Ástæða þess að fjárhæð útlána hér er lægri en í efnahagsreikningi er að í efnahagsreikningi eru fullnustueignir taldar með útlánunum.

38. Með kröfum er hér átt við innlán, peningamarkaðsútlán og aðrar kröfur.

39. Ársreikningar Byrs sparisjóðs 2006–2009.



Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum voru yfirleitt langstærsti fjáreignaliðurinn allt tímabilið, nema í árslok 2007 en þá fóru hlutabréfin upp fyrir þau. Árið 2009 voru eignir í markaðsskuldabréfum 67% fjáreigna og nam bókfært virði þeirra þá 13,7 milljörðum króna. Til samanburðar voru markaðsskuldabréf að jafnaði um 64% fjáreigna annarra sparisjóða.<sup>40</sup>

Þáttur hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum í heildarverðmæti fjáreigna var mjög breytilegur og varð mestur í árslok 2007, eða tæp 55%, þ.e. 12,6 milljarðar króna. Á árinu 2008 varð 7,9 milljarða króna gengistap af fjáreignum sjóðsins, sem skýrðist að stærstum hluta af 6,5 milljarða króna tapi á hlutabréfum. Eignir Byrs sparisjóðs í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum námu 8,3 milljörðum króna í árslok 2008. Gengistap af fjáreignum nam 5,5 milljörðum króna á árinu 2009, þar af nam tap af hlutabréfum tæplega 5,4 milljörðum króna.

Sparisjóðurinn færði eign sína í nokkrum félögum með hlutdeildaraðferð. Framan af tímabilinu vógu þar mest eignarhlutir í Sparisjóðabankanum og SP-Fjármögnun hf. Liðurinn hækkaði talsvert árið 2005 en þá bættust fleiri félög í hann, svo sem Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. og MP Fjárfestingarbanki hf. Á árinu 2006 nær þrefaldaðist bókfært virði eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjunum. Mest munaði um hækkun eignarhlutans í Sparisjóðabankanum, sem stóð í 3,5 milljörðum króna í árslok, og í SP-Fjármögnun hf., sem stóð þá í 1,6 milljörðum króna. Sparisjóðurinn hafði reyndar aukið hlut sinn talsvert í þessum félögum á árinu.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

Á árinu 2007 seldi sparisjóðurinn 30,3% eignarhlut í Sparisjóðabankanum. Hagnaður af þeirri sölu nam 4,2 milljörðum króna og var hann tekjufærður með öðrum rekstrartekjum. Sparisjóðurinn hélt eftir 5,4% hlut í bankanum sem var færður á liðinn fjáreignir tilgreindar á gangvirði. Í rekstrarreikningi 2007 var tekjufærð nærri 2,5 milljarða króna matsbreyting á þeim hluta. Af eignarhlutum í hlutdeildarfélögum sem eftir voru í árslok 2007 var SP-Fjármögnun hf. stærst, bókfærð á 2,2 milljarða króna. Eign Byrs sparisjóðs í hlutdeildarfyrirtækjum rýrnaði mikið á árunum 2008 og 2009 því hann færði hlutdeild sína í tapi þeirra til lækkunar á þessum eignum. Í árslok 2009 nam eign í hlutdeildarfélögum tæplega 1,3 milljörðum króna eða 0,6% heildareigna.


Aðrar eignir samanstóðu af rekstrarfjármunum, óefnislegum eignum og ýmsum eignum. Bókfært virði þessara eigna var ekki umtalsvert fyrr en í lok árs 2006 þegar það nam 2,7 milljörðum króna. Þar af voru rekstrarfjármunir 29% af eigninni. Árið 2007 fjórfölduðust aðrar eignir og námu 11,9 milljörðum króna í lok árs. Óefnislegar eignir höfðu þá aukist um liðlega 3,2 milljarða króna en þar var um að ræða viðskiptavild vegna samruna við Sparisjóð Kópavogs. Rekstrarfjármunir jukust einnig um 1,1 milljarð króna og ýmsar eignir um 4,9 milljarða króna. Þar af voru 1,4 milljarðar króna vegna fjárfestingarfasteigna. Á árinu 2008 jukust aðrar eignir enn um 1,3 milljarða króna vegna kaupa og yfirtöku rekstrarfjármuna við samruna. Auk þess var tekjuskattsinneign upp á 3,2 milljarða króna eignfærð undir þessum lið, en niðurfærsla viðskiptavildar vegna samruna við Sparisjóð Kópavogs jafnaði það út. Árið 2009 hækkaði tekjuskattsinneignin um 7,2 milljarða króna og nam 10,5 milljörðum króna í árslok, en ýmsar ótilgreindar eignir minnkuðu um 2,5 milljarða króna frá fyrra ári svo að þessi liður í heild sinni stóð í 18 milljörðum króna í lok ársins.

#### Skuldir

Fjármögnun Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs var að meginhluta gerð með innlánnum. Vægi innlána af heildarskuldum á umræddu tímabili var 52–71%, mest var það í árslok 2003 og minnst í árslok 2006 og 2007. Í lok árs 2009 var eigið fé sparisjóðsins orðið neikvætt og sjóðurinn því alfarið fjármagnaður með innlánnum, lántökum og dag- og veðlánaviðskiptum við Seðlabanka Íslands.

40. Sjá töflu 2 í viðauka B, um fjáreignir sparisjóðanna í heild.

Mynd 7. Skuldir Sparisjóðs vélstjóra og Byrs sparisjóðs í árslok 2001–2009.<sup>41</sup>



Á árinu 2008 rúmlega tvöfölduðust almenn innlán hjá sparisjóðnum, sem var langt umfram þá 14% aukningu innlána sem átti sér stað hjá öðrum sparisjóðum samtals. Hlutfall innlána af heildarskuldum sparisjóðsins var 61% í árslok 2008 en sama hlutfall var 42% hjá öðrum sparisjóðum í heild. Byr sparisjóður fjármagnaði sig þannig í meira mæli með innlánunum en aðrir sparisjóðir. Í þessu samhengi má geta þess að meðalvextir innlána hjá Byr sparisjóði voru 14,4% árið 2008, en 15,2% hjá öðrum sparisjóðum.<sup>42</sup>

Lántökur voru annar meginþáttur fjármögnunar Byrs sparisjóðs og skiptust þær í tvo meginflokkka. Annar flokkurinn var útgefin skuldabréf, sem voru að jafnaði um fjórðungur lántökunnar, og hinn var lán frá fjármálafyrirtækjum. Mikill vöxtur hljóp í lántökur sparisjóðsins 2006 og í árslok námu heildarlántökur sparisjóðsins 30 milljörðum króna eða þriðjungi af heildarskuldum hans. Í árslok 2008 höfðu lántökur aukist um 160% á tveimur árum en hlutfall þeirra af heildarskuldum var nær óbreytt. Þá námu lántökur 78 milljörðum króna, þar af voru 63 milljarðar króna lán frá fjármálafyrirtækjum.

Skuldir við lánastofnanir, sem eru skammtímafjármögnun, tóku að aukast á árinu 2005 en ekki að marki fyrr en árið eftir. Þær námu 8,3 milljörðum króna í árslok 2006 og voru þá 8,2% af heildarskuldum sjóðsins. Á árinu 2007 hækkuðu þær um 2,5 milljarða króna og hlutfall þeirra af heildarskuldum hélst óbreytt. Þessi skuldaliður lækkaði svo á árunum 2008 og 2009 og nam tæplega 5 milljörðum króna í árslok 2009. Vægi hans af heildarskuldum var þá 2,2%.

Víkjandi skuldir, reiknaðar skuldbindingar og aðrar skuldir voru ekki fyrirferðarmiklir þættir í fjármögnun Byrs sparisjóðs. Víkjandi lán voru að meðaltali 1,6% af heildarskuldum sjóðsins, reiknaðar skuldbindingar 1,9% og aðrar skuldir einungis 1,2% af heildarskuldunum. Reiknaðar skuldbindingar samanstóðu af lífeyris- og tekjuskattsskuldbindingum.

#### Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs vélstjóra hækkaði jafnt og þétt árin 2001–2005, fyrst og fremst vegna dágóðs hagnaðar öll árin. Stofnfé hafði í mörg ár verið mjög lítið og ekki nema um og innan við 1% eigin fjár sparisjóðsins. Stofnféð var aukið mikið og rúmlega þrefaldað árið 2004. Samt var hlutfall þess af eigin fé ekki nema rétt rúm 2% í árslok 2005. Þegar sameiningin


41. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.

42. Í viðauka B má sjá töflu um vexti sparisjóðanna í heild og í viðauka C eru nánari upplýsingar um vexti Byrs sparisjóðs.

við Sparísjód Hafnarfjarðar varð í árslok 2006 breyttist hlutfallsleg samsetning eigin fjár lítið; vægi stofnfjárins varð jafnvel ívið minna. Vægi eigin fjár í heildarfjármögnun sparísjóðsins, þ.e. bókfært eiginfjárhlutfall, var í lok árunna 2001–2006 á bilinu 13,4–17,6%, lægst í árslok 2006. Stofnfé var árlega hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga og með sérstöku endurmati. Samtals námu þessar hækkanir rúmum 30 milljónum króna 2001–2005.

Á fyrsta heila starfsári Byrs sparísjóðs, 2007, hækkaði stofnféð mikið. Bæði var það vegna sameiningarinnar við Sparísjód Kópavogs, sem hækkaði stofnfé um 480 milljónir króna, og endurmats upp á tæpar 300 milljónir króna en fyrst og fremst stórrar stofnfjárukningar undir lok ársins upp á 26,3 milljarða króna, þeirrar langmestu í sögu sparísjóðanna. Með þessari stofnfjárukningu 2007 hækkaði hlutfall eigin fjár af heildarfjármögnun í 28,8% í lok árs. Stofnfé nam þá 27,3 milljörðum króna og jafngilti liðlega 51% eigin fjár.

Mynd 8. Eigið fé Sparísjóðs vélstjóra og Byrs sparísjóðs í árslok 2001–2009.<sup>43</sup>



Á árinu 2008 hækkaði stofnfé um liðlega 3,3 milljarða króna, þar af voru 2,9 milljarðar króna til komnir vegna samruna við Sparísjód Norðlendinga og tæplega 413 milljónir króna voru innborgað stofnfé. Mikið tap upp á 28,9 milljarða króna varð hins vegar á rekstri sjóðsins það ár og varð varasjóðurinn í kjölfarið neikvæður um rúma 14 milljarða króna. Tapið hafði áhrif til lækunar eiginfjárhlutfalls. Hlutfallið lækkaði einnig vegna þess að greiddur var út arður til stofnfjárhafa upp á 13,5 milljarða króna vegna afkomu ársins 2007. Þetta var hæsta arðgreiðsla í sögu sparísjóðanna en hún nam 49,4% af endurmetnu stofnfé í árslok 2007 og nærri tvöföldum hagnaði ársins.<sup>44</sup> Í árslok 2008 nam eigið fé 16,2 milljörðum króna, eða 6,4% af heildarfjármögnun sparísjóðsins. Varasjóðurinn var neikvæður um 14,4 milljarða króna og í árslok 2009 var hann enn neikvæðari vegna 38,8 milljarða króna taprekstrar sjóðsins og var eigið fé orðið neikvætt um 22,6 milljarða króna í lok ársins.<sup>45</sup>

Fjármálaeftirlitinu bar að fylgjast með því að eiginfjárhlutfall fjármála fyrirtækja væri ávallt yfir lögbundnu lágmarki, eða 8%, og var skýrslum um eiginfjárhlutfall skilað ársfjórðungslega til Fjármálaeftirlitsins. Sparísjóður vélstjóra uppfyllti eiginfjárkröfuna öll árin 2001–2005.

43. Ársreikningar Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparísjóðs 2006–2009.

44. Sjá nánari umfjöllun hér aftar.


45. Nánar er fjallað um aukningu stofnfjár, arðgreiðslur og endurmat síðar í kaflanum.

Tafla 8. Eigið fé og eiginfjárlutföll Sparísjóðs vélstjóra í árslok 2001–2005.<sup>46</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
Eigið fé samtals	2.944.355	3.641.503	4.219.870	4.977.507	6.088.409
Bókfært eigið fé/heildareignir	14,5%	17,6%	17,6%	16,7%	16,2%
Eiginfjárlutfall skv. ársreikningi	19,1%	25,5%	26,3%	19,7%	19,5%

Byr sparísjóður uppfyllti lágmarkskröfur um eiginfjárlutfall fram á mitt ár 2009. Mynd 9 sýnir hvernig eiginfjárlutfall þróaðist en árunum 2008 og 2009 er skipt upp eftir fjórðungum til að sýna betur framvinduna. Í árslok 2008 nam eigið fé 16,2 milljörðum króna, hlutfall bókfærðs eigin fjár af heildareignum var þá 6,4% og eiginfjárlutfallið 8,3%, einungis 0,3 prósentustigum yfir lögbundnu lágmarki. Í eiginfjárskýrslu Byrs sparísjóðs til Fjármálaeftirlitsins í lok júní 2009 var eiginfjárlutfallið 5,28% en þar sem unnið var að fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins fékk hann heimild til að starfa áfram þrátt fyrir að lágmarkseiginfjárlutfalli væri ekki náð. Í lok september 2009 var eigið fé orðið neikvætt um 1 milljarð króna og í árslok um 22,6 milljarða króna. Þá var eiginfjárlutfallið jafnframt neikvætt um 18,5%.<sup>47</sup>

Mynd 9. Eigið fé Byrs sparísjóðs og eiginfjárlutfall í árslok 2006–2009.<sup>48</sup>



### 18.1.3 Ársreikningar sparísjóða sem sameinuðust í Byr sparísjóð

Hér verður stiklað á stóru í ársreikningum þeirra sparísjóða sem sameinuðust Sparísjóði vélstjóra og Byr sparísjóði. Tilfærðar eru upplýsingar úr reikningum þeirra frá og með árinu 2001 og þar til þeir skiluðu síðasta uppgjöri sínu hver fyrir sig. Umfjöllunin er ekki eins ítarleg og um Sparísjóð vélstjóra og Byr sparísjóð. Þó eru sýndir samandregnir rekstrar- og efnahagsreikningar auk viðbótarupplýsinga sem nauðsynlegar eru þeim sem vilja átta sig á stóru línunum í starfsemi þessara sparísjóða umrædd ár. Umfjöllun um þessa sparísjóði er að finna víðar í kaflanum þar sem rætt er um einstaka starfsþætti.

#### 18.1.3.1 Ársreikningar Sparísjóðs Hafnarfjarðar 2001–2005

Sparísjóður Hafnarfjarðar sameinaðist Sparísjóði vélstjóra á árinu 2006. Reikningshaldslegur samruni miðaðist við 30. apríl 2006 enda þótt formleg sameining hafi ekki átt sér stað fyrir en 1. desember. Í töflu 9 og töflu 10 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparísjóðs Hafnarfjarðar fyrir árin 2001 til 2005 á verðlagi hvers árs. Ekki liggur fyrir

46. Ársreikningar Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005.

47. Nánar er fjallað um fjárhagslega endurskipulagningu sparísjóðsins síðar í kaflanum.

48. Ársreikningar Byrs sparísjóðs 2006–2009. Fyrir árin 2008 og 2009 er stuðst við skýrslur um eiginfjárlutfall sem sparísjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

rekstrarreikningur Sparisjóðs Hafnarfjarðar fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2006 nema í óendurskoðuðum drögum. Honum er þó hnytt aftan við rekstrarreikningana í töflu 9 til fróðleiks. Efnahagur Sparisjóðs Hafnarfjarðar kemur fram að fullu í efnahagsreikningi Byrs sparisjóðs 31. desember 2006.

Tafla 9. Rekstrarreikningar Sparisjóðs Hafnarfjarðar fyrir árin 2001–2005.

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006
						1. 1.–30.4.
Hreinar vaxtatekjur	1.087.579	1.043.554	1.156.257	1.194.495	1.357.598	417.782
Hreinar þjónustutekjur	383.202	317.681	351.748	337.173	290.794	94.732
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	59.233	74.735	40.882	136.945	369.839	116.844
Gengishagnaður (-tap) af fjáreignum	(317.211)	114.187	142.852	614.617	511.388	190.428
Aðrar rekstrartekjur	567.763	97.925	33.118	64.851	101.459	3.591
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>1.780.566</b>	<b>1.648.082</b>	<b>1.724.857</b>	<b>2.348.081</b>	<b>2.631.078</b>	<b>823.377</b>
Almennur rekstrarkostnaður	(1.228.150)	(1.224.237)	(1.162.964)	(1.339.566)	(1.542.301)	(486.371)
Önnur rekstrargjöld	(13.988)	(30.313)	(37.798)	(41.812)	(80.588)	(1.109)
Framlög í afskriftareikning útlána	(561.140)	(307.571)	(362.555)	(561.089)	(160.392)	(122.059)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>(1.803.278)</b>	<b>(1.562.121)</b>	<b>(1.563.317)</b>	<b>(1.942.467)</b>	<b>(1.783.281)</b>	<b>(609.539)</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>(22.712)</b>	<b>85.961</b>	<b>161.540</b>	<b>405.614</b>	<b>847.797</b>	<b>213.838</b>
Skattar samtals	131.128	(28.982)	23.780	(86.223)	(143.910)	(38.491)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>108.416</b>	<b>56.979</b>	<b>185.320</b>	<b>319.391</b>	<b>703.887</b>	<b>175.347</b>

Tafla 10. Samandregning efnahagsreikningar Sparisjóðs Hafnarfjarðar í árslok 2001–2005.

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
<b>Eignir:</b>					
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka o.fl.	73.782	69.782	78.274	77.376	64.208
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	1.484.262	1.522.426	2.483.643	7.053.971	5.742.100
Útlán o.fl. samtals	22.775.723	22.076.025	20.929.975	25.958.695	33.060.659
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	3.104.369	1.836.540	3.155.653	3.055.351	684.780
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	1.600.792	842.346	1.004.892	995.754	1.786.720
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	706.346	581.662	442.411	591.241	963.810
Rekstrarfjármunir samtals	577.742	509.184	401.433	367.617	281.164
Aðrar eignir	78.819	96.114	325.785	484.202	172.940
<b>Eignir samtals</b>	<b>30.401.835</b>	<b>27.534.079</b>	<b>28.822.066</b>	<b>38.584.207</b>	<b>42.756.381</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>					
Skuldir við lánastofnanir samtals	9.674.058	4.601.742	3.519.966	5.222.148	3.596.292
Innlán samtals	10.866.308	11.709.908	14.080.716	16.239.435	18.188.980
Lántaka samtals	5.129.025	6.360.064	6.046.092	11.480.906	14.482.986
Aðrar skuldir	426.747	413.703	482.368	302.636	445.557
Reiknaðar skuldbindingar samtals	744.802	797.988	819.621	975.366	1.266.377
Vikjandi skuldir	1.046.752	1.080.128	1.117.910	1.282.189	992.276
<b>Skuldir samtals</b>	<b>27.887.692</b>	<b>24.963.533</b>	<b>26.066.673</b>	<b>35.502.680</b>	<b>38.972.468</b>
<b>Eigið fé:</b>					
Stofnfé	5.762	6.171	6.624	14.689	16.413
Varasjóður	2.508.381	2.564.375	2.748.769	3.066.838	3.767.500
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>2.514.143</b>	<b>2.570.546</b>	<b>2.755.393</b>	<b>3.081.527</b>	<b>3.783.913</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>30.401.835</b>	<b>27.534.079</b>	<b>28.822.066</b>	<b>38.584.207</b>	<b>42.756.381</b>

Sparisjóður Hafnarfjarðar átti í talsverðum vandræðum um og eftir aldamótin. Mikil útlánatöp og gengistap af veltuhlutabréfum kostuðu sparisjóðinn háar fjárhæðir. Sparisjóðurinn seldi eignarhlut sinn í Kaupþingi í tvennu lagi árin 2000 og 2001. Bókfærður söluhagnaður vegna þessa nam samtals tæpum 1,2 milljörðum króna þessi tvö ár. Sparisjóðurinn fjárfesti þá mikið í óskráðum erlendum veltuhlutabréfum. Strax á árinu 2001 varð mikið tap á þessum fjárfestingum sem og árið eftir. Á árinu 2002 seldi sparisjóðurinn eignarhluti sína í Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. og Scandinavian Holding S.A. og nam tekjufærður hagnaður vegna þessara félaga samtals um 65 milljónum króna. Árið 2003 varð viðsnúningur í afkomu af markaðsskuldabréfum því innlend bréf skiluðu þá drjúgum hagnaði. Verðbréfastarfsemin stóð algjörlega undir hagnaði sparisjóðsins árin 2004 og 2005 en afkoma kjarnastarfseminnar var neikvæð. Útlánaaukning 2004 og 2005 stafaði að verulegu leyti af samningi við Íbúðalánasjóð þar sem sparisjóðurinn seldi Íbúðalánasjóði

greiðsluflæði af nákvæmlega tilgreindum íbúðaveðlánnum gegn fjármögnun lánanna. Í árslok 2004 seldi sparisjóðurinn þannig frá sér íbúðalán upp á nærri 3,5 milljarða króna og árið eftir upp á 1,6 milljarða króna. Hreinar vaxtatekjur af þessum samningum voru sáralitlar og áttu mikinn þátt í að vaxtamunur sparisjóðsins fór lækkanði.

Tafla 11. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Hafnarfjarðar 2001–2005.

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
<b>Úr rekstri:</b>					
Vaxtamunur	5,0%	4,9%	5,2%	5,8%	4,7%
Meðalvextir útlána	16,2%	12,5%	10,9%	11,4%	11,7%
Meðalvextir innlána	10,6%	7,3%	5,4%	5,3%	6,7%
Stöðugildi í árslok	128	113	115	111	97
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	4.514	5.570	5.372	6.307	9.366
Laun og þóknanir til yfirstjórnar	44.000	28.000	23.976	29.401	35.155
þar af til sparisjóðsstjóra	...	...	15.657	18.906	25.035
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	(318.509)	(170.573)	(17.514)	(368.987)	(54.301)
<b>Úr efnahag:</b>					
CAD-hlutfall	11,7%	12,1%	11,4%	12,2%	15,1%
Hlutfall innlána á móti útlánnum	47,7%	53,0%	67,3%	62,6%	55,0%
Staða afskriftareiknings í árslok	623.623	593.744	491.238	537.252	485.918
Niðurfærsluhlutfallið	2,7%	2,7%	2,4%	2,1%	1,5%
Varúðarfærsla ársins (framlag í afskriftareikning)	561.140	307.571	362.555	561.089	160.392
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	(376.283)	(344.033)	(476.479)	(529.881)	(253.018)

Sparisjóður Hafnarfjarðar greiddi stofnfjárhöfum arð af stofnfé þeirra á umræddu tímabili, samtals 6,3 milljónir króna. Á sama tíma var stofnfé hækkað með endurmati um samtals 3,3 milljónir króna.

### 18.1.3.2 Ársreikningar Sparisjóðs Kópavogs 2001–2007

Sparisjóður Kópavogs sameinaðist Byr sparisjóði síðla árs 2007. Reikningshaldslegur samruni miðaðist við 1. nóvember 2007 en formleg sameining varð 14. nóvember. Í töflu 12 og töflu 13 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparisjóðs Kópavogs fyrir árin 2001 til 2006 á verðlagi hvers árs. Ekki liggur fyrir rekstrarreikningur Sparisjóðs Kópavogs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins 2007 nema í óendurskoðuðum drögum. Honum er þó hnýtt aftan við rekstrarreikningana í töflu 12 til fróðleiks. Efnahagur Sparisjóðs Kópavogs kemur fram að fullu í efnahagsreikningi Byrs sparisjóðs 31. desember 2007.

Sparisjóður Kópavogs tók upp reikningsskil í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) á árinu 2007. Áhrif þeirrar breytingar voru þau að eigið fé sparisjóðsins miðað við 1. janúar 2007 hækkaði um tæplega 150 milljónir króna frá því sem það var 31. desember 2006 samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum. Hækkunin skýrðist einkum af matsbreytingum á fjáreignum tilgreindum á gangvirði.

Tafla 12. Rekstrarreikningar Sparisjóðs Kópavogs fyrir árin 2001–2006.

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
							1. jan.-31. okt.
Hreinar vaxtatekjur	439.980	353.377	351.599	389.475	420.908	357.745	246.914
Hreinar þjónustutekjur	105.937	111.283	106.959	100.005	96.046	104.223	79.076
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	12.036	9.357	22.167	55.484	219.341	50.471	727.387
Gengishagnaður (-tap) af fjáreignum	(84.266)	1.558	51.479	79.894	10.272	609.703	326.814
Aðrar rekstrarstekjur	33.304	78.468	32.455	2.271	5.017	50.387	97.213
<b>Hreinar rekstrarstekjur</b>	<b>506.991</b>	<b>554.043</b>	<b>564.659</b>	<b>627.129</b>	<b>751.584</b>	<b>1.172.529</b>	<b>1.477.404</b>
Almennur rekstrarkostnaður	(413.187)	(413.932)	(343.733)	(389.859)	(410.549)	(460.972)	(545.124)
Önnur rekstrargjöld	(5.352)	(22.958)	(10.212)	(17.042)	(3.862)	-	-
Framlög í afskriftareikning útlána	(252.876)	(85.099)	(221.526)	(57.489)	(74.593)	(93.181)	(86.793)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>(671.415)</b>	<b>(521.989)</b>	<b>(575.471)</b>	<b>(464.390)</b>	<b>(489.004)</b>	<b>(554.153)</b>	<b>(631.917)</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>(164.424)</b>	<b>32.054</b>	<b>(10.812)</b>	<b>162.739</b>	<b>262.580</b>	<b>618.376</b>	<b>845.487</b>
Skattar samtals	73.722	(4.953)	2.513	(28.260)	(24.121)	(106.979)	(147.877)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>(90.702)</b>	<b>27.101</b>	<b>(8.299)</b>	<b>134.479</b>	<b>238.459</b>	<b>511.397</b>	<b>697.610</b>

Tafla 13. Samandregningur efnahagsreikningar Sparisjóðs Kópavogs í árslok 2001–2006.

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Eignir:</b>						
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka o.fl.	64.534	55.739	66.083	69.014	67.737	64.467
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	245.170	1.144.559	2.297.771	1.701.410	1.577.188	1.518.880
Útlán o.fl. samtals	7.256.640	6.837.040	5.980.985	8.251.915	12.319.838	15.817.519
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	717.001	229.695	155.056	74.679	1.646.821	567.142
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	274.657	189.590	169.635	292.150	862.238	2.451.766
Hlutir í hlutdeildarfyrtækjum	204.414	147.241	164.998	215.488	308.011	–
Rekstrarfjármunir samtals	235.529	216.106	262.261	255.380	263.808	595.774
Aðrar eignir	50.149	23.820	9.028	10.425	21.374	34.568
<b>Eignir samtals</b>	<b>9.048.094</b>	<b>8.843.790</b>	<b>9.105.817</b>	<b>10.870.461</b>	<b>17.067.015</b>	<b>21.050.116</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>						
Skuldir við lánastofnanir samtals	1.357.067	429.361	201.492	204.550	1.905.664	1.574.003
Innlán samtals	4.223.214	5.171.182	6.110.225	6.571.128	8.149.803	11.172.114
Lántaka samtals	2.154.795	2.042.524	1.739.506	2.998.252	5.242.936	5.418.525
Aðrar skuldir	268.020	98.544	85.737	59.328	83.898	486.050
Reiknaðar skuldbindingar samtals	125.145	129.732	90.485	120.383	135.449	277.816
Víkjandi skuldir	220.439	285.058	241.252	183.284	671.481	703.360
<b>Skuldir samtals</b>	<b>8.348.680</b>	<b>8.156.401</b>	<b>8.468.697</b>	<b>10.136.925</b>	<b>16.189.231</b>	<b>19.631.868</b>
<b>Eigið fé:</b>						
Stofnfé A-flokkur	355.661	380.103	370.930	352.048	364.968	383.186
Stofnfé B-flokkur	77.398	71.022	69.320	62.035	33.139	34.512
Stofnfé samtals	433.059	451.125	440.250	414.083	398.107	417.698
Varasjóður	266.355	236.264	196.870	319.453	479.677	1.000.550
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>699.414</b>	<b>687.389</b>	<b>637.120</b>	<b>733.536</b>	<b>877.784</b>	<b>1.418.248</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>9.048.094</b>	<b>8.843.790</b>	<b>9.105.817</b>	<b>10.870.461</b>	<b>17.067.015</b>	<b>21.050.116</b>

Tafla 14. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Kópavogs 2001–2006.

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Úr rekstri:</b>						
Vaxtamunur	7,2%	6,6%	7,0%	6,4%	4,7%	3,5%
Meðalvextir útlána	17,7%	13,6%	12,4%	11,8%	11,4%	13,3%
Meðalvextir innlána	9,7%	6,5%	5,1%	5,1%	6,5%	9,5%
Stöðugildi í árslok	45	37	36	33	33	34
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	4.303	5.629	4.271	5.764	5.666	6.123
Laun og þóknarir til yfirstjórnar	15.900	14.707	17.090	19.312	21.589	23.622
þar af til sparisjóðsstjóra	...	8.747	10.850	13.072	14.029	15.162
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	(120.146)	(34.371)	(106.701)	42.132	31.812	(92.185)
<b>Úr efnahag:</b>						
CAD-hlutfall	10,0%	12,0%	12,3%	12,0%	14,1%	11,3%
Hlutfall innlána á móti útlánnum	60,4%	78,3%	107,1%	80,6%	66,2%	70,6%
Staða afskriftareiknings í árslok	364.943	250.730	281.651	106.517	138.339	173.424
Niðurfærsluhlutfallið	5,0%	3,7%	4,7%	1,3%	1,1%	1,1%
Varúðarfærsla ársins (framlag í afskriftareikning)	252.876	85.099	221.526	57.489	74.593	93.181
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	148.013	199.312	194.759	236.862	45.349	63.287

Sparisjóður Kópavogs tók árið 1998 að gefa út stofnfjársbréf í svokölluðum B-flokki. Þau áttu að njóta hærri arðgreiðslna en almennu stofnfjársbréfin sem nam 4% ofan á samþykkt arðgreiðsluhlutfall. Þetta var gert í því skyni að laða að nýja stofnfjársbæfa og styrkja með því eigið fé sparisjóðsins. Þessi nýbreytni tókst illa og tók sjóðurinn að kaupa upp B-flokksbréfin og gefa út bréf í A-flokki í staðinn.<sup>49</sup> Sparisjóðurinn greiddi stofnfjársbæfa vegna árána 2001–2006, samtals 411 milljónir króna, og á sömu árum var stofnfé hækkað með endurmati um samtals 94 milljónir króna.

Sparisjóðurinn átti í töluverðum erfiðleikum um aldamótin. Útlánatöp voru þónokkur og áhættusamar fjárfestingar í veltuhlutabréfum leiddu til mikils gengistaps. Samt hafði sparisjóðurinn innleyst verulegan hagnað vegna eignarhlutar í Kaupþingi hf. sem hann seldi á árunum 2000 og 2001. Fyrra árið nam gengishagnaður og söluhagnaður vegna

49. Nánar er fjallað um þetta hér aftar í kaflanum þar sem stofnfé, arður og endurmat er til umræðu.

Þessa um 400 milljónum króna og síðara árið 30 milljónum króna. Næstu tvö til þrjú ár var unnið að því að rétta reksturinn við. Dregið var úr útlánnum, starfsfólki fækkað og fjáreignir seldar. Endanleg útlánatöp á árunum 2001–2004 námu 780 milljónum króna. Sparisjóðurinn tók aftur að skila hagnaði 2004 og fór hann vaxandi allt þar til hann sameinaðist Byr sparisjóði 2007. Afkoma af kjarnastarfsemi hafði verið neikvæð um margra ára skeið en varð jákvæð árin 2004 og 2005. Eftir að lánasamstarf við Íbúðalánasjóð hófst í árslok 2004 tóku útlán að vaxa að nýju. Sparisjóðurinn seldi Íbúðalánasjóði þannig greiðsluflæði af íbúðalánnum fyrir 1,6 milljarða króna í árslok 2004 og fyrir 645 milljónir króna árið 2005. Þetta samstarf skilaði óverulegum hreinum vaxtatekjum og því var tekið að leggja áherslu á fjárfestingar að nýju. Þær héldu síðan uppi afkomu sparisjóðsins allt til sameiningarinnar við Byr.

### 18.1.3.3 Ársreikningar Sparisjóðs Norðlendinga 2001–2007

Sparisjóður Norðlendinga sameinaðist Byr sparisjóði í mars 2008. Reikningshaldslegur samruni miðaðist við 1. apríl 2008 enda þótt formleg sameining hafi átt sér stað 19. mars. Í töflu 15 og töflu 16 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparisjóðs Norðlendinga fyrir árin 2001–2007 á verðlagi hvers árs. Ekki liggur fyrir rekstrarreikningur Sparisjóðs Norðlendinga fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2008. Í ársreikningi Byrs sparisjóðs 2008 kemur þó fram í skýringarlið 70 að ef sameiningin hefði átt sér stað í ársbyrjun þá hefði afkoma Byrs sparisjóðs verið 95 milljónum króna hærri. Efnahagur Sparisjóðs Norðlendinga kemur fram að fullu í efnahagsreikningi Byrs sparisjóðs 31. desember 2008.

Tafla 15. Rekstrarreikningar Sparisjóðs Norðlendinga fyrir árin 2001–2007.

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Hreinar vaxtatekjur	182.690	185.346	186.523	210.887	211.719	260.696	262.949
Hreinar þjónustutekjur	56.694	64.202	70.799	75.101	76.696	85.824	91.336
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	(65.834)	7.035	50.613	93.756	124.432	181.742	189.620
Gengishagnaður (-tap) af fjáreignum	(122.074)	21.938	(5.148)	58.468	112.204	48.071	282.179
Aðrar rekstrartekjur	5.570	25.202	11.649	6.669	7.514	1.230	333.277
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>57.046</b>	<b>303.723</b>	<b>314.436</b>	<b>444.881</b>	<b>532.565</b>	<b>577.563</b>	<b>1.159.361</b>
Almennur rekstrarkostnaður	(162.978)	(174.299)	(200.320)	(229.537)	(268.753)	(287.477)	(400.899)
Framlög í afskriftareikning útlána	(53.923)	(29.733)	(52.404)	(58.062)	(70.997)	(81.208)	(89.833)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>(216.901)</b>	<b>(204.032)</b>	<b>(252.724)</b>	<b>(287.599)</b>	<b>(339.750)</b>	<b>(368.685)</b>	<b>(490.732)</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>(159.855)</b>	<b>99.691</b>	<b>61.712</b>	<b>157.282</b>	<b>192.815</b>	<b>208.878</b>	<b>668.629</b>
Skattar samtals	37.554	(19.256)	(4.130)	(30.832)	(6.337)	(22.910)	(109.005)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>(122.301)</b>	<b>80.435</b>	<b>57.582</b>	<b>126.450</b>	<b>186.478</b>	<b>185.968</b>	<b>559.624</b>

Sparisjóður Norðlendinga seldi hlut sinn í Kaupþingi hf. á árinu 2000 og innleysti með því söluhagnað upp á 125 milljónir króna. Skattareglur ýttu undir það að sjóðurinn fjárfesti að nýju í hlutabréfum ef hann vildi komast hjá að greiða tekjuskatt af söluhagnaði. Af þeim sökum keypti sparisjóðurinn umtalsvert af hlutabréfum á næstu tveimur árum en strax á árinu 2001 varð mikið gengistap á fjáreignum. Sparisjóðurinn tapaði þá nærri 100 milljónum króna á óskráðum erlendum veltuhlutabréfum og horfðist í augu við tap af starfseminni eftir margra ára rekstrarhagnað. Brugðið var á það ráð árið 2002 að selja talsvert af hlutabréfum og skilaði sjóðurinn aftur hagnaði það ár. Árið 2003 var líka erfitt hvað fjárfestingartekjur varðaði. Þá var færð niður að fullu 17 milljóna króna viðskiptavild vegna kaupa á hlut í Íslenskum verðbréfum. Á þessum árum var það þó afkoman af kjarnastarfsemi sem hélt hagnaðinum réttum megin við strikið. Sparisjóður Norðlendinga hafði um skeið verið með einhvern hæsta vaxtamun allra sparisjóða. Það tók þó að breytast frá og með árinu 2004. Undir lok þess árs gerði sparisjóðurinn samning við Íbúðalánasjóð sem gekk út á að sparisjóðurinn seldi Íbúðalánasjóði greiðsluflæði af nákvæmlega tilgreindum íbúðalánnum gegn fjármögnun þeirra. Í árslok 2004 var samið um sölu og fjármögnun slíkra lána fyrir um 460 milljónir króna. Þá keypti Íbúðalánasjóður skuldabréf af sparisjóðnum með veði í safni fasteignaveðlana fyrir 572 milljónir króna. Þessir samningar skiluðu óverulegum hreinum vaxtatekjum og lækkuðu því vaxtamun sparisjóðsins umtalsvert. Afkoma af kjarnastarfsemi varð neikvæð frá og með árinu 2005.



Árið 2004 tóku fjáreignir að gefa betur af sér og tekjufærði sparisjóðurinn þá nærri 100 milljóna króna hlutdeild í hagnaði Sparisjóðabankans hf. og Íslenskra verðbréfa hf. Sú þróun hélt áfram allt til þess að sparisjóðurinn sameinaðist Byr sparisjóði á árinu 2008.

Tafla 16. Samandreginir efnahagsreikningar Sparisjóðs Norðlendinga í árslok 2001–2007.

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Eignir:</b>							
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka o.fl.	12.440	16.244	20.829	19.325	21.443	24.052	26.634
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	408.542	338.004	529.369	27.209	672.339	1.202.255	3.867.283
Útlán o.fl. samtals	2.858.644	2.816.460	3.196.003	4.232.642	6.368.786	9.534.231	11.929.050
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	211.854	361.972	296.175	171.181	184.992	429.263	557.400
Hlutabréf og verðbréf með breyttil. tekjum	111.879	214.136	189.199	954.740	822.106	709.172	1.364.082
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	170.034	146.959	194.394	273.832	267.808	463.630	242.212
Rekstrarfjármunir samtals	152.531	195.066	214.668	217.232	200.571	187.512	260.473
Aðrar eignir	33.435	11.055	12.717	15.887	28.056	35.683	30.879
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.959.359</b>	<b>4.099.896</b>	<b>4.653.354</b>	<b>5.912.048</b>	<b>8.566.101</b>	<b>12.585.798</b>	<b>18.278.013</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>							
Skuldir við lánastofnanir samtals	1.145.233	663.286	438.094	240.561	567.602	804.334	1.593.011
Innlán samtals	2.213.449	2.739.253	3.458.716	3.955.025	5.501.457	8.002.119	8.485.357
Lántaka samtals				811.716	1.351.374	2.157.014	2.978.688
Aðrar skuldir	45.249	55.028	41.707	63.913	103.674	223.744	179.605
Reiknaðar skuldbindingar samtals		2.172	4.416	32.723	39.060	61.035	158.687
Vikjandi skuldir	225.150	229.663	242.382	213.666	222.094	237.531	520.954
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.629.081</b>	<b>3.689.402</b>	<b>4.185.315</b>	<b>5.317.604</b>	<b>7.785.261</b>	<b>11.485.777</b>	<b>13.916.302</b>
<b>Eigið fé:</b>							
Stofnfé	2.420	2.468	2.941	3.603	4.679	142.138	2.908.448
Varasjóður	327.858	408.026	465.098	590.841	776.161	957.883	1.453.263
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>330.278</b>	<b>410.494</b>	<b>468.039</b>	<b>594.444</b>	<b>780.840</b>	<b>1.100.021</b>	<b>4.361.711</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.959.359</b>	<b>4.099.896</b>	<b>4.653.354</b>	<b>5.912.048</b>	<b>8.566.101</b>	<b>12.585.798</b>	<b>18.278.013</b>

Tafla 17. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Norðlendinga 2001–2007.

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Úr rekstri:</b>							
Vaxtamunur	8,7%	6,9%	6,8%	5,5%	5,4%	5,1%	2,8%
Meðalvextir útlána	19,0%	14,9%	13,1%	12,4%	12,5%	14,0%	13,5%
Meðalvextir innlána	9,6%	7,4%	5,9%	6,6%	6,7%	8,5%	10,4%
Stöðugildi í árslok	19	20	21	22	22	23	24
Meðallaunakostn. á stöðugildi	3.944	4.200	4.563	5.111	6.154	5.846	7.479
Laun og þóknar til yfirstjórnar	13.000	16.000	18.678	15.163	24.104	15.360	24.302
þar af til sparisjóðsstjóra	...	...	11.480	10.573	17.624	9.960	18.362
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	22.483	45.516	4.598	106.128	(51.335)	(22.165)	(136.447)
<b>Úr efnahag:</b>							
CAD-hlutfall	11,2%	13,9%	12,2%	11,6%	12,7%	12,3%	36,2%
Hlutfall innlána á móti útlánnum	77,6%	98,6%	109,8%	94,5%	86,9%	84,2%	71,3%
Staða afskriftareiknings í árslok	168.707	181.052	156.614	170.197	190.632	271.205	329.370
Niðurfærsluhlutfallið	5,6%	6,1%	4,7%	3,9%	2,9%	2,8%	2,7%
Varúðarfærsla ársins (framlag í afskr.reikn.)	53.923	29.733	52.404	58.063	70.997	81.208	89.833
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	2.735	17.388	76.842	44.480	50.562	635	31.668

Sparisjóður Norðlendinga greiddi stofnfjárhöfum arð af stofnfé þeirra á umræddu tímabili, samtals 1,3 milljarða króna. Þar af var síðasta greiðslan 1.280 milljónir króna. Sú var vegna ársins 2007. Hún var 51,2 milljónir króna umfram það sem reglur leyfðu. Einnig var hún athyglisverð fyrir þær sakir að hún nam 44% af stofnfé í lok árs 2007 og að hún var 128% hærri en hagnaður ársins. Stofnfé var hækkað með endurmati á tímabilinu um samtals 38,2 milljónir króna.

## 18.2 Útlán


Útlán Byrs sparisjóðs til viðskiptavina námu minnst 64% af efnahag sparisjóðsins á árunum 2006–2009, en mest voru þau 71% af heildareignum sparisjóðsins. Útlán voru tæpir 73 milljarðar króna árið 2006 en höfðu rúmlega tvöfaldast árið 2008 er þau náðu hámarki í 172 milljörðum króna. Árið 2009 lækkuðu útlán til viðskiptamanna í 145 milljarða króna en lækkunina má einkum rekja til afskrifta af lánunum.

Tafla 18. Útlán Byrs sparisjóðs sem hlutfall af heildareignum 2006–2009.<sup>50</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Útlán til viðskiptamanna	72.988.464	117.737.319	172.325.172	144.663.131
Eignir	104.188.485	184.852.481	253.208.995	203.234.858
<b>Útlán sem hlutfall af eignum</b>	<b>70%</b>	<b>64%</b>	<b>68%</b>	<b>71%</b>

Í lok árs 2006 voru gengisbundin útlán Byrs tæplega 16% af heildarútlánunum. Hluttur þeirra í útlánasafni sparisjóðsins jókst á árinu 2007, sérstakleg á síðasta ársfjórðungi þess árs, en á árinu 2008 skekkist samanburður milli lána í erlendum myntum og íslenskum krónum við gengisfall krónunnar í árslok 2008 sem varð til þess að hlutfall gengistryggðra lána varð mun hærra en verið hafði. Í upphafi árs 2009 hafði töluverðum hluta gengistryggðra lána verið skilmálabreytt í lán í íslenskum krónum og því hækkaði hlutfall þeirra.

Mynd 10. Gengisbundin útlán Byrs sparisjóðs 2006–2009.<sup>51</sup>



Samkvæmt sundurliðunum úr ársreikningi voru skuldabréf um 80% útlána sparisjóðsins en næstalgengust voru yfirdráttarlán. Þetta vísar til þess að þá sem fram kemur á töflum yfir allt sparisjóðakerfið, þar sem flokkurinn „annað“ fór sífellt stækkandi, en undir hann flokkuðu margir sparisjóðir lánasamninga sem gerðir voru.

Tafla 19. Sundurliðun á formi útlána Byrs sparisjóðs 2006–2009.<sup>52</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Yfirdráttarlán	13.514.810	15.155.948	21.901.146	22.673.838
Afurða- og rekstrarlán	–	–	–	–
Víxlar	156.894	119.508	278.083	245.497
Skuldabréf	58.937.108	102.314.655	149.451.889	119.497.579
Innleystar ábyrgðir	–	–	–	–
Annað	379.652	147.208	694.054	2.246.216
<b>Samtals</b>	<b>72.988.464</b>	<b>117.737.319</b>	<b>172.325.172</b>	<b>144.663.130</b>

50. Ársreikningar Byrs sparisjóðs 2006–2009.

51. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Sjá nánari umfjöllun um skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og skýrslur um útlán og vanskil í 6. og 9. kafla.

52. Ársreikningar Byrs sparisjóðs 2006–2009.

Útlán til einstaklinga voru stærsti hluti útlána Byrs sparísjóðs til viðskiptavina, eða um 60% á árunum 2006–2008. Árið 2009 hækkaði hlutur útlána til fyrirtækja í þjónustustarfsemi úr 25% í 40% af heildarútlánnum. Var sú aukning einkum á kostnað lána til einstaklinga en vægi þeirra lækkaði úr 64% í árslok 2007 í 41% í lok árs 2009.<sup>53</sup>

Tafla 20. Skipting útlána til viðskipta Byrs sparísjóðs 2006–2009.<sup>54</sup>

Sundurliðun eftir lántakendum	2006	2007	2008	2009
<b>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</b>	<b>0,1%</b>	<b>0,1%</b>	<b>0,2%</b>	<b>0,4%</b>
<b>Fyrirtæki</b>	<b>38,1%</b>	<b>36,2%</b>	<b>40,7%</b>	<b>58,6%</b>
Sjávarútvegur	0,2%	0,3%	0,6%	0,9%
Verslun	5,8%	4,7%	4,7%	6,8%
Iðnaður	10,7%	10,3%	10,1%	10,5%
Þjónustustarfsemi	21,4%	20,9%	25,3%	40,4%
<b>Einstaklingar (íbúðalán og annað)</b>	<b>61,8%</b>	<b>63,7%</b>	<b>59,1%</b>	<b>41,0%</b>
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

Afskriftir jukust verulega á árinu 2008 en árslokastaða afskriftareiknings útlána hækkaði úr 1% af útlánnum árið 2007 í tæp 28% af útlánnum í árslok 2008.

Tafla 21. Útlán Byrs sparísjóðs og afskriftareikningur útlána í árslok 2006–2009.<sup>55</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Heildarútlán	73.736.208	119.494.210	197.613.256	200.310.654
Staða afskriftareiknings í árslok	747.744	1.756.891	25.288.084	55.647.523
<b>Útlán til viðskiptavina</b>	<b>72.988.464</b>	<b>117.737.319</b>	<b>172.325.172</b>	<b>144.663.131</b>
Niðurfærsluhlutfall	1,0%	1,5%	12,8%	27,8%
Framlag ársins í afskriftareikning	89.153	816.763	23.638.342	37.795.045
<b>Endanlega afskrifuð útlán á árinu</b>	<b>205.517</b>	<b>(33.688)</b>	<b>(573.291)</b>	<b>(6.165.727)</b>

### 18.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila við útlánasafn Byrs sparísjóðs

Innri endurskoðandi Byrs sparísjóðs gerði athugun á ýmsum þáttum í útlánasafni sparísjóðsins. Könnun hans fólst meðal annars í úttekt á vinnubrögðum og ferlum við lánveitingar, vanskilum útlána og sérgreindum afskriftum og yfirferð á fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og starfsmanna. Einnig var gerð greining og samantekt á heildarskuldbindingum og tryggingum stærstu lánþega sparísjóðsins. Í skýrslum innri endurskoðanda vegna áranna 2007, 2008 og 2009 var þó hvorki getið þeirra viðskiptamanna sem skoðaðir höfðu verið né hver niðurstaða skoðunarinnar hafði verið. Í skýrslunni fyrir árið 2009 sagði um stærstu lánþega:

Staða stærstu aðilanna 2009 var síbreytileg á þeim tíma sem verið var að vinna skýrsluna, m.a. að aðilar urðu gjaldþrota og því fallnir út úr þeim hópi sem þeir tilheyrðu, tengingar milli aðila breyttust á vinnslutímanum þannig að stöðugt var verið að breyta upplýsingum og því var það mat innri og ytri endurskoðanda að skýrslan sýndi ekki réttar upplýsingar um stöðu aðila m.v. þann tímamark sem upplýsingar voru fyrst teknar út.<sup>56</sup>

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2008 var gerð athugasemd við vanskil hjá starfsmönnum sparísjóðsins og í skýrslunni vegna ársins 2010 sagði að margir starfsmenn væru nokkuð skuldsettir, meðal annars vegna lána til stofnfjárkaupa.

Ytri endurskoðandi sparísjóðsins hjá KPMG fór yfir afskriftareikning útlána samkvæmt endurskoðunarskýrslum á árunum 2005–2008.<sup>57</sup> Í mars 2009 skilaði KPMG sérstakri skýrslu um skoðun á útlánnum Byrs sparísjóðs. Helstu niðurstöður voru þær að fjármálakreppan hefði haft slæm áhrif á útlánasafn sparísjóðsins og væri ljóst að stórar fjárhæðir myndu tapast. Stærstu fyrirsjáanlegu útlánatöpin tengdust Baugi Group hf., Stoðum hf. (áður FL

53. Í athugasemdam til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 sagði Ragnar Z. Guðjónsson fyrrverandi sparísjóðsstjóri að ný útlán hefðu ekki verið veitt í neinum mæli árið 2009. Verðbólga, gengisfall krónunnar og afskriftir hefðu breytt hlutföllum á milli þessara flokka.

54. Ársreikningar Byrs sparísjóðs 2006–2009.

55. Ársreikningar Byrs sparísjóðs 2006–2009.

56. Skýrsla innri endurskoðunar Byrs sparísjóðs 2009.

57. Fram til ársins 2007 voru gerðar sérstakar endurskoðunarskýrslur fyrir Sparísjóð Hafnarfjarðar, Sparísjóð Kópavogs, Sparísjóð Norðlendinga og Sparísjóð vélstjóra.

Group hf.), Runnafélögunum, Hansa ehf. og eignarhaldsfélögunum sem keyptu hluti í Sparisjóðabanka Íslands hf. (þá Icebank hf.) haustið 2007.<sup>58</sup> Fram kom að Sparisjóðurinn hefði fært stór framlög í afskriftareikning vegna útlána til þessara aðila en ljóst þótti að þau myndu tapast að fullu. Þá var einnig bent á slæma stöðu fasteignafélaga og annarra félaga með hátt hlutfall skulda í erlendri mynt.<sup>59</sup>

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun á útlánaáhættu Byrs sparisjóðs í september 2007 og gaf út skýrslu um hana í október sama ár. Helstu niðurstöður voru þær að nokkuð skorti á yfirsýn yfir útlánamál hjá sparisjóðnum. Þá taldi Fjármálaeftirlitið óeðlilegt að stjórnendur eða stjórnarmenn eins fjármálafyrirtækis sætu í stjórn annars, með tilliti til hagsmunaárekstra, hæfis og heilbrigðra viðskiptahátta. Jafnframt væri óljóst samkvæmt lánareglum hverjar útlánaheimildir sparisjóðsstjóra væru, en ekki mætti leika vafi á því hve háar upphæðir sparisjóðsstjóri mætti samþykkja án samráðs við aðra. Eins væru lánareglur óskýrar hvað varðaði hlutverk og heimildir lánanefndar, auk þess sem hún héldi ekki fundargerðir. Áhættustýring sparisjóðsins hefði ekki gott yfirlit yfir útlána-áhættu sparisjóðsins og ekki væru framkvæmd regluleg álagspróf eða aðrar greiningar til að meta útlánaáhættu. Var sérstaklega bent á að samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2004 bæri sparisjóðnum að halda utan um umfang gengisbundinna útlána til aðila sem ekki hefðu tekjur í erlendum gjaldmiðlum. Athugun á nokkrum lántökum sparisjóðsins hefði leitt í ljós tryggingavöntun vegna lána og að skráning í tölvukerfum sparisjóðsins endurspeglaði ekki raunverulega stöðu láns. Þegar lánsbeiðni væri samþykkt þyrfti að koma skýrt fram ef veita ætti lán án trygginga og rökstyðja slíkt frávik frá meginreglu. Stjórnarmenn og starfsmenn sem tengdust málum sem kæmu fyrir stjórn til afgreiðslu ættu undantekningarlaust að víkja af fundi á meðan viðkomandi mál væri tekið fyrir. Við úttekt Fjármálaeftirlitsins á útlánaáhættu tengdri verðbréfum var gerð athugasemd við að markaðsverð trygginga vegna lána með veði í verðbréfum væri aðeins uppfært ársfjórðungslega. Fylgdi því töluverð tapsáhætta að eftirlit væri ekki framkvæmt daglega. Þá þyrfti að meta reglulega bréf sem væru til tryggingar útlánum sjóðsins en ekki skráð á verðbréfamarkaði. Vitnaði Fjármálaeftirlitið til skýrslu innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs frá 15. maí 2007 þar sem fram kom að við skoðun á stærstu áhættuskuldbindingum sparisjóðsins hefði 2,7 milljarða króna vantað upp á að formlegar tryggingar væru til staðar í öllum tilvikum. Taldi Fjármálaeftirlitið að æskilegt væri að reglulega væri gert yfirlit yfir útlán þar sem tryggingar skorti.<sup>60</sup>

Hvað varðaði mat á tengslum og meðhöndlun tengdra aðila var gerð athugasemd við að sparisjóðurinn héldi ekki með formlegum hætti utan um tengsl viðskiptavina sinna. Beindi Fjármálaeftirlitið því til forsvarsmanna Byrs sparisjóðs að það yrði gert. Tengsl viðskiptavina þyrftu að liggja fyrir þegar lán væri veitt og vera reglulega endurskoðuð og skráð. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við að aðila hefði vantað inn á yfirlit yfir viðskipti við venslaða aðila, en brýnt væri að slíkt yfirlit væri rétt á hverjum tíma. Þá væru afskriftareglur útlána ekki undirritaðar og hefðu ekki verið samþykktar af stjórn sparisjóðsins. Niðurstöður könnunarinnar voru sendar sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs með bréfi 24. október 2007 og krafist úrbóta í samræmi við athugasemdirnar í skýrslunni innan tiltekinna tímamarka, ýmist þegar í stað eða innan fjögurra vikna. Skýrslan skyldi tekin til umfjöllunar í stjórn Byrs sparisjóðs og fundargerð þess stjórnarfundar send til Fjármálaeftirlitsins.<sup>61</sup> Var það gert á fundi stjórnar sparisjóðsins 1. nóvember 2007.

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins sem fylgdi skýrslunni var óskað eftir úrbótum innan tiltekinna tímamarka. Jafnframt fór eftirlitið fram á að ytri endurskoðandi sparisjóðsins yfirfæri úrbæturnar að fresti loknum og skilaði skýrslu um þær til Fjármálaeftirlitsins fyrir 31. janúar 2008.<sup>62</sup> Í svari endurskoðandans frá 7. febrúar 2008 var greint frá að búið væri að samþykkja nýjar útlánareglur, fjölga starfsfólki í áhættustýringu og skerpa á verkefnum þeirra. Misræmi í útlánaheimildum sparisjóðsstjóra hefði verið lagfært og nýjar útlánaheimildir samþykktar af stjórn. Þá hefðu hlutverk og heimildir lánanefndar verið skilgreind og

58. Svo kölluð Icebank hluthafalán. Sjá nánari umfjöllun í 9. kafla.

59. Útlánaskoðun KPMG endurskoðunar hf. í Byr sparisjóði, 4. mars 2009.

60. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.

61. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.

62. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 24. október 2007.

ráðinn lánastjóri sem bæri ábyrgð á stöfum lánanefndar og hefði meðal annars það hlutverk að rita fundargerðir lánanefndar. Starfsmönnum áhættustýringar hefði verið fjölgað úr einum í þrjá og auk þess hefði álagsprófum og greiningum fjölgað. Búið væri að leiðrétta rangar skráningar í tölvukerfi sem bent hefði verið á, og rætt hefði verið við starfsmenn um mikilvægi útlánaskráningar. Sparisjóðurinn hefði sett inn í nýsamþykktar útlánareglur ákvæði um að halda skyldi utan um fjárhagsleg tengsl viðskiptavina með formlegum hætti og þau þyrftu að liggja fyrir við upphaf lánveitingar. Fjárhagsleg tengsl viðskiptavina sem væru yfir 5% af eiginfjárgrunni skyldi endurskoða reglulega. Þá hefði innri endurskoðandi, í tengslum við utanumhald um venslaða aðila, útbúið lista yfir stjórnarmenn og starfsmenn og aðila tengda þeim og óskað eftir því að þessir aðilar staðfestu upplýsingarnar og létu innri endurskoðun vita um leið og breytingar ættu sér stað. Afskriftareglur útlána hefðu svo verið samþykktar á stjórnarfundum sparisjóðsins 24. janúar 2008.<sup>63</sup>

## 18.2.2 Útlánareglur

Fyrstu útlánareglur Byrs sparisjóðs voru samþykktar á stjórnarfundum 18. janúar 2007 en sparisjóðurinn var þá nýtekinn til starfa eftir sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Reglunum fylgdi ekki listi yfir skiptingu útlánaheimilda eins og með síðari útlánareglum, en reglur Byrs sparisjóðs um áhættuviðmið og áhættustýringu, sem staðfestar voru af stjórn sparisjóðsins 16. maí 2007, komu að nokkru leyti að sama gagni, en þar var að finna reglur sem almennt voru í útlánareglum fjármála fyrirtækja.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá 24. október 2007, þar sem meðal annars var gerð úttekt á útlánareglum sparisjóðsins, komu fram athugasemdir um að útlánareglur væru ekki nægjanlega skýrar.<sup>64</sup> Í kjölfarið voru útlánareglur Byrs sparisjóðs yfirfarnar og nýjar reglur staðfestar, nokkuð breyttar, af stjórn sparisjóðsins 24. janúar 2008. Þriðja útgáfa útlánareglanna leit síðan dagsins ljós 9. október 2009. Reglurnar voru þá enn ítarlegri, en með þeim var reynt að taka mið af þeim erfiðleikum sem stöðjuðu að sparisjóðnum eftir hrun viðskiptabankanna haustið 2008, svo sem með takmörkunum á útlánaheimildum hvers starfsmanns. Með útlánareglum 2008 og 2009 voru fylgiskjöl þar sem gerð var grein fyrir útlánaheimildum hvers starfsmanns. Meginregla í öllum útgáfum reglnanna var að við hverja lánveitingu skyldi haft yfirlit yfir skuldbindingar lántakans og að teknar skyldu tryggingar fyrir lánum.

Í útlánareglunum 2008 miðaði sparisjóðurinn við að stórar áhættuskuldbindingar skyldu að jafnaði vera innan við 20% af eiginfjárgrunni en hlutfallið var lækkað í 15% í reglunum 2009. Í útlánareglum frá árinu 2008 var ný regla um að allir lánahópar eða einstakir lántakar með skuldbindingar yfir 5% af eiginfjárgrunni skyldu skoðaðir reglulega og skoðunin skráð. Þá sagði að „fjárhagsleg tengsl viðskiptavina [þyrftu] að liggja fyrir við upphaf lánveitinga“ og var vísað í verklagsreglur um fjárhagsleg tengsl viðskiptavina. Í reglunum frá 2009 skyldi, við allar lánveitingar yfir 100 milljónum króna, skoðuð samhlöð heildarfyrirgreiðsla til fjárhagslega tengdra aðila og kannað hvort fjárhagsleg tengsl hefðu breyst frá síðustu lánveitingu. Skuldbindingar vegna einnar atvinnugreinar skyldu ekki vera hærri en 30% af heildarútlánnum sparisjóðsins.

Sá kafli útlánareglanna sem fjallaði um tryggingar fyrir útlánnum var nokkuð samhljóða í öllum útgáfum. Almenn var miðað við að tryggingar væru nægar fyrir viðkomandi láni og að ábyrgðarmenn væru færir um að taka að sér greiðslu láns ef svo bæri undir. Fram til ársins 2008 voru almennar reglur um tryggingar fyrir útlánnum. Vísað var til þess að leita skyldi til fagaðila við mat á tryggingarandlagi ef þörf krefði. Í tryggingarkafli útlánareglna fyrir árið 2007 var ekki að finna neinar beinar viðmiðanir um veðhlutfall, til dæmis vegna íbúðalána eða lána til hlutabréfakaupa. Samhliða útlánareglum sem samþykktar voru í janúar 2008 voru settar sérstakar starfsreglur um veðsetningarhlutföll tryggingarandlaga sem áfram var vitnað til með nýjum útlánareglum frá september 2009.

Almenna reglan var sú að lánað skyldi gegn tryggingum en að ákveðnum skilyrðum uppfylltum var þó heimilt að lána án þess að tryggingar væru teknar. Mátti hvert slíkt lán ekki vera herra en sem nam 25% af endurmetnu eigin fé lántakandans og þá ekki til

63. Bréf KPMG til Fjármálaeftirlitsins 7. febrúar 2008.

64. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáheitu Byrs sparisjóðs, október 2007.

lengri tíma en þriggja ára. Væri tryggingarlaust lán til lengri tíma en þriggja ára skyldi lánsfjárhæðin ekki fara yfir 10% af endurmetnu eigin fé lántakandans. Útlán án trygginga til lántaka eða lánahóps skyldu aldrei nema hærrí fjárhæð en sem svaraði til 3% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Þeir aðilar sem gátu fengið lán án trygginga voru rekstraraðilar skráðir á aðallista Kauphallar Íslands og með mjög góða fjárhagsstöðu, viðskiptasögu og greiðslugetu. Samþykki stjórnar Byrs sparisjóðs þurfti þó ávallt fyrir því að heildarútlán þessara aðila færu yfir 5% af eiginfjárgrunni sjóðsins. Lán án trygginga mátti einnig veita ríkisfyrirtækjum, sveitarfélögum með trausta fjárhagsstöðu og rekstraraðilum með trausta fjárhagsstöðu, greiðslugetu og góða viðskiptasögu við Byr sparisjóð.

Í útlánareglum frá 2008 var meginreglan sú að veita ekki lán með handveði í óskráðum félögum. Lánanefnd og sparisjóðsstjóri höfðu heimild til að víkja frá þessu en þá skyldu veð aldrei fara yfir 30% af matsvirði. Ef taka átti veð í óskráðum félögum þurfti að fara fram sérstakt mat sem skilgreint var í starfsreglum um veðsetningarhlutföll tryggingarandlaga og í verklagsreglum um veð í óskráðum hlutum einkahlutafélaga. Þar sagði:

Hlutir í einkahlutafélögum eru eðli sínu samkvæmt lakari trygging en ákjósanlegt er. Starfsmanni ber ávallt að reyna að fá aðrar haldbetri tryggingar samhliða/eða í stað trygginga í óskráðum bréfum, svo sem sjálfskuldarábyrgð eða fasteignaveð.

Mjög skýr regla var um að fara skyldi með allar skuldskeytingar eða skilmálabreytingar sem nýjar lánveitingar og það grunnsjónarmið að tryggja hag sparisjóðsins væri ávallt haft að leiðarljósi. Þá skyldi það metið sérstaklega hvort hægt væri að treysta greiðslugetu lántakanda.

Útlánaheimildir sparisjóðsstjóra voru breytilegar eftir árum. Árið 2007 var sparisjóðsstjóri með útlánaheimild sem nam 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins, eða um 930 milljónum króna, 30. júní 2007.<sup>65</sup> Fjármálaeftirlitið benti hins vegar á misræmi milli þessara heimilda og heimilda sem sparisjóðsstjóri hafði samkvæmt sérstökum útlánaheimildum, en þar mátti hann lána allt að 800 milljónir króna. Ákvæðin voru samræmd í reglunum 2008 þar sem heimildin var fastsett við 1,5 milljarða króna en í reglunum 2009 var einstök lánafyrigreiðsla lækkuð í 800 milljónir króna en heildarfyrirgreiðsla fyrir lántakandann eða lánahópinn gat numið allt að 1,5 milljörðum króna.

Í útlánareglunum frá 2007 var lánanefnd skilgreind, en hún skyldi fjalla um og taka ákvörðun um allar lánveitingar til rekstraraðila umfram 5 milljónir króna, auk íbúðarlána umfram 25 milljónir króna, eða þar sem heildarfyrirgreiðsla til eins aðila færi yfir 40 milljónir króna. Þá skyldi lánanefnd fjalla um lánveitingar þar sem um óvenjulega fjármögnun væri að ræða eða sérstaka áhættutöku. Áhættunefnd skyldi hafa eftirlit með lánarömmum fyrir stóra lántaka og yfirfara með reglulega millibili stöðu aðila innan lánaramma, ásamt því að skila yfirliti yfir stöðu aðila til innri endurskoðunar. Í reglum frá árinu 2008 var útlánaheimild lánanefndar sú sama og sparisjóðsstjóra, en nefndinni gert heimilt að veita lánastjóra umboð til afgreiðslu lána á lánanefndarfundum. Hlutverk lánanefndar var sambærilegt milli ára og skyldi hún taka til afgreiðslu allar lánveitingar umfram heimildir framkvæmdastjóra bankaþjónustu, fyrirtækjaviðskipta og S24. Í reglunum frá árinu 2009 var áhættunefnd falið að fjalla um skuldbindingar sem voru í tapsáhættu og vísað hafði verið til sérmeðferðar. Í úttekt innri endurskoðanda á vinnu áhættunefndar í ágúst 2009 kom fram að áhættunefnd væri í raun umboðslaus þar sem hennar væri hvergi getið í skipuriti sparisjóðsins. Nefndin hefði engin tók á að fara yfir þau mál sem stöðjuðu að og þörfnuðust umfjöllun. Þá kom fram við skoðun að athugasemdir sem áhættunefnd gerði vegna útlána væru ekki teknar fyrir í lánanefnd.

### 18.2.3 Reglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána

Starfsreglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána voru samþykktar í stjórn Byrs sparisjóðs í janúar 2008. Samkvæmt reglunum skyldu þeir lánþegar koma til skoðunar við mat á afskriftarframlögum sem a) hefðu verið í vanskilum í tvo mánuði eða lengur; b) hefðu óskað eftir greiðslustöðvun; c) gert hefði verið árangurslaust fjárnám hjá; d) væru gjaldþrota; e) hefðu lagt fram beiðni um nauðasamninga, eða f) aðrar ástæður

65. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.

ættu við sem skertu gjaldþol eða greiðslugetu og gerðu það líklegt að ekki yrði staðið að fullu við lánasamninga. Þá skyldi færa endanlega afskrift hjá lántaka i) við lok gjaldþrotaskipta; ii) við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu skulda; iii) þegar Byr hefði tekið ákvörðun um lok innheimtuadgerða; eða iv) þegar ljóst mætti vera að útlán væri endanlega tapað.

Stjórn Byrs sparisjóðs skyldi taka allar ákvarðanir um endanlegar afskriftir útlána samkvæmt tillögum sparisjóðsstjóra. Nýjar reglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir voru samþykktar í stjórn Byrs sparisjóðs 30. september 2009 og voru ákvæðin óbreytt frá fyrri reglum.

#### 18.2.4 Stærstu lántakendur

Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántakenda sparisjóðsins til sérstakrar skoðunar og greiningar með það að markmiði að varpa ljósi á útlánastefnu sjóðsins, starfshætti í útlánastarfsemi og ástæður fyrir afskriftum útlána. Kannað var hvort útlánastarfsemin hefði verið í samræmi við reglur sjóðsins og gildandi lög og reglur.

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánnum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.<sup>66</sup> Stærstu skuldbindingarnar voru skilgreindar af sparisjóðnum á skýrslunum í samræmi við reglurnar og liggja skýrslur á tímabilinu 2007–2009 til grundvallar umfjölluninni.

Úrtak stærstu lántakenda miðaðist við þessar stærstu skuldbindingar sjóðsins. Til viðbótar þeim komu til skoðunar valdir aðilar sem voru með sérgreint framlag í afskriftareikning á árunum 2008 og 2009. Þar sem niðurfærsluhlutfall útlánasafnsins var lágt fram til ársins 2008 var ekki talin ástæða til að fara lengra aftur í athugun á stórum afskriftaframlögum, en afskriftaframlög ársins 2007 eru þó birt hér til upplýsingar.

Umfjöllunin beinist að lántökum í úrtakinu og aðilum fjárhagslega tengdum þeim, eins og sparisjóðurinn mat tengsl þeirra og skilgreindi sem sameiginlega áhættuskuldbindingu í skýrslum til Fjármálaeftirlitsins. Skoðaðar voru helstu lánveitingar til þessara lánahópa á árunum 2005–2009<sup>67</sup> og kannað hvort útlánastarfsemi sparisjóðsins hefði verið í samræmi við lánareglur. Umfjöllunin er ekki tæmandi en er ætlað að gefa mynd af útlánasafni Byrs sparisjóðs og varpa ljósi á útlánastefnuna.

Tafla 22. Úrtak rannsóknarnefndar af lánahópum Byrs sparisjóðs 2007–2009.<sup>68</sup>

Pús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009
<b>Heildarskuldbinding úrtaks</b>	<b>30.096.215</b>	<b>53.504.038</b>	<b>55.327.912</b>
<b>Heildarútlán sparisjóðsins</b>	<b>119.494.210</b>	<b>197.613.256</b>	<b>200.310.654</b>
<b>Hlutfall úrtaks af heild</b>	<b>25,2%</b>	<b>27,1%</b>	<b>27,6%</b>
Sérgreindar afskriftir úrtaks	528.794	19.270.122	33.412.336
Sérgreindar afskriftir alls	651.575	23.483.658	49.263.761
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	1.756.891	25.288.084	55.647.523
<b>Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls</b>	<b>81,2%</b>	<b>82,1%</b>	<b>67,8%</b>

Í úrtakinu voru 29 lánahópar og nam fyrirgreiðsla við þá samtals 30 milljörðum króna í árslok 2007, eða um 25,2% af heildarútlánnum sjóðsins. Stærð úrtaksins miðað við árslok 2008 var 53,5 milljarðar króna, eða 27,1% af heildarútlánnum sparisjóðsins. Á sama tíma

66. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán eða ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

67. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um nánari skilgreiningu á lánahópi vísast til umfjöllunar í 9. kafla.

68. Byggt á upplýsingum úr skýrslum sjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar sem skilað var til Fjármálaeftirlitsins og á upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sparisjóðsins. Skuldbindingar eru birtar sem brúttótala, þ.e. án frádráttar vegna afskrifta.

námu sérgreind framlög í afskriftareikning útlána vegna aðila í úrtakinu um 82,1% af sérgreindum niðurfærslum sparisjóðsins í heild. Rétt er að geta þess að upplýsingar um sérgreind framlög í afskriftareikning 2009 byggjast á óendurskoðuðu uppgjöri sparisjóðsins.

Útlán til aðila í úrtakinu hækkuðu um 23,4 milljarða króna, eða um 78%, frá árslokum 2007 til ársloka 2008 og má að stórum hluta rekja þá hækkun til gengisfalls íslensku krónunnar á því tímabili. Í árslok 2007 og 2008 voru gengisbundin lán þriðjungur af heildarútlánnum sparisjóðsins. Á árinu 2008 rýrnuðu veð mikið og þá einkum verðmæti hlutabréfa og stofnfjárbréfa. Auk þess varð lækkun og ákveðin hjöðnun á fasteignamarkaði. Endurspegladist þetta í auknum framlögum í afskriftareikning sparisjóðsins þar sem algengt var að tryggingar fyrir lánnum væru í formi fasteigna eða verðbréfa og þá einkum hlutabréfa.

Þannig voru lán til félaga sem keyptu hlutabréf í Icebank hf. á árinu 2007 í japönskum jenum og svissneskum frönskum með veði í hlutabréfunum sjálfum. Í kjölfar yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á stóru viðskiptabönkunum þremur var ljóst að staða Icebank hf. var mjög erfið og veðin fyrir lánunum því verðlítill, en þau urðu að lokum verðlaus.<sup>69</sup> Í árslok 2008 höfðu skuldbindingar þessara félaga verið færðar að fullu í sérgreindan afskriftareikning hjá Byr sparisjóði. Hækkun lána í erlendri mynt reyndist almennt vera eitt helsta vandamál í útlánasafni Byrs sparisjóðs síðla árs 2008, líkt og í flestum öðrum sparisjóðum. Þegar lánin hækkuðu fylgdu greiðslugeta og virði trygginga ekki sömu þróun, og endurmeta þurfti vænt greiðsluflæði og endurheimtur lánanna.

Hér á eftir fer umfjöllun um 18 lánaþópa hjá Byr sparisjóði sem rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að fjalla nánar um. Farið verður yfir helstu lánveitingar til umræddra aðila, hvort þær hafi verið í samræmi við lánareglur og gildandi lög og reglur á fjármálamarkaði og fjallað um mat sparisjóðsins á afskriftaþörf vegna þeirra. Að öðru leyti gaf skoðun á öðrum lánaþópum í úrtakinu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	2.892	–
2008	7.982	5.783
2009	4.804	3.745

Gjaldprot 2009 – Baugur Group hf.  
Afskrifað 2009: 3.368 (vegna FL Group hf.).

#### Baugur Group hf. og tengdir aðilar

Baugur Group hf. var fjárfestingarfélag sem átti og rak ýmsar smásöluverslanir á Íslandi, í Bretlandi og í Danmörku.<sup>70</sup> Mikil eignatengsl voru milli Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Byrs sparisjóðs, eins og sjá má á mynd 11, en í lok desember 2008 átti Fjárfestingafélagið Klettur ehf. 3,4% af stofnfé sparisjóðsins. Félagið hafði áður átt stofnfjárbréf í Sparisjóði vélstjóra og með samruna við nokkur félög 1. júlí 2007 stækkaði sá hlutur enn frekar. Hagar hf. átti einnig 1,3% stofnfjár í sparisjóðnum. Jóhanna Waagfjörð sat í stjórn Byrs sparisjóðs frá apríl 2008 til maí 2009 fyrir hönd Haga hf., en hún var þá fjármálastjóri þess félags.

Í árslok 2008 var skuldbinding Baugs Group hf. og tengdra aðila stærsta áhættuskuldbinding Byrs sparisjóðs og nam 20,8% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.<sup>71</sup> Á þessum tíma samanstóð lánaþópurinn af Baugi Group hf., FL Group hf., Landic Ísland ehf., Högum ehf., Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. og Þyrpingu ehf.<sup>72</sup> Stærstu einstöku skuldbindingarnar voru við Baugur Group hf. og FL Group hf.

#### Baugur Group hf.

Í desember 2005 seldi Baugur Group Sparisjóði Hafnarfjarðar ellefu skuldabréf þar sem Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. var skuldari. Eftirstöðvar skuldabréfanna voru á söludegi um 114 milljónir króna og ábyrgðist Baugur Group hf. greiðslu þeirra með yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð.<sup>73</sup> Umfang viðskipta Baugs Group hf. við sparisjóðina sem síðar runnu saman í Byr sparisjóð jókst umtalsvert frá og með árinu 2006.

69. Nánar er fjallað um þessi félög í 9. kafla, um Icebank hlutahafalán.


70. Baugur Group hf. var í meirihlutaeigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

71. Útlánaskoðun KPMG endurskoðunar hf. í Byr sparisjóði, 4. mars 2009. Lán voru uppreiknuð miðað við 31. desember 2008 en eiginfjárgrunnur var reiknaður miðað við 30. júní 2008. Þessi tala hefði verið hærrí ef sama dagsetning hefði verið á útreikningi eiginfjárgrunns og lána.

72. Í athugasemdom Magnúsar Ægis Magnússonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra, til rannsóknarnefndarinnar 18. desember 2013 kom fram að ítrekað hefði verið leitað eftir því við Fjármálaeftirlitið og endurskoðendur hvernig tengja bæri aðila saman, meðal annars þessa, en svo hefði virst sem enginn hefði haft svör á reidum höndum um hvernig rétt væri að gera það.

73. Yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð var staðfest af prókúruhafa Baugs Group hf. í öllum lánaskjölunum í desember 2005.



Mynd 11. Eignatengsl Fjárfestingafélagsins Gaums hf., Baugs Group hf. og tengdra aðila í árslok 2008.<sup>74</sup>

Í mars 2006 fékk félagið 500 milljóna króna lán í erlendri mynt hjá Sparisjóði vélstjóra og um 600 milljóna króna lán í erlendri mynt til eins árs hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Bæði lánin voru án trygginga.<sup>75</sup> Lán Sparisjóðs vélstjóra var framlengt nokkrum sinnum en síðar endurfjármagnað með nýju sex mánaða láni til félagsins í lok desember 2006. Í mars 2007 fékk félagið 500 milljóna króna yfirdráttarheimild til þriggja vikna, án trygginga, sem var samþykkt af báðum sparisjóðsstjórum með tölvuskeyti. Heimildin var ítrekað framlengd án þess að tryggingar væru lagðar fram<sup>76</sup> og hækkuð um 300 milljónir króna í mars 2008. Heimildin var síðast framlengd í febrúar 2009, óbreytt.<sup>77</sup>

Í júní 2007 fékk félagið 1.050 milljón króna lán í erlendri mynt til að greiða upp lánin frá því í mars 2006. Lánið var til þriggja mánaða í senn, að hámarki í 12 mánuði frá lánveitingu. Engra trygginga var getið í lánasamningi. Stjórn sparisjóðsins samþykkti endurfjármögnunina á fundi sínum 20. júní 2007. Lánið var framlengt á þriggja mánaða fresti nokkrum sinnum, allt til 15. janúar 2009. Samhliða því samþykkti stjórnin að félagið gæti dregið allt að 2 milljarða króna á nýja lánalínu.<sup>78</sup> Hvorki var getið um tryggingar í fundargerðinni né um að heimild hefði verið veitt til að skuldbindingar Baugs Group hf. án trygginga færu yfir 5% af eiginfjárgrunni sjóðsins, sbr. ákvæði lánareglna sparisjóðsins.

Hinn 21. ágúst 2007 fékk félagið 487 milljóna króna lán til þriggja mánaða í erlendri mynt með heimild til framlengingar til allt að eins árs. Tilgangur lánsins var almenn fjármögnun félagsins og var það án trygginga. Lánið var framlengt nokkrum sinnum, allt til 20. febrúar 2009. Engar tryggingar voru teknar fyrir láninu, hvorki í upphafi né við skilmálabreytingar.

Í mars 2008 gerði félagið tillögu um að breyta lánalínunum sínum í þriggja ára lán með veði í 50% eignarhlut í F-Capital ehf., en það félag átti 49% hlut í Mosaic Fashions hf. Eftir skoðun lánanefndar virðist sem þessari tillögu Baugs Group hf. hafi verið hafnað.<sup>79</sup>

Í desember 2008 lá fyrir að skuldbinding Baugs Group hf. og tengdra aðila væri um 7,6 milljarðar króna.<sup>80</sup> Þá var Baugur Group hf. kominn í vanskil með lánalínu sem upphaflega var 1.050 milljónir króna en stóð á þessum tímapunkti í 1,6 milljörðum króna. Á lánanefndarfundi 19. janúar 2009 óskaði Baugur eftir framlengingu á láninu og að áföllnum vöxtum yrði bætt við lánið. Því var synjað.<sup>81</sup>

74. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum.

75. Í athugasemd Jóns Þorsteins Jónssonar til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 benti hann á að lán til Baugs Group hf. hafi verið með sjálfskuldarabyrgð, enda var talið á þeim tíma að félögin væru burðug og traust. Þá má benda á að skuldabréf félagsins voru skráð á markaði.

76. Tölvuskeyti Guðna Þorsteinssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 21. janúar 2009.

77. Upplýsingar úr Spak, afgreiðslukerfi sparisjóðsins.

78. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 20. júní 2007.

79. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparisjóðs, 10. desember 2010.

80. Yfirlit innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs lagt fyrir lánanefnd, 29. desember 2008. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 sagði Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður sparisjóðsins, að skuldbindingar félaganna hefðu verið svo háar að hluta til vegna gengisfalls krónunnar.

81. Fundargerð lánanefndar Byrs sparisjóðs, 19. janúar 2009.

Í lok desember 2008 var búið að færa tæpa 2,3 milljarða króna í sérgreindan afskriftareikning vegna útlána Baugs Group, eða um 80% af heildarskuldbindingum félagsins hjá sparisjóðnum.<sup>82</sup> Baugur Group hf. fékk samþykka heimild til greiðslustöðvunar 11. febrúar 2009 en var úrskurðað gjaldþrota 13. mars sama ár, daginn sem ársreikningur Byrs sparisjóðs 2008 var undirritaður.

FL Group hf.

FL Group hf. var eignarhaldsfélag sem átti meðal annars 30% hlut í Glitni banka hf. og 39,8% hlut í Landic Property hf., auk eignarhluta í ýmsum félögum innanlands og utan. Í byrjun apríl 2008 fékk FL Group hf. 3 milljarða króna lán hjá Byr sparisjóði til tveggja ára. Vextir skyldu greiðast á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 2008. Lánið var tryggt með veði í hlutabréfum í Glitni banka hf. Stjórnin samþykkti lánið nokkrum dögum eftir að það var veitt, á fundi 7. apríl 2008, og sagði meðal annars í fundargerð:

Eftir fund með FL-mönnum og yfirferð lánanefndar Byrs og að höfðu samráði við stjórnarformann Byrs var ákveðið að bjóða þeim allt að 3 milljörðum króna í lánafyrirgreiðslu gegn tryggingum í Glitni. Forsenda lánveitingarinnar var jafnframt að einn af viðskiptaböndkunum myndi útvega Byr peninga til að lána áfram til FL. [...] Lánveitingin er yfir lánamörkum sparisjóðsstjóra og þarfnast því staðfestingar stjórnar. Búið var að leita samþykkis á meðal stjórnarmanna í gegnum tölvupóst en var hér með formlega staðfest.<sup>83</sup>

Forstjóri FL Group hf. hafði upphaflega óskað eftir 8 milljarða króna fyrirgreiðslu frá sparisjóðnum.<sup>84</sup> Í tölvuskeyti sparisjóðsstjóra til samstarfsmanna sinna í framhaldinu kom fram að honum litist ekki vel á beðnina:

Persónulega slær þessi lánsbeiðni FL mig ekkert sérlega vel. M.v. það ástand sem ríkir og m.v. þær hremmingar sem við höfum gengið í gegnum varðandi einn stóran hluthafa í FL er ekki nein griðarleg stemmning í manni að fara að lána svo stórar fjárhæðir til þessa félags eins og beðið er um og það með tryggingu í hlutabréfum. Finnst vart á bætandi að auka svo við áhættu Byrs á þessum síðustu og verstu tímum. Spáum í þetta og ræðum á næstu fundum.<sup>85</sup>

Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Byrs sparisjóðs svaraði skeytinu 5. mars:

Við þurfum að setjast yfir þetta saman sem fyrst. Félagið er með bókfært eigið fé upp á 34 mia um mitt ár í fyrra. Auðvitað er erfitt fyrir okkur að meta þennan reikning enda óteljandi eignir/leigusamningar á bak við tölurnar. [...] Svo er það sem e.t.v. skiptir mestu máli. Hvaða áhrif hefði svona lánveiting á tengda aðila. Ég á svoltið erfitt með að meta það. Kannske að Gunnar Árna gæti kommenterað á það. Ég hef nú sagt hér að mín regla sé sú að ef mér finnast aðilar tengdir – þá eru þeir það. Baugur – FL – Landic finnst manni hafa veruleg tengsl. [...] Þurfum einnig að huga hvernig þetta fellur að markmiðum okkar um áhættudreifingu okkar bókar. Þó að Cad hafi aukist mikið, þá er það ekki í „normal“ samhengi við efnahagsreikninginn. [...] Annar plús er að Byr tengist betur sumum af öflugustu fjármálamönnum landsins og fengi aukin tækifæri í framtíð þegar rofar til.<sup>86</sup>

Eftir frekari skoðun innan sparisjóðsins hafði sparisjóðsstjóri samband við forstjóra FL Group og tilkynnti honum að lánsbeiðninni væri hafnað.<sup>87</sup> Þrátt fyrir það var lán veitt 1. apríl 2008 upp á 3 milljarða króna, viku áður en stjórn samþykkti það með formlegum hætti. Lánið var veitt skömmu eftir að FL Group hf. tilkynnti um 67 milljarða króna tap 13. febrúar 2008, sem þá var mesta tap íslensks félags á einu ári.

Sama dag og FL Group fékk lánið, veitti Glitnir banki hf. sparisjóðnum tveggja ára lán að sömu fjárhæð, 3 milljarða króna. Vextir skyldu greiðast á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 2008. Lánið var veitt fyrir tilstilli FL Group hf.:

82. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparisjóðs, 10. desember 2010.

83. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 7. apríl 2008.

84. Tölvuskeyti Jóns Sigurðssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 2. mars 2008; fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 7. apríl 2008.

85. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til samstarfsmanna 3. mars 2008.

86. Tölvuskeyti Carls H. Erlingssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar og Magnúsar Ægis Magnússonar 5. mars 2008.

87. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til samstarfsmanna 7. mars 2008.

Sæll,

Varðandi vaxtakjörin teljum við 375 bp eðlilega marginu og lántökugjald max 50 bp í ljósi þess að fjármagnið sem lagt er til er fyrir okkar tilstilli og um lágmarksvinnu er að ræða við dílinn.

Þið hljótið að geta komið til móts við okkur í þessu máli.<sup>88</sup>

Í svari framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs síðar sama dag sagði:

Ég ræddi við mína menn í dag og skilst að vilji sé til að mæta ykkar óskum um að hækka lánveitinguna í 3,0 milljarða.

En varðandi verðlagninguna þá erum við að hugsa um okkar álag á það lánsfé sem veitt verður til okkar og hef ekki heyrt annað en að menn séu ákveðnir varðandi þetta. Við munum væntanlega funda um málið í fyrramálið og vera í sambandi við ykkur og vonandi næst niðurstaða með kjörin.<sup>89</sup>

Tryggingar fyrir láninu voru hlutir í Glitni banka hf. og tryggingarþekja 143%, en veðkall miðað við 115% tryggingarþekju.<sup>90</sup> Svo hátt veðsetningarhlutfall var hærra en starfsreglur um veðsetningarhlutföll tryggingarandlaga kváðu á um. Þar var vísað til þess að hlutabréf í fyrirtækjum eða sjóðum sem skráð væru í Kauphöllinni skyldu að jafnaði ekki vera með hærra veðsetningarhlutfall en 60% samkvæmt starfsreglu stjórnar.<sup>91</sup> Með lánveitingunni fór lánahópurinn í tæp 16% af eiginfjárgrunni Byrs sparisjóðs.<sup>92</sup> Hinn 18. september lagði FL Group hf. 60 milljónir króna í bankainnistæðu að handveði til tryggingar á lánasamningum. Byr sparisjóður gjaldfelldi lánasamninginn 29. september 2008, sama dag og samkomulag var gert um að íslenska ríkið eignaðist 75% í Glitni banka hf.

Í lok desember 2008 var búið að færa 3.058 milljónir króna sem sérgreint framlag í afskriftareikning vegna útlána FL Group hf., eða um 85% af heildarskuldbindingum félagsins.<sup>93</sup> Talið hefur verið að við áritun ársreiknings Byrs sparisjóðs 2008 13. mars 2009 hafi verið sterkar vísendingar um að frekari niðurfærslu hefði verið þörf.<sup>94</sup> Í kjölfar nauðasamninga FL-Group hf. (þá Stoda hf.) sem samþykktir voru í maí 2009 voru 3.368 milljónir króna endanlegar afskrifaðar vegna skuldbindinga félagsins.

Í lok árs 2008 var staða á afskriftareikningi 5.783 milljónir króna vegna fyrirgreiðslna til Baugs Group hf. og tengdra aðila en ári síðar nam hún 3.744 milljónum króna. Skýrist lækkunin milli ára af því að 3.368 milljónir króna voru endanlegar afskrifaðar á árinu 2009 vegna lánveitingar til FL Group hf.

#### Lánahópur um einstakling og fasteignaverkefni

Hjá Byr sparisjóði mynduðu einstaklingur og þrjú félög honum tengd lánahóp sem var meðal stærstu áhættuskuldbindinga hjá sparisjóðnum. Áhættuskuldbinding lánahópsins var 6,2 milljarðar króna, eða um 17,4% af eiginfjárgrunni Byrs sparisjóðs í lok árs 2008. Lán til hópsins voru tryggð með veði í fasteignum og sjálfskuldarábyrgðum eigenda. Á stjórnarfundum 10. september 2010 voru málefni lánahópsins til umræðu og kom þar fram að heildarskuldir lánahópsins næmu samtals rúnum 7 milljörðum króna.<sup>95</sup>

Eitt félaganna, sem fékkst við útleigu á húsnæði undir atvinnustarfsemi, var að fullu í eigu einstaklingsins í árslok 2008 samkvæmt ársreikningi þess. Félagið fékk nokkurn fjölda lánafyrirgreiðslna í erlendum myntum á árunum 2005–2007 hjá Sparisjóði vélstjóra og síðar Byr sparisjóði. Lánin sem flest voru veitt til langs tíma, 20–25 ára, voru tryggð með veðum í fasteign í Borgartúni í Reykjavík, auk handveðs í húsaleigusamningum sem félagið hafði gert við leigutaka.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	2.792	–
2008	6.204	–
2009	7.004	1.898

Íslandsbanki afskrifaði 616 m.kr. árið 2011.

88. Töluskeyti fjármálastjóra FL Group hf. til Carls H. Erlingssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Byrs sparisjóðs, 29. mars 2008.

89. Töluskeyti Carls H. Erlingssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Byrs sparisjóðs, til fjármálastjóra FL Group hf. 29. mars 2008.

90. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 7. apríl 2008.

91. Starfsregla um veðsetningarhlutföll tryggingarandlaga, 24. janúar 2008.

92. Skýrsla Byrs sparisjóðs um stóran áhættuskuldbindingar, skilað til Fjármálaeftirlitsins, 31. mars 2008.

93. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparisjóðs, 10. desember 2010.

94. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparisjóðs, 10. desember 2010.

95. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 10. september 2009.

Við útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs í maí 2008 nam heildarskuldbinding þessa félags tæpum 1,2 milljörðum króna og voru fasteignaveð félagsins metin á tæpa 1,5 milljarða króna. Innri endurskoðandi vakti athygli á því að greiðslur húsaleigusamninga sem lagðir hefðu verið að handveði bærust ekki inn á sérstaka handveðsbók heldur inn á veltureikning félagsins, sem sparisjóðurinn hafði þó einnig handveð í en var með neikvæða stöðu og því í raun ekki til ráðstöfunar fyrir sparisjóðinn.<sup>96</sup> Í síðari könnun innri endurskoðanda sama ár kom í ljós að engin breyting hefði orðið á þessari tilhögun.<sup>97</sup> Enginn innan sparisjóðsins fylgdist með því að greiðslum vegna húsaleigusamninganna væri ráðstafað inn á lánin sem handveðin áttu að tryggja eða hvort félagið hefði aðgang að og ráðstöfunarrétt yfir reikningunum.<sup>98</sup>

Í september 2008 var öllum lánnum félagsins í erlendri mynt skilmálabreytt þannig að vöxtum var bætt við höfuðstól og afborganir um leið frystar til 15. október 2009.<sup>99</sup> Á sama tíma fékk félagið 50 milljóna króna eingreiðslulán hjá Byr sparisjóði til eins árs með 14. veðrétti í fasteign í Borgartúni. Það var framlengt í janúar 2010, rúmum fjórum mánuðum eftir gjalddaga, um sex mánuði með gjalddaga sex mánuðum síðar. Vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði var bætt við höfuðstólinn sem stóð þá í 62 milljónum króna.

Hinn 21. október 2008 hafði ekki verið gengið frá aðgengi að reikningum lánaþópsins og ráðstöfun leigugreiðslna inn á handveðsbók. Í tölvuskeyti forstöðumanns áhættustýringar og útlánaeftirlits til sparisjóðsstjóra vegna málefna lánaþópsins kom fram að greiðsluflæði húsaleigusamninganna væri ekki veðsett sparisjóðnum nema að hluta og „innstæður sem hugsaðar [væru] sem varasjóður og líkur á að [þyrfti] að ganga í, ekki veðsettar Byr“.<sup>100</sup> Lagt var til að ítrústu varkárni yrði gætt og allar aðgerðir myndu miðast við að styrkja stöðuna með hagsmuni sparisjóðsins og lántakanda í huga.<sup>101</sup>

Hinn 5. desember 2008 óskaði eigandi félagsins eftir því að hækka yfirdráttarheimild á reikningi félagsins um 2,5 milljónir króna í fimm daga, eða þar til leigugreiðslur skiluðu sér til hans. Sparisjóðurinn hafnaði því.

Í kjölfar gengisfalls krónunnar á síðari hluta árs 2008 hækkuðu skuldbindingar félagsins verulega og í árslok 2008 námu þær 1.907 milljónum króna. Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins á þeim tíma. Ári síðar námu skuldbindingarnar 2.113 milljónum króna, en þar af höfðu 900 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning.

Annað félag í helmingsseigu þess einstaklings sem tilheyrði í lánaþópnum fékk 1,7 milljarða króna lán í júní 2007 til kaupa á 15 fasteignum fyrir samtals 1.850 milljónir króna. Veðsetningarhlutfallið var því tæp 92%. Lánið var eingreiðslulán til fimm ára með mánaðarlegum vaxtagreiðslum, upphaflega í íslenskum krónum, en var á síðari hluta árs 2007 myntbreytt í japönsk jen og svissneska franka.

Í útlánakönnun innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs í maí 2008 var sama athugasemd gerð við tryggingar að baki lánnum þessa félags; að leigugreiðslur bærust ekki inn á sérstaka handveðsbók og að ekkert eftirlit væri með því að greiðslur sem bærust vegna húsaleigusamninga væri ráðstafað inn á lán sem handveð stæðu að baki. Samkvæmt könnuninni námu fyrirgreiðslur til félagsins í maí 2008 samtals rúmlega 2,2 milljörðum króna en á sama tíma voru tryggingar metnar á um 1,9 milljarða króna.<sup>102</sup> Þrátt fyrir það voru lán félagsins endurfjármögnuð í september 2008, þá fyrir jafnvirði 2,5 milljarða króna, og skyldi nýja lánið vera afborgunarlaust fyrsta árið. Það var tryggt með tryggingarbréfum með veði í 13 fasteignum á höfuðborgarsvæðinu og einni í Fjarðabyggð. Auk þess hafði félagið lagt fram veði í kröfuréttindum samkvæmt fjórtán húsaleigusamningum vegna fasteignanna.

96. Skýrsla um útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs á stærstu lánþegum, 27. maí 2008.

97. Tölvuskeyti Björns Steinars Pálmasonar til samstarfsmanna 5. ágúst 2008.

98. Tölvuskeyti starfsmanns fyrirtækjaþjónustu til innri endurskoðanda 1. ágúst 2008.

99. Tölvuskeyti Auðar A. Eiríksdóttur til lánaþópsins 4. september 2008.

100. Tölvuskeyti Gunnars Árnasonar til sparisjóðsstjóra 21. október 2008.

101. Tölvuskeyti Gunnars Árnasonar til sparisjóðsstjóra 21. október 2008.

102. Skýrsla um útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs á stærstu lánþegum, 27. maí 2008.

Í árslok 2008 nam skuldbinding félagsins við Byr sparisjóð rúmum 4 milljörðum króna og var ekkert framlag fært í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins á þeim tíma. Ári síðar námu skuldbindingarnar rúmum 4,5 milljörðum króna og þar af höfðu 750 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning.

Þriðja félagið, sem áður nefndur einstaklingur í lánaþópnum átti 70% eignarhlut í samkvæmt hlutafjármiðum, fékk 29 milljóna króna lán í erlendri mynt í nóvember 2007 til að kaupa fasteign á Húsavík. Til tryggingar láninu var tryggingarbréf með 1. veðrétti í eigninni. Fyrir lá kauptilboð í eignina upp á 36,3 milljónir króna og var veðsetningarhlutfall vegna lánsins um 80%. Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2011 var bókfært verð eignarinnar 34,4 milljónir króna og áhvílandi lán 72 milljónir króna. Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins fyrr en í lok árs 2009, þá tæpar 15 milljónir króna.

Einstaklingurinn í lánaþópnum fékk sjálfur fyrirgreiðslu til fasteignakaupa og vegna skammtímaskulda. Lánin voru óveruleg og lítill hluti skuldbindinga lánaþópsins. Í júní 2008 fékk hann hins vegar tæplega 137 milljóna króna eingreiðslulán til eins árs til greiðslu inn á 410 milljóna króna yfirdráttarheimild félags sem hann átti helmingshlut í en tilheyrði ekki lánaþópnum. Samhliða láninu til einstaklingsins voru veitt tvö önnur lán til eigenda félagsins til uppgreiðslu yfirdráttarins. Til tryggingar var 492 milljóna króna tryggingarbréf með þriðja veðrétti í tveimur fasteignum Reykjavíkur.<sup>103</sup> Einnig gengust eigendur félagsins í sjálfskuldarabyrgð hver fyrir annan vegna lánanna. Í júní 2008 lagði einstaklingurinn í lánaþópnum fram tryggingarbréf með þriðja veðrétti í annarri eign við Suðurlandsbraut.

Eins og framar greinir var beiðni eins félaganna um 2,5 milljóna króna yfirdrátt synjað 5. desember 2008 á þeim grundvelli að leigutekjur sem bærust ættu að fara í að greiða afborganir, en það sem eftir stæði gæti lánaþópurinn nýtt. Síðar í sama mánuði var gengið frá myntbreytingum á öllum lánasamningum lánaþópsins í evrur, samtals um 30 samningum.

Í árslok 2008 nam skuldbinding lánaþópsins við Byr sparisjóð rúmum 6,2 milljörðum króna en ekkert hafði verið fært á afskriftareikning vegna þessa. Í skýrslu KPMG um útlánaskoðun í desember 2008 kom fram að skuldbindingar lánaþópsins væru að langstærstum hluta lán í erlendum myntum, sem hefðu hækkað mikið vegna gengislækkunar krónunnar, en verðmæti trygginga væri áætlað um 1,5 milljarðar krónar miðað við fasteignamat þeirra. Sjóðsstreymi félaganna virtist enn nægja til að standa undir afborgunum lána en það gæti breyst ef leigutakar lentu í greiðsluferfiðleikum.<sup>104</sup> Rétt er þó að geta þess að hluti afborgana af sumum af lánunum þessara félaga höfðu á þessum tíma verið frýstar. Að lokum var því beint til stjórnenda Byrs sparisjóðs að leggja mat á hvort ástæða væri til varúðarframlags vegna lánaþópsins við gerð ársreiknings 2008.<sup>105</sup>

Í árslok 2009 nam skuldbinding lánaþópsins við Byr sparisjóð rúmum 7 milljörðum króna og voru 1.898 milljónir króna færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga hópsins. Í uppfærðri könnun PricewaterhouseCoopers á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs í nóvember 2009 hafði verið lagt til að rúmum 3 milljarðar króna yrðu færðir niður vegna tveggja félaga í lánaþópnum og þess einstaklings sem tengdi félögin saman.<sup>106</sup>

Uppgjör á skuldum lánaþópsins fór ekki fram fyrr en í mars 2011, þegar gert var samkomulag um uppgjör á skuldum lánaþópsins, eignir voru yfirteknar, skuldir færðar niður eða afskrifaðar, en einhverjar kröfur voru útistandandi.<sup>107</sup> Uppgjör fór því ekki fram á vegum Byrs sparisjóðs meðan hann starfaði.

103. Í tölvuskeyti til Byrs sparisjóðs 14. febrúar 2008 vegna beiðni um endurfjármögnun vegna kaupa á húsnæðinu sagði að með tilliti til mats fasteignasala á verðmæti eignarinnar væri veðrymi um 800 milljónir króna. Matið hljóðaði upp á 2,2 milljarða króna en á eigninni hvíldu um 1,4 milljarðar á þessum tíma.

104. Útlánaskoðun KPMG endurskoðunar hf. í Byr sparisjóði, 4. mars 2009.

105. Útlánaskoðun KPMG endurskoðunar hf. í Byr sparisjóði, 4. mars 2009.

106. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs II, 27. nóvember 2009.

107. Tölvuskeyti Íslandsbanka til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2012; samkomulag Byrs hf. við lánaþópin um uppgjör á skuldum, 18. mars 2011.

### Icebank hluthafalán

Í 9. kafla um útlán er að finna ítarlega umfjöllun um Icebank hluthafalánin. Þar kemur fram heildarumfang kaupanna, upplýsingar um lántaka, lánsfjárhæðir og sérstaka samninga sem gerðir voru í tengslum við kaupin.

Síðla árs 2007 keyptu þrettán einkahlutafélög, sum hver í eigu stjórnenda Icebank hf., 43% hlut í bankanum af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., Byr sparisjóði, nb.is-sparisjóði hf., Sparisjóði Kópavogs og Sparisjóði Norðlendinga. Tólf þessara félaga fengu lánað fyrir hluta kaupverðsins hjá sparisjóðnum 5. desember 2007 en það voru SM 1 ehf., Bergið ehf., Obduro ehf., Fjárfestingarfélagið Sproti ehf., Breiðutangi ehf., Lagos ehf., HDH Invest ehf., G-tveir ehf., Saltsalan ehf., Óseki ehf., Infestus Holding ehf. og Sparta Holding ehf.

Rúm 68% af kaupverðinu voru upphaflega fjármögnuð með lánnum frá sparisjóðum og nam lánsfjárhæðin samtals 8,4 milljörðum króna. Byr sparisjóður lánaði 25% af heildarlánsfjárhæðinni og voru lánin í erlendum myntum, jafnvirði rúmra 2 milljarða króna. Kaupendur skuldbundu sig til að greiða afganginn af kaupverðinu með eiginfjárframlagi. Til tryggingar lánunum var veð í 75% seldra hluta og voru Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, í gegnum dótturfélag sitt, og Byr sparisjóður samhliða á 1. veðrétti, en Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóðurinn í Keflavík voru með 2. veðrétt í bréfunum.

Sparisjóður Mýrasýslu tók þátt í viðskiptum með hlutabréf í Icebank hf., bæði sem kaupandi bréfa og lánveitandi. Þegar til kom hafði Sparisjóður Mýrasýslu hins vegar ekki nægjanlegt laust fé til að standa við loforð sín samkvæmt samkomulagi sem gert hafði verið og lánaði Byr sparisjóður því Sparisjóði Mýrasýslu jafnvirði 480 milljóna króna í erlendum myntum án trygginga til að fjármagna viðskiptin. Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna lánveitingarinnar í árslok 2008 en í árslok 2009 höfðu 377 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna lánsins.

Um þessi viðskipti var fyrst rætt í stjórn sparisjóðsins 27. júní 2007. Þá var fjallað um opnun eignarhalds Icebank hf. í tengslum við kaup Icebank hf. á Behrens Fyrirtækjaráðgjöf ehf. og hugsanlega skráningu í Kauphöll árið eftir. Málið yrði rætt nánar innan eigendahóps Icebank á næstu vikum þar á eftir og var stjórn Byrs sparisjóðs jákvæð fyrir málinu. Hinn 20. september 2007 ræddi stjórnin um sölu á Icebank hf. og að nokkrir aðilar hefðu þá lýst yfir áhuga á að kaupa hlut Byrs sparisjóðs í bankanum. Stjórnin liti jákvæðum augum á hugmyndir þessara aðila, sem gengju meðal annars út á að Byr sparisjóður veitti lán til kaupanna, allt að 2,6 milljarða króna, sem tryggðir yrðu með 1. veðrétti í hlutabréfum Icebank hf.

Á stjórnarfundum 9. október 2007 samþykkti stjórnin sölu á 24,68% hlut í Icebank hf. Þá samþykkti stjórnin að veita lán sem namu samtals rúmum 2,3 milljörðum króna til þeirra sem hugðust kaupa hlut Byrs og annarra sparisjóða í bankanum. Um lánin sem slík var ekki fjallað sérstaklega á síðari fundum stjórnar sparisjóðsins þó ýmis atriði tengd viðskiptunum hafi verið rædd. Í lok árs 2008 hafði sparisjóðurinn fært nær alla lánsfjárhæðina, sem þá nam rúmum 5 milljörðum króna, í sérgreindan afskriftareikning og var staðan sú sama ári síðar.

### Sólstafir ehf. og tengdir aðilar


Sólstafir ehf. er eignarhaldsfélag sem er að fullu í eigu Þorsteins M. Jónssonar.<sup>108</sup> Önnur félög sem tengdust þessum lánahópi voru Runnur ehf. og Runnur 2 ehf.<sup>109</sup> Eignatengsl og tengsl félaganna við Byr sparisjóð má sjá á mynd 12. Önnur félög á myndinni voru ekki skráð í lánahópinn þar sem þau höfðu ekki tekið lán hjá Byr sparisjóði, en bæði MogS ehf. og Materia Invest ehf. koma engu að síður að lánahópnum í formi móðurfélagsábyrgðar og eignartengsla.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	2.754	–
2008	4.044	2.947
2009	4.688	4.462

Gjaldprot 2010 – Runnur ehf.  
Gjaldprot 2012 – Runnur 2 ehf.  
Afskrifað samtals: 2.200 (vegna Runns 2 ehf.).

108. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

109. Runnur 2 ehf. var að fullu í eigu Þorsteins M. Jónssonar eftir skiptingu á Runni ehf. í fjögur önnur félög haustið 2007.

Mynd 12. Eignatengsl Sólstafa ehf., Runns ehf. og Runns 2 ehf. í árslok 2009.<sup>110</sup>

Í skýrslu sem innri endurskoðandi Byrs sparisjóðs gerði um stórar áhættuskuldbindingar 27. maí 2008 var greint frá því að áhættuskuldbinding þessa lánaþóps var tæpur 3,1 milljarður króna eða sem nam 7,13% af eiginfjárgrunni sjóðsins. Hlutfallið náði ekki 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins og því var lánaþópurinn ekki á skýrslum sparisjóðsins yfir stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins. Í framangreindri skýrslu innri endurskoðanda var vísað til þess að lánaþópurinn væri „í gjörgæslu og unnið [væri] að lausn á málefnum hópsins“.

Sólstafir ehf.

Sólstafir ehf. fengu lán frá Sparisjóði vélstjóra haustið 2006 upp á tæpar 490 milljónir króna til þriggja mánaða með möguleika á framlengingu. Vorið 2007 fékk félagið síðan annað lán að fjárhæð 125 milljónir króna til þriggja mánaða. Tilgangur lánanna var meðal annars kaup á hlutum í skráðu félagi án tilgreiningar. Trygginga fyrir lánunum er ekki getið í gögnum, en þau voru framlengd nokkrum sinnum fram á haustið 2007 og greitt inn á annað þeirra.

Í apríl 2007 fékk félagið tæplega 158 milljóna króna lán til þriggja mánaða hjá sparisjóðnum. Í lánasamningi var tilgangs ekki getið. Því var ráðstafað inn á reikning Kjarrhólma ehf., sem var að fullu í eigu FL-Group hf., en eigandi Sólstafa ehf. var á þessum tíma stjórnarmaður í FL-Group hf.<sup>111</sup> Á gjalddaga var lánið framlengt og vextir greiddir, tæpar 7 milljónir króna.

Í september 2007 óskaði eigandi félagsins eftir framlengingu á tveimur gjaldföllum lánunum um eitt ár. Á sama tíma var óskað eftir því að Sólstafir ehf. fengu 100% lán vegna kaupa á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði upp á rúmar 70 milljónir króna til fimm ára með afborgun „einu sinni á ári, kringum arðgreiðslu“.<sup>112</sup> Lánsbeiðnin var samþykkt gegn 100% veði í stofnfjárbréfunum en samhliða lánveitingunni lagði félagið fram 37,2 milljónir nafnverðseininga í stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði til veðsetningar.

Framangreind lán voru endurfjármögnuð með einu láni 30. október 2007 en þá voru tvö af þremur lánunum Sólstafa ehf. í vanskilum og hafði einu nýlega verið skilmálabreytt. Nýja lánið, upp á 600 milljónir króna, var til eins árs. Samhliða var gerður veðsamningur þar sem félagið lagði fram rúmar 40 milljónir nafnverðseininga í stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði sem tryggingu. Verðmæti bréfanna, samkvæmt framreikningi starfsmanna Byrs sparisjóðs, var áætlað 1.245 milljónir króna.<sup>113</sup>

110. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum.

111. Í ársreikningi Kjarrhólma ehf. 2007 sagði að félagið hefði eignast 45% hlut í Tryggingamiðstöðinni hf. á árinu. Þá var þar yfirlýsing stjórnar um að á árinu 2008 yrði félagið sameinað FL Group hf., móðurfélagi sínu.

112. Þetta kemur fram í Spak, afgreiðslukerfi sparisjóðanna, í færslu hjá Byr sparisjóði frá 19. september 2007.

113. Þetta kemur fram í Spak, afgreiðslukerfi sparisjóðanna, í færslu hjá Byr sparisjóði frá 19. september 2007.

Hinn 20. desember 2007 fékk félagið svo 500 milljóna króna eingreiðslulán sem samþykkt hafði verið í stjórn Byrs sparisjóðs 30. ágúst 2007. Lánið skyldi endurgreiðast í einu lagi í apríl 2009 en til tryggingar var gerður veðsamningur um 253,7 milljónir nafnverðshluta í stofnfjárbréfum í sparisjóðnum sjálfum.

Í árslok 2008 nam skuldbinding Sólstafa ehf. við Byr sparisjóð 1.158 milljónum króna. Heildarskuldbinding félagsins hækkaði milli ára og nam 1.307 milljónum króna í árslok 2009. Við gerð nauðasamnings í febrúar 2011 var ákveðið að Byr sparisjóður fengi 6,3% krafna sinna á félagið greiddar.

### Runnur ehf.

Runnur ehf. var upphaflega stofnað í janúar 2005 í þeim tilgangi að fjárfesta í hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum.\* Runnur ehf. var í lok september 2006 með 142 milljóna króna yfirdráttarlán hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Í febrúar 2007 samþykkti stjórn Byrs sparisjóðs að hækka yfirdráttarheimild félagsins í 250 milljónir króna en í lok þess mánaðar var heimildin hins vegar komin í tæpar 380 milljónir króna. Hinn 5. mars 2007 samþykkti stjórn Byrs sparisjóðs að lánaþyrirgreiðsla Runns ehf. gæti orðið allt að 400 milljónir króna. Í júní 2007 samþykkti stjórn sparisjóðsins síðan að hækka heimild Runns ehf. í 420 milljónir króna og mánuði síðar var samþykkt að hækka heimildina um 250 milljónir króna til viðbótar í 670 milljónir króna.

Skiptingaráætlun fyrir Runn ehf. var send hlutafélagaskrá 27. júlí 2007. Í henni sagði að skipta ætti félaginu upp í fimm félög, þar af fjögur óstofnuð. Tæpum mánuði síðar, 23. ágúst 2007, var eftirfarandi bókað á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs:

Félagið Runnur ehf. kt. [...] óskar eftir tímabundinni hækkun á yfirdrætti að fjárhæð 200 milljónir króna. Núverandi þyrirgreiðsla er yfirdráttarheimild að fjárhæð 657,8 milljónir króna. Tryggingar eru í formi sjálfskuldarábyrgðar eigenda félagsins og tryggingar í hlutabréfum í Teymi. Eigendur félagsins eru Vífílfell, Saxhóll, Bygg, MogS og Sólstafir. Heildarþyrirgreiðsla verður því samtals 857,8 milljónir króna. Engar tryggingar verða lagðar sérstaklega fram fyrir þessari aukningu heimildar, því stutt er í að skuldum félagsins verði skipt niður á eigendur og tryggingar þá endurnýjaðar. Samþykkt.\*\*

Heimildin var óbreytt 16. nóvember 2007, en þá stóð yfirdráttarheimildin í tæpum 860 milljónum króna. Tryggingar voru þá metnar á um 400 milljónir króna á móti skuldbindingunni.\*\*\*

Við skiptingu Runns ehf. í fimm félög, sem voru Runnur ehf., Runnur 2 ehf., Runnur 3 ehf., Runnur 4 ehf. og Runnur 5 ehf., lánaði Byr sparisjóður um 2,6 milljarða króna til fjögurra þeirra og voru tæpir 1,9 milljarðar króna greiddir inn á skuldbindingar þeirra hjá Glitni banka hf. Það sem eftir stóð var nýtt til lækkunar á yfirdráttarþreikningi Runns ehf. hjá Byr sparisjóði. Ráðstöfun lána vegna skiptingarinnar má sjá í töflu 23.\*\*\*\*

Tafla 23. Ráðstöfun lána Byrs sparisjóðs vegna uppskiptingar Runns ehf.\*\*\*\*\*

	Innborgun á skuld viðkomandi hjá Glitni banka	Innborgun á yfirdrátt tækis í Byr sparisjóði	Samtals
Runnur ehf. (MogS ehf.)	567.797.449	218.000.879	785.798.328
Runnur 2 ehf. (Porsteinn M. Jónsson)	567.797.449	218.000.879	785.798.328
Runnur 3 ehf. (Bygg Invest ehf.)	378.531.632	145.333.920	523.865.552
Runnur 4 ehf. (Fjárfestingafél. Primus ehf.)	349.215.186	145.333.920	494.549.106
Runnur 5 ehf. (Saxhóll ehf.)	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>1.863.341.716</b>	<b>726.669.598</b>	<b>2.590.011.314</b>

Til tryggingar fyrir lánunum voru veð í hlutabréfum í 365 hf. og Teymi hf. Í öllum tilvikum var um að ræða tryggingagat sem var brúað með því að móðurfélögin ábyrgðust það sem upp á vantaði.

\* Fram að skiptingu var félagið í 25% eigu MogS ehf., 25% eigu Vífílfells hf., 16,67% hlutur var í eigu Bygg Invest ehf., 16,67% í eigu Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. og 16,67% í eigu Saxhóls ehf. Við skiptinguna urðu til fimm félög miðað við 1. janúar 2007, en þau voru Runnur ehf., Runnur 2 ehf., Runnur 3 ehf., Runnur 4 ehf. og Runnur 5 ehf. Félagunum var skipt upp í sömu hlutföllum og eignarhlutir sögðu til um og tóku Runnur 2 til Runnur 5 yfir 75% eigna, réttinda og skuldbindinga skiptingarfélagsins, þar á meðal skuldbindingar við Glitni banka hf., en 25% urðu eftir í upphaflega félaginu. – Upplýsingar úr ársreikningi Runns ehf. 2007.

\*\* Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs 23. ágúst 2007.



\*\*\* Tölvuskeyti starfsmanns Byrs sparisjóðs til Magnúsar Ægis Magnússonar 16. nóvember 2007. Á þessum tíma var ekki búið að skipta félaginu og stóðu því engar tryggingar að baki hækkuninni. Bókun stjórnar gerði hins vegar ráð fyrir því að tryggingar yrðu endurnýjaðar, eins og þar segir, þegar kæmi að því að félaginu yrði skipt upp.

\*\*\*\* Runnur 5 ehf. sem var í eigu Saxhóls ehf. óskaði ekki eftir láni frá sparisjóðnum. Runnur 5 var síðar sameinað Saxhóli 1. janúar 2008.

\*\*\*\*\* Tölvuskeyti Péturs M. Jónssonar til Mjallar Flosadóttur 19. ágúst 2008.

#### Runnur ehf. (eitt hinna fimm)

Í desember 2007 fékk Runnur ehf. 786 milljón króna lán í erlendri mynt til þriggja ára. Tilgangur lánsins var að endurfjármagna eldri lán félagsins. Meiri hluti lánsins fór til greiðslu skuldar hjá Glitni banka en rúmar 218 milljónir fóru til að greiða niður yfirdrátt sem félagið hafði hjá Byr sparisjóði. Tryggingar fyrir láninu voru rúmir 85,5 milljón nafnverðshlutar í Teymi hf. og 88,9 milljón nafnverðshlutar í 365 hf. Markaðsverðmæti þessara hlutabréfa var í lok dags 19. desember 2007 um 652 milljónir króna. Bein tryggingarvöntun var því um 134 milljónir króna. Því veittu MogS ehf. og Materia Invest ehf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. Eigið fé beggja félaga var neikvætt um samanlagt meira en 2,5 milljarða króna í árslok 2007.<sup>114</sup> Í útlánareglum sparisjóðsins frá 18. janúar 2007 sagði að ganga bæri úr skugga um að ábyrgðarmenn væru færir um að taka að sér greiðslu viðkomandi láns. Óljóst er hve mikið hald var talið í sjálfskuldarábyrgð félaga sem höfðu svo neikvætt eigið fé. Lánafyrirgreiðslan var afgreidd í miklum flýti, sem meðal annars kom fram í samskiptum starfsmanna Byrs sparisjóðs. Í tölvupósti starfsmanns skjalagerðar sagði:

[...] var að koma með 4 samninga til kaups sem hann segir að hann hafi verið búinn að tilkynna til ykkar. Það liggur auðvitað mikið á að þeir verði keyptir v/ráðstöfunar í aðra banka o.fl.

ISK 505.000.000 + 786.000.000 + 786.000.000 + 525.000.000 = 2.602.000.000.-

USD 20%

CHF 20%

JPY 20%

EUR 40%

Ég er ekki alveg viss með ráðstöfunina á þessu á þessu stigi málsins, en ég held að meiri hlutinn eigi að fara út úr húsi, en [...] getur listað það upp betur.<sup>115</sup>

#### Í öðrum tölvupósti segir um sama lánamál:

Sæll

Í öllum hasarnum við að koma skjölum til undirritunar vegna Runna (MogS) urðu þau mistök í skjalagerð að miðað var við tryggingarfjárhæð en ekki skuldafjárhæð. Þetta helgast af því að ekki var færi á að lesa samninginn yfir áður en hann fór til undirritunar.

Lánssamningurinn sem var undirritaður er því að andvirði 671 milljón, en þarf að vera rúmar 780 milljónir.

Spurning um að Magnús Ármann veiti okkur umboð (eða öðrum) til að setja stafina sína við það ef við breyttum bara fjárhæðinni í lánasamningnum með pennastriki?<sup>116</sup>

Í lok árs 2008 höfðu 1.369 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga Runns ehf., sem þá námu 1.538 milljónum króna. Í lok árs 2009 stóðu 1.697 milljónir króna á sérgreindum afskriftareikningi vegna skuldbindinga félagsins. Félagið varð gjaldþrota í nóvember 2010.

114. Ársreikningur Materia Invest ehf. 2007 og ársreikningur MogS ehf. 2007. Í athugasemd Magnúsar Ægis Magnússonar til rannsóknarnefndarinnar 18. desember 2013 benti hann á, í þessu sambandi, að eigendur félaganna, Magnús Ármann og Þorsteinn M. Jónsson, hefðu verið í hópi auðugustu manna á Íslandi á þessum tíma. – Sú athugasemd um fjárstyrk eigenda félaganna breytir ekki fjárhagsstöðu þeirra sjálfra, enda verða þau ekki lögð að jöfnu við eigendur sína.

115. Tölvuskeyti milli starfsmanna Byrs sparisjóðs 27. desember 2007. Í athugasemd Magnúsar Ægis Magnússonar til rannsóknarnefndarinnar 18. desember 2013 sagði hann að þessi mál hefðu verið unnin í miklum flýti sem hefði leitt til þess að lán til Magnúsar Ármanns hefði verið í erlendri mynt í stað þess að vera verðtryggt.

116. Tölvuskeyti starfsmanns sparisjóðsins til Magnúsar Ægis Magnússonar 19. desember 2007.

Runnur 2 ehf.

Runnur 2 ehf. var í eigu Þorsteins M. Jónssonar og Magnúsar Ármann.<sup>117</sup> Í desember 2007 fékk félagið eingreiðslulán í erlendri mynt að jafnvirði 786 milljóna króna til þriggja ára hjá Byr sparisjóði til að endurfjármagna eldri lán Runns ehf. sem komu í hlut Runns 2 ehf. Lánið var greitt út 27. desember 2007 og var stærstum hluta þess, eða sem nam liðlega 567 milljónum króna, ráðstafað til greiðslu skuldar hjá Glitni banka, en um 218 milljónir fóru til að greiða niður yfirdrátt Runns ehf. hjá Byr sparisjóði. Tryggingar fyrir láninu voru um 85,5 milljónir nafnverðshluta í Teymi hf. og 88,9 milljónir nafnverðshluta í 365 hf. Markaðsverðmæti bréfa-anna í dagslok 19. desember 2007 var um 652 milljónir króna og tryggingagat því um 134 milljónir króna. Sjálfskuldarábyrgð Sólstafa ehf. var ætlað að brúa tryggingagatið en eigið fé Sólstafa ehf. í árslok 2007 var 1,6 milljarðar króna.<sup>118</sup> Runnur 2 ehf. var úrskurðað gjaldþrota 2. mars 2012. Fyrir hönd Byrs sparisjóðs var lýst 2,2 milljarða króna kröfu í búið en Runnur 2 ehf. hafði ekki staðið í skilum með lánið sem hafði einnig hækkað vegna gengisbreytinga. Ekkert fékkst upp í lýstar kröfur og voru þær afskrifaðar að fullu.<sup>119</sup>

Í árslok 2008 nam heildarskuldbinding lánshópsins 4.044 milljónum króna og voru 2.946 milljónir króna færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga lánahópsins. Heildarskuldbinding lánahópsins hækkaði milli ára og í árslok 2009 nam hún 4.688 milljónum króna. Á árinu 2009 lá fyrir að stofnfjárbréf í Byr sparisjóði sem voru til tryggingar fyrirgreiðslu Sólstafa ehf. væru lítils virði. Voru þau metin á genginu 0,1 sem þýddi að tryggingarskortur vegna fyrirgreiðslu til Sólstafa ehf. var orðinn tæpur 1,1 milljarður króna og var sú fjárhæð lögð í sérgreindan afskriftareikning í lok árs 2009. Samtals voru um 4,5 milljarðar króna færðir í sérgreindan afskriftareikning vegna heildarskuldbindinga Sólstafa ehf. og tengdra aðila í árslok 2009.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	3.196	–
2008	3.831	254
2009	4.198	1.321

Gjaldprot 2008 – Samson eignarhaldsfélag ehf.  
Gjaldprot 2011 – Hansa ehf.

#### Hansa ehf. og tengdir aðilar

Lánahópurinn samanstóð af félögunum Hansa ehf. og Samson eignarhaldsfélagi ehf.<sup>120</sup> Helsta eign Hansa ehf. samkvæmt ársreikningi 2007 var eignarhlutur í WH Holding Ltd. í Bretlandi sem átti á þeim tíma knattspyrnuliðið West Ham United.<sup>121</sup>

Í desember 2006 veitti Sparisjóður vélstjóra Hansa ehf. 2,5 milljarða króna eingreiðslulán til eins árs. Landsbanki Íslands hf. fjármagnaði 1,5 milljarða króna af því láni.<sup>122</sup> Ekki kom fram í lánasamningi milli sparisjóðsins og Hansa ehf. hver tilgangur lánsins væri, en sem trygging fyrir fyrirgreiðslunni voru lagðir fram hlutir í Straumi-Burðarási hf. að verðmæti 4 milljarðar króna. Ef eftirstöðvar lánsins yrðu meira en 85% af markaðsvirði trygginga skyldi lántaki færa fram frekari tryggingar. Samhliða lánveitingunni var gerður samningur við MP Fjárfestingarbanka hf. um aðild að láninu. Tókst bankinn á hendur 40% fjármögnunar á láninu til Hansa ehf. með því að lána Sparisjóði vélstjóra sem nam 1 milljarði króna. Í september 2007 samþykkti Byr sparisjóður að skipta út tryggingum í hlutabréfum Straums-Burðaráss hf. fyrir veð í hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf., án þess þó að virði trygginganna fyrir láninu breyttist. Í lok desember 2007 var lánið framlengt um eitt ár og vöxtum bætt við höfuðstól, sem var eftir breytingu 2,9 milljarðar króna. Á árinu 2008 var Hansa ehf. sjö sinnum sent formlegt veðkall, í fyrsta skipti í febrúar.<sup>123</sup> Í kjölfar þess lagði Samson eignarhaldsfélag ehf. fram auknar tryggingar fyrir skuldbindingu Hansa ehf. í formi 21 milljónar hluta í Landsbanka Íslands hf. Í júní 2008 lagði Samson aftur fram auknar tryggingar, fyrst 10 milljónir hluta í Landsbanka Íslands hf. og bætti svo við 5 milljónum hluta síðar í sama mánuði. Hinn 3. október 2008 greiddi Hansa ehf. síðan 275 milljónir króna inn á lánið. Hinn 7. október 2008 sendu forsvarsmenn Byrs sparisjóðs bréf til Hansa ehf. þar sem óskað var eftir auknum tryggingum í kjölfar þess að skilanefnd hafði verið skipuð yfir Landsbanka Íslands hf. og því ljóst að veð í hlutabréfum bankans

117. Útlánaskoðun KPMG endurskoðunar hf. í Byr sparisjóði, 4. mars 2009.

118. Ársreikningur Sólstafa ehf. 2007.

119. Tölvuskeyti Landsbanka til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2012.

120. Hansa ehf. var í eigu Ólafsfells ehf. sem var í 100% eigu Björgólfs Guðmundssonar samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2007.

121. Ársreikningur Ólafsfells ehf. 2007.

122. Samkomulag Landsbanka Íslands og Byrs sparisjóðs (SPV og SPH) um eingreiðslulán til eins árs, 28. desember 2006.

123. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparisjóðs, 10. desember 2010.

væri lítills virði. Yrði ekki orðið við þessum kröfum sparisjóðsins yrði lánið gjaldfellt. Ekki varð af því að Hansa ehf. legði fram auknar tryggingar og var lánið því gjaldfellt. Hansa ehf. var úrskurðað gjaldþrota í maí 2011.

Í kjölfar gjaldfellingarinnar kom upp ágreiningur milli MP Fjárfestingarbanka hf. og Byrs sparisjóðs. Hafði MP Fjárfestingarbanki hf. ítrekað farið fram á að hluti þeirra hlutabréfa í Landsbankanum sem Hansa hefði lagt fram sem tryggingu yrði í sinni vörslu, en Byr sparisjóður hafði verið með allar tryggingar Hansa í vörslu sinni. Í kjölfar gjaldfellingar á láni til Hansa voru 7 milljónir hluta í Landsbanka Íslands fluttir til MP Fjárfestingarbanka. Bankinn tilkynnti Samson eignarhaldsfélagi í kjölfarið að gengið yrði að hinum veðsettu bréfum. Þá seldi MP Fjárfestingarbanki bréfin og fékk um 528 milljónir króna fyrir. Var það gert án vitneskju eða samráðs við Byr sparisjóð og fékk sparisjóðurinn ekki hluta af ágóða sölunnar.<sup>124</sup> Sparisjóðurinn höfðaði mál á hendur MP Fjárfestingarbanka hf. og fór fram á að bankinn greiddi 60% af andvirði sölunnar til sín. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars 2011 í máli E-482/2010 var MP Fjárfestingarbanka hf. gert að greiða Byr sparisjóði sem nam um 60% af sölunni, eða 316 milljónir króna, ásamt dráttarvöxtum frá 16. nóvember 2009. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti dóm héraðsdóms lítillaga breyttan með dómi 16. febrúar 2012 í máli nr. 342/2011.

Skuldbinding Samson eignarhaldsfélags ehf. við sparisjóðinn var í formi tveggja skuldbréfalána að fjárhæð 242 milljónir króna, hið stærra nam 200 milljónum króna og var veitt í október 2007. Samson eignarhaldsfélag ehf. var úrskurðað gjaldþrota í nóvember 2008 og afskrifaði Byr sparisjóður kröfu sína á hendur félaginu að fullu það ár.<sup>125</sup>

Í lok árs 2008 höfðu alls 254 milljónir króna verið lagðar í afskriftareikning vegna fyrirgreiðslu til Hansa ehf. og Samson eignarhaldsfélags ehf. Í lok árs 2009 var staða afskriftareiknings vegna félaganna 1.321 milljón króna. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka hf. voru eignir yfirteknar upp í skuldir.

#### Lánahópur eignarhaldsfélaga um hlut í MP Fjárfestingarbanka hf., stofnfjárbréf í Sparisjóði vélstjóra og hlutabréf annarra félaga

Í þessum hópi voru fjögur einkahlutafélög sem fengust meira og minna við eignarhald og umsýslu hlutabréfa. Stærst félaganna var Hraunbjarg ehf.

Á árunum 2004, 2005 og 2007 fékk eitt einkahlutafélaganna þrjú skammtímalán í erlendum myntum, samtals að jafnvirði rúmra 255 milljóna króna, hjá Sparisjóði vélstjóra. Öll lánin voru ítrekað framlengd. Elsta lánið, að jafnvirði 50 milljóna króna, var án trygginga. Á tímabilinu 2005–2007 var eigið fé félagsins á bilinu 900–1.800 milljónir króna. Tryggingar fyrir öðru láninu voru í formi handveðs í innistæðu á bankareikningi „eins og innistæða var á hverjum tíma“. Tryggingar þriðja lánsins voru 500 þúsund Bandaríkjadalir á gjaldyrisreikningi, jafnvirði 31 milljónar króna.

Í árslok 2008 voru yfir 400 milljónir króna útistandandi vegna lána þessa félags. Á bankareikningi sem Byr sparisjóður var með handveð í voru tæpar 149 milljónir króna á sama tíma. Ekki var talin þörf á að færa framlag í afskriftareikning vegna heildarskuldbindinga félagsins í lok árs 2008, þar sem eiginfjárstaða félagsins var talin sterk.<sup>126</sup> Í lok árs 2008 hafði eigandi félagsins lagt fram auknar tryggingar í formi hlutabréfa í MP Fjárfestingarbanka hf. Öll lánin voru enn útistandandi vorið 2010 við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Byr sparisjóði.

Hraunbjarg ehf. fékk lán í erlendri mynt að jafnvirði 100 milljóna króna hjá Sparisjóði vélstjóra í júlí 2006. Lánið var eingreiðslulán til eins árs og til tryggingar var 1,66% eignarhlutur í MP Fjárfestingarbanka hf. Ekki var lagt fram verðmat á tryggingunni og í lánasamningi var tilgangur lánsins ekki tilgreindur. Í mars 2007 fékk félagið eingreiðslulán til eins árs, 70% í erlendum myntum og 30% í íslenskum krónum, að jafnvirði 1 milljarðs króna, í þeim tilgangi að fjármagna kaup á stofnfjárbréfum í Sparisjóði vélstjóra. Til tryggingar láninu stóð 39% eignarhlutur í Vostok Holdings ehf. og 9,3% eignarhlutur í MP Fjárfestingarbanka hf. Þegar lánið frá 2007 kom á gjalddaga var lánstíminn framlengdur um 18 mánuði

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	1.690	–
2008	2.689	–
2009	2.553	627

124. Bréf Stefáns B. Gunnlaugssonar hrl. til Fjármálaeftirlitsins 18. nóvember 2008.

125. Útlánaskoðun KPMG endurskoðunar hf. í Byr sparisjóði, 4. mars 2009.

126. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs, 22. maí 2009.

og þegar komið var fram í nóvember 2008 var láninu myntbreytt í íslenskar krónur. Á sama tíma voru lagðar fram auknar tryggingar, handveð í hlutum Vostok Holdings ehf. Í útlánakönnun innri endurskoðanda 28. maí 2008 voru skuldbindingar hópsins metnar á 1,1 milljarð króna og tryggingar á um 1,5 milljarða króna og „því nægar tryggingar fyrir veittum útlánunum“. <sup>127</sup> Í lok árs 2008 var virði skuldbindinga og trygginga orðið svipað. <sup>128</sup>

Rétt fyrir gjalddaga í september 2009 var lánið enn framlengt og þá um sex mánuði. Greiddar voru 300 milljónir króna inn á lánið og stóð það þá í liðlega 1,6 milljörðum króna. Jafnframt voru viðræður í gangi um að félagið legði fram frekari tryggingar. <sup>129</sup> Vostok Holdings ehf. var slitið í desember 2009 og eignuðust hluthafar félagsins við það eignarhlut í félagi sem starfrækt var í Hollandi og bar sama nafn og það íslenska.

Á lánanefndarfundi Byrs sparisjóðs 27. nóvember 2009 kom fram að gert hefði verið veðkall hjá Hraunbjargi ehf. 26. október sama ár. Ekki hefðu verið boðnar fullnægjandi tryggingar, en tryggingar voru þá rúnum 700 milljónum króna lægri en skuldbindingar. Í fundargerð lánanefndar 11. janúar 2010 var málefnum félagsins frestað og það aftur tekið fyrir á fundi lánanefndar 8. mars 2010. Þar voru viðruð samskipti vegna lánsins sem þá stóð í 1,7 milljörðum króna og var í vanskilum. Í fundargerð lánanefndar sagði:

Mál tekið upp aftur eftir umfjöllun í janúar. Síðasta haust var gert veðkall og krafist aukinna trygginga en Hraunbjarg ehf. neitaði að verða við því nema gegn loforði um framlengingu lána þeirra. Því var synjað en frekari viðbrögð af hálfu Byrs hafa ekki orðið. Nú óska þeir framlengingar á lánunum í 6 mánuði meðan þeir leita lausnar. Lánin standa í 1.730,3 mj kr og voru á gjalddaga 1.3 sl. Til tryggingar lánunum eru hlutabréf í MP nv. 100 mj kr og hlutabréf í Vostok Holdings Netherlands. Samkvæmt upplýsingum frá MP eru hlutirnir í Vostok Holdings Netherlands [...] 1.379 mj kr [virði] miðað við gengið 1,5 sem er sama og mat PWC en óvissan hlýtur að teljast þó nokkur. Tryggingar voru áður Vostok Holdings ehf., nv 400 mj kr, metið af PWC á gengið 1,5 í nóvember s.l.. Ef gengið er 1,5 er tryggingarþekjan 120%.

Gerð hefur verið varúð 367 mj kr vegna Hraunbjargs en í ljósi nýrra upplýsinga um tryggingar er til athugunar að minnka það.

Samþykkt tilaga starfsmanns að framlengja lán í 6 mánuði fá vexti greidda. Málunum er vísað til stjórnar.

Ekki er að finna umfjöllun stjórnar um málefni félagsins í kjölfar þessarar bókonar en Byr sparisjóður var yfirtekinn af Fjármálaeftirlitinu 22. apríl 2010.

Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna lána þessara tveggja félaga í lánaþópnum í árslok 2008, en ári síðar nam framlagið 627 milljónum króna.

Hin tvö félögin í lánaþópnum voru samtals með skuldbindingar sem námu 317 milljónum króna í lok árs 2009, en þar af voru 134 milljónir króna í vanskilum. Ekkert var lagt í sérgreindan afskriftareikning vegna þeirra. Til tryggingar skuldbindingunum voru veð í hlutum í MP Banka hf., handveð í innstæðu, hlutabréf í Austurbraut ehf., íbúðalánasafn og innlánsamningar í Úkraínu.

#### Lava Capital ehf.

Lava Capital ehf. var fjárfestingarsjóður að fullu í eigu Byrs sparisjóðs, upphaflega stofnaður árið 2007 í þeim tilgangi að fjárfesta í arðvænlegum fasteignaþróunarverkefnum á vel völdum stöðum í London og nágrenni. Daglegur rekstur Lava Capital var í höndum starfsmanna Shelley Oak í London. <sup>130</sup>

Í ágúst 2007 fékk Lava Capital ehf. lán í sterlingspundum, jafnvirði 3,4 milljarða króna, hjá Byr sem skyldi endurgreitt í síðasta lagi í ágúst 2012. Engin stjórnarsamþykkt fannst fyrir láninu. Í október 2007 var hins vegar lögð fyrir stjórn Byrs sparisjóðs greinargerð frá Lava Capital um fjárfestingu í Surrey í Englandi fyrir 1,5 milljónir sterlingspunda, jafnvirði 184 milljóna króna. Fram kom að þetta væri þriðja verkefnið sem Lava Capital

Árslok (m.kr.)	Heildar-skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	858	–
2008	2.317	–
2009	2.611	2.089

127. Skýrsla um útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs á stærstu lánþegum, 27. maí 2008.

128. Útlánaskoðun KPMG endurskoðunar hf. í Byr sparisjóði, 4. mars 2009.

129. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs II, 27. nóvember 2009.

130. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 26. júlí 2007. Um Shelley Oak er fjallað hér aftar í kaflanum.

ræðist í. Erindið var samþykkt og fól stjórn sparisjóðsstjórum að koma með tillögur að samþykktarferli vegna verkefna á vegum Lava Capital, auk tillagna að fjárhæð heildarfjárfestinga á vegum félagsins.<sup>131</sup>

Samkvæmt ársreikningi Lava Capital ehf. fyrir árið 2008 voru eignir og skuldir tæpir 2,3 milljarðar króna.<sup>132</sup> Ekkert var fært í afskriftareikning vegna félagsins árið 2008. Í ársreikningi Lava Capital ehf. fyrir árið 2009 höfðu eignir félagsins rýrnað töluvert og voru metnar á 210 milljónir króna á meðan skuldir félagsins voru metnar á 2,6 milljarða króna. Staða á sérgreindum afskriftareikningi vegna Lava Capital ehf. nam 2.089 milljónum króna í lok árs 2009.

#### Lindareign ehf. og tengdir aðilar

Lánahópurinn fékk lán frá Byr sparisjóði til þess að ráðast í fasteignaverkefni á höfuðborgarsvæðinu og við Hveragerði. Hann samanstóð af Lindareign ehf., Gómi ehf., Andhrímni ehf., Norðurhrauni 1 ehf., Hrauneignum ehf., Bergkletti ehf., Fiskislóð 33 ehf., Pc Mapper International ehf., Búkaupum ehf., einu einkahlutafélagi til viðbótar með óverulegar fyrirgreiðslur hjá sparisjóðnum og einstaklingi sem átti á bilinu 25–100% eignarhlut í félögunum. Sjálfur var hann í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánnum Fiskislóðar 33 ehf.<sup>133</sup> Flest félögin voru fasteignafélög sem höfðu mismunandi verkefni á sinni könnu. Skuldbindingar Pc Mapper International ehf. við sparisjóðinn voru óverulegar.

Lindareign ehf. var stofnað um miðjan september 2006. Strax þá lagði eigandi félagsins fyrir sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Hafnarfjarðar, Magnús Ægi Magnússon, hugmynd að samstarfi um að sparisjóðurinn fjármagnaði ákveðnar fjárfestingar að fullu til 25–30 ára. Um var að ræða fimm tilgreind fasteignaverkefni, samtals upp á 190 milljónir króna, og skyldi Sparisjóður Hafnarfjarðar innheimta leigutekjur af fasteignunum sem færu inn á reikning sem sérstaklega væri stofnaður til að greiða af lánunum. Reiknað var með að leigusamningar stæðu undir afborgunum og fasteignagjöldum eignanna. Sem viðbótartryggingu skyldi eigandi Lindareignar ehf. leggja fram 100 milljóna króna innistæðu á bók sem sett væri að handveði, þar sem eigandinn gæti tekið út vextina um hver mánaðamót en höfuðstóllinn skyldi óskertur.<sup>134</sup> Frá september 2006 til nóvember 2007 fékk Lindareign ehf. sex lán í erlendri mynt til kaupa á jafn mörgum fasteignum á höfuðborgarsvæðinu, samtals að jafnvirði 331 milljónar króna. Í öllum tilvikum var um að ræða 100% fjármögnun með verðtryggðum jafngreiðslulánum til 25–30 ára og með veði í keyptum eignum. Auk þess átti Byr sparisjóður handveð í skuldabréfi í eigu félagsins upp á 100 milljónir króna. Þá var eigandi Lindareignar í sjálfskuldarábyrgð fyrir 10 milljónum króna af skuldbindingum félagsins.<sup>135</sup>

Eitt lánanna, upp á 135 milljónir króna, var veitt í júní 2007. Í lánsúmsókninni sagði að eigandi félagsins ætti von á hárrí fjárhæð sem myndi gera honum kleift að „greiða niður öll 100% lánin sem [væru] í þessu félagi niður í 70% veðsetningu“. Það gekk ekki eftir. Samkvæmt skilmálum gat Byr sparisjóður kallað eftir viðbótartryggingum ef verðmæti trygginga færi niður fyrir 115% af eftirstöðvum lánsins. Vanskil urðu af lánunum hverju á fætur öðru á árunum 2008 og 2009 og var þeim skilmálabreytt, afborgunum frestað og vextir frystir. Í mars 2010 námu skuldir félagsins við Byr sparisjóð 490 milljónum króna og sérgreint framlag í afskriftareikning vegna þeirra nam 50 milljónum króna. Lindareign ehf. var úrskurðuð gjaldþrota 9. nóvember 2011.

Gómur ehf. var fasteignafélag stofnað á vormánuðum 2007.<sup>136</sup> Í maí 2007 samþykkti Byr sparisjóður að veita Gómi tvö lán, samtals að fjárhæð 407 milljónir króna, til kaupa á tveimur fasteignum að Eyjaslóð 1 og 5 í Reykjavík. Bæði lánin voru eingreiðslulán til 28 ára, með mánaðarlegum vaxtagreiðslum, en þó afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Tryggingar

Árslok (m.kr.)	Heildar- skuldbinding	Staða á afskrifa- reikningi
2007	745	–
2008	1.606	–
2009	3.402	918

Gjaldprot 2011 – Lindareign ehf.  
Gjaldprot 2011 – Norðurhraun 1 ehf.  
Gjaldprot 2011 – Hrauneignir ehf.  
Gjaldprot 2012 – Gómur ehf.  
Gjaldprot 2012 – Andhrímni ehf.  
Gjaldprot 2012 – Bergklettur ehf.  
Gjaldprot 2012 – Pc Mapper International ehf.  
Gjaldprot 2012 – Búkaup ehf.  
Gjaldprot 2012 – Fiskislóð 33 ehf.

131. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 18. október 2007.

132. Ársreikningur Lava Capital ehf. 2008.

133. Samsetning hópsins miðar við skýrslu sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar í lok árs 2009.

134. Kynning eiganda Lindareignar ehf., lögð fyrir Sparisjóð Hafnarfjarðar, 19. september 2006.

135. Yfirlit um viðskipti og ábyrgðir lánahópsins, tekið saman af viðskiptastjóra hjá Byr sparisjóði, 17. desember 2008.

136. Gómur ehf. var stofnaður árið 2007 og var í jafri eigu tveggja einstaklinga. Árið 2007 keypti Gómur ehf. fjögur önnur félög og sameinaði þau rekstri félagsins frá 30. júní 2007 að telja. Í árslok 2007 hafði eigendahópurinn stækkað og áttu stofnendur félagsins 20% hlut hvor í félaginu en meðal annarra eigenda voru Byr sparisjóður með 10% hlut, Sparisjóðabanki Íslands hf. með 10% hlut og Hólmaslóð ehf. sem átti 25% hlut í félaginu, en það var í 56% eigu Blue Sky Transport S.A., félags í Lúxemborg, og 44% eigu Fikts ehf.

voru veð í keyptum eignum. Skuldir félagsins við sparisjóðinn námu 670 milljónum króna í mars 2010 og sérgreint framlag í afskriftareikning vegna þeirra var þá 222 milljónir króna. Gómur ehf. var tekinn til gjaldþrotaskipta í október 2012.

Andhrímnir ehf. var stofnað í byrjun mars 2008 til lóðakaupa. Í byrjun árs 2008 óskuðu eigendur félagsins eftir fjármögnun vegna kaupa á lóðum í Bryggjuhverfi í Reykjavík. Erindið hlaut ekki góðan hljómgrunn í fyrstu. Í tölvuskeyti sem Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóri sendi samstarfsfólki sínu í byrjun janúar 2008 sagði hann:

Ég hef ekki alveg nógu heitar fætur fyrir þessu verkefni. Í fyrsta lagi hef ég ekki alveg á tilfinningu hversu „rétt“ verð er verið að greiða fyrir landið. Í öðru lagi finnst mér ég ekki hafa næga tilfinningu hvert þessi markaður mun stefna nú á síðustu og verstu tímum. M.v. 100% fjármögnun er öll áhættan okkar eins og við vitum, þannig að ef allt fer á versta veg sitjum við uppi með eignina. Það að vera með amk 10% eigið fé er strax betra til að festa menn betur inn í verkefnið.<sup>137</sup>

Viðskiptastjóri sparisjóðsins upplýsti í tölvuskeyti 14. janúar 2008 að 10% eigið fé væri komið í verkefnið frá kaupendum og var undirritað „vilyrði um fjármögnun vegna lands í Bryggjuhverfi, Reykjavík“ 22. febrúar 2008 þar sem sparisjóðurinn samþykkti að fjármagna kaup á tilgreindum lóðum í Bryggjuhverfinu fyrir 527 milljónir króna.

Í september 2008 fékk Andhrímnir ehf. tvö ádráttarlán, annað allt að 379 milljónir króna og hitt upp á rúmar 162 milljónir króna, og skyldi endurgreiða þau ásamt vöxtum í apríl 2010. Tryggingar fyrir lánunum voru lóðir í Bryggjuhverfinu auk þess sem eigendur félagsins lögðu fram tryggingu á handveðsettum reikningum, samtals tæpa 51 milljón króna. Handveðsyfirlýsingarnar voru dagsettar 22. desember 2008.<sup>138</sup> Lánsheimildin var fullnýtt 15. janúar 2009, samtals 541 milljón króna. Í mars 2010 námu skuldbindingar Andhrímnis ehf. við sparisjóðinn 671 milljón króna og sérgreint framlag í afskriftareikning 200 milljónum króna. Andhrímnir ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í apríl 2012.

Norðurhraun 1 ehf. var stofnað í apríl 2008 og fékk 225 milljóna króna lán til kaupa á fasteign í Garðabæ þremur mánuðum síðar. Lánið var til 25 ára með veði í eigninni auk handveðs í húsaleigusamningi um leigu á henni. Tveimur dögum fyrir lánveitinguna fékk fyrirtækið 302 milljóna króna yfirdráttarheimild sem var að hluta til endurgreidd með láninu. Í lok mars 2010 stóðu skuldbindingar félagsins í 386 milljónum króna, þar af var yfirdráttur upp á 105 milljónir króna. Á sérgreindum afskriftareikningi voru þá 106 milljónir króna vegna félagsins, eða um 30 milljónum krónum minna en var í vanskilum af lánunum þess. Norðurhraun 1 ehf. var úrskurðað gjaldþrota 16. mars 2011. Áður en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta leysti Byr sparisjóður fasteignina til sín og var hún síðan seld.

Hrauneignir ehf. fékk 150 milljóna króna lán hjá Byr sparisjóði í júlí 2008 til kaupa á fasteign í Garðabæ. Lánið var verðtryggt til fimm ára, afborgunarlaust fyrstu tvö árin, en skyldi endurgreiddast með jöfnum afborgunum á síðustu þremur árum lánstímans. Tryggingar fyrir láninu voru veð í fasteigninni sem keypt var og handveð í húsaleigusamningi um eignina. Í lok mars 2010 námu skuldbindingar félagsins 249 milljónum króna og voru 100 milljónir króna á sérgreindum afskriftareikningi vegna þeirra. Félagið var úrskurðað gjaldþrota 28. júní 2011.

Bergklettur ehf. var stofnað á vormánuðum 2007. Upphaflega fékk félagið 125 milljóna króna yfirdráttarlán í þrjá mánuði í júní 2007 til kaupa á félagi sem bar heitið Fasteignin Klettagarðar 4 ehf. og var eigandi samnefndrar fasteignar.<sup>139</sup> Til tryggingar láninu voru settar 60 milljónir króna að handveði sem stóðu á reikningi í nafni annars eiganda félagsins, einstaklings úr lánahópnum. Í lok árs 2008 stóð yfirdráttarlánið í rúmum 200 milljónum króna. Í mars 2009 var láninu breytt og var það veitt til eins árs gegn tryggingum.<sup>140</sup> Tryggingar fyrir láninu voru 100 milljóna króna veðsamningur, með veði í bréfum í einkahlutafélaginu um fasteignina að Klettagörðum 4, og 90 milljóna króna sjálfskuldarábyrgð

137. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til samstarfsfólks 7. janúar 2008.

138. Í lánasamningi kom einnig fram að ef verðmæti trygginga færi niður fyrir 115% af eftirstöðvum láns væri lánveitanda heimilt að kalla eftir viðbótartryggingum.

139. Tölvuskeyti milli starfsmanna Byrs sparisjóðs 23. desember 2009.

140. Fundargerð lánanefndar Byrs sparisjóðs, 11. mars 2009.

eiganda félagsins. Í mars 2010 voru skuldbindingar félagsins 245 milljónir króna og stóð framlag á sérgreindum afskriftareikningi í 50 milljónum króna. Bergklettur ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í febrúar 2012.

Í júní 2007 keypti Byr sparisjóður 90 milljóna króna skuldabréf útgefið af Einingaverksmiðjunni Borg ehf. Bréfið hafði áður verið í eigu Kambalindar ehf. sem var í eigu áður nefnds eiganda félaganna í lánahópnum. Hann gekkst í sjálfskuldarábyrgð samhliða framsalinu til Byrs sparisjóðs. Búkaup ehf., félag sem hann átti 25% eignarhlut í, tók síðan yfir skuldbindingu Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. í febrúar 2008 samkvæmt skuldabréfinu. Þrír meðeigendur að Búkaupum ehf. gengust til viðbótar undir sjálfskuldarábyrgð vegna lánsins. Lánið hafði verið lækkað um 45 milljónir króna vegna útgöngu Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. í verkefni Kambalindar en Sparisjóðabankinn hafði tekið yfir helming skuldbindingar Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. með greiðslu til Byrs sparisjóðs. Í mars 2010 stóð skuldin við Byr sparisjóð í 82 milljónum króna en þar af höfðu 25 milljónir verið færðar sem framlag í sérgreindan afskriftareikning. Búkaup ehf. varð gjaldþrota í júní 2012.

Fiskislóð 33 ehf. var stofnað í maí 2007 af DIMAR ehf. til að halda utan um verkefni í tengslum við uppbyggingu lóðarinnar að Fiskislóð 33. DIMAR ehf. hafði fengið lóðinni úthlutað af Faxaflóahöfnum í september 2006. Bergklettur ehf., sem hafði skömmu áður eignast Fiskislóð 33 ehf., seldi félagið 24. október 2007 til Maxie ehf., fyrir 195 milljónir króna. Samhliða sölunni var óskað eftir láni til handa Fiskislóð 33 upp á tæpar 179 milljónir króna. Með yfirlýsingu 23. nóvember 2007 gekkst áður nefndur einstaklingur í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu ásamt meðeiganda sínum að Bergkletti ehf., en skyldi hún falla niður þegar lóðin að Fiskislóð 33 yrði veðhæf. Lánið var afborgunarlaust fyrstu tvö árin en skyldi greiðast með 37 mánaðarlegum greiðslum eftir það. Skuldbindingar félagsins við sparisjóðinn námu 288 milljónum króna í mars 2010 og sérgreint afskriftaframlag 150 milljónum króna. Þá voru 85 milljónir króna í vanskilum. Fiskislóð ehf. var úrskurðað gjaldþrota í október 2012.

Á stjórnarfundum Byrs sparisjóðs 26. febrúar 2008 var farið yfir minnisblað um fyrirgreiðslur til lánahópsins. Kom þar fram að verkefni sem hefðu verið í vinnslu hjá Byr sparisjóði og hefðu verið samþykkt næmu samtals um 1,2 milljörðum króna.<sup>141</sup> Í árslok var ekkert fært í sérgreindan afskriftareikning vegna lánahópsins. Um mitt ár 2009 höfðu fasteignir Lindareignar ehf. verið endurmetnar, sem leiddi í ljós tryggingarskort upp á 149 milljónir króna vegna fyrirgreiðslu við félagið. Fasteignir sem Gómur ehf. hafði lagt fram sem tryggingu voru einnig endurmetnar. Ráðgert hafði verið að rífa húsin og byggja ný en um mitt ár 2009 lá fyrir að hætt yrði við þau áform í bili. Verðmat fasteignanna var lækkað vegna breyttra áforma og almennrar verðlækkunar húsnæðis, úr 504 milljónum króna í 194 milljónir króna, og var tryggingarskorturinn því orðinn 411 milljónir króna. Þær lóðir sem Andhrímnir átti voru upphaflega metnar á 590 milljónir króna samkvæmt kaupsamningi. Samkvæmt verðmati Byrs um mitt ár 2009 voru þær hins vegar 235 milljóna króna virði. Þá voru fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu í uppnámi. Tryggingarskortur vegna fyrirgreiðslu við Andhrímnir nam 350 milljónum króna í lok júní 2009. Á sama tíma var verðmat Byrs sparisjóðs á fasteign Norðurhrauns 1 um 255 milljónir króna og tryggingarvöntun því um 117 milljónir króna.<sup>142</sup> Í árslok 2009 höfðu tæplega 918 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna lánveitinga til lánahópsins.

Í desember 2012 höfðu Lindareign ehf., Andhrímnir ehf., Norðurhraun 1 ehf., Hrauneignir ehf., Bergklettur ehf., Búkaup ehf., Pc Mapper International ehf., Gómur ehf. verið tekin til gjaldþrotaskipta, sem og einstaklingur í lánahópnum sem var jafnfamt eigandi félaganna að meira eða minna leyti.

#### Saxhóll ehf. og tengdir aðilar

Saxhóll ehf. var fasteignafyrirtæki sem leigði út fasteignir ásamt því að stunda viðskipti með verðbréf.<sup>143</sup> Félagið átti að fullu nokkurn fjölda dótturfélaga. Önnur félög í lánahópnum hjá Byr sparisjóði voru Bygg Invest ehf. og Runnur 3 ehf. sem síðar rann inn í fyrrnefnda

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	1.517	–
2008	1.595	917
2009	1.809	1.509

Gjaldbrot 2009 – Saxhóll ehf.  
Gjaldbrot 2009 – Saxbygg ehf.  
Gjaldbrot 2011 – Bygg Invest ehf.  
Afskrifað samtals: 954 (vegna Bygg Invest ehf.)  
Afskrifað 2012: 645 (vegna Saxbyggs ehf.)

141. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 26. febrúar 2008.

142. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs II, 27. nóvember 2009.

143. Ársreikningur Saxhóls ehf. 2007.

félagið, Saxbygg ehf., tvö félög sem leigðu út atvinnuhúsnæði og verktakafyrirtæki.<sup>144</sup> Saxhóll ehf. var venslað sparisjóðnum þar sem Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs sparisjóðs, var stjórnarformaður Saxhóls ehf. og átti 20% eignarhlut í félaginu.<sup>145</sup> Auk þess átti Saxhóll ehf. um 7,5% stofnfjárhluta í Byr sparisjóði í árslok 2008 og þá átti Bygg Invest ehf. um 4% stofnfjárhluta. Lánahópurinn var aldrei á lista Byrs sparisjóðs yfir stórar áhættuskuldbindingar.

Bygg Invest ehf. tók yfir skuldbindingar Runns 3 ehf. við Byr þegar félögin voru sameinuð í júlí 2008, en Runnur 3 ehf. hafði tekið yfir hluta af skuldum Runns ehf. sem skipt var upp í fimm félög eins og greint er frá hér framar. Bygg Invest ehf. varð fyrir miklum skakkaföllum vegna falls íslensku viðskiptabankanna. Af tölvusamskiptum starfsmanna Byrs haustið 2008 að dæma blöstu verulegir erfiðleikar við félaginu. Veðkall var gert vegna skulda félagsins í nóvember 2008. Staðan var erfið eins og samskipti milli starfsmanna sparisjóðsins báru með sér:

Við erum búnir að reyna í margar vikur að fá Bygg Invest á fund til okkar og því hefur verið frestað aftur og aftur. [...] [Þeir t]öluðu um að þeir væru að vinna rapport og hefðu verið að funda með kröfuhöfum (ekki Fyrirtækjasviði Byrs). Tillaga mín er að við gjaldfellum þetta, setjum í innheimtu hjá lögmönnum og fáum réttarsátt. Eða fara í harðar aðgerðir.<sup>146</sup>

Sparisjóðsstjóri lagði til að forsvarsmönnum yrði tilkynnt að ef þeir mættu ekki á fund sparisjóðsins innan viku, yrðu öll lán gjaldfæld og send til innheimtu.<sup>147</sup> Um mitt ár 2009 námu skuldbindingar félagsins við sparisjóðinn 1,1 milljarði króna og voru þær allar í vanskilum. Sparisjóðurinn hafði þá fært 847 milljónir króna í sérgreint framlag á afskriftareikning vegna þeirra. Í apríl 2011 var félagið úrskurðað gjaldþrota.<sup>148</sup> Fyrir hönd Byrs var 954 milljóna króna kröfu lýst í búið, en krafan síðar afskrifuð þar sem ekki voru væntingar um heimtur.<sup>149</sup>

Snemma á árinu 2006 fékk Saxbygg ehf. tæplega 2 milljóna sterlingspunda lánsheimild, sem nam um 260 milljónum króna á þeim tíma. Auk þess fékk félagið lán í íslenskum krónum upp á 35 milljónir. Lánið var upphaflega eingreiðslulán, veitt til sex mánaða, en var iðulega framlengt á þriggja til sex mánaða fresti. Upphaflega voru engar tryggingar fyrir láninu en í desember 2008 lagði Saxbygg ehf. fram veð í 12,5% eignarhlut Saxbyggs ehf. í Austurbraut hf.<sup>150</sup> Á þessum tíma var Gunnar Árnason, yfirmaður áhættustýringar Byrs sparisjóðs, stjórnarmaður í Austurbraut hf. Þá lagði Saxbygg 4,5 milljónir hluta að nafnverði í MP Fjárfestingarbanka að veði, en eigið fé bankans í lok árs 2008 nam 6,6 milljörðum króna.<sup>151</sup> Í maí 2009 var nafni félagsins breytt í Icarus ehf. og var úrskurðað gjaldþrota. Lánið var gjaldfellt í Byr sparisjóði 15. júní 2009 og stóð þá í 417 milljónum króna en var síðar endanlega afskrifað.

Sparisjóður vélstjóra veitti Saxhól ehf. lánsheimild í erlendum myntum að jafnvirði allt að 4 milljóna evra 24. maí 2005. Lánið skyldi greitt upp tveimur árum síðar, þ.e. í maí 2007. Það var framlengt á sex til tólf mánaða fresti eftir fyrsta gjalddaga allt fram til nóvember 2009. Í júlí 2007 lagði Saxhóll fram veð í öllum hlutabréfum sínum í Carta Capital Mezzanine Fund II, að nafnverði tæpra 345 milljóna króna. Í minnisblaði um mat á útlánunum og öðrum eignum sparisjóðsins 30. nóvember 2008, sem ytri endurskoðendur unnu fyrir sparisjóðinn, sagði að lánahópur Saxhóls ehf. væri með „[m]ikla tryggingavöntun auk veða í óskráðum félögum“.<sup>152</sup> Fyrir var Saxhóll ehf. með útistandandi skuldabréfalán hjá Byr sparisjóði sem tryggð voru með veði í fasteignum. Saxhóll ehf. var auk þess í ábyrgð fyrir skuldabréfi dótturfélags síns, félags sem leigði út fasteignir, en í árslok 2008 stóð

144. Þessi hópur var eingöngu á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar um mitt ár 2009 en samsetning hópsins tekur mið af þeirri skýrslu og öðrum gögnum um samsetningu hópsins hjá sparisjóðnum.

145. Í athugasemdum sínum til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 sagði Jón Þorsteinn Jónsson að fyrirtækjasvið sparisjóðsins hefði mikið reynt að fá fyrirtækið í viðskipti en hefði hann vitað að félagið yrði talið venslað sparisjóðnum hefði hann beitt sér fyrir því að fyrirtækið stundaði ekki viðskipti við sparisjóðinn.

146. Tölvuskeyti Carls H. Erlingssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 26. nóvember 2008.

147. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til Carls H. Erlingssonar 26. nóvember 2008.

148. Nafni félagsins var breytt í CDG ehf. í maí 2009.

149. Tölvuskeyti Íslandsbanka til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2012.

150. Eigið fé Austurbrautar hf. var bókfært á 987 milljónir króna í ársreikningi félagsins fyrir árið 2008.

151. Ársreikningur MP Fjárfestingarbanka hf. 2008.

152. Minnispunktur endurskoðanda vegna mats á útlánunum og öðrum eignum 30. nóvember 2008.



það í 114 milljónum króna. Í október 2009 var nafni Saxhóls ehf. breytt í Heiðarsól ehf. en félagið var um sama leyti úrskurðað gjaldþrota. Byr sparisjóður lýsti ekki kröfum í bú Heiðarsólar ehf. og lán dótturfélagsins fór í greiðsluferli.<sup>153</sup>

Verktakafyrirtæki í lánahópnum fékk lán í erlendri mynt, að jafnvirði 127 milljóna króna, í lok desember 2006. Lánið skyldi endurgreiða í apríl 2007 en heimilt var að framlengja lánið á gjalddaga til allt að þriggja mánaða í senn. Engar takmarkanir voru í samningnum á því hve oft framlengja mátti lánið. Við endurskipulagningu verktakafyrirtækisins á vor-mánuðum 2011 var gert uppgerðssamkomulag milli félagsins og fjármálastofnana, þar á meðal Byrs, og fékk sparisjóðurinn 75 milljónir króna upp í kröfur sínar. Samkomulagið var staðfest bæði af lánanefnd Byrs sparisjóðs hf. og stjórn í maí sama ár.<sup>154</sup>

Í árslok 2008 höfðu rúmar 916 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna lánahópsins. Stærsti hluti þeirrar fjárhæðar, eða um 700 milljónir króna, var sérgreind afskrift vegna Bygg Invest ehf., en þá var ljóst að hlutabréf í Teymi hf. og 365 hf. sem lögð höfðu verið að veði sem tryggingar voru lítills virði. Í árslok 2009 höfðu 1,5 milljarðar króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna lánahópsins, þar af var 1 milljarður króna vegna Bygg Invest ehf. Auk þess höfðu rúmlega 420 milljónir króna verið færðar í afskriftareikning vegna lána Saxbygg ehf. (þá Icarus ehf.) en félagið var þá orðið gjaldþrota.<sup>155</sup> Kröfu Byrs sparisjóðs í þrotabú Icarusar um viðurkenningu á veði sparisjóðsins í hlutabréfum Austurbrautar ehf. og MP Banka hf. var hafnað á þeirri forsendu að veðsetning hefði farið fram innan sex mánaða frá frestdegi og væri því riftanleg samkvæmt ákvæðum samkvæmt 1. mgr. 137. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Krafa sparisjóðsins var því samþykkt sem almenn krafa.

#### Shelley Oak Plc.

Shelley Oak Plc. var félag um fasteignaverkefni í London sem sparisjóðurinn átti eignar- aðild að og lánaði til. Félagið var stofnað 1927 en hafði ekki verið starfrækt í tíu ár þegar ákveðið var að endurvekja félagið með það að markmiði að það tæki að sér millilagsfjármögnun (e. *mezzanine*) fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vildu þróa og byggja íbúðarhúsnæði.<sup>156</sup>

Í byrjun janúar 2006 hafði Árni Helgason samband við Sparisjóð vélstjóra um hugsanlega þátttöku sparisjóðsins, Sparisjóðs Hafnarfjarðar og MP Fjárfestingarbanka hf. í fjármögnun fasteignaverkefna í Bretlandi. Árni og Peter Bennison, sem áttu saman félagið Hadley Homes Holdings, undirbjuggu þá stofnun félags sem tæki að sér „brúarfjármögnun“ fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vildu þróa og byggja íbúðarhúsnæði. Reiknað var með að heildarútlán félagsins gætu numið allt að 100 milljónum sterlingspunda, þar sem hvert verkefni væri á bilinu 1 til 10 milljónir sterlingspunda.<sup>157</sup> Saxbygg ehf., sem var í helmingsseigu félags sem stjórnarformaður sparisjóðsins átti 20% eignarhlut í, hafði þegar átt aðkomu að verkefninu sem um ræddi og hvatti stjórnarformaðurinn sparisjóðsstjóra til að skoða þetta nánar.<sup>158</sup>

Eftir heimsókn til London, meðal annars til að skoða byggingaverkefni tengd Shelley Oak Plc., í október 2006, féllust Sparisjóður vélstjóra, Sparisjóður Hafnarfjarðar og Saxbygg ehf. á að ganga til samninga við eigendur Shelley Oak. Sparisjóðunum og Saxbygg stæðu til boða 80% eignarhlutur sem væri 1 milljónar sterlingspunda virði og yrði hlutaféð greitt í fjórum áföngum.<sup>159</sup>

Shelley Oak stofnaði sértakt félag um hvert fasteignaverkefni og skyldi meginhluti hvers verkefnis, eða 65–70%, fjármagnaður af breskum bönkum. Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar myndu veita Shelley Oak 5 milljóna punda lánalínu en félagið myndi

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld- binding	Staða á afskrifta- reikningi
2007	392	–
2008	1.352	–
2009	1.752	1.609

153. Tölvuskeyti Íslandsbanka til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2012. Í athugasemdum Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs sparisjóðs, til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 kom fram að Byr sparisjóður hefði ekki lýst kröfum í bú Heiðarsólar þar sem félagið hefði ekki verið í skuld við sparisjóðinn þegar það var úrskurðað gjaldþrota.

154. Tölvuskeyti Unnar G. Indriáadóttur til Jóns Finnbogasonar 8. júní 2011.

155. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 kvaðst Jón Þorsteinn Jónsson hafa sagt af sér sem stjórnarformaður í samráði við endurskoðanda sparisjóðsins þegar Saxbygg ehf. leitaði nauðsamninga.

156. Shelley Oak PLC, minnisblað lagt fram á stjórnarfundi Sparisjóðs vélstjóra, 25. október 2006.

157. Tölvuskeyti Árna Helgasonar til Jóns Þorsteins Jónssonar 4. janúar 2006.

158. Tölvuskeyti Jóns Þorsteins Jónssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 5. janúar 2006.


159. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til Árna Helgasonar 16. október 2006.

veita verktökum millilagslán fyrir því sem bresku bankarnir lánuðu ekki, eða á bilinu 25–30% af byggingarkostnaði. Shelley Oak myndi framselja tryggingar fyrir útlánum sínum til Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar en að auki yrði krafist sjálfskuldarábyrgðar frá lántakandanum. Lántakandinn myndi leggja fram 5% fjármagns í verkefnið.<sup>160</sup>

Á fundi Saxbygg ehf., Sparisjóðs vélstjóra og Shelley Oak 18. október 2006 var „ákveðið“ að verðmæti Shelley Oak væri 1,2 milljónir sterlingspunda.<sup>161</sup> Stjórn Sparisjóðs vélstjóra samþykkti 25. október 2006 að kaupa 34% í Shelley Oak miðað við verðmat fundarins 18. október sama ár.<sup>162</sup> Ekki er að sjá af stjórnarfundargerð að fyrir fundinn hafi verið lögð gögn sem gerðu grein fyrir eignum og stjórnendum Shelley Oak eða sögu og skipulagi félagsins.<sup>163</sup> Um þessa ákvörðun sagði Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður sparisjóðsins:

Sú fjárfesting og lánastarfsemi kemur til vegna þess að við vildum leita tækifæra víðar þar sem vaxtamunur á lánum innanlands var orðinn mjög lítill eða allt niður í 120 punktar til stórra aðila. Samkeppnin innanlands harðnaði sífellt og vaxtamunurinn fór lækandi. [Árni Helgason] kynnti viðskiptamódel fyrir stjórninni á þessum tíma sem byggðist á mezzanine lánum [millilagslánum] þar sem vaxtamunur var verulega hærri en við áttum að venjast. Í eigendahópnum voru menn með mikla reynslu af fasteignamarkaðnum í Bretlandi, svo sem einn af fyrrum stjórnendum Bank of Scotland í London auk lögfræðings með langa reynslu af fasteignaviðskiptum auk framkvæmdastjóra fasteignapróunarfélags í London. Á þetta horfði stjórnin og byggði sínar ákvarðanir á því.<sup>164</sup>

Mynd 13. Áætluð fjármögnun byggingaverkefna.<sup>165</sup>



Hlutfé Shelley Oak í ársbyrjun 2007 var 1.200.000 hlutir sem skiptust milli fjögurra eigenda en með aðkomu Byrs sparisjóðs og Saxbygg ehf. að félaginu var ákveðið að gefa út 1.200.000 nýja hluti. Byr sparisjóður keypti 816.000 hluti eða 34% í félaginu fyrir 408.000 sterlingspund, jafnvirði tæprar 51 milljónar króna, og Saxbygg ehf. keypti 384.000 hluti fyrir 192.000 sterlingspund, jafnvirði rúmra 24 milljóna króna.

160. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 25. október 2006.

161. Minnisblað af fundi um Shelley Oak Plc., 18. október 2006.

162. Í athugasemdum Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs sparisjóðs, til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 kom fram að stuðst hefði verið við verðmat sem unnið var af Árna Tómassyni, löggiltum endurskoðanda. Hann taldi að hefði verðmatið ekki legið fyrir hefði aldrei verið fjárfest í félaginu.

163. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 25. október 2006.

164. Skýrsla Jóns Þorsteins Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.

165. Tafla unnin af rannsóknarnefndinni og byggð á upplýsingum úr tölvuskeyti Árna Helgasonar til Jóns Þorsteins Jónssonar 4. janúar 2006.

Tafla 24. Eigendur Shelley Oak Plc. eftir hlutfjárukningu í janúar 2007.<sup>166</sup>

	Hlutir	%
Byr sparísjóður	816.000	34,00%
Saxbygg ehf. (Jón Þorsteinn Jónsson o.fl.)	384.000	16,00%
Quercus ehf. (Árni Helgason)	376.200	15,68%
Peter J. Bennison	376.200	15,68%
Darren Schindler	223.800	9,33%
Fidelity International Investments Plc. (Ken P. Jones)	223.800	9,33%
<b>Samtals</b>	<b>2.400.000</b>	<b>100,00%</b>

Íslensku fjárfestarnir létu ekki gera áreiðanleikakönnun á Shelley Oak Plc. áður en kaupin á félaginu fóru fram. Í tölvupósti lögmanns kaupenda kom fram hann gerði ekki ráð fyrir því að farið yrði í sérstakt „due diligence“ ferli til þess að skoða Shelley Oak Plc., heldur yrði frekar treyst á skuldbindingar um að það væri tóm og skuldlaust félag.<sup>167</sup>

Shelley Oak fékk 5 milljóna sterlingspunda lánalínu, jafnvirði 654 milljóna króna, 12. mars 2007. Lánalínan var til útborgunar í áföngum miðað við framvindu þeirra verkefna sem Shelley Oak Plc. hafði með höndum. Í október 2007 voru lagðar fyrir stjórn hugmyndir um að auka eignarhlut sparísjóðsins í Shelley Oak. Árni Tómasson frá AT-ráðgjöf mat virði félagsins þá á 29 milljónir sterlingspunda, jafnvirði 3,6 milljarða króna, sem stjórnendur sparísjóðsins töldu of hátt. Samkomulag náðist um að Byr keypti 16,1% hlut í félaginu af öðrum hluthöfum, miðað við að verðmat félagsins væri um 2,5 milljarðar króna. Fjárfesting sparísjóðsins nam því 403 milljónum króna en með kaupunum eignaðist hann 50,1% hlut í Shelley Oak sem varð þá dótturfélag sparísjóðsins.<sup>168</sup> Á stuttum starfstíma félagsins hafði verðmæti þess hækkað úr 0,5 í 8,3 sterlingspund á hlut miðað við verðmatið sem var byggt á rauntölum fyrir rétt rúmlega sex mánaða rekstur og væntingum um framtíðartekjur.<sup>169</sup> Viðauki við kaupsamning frá því í janúar 2007 var gerður 5. desember 2007 vegna kaupa Byrs sparísjóðs á 16,1% hlutfjár af hluthöfum Shelley Oak.

Tafla 25. Breyting á eignarhaldi Shelley Oak Plc. í desember 2007.<sup>170</sup>

	Eignarhald fyrir kaup		Kaup +/- sala	Eignarhald eftir kaup	
Byr sparísjóður	816.000	34,00%	386.400	1.202.400	50,10%
Saxbygg ehf. (Jón Þorsteinn Jónsson o.fl.)	384.000	16,00%	(93.673)	290.327	12,10%
Quercus ehf. (Árni Helgason)	375.000	15,63%	(91.477)	283.523	11,81%
Peter J. Bennison	375.000	15,63%	(91.477)	283.523	11,81%
Darren Schindler	225.000	9,38%	(54.886)	170.114	7,09%
Fidelity International Investments Plc. (Ken P. Jones)	225.000	9,38%	(54.886)	170.114	7,09%
<b>Samtals</b>	<b>2.400.000</b>	<b>100%</b>		<b>2.400.000</b>	<b>100%</b>

Saxbygg ehf. og Quercus ehf., í eigu Árna Helgasonar, fengu sín hlutabréf staðgreidd, samtals 1,5 milljónir punda, en Peter J. Bennison, Darren Schindler og Fidelity International Investments Plc. fengu skuldabréf útgefin af Byr sparísjóði, samtals 1,7 milljónir punda, fyrir sína hluti.<sup>171</sup> Jón Þorsteinn, sem var stjórnarformaður sparísjóðsins en átti jafnframt eignaraðild að Shelley Oak fyrir tilstilli Saxbygg, vék af fundi þegar hlutabréfaviðskiptin voru á dagskrá stjórnar sparísjóðsins en skrifaði undir kaupsamninginn á hlutabréfunum í Shelley Oak Plc. fyrir hönd Byrs sparísjóðs.<sup>172</sup> Samkvæmt ársuppgjöri Shelley Oak fyrir árið 2007 var hagnaður félagsins 125.555 sterlingspund, eða um 15,6 milljónir króna. Eigið fé félagsins í árslok 2007 nam jafnvirði 79,7 milljóna króna.

166. Minnisblað vegna kaupa Byrs á meiri hluta í Shelley Oak Plc., 29. október 2007.

167. Tölvuskeyti Guðmundar J. Oddssonar hjá LOGOS til Björns Inga Sveinssonar, framkvæmdastjóra Saxbygg ehf., og Ragnars Z. Guðjónssonar 30. október 2006.

168. Minnisblað vegna kaupa Byrs á meiri hluta í Shelley Oak Plc., 29. október 2007.

169. Minnisblað vegna kaupa Byrs á meiri hluta í Shelley Oak Plc., 29. október 2007; fundargerð stjórnar Byrs sparísjóðs, 2. febrúar 2010.

170. Minnisblað vegna kaupa Byrs á meiri hluta í Shelley Oak Plc., 29. október 2007.

171. Minnisblað vegna kaupa Byrs á meiri hluta í Shelley Oak Plc., 29. október 2007; Deed of Agreement for Loan Notes, 5. desember 2007.

172. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 sagði Jón Þorsteinn Jónsson að honum hefði verið falið af stjórninni að ganga frá samningnum eftir að stjórnin tók ákvörðun um kaupin að honum fjarstöddum. Framkvæmdin var því í samræmi við samþykki stjórnar.

Lánalína Shelley Oak hjá sparisjóðnum var hækkuð í 10 milljónir punda með samþykkt lánanefndar 5. febrúar 2008. Það voru þá tæpir 1,3 milljarðar króna. Á fundi stjórnar Shelley Oak 21. ágúst 2008 var samþykkt að breyta starfsemi félagsins og yrði frá þeim tíma lögð megináhersla á sjóðastjórnun (e. *fund management*) sem talin var áhættuminni starfsemi en sú sem verið hafði. Tekjur félagsins yrðu þaðan í frá þóknar fyrir stjórnun fasteignasjóða. Breskir bankar höfðu þá þegar gefið vilyrði fyrir þátttöku í slíkum sjóðum en félagið óskaði jafnframt eftir hækkun á lánalínu sinni hjá Byr sparisjóði.<sup>173</sup> Félagið hafði þá starfað í 16 mánuði og sparisjóðurinn lánað félaginu sterlingspund fyrir jafnvirði 1,5 milljarða króna sem voru bundnar í ýmsum fjárfestingarverkefnum félagsins. Sum verkefnanna gengu ekki samkvæmt áætlun og fyrir einhverju þeirra höfðu ekki fengist nauðsynleg byggingarleyfi til breytinga.<sup>174</sup> Stjórn sparisjóðsins samþykkti engu að síður að hækka lánalínu félagsins um 2,5 milljónir sterlingspunda og næmi lánalínan þá 1,9 milljörðum króna.<sup>175</sup>

Á óformlegum stjórnarfundum Shelley Oak 16. desember 2008 var slæm staða félagsins rædd. Þar sem verkefnið hefðu ekki staðið undir væntingum var talið ólíklegt að skuldbindingar félagsins yrðu endurgreiddar. Starfsmenn sparisjóðsins, sem sátu stjórnarfundinn, voru inntir eftir því hvort sjóðurinn væri tilbúinn að veita meira fé til reksturs félagsins en þeir gátu ekki svarað því að svo stöddu.<sup>176</sup> Sparisjóðurinn hafði þegar lagt fram 3.628.000 sterlingspund, þá að jafnvirði um 640 milljóna króna, til kaupa á hlutum í Shelley Oak auk lánsfjármagns.

Í febrúar 2009 voru verkefni Shelley Oak fjórtán talsins. Forgangslánveitendur, sem voru með fyrsta veðrétt í verkefnum félagsins, höfðu lánað samtals rúma 78,1 milljón sterlingspunda til verkefna félagsins í febrúar 2009, um 13 milljarða króna, og 78,5% af heildarfjármögnuninni. Byr sparisjóður, sem var á 2. veðrétti, hafði lagt 16,6 milljónir sterlingspunda, jafnvirði 2,8 milljarða króna, til verkefna félagsins en það voru 16,7% af heildarfjármögnun verkefnanna. Verktakarnir höfðu lagt 4,8 milljónir sterlingspunda, jafnvirði 804 milljóna króna, til verkefnanna.<sup>177</sup> Stjórnendur Shelley Oak leituðu eftir fjármagni frá Byr sparisjóði til þess að styrkja trú annarra lánveitenda félagsins á því verkefni sem Byr hafði lánað mest til, eða 5 milljónir sterlingspunda. Færi svo að forgangslánveitendur gjaldfældu lán sín kæmist verkefnið í uppnám og þá þyrfti annaðhvort að afskrifa allt það fé sem lagt hefði verið í verkefnið eða kaupa aðra lánveitendur út úr því.<sup>178</sup>

Samkvæmt framvinduskýrslu Shelley Oak var heildarkostnaður verkefna áætlaður samtals 114,2 milljónir sterlingspunda, jafnvirði 19,1 milljarða króna. Heildarsöluverð eignar var áætlað 137,9 milljónir sterlingspunda, jafnvirði 23 milljarða króna, og áætlaður söluhagnaður samkvæmt því um 23,8 milljónir sterlingspunda, jafnvirði tæpra 4 milljarða króna.<sup>179</sup>

Á stjórnarfundum Byrs 17. mars 2009 fór Árni Helgason yfir minnisblað um málefni Shelley Oak Plc. Þar voru lagðar fram hugmyndir að samkomulagi um að Byr sparisjóður keypti allt hlutafé í félaginu.<sup>180</sup> Þremur dögum síðar sendi Árni tölvupóst til sparisjóðsstjóra eftir að honum hafði verið greint frá því að ekki yrði af samningi um kaup Byrs á hlutafé í félaginu. Sagði hann að ef ekki yrði skrifað undir samkomulag um frekari aðkomu Byrs að félaginu stefndi í óefni. Samkvæmt breskum lögum bæri stjórn félags að tilkynna ef fyrirsjáanlegt væri að félagið yrði fjárvana og gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Fé væri á þrotum og stjórninni nauðugur sá einn kostur að óska eftir gjaldþroti félagsins ef ekki kæmi til fjárframlag frá sparisjóðnum. Hann og framkvæmdastjóri félagsins ættu kröfur á félagið vegna launa sem næmu hærri upphæð en verð alls hlutafjár og væru þeir tilbúnir að falla frá þeim kröfum ef gengið yrði að samkomulaginu. Færi félagið í þrot myndu þessar kröfur að líkindum koma fram af fullum þunga. Þá sagði hann: „Í mínum

173. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til Bjarna T. Jónssonar og Carls H. Erlingssonar 28. ágúst 2008.

174. Skýrsla Bjarna Tómasar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 19. febrúar 2013.

175. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 25. ágúst 2008.

176. Shelley Oak Limited, fundargerðardrög frá óformlegum hluthafafundi í Centre Heights, Finchley Road, Swiss Cottage, Lundúnum, 16. desember 2008.

177. Shelley Oak PLC – Project Updates, 6. febrúar 2009.

178. Tölvuskeyti Árna Helgasonar til Ragnars Z. Guðjónssonar og Jóns Þorsteins Jónssonar 17. janúar 2009.

179. Shelley Oak PLC – Project Updates, 6. febrúar 2009.

180. Minnisblað vegna fundar með stjórn Byrs um málefni Shelley Oak Ltd., 17. mars 2009.

huga er málið skýrt: til að tryggja hagsmuni sína og verja fjárfestingu fyrir um 20M punda þarf Byr að kosta til nú þegar um 700.000 pundum. Verði það ekki gert blasir við að fjárfesting félagsins mun að miklu eða öllu leyti glatast. Þessi ákvörðun getur ekki beðið.<sup>181</sup>

Á stjórnarfundum sparisjóðsins 25. mars 2009 lagði sparisjóðsstjóri til að allir hluthafar yrðu keyptir út úr Shelley Oak og Byr sparisjóður eignast félagið að fullu á grundvelli minnisblaðs sem Árni hafði lagt fram á síðasta stjórnarfundum þar á undan. Stjórnin samþykkti tillöguna og Byr sparisjóður keypti allt hlutfé í félaginu sem hann átti ekki fyrir á 177 þúsund sterlingspund, að jafnvirði um það bil 28 milljóna króna, og nafni félagsins var breytt í Lava Capital UK Ltd. Stjórn lagði áherslu á að ekki yrði farið í frekari verkefni á þessu sviði að svo stöddu. Þá var gerður sérstakur ráðgjafasamningur við fyrrverandi starfsmann félagsins, Phil Curwen, og tvo fyrrverandi hluthafa félagsins, þá Árna Helgason og Darren Schindler. Samningurinn tók gildi 1. apríl 2009 og var uppseggjanlegur frá 1. október 2009 með þriggja mánaða fyrirvara. Ráðgjafarnir áttu að gæta fjárhagslegra hagsmuna sparisjóðsins vegna fjárfestingarverkefna Shelley Oak. Þóknun fyrir tímabilið apríl til desember 2009 skyldi vera samtals 510.000 sterlingspund, jafnvirði 89 milljóna króna. Ef samningnum yrði ekki sagt upp skyldi greiða ársfjórðungslega þóknun til þremmenninganna upp á 170.000 sterlingspund, jafnvirði 30 milljóna króna.<sup>182</sup>

Hálft ári eftir þessi viðskipti, í september 2009, barst stjórn Byrs sparisjóðs tilboð frá Árna Helgasyni og ótilgreindum fjárfestum í hlut sparisjóðsins í Lava Capital UK Ltd. og Lava Capital ehf. Stjórnin hafnaði tilboðinu sem hljóðaði upp á 440 milljónir króna.<sup>183</sup>

Í byrjun febrúar 2010 ákvað stjórn sparisjóðsins að fá Kalan Capital LLP til að veita ráðgjöf og aðstoð í tengslum við lánveitingar sparisjóðsins til Lava Capital UK Ltd. (áður Shelley Oak) og Lava Capital ehf.<sup>184</sup> Niðurstaða Kalan Capital var að Byr sparisjóður hefði fjárfest í verkefnum sem hefðu verið nánast án eiginfjárframlags og sparisjóðurinn hefði haft mjög takmörkuð áhrif á framgang einstakra mála. Verktakar og lánveitendur sem voru framar en sparisjóðurinn í kröfuröðinni hefðu haft mun meira um framvindu verkefna að segja. Skörun hefði verið á eignarhaldi þannig að þeir sem áttu aðild að Shelley Oak sem fjárfestar eða ráðgjafar hefðu jafnframt átt hlut í verkefnum sem félagið fjármagnaði. Ólíklegt var talið að Byr sparisjóður hefði ágóða af því að selja eignir til þriðja aðila. Hvert verk væri skráð sem eign verktaka þótt þeir hefðu lítið fjármagn lagt til framkvæmdanna. Fjárfestingar í tveimur verkefnum hefðu tapast áður en verkin hefðu farið af stað. Af þeim þrettán fjárfestingum sem Byr sparisjóður hefði ráðist í hefði einungis í tveimur verið líklegt að endurheimtur yrðu umfram upphaflega fjárfestingu. Líklegt væri að endurheimtur af fjárfestingum Shelley Oak og Lava Capital ehf. yrðu á bilinu 4,3–5,2 milljónir sterlingspunda, jafnvirði um 680–833 milljóna króna. Matið væri að miklu leyti háð þróun fasteignaverðs.<sup>185</sup>

Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna lána til Shelley Oak í lok árs 2008, en 1.609 milljónir króna í lok árs 2009. Fjárfesting sparisjóðsins í hlutabréfum félagsins var niðurfærð að fullu á árinu 2009.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka, sem tók við lánunum, hafði ekkert verið afskrifað vegna þeirra í ársbyrjun 2013 en 543 milljónir króna höfðu verið greiddar inn á skuldina á árunum 2011 og 2012.<sup>186</sup>

181. Tölvuskeyti Árna Helgasonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 20. mars 2009.

182. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 2. apríl 2009.

183. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 23. september 2009.

184. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 2. febrúar 2010.

185. Lokaskýrsla Kalan Capital (UK) LLP til stjórnar Byrs sparisjóðs, mars 2010.

186. Staða lána Lava Capital UK Ltd. samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka hf., 3. janúar 2013.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld- binding	Staða á afskrifta- reikningi
2007	358	–
2008	939	384
2009	1.045	690

Gjaldprot 2012 – IceCapital ehf. (áður Sund ehf.)

#### IceCapital ehf. og tengdir aðilar

IceCapital ehf. var stofnað árið 2007 og var í árslok í eigu Sunds ehf.<sup>187</sup> Í lok desember 2008 rann IceCapital inn í Sund sem tók upp nafn þess fyrrnefnda. Í árslok 2008 átti Sund ehf. rúmlega 6,1% eignarhlut í stofnfjárbréfum Byrs og var þriðji stærsti stofnfjárhafi sparisjóðsins.<sup>188</sup> Jón Kristjánsson, einn eigenda og stjórnarformaður Sunds ehf., sat í stjórn Byrs sparisjóðs frá apríl 2008 til maí 2009.<sup>189</sup>

IceCapital ehf. fékk lán í erlendri mynt hjá Byr sparisjóði í júlí 2007, að jafnvirði 270 milljóna króna, í þeim tilgangi að endurfjármagna skuldr sínar. Höfuðstól lánsins bar að endurgreiða með eingreiðslu ári síðar, 1. ágúst 2008, en vextir skyldu greiddast á þriggja mánaða fresti. Í lánasamningi sagði að lánið væri veitt án trygginga. Í lok desember 2008, rúmum fjórum mánuðum eftir lokagjaldþaga lánsins, hafði höfuðstóllinn hækkað vegna gengisbreytinga og var láninu myntbreytt í evrur 20. desember 2008. Samhliða var veittur greiðsluferstur á láninu til 22. júní 2009.

IceCapital fékk lán hjá Byr sparisjóði árið 2007 sem Sund ehf. yfirtók um mitt ár 2008 ásamt skuld annars einkahlutafélags. Það var tæpra 239 milljóna króna skuld við Byr sparisjóð sem Sund yfirtók 18. ágúst 2008 og lagði fram tryggingar í formi stofnfjárhluta í sparisjóðnum að nafnverði rúmra 70 milljóna króna. Verðmæti stofnfjárbréfanna á þeim tíma liggur ekki fyrir, en í seinni hluta ágústmánaðar 2008 voru nokkur viðskipti með stofnfjárbréf sparisjóðsins og var meðalgengi þeirra viðskipta um 1,44 krónur á hlut. Endurmatsstuðull bréfanna 1. ágúst var 2,19 og út frá þeim forsendum má áætla verðmæti stofnfjárbréfanna í kringum 220 milljónir króna. Sund ehf. lagði síðan fram frekari stofnfjárhluti sem viðbótartryggingar að nafnverði tæpra 37 milljóna króna 7. nóvember 2008.

Í lok árs 2008 höfðu IceCapital og Sund sameinast. Félagið fékk lán í evrum, að jafnvirði um 593 milljóna króna, í febrúar 2009 til að greiða upp eldra lán IceCapital frá júlí 2007 í japönskum jenum og svissneskum frönskum, sem bar að greiða 22. júní 2009. Til tryggingar voru útgefin skuldabréf Brun Holding ehf. upp á 350 milljónir króna, auk þess sem félagið lagði fram þrjú skuldabréf að handveði í mars 2009. Færi verðmæti trygginga niður fyrir 115% af eftirstöðvum láns var sjóðnum heimilt að krefjast viðbótartrygginga.

Tafla 26. Skuldabréf til tryggingar á skuldum IceCapital ehf.<sup>190</sup>

Skuldari	Útgefið	Upphafleg fjárhæð, krónur
Brun Holding ehf.	16. september 2008	350.000.000
NF Holding ehf.	12. desember 2008	120.600.000
Valiant Fjárfestingar ehf.	12. desember 2008	110.181.714

Fyrirgreiðsla Byrs sparisjóðs nam 939 milljónum króna 31. desember 2008 en þá voru færðar 384 milljónir króna í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinganna. Ári síðar námu þær rúmum 1 milljarði króna og staðan á sérgreindum afskriftareikningi 690 milljónum króna. Á þeim tíma var orðið ljóst að verðmæti í stofnfjárbréfum Byrs sparisjóðs væru harla lítil, auk þess sem eigið fé NF Holding ehf., Valiant Fjárfestinga ehf. og Brun Holding ehf. var neikvætt samkvæmt ársreikningum félaganna fyrir árið 2009.

Í lánareglum Byrs sparisjóðs var tekið fram að almennt skyldu tryggingar nægja fyrir skuldum. Þegar veð voru tekin í skuldabréfum var það skilyrði samkvæmt lánareglum að greiðendur bréfanna væru lánshæfir og tryggingar þeirra fullnægjandi samkvæmt matsreglum Byrs sparisjóðs. Framlagðar tryggingar í mars 2009 voru skuldabréf útgefin af óskráðum, íslenskum félögum sem voru tekjulaus árið 2008 og tengdust öll eigendum Sunds ehf. eða voru að meira eða minna leyti í eigu þeirra eða félagsins. IceCapital ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í mars 2012.

187. Þetta kemur fram í ársreikningi IceCapital ehf. fyrir árið 2007. Um er að ræða einkahlutafélagið Sund ehf., kt. 580483-0549, sem varð gjaldþrota í mars 2012. Annað félag með þetta nafn er starfandi í dag.

188. Listi yfir stofnfjáraðila Byrs sparisjóðs, 10. október 2008.

189. Fundargerðir Byrs sparisjóðs frá desember 2007 til maí 2009. Í athugasemdum Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs sparisjóðs, til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 kom fram að Birgir Ómar Haraldsson, sem sat í stjórn Byrs sparisjóðs, hefði verið starfsmaður Sunds ehf.

190. Byggt á upplýsingum úr handveðssamningum.

## Fjárfestingafélagið Primus ehf. og tengdir aðilar

Fjárfestingafélagið Primus ehf., síðar FI fjárfestingar ehf., átti 3,1% eignarhlut í stofnfjárbréfum Byrs sparisjóðs. Runnur 4 ehf., sem fjallað er um hér frammar og tók á sig hluta af skuldum Runns ehf., tilheyrði einnig lánahópnum. Það félag sem var að fullu í eigu Fjárfestingafélagsins Primusar ehf.<sup>191</sup> fékk lán í erlendum myntum að jafnvirði 505 milljóna króna til þriggja ára. Tryggingar fyrir láninu voru hlutabréf í Teymi hf. og 365 hf. og var verðmæti þeirra samtals um 424 milljónir króna þegar skrifað var undir lánasamninginn 21. desember 2007. Til viðbótar gekkst Fjárfestingafélagið Primus ehf. í sjálfskuldarabyrgð fyrir láninu. Ráðstöfun á um 350 milljónum króna fóru til greiðslu á skuldbindingu lántakanda hjá Glitni, en það sem eftir stóð var notað til að greiða skammtímaskuld lántakanda hjá Byr sparisjóði. Láninu var myntbreytt í íslenskar krónur 16. janúar 2009, en þá stóð það í tæpri 541 milljón króna.

Á vormánuðum 2007 leitaðist Fjárfestingafélagið Primus ehf. eftir því að komast í viðskipti við Byr sparisjóð.<sup>192</sup> Í kynningu á félaginu fyrir sparisjóðsstjórum kom fram að heildareignir væru metnar á 58,4 milljarða króna, heildarskuldir væru 25,4 milljarðar króna og eiginfjárlutfall um 57%. Stærsta eign félagsins var 19% hlutur í FL Group hf., sem þá var verðmetið á um 45,2 milljarða króna, en eignarhluturinn var í Eignarhaldsfélaginu Oddaflugi ehf., sem var í eigu Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. Í kynningunni kom fram að félagið leitaði eftir 2 milljarða króna láni hjá Byr sparisjóði í þrjú til fimm ár með möguleika á framlengingu. Til tryggingar yrðu fjárfestingarverkefnið sjálf og fjárhagslegur styrkur Fjárfestingafélagsins Primusar.<sup>193</sup> Sparisjóðsstjóri hefði óskað eftir því við framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Byrs sparisjóðs, Hrönn Pétursdóttur, að málefni félagsins yrðu skoðuð og hvort sparisjóðurinn gæti tekið að sér fjármögnun fyrir félagið. Óskað hefði verið eftir ársreikningi félagsins fyrir árið 2006 en hann lægi ekki fyrir.<sup>194</sup>

Stjórn sparisjóðsins tók jákvætt í beiðni félagsins um lán og var sparisjóðsstjórunum falið að vinna að málinu.<sup>195</sup> Fjárfestingafélagið Primus ehf. fékk tvö þriggja ára eingreiðslulán í erlendum myntum hjá Byr í júlí og ágúst 2007, samtals jafnvirði 2 milljarða króna. Í lánasamningum kom fram að lánin væru án trygginga og tilgangur þeirra væri að fjármagna fjárfestingar félagsins. Andvirðið fór upphaflega inn á reikning sem Byr sparisjóður átti handveð í meðan unnið var að því að leggja fram tryggingar. Í október 2007 tók stjórn sparisjóðsins fyrir erindi frá Fjárfestingafélaginu Primusi þar sem óskað var eftir því að 1,8 milljarðar króna yrðu losaðir af handveðsettri bankabók félagsins en í staðinn kæmu tryggingar í óskráðum félögum. Stjórn sparisjóðsins samþykkti að losa 1,1 milljarð króna af bókinni gegn veði í félögunum (sjá töflu 27), en veðhlutfallið var, miðað við matsverðmæti veðsins, tæp 59% af því sem greitt var út.<sup>196</sup> Í minnisblaði sem sparisjóðsstjórnarnir Ragnar Z. Guðjónsson og Magnús Ægir Magnússon skrifuðu Fjárfestingafélaginu Primusi ehf. 4. október 2007, þar sem niðurstaða stjórnarfundar var kynnt, upplýstu þeir að stjórnendum Byrs sparisjóðs væri óheimilt að taka að veði óskráð hlutabréf ef veðsetning þeirra færi yfir 60%.<sup>197</sup>

Tafla 27. Eignarhlutir sem Fjárfestingafélagið Primus ehf. lagði fram sem veð.<sup>198</sup>

Félag	Eignarhlutur	Fjárhæð
Húasamiðjan hf.	18,50%	800.000.000
Grafit ehf.	50,00%	250.000.000
Kaulille 100%; 16,5% í Terra Firma India	16,50%	500.889.227
Eik fasteignafélag hf.	10,15%	285.000.000
Hótel Búðir ehf.	28,80%	55.100.000
<b>Samtals</b>		<b>1.890.989.227</b>

191. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

192. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 var Hannes Smárason eini eigandi þess.

193. Kynning Gunnars Sturlusonar hrl., stjórnarformanns Fjárfestingafélagsins Primusar, og Smára Sigurðssonar, starfsmanns félagsins, 14. maí 2007.

194. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til Hrannar Pétursdóttur 14. maí 2007.

195. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 16. maí 2007.

196. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 3. október 2007.

197. Minnisblað Byrs sparisjóðs til Fjárfestingafélagsins Primusar ehf., 4. október 2007.

198. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 3. október 2007.

Lánasamningurinn frá því í ágúst 2007, að fjárhæð 1,8 milljarðar króna, var í október færður niður í 1,3 milljarða króna með nýjum lánasamningi. Við frágang samningsins var ekki tekið veð í Kaulille sem átti 16,50% í Terra Firma India, en það var metið á rúmar 500 milljónir króna. Í mati starfsmanna Byrs sparisjóðs, sem lagt var fram á stjórnarfundum 3. október 2007, var ekki mælt með því að taka veð í eignum á Indlandi. Auk þess var samþykkt að veita Fjárfestingafélaginu Primusi ehf. lánalínu að jafnvirði 700 milljóna króna í erlendum myntum til þriggja mánaða til að endurfjármagna eldri skuld félagsins. Ekki var farið fram á tryggingar fyrir láninu. Heildarendurfjármögnunin var því 2 milljarðar króna. Miðað við verðmæti trygginga sem fram koma í töflu 27, sem lögð var fyrir stjórn sparisjóðsins 3. október 2007, og að frádregnu verðmæti hlutabréfa í Kaulille, sem ekki var tekið veð í, var heildarfjárhæð trygginga 1.391 milljón króna. Veðsetningarhlutfall lánsins upp á jafnvirði 1,3 milljarða króna var því um 93,5% miðað við heildarfjárhæð trygginga. Í tölvuskeyti Magnúsar Ægis Magnússonar sparisjóðsstjóra til Jóns Þorsteins Jónssonar sjónarformanns, með afriti til Ragnars Z. Guðjónssonar sparisjóðsstjóra, nokkru fyrir framangreindan stjórnarfund í október 2007, benti hann á að samkvæmt lánareglum mætti sjóðurinn ekki taka tryggingu í óskráðum bréfum nema upp að 30% af áætluðu markaðsverði. Því þyrfti að bóka á stjórnarfundum tryggingatöku í óskráðum bréfum ef veðsetningarhlutfall færi yfir þau mörk.<sup>199</sup>

Í yfirlýsingu 22. febrúar 2008, sem undirrituð var af stjórnarformanni Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. og lánastjóra Byrs sparisjóðs, var staðfest að þær tryggingar sem félagið hefði lagt fram væru til tryggingar öllum lánnum félagsins. Tryggingarnar, sem voru metnar á tæpa 1,4 milljarða króna í október 2007, voru því til tryggingar lánnum félagsins sem í lok febrúar 2008 stóðu í 2,4 milljörðum króna.

Lánið sem veitt var í október 2007, að jafnvirði 700 milljóna króna, til þriggja mánaða var í vanskilum 1. febrúar 2008. Framkvæmdastjóri félagsins óskaði eftir viðræðum um framlengingu lánsins 10. janúar 2008, þar sem hann taldi það vera „best í stöðunni að framlengja [lánið] um nokkra mánuði á meðan markaðir [leituðu] jafnvægis að nýju“.<sup>200</sup> Í tölvuskeytum milli starfsmanna sparisjóðsins má merkja að þeim hafi þótt viðbrögð starfsmanna fjárfestingafélagsins hæg, sbr. tölvuskeyti framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs 28. janúar 2008:

Það er mjög óheppilegt að þeir láti tímann líða fram að gjaldþaga og láti ekki ná í sig og svo eigi að framlengja og redda hinu seinna.<sup>201</sup>

Hinn 20. febrúar 2008 sendi starfsmaður Byrs sparisjóðs samantekt vegna Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. og tengdra félaga til sparisjóðsstjórnanna og framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Byrs sparisjóðs. Þar kom fram að lánið sem komið var í vanskil stæði í rúmunum 821 milljón króna og að engar tryggingar væru að baki því. Þá kom fram mat á þeim hlutabréfum sem Fjárfestingafélagið Primus ehf. hefði boðið (sjá töflu 27) og voru færð rök fyrir því að verðmat hlutarins í Húsasmiðjunni hf. væri um 1,1 milljarður króna og ætlað að verðmæti hlutarins í Eikarhaldi ehf. væri um 507 milljónir króna, en óvíst væri um verðmæti Grafíts ehf. og Hótel Búða ehf. Tryggingavöntun væri veruleg. Þá sagði í samantektinni að Byr sparisjóður hefði átt nokkra fundi með framkvæmdastjóra Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. þar sem eftirfarandi hefði meðal annars komið fram:

Stjórnendur eru „markvisst“ að reyna að bjarga félaginu, en það er tæknilega gjaldþrota þó það fari eftir gengi FL group hverju sinni. [...] Í góðu árferði er Primus því með tryggingargap uppá 600–800 milljónir (fer eftir mati á verðmæti Grafít og Hótel Búðum), en ætla má að það sé í raun vel meira eða í kringum 800–1000 milljónir, sé litið til dótturfélagsins Runns 4 ehf.<sup>202</sup>

199. Tölvuskeyti Magnúsar Ægis Magnússonar til Jóns Þorsteins Jónssonar 27. september 2007. Hámarksveðsetningarhlutfall skráðra bréfa var 60%, en almenna reglan var sú að lána ekki gegn handveði í óskráðum hlutabréfum. Slik lán þyrfti lánanefnd eða sparisjóðsstjóri að samþykka og var miðað við að veðsetningarhlutfall þeirra væri 30% af matsverði.

200. Tölvuskeyti Gunnars Sturlusonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 10. janúar 2008.

201. Tölvuskeyti Carls H. Erlingssonar til starfsmanna Byrs sparisjóðs 28. janúar 2008.

202. Tölvuskeyti starfsmanns Byrs sparisjóðs til Magnúsar Ægis Magnússonar og Ragnars Z. Guðjónssonar 20. febrúar 2008.



Einnig kom fram að „aðrir lánveitendur [sæju] hag sínum betur borgið við að láta reyna á félagið og sjá hvað verða vill“. Landsbanki Íslands hf. átti á þessum tíma 27 milljarða króna kröfu á félagið, Glitnir banki hf. átti 1,5 milljarða króna kröfu og Byr sparisjóður kröfu upp á 2,3 milljarða króna.

Á fundi stjórnar Byrs 26. febrúar 2008 var ákveðið að kanna kosti þess og galla að fá tryggingar að baki skuldunum framseldar til sparisjóðsins og gjaldfella lánin vegna van-skila.<sup>203</sup> Starfsmaður sparisjóðsins sendi tölvupóst á Fjárfestingafélagið Primus ehf. 26. mars 2008:

Sjá töfluna hérna að neðan. Við erum nokkuð búnir að velta okkur uppúr þessu og teljum að þetta væri ásættanleg afsalsverð fyrir hvern eignarhlut.

Hvernig líst þér á þetta?

<b>Fjárfestingafélagið Primus</b>	
	<b>Afsalsverð</b>
Húsasmiðjan	1.250.000.000
Eikarhald	400.000.000
Hótel Búðir	50.000.000
Grafit	50.000.000
<b>Samtals</b>	<b>1.750.000.000</b>
Skuld við BYR	2.857.836.180
<b>Eftirstöðvar</b>	<b>1.107.836.181</b>

Þarna var um annað mat að ræða en mánuði fyrr. Viðbrögð Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. var að þetta væri óásættanleg niðurstaða fyrir félagið:

Ef þessi leið yrði farin þarf að koma til afskrifta á eftirstöðvunum þar sem Primus hefur ekkert með eignirnar að gera og því ekki vænleg leið.<sup>204</sup>

Í apríl 2008 var síðan gerður samningur um uppgjör á skuldum félagsins sem námu þá liðlega 2,9 milljörðum króna, en verðmat yfirtekinnna eigna að mati sparisjóðsins var 2.550 milljónir króna. Eignirnar voru teknar upp í skuldir, auk þess sem nýr lánasamningur var gerður við fjárfestingafélagið sem hluti af skuldauppgjöri félagsins þar sem Byr lánaði félaginu tæpa 371 milljón króna án trygginga. Lánið skyldi endurgreiða 1. maí 2009.

Tafla 28. Afsal á hlutabréfum til Byrs sparisjóðs vegna uppgjörssamnings 7. apríl 2008.<sup>205</sup>

<b>Félag</b>	<b>Eignarhluti</b>	<b>Nafnverð</b>	<b>Verðmat</b>
Húsasmiðjan hf.	18,33%	83.312.850	1.400.000.000
Grafit ehf.	50,00%	2.100.000	450.000.000
Hótel Búðir ehf.	28,75%	38.353.599	100.000.000
Eikarhald ehf.	10,15%	285.113.500	600.000.000
<b>Samtals</b>			<b>2.550.000.000</b>

Verulegar breytingar urðu á mati veðanna frá því kynning var gerð á haustmánuðum 2007 og þar til þær voru teknar yfir á vormánuðum 2008. Áætlað verðmæti eignanna haustið 2007 var um 1.390 milljónir króna en 2.550 milljónir króna í apríl 2008. Hækkun á hinum veðsettu hlutabréfum um tæpa 1,2 milljarða króna verður ekki skýrð af markaðsaðstæðum eða sérstaklega góðum rekstri félaganna.

Fjárfestingafélagið Primus ehf. tapaði 27,2 milljörðum króna árið 2007 og var eigið fé félagsins neikvætt um rúma 3,6 milljarða króna í árslok.<sup>206</sup> Á árinu 2008 hafði félagið afhent öll veð samkvæmt samkomulagi við sparisjóðinn en fengið nýtt lán fyrir eftirstöðvum

203. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 26. febrúar 2008.

204. Tölvuskeyti Gunnars Sturlusonar til Ragnars Z. Guðjónssonar 27. mars 2008.

205. Samningur um uppgjör á skuldum Fjárfestingafélagsins Primusar ehf. við Byr sparisjóð, 7. apríl 2008.

206. Ársreikningur FI fjárfestinga ehf. (áður Fjárfestingafélagið Primus ehf.) 2007.

## Mat á virði eigna sem var afsalað til Byrs sparisjóðs samkvæmt uppgjörsamningi við Fjárfestingafélagið Primus ehf.

Miðað við að 18,33% eignarhlutur Húsasmiðjunnar hf. væri metinn á 1,4 milljarða króna var heildarverðmæti félagsins um 7,6 milljarðar króna og hafði hækkað um 75% frá því málið var kynnt í október 2007. Í lok árs 2007 hafði eigið fé Húsasmiðjunnar hf. verið 4 milljarðar króna og hagnaður það ár 968 milljónir króna. Viðskiptavild félagsins var á þessum tíma 6,1 milljarður króna.\* Á árinu 2008 nam tap Húsasmiðjunnar hf. 12,7 milljörðum króna og var eigið fé félagsins þá orðið neikvætt um 8,8 milljarða króna.\*\* Þrátt fyrir þetta var bókfært verð eignarhlutar Byrs sparisjóðs í Húsasmiðjunni hf. í lok árs 2008 áætlað 700 milljónir króna í bókum sparisjóðsins.

Rekstrarárið 2007 tapaði Grafít ehf. tæpum 36 milljónum króna og í árslok 2007 var eigið fé félagsins 240,7 milljónir króna.\*\*\* Stærsta eign félagsins var eignarhlutur í Humac ehf., félagi sem var úrskurðað gjaldþrota í desember 2008. Grafít ehf. skilaði ekki inn ársreikningi fyrir það ár. Byr sparisjóður mat 50% eignarhlutinn í Grafít ehf. á 225 milljónir króna í lok árs 2008. Starfsmenn Byrs sparisjóðs sátu í stjórn Grafít ehf. fyrir hönd sparisjóðsins en sögðu sig úr stjórn félagsins í nóvember 2008, eftir aðeins um tveggja mánaða stjórnarsetu.

Hótel Búðir ehf. skilaði tæplega 14 milljóna króna tapi á árinu 2007 og var eigið fé félagsins neikvætt um tæpar 19 milljónir króna í lok ársins.\*\*\*\* Árið 2008 var tap Hótel Búða tæpar 238 milljónir króna og eigið fé neikvætt um tæpar 247 milljónir króna í árslok.\*\*\*\*\* Á sama tíma mat Byr sparisjóður eignarhlutinn í Hótel Búðum ehf. á rúmar 51 milljón króna.

Eikarhald ehf. hagnaðist um 238 milljónir króna á árinu 2007 og var eigið fé félagsins rúmir 3 milljarðar króna í árslok.\*\*\*\*\* Eikarhald ehf. tapaði 19,9 milljörðum króna á árinu 2008 og var eigið fé félagsins í árslok tæpar 652 milljónir króna, þar sem gefið hafði verið út nýtt hlutfé að nafnverði 12,6 milljarðar króna á genginu 1,4 á árinu 2008. Byr sparisjóður tók ekki þátt í hlutfjárukningunni og var eignarhlutur sparisjóðsins í Eikarhaldi því orðinn 2% í lok árs 2008.\*\*\*\*\* Var hluturinn samt sem áður metinn á 300 milljónir króna í lok árs 2008. Eikarhald ehf. var úrskurðað gjaldþrota 11. janúar 2012.

\* Ársreikningur Húsasmiðjunnar hf. 2007.

\*\* Ársreikningur Húsasmiðjunnar hf. 2008.

\*\*\* Ársreikningur Grafít ehf. árið 2007.

\*\*\*\* Ársreikningur Hótel Búða ehf. 2007.

\*\*\*\*\* Ársreikningur Hótel Búða ehf. 2008.

\*\*\*\*\* Ársreikningur Eikarhalds ehf. 2007.

\*\*\*\*\* Ársreikningur Eikarhalds ehf. 2008.

skuldarinnar. Í lok árs 2008 hafði 941 milljón króna verið færð í sérgreindan afskriftareikning vegna lána félagsins og Runns 4 ehf. en ári síðar stóð framlagið í rúmunum 1 milljarði króna. Lán til fjárfestingarfélagsins frá því í apríl 2008 var ógreitt þegar FI fjárfestingar ehf. (áður Fjárfestingafélagið Primus ehf.) varð gjaldþrota 16. desember 2011. Á þeim degi var höfuðstóll skuldar félagsins liðlega 496 milljónir en heildarkrafan nam um 670 milljónum króna. Engar eignir fundust í búinu.<sup>207</sup>

### SIA Adminu iela

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 5. ágúst 2005 var samþykkt lánsbeiðni að fjárhæð 3,2 milljónir evra, jafnvirði 255 milljóna króna, til þriggja ára. Lánið var veitt lettnesku félagi, SIA Adminu iela, í eigu viðskiptavina sparisjóðsins, auk aðila frá Lettlandi. Lánið skyldi nýta til að kaupa land og fasteignir við Adminu iela 4 í miðbæ Riga og hvíla á 1. veðrétti. Landið og fasteignirnar höfðu verið skoðaðar af lögmanni sparisjóðsins auk sparisjóðsstjóra, Magnúsar Ægis Magnússonar. Til tryggingar láninu var tekið veð í hinu keypta landi í Riga sem SIA Adminu iela átti í gegnum dótturfélag sitt, SIA HFC-1, og átti sparisjóðurinn þar 1. veðrétt. Samkvæmt upplýsingum frá Byr sparisjóði stóðu starfsmenn sparisjóðsins í þeirri trú að sameina ætti land og fasteignir undir einu fastanúmeri.<sup>208</sup> Það var hins vegar ekki gert og var þess ekki gætt af hálfu sparisjóðsins.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld- binding	Staða á af- skriftareikningi
2007	324	–
2008	599	–
2009	598	340

207. Tölvuskeyti skiptastjóra FI fjárfestinga ehf. til rannsóknarnefndarinnar 28. nóvember 2012.

208. Tölvuskeyti starfsmanns Byrs sparisjóðs til Aigars Strupiss október 2010.

Samkvæmt bókun stjórnarfundar sparisjóðsins var félagið í eigu Karls Georgs Sigurbjörnssonar hrl., Björns Þorra Viktorssonar hrl. og Þorláks Ómars Einarssonar, fasteignasala.<sup>209</sup> Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu sem Behrens Corporate Finance í Lettlandi vann fyrir Byr sparisjóð um SIA Adminu iela á árinu 2009 var félagið til jafns í eigu Karls Georgs Sigurbjörnssonar og Marcis Mikelsons frá 2005 til júlí 2008, en þá eignaðist Björn Þorri Viktorsson helming eignarhlutar Karls í félaginu og átta þeir því saman 50% eignarhlut á móti Marcis Mikelsons, lögmanni í Lettlandi.<sup>210</sup> Frá júlí 2005 til júlí 2009 sátu Karl Georg og Marcis Mikelsons í stjórn félagsins.<sup>211</sup>

Eignin við Adminu iela 4 í Riga samanstóð annars vegar af landi með tilgreint fastanúmer og hins vegar af húseignum sem voru undir öðru fastanúmeri.<sup>212</sup> Þannig gátu land og hús sem á því stóðu verið í eigu síns aðila hvort. Landið og húseignirnar voru hins vegar komnar í eigu sama aðila, SIA Adminu iela. Samkvæmt viðskiptaáætlun SIA Adminu iela átti að rífa byggingar á landinu og byggja að nýju. Áætlað byggingamagn var um 18.600 fermetrar sem skiptist í 115 íbúðir, 2.400 fermetra skrifstofuhúsnæði og álíka stórt verslunarhúsnæði.<sup>213</sup>

Í október 2006 var láninu skilmálabreytt og vöxtum upp á 137 þúsund evrur bætt við höfuðstól. Í ágúst 2007 urðu vanskil á láninu og eftir gjalddaga var farið fram á að vöxtum yrði aftur bætt við höfuðstól. Í desember 2007 var láninu aftur skilmálabreytt og 191 þúsund evra vöxtum bætt við höfuðstól, sem var þá orðinn rúmlega 3,5 milljónir evra. Á sama tíma var vaxtaálag lánsins hækkað úr 2% í 3% og samþykkt að vextir myndu greiðast í lokin samhliða höfuðstól.

Á gjalddaga í ágústmánuði 2008 var ekki greitt af láninu en áður hafði verið farið fram á að vöxtum yrði aftur bætt við höfuðstól og lánið framlengt um tvö ár í viðbót.<sup>214</sup> Þegar komið var fram í janúar stóð lánið í um 4 milljónum evra og var í vanskilum. Félagið var ekki með íslenska kennitölu og kom ekki upp í vanskilakerfi sparisjóðsins.<sup>215</sup> Á fundi áhættunefndar 26. febrúar 2009 var tekin ákvörðun um að framlengja lánið ekki að óbreyttu og var málið sent til lögfræðiiinnheimtu.<sup>216</sup> Á sama tíma var láninu myntbreytt í íslenskar krónur og nam þá 597 milljónum króna. Í mars 2009 var farið fram á framlengingu lánsins og taldi áhættunefnd sparisjóðsins að tveir möguleikar væru þá í stöðunni, að framlengja lánið eða taka landið upp í skuldir.<sup>217</sup> Ekkert var fjallað um málefni félagsins í áhættunefnd eftir þetta. Í mars 2009 var nafni SIA Adminu iela breytt í SIA Beta 4.<sup>218</sup>

Í skýrslu Behrens Corporate Finance um SIA Adminu iela var haft eftir Marcis Mikelsons, stjórnarmanni og hluthafa, að fram hefðu komið þrjár lögformlegar kröfur á hendur félaginu í apríl 2009:

- Kafa SIA Vilmat Group. Um var að ræða lánasamning útgefinn 10. mars 2009 að fjárhæð 355.870 evrur, jafnvirði 50,7 milljóna króna, með gjalddaga rúmum mánuði seinna, eða 14. apríl. Hinn 12. maí 2009 var SIA Beta 4 dæmt til greiðslu skuldarinnar af dómstóli í Riga.
- Krafa SIA Stabu 8. Um var að ræða lánasamning útgefinn 5. febrúar 2009 að fjárhæð 239.257 evrur, jafnvirði 35,4 milljóna króna. Lánasamningurinn var með ákvæði um að ef skuldin yrði ekki greidd að fullu fyrir 17. mars 2009 myndi skuldin hækka í 478.515 evrur, jafnvirði 71,6 milljóna króna. Hefði sú fjárhæð ekki verið greidd fyrir 25. mars 2009 myndi skuldin hækka um 1% á dag. Skuldin var ekki greidd. Hún

209. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 5. ágúst 2005.

210. Land Plot at Adminu iela 4, Riga – Analysis and valuation report, skýrsla Behrens Corporate Finance, 16. desember 2009.

211. Land Plot at Adminu iela 4, Riga – Analysis and valuation report, skýrsla Behrens Corporate Finance, 16. desember 2009.

212. Land Plot at Adminu iela 4, Riga – Analysis and valuation report, skýrsla Behrens Corporate Finance, 16. desember 2009.

213. SIA Adminu iela – 18,600 m<sup>2</sup> Real Estate Project in the City Center of Riga – Business Plan, skýrsla, mars 2006.

214. Tölvuskeyti Karls Georgs Sigurbjörnssonar til Magnúsar Ægis Magnússonar 8. ágúst 2008.

215. Fundargerð áhættunefndar Byrs sparisjóðs, 29. janúar 2009.

216. Fundargerð áhættunefndar Byrs sparisjóðs, 26. febrúar 2009.

217. Fundargerð áhættunefndar Byrs sparisjóðs, 26. mars 2009.

218. Land Plot at Adminu iela 4, Riga – Analysis and valuation report, skýrsla Behrens Corporate Finance, 16. desember 2009.

var tryggt með veði í byggingum við Adminu iela 4 í Riga samkvæmt veðsamningi dagsettum 25. febrúar 2009.<sup>219</sup> Hinn 14. apríl 2009 ákvað dómstóll í Riga að eignarnar skyldu færðar til félagsins SIA Stabu 8.

- Krafa SIA Jüsu nami. Um var að ræða lánasamning útgefinn 6. mars 2009 að fjárhæð 178.425 evrur, jafnvirði 25,5 milljóna króna, með gjalddaga fjórum dögum síðar. Hinn 9. apríl 2009 var SIA Beta 4 dæmt til greiðslu skuldarinnar af dómstóli í Riga.

Á þessum tíma voru Karl Georg Sigurbjörnsson og Björn Þorri Viktorsson enn þá helm-ingseigendur að félaginu og sat Karl Georg í stjórn þess. Karl Gerorg gaf skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni 4. nóvember 2013. Aðspurður hvernig þessar kröfur hefðu stofnast skyndilega gagnvart félaginu sagði hann að Íslendingarnir hefðu verið komnir út úr verk-efninu á árinu 2007, „þetta hafi þá bara verið eitthvað flak sem sparisjóðurinn ætlaði að taka yfir“. Hann staðfesti að sparisjóðurinn hefði fengið 1. veðrétt í landinu á sínum tíma. Aðspurður um það hvernig framangreindar kröfur hefðu getað myndast á árinu 2009 og fullnustaðar í byggingunum sem á landinu stóðu á 2–3 mánuðum sagðist hann aldrei hafa séð þessar kröfur og þekkti ekki til kröfuhafa, enda hefði hann ekki lengur verið viðriðinn félagið og talið að sparisjóðurinn hefði verið búinn að yfirtaka það. Aðspurður hvort það hefði getað gerst án hans vitundar svaraði hann því neitandi. Aðspurður hvaða lánasamningar þetta gætu hafa verið sem voru fullnustaðir svo hratt og hvort þessi máls-hraði væri algengur í Lettlandi svaraði hann því til að það væri „allur gangur á því hvað [væri] gert þarna úti“.<sup>220</sup>

Þegar skýrsla Behrens Corporate Finance var gefin út, í desember 2009, var SIA Beta 4 ekki lengur eigandi húsbygginganna á landinu við Adminu iela 4 í Riga. Félagið var hins vegar enn þá eigandi landsins við Adminu iela 4. Var því búið að skilja sundur eigendur lands og húsbygginga en samkvæmt skýrslunni var verðmat landsins áætlað um 363.076 evrur, jafnvirði 66,7 milljóna króna.<sup>221</sup> Samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndarinnar voru félögin sem lögðu fram kröfur á félagið SIA Adminu iela fyrir dómi öll tengd hinum lettneska meðeiganda Íslendinganna í félaginu með einum eða öðrum hætti. Meðal annars var eitt félaganna með sama aðsetur og félagið SIA Adminu iela, á lögmannsstofu lettneska meðeigandans.<sup>222</sup>

Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna láns til SIA Adminu í lok árs 2008 en 340 milljónir króna í lok árs 2009.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	247	–
2008	566	362
2009	610	560

Gjaldprot 2010.

#### Miðvörður ehf.

Miðvörður ehf. var eignarhaldsfélag í eigu starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík sem fékk fimm lán í erlendri mynt hjá Byr sparisjóði á árunum 2006 og 2007, öll til kaupa á stofn-fjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Til tryggingar voru hin keyptu stofnfjárbréf í Spari-sjóðnum í Keflavík. Fyrstu fjögur lánin bar að endurgreiða með eingreiðslu 15. júní 2009, en vextir skyldu greiddast mánaðarlega. Fimmta lánið bar að endurgreiða með eingreiðslu 1. júní 2009 en vextir skyldu greiddast á sex mánaða fresti.

Tafla 29. Lánveitingar Byrs sparisjóðs til Miðvarðar ehf.<sup>223</sup>

Lán nr.	Lánsfjárhæð	Dagsetning lánveitingar	Gjalddagi	Vaxtaafborganir
1	97.080.000	08.12.2006	15.06.2009	Mánaðarlegar frá 16.04.2007
2	11.500.000	27.12.2006	15.06.2009	Mánaðarlegar frá 16.04.2007
3	40.500.000	09.01.2007	15.06.2009	Mánaðarlegar frá 16.04.2007
4	40.000.000	12.04.2007	15.06.2009	Mánaðarlegar frá 16.05.2007
5	64.022.177	21.12.2007	01.06.2009	Á 6 mánaða fresti frá 01.06.2008

219. Nánari tilgreining á viðkomandi byggingum var cad. nr. 0100 532 0017, section 3375-A. Ekki er að fullu ljóst hvort um er að ræða eina byggingu eða fleiri.

220. Skýrsla Karls Georgs Sigurbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. nóvember 2013.

221. Land Plot at Adminu iela 4, Riga – Analysis and valuation report, skýrsla Behrens Corporate Finance, 16. desember 2009.

222. Upplýsingarnar eru meðal annars fengnar frá fyrirtækjaskrá í Riga í Lettlandi.

223. Byggt á upplýsingum úr lánaskjölum.

Til viðbótar stofnfjárhlutum í Sparisjóðnum í Keflavík lagði félagið fram handveð í reikningi félagsins í Byr sparisjóði í apríl 2008, en staðan á reikningnum á þeim tíma var tæpar 19 milljónir króna. Í maí 2008 gerðu Byr sparisjóður og Miðvörður ehf. veðsamning um stofnfjárbréf þar sem félagið lagði að veði stofnfjárhluti í Sparisjóðnum í Keflavík að nafnverði rúmar 54 milljónir króna til tryggingar efnudum á kröfum allt að 500 milljónum króna.<sup>224</sup>

Framlagðar tryggingar Miðvarðar vegna fyrirgreiðslu Byrs voru nær eingöngu stofnfjárhlutir í Sparisjóðnum í Keflavík. Engin ákvæði voru um veðhlutföll eða veðköll í fjórum af fimm lánasamningum og hafði sparisjóðurinn því engar heimildir til að krefjast frekari trygginga. Í einum samninganna var hins vegar ákvæði um að ef verðmæti trygginga færi niður fyrir 115% af eftirstöðvum láns væri lánveitanda heimilt að krefjast þess að lántaki setti viðbótartryggingu. Tryggingar félagsins urðu fljótt haldlitlar vegna rekstrarörðugleika Sparisjóðsins í Keflavík, þótt þær hafi, líkt og flest önnur verðbréf sem veitt voru lán til kaupa á, verið hátt metnar þegar lánið var veitt.

Fyrirgreiðsla Byrs sparisjóðs til Miðvarðar ehf. í lok árs 2008 nam 565 milljónum króna og var fært 362 milljóna króna framlag í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins á þeim tíma. Þá taldist endurmetið nafnverð stofnfjárbréfa, sem voru til tryggingar lánunum, vera 125 milljónir króna en ljóst var að verðmæti bréfa væri lítið á þeim tíma.<sup>225</sup> Í árslok 2009 nam fyrirgreiðsla til félagsins 610 milljónum króna og var þá fært 560 milljóna króna framlag í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins. Miðvörður ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í maí 2010.

#### Holger Danske Vej 32–34 ApS

Félagið Holger Danske Vej 32–34 ApS var skráð í Danmörku og var í eigu íslensk félags, Bröndukvíslar ehf.<sup>226</sup> Tilgangur danska félagsins var að kaupa lóðir og byggja lúxusíbúðir. Í kynningu fyrir stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar í byrjun september 2006 kom fram að um væri að ræða lóð þar sem til stæði að reisa 20 íbúða fjölbýlishús í „hæsta gæðaflokki“. Verkið myndi hefjast innan tveggja mánaða frá kynningunni og byggingartími yrði tólf mánuðir. Áætlaður sölutími eignarinnar var 6–8 mánuðir og gert var ráð fyrir hagnaði sem næmi 22 milljónum danskra króna. Sparisjóður Hafnarfjarðar myndi fjármagna verkefnið og fá í sinn hlut 10% af hagnaði verkefnisins, auk vaxta af lánunum.<sup>227</sup>

Í október 2006 fékk félagið 45 milljóna danskra króna lán, jafnvirði 522 milljóna króna, til 19 mánaða í Sparisjóði Hafnarfjarðar til kaupa á lóðinni við Holger Danske Vej 32–34 í Frederiksberg í Danmörku. Tryggingar voru tryggingabréf upp á 45 milljónir danskra króna með veði í fasteignum félagsins og 135 milljóna króna ábyrgðaryfirlýsing frá Landsbanka Íslands hf. Félagið lagði einnig að handveði bankainnistæðu í dönskum krónum og veð í hlutabréfum í sjálfu sér að nafnverði 125 þúsund danskra króna. Samhliða var undirrituð yfirlýsing um veðsetningarbann á eignum félagsins og gerðu Sparisjóður Hafnarfjarðar og Holger Danske Vej 32–34 ApS með sér samning um að sparisjóðurinn fengi 10% af hagnaði verksins.

Í mars 2007 fékk félagið ádráttarlán hjá Byr sparisjóði með heimild upp á 35,5 milljónir danskra króna, jafnvirði 416 milljóna króna, til eins árs til að fjármagna framkvæmdir á vegum Holger Danske Vej. Sömu tryggingar voru fyrir þessu láni og því sem Sparisjóður Hafnarfjarðar hafði áður veitt. Hluti lánsins, um 13 milljónir danskra króna, fór til að greiða upp yfirdráttarlán hjá sparisjóðnum.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	824	–
2008	238	208
2009	1.057	689

224. Í kerfum sparisjóðanna kemur fram færsla á þessum tíma upp á 51 milljón króna að nafnverði, um 455 milljóna króna virði. Tæpum þremur vikum síðar lagði Miðvörður ehf. fram til tryggingar stofnfjárhluti í Sparisjóðnum í Keflavík að nafnverði tæpra 3 milljóna króna til viðbótar, sem þá voru um 27 milljóna króna virði.

225. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs, 22. maí 2009.

226. Ársreikningur Bröndukvíslar ehf 2006. Eigendur Bröndukvíslar ehf. voru Aðalsteinn Gíslason, Agnar Agnarsson og Stefán Hafliði Aðalsteinnsson sem áttu hver um sig þriðjung í félaginu. Sömu einstaklingar skipuðu stjórn Holger Danske Vej 32–34 ApS. Í tölvupósti milli starfsmanna Byrs sparisjóðs frá 1. júlí 2008 sagði að danska félagið væri í eigu HDV ehf. og þar ætti Bröndukvís 20% hlut á móti fleiri aðilum en Stafnar ehf. átti jafnstóran hlut í félaginu. Stafnar ehf. var móðurfélag Stafnas ApS sem sá um verkframkvæmdir í Danmörku á verkinu við Holger Danske Vej 32–34. HDV ehf. hóf hins vegar aldrei rekstur og kom yfirlýsing þess efnis fram í ársreikningum félagsins.

227. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 1. september 2006.

Í útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs frá maí 2008 á stærstu lánþegum sjóðsins kom fram að í byrjun árs 2008 hefði verkefnið stöðvast, en á því hvíldu 72 milljónir danskra króna. Þá kom þar fram að forsendur viðskiptaáætlunarinnar væru brostnar og að kostnaður hefði aukist. Gjaldþrot blasti við Holger Danskes Vej 32–34 ApS. Til að koma í veg fyrir að veðandlag Byrs sparisjóðs færi undir skiptin framseldi Holger Danskes Vej ApS verkefnið yfir til Byrs sparisjóðs. Nýtt félag í eigu Byrs að nafni Tårn ApS var stofnað og keypti verkefnið á 50 milljónir danskra króna og fór andvirði þess í að greiða inn á lán félagsins við Byr sparisjóð. Samkvæmt útlánakönnun innri endurskoðunar var gert ráð fyrir 125 milljóna króna framlagi í sérgreindan afskriftareikning vegna málsins í uppgjöri Byrs sparisjóðs í lok júní 2008 en fyrir lá á þeim tíma að tryggingarvöntun væri um 508 milljónir króna.<sup>228</sup> Í lok árs 2008 höfðu 208 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga Tårn ApS.<sup>229</sup>

Í árslok 2009 nam skuldbinding Holgers Danskes Vej, síðar Tårn ApS, 1.057 milljónum króna og voru 689 milljónir króna færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna heildarskuldbindinga félagsins 31. desember 2009.

### 18.2.5 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna

Samkvæmt þágildandi ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja eftir þeim reglum sem stjórn setti. Í 1. útgáfu útlánareglna Byrs sparisjóðs frá janúar 2007 var sérstakur kafli um starfsmannalán.

Samkvæmt lánareglum sparisjóðsins skyldu allar lánveitingar til starfsmanna hljóta samþykki framkvæmdastjóra Bankaþjónustu, S24 eða útíbússtjóra, í samráði við sparisjóðsstjóra. Þó skyldu sparisjóðsstjórar koma að samþykki lánveitinga yfir 7,5 milljónum króna. Starfsmenn máttu hvorki ganga í ábyrgð fyrir viðskiptamenn né aðra starfsmenn vegna skuldbindinga við sjóðinn nema með samþykki sparisjóðsstjóra. Starfsmenn gátu fengið lán án trygginga sem gátu verið í formi skuldabréfs til skamms tíma eða yfirdráttarheimildar sem samsvaraði allt að þreföldum mánaðarlaunum, en þó aldrei hærri en 2 milljónir króna. Allar lánveitingar til starfsmanna skyldu að öðru leyti fara eftir útlánareglum Byrs sparisjóðs.

Starfsmönnum var óheimilt að vera í vanskilum við sparisjóðinn eða önnur fjármálafyrirtæki. Ef horfur voru á því að starfsmaður myndi lenda í vanskilum skyldi hann hafa samband við framkvæmdastjóra Bankaþjónustu, S24 eða útíbússtjóra og greina frá væntanlegum greiðsluferfiðleikum. Kæmist starfsmaður ítrekað í vanskil við sjóðinn gat það leitt til þess að honum yrði sagt upp störfum. Í kaflanum um starfsmannalán var einnig að finna undirkafla um siðareglur. Samkvæmt honum máttu starfsmenn Byrs sparisjóðs ekki taka þátt í meðferð mála er vörðudu viðskipti þeirra sjálfra eða viðskipti fyrirtækja eða einstaklinga sem þeir væru persónulega eða fjárhagslega tengdir nema þeir hefðu sérstakt umboð sparisjóðsstjóra til þess. Þá var starfsmönnum óheimilt að afgreiða sig sjálfa, maka sína og börn. Sama átti við um aðra aðila sem þeir tengdust fjárhagslega, hvort sem um var að ræða einstaklinga, rekstraraðila eða félagasamtök. Ákvæði um starfsmannalán í útlánareglum Byrs sparisjóðs 2008 og 2009 voru að mestu leyti sambærileg útlánareglum frá 2007. Við uppfærslu útlánareglanna árið 2009 komu þó inn ákvæði um lánveitingar til stjórnarmanna og maka þeirra. Samkvæmt þeim gátu lánveitingar til stjórnarmanna og maka þeirra að hámarki verið kreditkort með heimild að 2 milljónum króna og yfirdráttarheimild á persónureikningi stjórnarmanns allt að 2 milljónum króna. Slíkar lánveitingar skyldi afgreiða með sama hætti og lánveitingar til starfsmanna sparisjóðsins.

Í júlí 2008 vann innri endurskoðandi Byrs sparisjóðs minnisblað um heildarskuldbindingar og vanskil starfsmanna sparisjóðsins. Voru heildarskuldbindingar sjóðsins gagnvart starfsmönnum þá um 1.880 milljónir króna og þar af námu innlend skuldabréf og afborgunarsamningar 808 milljónum króna, erlend lán 228 milljónum króna, heimildir á reikningum 250 milljónum króna og heimildir á kreditkortum 593 milljónum króna. Vakti innri endurskoðandi athygli á því að kortaheimildir væru mjög háar og langt um-

228. Skýrsla um útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs á stærstu lánþegum, 27. maí 2008.

229. Athygli vekur að samkvæmt upplýsingum úr útlánakerfi Byrs sparisjóðs var heildarskuldbinding Holger Danskes Vej og Tårn einungis 238 milljónir króna í árslok 2008. Í janúar 2009 var hins vegar veittur 812 milljón króna yfirdráttur til Tårn ApS.

fram sjáanlega þörf. Alls 115 starfsmenn væru með heimild upp á 2 milljónir króna eða meira og í einu tilviki væri heimild 9,5 milljónir króna. Auk þess væri algengt að mörg kort væru skráð á sama starfsmann þó ekki væru öll í notkun. Enginn starfsmaður hjá sparisjóðnum var á þessum tíma með skuldbindingar umfram 70 milljónir króna. Sjö starfsmenn voru í vanskilum og nam heildarfjárhæð vanskila rúmri milljón króna.<sup>230</sup> Í kjölfar falls íslensku bankanna í október 2008 jukust vanskil starfsmanna sparisjóðsins og á árinu 2009 fór innri endurskoðandi reglulega yfir þau. Samkvæmt minnisblaði innri endurskoðanda um vanskil starfsmanna frá júní 2009 voru 18 starfsmenn í vanskilum. Heildarvanskil voru 16,2 milljónir króna og var í flestum tilfellum um óveruleg vanskil að ræða, þó í einu tilviki hefðu verið talsvert hærri vanskil.<sup>231</sup> Við skoðun innri endurskoðanda á vanskilum í október 2009 hafði viðkomandi starfsmaður látið af störfum hjá sjóðnum og höfðu heildarvanskil starfsmanna lækkað í 2,7 milljónir króna en þá voru 16 starfsmenn í vanskilum.<sup>232</sup> Í ársskýrslu innri endurskoðanda fyrir árið 2009 kom fram að margir starfsmenn væru nokkuð skuldsettir hjá Byr sparisjóði auk þess þeir væru með lán t.d. hjá Glitni banka hf. vegna stofnfjárukningar. Taldi innri endurskoðandi að þetta gæti haft áhrif á fjárhagsstöðu starfsmanna í framtíðinni og um leið stöðu þeirra hjá sparisjóðnum og í ljósi þessa hefði verið nauðsynlegt að setja reglur innan sjóðsins þar sem tekið væri með skýrum hætti á meðferð vanskilamála. Voru þær reglur samþykktar í stjórn í janúar 2010.<sup>233</sup>

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Var ákvæði um þetta að finna í reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra. Sömu ákvæði áttu við um viðskiptaerindi stjórnarmanna. Þá skyldi á þriggja mánaða fresti leggja fyrir stjórn skýrslu sem upplýsti um öll viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir væru í forsvari fyrir. Samkvæmt starfsreglum um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs frá febrúar 2007 skyldi innri endurskoðandi taka saman skýrslu um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og skyldi hún tekin fyrir í stjórn einu sinni ári.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu hjá Byr sparisjóði frá október 2007 var meðal annars gagnrýnt að MP Fjárfestingarbanki hf. væri ekki skilgreindur sem venslaður aðili hjá sparisjóðnum þrátt fyrir að Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður sjóðsins, sæti einnig í stjórn bankans. Þá var gagnrýnt að ekki hefðu komið fram tengsl Ragnars Z. Guðjónssonar við H24 ehf. Taldi Fjármálaeftirlitið ámælisvert að aðila vantaði inn á yfirlit yfir venslaða aðila og brýnt væri að það væri rétt á hverjum tíma. Í athugasemdum Byrs sparisjóðs við skýrslu Fjármálaeftirlitsins var bent á að MP Fjárfestingarbanki hf. væri ekki viðskiptum við sparisjóðinn.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins kom einnig fram að 30. júní 2007 hefðu lán til venslaðra aðila numið 1.841 milljón króna og lán til starfsmanna 613 milljónum króna.<sup>234</sup> Samkvæmt skýrslu sjóðsins um fyrirgreiðslu við venslaða aðila í lok árs 2007 nam heildarfyrirgreiðsla við venslaða aðila þá um 4.740 milljónum króna. Hæsta fyrirgreiðslan var við VBS Fjárfestingarbanka hf., rúmur milljarður króna. Aðrar stórar fyrirgreiðslur voru við Runn ehf., Runn 2 ehf. og Saxhól ehf. Í lok árs 2008 nam fyrirgreiðsla við venslaða aðila samtals 5,5 milljörðum króna. Hæsta fyrirgreiðslan var við Bygg Invest ehf., 1.081 milljón króna, en aðrir aðilar með háa fyrirgreiðslu voru Saxhól ehf. með 848 milljónir króna og IceCapital ehf.<sup>235</sup> með 664 milljónir króna. Þau voru einnig meðal hæstu skuldbindinga venslaðra aðila í lok árs 2009 en þá var heildarfyrirgreiðsla við venslaða aðila um 2,9 milljarðar króna.

Rannsóknarnefndin kannaði hvort aðilar venslaðir Sparisjóðnum í Keflavík, það er stjórnarmenn, makar þeirra og félög í þeirra eigu,<sup>236</sup> hefðu fengið fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum. Þá voru lánamál starfsmanna hjá sparisjóðnum einnig könnuð, auk þess sem athuginin

230. IE-minnisblað – heildarskuldbindingar og vanskil starfsmanna 14.–17. júlí 2008, 18. júlí 2008.

231. IE-minnisblað – vanskil starfsmanna, 9. júní 2009.

232. IE-minnisblað – vanskil starfsmanna, 12. október 2009.

233. Skýrsla innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs 2009.

234. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.

235. Í lok desember 2008 rann IceCapital ehf. saman við Sund ehf. og tók Sund ehf. í kjölfarið upp nafnið IceCapital ehf.

236. Miðað var við 20% lágmarkseignarhlut.

tók til lánveitinga hjá Sparisjóði vélstjóra, Sparisjóði Hafnarfjarðar, Sparisjóði Kópavogs og Sparisjóði Norðlendinga. Um stærstu lánamálin sem upp komu við þá skoðun hefur verið fjallað hér að framan. Lán til félaga tengdra Jóni Þorsteini Jónssyni voru umsvifamest þeirra sem komu til skoðunar, en þar á eftir voru lán til aðila tengdra Jóni Kristjánssyni, stjórnarmanni og einum af eigendum IceCapital ehf. (Sunds ehf.). Félagið Reitir III sem stjórnarmaður í Sparisjóði vélstjóra, Guðmundur Ingi Jónsson, var eigandi, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður hjá var með stórt lán hjá sparisjóðnum sem var greitt upp á árinu 2006.

H24 ehf. var í jafnri eigu þriggja starfsmanna Byrs sparisjóðs, Ragnars Z. Guðjónssonar sparisjóðsstjóra, Atla Arnar Jónssonar, framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs, og Sighvats Sigfússonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs.<sup>237</sup> Á árinu 2007 átti H24 ehf. nokkur viðskipti með stofnfjárbréf í Byr sparisjóði og leitaði til Sparisjóðs Kópavogs um fyrirgreiðslu fyrir kaupnum. Í maí 2007 fékk félagið verðtryggt 40 milljóna króna eingreiðslulán hjá Sparisjóði Kópavogs til fimm ára og voru tryggingar fyrir láninu stofnfjárbréf í Byr sparisjóði. Samkvæmt ákvæðum lánasamningsins var lánveitanda heimilt að krefjast viðbótartrygginga ef hann teldi verðmæti bréfanna fara niður fyrir 80% af eftirstöðvum lánsins. Í júlí 2007 fékk H24 ehf. annað lán upp á rúmar 26 milljónir króna til fimm ára hjá Sparisjóði Kópavogs og var trygging fyrir láninu handveð í stofnfjárbréfum Byrs sparisjóðs. Sams konar ákvæði voru um tryggingar og í fyrri lánasamningi. Bæði lánin voru notuð til kaupa á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði.<sup>238</sup>

Í október 2007 fékk H24 ehf. 78 milljóna króna eingreiðslulán til fimm ára til að greiða upp fyrir lán, auk heimildar á tékkareikningi. Lánið var tekið hjá Sparisjóði Kópavogs sem sameinaðist Byr sparisjóði tæpum mánuði síðar. Tryggingar fyrir láninu voru stofnfjárbréf í Byr sparisjóði að grunnnafnverði tæpra 5 milljóna króna, en að verðmæti um 88 milljónir króna miðað við gengi stofnfjárbréfa á þeim degi. Sem fyrr voru ákvæði um tryggingar þær sömu og í fyrsta lánasamningi félagsins. Í nóvember 2008 var láni H24 ehf. skilmálabreytt og það framlengt til 3. desember 2012, auk þess sem vextir skyldu greiddast eftir á með þremur vaxtagjalddögum á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn í desember 2009. Stjórn Byrs sparisjóðs samþykkti skilmálabreytinguna á fundi sínum 3. desember 2008.

Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs 2. mars 2010 fjallaði innri endurskoðandi sparisjóðsins um viðskipti H24 ehf. Í janúar 2008 hafði stjórn samþykkt veðsetningu á rúmunum 35 milljónum nafnverðshluta í stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði í eigu H24 ehf. til Glitnis banka hf. Var það niðurstaða innri endurskoðanda að af þeim hlutum sem veðsettir voru Glitni banka hf. væru tæpar 5 milljónir einnig veðsettar hjá Byr sparisjóði og taldi hann að það tryggingarandlag sem Byr sparisjóður var með til tryggingar lánnum sínum til H24 ehf. hefði verið rýrt. Var í því sambandi vitnað beint í veðsamninginn sem H24 ehf. og Byr sparisjóður höfðu gert, en þar kom fram að veðsala væri óheimilt að selja eða veðsetja stofnfjárbréfin fyrir öðrum skuldum.<sup>239</sup> Skilmálum lánsins hafði verið breytt 4. febrúar 2010 en þá stóð höfuðstóll þess í 112 milljónum króna. Ekki voru lagðar fram viðbótartryggingar. Fyrsti gjalddagi láns var fyrirhugaður 20. október 2010 en í millitíðinni yfirtók Fjármálaeftirlitið Byr sparisjóð.

### 18.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Í þessum kafla er fjallað almennt um fjárfestingar Byrs sparisjóðs. Til grundvallar liggja upplýsingar um Byr sparisjóð frá árslokum 2006 til ársloka 2009 en fram að þeim tíma er stuðst við upplýsingar um Sparisjóð Hafnarfjarðar og Sparisjóð vélstjóra. Árið 2007 sameinaðist Sparisjóður Kópavogs Byr sparisjóði og á árinu 2008 bættist Sparisjóður Norðlendinga í hópinn.

237. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

238. Tölvuskeyti Bárðar Þórs Sveinssonar til Sighvats Sigfússonar 4. maí 2007.

239. Samantekt innri endurskoðanda um viðskipti H24 ehf., 2. mars 2010.



Hver þessara sparisjóða hafði sín sérkenni og fjárfestingarstefna og -umsvif þeirra voru ekki með sama hætti. Byr fékk fjárfestingar forvera sinna í arf, en þær og markmiðin með þeim voru um margt ólík. Sparisjóður vélstjóra átti, eins og Sparisjóður Hafnarfjarðar, viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning. Þannig segir í stjórnarfundargerð sparisjóðsins 12. janúar 2005 að verðbréfaeign hans hafi verið um 700 milljónir króna, að mestu í viðskiptabönkunum þremur. Á þeim fundi var ákveðið að marka fjárfestingarstefnu sparisjóðsins og skyldi hún kynnt á næsta stjórnarfundinum en af stjórnarfundargerðum þar á eftir er ekki að sjá að hún hafi verið mörkuð. Þó var mikil vinna lögð í almenna stefnumörkun á sama tíma. Gögn sem rannsóknarnefndinni hafa verið afhent sýna að stór hluti fjárfestinga Sparisjóðs vélstjóra hefur verið í vörslu annarra fjármálafyrirtækja, svo sem Íslenskra verðbréfa hf. og Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna hf. Fyrirverandi forstöðumaður fjárfestinga Sparisjóðs vélstjóra, og síðar framkvæmdastjóri fjármálasviðs Byrs sparisjóðs, minntist þess þó ekki að sérstök fjárfestingarstefna hefði verið mörkuð þar:

Ég man ekki til þess að það hafi verið einhver föst fjárfestingarstefna sem slík. Við vorum með mjög mikið af lausu fé og það var álitid að ákveðnum hluta af því væri þá dreift í aðrar fjárfestingar heldur en hefðbundin útlán og reynt að fá ákveðna dreifingu á því inn í hlutabréfum í einhverjum erlendum eignum, þá meiri dreifingu í einhverjum sjóðum. Svo vorum við með ríkisbréf líka. Mig minnir að það hafi verið líka hugsað til að eiga sem veðandlag í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann. Við keyptum líka eitthvað í sjóðum hjá aðilum sem við vorum annaðhvort hlutaeigendur í eða vorum í samstarfi við.<sup>240</sup>

Hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar var starfsmaður sem sinnti eigin viðskiptum sjóðsins, að minnsta kosti frá 2001. Sparisjóðurinn hafði verið með töluvert laust fé á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands og farið var að skoða hvort ekki væri hægt að nýta féð betur. Þá hófust viðskipti í sparisjóðnum með skráð innlend hlutabréf og skuldabréf fyrir þetta fé. Skuldabréfin voru svo gjarnan notuð sem veð í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands.<sup>241</sup>

Efnahagsreikningur sameinaðs Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra nam 104,2 milljörðum króna í lok árs 2006 en þar af voru fjáreignir 18,2 milljarðar króna, eða 17,5%. Nýr sparisjóður skilgreindi fjárfestingarheimildir og ábyrgð í reglum sem settar voru snemma á árinu 2007.

### 18.3.1 Fjárfestingarákvarðanir og framkvæmd

Í 28. gr. starfsreglna Byrs sparisjóðs um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra frá 22. febrúar 2007 var fjallað um mörk fjárfestingarheimilda sparisjóðsstjóra. Mörk fjárfestingarheimilda í verðbréfum skyldu skilgreind í reglum stjórnar um áhættustýringu og áhættuviðmið. Þá sagði að fjárfesting í öðrum fasteignum en fullnustueignum skyldi borin upp í stjórn, sem og önnur þau fjárfestingaráform sem telja mætti meiri háttar eða óvenjuleg, eins og kaup á meiri háttar tölvubúnaði, opnun útibúa og afgreiðslustaða. Ekki var skilgreint hvaða fjárhæð teldist meiri háttar fjárfestingaráform í þessum starfsreglum.

Í 11. gr. starfsreglnanna var fjallað um hlutverk stjórnar. Þar sagði meðal annars að hún skyldi sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiri háttar ákvarðana í rekstri sparisjóðsins í samræmi við lög og reglur um stjórnun sparisjóðsins. Stjórn færi með málefni sparisjóðsins og annaðist um að stjórnskipulag rekstrar hans og starfsemi væri jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skyldi tryggja að nægilegt eftirlit væri með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins. Þá ætti hún að setja markmið varðandi áhættu í starfsemi, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum. Áhættumarkmiðin skyldu taka tillit til útlánastefnu, fjárfestingarstefnu, rekstraráhættustefnu, stefnu sparisjóðsins í fjárfestingu og annarra áhættuþátta sem stjórn teldi mikilvæga. Stjórninni bæri að fylgja eftir settum markmiðum og hafa tryggt eftirlit með áhættu í starfsemi sinni.

240. Skýrsla Sighvats Stigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. júlí 2013.


241. Skýrsla Sigurjóns Arnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

Í reglum um áhættuviðmið og áhættustýringu sem samþykktar voru á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs 16. maí 2007 er fjallað um stöðuáhættu markaðsverðbréfa.<sup>242</sup> Til markaðsverðbréfa töldust m.a. hlutabréf, skuldabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem skráð voru á opinberum verðbréfamörkuðum helstu viðskiptalanda. Stöðuáhætta þeirra var skilgreind sem fjárhagslegt tap á liðum innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa. Í reglunum var kaflanum um stöðuáhættu markaðsverðbréfa skipt í fjóra undirkafla, markaðsviðskipti, erlend verðbréf, óskráð hlutabréf og fjárfestingarbók, án þess að skýrt væri nánar hvort þessir þættir væru algerlega aðgreindir eða að einhverju leyti sameiginlegir í starfsemi sjóðsins. Um þessa verkaskiptingu sagði fyrirverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Byr sparisjóði (og áður Sparisjóði Hafnarfjarðar):

Ég var bara að kaupa og selja skráð íslensk hluta- og skuldabréf, ég var ekki með neitt annað. [...] engum óskráðum [bréfum], ekkert erlendis, það voru einhverjir aðrir væntanlega í sjóðnum miðað við það sem var tapað af peningum þarna á þessum árum öllum saman. Þá virtist manni alls konar eignir hafa verið til og farið. Þessi eining mín var svo lítil, ég var með einn starfsmann, við vorum tvö, ég vann allan sólarhringinn í þessu, var með eina manneskju með mér, þetta var allt saman bara skráð í Kauphöll, ég gerði aldrei neitt annað, gerði það bara í gegnum Kauphöllina.<sup>243</sup>

Í reglum um áhættuviðmið og áhættustýringu voru markaðsviðskipti skýrð sem viðskipti með skráð verðbréf sem hefðu verið keypt eða sem sparisjóðnum hefði áskotnast með öðrum hætti, með endursölu í huga, í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði bréfanna. Sviðið hafði sérstakar fjárfestingarheimildir en teldi það ástæðu til að ætla að fjárfesting sem ekki rúmaðist innan skilgreindra heimilda myndi skila góðri arðsemi skyldi það óska eftir sérstakri heimild til fjárfestingarinnar. Þess var ekki sérstaklega getið að markaðsviðskipti skyldu eingöngu sýsla með innlend bréf en af framkvæmdastjóra sviðsins er að skilja að hann hafi ekki átt viðskipti með erlend bréf. Markaðsviðskiptasvið var skilgreint sem eitt af fjórum afkomusviðum sparisjóðsins.<sup>244</sup>

Mynd 14. Skipurit Byrs sparisjóðs samkvæmt ársskýrslu 2007.



Aðspurður um það hvort ætlast hafi verið til þess að hann fylgdi ákveðinni fjárfestingarstefnu eða hvort hann hefði haft frjálsar hendur sagði fyrirverandi forstöðumaður markaðsviðskipta í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni:

242. Eintak rannsóknarnefndarinnar af reglunum er ekki undirritað en bókað er í fundargerð stjórnar 16. maí 2007 að þær hafi verið teknar fyrir. Ekki er tekið fram að þær hafi verið samþykktar.

243. Skýrsla Sigurjóns Arnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

244. Allianz var einnig afkomusvið en var þó skilgreint sem dótturfélag.

[Ég hafði] frjálssar hendur, það var nú það dásamlega við þetta, ég þurfti bara að uppfylla skilyrðin um hvað mátti vera mikið í hverjum geira, fjármálageira og svo framvegis, hverju fyrirtæki og slíkt.<sup>245</sup>

Í reglum um áhættuviðmið og áhættustýringu var það helst í kaflanum um fjárfestingar í erlendum verðbréfum sem fjallað var um ákveðnar fjárfestingarheimildir. Samanlagt markaðsvirði skuldabréfa og víxla einstakra útgefanda í staðfestu A-ríki eða fjölþjóða þróunarbanka mátti að hámarki nema 15% af eigin fé. Samanlagt markaðsvirði skuldabréfa og víxla útgefanda í sömu atvinnugrein mátti að hámarki nema 30% af eigin fé. Þó mátti þetta hámark nema 50% fyrir peningastofnanir og fyrirtæki sem veittu fjármálaþjónustu. Samanlagt markaðsvirði skuldabréfa og víxla útgefanda í einu landi mátti að hámarki nema 40% af eigin fé. Þess var ekki getið hver ætti að hafa umsjón með viðskiptum með erlend verðbréf eða bæri ábyrgð á þeim.

Hvað varðaði óskráð bréf var heimilt að kaupa í útboði óskráð hlutabréf félags í A-ríki með fyrirframsamþykki sparisjóðsstjóra, enda kæmi fram í útboðsskilmálum að sótt yrði um skráningu fyrir viðkomandi hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði í A-ríki að loknu útboðinu. Fjárfestingarverðbréf voru þau sem tekin hafði verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs og var slík ákvörðun í verkahring stjórnar.

Reglur um áhættuviðmið og áhættustýringu voru um margt óljósar hvað varðar skiptingu framkvæmda og ábyrgðar á fjárfestingum milli framkvæmdastjóra markaðsviðskipta, sparisjóðsstjóra og stjórnar. Ljóst er að stjórn skyldi taka ákvörðun um fjárfestingar til lengri tíma en eins árs og markaðsviðskipti sjá um fjárfestingar á skráðum innlendum bréfum. Ekki var tekið fram hver bæri ábyrgð á erlendum fjárfestingum en fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta taldi þau hafa verið á könnu stjórnar og sparisjóðsstjóra.<sup>246</sup> Leita átti samþykkis sparisjóðsstjóra fyrir viðskiptum með óskráð bréf en óljóst var hver átti að leita þess samþykkis. Annar af fyrrverandi sparisjóðsstjórum taldi ákvarðanir um óskráð verðbréf hafa verið hjá áhættustýringu og stjórnendum og fyrrverandi forstöðumaður fjármálasviðs taldi þær hafa verið teknar af stjórn.<sup>247</sup>

Reglur um áhættustýringu og áhættuviðmið skilgreindu ekki fjárfestingarheimildir sparisjóðsstjóra frekar en getið er hér að framan um að samþykki hans þyrfti fyrir kaupum á óskráðum eignum. Reglurnar skilgreindu þó skiptingu ábyrgðar og áhættu milli aðila innan sparisjóðsins en þar sagði:

1. **Sparisjóðsstjórn** setur almennar reglur um útlánastarfsemi í samræmi við ákvæði laga og samþykktu sparisjóðsins, og fjallar um stærstu skuldbindingar, ákveður framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir. Þá veitir stjórnin leiðsögn um leiðir og viðhorf til áhættu og ber ábyrgð á almennri yfirsýn sparisjóðsins.
2. **Sparisjóðsstjóri** ber ábyrgð á að starfsemi sparisjóðsins taki mið af reglum um áhættustýringu. Sparisjóðsstjóri skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að greina, mæla og hafa eftirlit með áhættuþáttum í daglegri starfsemi og viðhalda skipuriti sem tilgreinir ábyrgðarsvið og heimildir starfsmanna. Jafnframt setur sparisjóðsstjóri fram nánari reglur fyrir starfsmenn, sbr. útlánareglur og aðrar þær reglur sem byggjast á reglum um áhættustýringu sparisjóðsins.
3. **Áhættustýring** hefur með höndum lánaáhættu og fjármálaáhættu, þ.e. markaðsáhættu og lausafjáraáhættu. Áhættustýring hefur eftirlit með því að kröfur eftirlitsaðila á hverjum tíma varðandi áhættutöku í rekstri séu uppfylltar.
4. **Framkvæmdastjórn** einstakra sviða ber hver fyrir sig ábyrgð á stýringu þeirra áhættuþátta sem að þeim snúa. Í því felst að framfylgja reglum þessum og öðrum reglum og viðmiðunum um áhættustýringu sem kunna að verða settar.

245. Skýrsla Sigurjóns Arnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

246. Skýrsla Sigurjóns Arnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

247. Skýrsla Ragnars Z. Guðjónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013; skýrsla Sighvats Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. júlí 2013.

Í 17. gr. starfsreglnanna frá febrúar 2007 var fjallað um starfsskyldur sparisjóðsstjóra. Hann skyldi bera ábyrgð á daglegum rekstri og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum þess (svo ritað í reglum) sem ekki væru falin öðrum samkvæmt lögum nr. 161/2002 eða samþykktum þess (svo ritað í reglum). Sparisjóðsstjóri stæði fyrir rekstri í samræmi við þær reglur og ákvarðanir sem settar væru af sparisjóðsstjórn eða væru samkvæmt samþykktum sparisjóðsins. Honum bæri að gæta þess eftir megni að reksturinn væri í öllum greinum í samræmi við ákvarðanir sparisjóðsstjórnar, samþykktir og lög.

Áhættustýringardeild sparisjóðsins átti meðal annars að greina og veita heildaryfirsýn yfir alla helstu áhættuþætti sem fylgdu starfsemi sparisjóðsins. Þá skyldi hún hafa eftirlit með áhættu innan einstakra sviða starfseminnar og bera saman við viðmið eða heimildir sem settar hefðu verið af stjórn. Samkvæmt starfsreglum Byrs um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra átti að leggja skýrslu um markaðsáhættu fyrir stjórn sparisjóðsins á þriggja mánaða fresti. Í skýrslunni skyldi meðal annars tilgreina hvort markaðsáhætta væri innan viðmiðunarmarkna stjórnar og hvort stefnu stjórnar væri fylgt.


Um eftirlit áhættustýringardeildar með markaðsáhættu sagði fyrrverandi forstöðumaður deildarinnar að hún hefði verið hluti af því sem fylgst hefði verið með en hins vegar hefðu fjárfestingar ekki vegið þungt í starfsemi sparisjóðsins, bæði hvað varðar hlutfall heildaráhættu og umfang fjárfestinga. Áhættan hefði þó verið skilgreind og fylgst með henni daglega.<sup>248</sup>

Í athugun sinni á áhættu í Byr sparisjóði frá 17. apríl 2008 var það mat Fjármálaeftirlitsins að efla þyrfti áhættustýringu hans.<sup>249</sup> Ekki væru reglulega framkvæmd álagspróf til þess að meta áhættu en samkvæmt álagsprófi Fjármálaeftirlitsins á markaðsáhættu Byrs sparisjóðs væri eiginfjárgrunnur hans mjög viðkvæmur fyrir breytingum á virði hlutabréfa en sterk eiginfjárstaða vægi á móti þessari áhættu.

### 18.3.2 Fjáreignir Byrs

Fjáreignir eru af þrennum toga í þessari umfjöllun: hlutir í hlutdeildarfélagum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum, og markaðsskuldabréf og önnur skuldabréf með föstum tekjum. Jafnan er fjallað um þær tvær fyrstnefndu saman sem eignarhluti. Fjáreignir Sparisjóðs vélstjóra og síðar Byrs sparisjóðs jukust töluvert frá 2001 til 2008 en sú aukning var þó töluvert minni en hjá öðrum sparisjóðum. Markaðsskuldabréf höfðu mikið vægi í safninu en árið 2007 varð mikil breyting á hlutabréfaeign sparisjóðsins og því urðu skuldabréf veigaminni.

Mynd 15. Virði fjáreigna Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.<sup>250</sup>



248. Skýrsla Gunnars Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.


249. Um er að ræða svokölluð CAMELS-próf en um þau er fjallað í 6. kafla.

250. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.

Í árslok 2005, síðasta reikningsárið fyrir sameiningu Sparísjóðs vélstjóra og Sparísjóðs Hafnarfjarðar í Byr sparísjóð, námu fjáreignir Sparísjóðs vélstjóra 7,5 milljörðum króna og fjáreignir Sparísjóðs Hafnarfjarðar 3,4 milljörðum króna. Fjáreignir sameinaðs sparísjóðs námu í árslok 2006 18,2 milljörðum króna en hækkun á virði Sparísjóðabanka Íslands hf. í eignasafninu var mesta breytingin milli ára. Hluttur sparísjóðsins í Sparísjóðabankanum var seldur á árinu 2007 en á sama tíma jókst eign hans í SP-fjármögnun hf., Kaupþingi banka hf., MP Fjárfestingarbanka hf., Bakkavör Group hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf.

Fjáreignir sparísjóðsins voru mestar í árslok 2007 þegar þær námu um 23 milljörðum króna. Þá voru skuldabréf um 32% af fjáreignum sparísjóðsins en þau voru á sama tíma 28% hjá Sparísjóði Reykjavíkur og nágrennis, 13% hjá Sparísjóði Mýrasýslu og aðeins 6% hjá Sparísjóðnum í Keflavík. Á árinu 2008 lækkaði virði fjáreigna sparísjóðsins um 16,5% eða um rétt tæpa 4 milljarða króna. Vægi hlutabréfa minnkaði en vægi skuldabréfa jókst og hélt sú þróun áfram árið 2009 en þá í árslok námu fjáreignir rétt rúmum 20 milljörðum króna, þar af 13,7 milljörðum króna í skuldabréfum.


Mynd 16. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparísjóðs 2006–2009 og sama hlutfall í sparísjóðakerfinu.<sup>251</sup>



Fjáreignir Byrs sparísjóðs sem hlutfall af eigin fé hans voru í nokkur ár áþekkt sama hlutfalli í öðrum sparísjóðum, eða fram til ársins 2007. Þá varð hlutfall fjáreigna af eigin fé Byrs sparísjóðs mun lægra en í öðrum sparísjóðum. Þetta má einkum rekja til tveggja atvika: mikillar stofnfjárukningar í Byr sparísjóði í árslok 2007 og sölu stærstu fjáreignar sparísjóðsins, eignarhlutar í Sparísjóðabanka Íslands (þá Icebank). Í árslok 2008 var eigið fé margra annarra sparísjóða neikvætt og því varð hlutfall bókfærðra fjáreigna af eigin fé tiltölulega merkingarlaus stærð. Á sama tíma voru fjáreignir Byrs sparísjóðs meira en 100% af eigin fé hans. Á árunum 2004 og 2005 var vægi fjáreigna af eignum Sparísjóðs vélstjóra hærra en annarra sparísjóða. Það má að einhverju leyti rekja til hærra hlutfalls skuldabréfa í eignasafni hans, en eignasafn margra annarra sparísjóða stækkaði mikið frá árinu 2005 vegna gengishækkana á hlutabréfum, t.d. með skráningu Exista hf. á markað í september 2006. Hið sama gerðist ekki í Byr sparísjóði en á mynd 17 sést að á þessum árum var hlutfall eignarhluta af fjáreignum sparísjóðsins töluvert minna en hjá öðrum sparísjóðum.

251. Ársreikningar Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparísjóðs 2006–2009.

Mynd 17. Eignarhlutir í félögum sem hlutfall af fjáreignum Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009 og sama hlutfall í sparisjóðakerfinu.<sup>252</sup>



Sameiningar Byrs sparisjóðs við Sparisjóð Kópavogs á árinu 2007 og Sparisjóð Norðlendinga á árinu 2008 höfðu líka áhrif á eignasafn hans. Í lok árs 2006 voru fjáreignir Sparisjóðs Kópavogs um 3 milljarðar króna, 14% af heildareignum hans og 213% af eigin fé hans. Þar af voru um 2,5 milljarðar króna eignarhlutar. Samkvæmt síðasta ársreikningi Sparisjóðs Norðlendinga, þ.e. fyrir árið 2007, námu eignarhlutar hans 1,6 milljörðum króna af 2,2 milljörðum króna sem voru bundnar í fjáreignum. Fjáreignir voru þá 12% af eignasafni hans og 50% af eigin fé.

### 18.3.3 Tekjur af fjáreignum


Tekjur af fjáreignum eru gengishagnaður vegna eignarhluta, verðbreytingar skuldabréfa, hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja og arðstekjur. Vaxtatekjur af skuldabréfum teljast ekki til tekna af fjáreignum og færast með öðrum vaxtatekjum. Ávöxtun er hér skilgreind sem tekjur af fjáreignum á einu ári sem hlutfall af meðalstöðu eignarhluta á árinu.<sup>253</sup>

Söluhagnaður fjáreigna var gjarnan færður meðal annarra tekna í ársreikningi sparisjóðanna en ekki meðal tekna af fjáreignum, en þó var það ekki algilt. Mesti söluhagnaður sem Byr sparisjóður hafði af sölu fjáreigna var á árinu 2007 en þá nam söluhagnaður vegna sölu á hlutum í Icebank hf. um 4,2 milljörðum króna.

Frá 2001 til 2005 var ávöxtun Sparisjóðs vélstjóra lítið minni en annarra sparisjóða að undanskildu árinu 2002 þegar sjóðurinn seldi hlut sinn í Kaupþingi banka hf. Ávöxtun sameinaðs sparisjóðs var talsvert lakari en annarra á árinu 2006. Þá höfðu stærstu sparisjóðir utan Byrs sparisjóðs fjárfest töluvert í Kaupþingi banka hf. og Exista hf. en þessi félög hækkðu mjög í virði við skráningu þeirra á hlutabréfamarkað. Árið 2007 var ávöxtun Byrs sparisjóðs hins vegar töluvert betri en annarra sparisjóða. Gengishagnaður sparisjóðsins af eignarhlut hans í Sparisjóðabankanum var 2,4 milljarðar króna á árinu 2007, meiri en hjá nokkrum öðrum sparisjóði. Til að mynda var gengishagnaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., sem átti svipaðan eignarhlut og Byr sparisjóður í Sparisjóðabankanum, um 826 milljónir króna. Þá hafði slæmt gengi Kistu – fjárfestingarfélags engin áhrif á Byr sparisjóð á árinu 2007 en þýðing þess í rekstri margra annarra sparisjóða, og þá sérstaklega þeirra stærri, var mikil á sama tíma.


252. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2009.

253. Rétt er að benda á að ávöxtun er hér reiknuð sem hlutfall af meðalstöðu eigna. Þegar tap verður á eignum, eins og varð 2008 og 2009, verður ávöxtun neikvæð. Í einhverjum tilvikum verður hún neikvæð um meira en 100% vegna þess að tapi er deilt í meðalstöðu eigna. Ekki ætti að vera hægt að tapa meiru en fjárfest hefur verið fyrir (að því gefnu að engir framvirkir samningar séu til staðar) en með þeirri aðferð sem notuð er hér við að reikna ávöxtun getur hún birst með þessum hætti. Ekki er verið að leggja til hér að sparisjóðurinn hafi tapað meiru en hann átti í fjáreignum.

Mynd 18. Árleg ávöxtun Sparísjóðs vélstjóra og Byrs sparísjóðs og annarra sparísjóða árin 2001–2009.<sup>254</sup>

Raunar er ávöxtun á eignarhlutum Byrs lítt sveiflukennnd sem skýrist hugsanlega að hluta til af því að virk stýring var á safninu innan markaðsviðskipta og hluti hagnaðar var reglulega innleystur en safnaðist ekki upp líkt og gerðist í mörgum öðrum sparísjóðum sem héldu t.d. lengi eignarhlutum sínum í Exista hf.

Uppsafnaður hagnaður Sparísjóðs vélstjóra/Byrs sparísjóðs af fjáreignum frá árinu 2001 til ársins 2007 á árslokaverðlagi 2011 var rétt tæpir 20 milljarðar króna. Á sama tíma jókst varasjóður sparísjóðsins um rúma 30 milljarða króna á föstu verðlagi ársins 2011. Í mörgum öðrum sparísjóðum var uppsafnaður hagnaður fjáreigna jafn stór og breytingin á eigin fé, ef ekki hærr. Fjáreignir höfðu því minni þýðingu hjá Byr en öðrum sparísjóðum þó að áhrifin hafi verið þónokkur. Árin 2008 og 2009 varð tap af fjáreignum sparísjóðsins 20,4 milljarðar króna á verðlagi ársins 2011 og heildartap af fjáreignum frá 2001 til 2009 á verðlagi ársins 2011 varð um 3,2 milljarðar króna.


Mynd 19. Árlegar og uppsafnaðar tekjur af fjáreignum Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparísjóðs 2006–2009 miðað við fast verðlag 2011.<sup>255</sup>

254. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun ársreiknings Byr sparísjóðs 2007, 14. mars 2008; ársreikningar Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparísjóðs 2006–2009; ársreikningar sparísjóðanna 2001–2009.

255. Ársreikningar Sparísjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparísjóðs 2006–2009. Útreikningur á föstu verðlagi ársins 2011 er skýrður í 8. kafla.

Á árunum 2004 til 2006 var afkoma sparisjóðsins af fjáreignum, á verðlagi hvers árs, nánast jöfn afkomu sparisjóðsins af rekstri fyrir skatta. Á árinu 2007 áttu hefðbundnir afkomuliðir af fjáreignum minni þátt í hagnaði ársins en fyrri ár en söluhagnaður af Icebank hf. á árinu bætti afkomu sparisjóðsins og taldist ekki til tekna af fjáreignum svo sem fram hefur komið. Það vekur athygli hversu lítinn þátt fjáreignir áttu í tapi árunna 2008 og 2009 sem var einkum til komið vegna afskrifta af útlánum. Í flestum öðrum sparisjóðum átti tap af fjáreignum mun stærri þátt í rekstrarerfiðleikum þeirra.

Mynd 20. Tekjur af fjáreignum og hagnaður fyrir skatta hjá Sparisjóði vélstjóra og Byr sparisjóði 2001–2009.<sup>256</sup>



### 18.3.4 Stærstu fjáreignir og niðurfærslur

Hér framar hefur verið fjallað í grófum dráttum um fjárfestingar Byrs sparisjóðs og hvaða áhrif þær höfðu á rekstur og eigið fé hans. Skuldabréf höfðu gjarnan mikið vægi í fjárfestingum sparisjóðsins og tekjur af fjáreignum voru meginuppistaða afkomu hans fram til ársins 2007. Tap af fjáreignum átti þó minni þátt í tapi árunna 2008 og 2009 en t.d. afskriftir útlána. Hér verður fjallað um eignir sparisjóðsins og hvernig afkoman varð af þeim, einkum á árunum 2008 og 2009, og hvernig staðið var að fjárfestingum.

Verðmætustu fjáreignir Byrs í árslok 2006–2009 voru Sparisjóðabanki Íslands hf., VBS Fjárfestingarbanki hf., Kaupþing banki hf., MP Fjárfestingarbanki hf., SP-Fjármögnun hf., Bakkavör hf. og Össur hf. Sparisjóðurinn átti einnig töluverða eign í skuldabréfum útgefnum af Exista hf., Bakkavör Group hf. og Baugi Group hf. Árið 2009 má glögglega sjá að eign sparisjóðsins í ríkisskuldabréfum jókst mikið frá því sem áður var. Auk þess má sjá í töflu 30 að sparisjóðurinn átti um 2,4 milljarða króna í húsbréfum í árslok 2009. Þá var eignastaða sparisjóðsins í framvirkum gjaldmiðlaskiptasamningum tæplega 1,1 milljarður króna á sama tíma.

256. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005 og Byrs sparisjóðs 2006–2009.



Tafla 30. Helstu fjáreignir Byrs sparisjóðs í árslok 2006–2009.<sup>257</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
<b>Skuldabréf</b>				
Ríkisbréf og spariskirteini	730.437	359.034	2.134.925	5.764.743
Sjóðir Íslenskra verðbréfa hf.	559.576	13.731	1.344.718	668.777
Skuldabréf og vixlar Exista hf.	790.917	1.358.936	1.442.399	626.163
Skuldabréf og vixlar Baugs Group hf.		429.927	451.122	17.626
Skuldabréf og vixlar Bakkavarar Group hf.	215.658	272.809	318.260	136.990
<b>Hlutabréf</b>				
MP Fjárfestingarbanki hf.	788.967	2.221.620	1.473.000	1.003.312
Sparisjóðabanki Íslands hf. (Iceland hf.)	3.519.823	1.279.988		
Kaupþing hf.	468.858	1.814.847		
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	590.055	1.546.348	269.359	
Bakkavör hf.	337.909	1.056.888	4.022	
VSP sjóðir*	525.767	1.605.427	725.713	821.514
Óssur hf.	30.213	467.396	440.162	942.785
Húsasmiðjan, Granít, Eikarhald og Hótel Búðir			1.276.438	200.000
Valitor hf. (Greiðslumiðlun hf.)	267.432	509.783	336.519	548.944
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.			500.000	
Vostok Holdings ehf.	162.180	434.700	472.700	269.100
Shelley Oak Plc.		245.780	460.049	
Actavis hf.	56.297			
Exista hf.	48.562	435.840		
Kreditkort hf. (Borgun hf.)	227.395	322.593	353.497	387.714
FL Group hf. (Flugleiðir hf.)	164.256	323.453		
FS37 ehf. (Stím ehf.)		200.065		
Lífsvál ehf.	65.000	147.100	269.605	70.760
Sparisjóðurinn í Keflavík/Sparisjóður Vestfjarða	17.799	194.033	261.107	28.333
SP-Fjármögnun hf.	1.612.383	2.143.071		
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	188.298			
<b>Samtals</b>	<b>11.367.781</b>	<b>17.383.367</b>	<b>12.533.594</b>	<b>11.486.761</b>
Fjáreignir í ársreikningi	18.245.758	22.657.363	19.237.660	20.470.605

\*Peningamarkaðssjóður Rekstrarfélags Byrs hf.

Tafla 31. Tekjur af fjáreignum Byrs sparisjóðs 2006–2009.<sup>258</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárfestingum	797.877	5.972.876	(7.738.598)	(4.402.065)
Hreinar tekjur af fjáreignum og -skuldum á gangvirði (hlutabréf)	263.303	5.472.270	(6.468.518)	(5.355.703)
Hreinar tekjur af fjáreignum og -skuldum á gangvirði (skuldabréf)	176.852	66.494	186.061	(167.606)
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og -skuldum (hlutabréf)	106.401	(53.452)	(1.930.130)	403.295
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og -skuldum (skuldabréf)	150.676	114.907	58.463	–
Arðstekjur	76.593	128.729	191.888	161.193
Hreinn gjalddeyrismunur	24.052	243.928	223.638	556.756
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	2.130.886	363.805	(2.427.362)	(51.534)
Gangvirðisbreyting fjárfestingafasteigna	–	–	–	(2.617.253)
<b>Samtals afkoma af fjáreignum</b>	<b>2.928.763</b>	<b>6.336.681</b>	<b>(10.165.960)</b>	<b>(7.070.852)</b>

Hlutabréfaeign sparisjóðsins hafði töluverð áhrif á afkomu hans árin 2006 til 2009. Til viðbótar við þá afkomu sem sýnd er í töflu 31 var bókaður 4,2 milljarða króna söluhagnaður af sölu Iceland hf. undir aðrar rekstrartekjur sparisjóðsins. Þær fjáreignir sem höfðu mest áhrif á afkomu sparisjóðsins á þessum árum voru Sparisjóðabanki Íslands hf., Lava Capital, Húsasmiðjan og tengd félög, SP-Fjármögnun, VBS Fjárfestingarbanki og MP Banki. Á árinu 2008 tapaði sparisjóðurinn einnig töluverðum fjármunum á skuldabréfum sem keypt voru úr sjóðum Rekstrarfélags Byrs hf.

257. Byggt á sundurlíðunum sem unnar voru af fyrirverandi starfsmanni Byrs sparisjóðs úr upplýsingum frá Íslandsbanka hf. Sá fyrirvari er gerður við þessa töflu að eign í sjóðum er ekki sundurliðuð. Óbein eign sparisjóðsins í hlutabréfum og skuldabréfum einstakra félaga fyrir tilstilli hlutdeildarskirteini sjóða er ekki sýnd hér.

258. Úr ársreikningum sparisjóðsins fyrir árin 2006–2009.

Tafla 32. Afkoma af fjáreignum Byrs sparisjóðs 2008 og 2009.<sup>259</sup>

Pús.kr.	Tegund	2008	2009	Samtals
Lava Capital ehf.	Fasteignafélag	–	(2.089.392)	(2.089.392)
Húsasmiðjan og tengd félög	Hlutabréf	(1.447.685)	(1.102.009)	(2.549.695)
SP-Fjármögnun hf.	Hlutdeildarfélag	(2.144.927)	–	(2.144.927)
VBS Fjárfestingabanki hf.	Hlutabréf	(1.030.810)	(377.731)	(1.408.541)
Sparisjóðabanki Íslands hf. (Icebank hf.)	Hlutabréf	(1.279.988)	–	(1.279.988)
MP Banki hf.	Hlutabréf	(804.619)	(469.688)	(1.274.307)
Nýsir hf.	Vixill	(510.000)	(629.829)	(1.139.829)
Tap vegna sölu Icebank hf.	Hlutabréf	(731.111)	–	(731.111)
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	Hlutabréf	(54.000)	(500.000)	(554.000)
Exista hf.	Skuldabréf/vixill	–	(630.335)	(630.335)
Exista hf.	Hlutabréf	(133.058)	–	(133.058)
Shelley Oak Plc.	Hlutabréf	–	(460.049)	(460.049)
Tárn ApS	Fasteignafélag	–	(426.873)	(426.873)
Vostok Holdings ehf.	Hlutabréf	(100.000)	(203.600)	(303.600)
Sparisjóðurinn í Keflavík	Stofnfjárbref	–	(232.774)	(232.774)
Bakkavör hf.	Skuldabréf	–	(204.930)	(204.930)
Bakkavör hf.	Hlutabréf	(689.570)	–	(689.570)
Lífsvall hf.	Hlutabréf	–	(198.845)	(198.845)
Milestone ehf.	Skuldabréf	–	(120.702)	(120.702)
Valitor hf.	Hlutabréf	(244.551)	212.425	(32.126)
Kaupþing banki hf.	Hlutabréf	(340.825)	–	(340.825)
<b>Samtals</b>		<b>(9.511.145)</b>	<b>(7.434.333)</b>	<b>(16.945.477)</b>

Fasteignaverkefni Byrs sparisjóðs og dótturfélaga (Shelley Oak, Lava Capital ehf., Tárn ApS og Costa Properties ehf.)

Byr sparisjóður keypti 34% hlut í Shelley Oak, bresku fasteignafélagi, í janúar 2007 fyrir um 408 þúsund sterlingspund, sem jafngildi þá um 57 milljónum króna. Síðar sama ár jók sparisjóðurinn hlut sinn í félaginu um 16,1% og greiddi fyrir það um 3,2 milljónir punda, eða 403 milljónir króna. Þá varð sparisjóðurinn meirihlutaeigandi félagsins. Áætlanir um viðskipti fasteignafélagsins stóðust ekki og í mars 2009 blasti gjaldþrot við félaginu og keypti Byr sparisjóður þá aðra hluthafa út úr því fyrir 177.150 sterlingspund, eða um 28,3 milljónir króna. Sparisjóðurinn færði niður eign sína í félaginu fyrir sem nam 460 milljónum króna á árinu 2009.<sup>260</sup>

Á stjórnarfundum Byrs sparisjóðs í maí 2007 var fjallað um fasteignapróunarsjóð (e. *High Value Property Development Fund*) og fyrir stjórnarfund 26. júlí 2007 var lögð fram greinargerð um stofnun sjóðs sem síðar fékk nafnið Lava Capital ehf. Tilgangur sjóðsins var að fjárfesta í arðvænlegum fasteignapróunarverkefnum á vel völdum stöðum í London og nágrenni. Daglegur rekstur sjóðsins yrði í höndum starfsmanna Shelley Oak í London. Á þessum tíma voru tvö verkefni þegar á borði sjóðsins, annað í Belsize Park í London og hitt við Rodona Road, St. Georges Hill, Weybridge, Surrey.<sup>261</sup> Fyrirverandi sparisjóðsstjóri sagði um fjárfestingarnar og þá sérstaklega þegar sparisjóðurinn eignaðist meiri hluta í félaginu:

Það var áhugi hjá stórn sparisjóðsins að auka hlut sinn í þessu félagi vegna þess að það gæti gefið góðar tekjur. Ég held þó að [menn hafi vitað] að þetta voru áhættusamari viðskipti en mörg önnur. En það var sem sagt mikill vilji til að auka hlutinn og ég held að það hafi verið stefnan í upphafi að sparisjóðurinn eignaðist félagið í einhverjum skrefum. En af hverju þessi ákveðni tímunktur frekar en annar veit ég ekki nákvæmlega. En það kom að þeim tímupunkti að það var sagt að nú ætti sparisjóðurinn að auka hlut sinn í félaginu og það var framkvæmt með þeim hætti sem lagt var upp með.<sup>262</sup>

259. Byggt á sundurliðunum frá Íslandsbanka hf. að baki einstökum liðum í ársreikningi og afkomuskjali markaðsviðskiptasviðs. Taflan er því samsett úr nokkrum skjölum sem sundurliða einstakar eignir en innihalda jafnframt summur á borð við „aðra liði“ sem ekki var mögulegt að sundurliða frekar. Innan slíkra liða gæti því verið um að ræða tekjur eða tap af ákveðnum fjáreignum sem ekki koma fram í töflunni. Þessir summuliðir eru þó oftast liðið hlutfall af heildinni. Arðstekjur eru ekki í þessari töflu.

260. Sjá nánari umfjöllun um Shelley Oak í útlánaumfjöllun.

261. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 26. júlí 2007.

262. Skýrsla Ragnars Z. Guðjónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.

Lava Capital var rekið með tapi 2007–2009. Á árinu 2008 jukust eignir félagsins um 1,4 milljarða króna en eignirnar voru fjármagnaðar með lántöku frá Byr sparisjóði. Ári síðar höfðu eignir rýrnað verulega eða um 2 milljarða króna, meðan skuldir félagsins höfðu aukist. Niðurfærsla Byrs sparisjóðs vegna Lava Capital nam 2,1 milljarði króna í ársreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2009. Um lán til félagsins er fjallað í kafla 18.2.4.3.

Í október 2006 fékk Holger Danskes Vej 32–34 ApS 45 milljóna danskra króna lán frá Sparisjóði Hafnarfjarðar til kaupa á fasteign við Holger Danskes Vej 32–34 í Frederiksberg í Danmörku. Samhliða lánveitingunni gerðu Sparisjóður Hafnarfjarðar og Holger Danskes Vej 32–34 ApS með sér samning um að sjóðurinn myndi fjármagna kaup og uppbyggingu á Holger Danskes Vej 32–34 fyrir HDV ehf.<sup>263</sup> Í útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs frá maí 2008 kom fram að 72 milljónir danskra króna hvíldu á eigninni og verkefnið væri stopp þar sem forsendur viðskiptaáætlunar væru brostnar. Fasteignaverð hafði lækkað og kostnaður aukist. Til að koma í veg fyrir gjaldþrot félagsins framseldi Holger Danskes Vej 32–34 ApS verkefnið yfir til Byrs sparisjóðs þar sem nýtt félag að nafni Tärn ApS í eigu Byrs sparisjóðs keypti verkefnið. Kaupverðið var 50 milljónir danskra króna sem fór í að greiða inn á lán Holger Danskes Vej 32–34 hjá Byr sparisjóði.<sup>264</sup> Í lok árs 2009 voru 426 milljónir króna niðurfærðar vegna verkefnisins í ársreikningi Byrs sparisjóðs. Um aðdraganda þessa verkefnis sagði annar af fyrrverandi sparisjóðsstjórum í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni:

Þetta er verkefni sem kemur til hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Þetta teygir anga sína til þess [...] að rekstrargrundvöllurinn undir sparisjóðnum, eins og í öllum öðrum sparisjóðum, var að fjara út. Þetta var bara spurning um tíma hvenær það myndi gerast að sparisjóðirnir myndu lenda í verulegum erfiðleikum. Við vorum í svakalegum barningi með að fá nýja viðskiptavini. Við gátum ekki keppt í neinum kjörum. Viðskiptabankarnir voru eins og hrægammur um allt og tóku öll verkefni sem komu til sögunnar, hvaða nafni sem þau nefndust og sparisjóðirnir fengu raunverulega bara einhverjar leifar. Þarna kom upp íslenskur aðili með þessa hugmynd inn til okkar, hvort við myndum vilja fjármagna blokkarbyggingu í Kaupmannahöfn. Þetta var skóðað eins og hver önnur venjuleg byggingarfjármögnun [...]. Við sáum þennan möguleika á því í fyrsta lagi að reyna okkur á erlendum markaði með verkefni sem við kynnum að fjármagna. Í öðru lagi væri þetta dreifing á áhættu, þetta var ekki á Íslandi, þetta var fyrir utan Ísland.<sup>265</sup>

Hinn sparisjóðsstjórinn, átti ekki aðkomu að þessu máli þegar til þess var stofnað innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar enda var hann þá starfsmaður Sparisjóðs vélstjóra en fyrir honum horfði málið svona við hjá Byr sparisjóði:

Þetta var verkefni á erlendri grundu, mjög erfitt og þungt. Lítið sem ekkert eftirlit var með þessu. Reyndar var samið við erlenda lögmann sem áttu að sjá um þetta allt saman en þeir sviku okkur á endanum þannig að það var náttúrulega verið að reyna að tryggja að allir þættir væru í lagi og að þetta myndi ganga upp. Ef þetta hefði gengið upp, þá hefði verið ágætisafkoma af verkefnunum. [...] Það er alltaf hættulegt að fara inn á ný markaðssvæði sem þú þekkir ekki.<sup>266</sup>

Sparisjóður Hafnarfjarðar lánaði Ægisauði ehf.<sup>267</sup> tæpar 1,8 milljónir evra í lok janúar 2006 til kaupa á 47 íbúðum á Spáni en lánið var 20% af kaupverði eignanna og til 15 mánaða. Félagið hafði áformað að selja íbúðirnar aftur en þær áætlanir gengu ekki eftir og leysti Costa Properties ehf., félag í 100% eigu sparisjóðsins, íbúðirnar til sín. Í lok árs færði

263. Skýrsla um útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs á stærstu lánþegum, 27. maí 2008. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra voru stærstu eigendur HDV ehf. Bröndukvísl ehf. og Stafnar ehf. sem hvort um sig áttu 20% eignarhlut í lok árs 2008. Aðalsteinn Gíslason, Agnar Agnarsson og Stefán Hafliði Aðalsteinsson áttu hver um sig þriðjung í Bröndukvísl ehf. Eigandi Stafna ehf. í árslok 2008 var Verkfræðistofa F.H.G. ehf. en hún var á þeim tíma í eigu Ingibjargar Rögnu Óladóttur.

264. Skýrsla um útlánakönnun innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs á stærstu lánþegum, 27. maí 2008.

265. Skýrsla Magnúsar Ægis Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.

266. Skýrsla Ragnars Z. Guðjónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.

267. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra var félagið í helmingseigu Egils Arnar Arnarsonar og Elíasar Hákonarsonar og var Elías jafnframt stjórnarformaður.

sparísjóðurinn um 101 milljón króna í niðurfærslu vegna þessa verkefnis. Eigið fé Costa Properties ehf. var neikvætt í árslok 2007 til 2009 og tap var á rekstri félagsins þau þrjú ár, samtals 102 milljónir króna.<sup>268</sup>

Húsasmiðjan hf., Grafít ehf., Hótel Búðir ehf. og Eikarhald ehf.

Byr sparísjóður eignaðist hluti í Húsasmiðjunni hf., Grafít ehf., Hótel Búðum ehf. og Eikarhaldi ehf. þar sem hlutir í félögunum höfðu verið lagðir að veði fyrir skuldum í sparísjóðnum. Byr sparísjóður og Fjárfestingarfélagið Primus ehf. höfðu gert með sér samning um uppgjör skulda fjárfestingarfélagsins í apríl 2008. Skuldirnar námu þá um 2,9 milljörðum króna en sparísjóðurinn fékk eignir sem námu 2,6 milljörðum króna upp í þær og gaf út nýtt lán fyrir mismuninum.<sup>269</sup> Eignirnar sem um var að ræða voru hlutabréf í Húsasmiðjunni hf., Grafít ehf., Hótel Búðum ehf. og Eikarhaldi ehf. Sömu eignarhlutir höfðu verið metnir á tæpa 1,4 milljarða króna í ársreikningi dótturfélags Fjárfestingarfélagsins Primusar ehf. í árslok 2007.<sup>270</sup> Metið virði þeirra hækkaði um 1,2 milljarða króna á fjórum mánuðum.

Tafla 33. Hlutabréf sem Byr sparísjóður fékk upp í skuldir Fjárfestingarfélagsins Primusar ehf.<sup>271</sup>

Félag	Eignarhluti	Nafnverð	Verðmat
Húsasmiðjan hf.	18,33%	83.312.850	1.400.000.000
Grafít ehf.	50,00%	2.100.000	450.000.000
Hótel Búðir ehf.	28,75%	38.353.599	100.000.000
Eikarhald ehf.	10,15%	285.113.500	600.000.000
<b>Samtals</b>			<b>2.550.000.000</b>

Á árinu 2008 nam tap Húsasmiðjunnar 12,7 milljörðum króna og var eigið fé félagsins þá orðið neikvætt um 8,8 milljarða króna.<sup>272</sup> Þrátt fyrir þetta var bókfært verð eignarhlutar Byrs sparísjóðs í Húsasmiðjunni í lok árs 2008 áætlað 700 milljónir króna. Heildarverðmæti Húsasmiðjunnar ehf. var samkvæmt því 3.819 milljónir króna í lok árs 2008. Í lok árs 2007 var eigið fé Grafíts ehf. tæp 241 milljón króna en félagið skilaði ekki ársreikningi fyrir árið 2008. Í lok árs 2008 mat Byr sparísjóður eignarhlut sinn í Grafít á 225 milljónir króna. Í lok árs 2007 var eigið fé Hótel Búða ehf. 18,8 milljónir króna en á árinu 2008 tapaði félagið tæpum 238 milljónum króna og eigið fé var neikvætt um tæpar 247 milljónir króna í árslok. Mat Byrs sparísjóðs á 28,75% eignarhlut sínum í félaginu var 51,4 milljónir króna í árslok 2008. Þessi þrjú félög voru að fullu færð niður í árslok 2009. Eikarhald ehf. var eina félagið af þessum fjórum sem Byr sparísjóður eignfærði í árslok 2009. Eikarhald ehf. tapaði 19,9 milljörðum króna á árinu 2008 en á því ári var nýtt hlutafé selt og eigið fé félagsins í árslok nam tæpum 652 milljónum króna.<sup>273</sup> Byr sparísjóður tók ekki þátt í hlutafjárukningunni og var eignarhlutur Byrs sparísjóðs í Eikarhaldi því kominn í 2% í lok árs 2008.<sup>274</sup> Þessi eignarhlutur Byrs sparísjóðs var þá metinn á 300 milljónir króna sem svaraði til eignar sparísjóðsins í hlutafé félagsins sem var um það bil 15 milljarðar króna þótt eigið fé þess hafi ekki verið nema 650 milljónir króna. Ári síðar var hlutur Byrs sparísjóðs metinn á 200 milljónir króna en eigið fé Eikarhalds (sem þá hét Eik Properties ehf.) var þá orðið neikvætt um 1,3 milljarða króna samkvæmt ársreikningi félagsins. Á árunum 2008 og 2009 færði Byr sparísjóður eign sína í félögunum niður um 2,4 milljarða króna.

SP-Fjármögnun hf.

SP-Fjármögnun var stofnuð árið 1995 af sparísjóðunum og starfaði á sviði fjármögnunarleigu. Árið 2002 keypti Landsbankinn 51% eignarhlut í SP-Fjármögnun og varð félagið um leið dótturfélag Landsbankans.<sup>275</sup> Fram til ársins 2006 voru Sparísjóður vélstjóra og Sparísjóður Hafnarfjarðar annar og þriðji stærsti eigandi félagsins og frá samruna þeirra

268. Hagnaður af rekstri félagsins var 106 milljónir króna 2010 en tap 53 milljónir króna árið eftir.

269. Eignarhaldsfélagið Sveipur ehf., dótturfélag Fjárfestingarfélagsins Primusar ehf., afsalaði eignunum til sparísjóðsins.

270. Ársreikningar Eignarhaldsfélagsins Sveips ehf.

271. Samningur um uppgjör á skuldum Fjárfestingarfélagsins Primus ehf. við Byr sparísjóð, 7. apríl 2008.

272. Ársreikningur Húsasmiðjunnar hf. 2008.

273. Nýtt hlutafé var að nafnvirði 12.608 milljónir króna og gengið var 1,4.

274. Ársreikningur Eikarhalds ehf. 2008.

275. Ársreikningur Landsbanka Íslands hf. 2002.

átti Byr á bilinu 32–35% hlut í félaginu. Sparisjóðsstjórar Byrs sátu í stjórn félagsins til 2008. Frá 2005 til 2007 gekk rekstur SP-Fjármögnunar hf. vel og var eigið fé í lok árs 2007 4,2 milljarðar króna.

Árið 2008 var félaginu erfitt en þá tapaði það 30,2 milljörðum króna, aðallega vegna virðisrýrnunar útlána, og var eigið fé í árslok neikvætt um tæpa 26 milljarða króna. Í ársreikningi greindi stjórn frá því að vegna þeirrar stöðu sem uppi var í íslensku efnahagslífi hefði verðmæti útlánasafns SP-Fjármögnunar hf. rýrnað verulega. Fjallað var um stöðu félagsins á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs 12. desember 2008 og kom fram að ljóst væri að umtalsvert nýtt hlutafé þyrfti inn í félagið svo það stæðist eiginfjárlutföll. Á fundinum var sparisjóðsstjóra falið að kanna í samvinnu við aðra eigendur félagsins alla þá kosti sem væru í stöðunni til bjargar fyrirtækinu. Árið 2008 færði sparisjóðurinn eign sína í SP-Fjármögnun niður að fullu, um 2,1 milljarð króna.

Staða félagsins var rædd á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs 4. febrúar 2009 án þess þó að nokkuð nýtt kæmi fram. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 13. mars 2009 var ákveðið að falla frá áskriftarrétti að nýju hlutafé í SP-Fjármögnun hf. Hlutafé yrði lækkað til jöfnunar á tapi þess og nýtt hlutafé, 800 milljónir króna að nafnvirði, gefið út. Á árinu 2009 var eigið fé SP-Fjármögnunar hf. aukið tvisvar. Í mars 2009 var hlutafé félagsins aukið um áðurnefndar 800 milljónir króna að nafnvirði þegar NBI hf. (síðar Landsbankinn hf.) skráði sig fyrir nýjum hlutum í félaginu og var endurgjald fyrir hlutina krafa bankans á hendur félaginu upp á 26,2 milljarða króna. Fyrir aðalfund í félaginu í apríl 2009 var lögð fram tillaga um hækkun hlutafjár að nafnvirði 280 milljónir króna sem greitt var fyrir með sama hætti og í hlutafjárukningunni í mars sama ár, þ.e. með niðurfellingu krafna Landsbankans á hendur félaginu, en endurgjaldið var 9,2 milljarðar króna.<sup>276</sup> Í lok árs 2009 var Eignarhaldsfélag HS ehf. (síðar Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.) eini eigandi SP-Fjármögnunar hf.

#### VBS Fjárfestingarbanki hf.

Á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs í mars 2007 var kynnt samkomulag milli stjórna FSP hf. (áður Fjárfestingarfélag sparisjóðanna hf.) og VBS Fjárfestingarbanka hf. um samruna félaganna, en Byr sparisjóður átti á þeim tíma 20,1% hlut í FSP hf.<sup>277</sup> Um var að ræða 365,5 milljónir króna að nafnvirði sem bókfærðar voru á 590 milljónir króna í árslok 2006. Á stjórnarfundinum kom fram að hik hefði komið á stjórn FSP hf. þegar fyrir lágu niðurstöður áreiðanleikakönnunar á afmörkuðum þáttum í starfsemi VBS Fjárfestingarbanka hf., einkum útlánastarfsemi, varúðarfærslum og skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins. Stjórn Byrs gaf sparisjóðsstjórum heimild til þess að samþykka samruna FSP hf. við VBS Fjárfestingarbanka hf. fyrir hönd sparisjóðsins á hluthafafundi FSP hf. Hlutur FSP hf. í sameinuðu félagi yrði 48%.<sup>278</sup> Auk eignarhlutar Byrs sparisjóðs í FSP áttu Sparisjóður Kópavogs og Sparisjóður Norðlendinga, sem síðar sameinuðust Byr sparisjóði, samantlagt um 11,6% eignarhlut í FSP hf.<sup>279</sup> Á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs í ágúst 2007 voru samþykkt kaup á 0,9% hlut til viðbótar í VBS Fjárfestingarbanka hf. fyrir 147,6 milljónir króna á genginu 36.<sup>280</sup>

Ragnar Z. Guðjónsson, annar sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs, sendi tölvuskeyti 9. nóvember 2007 til sparisjóðsstjórnanna í Keflavík og Mýrasýslu, Geirmundar Kristinssonar og Gísla Kjartanssonar, með kautilboði Byrs sparisjóðs í alla eignarhluti sparisjóðanna tveggja í VBS Fjárfestingarbanka hf. sem þá námu 21,6% af heildarhlutafé bankans. Tilboðsgengið var 44 krónur á hlut og heildarverð 3.992 milljónir króna. Af því yrðu 3.640 milljónir króna greiddar með hlutafé í MP Fjárfestingarbanka hf. og 352 milljónir króna með peningum. Tilboðið gildi til 14. nóvember 2007 en á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs 23.

276. Ársreikningur SP-Fjármögnunar hf. fyrir árið 2008.

277. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

278. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 12. mars 2007.

279. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

280. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 23. ágúst 2007.

nóvember sama ár var greint frá því að tilboðinu hefði verið hafnað. Í lok árs 2007 átti Byr sparisjóður um 9,8% hlut í VBS Fjárfestingarbanka hf. en við sameiningu við Sparisjóð Norðlendinga jókst sá hlutur í 11,4%.<sup>281</sup>

Í lok árs 2007 var Páll Þór Magnússon, stjórnarmaður í Byr sparisjóði, stjórnarformaður VBS Fjárfestingarbanka og Gunnar Árnason, forstöðumaður áhættu- og útlánaeftirlits Byrs sparisjóðs, einn af fjórum meðstjórnendum fjárfestingarbankans. Páll Þór var stjórnarformaður fjárfestingarbankans á árinu 2008.

FSP hf. var færð með hlutdeildaraðferð til ársins 2007 en VBS Fjárfestingarbanki hf. var færður á gangvirði. Hækkun á virði eignarhlutar Byrs sparisjóðs í bankanum á árinu 2007 var um 815 milljónir króna. Tap Byrs sparisjóðs af eignarhlut í VBS Fjárfestingarbanka hf. nam 1.030 milljónum króna á árinu 2008 og 377 milljónum króna á árinu 2009. Fjárfestingarbankinn var tekinn til slitameðferðar 9. apríl 2010 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.

#### Sparisjóðabanki Íslands hf. (Icebank hf.)

Sparisjóðirnir áttu hlut í Sparisjóðabanka Íslands hf. (sem hét um tíma Icebank hf.) vegna þess hlutverks sem Sparisjóðabankinn hafði gegnt sem greiðslubjónustubanki sparisjóðanna og var eignarhlutur gjarnan í takt við stærð og umsvif hvers sparisjóðs. Þegar fram liðu stundir minnkuðu stærri sparisjóðir, þá einkum Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður, smám saman viðskipti sín við Sparisjóðabankann eftir því sem starfsemi þeirra óx og deildir innan sparisjóðanna sjálfra hófu að sinna hlutverkum sem Sparisjóðabankinn gegndi fyrir minni sparisjóði. Á árinu 2007 komu til framkvæmda hugmyndir um að selja eignarhluti sparisjóðanna tveggja í Sparisjóðabankanum en í lok árs 2006 var eignarhlutur Byrs sparisjóðs í bankanum tæp 28,7% og eignarhlutur Sparisjóðs Kópavogs, sem sameinaðist Byr sparisjóði á árinu 2007, 5,6%.

Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs í lok júní 2007 var rætt um opnun eignarhalds Icebank hf. í tengslum við kaup bankans á Behrens Capital og hugsanlega skráningu í Kauphöllina ári síðar. Fram kom að stefnt væri að því að ræða málið nánar innan eigendahóps Icebank hf. á næstu vikum.<sup>282</sup> Á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs 20. september 2007 kom til tals að nokkrir aðilar hefðu lýst yfir áhuga á að kaupa hlut Byrs sparisjóðs í Icebank hf. og leit stjórnin jákvæðum augum á hugmyndir þessara aðila. Gert var ráð fyrir að Byr sparisjóður myndi lána allt að 2,6 milljarða króna til kaupanna sem tryggð yrðu með fyrsta veðrétti í hlutabréfum Icebank hf. Á stjórnarfundi Byrs sparisjóðs 9. október 2007 var upplýst að borist hefðu tilboð frá 16 aðilum í 24,68% hlut sjóðsins í Icebank hf. Tilboðsgengið var 28,055 og söluverðmætið því 7.897 milljónir króna. Stjórnin fól sparisjóðsstjórum og stjórnarformanni að samþykkja kauptilboðin. Jafnframt samþykkti stjórnin að veita hluta tilboðsgjafa lán samtals að fjárhæð 2.335 milljónir króna fyrir kaupunum.<sup>283</sup>

Í desember 2007 gengu viðskiptin endanlega í gegn og nam söluhagnaður Byrs sparisjóðs 4.185 milljónum króna. Eftir sölnu átti Byr sparisjóður 5,4% eignarhlut í Icebank hf.<sup>284</sup> Um það bil sem sala Byrs sparisjóðs á hluta eignar hans í Icebank hf. gekk í gegn gerðu sparisjóðurinn og bankinn samning um verðtryggingu á 84.301.523 hlutum Icebank hf. í Exista hf. Við lok samningsins í lok árs 2008 lá fyrir að Byr sparisjóður ætti að greiða Icebank hf. 434 milljónir króna á grundvelli hans<sup>285</sup> sem sparisjóðurinn greiddi ekki þar sem hann taldi vanefndir hafa verið á kaupsamningum á hlutabréfum sparisjóðsins í Icebank hf.<sup>286</sup>

Tekjur af eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum á árinu 2006 voru 1,6 milljarðar króna og 2,5 milljarðar króna árið eftir en þá er einnig tekið tillit til tekna Sparisjóðs Kópavogs af eignarhlut í sama félagi. Því til viðbótar myndaðist söluhagnaður sem nam 4,2 milljörðum króna. Á árinu 2008 tapaði sparisjóðurinn 1,2 milljörðum króna á eignarhlutnum í Sparisjóðabankanum og á sama ári var einnig bókfært tap af honum upp á

281. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

282. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 27. júní 2007.

283. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 9. október 2007.

284. Ársreikningur Byrs sparisjóðs 2007. Um sölnu á hlutnum er fjallað ítarlega í 31. kafla, um Sparisjóðabankann, og um lán sparisjóðanna til kaupa á hlutnum í 9. kafla, um útlán.

285. Tölvuskeyti Elínar Þorsteinsdóttur til Ragnars Z. Guðjónssonar 26. nóvember 2008.

286. Tölvuskeyti Jóns Auðuns Jónssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar og Ástu Friðriksdóttur 12. desember 2008.

731 milljón króna. Þetta tap var til komið vegna sölu Byrs sparisjóðs á 1,83% hlut í Icebank hf. til Sparisjóðs Mýrasýslu á árinu 2008. Salan var skilyrt því að Sparisjóður Mýrasýslu fengi leyfi Fjármálaeftirlitsins til þess að fara með virkan eignarhlut í Icebank.<sup>287</sup> Í lok maí 2008 hafnaði Fjármálaeftirlitið beiðni Sparisjóðs Mýrasýslu þess efnis meðal annars vegna þess að aukin eign í Sparisjóðabankanum var talin hafa of mikil áhrif á eiginfjárlutfall sparisjóðsins og gekk salan því til baka.<sup>288</sup> Samtals tapaði Byr sparisjóður því um 1.864 milljónum króna á eignarhlut sínum í Icebank á árinu 2008.<sup>289</sup> Um þessi viðskipti sagði fyrirverandi sparisjóðsstjóri Byrs sparisjóðs:

Mér fannst [salan á hlutum í Icebank hf.] á þeim tíma sem hún fór fram ekki líta illa út. Eins og ég man þetta þá höfðum við ekki miklar áhyggjur af þessu í lok árs 2007. Aftur á móti held ég að það sé komið fram í febrúar 2008 þegar það kemur í ljós að Sparisjóður Mýrasýslu getur ekki greitt okkur fyrir sinn hlut. Þá fórum við að hafa áhyggjur af því að sama myndi hugsanlega gilda um aðra. Í framhaldinu var reynt að vinna að því að fá þetta greitt, en þegar leið á árið 2008 sá maður að það var ekki alveg að ganga.<sup>290</sup>

#### MP Fjárfestingarbanki hf.

Árið 2003 réðst MP Fjárfestingarbanki hf. í 27,2 milljóna króna hlutafjárúkningu sem var öll seld Sparisjóði vélstjóra.<sup>291</sup> Sparisjóðurinn átti þá 12,6% hlut í fjárfestingarbankanum en eignarhlutur Byrs sparisjóðs og forvera hans í félaginu var jafnan á bilinu 12–14% til ársins 2009.<sup>292</sup> Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs 19. febrúar 2007 var samþykkt að gera tilboð í 65% hlutafjár í MP Fjárfestingarbanka hf. fyrir 9,6 milljarða króna.<sup>293</sup> Ekkert var bókað í fundargerðir stjórnar Byrs sparisjóðs um afstöðu hluthafa MP Fjárfestingarbanka hf. til tilboðsins en af kaupunum varð ekki. Í árslok 2005 átti MP Fjárfestingarbanki hf. rétt rúm 20% í Sparisjóði vélstjóra og um 8,1% í sameinuðum sparisjóði í árslok 2006 en engan eignarhlut næstu ár þar á eftir.

Jón Þorsteinn Jónsson sat í stjórn MP Fjárfestingarbanka hf. frá 2005 til 2007 en hann var jafnframt stjórnarformaður Byrs sparisjóðs frá stofnun hans til 2009 og þar áður Sparisjóðs vélstjóra frá árinu 2004. Í árslok 2007 voru stærstu eigendur MP Fjárfestingarbanka hf. Margeir Pétursson ehf. með 21% hlut, Byr sparisjóður með 13%, Dexter fjárfestingar ehf. 11% og Fari ehf. 11%. Dexter fjárfestingar ehf. var í eigu Sigurðar Gísla Pálmasonar og Fari ehf. í eigu Jóns Pálmasonar.<sup>294</sup> Hagnaður bankans árin 2006 til 2008 var tæpir 4 milljarðar króna og eigið fé í árslok 2008 6,6 milljarðar króna. Árið 2009 tapaði bankinn 1,2 milljörðum króna.

Í árslok 2006 átti sparisjóðurinn 143,3 milljónir hluta að nafnverði í bankanum og ári síðar var sú eign óbreytt. Matið á bréfunum hafði hins vegar breyst mikið því hver nafnverðshlutur var metinn á 5,5 krónur í árslok 2006 en 15,5 krónur ári síðar. Á árinu 2007 hætti sparisjóðurinn að færa eign sína í MP Fjárfestingarbanka með hlutdeildaraðferð og fór að færa bankann á gangvirði. Við það að breyta um bókhaldsaðferð hækkaði virði bréfanna á bókum bankans sem nam um 1,4 milljörðum króna. Byr sparisjóður færði eign sína í MP Fjárfestingarbanka hf. niður um 804 milljónir króna árið 2008 og 470 milljónir króna árið 2009.

#### Nýsir hf.

Nýsir hf. var stofnaður árið 1991 og kom að byggingu og rekstri fasteigna. Í lok árs 2007 átti Sneis ehf. 100% hlutafjár í félaginu. Snemma ársins 2008 var ljóst að fjármögnun félagsins var orðin erfið og í apríl 2008 var sett á laggirnar kröfuhafaráð Nýsis hf. þar sem farið var í gegnum rekstur og eignir félagsins.<sup>295</sup> Byr sparisjóður og dótturfélög áttu þá um 885

287. Sérstakt minnisblað um tap vegna sölu Icebank hf. í gögnum sem Íslandsbanki hf. afhenti rannsóknarnefndinni.

288. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins varðandi umsókn um heimild til að fara með virkan eignarhlut í Icebank hf., 30. maí 2008.

289. Tölvuskeyti Reginu F. Guðmundsdóttur til rannsóknarnefndarinnar 5. mars 2013.

290. Skýrsla Ragnars Z. Guðjónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.

291. Ársreikningur MP Fjárfestingarbanka hf. 2003.

292. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

293. Kauptilboð Sparisjóðs vélstjóra í MP Fjárfestingarbanka hf., 21. febrúar 2007.

294. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

295. Tölvuskeyti Ingólfs V. Guðmundssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar, Magnúsar Ægis Magnússonar og Elmars Hallgrímssonar 23. apríl 2008.

milljónir króna í víxlum og skuldabréfum útgefnum af Nýsi hf. Þar af átti Rekstrarfélag Byrs hf. kröfur upp á um 700 milljónir króna í gegnum tvo sjóði, 685 milljónir króna í peningamarkaðssjóði og 15 milljónir króna í fyrirtækjasjóði.<sup>296</sup> Þegar ljóst var að erfiðleikar væru í rekstri Nýsis keypti Byr sparisjóður víxla og skuldabréf félagsins úr sjóðum rekstrarfélagsins<sup>297</sup> en hvergi var fjallað um þessi kaup í stjórnarfundargerðum Byrs sparisjóðs.<sup>298</sup> Á árinu 2008 færði sparisjóðurinn kröfur á Nýsi hf. niður um 510 milljónir króna og árið eftir nam niðurfærslan tæpum 630 milljónum króna vegna skuldabréfa auk áfallinna vaxta.

#### Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. var stofnaður í september 2006 sem FBE ehf. (Fjárfestingarbanki Eyjafjarðar) og voru fyrstu eigendur hans norðlensk félög. Í árslok 2006 áttu KEA eignir ehf. 44,4% og Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Norðlendinga hvor sín 27,8%. Á stjórnarfundum Sparisjóðs Norðlendinga 16. mars 2006 var kynnt viljayfirlýsing Sparisjóðs Norðlendinga, Sparisjóðs Svarfdæla og KEA um að stofna hlutafélag og sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins til stofnunar fjárfestingarbanka. Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga samþykkti að taka þátt í þessu félagi og leggja fram 125 milljónir króna.<sup>299</sup> Síðar var ákveðið að hækka heildarhlutafé bankans úr 1 milljarði króna í 2 milljarða króna og því varð hlutur Sparisjóðs Norðlendinga 250 milljónir króna í stað 125.<sup>300</sup> Í mars 2007 samþykkti stjórn sparisjóðsins heimild til að auka hlutafjáreign í félaginu í allt að 240 milljónir króna að nafnvirði en sparisjóðurinn hafði þá þegar fjárfest fyrir 260 milljónir króna að nafnvirði.<sup>301</sup> Í árslok 2007 átti Sparisjóður Norðlendinga 460 milljónir króna að nafnvirði í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., eða 4,7% af útgefnu hlutafé. Í árslok 2008 og 2009 var eign Byrs sparisjóðs tæplega 5,2% af hlutafé fjárfestingarbankans.<sup>302</sup> Örn Arnar Óskarsson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga sat í stjórn Saga Capital frá 2006 til 2008.<sup>303</sup>

Byr sparisjóður færði eignarhlut sinn í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. niður um 54 milljónir króna á árinu 2008 og 500 milljónir króna árið eftir. Tap af rekstri Saga Capital Fjárfestingarbanka var 3.673 milljónir króna árið 2008 og 2.830 milljónir króna árið 2009.

#### Vostok Holdings ehf.

Vostok Holdings ehf. var stofnað á árinu 2004. Tilgangur félagsins var að fjárfesta í verðbréfum, fjármálagerningum og fasteignum með sérstakri áherslu á erlenda markaði. Við stofnun félagsins árið 2004 var hlutafé þess 100 milljónir króna en var aukið í 200 milljónir króna sama ár. Samkvæmt skýrslu stjórnar fyrir árið 2004 festi félagið kaup á skrifstofuhúsnæði í Vilnius í Litháen og réð þrjá starfsmenn. Í árslok 2004 áttu þrjú hluthafar meira en 10% í félaginu, en þeir voru Hraunbjarg ehf. (52,5%),<sup>304</sup> Sparisjóður vélstjóra (20%) og Jón Hjartarson (10%). Til viðbótar áttu fimm aðrir hluthafar minna en 10% hlut.<sup>305</sup> Gunnar Árnason, forstöðumaður útlánaeftirlits hjá Byr sparisjóði, sat í stjórn Vostok frá 2005<sup>306</sup> en hann átti jafnframt um 0,5% hlut í félaginu í gegnum einkahlutafélag sitt G. Arnason ehf., samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2007.

Í árslok 2006 hafði eignarhald félagsins breyst þannig að Hraunbjarg ehf. átti þá 36% hlut, Byr sparisjóður 15% og FSP hf. átti 14%.<sup>307</sup> Í tölvupósti frá Margeiri Péturssyni til hluthafa Vostok Holdings ehf. í apríl 2006 segir að það langmarkverðasta í starfsemi félagsins að undanförunu sé 60% eignarhlutur í ukránska eignarhaldsfélaginu New Progress Holdings

296. Tölvuskeyti Elmars Hallgrímssonar til Magnúsar Ægis Magnússonar, Ingólfs V. Guðmundssonar og Ragnars Z. Guðjónssonar 30. apríl 2008.

297. Tölvuskeyti Ingólfs V. Guðmundssonar til Kristínar Söbech 30. maí 2008.

298. Í athugasemdom Ragnars Z. Guðjónssonar sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 kom fram að hann myndi ekkert eftir þessu né þekkti til þessa máls.

299. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðlendinga, 16. mars 2006.

300. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðlendinga, 31. ágúst 2006.

301. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðlendinga, 5. mars 2007.

302. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

303. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

304. Samkvæmt ársreikningi Hraunbjargs ehf. fyrir árið 2004 átti MP Fjárfestingarbanki hf. 49% í félaginu, Margeir Pétursson ehf. 23,7% og Fasteignafélagið Ósland ehf. 20%.

305. Ársreikningur Vostok Holdings ehf. 2004.

306. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

307. Ársreikningur Vostok Holdings hf. 2006.



CJSC sem eigi 92% hlutafjár í ukráínska bankanum Bank Lviv í borginni Lviv í Vestur-Úkraínu.<sup>308</sup> Á því ári var hagnaður félagsins 76 milljónir króna og eigið fé í árslok tæpur 1,1 milljarður króna.

Árið 2007 jók Vostok Holdings ehf. hlutafé sitt um 200 milljónir króna að nafnvirði og var hlutur Hraunbjargs ehf. í félaginu í árslok 48% en Byr sparisjóður átti þá tæp 14% og FSP Holding ehf. 13,1%. Eigendur Hraunbjargs ehf. í árslok 2007 voru MP Fjárfestingarbanki með 49% hlut, Margeir Pétursson ehf. með 24% hlut og Fasteignafélagið Ósland ehf. með 21% hlut. Á aðalfundi Vostok Holdings ehf. í maí 2007 var samþykkt að breyta Vostok Holdings úr einkahlutafélagi í hlutafélag.<sup>309</sup>

Árin 2007 og 2008 varð smávægilegt tap af rekstri Vostok Holdings, eða undir 10 milljónum króna hvort ár. Í árslok 2008 var eigið fé félagsins 2,8 milljarðar króna en á því ári var gefið út nýtt hlutafé að nafnvirði 400 milljóna króna og var verð hvers hlutar 2,5 krónur. Byr sparisjóður færði eignarhlut sinn í Vostok Holdings ehf. niður um 100 milljónir króna á árinu 2008 og 204 milljónir króna árið eftir.

Árið 2009 hagnaðist félagið um tæpar 89 milljónir króna en félaginu var síðan slitið miðað við 18. desember 2009.<sup>310</sup> Við skiptalok í lok janúar 2009 var eignarhlut Vostok Holdings ehf. í Vostok Holding Netherlands B.V. skipt meðal hluthafa samkvæmt úthlutunargerð.<sup>311</sup>

#### Sparisjóðurinn í Keflavík

Í desember 2006 samþykkti stjórn Sparisjóðs vélstjóra að kaupa allt að 5% hlut í stofnfjárbréfum Sparisjóðsins í Keflavík fyrir um 550 milljónir króna.<sup>312</sup> Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs 18. apríl 2007 var samþykkt að selja stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík<sup>313</sup> og voru þau seld tveimur dögum síðar fyrir 1 milljarð króna.<sup>314</sup> Hagnaður af viðskiptunum var 403 milljónir króna.<sup>315</sup>

Með sameiningu við Sparisjóð Kópavogs eignaðist Byr sparisjóður bréf í Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóði Vestfirðinga. Í byrjun mars 2007 átti Sparisjóður Kópavogs 0,37% í Sparisjóðnum í Keflavík og 1,79% í Sparisjóði Vestfirðinga.<sup>316</sup> Í lok maí 2007 átti SPK Fjárfesting, dótturfélag Sparisjóðsins í Kópavogi, svipað stóran hlut í Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóður Kópavogs átti beint. Sá hlutur var metinn á rétt tæpar 100 milljónir króna þá.<sup>317</sup> Ársreikningar Sparisjóðs Kópavogs og Byrs sparisjóðs voru sameinaðir miðað við 1. október 2007.

Í árslok 2008 og 2009 átti Byr sparisjóður tæp 1,6% í Sparisjóðnum í Keflavík. Sá eignarhlutur var metinn á 261 milljón króna í árslok 2008 og færður niður um 233 milljónir króna á árinu 2009.

#### Verðbréf í skráðum félögum (Bakkavör Group hf., Kaupping hf., Össur hf.)

Af lestri stjórnarfundargerða Byrs sparisjóðs er ekki að sjá að mörkuð hafi verið sérstök eða afgerandi stefna um kaup á hlutabréfum í skráðum félögum. Markaðsviðskiptadeild sparisjóðsins var virk í viðskiptum með skráð hlutabréf<sup>318</sup> og endurspeglar áramótastaða þessara bréfa að einhverju leyti þá stöðu sem var á bréfunum hjá þeirri deild en ekki eignarhlut sem tekin hafði verið ákvörðun um að eiga í sérstökum tilgangi.<sup>319</sup> Markaðsviðskipti töpuðu rúmum 1,9 milljörðum króna á hlutabréfaviðskiptum á árinu 2008 og var það eina árið í rekstri Byrs sparisjóðs sem tap var á hlutabréfaviðskiptum þessarar deildar.

308. Tölvuskeyti Margeirs Péturssonar til Sigfúsar Ingimundarsonar, Sigurðar Valtýssonar, Ágústs Sindra Karlssonar, Gunnars Árnasonar, Ragnars Z. Guðjónssonar, Sigurbjargar Snorradóttur, Jóns Hjartarsonar, Kjartans Brodda Bragasonar, Kristinar Svavarsdóttur og Karls Þorsteinssonar 2. apríl 2006.

309. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

310. Samkvæmt ársreikningi Vostok Holdings ehf. fyrir árið 2009.

311. Sbr. auglýsingu um félagsslit og skiptalok í félaginu í *Lögbirtingablaðinu* 1. febrúar 2010.

312. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 21. desember 2006.

313. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 18. apríl 2007.

314. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til Reginu Fannýjar Guðmundsdóttur 20. apríl 2007.

315. Tölvuskeyti Reginu Fannýjar Guðmundsdóttur til Sigurðar Jónssonar 1. júní 2007.

316. Tölvuskeyti Ingólfs Guðmundssonar til Carls H. Erlingssonar 15. mars 2007.

317. Tölvuskeyti Guðmundar Páls Hreggviðssonar til Ingólfs Guðmundssonar 25. maí 2007.

318. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrverandi framkvæmdastjóri sviðsins að hann hefði lítið sem ekkert fjárfest í skuldabréfum skráðra félaga. Viðskipti hans með skuldabréf hefðu nær eingöngu verið með ríkisskuldabréf.

319. Skýrsla Sigurjóns Arnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

Þar af var tap á Kaupþingi hf. 341 milljón króna, tap á Bakkavör hf. 690 milljónir króna, tap á Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf. 299 milljónir króna og tap á FL Group hf. 292 milljónir króna.<sup>320</sup>

Sparisjóðurinn átti um 419 til 467 milljóna króna hlut í Össuri hf. í árslok 2006 til 2008 en í lok árs 2009 hafði verðgildi hlutarins aukist töluvert og nam þá 943 milljónum króna. Á stjórnarfundum Byrs sparisjóðs 29. desember 2009 var lagt fram minnisblað áhættustýringar um stöðu markaðsviðskipta með tilliti til reglna um fjárfestingarheimildir. Samkvæmt reglum sem samþykktar hefðu verið 22. janúar 2009 mátti hámarkseign í einstöku hlutafélagi ekki vera meiri en 35% af hlutabréfaheimildum en 45% ef um fjármálafyrirtæki væri að ræða. Þegar reglurnar hefðu verið settar hafði staða markaðsviðskipta í bréfum Össurar hf. verið um 6,6 milljónir króna að nafnverði eða 635,8 milljónir króna að markaðsverði sem var um 32% af þeirri heimild sem markaðsviðskipti höfðu hvað hlutabréf varðaði.

Eign í bréfum Össurar var, samkvæmt minnisblaðinu, 933 milljónir króna í lok desember 2009 eða tæplega 47% af þeirri heimild sem markaðsviðskipti höfðu til hlutabréfaviðskipta. Þar sem ár var liðið frá því nýjar reglur um fjárfestingarheimildir voru samþykktar og fráviksheimild veitt, taldi áhættustýring rétt að óska eftir heimild stjórnar til að hækka heimild markaðsviðskipta til að hafa stöðu í Össuri hf. sem væri 50% af heildarheimildum með hlutabréf til 1. apríl 2010.<sup>321</sup> Stjórn sparisjóðsins samþykkti heimild til stöðutöku fyrir allt að 1 milljarð króna í bréfum Össurar fram til 1. apríl 2010. Hlutabréfastaðan í Össuri hafði þá verið yfir heimildum samkvæmt reglum sjóðsins frá febrúar 2009 og höfðu verið gerðar athugasemdir við það nokkrum sinnum með tölvupósti til sparisjóðsstjóra.<sup>322</sup> Sparisjóðsstjóri hafði þó veitt óformlega heimild til að eiga bréf í Össuri fyrir 1 milljarð króna sem yfirmaður markaðsviðskipta sótti stöðugt um undanþágu á.<sup>323</sup> Áhrif hlutabréfa í Össuri hf. á afkomu sparisjóðsins árin 2008 og 2009 voru lítil, tapið var 27 milljónir króna árið 2008 og hagnaður 66 milljónir króna árið 2009. Um hlutabréfaviðskipti markaðsviðskipta sagði fyrrverandi forstöðumaður deildarinnar í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni:

Ég var náttúrulega alltaf að hreyfa, það var aldrei staða sem ég átti. Ég gerði viðskipti á hverjum degi [þó ekki með öll bréf], það var ein staða sem að ég átti svoltið lengi, [...] ég keypti töluvert í Össuri og þar þurfti ég að fá undanþágu vegna heimilda. Fékk hana. Þegar markaðurinn hrundi þá hrundi Össur sem var bara í viðskiptum erlendis og líka illa háður íslenskri hagsveiflu og hafði ekkert með það að gera, en gengið lækkaði stöðugt eins og allt annað. Og þá sat ég og keypti. Ég er nokkuð viss um að ég hafi farið hátt í milljarð í Össuri á einhverjum tímamarki. Alltaf sótti ég um undanþágu og ég var ekki tilbúinn að selja þetta. Ég held að gengið hafi farið niður í 60, 70 þegar lægst var, eitthvað slíkt. Þeirri stöðu hékk ég á allan þennan tíma og það síðasta sem ég gerði í október [2010] þegar ég hætti var að selja hann í heilu lagi á genginu 221 og taka hagnaðinn í hús. [...] Ég keypti þegar enginn vildi og sat svo bara á henni eins og ormur á gulli vegna þess að þetta var svona félag sem mér fannst flott, skilaði góðri afkomu og var ekki háð íslenskri hagsveiflu. Þetta var íslenskt skráð fyrirtæki á erlendum mörkuðum. Já, það er örugglega lengsta staðan. Lengi vel átti ég í Bakkavör, hafði trú á því. Það fór allt suður, ég seldi það einhvern tímann á leiðinni, gekk ekki upp. Ég hafði trú á mörgu sem Exista var að gera en ekki öllu. Mér fannst í raun og veru Exista að hluta til ágætis pottur en potturinn of dýr, mér fannst skelin of dýr utan um það sem var í pottinum.<sup>324</sup>

Hlutabréf Exista hf. voru ekki stór eign í safni Byrs sparisjóðs og ekki var mörkuð stefna innan sparisjóðsins um að eiga ákveðinn eignarhlut í því félagi, eins og segja má um marga aðra og þá sérstaklega stærri sparisjóði. Í árslok 2007 var eign sparisjóðsins í Exista hf. stærst en hún var þá tæpar 436 milljónir króna. Á sama tíma var eign sparisjóðsins í hlutabréfum Bakkavarar hf. og Kaupþings banka hf. til dæmis mun stærri en eignin í Exista hf. Sparisjóðurinn átti aftur á móti mun meira af skuldabréfum og víxlum Exista hf. en hlutabréfum. Sú eign nam mest 1,4 milljörðum króna í lok árs 2008 en á sama tíma

320. Gögn frá Íslandsbanka hf. til rannsóknarnefndarinnar um uppgjör veltubókar Byrs sparisjóðs fyrir árið 2008.

321. Minnisblað um stöðu Markaðsviðskipta gagnvart reglum um fjárfestingaheimildir, 28. desember 2009.

322. Tölvuskeyti Ásdísar Káradóttur til rannsóknarnefndarinnar 28. nóvember 2012.

323. Skýrsla Sigurjóns Arnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

324. Skýrsla Sigurjóns Arnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

átti sparísjóðurinn engin hlutabréf í Exista hf. Einhver höfðu verið seld en önnur færð niður. Tap af hlutabréfum í Exista hf. var 133 milljónir króna á árinu 2008. Sparísjóðurinn færði ekki niður skuldabréfaeign í Exista hf. árið 2008 en 2009 nam niðurfærslan 630 milljónum króna.

Lífsvall ehf.

Á stjórnarfundum Sparísjóðs vélstjóra 29. mars 2006 var rætt að til boða stæði að kaupa 2% hlut í Lífsvall ehf. Félagið hefði verið stofnað til þess að kaupa jarðir og leigja áfram land og landréttindi. Stjórnin samþykkti kaupin og átti Byr sparísjóður 1,9% eignarhlut í Lífsvalli í árslok 2006 en hann var þá metinn á 65 milljónir króna. Stærstu eigendur félagsins á þessum tíma voru Landsbankinn með tæplega 19% hlut, Ingvar J. Karlsson með 16,8% hlut, Ólafur Ívan Wernersson með 15,6% hlut og Guðmundur A. Birgisson með rúm 13%. Saxhóll, félag í eigu Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs sparísjóðs og fjölskyldu hans, átti á bilinu 9% til 10% af hlutafé félagsins frá 2005 til 2010 og Saxbygg, félag í eigu Saxhóls ehf. og Bygg invest ehf., átti 7–8% á sama tímabili. Jón Björnsson, sem hafði verið sparísjóðsstjóri Sparísjóðs Norðlendinga, sem sameinaðist Byr sparísjóði á árinu 2008, tók við starfi framkvæmdastjóra Lífsvalls ehf. árið 2005.<sup>325</sup>

Á stjórnarfundum Byrs sparísjóðs 23. nóvember 2007 var samþykkt að heimila sparísjóðsstjórum, fyrir hönd sparísjóðsins, að kaupa 1% hlutabréfa í Lífsvall ehf. fyrir allt að 70 milljónir króna. Seljandi bréfanna var Jón Björnsson, framkvæmdastjóri félagsins. Á þessum tíma var Jón Þorsteinn Jónsson stjórnarmaður Byrs sparísjóðs og jafnframt í stjórn Lífsvalls.<sup>326</sup> Í lok árs 2007 átti Byr sparísjóður 4,6% í Lífsvall ehf. Um ástæður þessarar fjárfestingar sagði fyrrverandi sparísjóðsstjóri:

Þetta kom í gegnum stjórnina. Það voru stjórnarmenn sem urðu miklir viðskiptafélagar þessara aðila og menn töldu það geta verið hagkvæmt fyrir sjóðinn að fjárfesta í jörðum. Menn töldu það vera hagkvæmt og gott að geta verið í nánum viðskiptalegum tengslum inni í þessu félagi með öðrum, t.d. Landsbankanum sem var þarna hluthafi. Þetta voru meðal annars rök sem lágu að baki því að kaupa í félaginu. Það var lítið um hluti sem voru á lausu í þessu félagi og það var talið gott fyrir sjóðinn að vera þarna þátttakandi.<sup>327</sup>

Á fundi stjórnar Byrs sparísjóðs 2. mars 2010 fjallaði innri endurskoðandi sjóðsins um áður nefnd viðskipti með bréf í Lífsvall ehf. Fram kom að Byr sparísjóður hefði keypt hlutabréf í félaginu af Jóni Björnssyni 30. nóvember 2007 fyrir samtals 65 milljónir króna. Á sama tíma voru leyst af bréfunum veð sem hvílt höfðu á þeim vegna um það bil 25 milljóna króna skuldar við Landsbankann. Samkvæmt ársreikningi Lífsvalls fyrir árið 2007 hafði 119 milljóna króna tap orðið af rekstri félagsins og var eigið fé um 3,5 milljarðar króna í árslok. Benti innri endurskoðandi Byrs sparísjóðs á að þrátt fyrir þetta hefði verðmat Lífsvalls verið um 6,5 milljarðar króna í viðskiptum Jóns Björnssonar og Byrs sparísjóðs, eða nærri tvisvar sinnum verðmæti eigin fjár í félaginu.<sup>328</sup> Fyrrverandi stjórnarformaður sparísjóðsins sagði í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni um verðmat Lífsvalls ehf. þegar hluturinn var aukinn á árinu 2007:

Menn voru ekki að horfa á reksturinn, þarna er búrekstur og önnur hlunnindi, tekjur af laxveiðiréttindum og fleiru. Þarna var fyrst og fremst horft á hækkan á jarðarverði sem var mikil. Það var gert verðmat á félaginu af [löggiltum fasteignasala] og það var langt yfir 7 milljarðar króna.<sup>329</sup>

Eigið fé félagsins var hæst í árslok 2007 þegar það nam tæpum 3,5 milljörðum króna en eftir tap árána 2008 og 2009 var eigið fé orðið tæpir 2 milljarðar króna. Afkoma ársins 2010 var góð vegna niðurfellinga skulda á árinu en í lok árs 2011 var eigið fé félagsins um 571 milljón króna. Í skýringum með ársreikningi ársins 2011 segir að stjórn félagsins stefni að því að selja mikinn hluta eigna á næstu árum. Árið 2012 hófst sölufurli nokkurra eigna

325. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

326. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

327. Skýrsla Ragnars Z. Guðjónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparísjóðina 24. maí 2013.

328. Minnisblað innri endurskoðanda um viðskipti Jóns Kr. Sólnes og Jóns Björnssonar, lagt fyrir stjórn Byrs sparísjóðs, 2. mars 2010.

329. Skýrsla Jóns Þorsteins Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparísjóðina 24. maí 2013.

og höfðu sex eignir verið seldar í ágúst það ár. Á sama tíma var unnið að samkomulagi um endurskipulagningu skulda með helsta lánardrottni félagsins, Landsbankanum hf. Byr sparisjóður færði eign sína í félaginu niður um tæpar 199 milljónir króna á árinu 2009.

### 18.3.5 Dótturfélög

Dótturfélög Byrs sparisjóðs voru 12 árið 2007 og 17 frá 2008 til 2010.<sup>330</sup> Mörg þessara félaga voru stofnuð til þess að halda utan um sérstaklega skilgreind verkefni og þá einkum fjárfestingar í fasteignum og hlutabréfum. Hér á eftir verður fjallað um nokkur dótturfélög sparisjóðsins sem höfðu þýðingu fyrir rekstur hans á árunum 2006 til 2010. Törn ApS, Lava Capital ehf. og Costa Properties ehf. voru meðal dótturfélaga sparisjóðsins en um þau hefur þegar verið fjallað.

#### Njarðarnes ehf.

Njarðarnes ehf. var stofnað af Sparisjóði Norðlendinga í nóvember 2002. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum var rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Félagið var dótturfélag Sparisjóðs Norðlendinga þar til sá sjóður sameinaðist Byr sparisjóði í apríl 2008. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2006 voru eignir félagsins bundnar í fasteignum, m.a. fasteign við Móasiðu 1 á Akureyri. Ársreikningar árunum 2007–2009 segja stærstu eignir félagsins annars vegar hafa verið kröfu á móðurfélag og hins vegar handbært fé. Í nóvember 2006 samþykkti bæjarráð Akureyrar að ganga til samninga við Njarðarnes ehf. um uppbyggingu á svokölluðum „reit 4“ í miðbæ Akureyrar<sup>331</sup> en áætlanir voru uppi um að byggja hótél þar.<sup>332</sup>

Tafla 34. Fjárhagsupplýsingar Njarðarnes ehf.<sup>333</sup>

Þús. kr.	2006	2007	2008	2009
Eignir	164.265	114.930	102.937	87.635
Skuldir	86.086	8.530	5.270	5.055
Eigið fé	78.179	106.400	97.667	82.580
Afkoma	(4.343)	28.220	(8.733)	(15.086)

Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs 10. ágúst 2009 óskaði Sveinn Margeirsson stjórnarmaður eftir upplýsingum um Njarðarnes ehf. Þáverandi stjórnarformaður sparisjóðsins, Jón Kr. Sólmes, upplýsti um eðli félagsins og að hann væri framkvæmdastjóri þess. Í stjórn félagsins væru Jón Björnsson, Eiður Gunnlaugsson og Jón Þorsteinn Jónsson. Hann sagði að Fjármálaeftirlitinu væri kunnugt um að hann starfaði fyrir félagið og fengi fyrir það 800 þúsund krónur í mánaðarlaun ásamt afnotum af bifreið. Stjórnarmennirnir Sveinn Margeirsson og Arnar Bjarnason lýstu undrun sinni með þetta fyrirkomulag og taldi Arnar það óásættanlegt. Fram kom að stjórnarmönnum hefði ekki verið kunnugt um fyrirkomulagið. Á næsta fundi stjórnar sparisjóðsins, 20. ágúst sama ár, var áfram fjallað um málefni Njarðarnes ehf. og gerði Jón Kr. Sólmes grein fyrir með hvaða hætti störf hans fyrir félagið hefðu komið til. Arnar Bjarnason stjórnarmaður taldi að Jón Kr. Sólmes ætti ekki að starfa fyrir félagið meðan hann gegndi stöðu formanns stjórnar Byrs sparisjóðs. Jón sagðist myndu taka þetta mál upp gagnvart stjórn Njarðarnes ehf. Sveinn Margeirsson vísaði til 21. og 26. gr. starfsreglna Byrs sparisjóðs og sagði það sitt mat að stjórnarformaður hefði misnotað aðstöðu sína en Jón mótmælti því.<sup>334</sup>

330. Samkvæmt skýringum með ársreikningi var þetta fjöldi dótturfélaga í árslok þessi ár. Skýringar með ársreikningi ársins 2006 greina ekki frá því hver dótturfélögin voru það árið en samkvæmt upplýsingum með samstæðureikningi sem skilað er til ársreikningaskrár komu fram tvö dótturfélög í árslok 2006, Bréfabær ehf. og SPV fjárfesting hf.

331. Fundargerð bæjarráðs Akureyrar 9. nóvember 2006, vefsíða Akureyrarbæjar, <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/fundargerdir/baejarrad/5810>.

332. „Nýtt 70 herbergja hótél og áhugi fyrir öðru“, *Morgunblaðið* 4. janúar 2008.

333. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Njarðarnes ehf.

334. Í 21. gr. starfsreglna um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra frá 22. febrúar 2007 segir um hæfisskilyrði stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra: „Stjórnarmenn og sparisjóðsstjóri skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið. Stjórnarmenn og sparisjóðsstjórnar skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir refsiverðan verknad samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um fjármálafyrirtæki eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, gjaldprotalög eða lögum um greiðslu opinberra gjalda eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.“ Í 26. gr. sömu reglna segir um setu stjórnarmanna í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja: „Það er hluti af meginstarfi stjórnar að hafa yfirumsjón og eftirlit með starfsemi og rekstri dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga. Stjórnarmenn taka þó almennt ekki sæti í stjórnnum þessara fyrirtækja nema til þess

Sveinn Margeirsson óskaði eftir því á þessum fundi að lagt yrði fram afrit af samningi milli Jóns Kr. Sólness og félagsins og Arnar Bjarnarson óskaði eftir því að bókað yrði í fundargerð að hann teldi um að ræða stjórnarhætti sem ekki væru sæmandi Byr sparisjóði. Jón Kr. Sólness sagðist hafa í hyggju að ljúka því verkefni sem hann væri í hjá Njarðarnesi ehf. og myndi að því loknu láta af störfum fyrir félagið.<sup>335</sup> Á stjórnarfundum sparisjóðsins mánuði síðar, eða 30. september 2009, spurði Sveinn út í málefni Njarðarness og svaraði Jón því til að skipt hefði verið um stjórn í félaginu.<sup>336</sup> Ragnar Sverrisson og Guðmundur Víkingsson höfðu þá tekið sæti í stjórninni í stað Jóns Björnssonar og Jóns Þorsteins Jónssonar.<sup>337</sup>

Á stjórnarfundum Byrs sparisjóðs 18. nóvember 2009 lagði Sveinn Margeirsson fram bókun um að hann hefði krafist þess á fundi stjórnar 20. ágúst sama ár að stjórnarformaður Byrs sparisjóðs sinni ekki starfi framkvæmdastjóra Njarðarness ehf. samhliða stjórnarstörfum sínum fyrir sparisjóðinn. Þar sem engin breyting hefði orðið á þessu fyrirkomulagi, þá þremur mánuðum síðar, krefðist hann þess að Jón segði upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri Njarðarness ehf. eða segði sig að öðrum kosti úr stjórn Byrs sparisjóðs án tafar. Ekkert var bókað frekar í fundargerð vegna málsins. Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs 1. desember 2009 upplýsti Jón Kr. Sólness að hann hefði látið af störfum sem framkvæmdastjóri Njarðarness ehf. og hefði þar af leiðandi engin frekari afskipti af félaginu.<sup>338</sup> Jón Kr. Sólness hætti í stjórn Byrs sparisjóðs síðar í sama mánuði þegar hann fékk stöðu grunaðs manns í rannsókn á Exeter-málinu.<sup>339</sup>

#### Fjárvari ehf.

Tilgangur Fjárvara ehf. var kaup, sala og rekstur fasteigna, rekstur fyrirtækja, bygginga- starfsemi og lánstarfsemi, svo og önnur skyld starfsemi. Í stjórn félagsins sátu í lok árs 2008 þrjú starfsmenn Byrs sparisjóðs, þeir Eyjólfur Rúnar Sigurðsson, Magnús Ægir Magnússon og Bjarni Tómas Jónsson. Helsta eign félagsins samkvæmt ársreikningi þess fyrir árið 2008 var eignarhlutur í dótturfélagi að nafni Básbryggja ehf. Var sá eignarhlutur metinn á 356 milljónir króna í bókum Fjárvara ehf. Samkvæmt tölvupósti frá Bjarna Tómasi Jónssyni, starfsmanni á fyrirtækjasviði Byrs sparisjóðs, var Básbryggja ehf. stofnað árið 2002 utan um fullnustueignir sem Sparisjóður Hafnarfjarðar hafði eignast við gjaldþrot Byggðaverks. Síðar hefði starfsemi félagsins einkum snúist um að taka yfir fullnustueignir og selja aftur.<sup>340</sup> Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2008 voru eignir félagsins um 430,2 milljónir króna en þar af var handbært fé um 429,7 milljónir króna.

Tafla 35. Fjárhagsupplýsingar Fjárvara ehf.<sup>341</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Eignir	435.770	382.782	384.225	378.944
Skuldir	136.942	82.084	91.890	88.562
Eigið fé	298.827	300.698	292.334	290.381
Afkoma	62.598	1.870	(8.364)	(1.952)

#### Bréfabær ehf.

Bréfabær ehf. var dótturfélag að fullu í eigu Sparisjóðs vélstjóra og síðar Byrs sparisjóðs. Félagið var stofnað við byggingu húsnæðis Byrs sparisjóðs að Hraunbæ 119 og sá um rekstur hússins og útleigu til sparisjóðsins og annarra aðila.<sup>342</sup> Stjórn Bréfabæjar ehf. var í lok árs 2008 skipuð þeim Ragnari Z. Guðjónssyni sparisjóðsstjóra, en hann var einnig framkvæmdastjóri félagsins, Oddnýju Óskarsdóttur og Sighvati Sigfússyni, starfsmönnum Byrs sparisjóðs.<sup>343</sup>

komi nauðsyn vegna eðlis stjórnarstarfsins eða sérþekking viðkomandi réttlæti það. Áður en ákvörðun er tekin um að stjórnarmaður skuli taka að sér stjórnarstarf í dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélagi skal stjórnin fjalla sérstaklega um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk stjórnarmannsins og niðurstaða bókuð í gerðabók.“

335. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 20. ágúst 2009.

336. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 30. september 2009.

337. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

338. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 1. desember 2009.

339. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 21. desember 2009.

340. Tölvuskeyti Bjarna Tómasar Jónssonar til Carls H. Erlingssonar 4. desember 2008.

341. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Fjárvara ehf.

342. Tölvuskeyti Reginu F. Guðmundsdóttur til Mjallar Flosadóttur 6. júní 2008.

343. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

Tafla 36. Fjárhagsupplýsingar Bréfabæjar ehf.<sup>344</sup>

<i>Pús. kr.</i>	2006	2007	2008	2009
Eignir	632.576	693.010	606.109	627.414
Skuldir	19.304	29.443	11.257	10.018
Eigið fé	613.272	663.567	594.852	617.396
Afkoma	44.631	50.294	(68.715)	22.544

#### SPK Fjárfesting ehf.

SPK Fjárfesting ehf. var í eigu Sparisjóðs Kópavogs og varð hluti af samstæðu Byrs sparísjóðs við samruna sparísjóðanna 2007. Í lok árs 2008 sátu Ragnar Z. Guðjónsson, sparísjóðsstjóri, Atli Örn Jónsson og Gunnar Árnason, starfsmenn Byrs sparísjóðs, í stjórn SPK Fjárfestingar ehf. Tilgangur félagsins fólst í rekstri eignarhaldsfélaga, viðskiptum með verðbréf og fleira. Félagið virðist þó hafa komið lítið að fjárfestingum. Í lok árs 2008 námu eignir félagsins 456 milljónum króna. Stærstur hluti þeirra var 392 milljóna króna krafa á Byr sparísjóð. Auk þess átti félagið 63 milljónir króna í handbæru fé.<sup>345</sup>

Tafla 37. Fjárhagsupplýsingar SPK Fjárfestingar ehf.<sup>346</sup>

<i>Pús. kr.</i>	2006	2007	2008	2009
Eignir	386.279	477.300	455.672	461.813
Skuldir	27.368	27.517	1.138	626
Eigið fé	358.911	449.783	454.534	461.187
Afkoma	1.783	90.871	4.750	6.653

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Kópavogs 15. desember 2006 var rætt um að nýta SPK Fjárfestingu ehf. undir fjárfestingarstarfsemi sjóðsins. Stjórnin samþykkti að færa eignarhlut Sparisjóðs Kópavogs í FSP hf. yfir í SPK Fjárfestingu ehf. auk þess sem aðrar fjárfestingar yrðu síðan fluttar yfir í félagið.<sup>347</sup> Í febrúar 2007 staðfesti stjórn Sparisjóðs Kópavogs kaup á 7% eignarhlut í Eignarhaldsfélaginu Sævarhöfða ehf. sem þá átti bifreiðumboðið Ingvar Helgason ehf.<sup>348</sup> Kaupverð hlutarins var 200 milljónir króna og var seljandi Exista hf.<sup>349</sup> Miðað við verðið á 7% hlut í félaginu hefur heildarvirði þess verið metið á um 2,8 milljarða króna. Tap ársins 2006 var 378 milljónir króna og eigið fé í árslok 1.177 milljónir króna.<sup>350</sup> Áform Sparisjóðs Kópavogs um að færa fjárfestingar sínar inn í SPK Fjárfestingu ehf. breyttust á fyrstu mánuðum ársins 2007 þegar upp kom möguleiki á samstarfi við Sund ehf. í gegnum félagið IceCapital ehf.

Viðskipti IceCapital við Sparisjóð Kópavogs

Stjórn Sparisjóðs Kópavogs samþykkti 29. mars 2007 að ganga til samninga við Sund ehf. um að stofna fjárfestingarfélag sem sparísjóðurinn ætti 40% eignarhlut í og Sund ehf. 60%. Á fundi stjórnar sparísjóðsins 2. apríl 2007 var fjallað um fjárfestingarfélagið og reifaði Birgir Ómar Haraldsson stjórnarformaður meðal annars þau jákvæðu áhrif á hag sparísjóðsins sem gert var ráð fyrir að félagið myndi hafa. Hann hafði áður reifað hugmyndir um fjárfestingarfélagið á síðari hluta árs 2006. Á fundinum 2. apríl 2007 samþykkti stjórn sparísjóðsins að leggja 320 milljónir króna í félagið fyrir 40% hlut. Félagið hafði þá fengið nafnið IceCapital ehf.

Á hluthafa- og stjórnarfundum IceCapital ehf. 31. mars 2007 voru sömu menn kjörnir í stjórn IceCapital ehf. og sátu í stjórn Sparisjóðs Kópavogs, að undanskildum Guðjóni Jónssyni sem ekki tók sæti í stjórn IceCapital ehf. Jón Kristjánsson var enn fremur kjörinn í stjórn IceCapital ehf., en hann sat ekki í stjórn sparísjóðsins.<sup>351</sup>

344. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Bréfabæjar ehf.

345. Ársreikningur SPK Fjárfestingar ehf. 2008.

346. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum SPK Fjárfestingar ehf.

347. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs, 15. desember 2006.

348. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs, 16. febrúar 2007.

349. Samantekt innri endurskoðanda Byrs sparísjóðs um Sund, IceCapital og SPK Fjárfestingu, lögð fyrir stjórn 2. mars 2010.

350. Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf. 2006.

351. Fundargerð hluthafa- og stjórnarfundar IceCapital ehf. (þá AB 77 ehf.) 31. mars 2007.

Stjórn Sparisjóðs Kópavogs fjallaði enn um IceCapital ehf. á fundi 20. júní 2007. Þar kom fram að 2. apríl sama ár hefðu verið lögð fram á stjórnarfundum drög að tveimur samningum, annars vegar um sölu á hlut í D-1 ehf. og hins vegar drög að leigusamningi um fasteignina að Digranesvegi 1 sem var í eigu D-1 ehf.<sup>352</sup> Jafnframt var rætt að borist hefði ábending um að óheppilegt væri að sömu menn sætu í stjórnnum IceCapital ehf. og sparisjóðsins þar sem það gæti orkað tvímælis hvort ákvörðun stjórnarinnar um stofnun IceCapital ehf. stæðist ákvæði 2. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þar segir að stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skuli ekki taka þátt í meðferð máls ef það varðar þá sjálfa eða fyrirtæki sem þeir sitja í stjórn hjá. Í fundargerð kemur fram að ekki hafi legið fyrir hverjir myndu skipa stjórn IceCapital þegar stofnun félagsins var samþykkt 2. apríl 2007. Þetta er ekki í samræmi við fundargerð hluthafa- og stjórnarfundar IceCapital ehf., sem haldinn var tveimur dögum áður, en þá var skipað í stjórn félagsins. Að fengnu lögfræðialiti var ákveðið að gera breytingar á stjórn IceCapital ehf. og leggja ákvörðun um samningsgerð milli IceCapital ehf. og Sparisjóðs Kópavogs og stofnun félagsins aftur fyrir stjórn sparisjóðsins. Vék Birgir Ómar Haraldsson af fundi við afgreiðslu málsins, en hann var ennþá í stjórn IceCapital ehf. ásamt Páli Þór Magnússyni og Jóni Kristjánssyni. Staðfesti stjórnin einróma fyrri ákvörðun frá 2. apríl 2007 um stofnun IceCapital ehf. og einnig samning um sölu á D-1 ehf. og leigusamning um Digranesveg 1 þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið teknir fyrir á fundinum 2. apríl. Samþykkt var að fela Birgi Ómari að fara með atkvæði Sparisjóðs Kópavogs í IceCapital ehf.<sup>353</sup>

Stofnun D-1 ehf. hafði verið kynnt á fundi stjórnar Sparisjóðs Kópavogs í desember 2006. Samþykkt var að leita eftir fjármögnun fyrir öllu kaupverði húss ásamt öðrum kostnaði við að koma húsi í notkun. Framtíðareignarhald á félaginu yrði skoðað með vísan til SPK Fjárfestingar ehf.<sup>354</sup> Í lok árs 2006 festi D-1 ehf. kaup á húseigninni að Digranesvegi 1 sem þá var í byggingu.<sup>355</sup> Áætlað var að hún yrði tekin í notkun á árinu 2007 og myndi hýsa höfuðstöðvar Sparisjóðs Kópavogs. IceCapital ehf. keypti allt hlutafé í D-1 ehf. af Sparisjóði Kópavogs fyrir 550 milljónir króna 4. apríl 2007. Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Kópavogs, skrifaði undir kaupsamninginn bæði fyrir hönd kaupanda og seljanda. Samkvæmt fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs 24. apríl 2007 var þá farið yfir leigukjör á Digranesvegi 1. Leigusamningur um húsnæðið milli Sparisjóðs Kópavogs sem leigutaka og IceCapital ehf. sem leigusala var lagður fyrir stjórn Sparisjóðs Kópavogs til undirritunar á fundi 5. júní 2007. Í samantekt innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs um þetta mál frá árinu 2010 var vakin athygli á því að hvorki Carl H. Erlingsson, þáverandi sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Kópavogs, né Ingólfur V. Guðmundsson aðstoðarsparisjóðsstjóri hefðu setið fundinn. Carl H. Erlingsson hafði í raun ekki verið upplýstur um leigusamninginn fyrr en á haustdögum 2007 þegar Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs sparisjóðs, spurði Carl út í mat hans á bókfærðu verði eignarinnar við Digranesveg 1. Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Kópavogs, hafði þá nýlega sýnt Ragnari leigusamninginn.<sup>356</sup> Carl sat ásamt Ingólfi V. Guðmundssyni í stjórn D-1 ehf. þegar leigusamningurinn um Digranesveg 1 var samþykktur í stjórn Sparisjóðs Kópavogs en þeir sögðu sig úr stjórninni þremur dögum síðar eða 8. júní 2007.<sup>357</sup> Digranesvegur 1 var keyptur á 510 milljónir króna þá tilbúinn að utan, nánast fokheld eign að innan. Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo var leigusamningnum ekki þinglýst og var hann ekki að finna í bókhaldi Byrs sparisjóðs.<sup>358</sup>

Um þennan leigusamning og stjórnarsetu í D-1 ehf. vildi Ingólfur V. Guðmundsson meina að búið hefði verið að selja félagið til IceCapital og því hafi hann ekki verið í stjórn D-1 þegar skrifað var undir leigusamninginn. Dregist hefði að breyta skráningu stjórnarmanna í félaginu eftir sölu þess:

352. Í fundargerð stjórnar 2. apríl 2007 er ekki að finna umfjöllun um þessa tvo samninga.

353. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs, 20. júní 2007.

354. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs, 15. desember 2006.

355. Ársreikningur D-1 ehf. 2006.

356. Samantekt innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs um Sund, IceCapital og SPK Fjárfestingu, lögð fyrir stjórn 2. mars 2010. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni 24. maí 2013 sagðist Ragnar Z. Guðjónsson ekki hafa séð umræddan samning.

357. Samkvæmt hlutafjármíðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

358. Samantekt innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs um Sund, IceCapital og SPK Fjárfestingu, lögð fyrir stjórn 2. mars 2010. Fyrirgrenslan rannsóknarnefndarinnar leiddi ekki til þess að samningurinn kæmi í leitirnar.

Ég sat ekki í stjórn félags sem gerði leigusamning við Sparisjóð Kópavogs, punktur. Það er bara svoleiðis. Þá hefur þessi samningur sem þú ert að vísa til, þá hefur hann verið dagsettur eitthvað aftur í tímann. [...] Ég bara man ekki þessa hluti, en ég held að það sé alveg klárt mál að þessi stjórn sem þú ert að vísa í þarna, sem á að vera hætt, ég held að hún hafi ekki kvittað upp á leiguna á þessum samning fyrir hönd D-1. Það hafa þá verið nýir eigendur. [...] Úrsögnin úr stjórninni, tilkynning um nýja stjórnarmenn inn, hún átti að ganga í gegn. Það var hins vegar ekki gengið frá henni strax. Við urðum sjálf að ýta á eftir henni. Það frumkvæði átti að koma frá nýjum eigendum. [...] Þeir aðilar sem voru að nafninu til skráðir í þessa stjórn komu ekki að [ákvörðun um leigusamninginn] fyrir hönd þess félags.<sup>359</sup>

Í kjölfar stofnunar IceCapital ehf. voru eignarhlutir Sparisjóðs Kópavogs í nokkrum félögum framseldir til félagsins, til dæmis stofnfjárbréf í Byr sparisjóði og Sparisjóðnum í Keflavík, hlutabréf í MP Fjárfestingarbanka hf. og Eignarhaldsfélaginu Sævarhöfða ehf.<sup>360</sup>

Á stjórnarfundi Sparisjóðs Kópavogs 11. júlí 2007 voru lögð fram drög að uppgjöri IceCapital ehf. sem unnið var af KPMG. Í samrunaviðræðum Sparisjóðs Kópavogs og Byrs sparisjóðs hafði komið fram ósk frá forsvarsmönnum Byrs sparisjóðs um að Sparisjóður Kópavogs seldi eignarhlut sinn í IceCapital ehf. þar sem um óheppilegt krosseignarhald væri að ræða því IceCapital ehf. ætti stofnfjárbréf í Byr sparisjóði. Stjórnin veitti varaformanni umboð til að ganga til viðræðna um sölu á 40% eignarhlut í IceCapital ehf. til Sunds ehf.<sup>361</sup>

Kaupsamningur þessa efnis var undirritaður 17. júlí 2007. Willum Þór Þórsson, stjórnarmaður í Sparisjóði Kópavogs, skrifaði undir samninginn fyrir hönd sparisjóðsins en Páll Þór Magnússon, sem einnig var stjórnarmaður í Sparisjóði Kópavogs, fyrir hönd Sunds ehf. en Páll var þá framkvæmdastjóri Sunds ehf.<sup>362</sup> Kaupverð hlutarins í samningnum var 575,6 milljónir króna og miðaðist við drög KPMG að uppgjöri IceCapital ehf. Samkvæmt samningnum skyldi kaupverðið greiddast í tvennu lagi. Leiddi endanlegt uppgjör til þess að verðmæti IceCapital yrði lægra en gert var ráð fyrir í drögum að uppgjöri skyldi kaupverðið lækka hlutfallslega að sama skapi. Engin ákvæði voru um hvað gera skyldi ef endanlegt uppgjör leiddi til hærra virðis á IceCapital ehf. Kaupsamningur um sölu eignarhlutar Sparisjóðs Kópavogs í IceCapital ehf. til Sunds ehf. var lagður fyrir og samþykktur af stjórn sparisjóðsins 20. júlí 2007.<sup>363</sup>

Hinn 17. desember 2007 sendi Ólafur K. Ólafsson, sem áður hafði verið forstöðumaður reikningshalds hag- og rekstrarsviðs hjá Sparisjóði Kópavogs, tölvuskeyti til sparisjóðsstjóra Byrs og Regínu Fannýjar Guðmundsdóttur, forstöðumanns reikningshalds sparisjóðsins. Auk þess sendi Ólafur afrit til Páls Þórs Magnússonar, sem þá var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður IceCapital ehf., og Carls H. Erlingssonar og Ingólfs V. Guðmundssonar. Skeytið fjallaði um skuldastöðu IceCapital ehf. við Sparisjóð Kópavogs vegna sölu eigna og væru tvær kröfur á hendur IceCapital ehf. ógreiddar. Sund ehf. hafði þarna tekið upp nafn IceCapital ehf. Annars vegar væru enn 106,4 milljónir króna ógreiddar vegna sölu á 40% eignarhlut Sparisjóðs Kópavogs í IceCapital ehf. yfir til Sunds ehf. en samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri hefði kaupverðið verið 682 milljónir króna og af því einungis 575 milljónir króna greiddar.<sup>364</sup> Auk þess væri ógreidd leiðrétting á söluverði hluta í Byr sparisjóði og MP Fjárfestingarbanka hf. að fjárhæð 43,6 milljónir króna. Samtals skuldaði IceCapital ehf. því Sparisjóði Kópavogs 150,3 milljónir króna.<sup>365</sup> Síðar sama dag svaraði Páll Þór Magnússon tölvupósti Ólafssonar og sagði 40% af 799,5 milljónum króna hlutfé hafa verið selt á genginu 1,8 eða á 575 milljónir króna. Ekki væri rétt að kaupsamningur væri ófrágenginn, hann hefði hljóðað upp á 575 milljónir króna og kaupandi greitt verðið í

359. Skýrsla Ingólfs V. Guðmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. maí 2013.

360. Samantekt innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs um Sund, IceCapital og SPK Fjárfestingu, lögð fyrir stjórn 2. mars 2010.

361. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs, 11. júlí 2007.

362. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

363. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs, 20. júlí 2007.

364. Svo virðist sem Ólafur rugli hér saman IceCapital ehf. og Sundi ehf. Sund ehf. keypti eignarhlutinn í IceCapital ehf. af sparisjóðnum og því getur IceCapital ehf. ekki skuldað sparisjóðnum fyrir kaupnum. Páll Þ. Magnússon leiðréttr Ólaf í svari við þessu tölvuskeyti síðar sama dag.

365. Tölvuskeyti Ólafssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar, Magnúsar Ægis Magnússonar, Regínu F. Guðmundsdóttur, Páls Þórs Magnússonar, Carls H. Erlingssonar og Ingólfs V. Guðmundssonar 17. desember 2007.



tveimur greiðslum eins og samningurinn hefði kveðið á um. Leiðréttingar sem gerðar hefðu verið hefðu náð til fleiri hluta og þær hafðar til hliðsjónar þegar verðið var ákveðið. Ef einhvers misskilnings gætti væri eðlilegt að hittast og fara yfir málið sem fyrst.<sup>366</sup>

Í minnisblaði Sigurðar Jónssonar, endurskoðanda hjá KPMG, frá 20. febrúar 2008 er fjallað um IceCapital ehf. og Byr sparisjóð. Þar kemur fram að eigið fé IceCapital ehf. sé hærra en gert hafi verið ráð fyrir við kaupin auk þess sem eigi eftir að greiða Byr sparisjóði fyrir hækkun á stofnfjárbréfum sem höfðu verið í eigu IceCapital ehf. Samtals ætti Sund ehf. eftir að greiða Sparisjóði Kópavogs 151 milljón króna.<sup>367</sup> Þar af væru 106 milljónir króna vegna hærra kaupverðs á 40% eignarhlut í IceCapital og 45 milljónir króna vegna hærra verðs á stofnfjárbréfum Byrs sparisjóðs og hlutabréfum MP Fjárfestingarbanka hf.

Hinn 22. apríl 2008 sendi Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs, eftirfarandi tölvu-póst til Jóns Auðuns Jónssonar, lögfræðings sparisjóðsins:

Birgir Ómar Haraldsson er tengiliður vegna málsins. Ég hef boðað hann á fund og þar tjáði hann mér að þeir litu svo á að skuldin ætti ekki rétt á sér. Ég gat því ekki skilið það öðruvísi [en] að þeir ætluðu ekki að borga hana.

Málið er mjög viðkvæmt, en engu að síður er þessi skuld í bókum okkar og bæði Birgir Ómar og Páll (Sundari) hafa kvittað upp á árshlutauppgjör SPK og svo Páll upp á árs-reikning Byrs þar sem þessi skuld er inni í bókum.

Nú er svo komið að við þurfum að innheimta skuldina og fá þessi mál á hreint. M.v. fund minn með BÓH þá er lítill vilji til að greiða og því er spurning í hvernig farveg við tökum málið. Ég og MÆM erum ekki í góðri stöðu í þessu máli og því teljum við rétt að það fari í gegnum lögfræðing okkar.<sup>368</sup>

Kröfur vegna málsins fóru í lögfræðinnheimtu hjá Lögmonnum Thorsplani í október 2009. Skuldin var ekki greidd.<sup>369</sup>

Kaup Byrs sparisjóðs á D-1 ehf., sem Sparisjóður Kópavogs hafði selt IceCapital sjö mánuðum áður, voru samþykkt á stjórnarfundum sparisjóðsins í nóvember 2007. Með kaupnum yfirtók Byr sparisjóður framkvæmdir við aðaleign félagsins, nýtt húsnæði að Digra-nesvegi 1 í Kópavogi.<sup>370</sup> Í samantekt innri endurskoðunar kemur fram að einvörðungu hafi fundist fyrsta síða undirritaðs samnings um kaupin og á henni komi fram að kaupverð D-1 ehf. hafi verið 986 milljónir króna.<sup>371</sup> Í fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs 2. mars 2010 þar sem samantekt innri endurskoðunar var tekin fyrir kemur fram að kaupverð D-1 ehf. hafi verið grundvallað á fylgiskjali þar sem m.a. hafi verið tilgreint sérstakt eftirlitsgjald til handa IceCapital ehf. Enn fremur segir að gögn málsins beri ekki með sér af hvaða ástæðu D-1 ehf. hafi verið selt frá Sparisjóði Kópavogs til IceCapital ehf., leigusamningur síðan gerður milli Sparisjóðs Kópavogs og D-1 ehf. og D-1 ehf. svo aftur selt til sparisjóðsins (sem þá var orðinn Byr sparisjóður). Ætla megi að verðmæti D-1 felist í leigusamningi milli D-1 ehf. og Sparisjóðs Kópavogs.<sup>372</sup>

Byr sparisjóður keypti D-1 ehf. á 436,5 milljónum króna hærra verði en IceCapital greiddi fyrir félagið sjö mánuðum fyrr en taka verður tillit til þess að fasteign D-1 ehf. að Digra-nesvegi 1 var enn í byggingu á þessu tímabili.

366. Tölvuskeyti Páls Þórs Magnússonar til Ólafs K. Ólafs, Ragnars Z. Guðjónssonar, Magnúsar Magnússonar, Reginu F. Guðmundsdóttur, Carls H. Erlingssonar, Ingólfs V. Guðmundssonar, Jóns Kristjánssonar og Birgis Ómars Haraldssonar 17. desember 2007.

367. Minnisblað Sigurðar Jónssonar, KPMG, um stöðu milli IceCapital ehf. og Byrs sparisjóðs (áður Sparisjóðs Kópavogs), 20. febrúar 2008.

368. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til Jóns Auðuns Jónssonar og Magnúsar Ægis Magnússonar 22. apríl 2008.

369. Tölvuskeyti Íslandsbanka hf. til rannsóknarnefndarinnar 9. október 2012.

370. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 23. nóvember 2007.

371. Samantekt innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs um Sund, IceCapital og SPK Fjárfestingu, lögð fyrir stjórn 2. mars 2010.

372. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 2. mars 2010.

### SPV fjárfesting hf.

SPV fjárfesting hf. var stofnað í desember 2002 af Sparisjóði vélstjóra og Bréfabæ ehf. Við stofnun félagsins var tilgangur þess eignarhald á hlutum í félögum en einnig kaup og sala fasteigna og rekstur þeirra, lánastarfsemi og önnur sú starfsemi sem stjórnin teldi því til hagsbóta hverju sinni.<sup>373</sup> Sparisjóður vélstjóra stofnaði félagið upphaflega til að fresta söluhagnaði þegar sjóðurinn seldi hlutabréf í Kaupþingi banka hf.<sup>374</sup>

Í ársreikningi SPV fjárfestingar hf. fyrir árið 2007 var meðal eigna félagsins 10% eignarhlutur í félaginu FS37 ehf. sem seinna fékk nafnið Stím ehf. Í kynningu á „Project Stím“ sem Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóri hafði fengið senda frá starfsmanni Glitnis banka hf. voru áform um að saman kæmi hópur fjárfesta sem myndi kaupa hlutabréf í FL Group hf. og Glitni banka hf. gegnum nýstofnað félag. Aðild Byrs að þessu verkefni var að leggja fram 10% hlutafjár til félagsins í gegnum SPV fjárfestingu hf. Þær eignir Fjárfestingarfélagsins Primusar sem Byr sparisjóður yfirtók í apríl 2008 og þegar hefur verið fjallað um voru færðar í SPV fjárfestingu hf.<sup>375</sup>

Tafla 38. Fjárhagsupplýsingar SPV fjárfestingar hf.<sup>376</sup>

Þús. kr	2006	2007	2008	2009
Eignir	2.657.468	2.914.349	1.570.600	12.456.765
Skuldir	352.843	191.699	113.824	11.605
Eigið fé	2.304.625	2.722.650	1.456.776	12.445.160
Afkoma	320.611	418.025	(1.265.874)	(1.011.616)

Í ársbyrjun 2009 var hlutafé félagsins 200 milljónir króna en á árinu var 12 milljarða króna hlutafjárukning greidd inn á genginu 10.<sup>377</sup> Ástæða þessa var að sparisjóðurinn gat þannig frestað greiðslu tekjuskatts af söluhagnaði auk þess sem honum gafst með þessu færi á að tekjufæra tekjuskattsskuldbindingu frá 2008.<sup>378</sup> Í árslok 2009 átti Byr sparisjóður 98,8% í SPV fjárfestingu.<sup>379</sup>

### Rekstrarfélag Byrs hf.

Sögu Rekstrarfélags Byrs hf. má rekja aftur til ársins 2000 en þá var SPH Rekstrarfélag ehf. stofnað til að annast rekstur SPH verðbréfasjóðs hf., en varsla hans var hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Með breytingu á lögum um rekstrarfélög í byrjun árs 2003 skyldu verðbréfasjóðir vera hluti af rekstrarfélagi og voru SPH verðbréfasjóður hf. og SPH Rekstrarfélag ehf. sameinuð á því ári. Þá átti Sparisjóður Hafnarfjarðar 99,9% hlutafjár í SPH Rekstrarfélagi ehf.<sup>380</sup> en á árinu 2004 keypti Verðbréfabjónusta Sparisjóðsins hf. allt hlutafé í SPH Rekstrarfélagi ehf.<sup>381</sup> Verðbréfabjónusta Sparisjóðsins hf. var á þessum tíma í eigu sparisjóðanna en þrír stærstu hluthafar félagsins voru Sparisjóður Hafnarfjarðar (20,5%), Sparisjóður vélstjóra (16,2%) og Sparisjóðurinn í Keflavík (14,1%). SPH Rekstrarfélag ehf. skipti nokkrum sinnum um nafn og hét Rekstrarfélag Sparisjóðanna hf. frá því í mars 2007.<sup>382</sup> Í febrúar 2008 keypti Byr sparisjóður Rekstrarfélag Sparisjóðanna hf. af Verðbréfabjónustu sparisjóðanna hf. og í framhaldi af því var nafni rekstrarfélagsins breytt í Rekstrarfélag Byrs hf.<sup>383</sup> Við sameiningu Íslandsbanka og Byrs hf. í maí 2012 yfirtóku Íslandssjóðir rekstur sjóða Rekstrarfélags Byrs hf.<sup>384</sup>

373. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

374. Tölvuskeyti Regínu F. Guðmundsdóttur til Mjallar Flosadóttur 6. júní 2008.

375. Tölvuskeyti Péturs M. Jónssonar til Carls H. Erlingssonar, Magnúsar Ægis Magnússonar og Ragnars Z. Guðjónssonar 12. nóvember 2008.

376. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum SPV fjárfestingar hf.

377. Ársreikningur SPV fjárfestingar 2009.

378. Tölvuskeyti Byrs sparisjóðs til Seðlabanka Íslands 28. júlí 2009.

379. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

380. Ársreikningur SPH Rekstrarfélags hf. 2003.

381. Ársreikningur SPH Rekstrarfélags hf. 2004.

382. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.


383. Ársreikningur Rekstrarfélags Sparisjóðanna hf. 2007.

384. „Íslandssjóðir yfirtaka rekstur sjóða Rekstrarfélaga Byrs“, vefsíða Íslandsbanka 29. maí 2012, <http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/frettir/frett/?NewsID=65d52514-1a7b-4021-bb6c-43e1a9d475f9>.

Tafla 39. Sjóðir í rekstri Rekstrarfélags Byrs hf. og fyrirrennara þess 2005–2011.<sup>385</sup>

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>Verðbréfasjóðir</b>							
Hátæknisjóðurinn	x						
Lyf- og líftæknisjóðurinn	x						
Skuldabréfasjóðurinn	x	x	x	x	x	x	x
Úrvalssjóðurinn	x	x	x	x			
Alþjóðasjóðurinn	x						
Fjármálasjóðurinn	x						
Alþjóða vaxtarsjóðurinn		x	x	x	x	x	x
Alþjóða virðissjóðurinn		x	x	x	x	x	x
<b>Fjárfestingarsjóðir</b>							
Peningamarkaðssjóðurinn	x	x	x	x			
Fyrirtækjasjóðurinn	x	x	x	x			

Í lok árs 2005 voru sex verðbréfasjóðir og tveir fjárfestingarsjóðir í stýringu hjá rekstrarfélaginu.<sup>386</sup> Í júlí 2006 var stofnaður nýr sjóður, alþjóða vaxtarsjóðurinn. Í september sama ár var rekstri hátæknisjóðsins hætt. Þá var rekstur fjármálasjóðsins og alþjóðasjóðsins sameinaður undir heitinu alþjóða virðissjóðurinn.<sup>387</sup>

Mynd 21. Hrein eign sjóða Rekstrarfélags Byrs hf. og fyrirrennara þess frá árslokum 2005–2011.<sup>388</sup>

Eins og sjá má á mynd 21 stækkuðu fjárfestingarsjóðir Rekstrarfélags Byrs hf. og fyrirrennarar þess mikið frá lokum árs 2005 til loka árs 2007. Í lok árs 2005 námu hreinar eignir fjárfestingarsjóðanna 636 milljónum króna en urðu 6,5 milljarðar króna tveimur árum síðar.<sup>389</sup> Af tveimur fjárfestingarsjóðum Rekstrarfélags Byrs hf. var það einkum hrein eign peningamarkaðssjóðsins sem óx mikið á tímabilinu 2005 til 2007, eða úr rúmum 432 milljónum króna í tæpa 6,2 milljarða króna.

385. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Rekstrarfélags Byrs hf.

386. Ársreikningur Rekstrarfélags Sparisjóðanna hf. 2005.

387. Ársreikningur Rekstrarfélags Sparisjóðanna hf. 2006.

388. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Rekstrarfélags Byrs hf.

389. Hrein eign verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs er skilgreind sem eignir sjóðsins að frádregnum skuldum. Rétt er að geta þess að í ársreikningum Fjárfestingarsjóðs Byrs eftir árið 2007 er heiti liðarins „hrein eign“ breytt í „hlutjeildarskírteini“. Til að gæta samræmis í umfjöllun er hér notast við hugtakið hrein eign.

Tafla 40. Eignir peningamarkaðssjóðs Rekstrarfélags Byrs hf.<sup>390</sup>

Fjárfesting	31.1.2008		30.9.2008	
	Fjárhæð	Vægi	Fjárhæð	Vægi
Innlán	591.068.177	9,10%	2.449.439.344	40,36%
Exista hf.	755.965.644	11,64%	632.609.027	10,42%
Atorka Group hf.	466.048.350	7,18%	481.485.025	7,93%
Baugur Group	831.383.090	12,80%	450.390.115	7,42%
VBS Fjárfestingarbanki hf.	465.633.454	7,17%	393.482.760	6,48%
Landic Property hf.	553.881.240	8,53%	322.356.960	5,31%
Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki	–	–	266.776.200	4,40%
HF Eimskipafélag Íslands	208.923.000	3,22%	215.827.800	3,56%
Marel	–	–	215.245.600	3,55%
Milestone	178.544.200	2,75%	197.894.000	3,26%
Samson eignarhaldsfélag ehf.	381.780.911	5,88%	151.294.150	2,49%
Straumborg hf.	134.882.850	2,08%	148.865.400	2,45%
Sparisjóðabanki Íslands hf.	144.597.460	2,23%	143.065.020	2,36%
Handbært fé	3.807.625	0,06%	593.488	0,01%
Nýsir hf.	638.386.990	9,83%	–	–
FL Group hf.	449.973.969	6,93%	–	–
SPRON	255.876.500	3,94%	–	–
CCP hf.	186.007.200	2,86%	–	–
Avant hf.	138.847.800	2,14%	–	–
Dagsbrún hf.	108.160.000	1,67%	–	–
<b>Samtals</b>	<b>6.493.768.460</b>	<b>100,0%</b>	<b>6.069.324.889</b>	<b>100,0%</b>

Peningamarkaðssjóður Rekstrarfélags Byrs hf. jók fjárfestingar í innlánum mikið frá 31. janúar 2008 til 30. september 2008, eða úr 591 milljón króna í rúma 2,4 milljarða króna. Í lok janúar 2008 var stærstur hluti innlana sjóðsins hjá Sparisjóði Mýrasýslu en höfðu dreifst á fleiri fjármálastofnanir í lok september 2008.

Tafla 41. Innlán peningamarkaðssjóðs Rekstrarfélags Byrs hf. 30. september 2008.<sup>391</sup>

Krónur	Fjárhæð
BYR sparisjóður	1.072.818.444
Sparisjóður Mýrasýslu	300.000.000
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	300.000.000
Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki	300.000.000
Sparisjóðurinn í Keflavík	260.000.000
Sparisjóður Skagafjarðar (AFL)	191.210.787
VSP – mismunur	25.410.113
<b>Samtals</b>	<b>2.449.439.344</b>

Í maí 2008 keypti Byr sparisjóður skuldabréf Nýsis hf. út úr peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Byrs hf.<sup>392</sup> Eign peningamarkaðssjóðsins í skuldabréfum Nýsis hf. á þessum tíma var um 685 milljónir króna.<sup>393</sup>

Hinn 30. september 2008 höfðu skuldabréf Baugs Group hf. í peningamarkaðssjóðnum verið niðurfærð um 356 milljónir króna, eða rúm 44%, og skuldabréf Landic Property hf. um 224 milljónir króna, eða 41%. Leiddi þetta til þess að gengi sjóðsins lækkaði úr 14.881,22 í 13.778,71, eða um 7,4%. Aðrar eignir sjóðsins höfðu ekki verið niðurfærðar á þessum tíma.<sup>394</sup>

390. Byggt á upplýsingum frá Arion verðbréfavörslu hf. (Verdis hf.).

391. Byggt á upplýsingum frá Arion verðbréfavörslu hf. (Verdis hf.) til rannsóknarnefndarinnar.

392. Tölvuskeyti Ingólfs V. Guðmundssonar til Kristínar Söbech 30. maí 2008.

393. Tölvuskeyti Elmars Hallgrímssonar til Magnúsar Ægis Magnússonar, Ingólfs V. Guðmundssonar og Ragnars Z. Guðjónssonar 30. apríl 2008.

394. Byggt á upplýsingum frá Arion verðbréfavörslu hf. (Verdis hf.) til rannsóknarnefndarinnar.

Slit á peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Byrs hf.

Í kjölfar setningar laga nr. 125/2008 6. október 2008 var lokað fyrir viðskipti með peningamarkaðssjóð Rekstrarfélags Byrs hf. Á sama tíma var lokað fyrir viðskipti með fyrirtækjasjóð félagsins en sjóðurinn fór þá í slitameðferð sem stóð enn yfir þegar tilkynnt var um yfirtöku Íslandssjóða hf. á rekstri sjóða Rekstrarfélags Byrs hf. í maí 2012.<sup>395</sup>

Hinn 17. október 2008 gaf Fjármálaeftirlitið út tilmæli til rekstrarfélaga verðbréfasjóða um slit á peningamarkaðssjóðum félaganna. Þau skyldu ekki opna fyrir innlausnir hlutdeildarskírteina í sjóðunum, heldur greiða sjóðsfélögum úr þeim þannig að allt laust fé hvers peningamarkaðssjóðs greiddist inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga í hlutfalli við eign þeirra. Var sérstaklega tekið fram í tilmælunum að hafa ætti jafnræði sjóðsfélaga að leiðarljósi.<sup>396</sup>

Í minnisblaði Byrs sparisjóðs frá 31. október 2008 kom fram að Rekstrarfélag Byrs hf. ætlaði að stofna fagfjárfestastjóð sem myndi kaupa allar eignir peningamarkaðssjóðsins á verði sem tæki mið af verðmati PricewaterhouseCoopers frá 28. október 2008 á eignum sjóðsins. Byr sparisjóður myndi veita fagfjárfestastjóðnum lán til að kaupa eignir peningamarkaðssjóðsins og í kjölfarið yrði gert upp við alla hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins sem yrði svo slitið í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Byr sparisjóður yrði eini kröfuhafi fagfjárfestastjóðsins og allt það sem kynni að innheimtast færi í að greiða upp lánið við sparisjóðinn. Stærð peningamarkaðssjóðsins á þessum tíma var 5.236 milljónir króna, þar af var laust fé í sjóðnum 817 milljónir króna.<sup>397</sup> Þá átti Byr sparisjóður hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóðnum fyrir um 1 milljarð króna.<sup>398</sup> Samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers var áætluð niðurfærsluþörf sjóðsins á bilinu 855 til 1.337 milljónir króna, eftir því hvaða forsendur væru gefnar en þær voru nýttar til að meta neðra bil niðurfærslu, nokkurs konar bestu mögulegu útkomu, og efra bil niðurfærslu, sem var öllu svartýnna.<sup>399</sup>

Tafla 42. Mat PricewaterhouseCoopers á eignum peningamarkaðssjóðs Rekstrarfélags Byrs hf. frá 28. október 2008.<sup>400</sup>

Fjárfesting	Auðkenni	Niðurfærsla neðra bil	Niðurfærsla efra bil	Stærð sjóðs eftir niðurfærslu neðra bil	Stærð sjóðs eftir niðurfærslu efra bil
Byr sparisjóður – laust fé	ISK reikningur	–	–	817.234.369	817.234.369
Landic Property hf.	STOD 09 0306	–	55.244.610	552.446.100	497.201.490
Atorka Group hf.	ATOR 07 8	–	–	486.519.588	486.519.588
Baugur Group	BAUG 09 0714	–	40.666.665	406.666.645	365.999.981
Sparisjóður Mýrasýslu – innlán	Innlán	–	–	331.129.167	331.129.167
Straumur-Burðarás Fjárfestb.	STRB 09 0601	–	–	269.354.100	269.354.100
Baugur Group	BAUG 07 3	81.752.230	163.504.460	327.008.920	245.256.690
Marel	MARL 08 1	–	–	217.525.200	217.525.200
Straumborg hf.	STBO 08 1019	–	–	150.000.000	150.000.000
Milestone	MILE 08 1026	45.922.168	85.854.488	153.739.432	113.807.112
Exista hf.	EXISTA 07 2	101.727.600	152.591.400	152.591.400	101.727.600
Exista hf.	EXIS 09 0317	91.692.438	137.538.657	137.538.657	91.692.438
HF Eimskipafélag Íslands	HFEIM 07 2	87.337.760	131.006.640	131.006.640	87.337.760
VBS Fjárfestingarbanki hf.	VBS 09 0205	160.371.120	217.646.520	126.005.880	68.730.480
Sparisjóðabanki Íslands hf.	SPB 06 1	86.705.556	115.607.408	57.803.704	28.901.852
VBS Fjárfestingarbanki hf.	VBS 09 0416	62.014.646	84.162.734	48.725.794	26.577.706
Samson eignarhaldsfélag ehf.	SAMS 07 5	137.568.870	152.854.300	15.285.430	–
<b>Samtals</b>		<b>855.092.388</b>	<b>1.336.677.882</b>	<b>4.380.581.026</b>	<b>3.898.995.532</b>

395. „Íslandssjóðir yfirtaka rekstur sjóða Rekstrarfélaga Byrs“, vefsíða Íslandsbanka 29. maí 2012, <http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/frettir/frett/?NewsID=65d52514-1a7b-4021-bb6c-43e1a9d475f9>.

396. „Peningamarkaðssjóðir rekstrarfélaga verðbréfasjóða“, vefsíða Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/447>.

397. Minnisblað stjórnarformanns Byrs um yfirlýsingu stjórnar í tengslum við mögulega aðkomu Byrs sparisjóðs að peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Byrs, 31. október 2008.

398. Tölvuskeyti Ingólfs V. Guðmundssonar til Ragnars Z. Guðjónssonar og Magnúsar Ægis Magnússonar 29. október 2008.

399. Minnisblað stjórnarformanns Byrs um yfirlýsingu stjórnar í tengslum við mögulega aðkomu Byrs sparisjóðs að peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Byrs, 31. október 2008.

400. Tölvuskeyti Elmars Hallgrímssonar til Ingólfs V. Guðmundssonar, Vilhjálms G. Pálssonar, Bjarna Þ. Þórolfssonar, Ólafs Elíssonar, Carls H. Erlingssonar og Ásgeirs Sólbergssonar 30. október 2008.

Tillaga um slit á peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Byrs hf. samkvæmt þeirri framkvæmd sem áður var lýst var samþykkt á stjórnarfundum Byrs sparisjóðs 4. nóvember 2008. Ákveðið var að notast við lægra matið á niðurfærslu, eða neðra bilið, og 5. nóvember 2008 veitti Byr sparisjóður fagfjárfestasjóðnum FRBYR-1 lán að fjárhæð 3.564 milljónir króna.<sup>401</sup> Lánið var án trygginga og skyldi endurgreiða með einum gjalddaga 10. nóvember 2010. Vextir lánsins voru eins mánaðar REIBOR-vextir án álags. Tveimur dögum síðar sendi Byr sparisjóður frá sér fréttatilkynningu um útgreiðslu úr peningamarkaðssjóðnum en þar kom fram að útgreiðsluhlutfall til sjóðsfélaga (hlutdeildarskírteinishafa) næmi 94,9% miðað við síðasta skráða viðskiptagengi sjóðsins 6. október 2008.<sup>402</sup>

Í lok árs 2008 voru eignir FRBYR-1 bornar saman við stöðu lánsins sem Byr sparisjóður hafði veitt sjóðnum og í kjölfarið var gerð 938 milljóna króna niðurfærsla vegna lánveitingarinnar.<sup>403</sup>

### Skattaleg meðferð hagnaðar af sölu hlutabréfa

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, telst hagnaður af sölu hlutabréfa að fullu til skattskyldra tekna á söluári, óháð því hvenær bréfin voru keypt. Fram á mitt ár 2008 var í 5. mgr. 18. gr. laganna kveðið á um að lögaðilum, sbr. 1. mgr. 2. gr., væri heimilt að fresta skattlagningu söluhagnaðarins með því að fjárfesta aftur í hlutabréfum og lækka stofnverð þeirra um fjárhæð sem næmi skattskyldum söluhagnaði. Ef ekki var fjárfest í hlutabréfum á söluári var heimilt að fresta skattlagningu um tvenn áramót og færa söluhagnaðinn til lækkunar á kaupverði hlutabréfa sem keypt væru innan þeirra tímamarka. Væri kaupverð nýju bréfanna lægra en söluhagnaðurinn bar félaginu að telja mismuninn til tekjuskattskyldra tekna. Þetta ákvæði fól í sér hvata til þess að félög frestuðu greiðslu á tekjuskatti af söluhagnaði hlutabréfa og endurfjárfestu.

Samkvæmt ársreikningi Byrs sparisjóðs fyrir árið 2008 var tekjuskattseign vegna eignarhluta í félögum 3,3 milljarðar króna árið 2007.\* Það voru á þeim tíma um 73% af fjáreignum sparisjóðsins. Gengishækkun eigna undangengin ár hafði verið mikil, en skattalegt hagræði var að því að fjárfesta á ný fyrir innleystan söluhagnað, en áhættan var engu að síður enn til staðar.

\* Í ársreikningi 2007 var ekki að finna skýringu á þessu efni og því stuðst við ársreikning 2008.

Á fundi stjórnar Byrs 18. nóvember 2009 var samþykkt tillaga um að sparisjóðurinn leysti eignir FRBYR-1 til sín með samkomulagi við Rekstrarfélag Byrs hf. Eignirnar teldust sem fullnaðargreiðsla á láni Byrs til fagfjárfestasjóðsins auk endurgjalds fyrir hlutdeildarskírteini sparisjóðsins í fagfjárfestasjóðnum en Byr var eini hlutdeildarskírteinishafi sjóðsins.<sup>404</sup> FRBYR-1 var slitið í kjölfar samkomulagsins.<sup>405</sup> Hinn 19. nóvember 2009 stóð lánið í 3.370 milljónum króna án tillits til niðurfærslna. Um mitt ár 2009 höfðu 2.217 milljónir króna verið færðar á afskriftareikning vegna lánsins og við uppgjör á því í nóvember 2009 voru tæplega 155 milljónir króna til viðbótar færðar á afskriftareikning og heildarniðurfærsla á láninu til FRBYR-1 nam því 2.371 milljón króna, eða um 70% af láninu í lok árs 2009.<sup>406</sup>

## 18.4 Fjármögnun

Efnahagur Byrs sparisjóðs ríflaga tvöfaldaðist frá 2006 til 2008. Á þessum tíma sam- einuðust Sparisjóður Kópavogs og Sparisjóður Norðlendinga Byr sparisjóði sem átti sinn þátt í vextinum en einnig kom til vöxtur á útlánnum og fjárfestingum svo sem þegar hefur verið greint frá. Innlán voru stór hluti fjármögnunarinnar sem stóð að baki þessum vexti en lántaka lék einnig stóran þátt. Skuldir sparisjóðsins við lánastofnanir drógust saman

401. Stærð sjóðsins miðað við niðurfærslu á neðra bili var 4.380 milljónir króna. Þar af var laust fé 817 milljónir króna sem hægt var að greiða beint út og Byr sparisjóður þurfti því ekki að veita lán fyrir því. Lán Byrs sparisjóðs var því upp á 3.564 milljónir króna.

402. Viðskiptagengi peningamarkaðssjóðsins hafði hinn 6. október verið 13.820,07 en við slit sjóðsins var það 13.114,56.

403. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun ársreiknings Byr sparisjóðs 2008, 30. apríl 2009.

404. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 18. nóvember 2009.

405. Ársreikningur Rekstrarfélags Byrs hf. 2009.

406. Tölvuskeyti Jóns Finnbogasonar til Regínu F. Guðmundsdóttur 29. nóvember 2009.

milli árunna 2007 og 2008, sem er óvenjulegt í samanburði við aðra stærri sparísjóði þar sem skuldir við lánastofnanir léku gjarnan stórt hlutverk vegna dag- og veðlána hjá Seðlabanka Íslands.


Tafla 43. Skuldir Byrs sparísjóðs í árslok 2006 til 2009.<sup>407</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Skuldir við lánastofnanir samtals	8.335.901	10.827.527	6.622.263	4.981.614
Innlán samtals	46.837.836	70.102.064	144.600.042	138.006.125
Lántaka samtals	30.020.742	41.540.666	78.169.095	76.563.796
Aðrar skuldir	945.462	2.281.341	2.965.929	1.429.989
Reiknaðar skuldbindingar samtals	2.532.774	4.647.497	1.366.498	1.357.767
Vikjandi skuldir	1.567.916	2.256.441	3.271.949	3.506.877
<b>Samtals</b>	<b>90.240.631</b>	<b>131.655.536</b>	<b>236.995.776</b>	<b>225.846.168</b>

### 18.4.1 Innlán

Eins og getur að líta í töflu 43 var voru innlán meginþáttur fjármögnunar Byrs frá 2006 til 2009 en á tímabilinu voru þau ávallt meira en 50% af skuldum sparísjóðsins að undanskildu eigin fé.<sup>408</sup> Sama hlutfall annarra sparísjóða var 42–65% á þessu tímabili. Sérstaka athygli vekur mikill vöxtur innlána í Byr sparísjóði á síðari hluta ársins 2008. Í desemberlok 2007 námu innlán í Byr sparísjóði tæpum 72 milljörðum króna en ári síðar rúnum 144 milljörðum króna. Innlánaaukning á þessu tímabili nam því tæpum 73 milljörðum króna, þar af jukust innlend veltiinnlán um rúman 21 milljarð króna, peningamarkaðsreikningar um rúma 11 milljarða króna og verðtryggð innlán um rúma 29 milljarða króna. Aukning innlána við samrunann við Sparísjóð Norðlendinga á árinu 2008 nam um 10 milljörðum króna.<sup>409</sup> Fyrirverandi forstöðumaður fjárstýringar Byrs sparísjóðs sagði ekki hafa verið ráðist í sérstakar aðgerðir til þess að auka innlán. Búndin innlán Byrs voru lægst 19% af innlánnum sparísjóðsins í mars 2008. Hlutfall búndinna innlána jókst jafnt og þétt frá þeim tíma og komst hæst í 35% í nóvember 2008.

Mynd 22. Búndin og óbúndin innlán í Byr sparísjóði frá janúar 2005 til apríl 2010.<sup>410</sup>



Fyrirverandi forstöðumaður fjárstýringar bankans sagði að á árinu 2008 hefði verið mikill þrýstingur á að viðhalda góðri lausafjárstöðu og laða að nýja viðskiptavini. Sparísjóðurinn hefði boðið upp á góða netreikninga sem voru mjög samkeppnishæfir og boðið hefði verið í innlán til að laða að nýja viðskiptavini, einkum fagfjárfesta. Slík kjör hefðu verið í boði gegn því að fjármunir lægju óhreyfðir í ákveðinn binditíma. Forstöðumaðurinn sagðist

407. Ársreikningar Byrs sparísjóðs 2006–2009.

408. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparísjóðanna.

409. Úr atvinnugreinaflokkun innlána sem skilað er til Seðlabanka Íslands mánaðarlega.

410. Lausafjaryfirlit Byrs sparísjóðs, skýrslur unnar af sparísjóðnum og skilað til Seðlabanka Íslands mánaðarlega.

ekki muna eftir því að Byr sparisjóður hefði markvisst eða með auglýsingum boðið betri vaxtakjör en aðrar fjármálastofnanir en samkeppni um innlán hefði verið hörð, sérstaklega frá og með sumrinu 2008. Í kjölfar falls bankanna hefði ásókn í innlán hjá sparisjóðnum aukist og dreifing þeirra verið ágæt því margir einstaklingar og fagfjárfestar hefðu flutt þangað innlán sín. Íslensk verðbréf hf. hefðu til dæmis komið sér út úr sjóðum af ólíkum toga og sett í innlán við hrundið.<sup>411</sup>

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008 um að allar innistæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum yrðu tryggðar að fullu gæti hafa haft áhrif á eftirspurn eftir innlánnum og léku lífeyrissjóðir og sveitarfélög stór hlutverk í innlánaaukningu Byrs sparisjóðs á árinu 2008. Uppkaup sjóðsins á eigin skuldabréfum af lífeyrissjóðum, Íbúðalánasjóði og öðrum fjármálafyrirtækjum á skuldabréfum og umbreyting þeirra í innlán, skýra þó ekki nema lítinn hluta af innlánaaukningu þessara fyrirtækja.

Hinn 30. júní 2009 fjallaði stjórn Byrs um áhlaup innistæðueigenda en fjórum dögum áður höfðu innistæður fyrir 600 milljónir króna verið teknar úr sparisjóðnum á einum degi. Helmingur þeirra innistæðna var frá öðrum sparisjóðum. Fram kom á fundinum að starfsmenn sparisjóðsins hefðu getað sannfært einn lífeyrissjóð um að taka ekki út 2 milljarða króna þá um daginn. Var áhlaupið rakið til neikvæðrar umfjöllunar um sparissjóðinn í fjölmiðlum. Síðar sama ár, eða í lok nóvember 2009, gerði sérstakur saksóknari húsleit í höfuðstöðvum sparissjóðsins sem dró einnig úr tiltrú manna á sparissjóðinn. Innlán í sparissjóðnum drógust saman um 17 milljarða króna frá 30. október 2009, þegar þau námu rúmum 163 milljörðum króna, til 23. desember sama ár.<sup>412</sup>

Á fundi með Seðlabankanum 6. janúar 2010 gerðu sparissjóðsstjóri og forstöðumaður fjárstýringar sparissjóðsins grein fyrir lausafjárstöðu og viðbúnaðaráætlun sparissjóðsins. Á fundinum kom fram að áhætta sjóðsins tengdist sífellt meira samfélaginu og einstökum viðskiptavinum. Öll neikvæð umfjöllun og sögusagnir hefðu áhrif á starfsemi sjóðsins. Í apríl 2009 hefði sparissjóðurinn leitað til nokkurra lífeyrissjóða til að kanna möguleika á skammtímafjármögnun en lífeyrissjóðirnir hefðu sagst eiga fullt í fangi með að bjarga verðmætum eftir fall bankanna og því nær eingöngu fjárfest í innlánnum og skuldabréfum með ábyrgð ríkisins. Í lok mars 2010, stuttu áður en Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjáreigendafundar Byrs sparissjóðs, námu innlán í honum tæpum 149 milljörðum króna.

#### 18.4.1.1 Skuldabréfum breytt í innlán

Samkvæmt upplýsingum frá slitastjórn Byrs sparissjóðs komu fram átta tilvik við skoðun sem framkvæmd var þar sem sparissjóðurinn keypti eigin skuldabréf og seljandi lagði upphæðina sem innlán í sjóðinn. Með setningu laga nr. 125/2008 6. október 2008 voru innistæður gerðar að forgangskröfum í þrotabú fjármálafyrirtækja. Sama dag gaf ríkissjóður Íslands út yfirlýsingu um að innistæður í innlendum viðskiptabönkum og sparissjóðum og útibúum þeirra hér á landi væru að fullu tryggðar.<sup>413</sup> Með því að selja skuldabréf útgefin af Byr sparissjóði og fá í staðinn innlán hjá sjóðnum áttu viðskiptavinirnir því forgangskröfu í þrotabú sparissjóðsins, kæmi til þess að sjóðurinn færi í þrot, í stað almennrar kröfu hefðu þeir átt skuldabréf í honum.

Um var að ræða viðskipti við sex aðila fyrir samtals 780 milljónir króna á tímabilinu frá því í lok október 2008 til loka júní 2009. Hæstu viðskiptin voru upp á 300 milljónir króna hjá Íbúðalánasjóði, en aðallega var um að ræða sjóði í eigu verðbréfafyrirtækja, auk lífeyrissjóðs.<sup>414</sup> Aðspurð um þessi viðskipti sagði fyrrverandi forstöðumaður fjárstýringar:

Við vorum með kaup og sölu á þinginu á okkar bréfum alveg þar til að við förum í fjárhagslega endurskipulagningu. Við settum inn kaup- og sölutilboð daglega samkvæmt skuldabréfaflokkunum. Þau voru keypt þarna og okkur ber einfaldlega að setja inn kauputilboð og sölutilboð samkvæmt útgáfulýsingu. Við keyrðum kröfuna upp eins og við máttum, en

411. Skýrsla Ástu Friðriksdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparissjóðina 22. maí 2013.

412. Minnisblað forstöðumanns fjárstýringar fyrir stjórn sparissjóðsins um viðskipti með veðskuldabréfasafn, 29. desember 2009.

413. „Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar“, vefsíða forsætisráðuneytisins 6. október 2008, <http://www.forsætisraduneyti.is/frettir/nr/3032>.

414. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparissjóðs, 10. desember 2010.



það var samt keypt. Það var ekki mikið. [...] Okkur bar skylda að taka tilboði á þinginu. [...] Þér nægir að setja inn tilboð fjórum sinnum á dag og að lágmarki í 5 milljón króna einingum. Það var aldrei sett inn hærra. Þú fannst alveg fyrir þessu. Það var mikið reynt og ég vissi af því að það kom tilboð frá hinum og þessum sem áttu 100 milljónir í einhverjum flokki sem vildu láta gera upp 2009 eða eitthvað álíka. Það var vel áður en Byr fer í fjárhagslega endurskipulagningu. Það var enginn áhugi fyrir því að gera upp [mikið] af skuldabréfum hjá okkur.<sup>415</sup>

Uppkaup eigin skuldabréfa hjá Byr sparisjóði voru ekki umfangsmikil í samanburði við efnahagsreikning sparisjóðsins. Eigendur skuldabréfa voru betur settir með innlán í sparisjóðnum en skuldabréf eftir að ríkissjóður ábyrgðist innlendar innistæður og þær voru færðar frammar í kröfuröð fallinna fjármálafyrirtækja. Þó virðist Byr sparisjóður ekki hafa aðstoðað viðskiptavinum sína við það að færa fjármuni úr skuldabréfum yfir í innlán heldur keypt skuldabréf sem honum bar að setja inn kaup- og sölutilboð vegna samkvæmt útbodslýsingum skuldabréfanna.

#### 18.4.2 Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir eru skammtímaskuldir við önnur fjármálafyrirtæki og lánastofnanir, svo sem dag- og veðlán hjá Seðlabanka Íslands, lán til styttri tíma frá Sparisjóðabanka Íslands, skammtímalán frá erlendum bönkum, afborganir lántöku sem koma á gjalddaga innan árs, óuppgerðar skuldir í jöfnunarkerfum og þess háttar. Skuldir til lengri tíma teljast til lántöku og er fjallað um þær hér aftar. Skuldir Byrs við lánastofnanir voru 2–9% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé á árunum 2006 til 2009 og var hlutfallið hæst árið 2009.

Tafla 44. Skuldir Byrs sparisjóðs við lánastofnanir í árslok 2006 til 2009.<sup>416</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Seðlabanki Íslands	–	–	–	1.608.970
Glitnir banki hf.	–	400.000	–	–
Kaupþing banki hf.	900.000	800.000	–	–
Landsbanki Íslands	3.000.000	1.700.000	1.749.254	–
Icebank hf.	1.947.966	3.934.506	3.348.662	3.265.083
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.	300.000	900.000	100.000	–
MP Fjárfestingarbanki hf.	1.000.000	1.163.129	1.163.129	–
Sambankalán með Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna Skeifuhúss RFÍ	9.648	–	–	–
Skammtímalán hjá erlendum bönkum	997.227	1.840.589	–	–
Áfallnir vextir og simgreiðslur	181.060	89.303	261.216	107.562
<b>Samtals</b>	<b>8.335.902</b>	<b>10.827.527</b>	<b>6.622.262</b>	<b>4.981.614</b>

Byr sparisjóður átti í töluverðum viðskiptum við innlendar lánastofnanir á millibankamarkaði, aðallega Sparisjóðabanka Íslands vegna ádráttarlínu í erlendum myntum en einnig Landsbanka Íslands, MP Fjárfestingarbanka og Kaupþing banka. Hluta fjármögnunar frá Landsbanka og alla fjármögnun frá MP Fjárfestingarbanka á árinu 2006 má rekja til 2,5 milljarða króna láns sparisjóðsins til Hansa ehf. frá 20. desember 2006.<sup>417</sup>

Byr sparisjóður nýtti möguleika til dag- og veðlánatöku hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. og Seðlabanka Íslands að litlu marki að undanskildu tímabilinu frá apríl til október 2008. Þá setti sparisjóðurinn skuldabréf, útgefin af Glitni banka og Landsbanka Íslands, að veði fyrir fyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum en nafnverð skuldabréfa hvors banka um sig var 5 milljarðar króna og var veðsetningarhlutfallið 98%.

Glitnir banki hf. lánaði stofnfjáreigendum til þess að taka þátt í stofnfjárukningu Byrs sparisjóðs í desember 2007 og áttu arðgreiðslur vegna ársins 2007 að greiða til baka hluta lánanna. Á sama tíma lagði Byr sparisjóður inn bundið innlán hjá Glitni banka í desember 2007 að fjárhæð 8,4 milljarðar króna til 13 mánaða. Innlánið var þó laust til útborgunar ef hún færi til greiðslu arðs til stofnfjáreigenda.<sup>418</sup> Eftir arðgreiðslu sparisjóðsins í apríl

415. Skýrsla Ástu Friðriksdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

416. Sundurliðun frá Íslandsbanka hf.


417. Þá hét sparisjóðurinn enn Sparisjóður vélstjóra. Um þessa lánveitingu er fjallað í kaflanum um útlán.

418. Öundirritaður samningur um bundið innlán milli Glitnis banka hf. og Byrs sparisjóðs, 20. desember 2007.

2008 gaf Glitnir banki út skuldabréf<sup>419</sup> til Byrs sem setti það að veði hjá Seðlabanka Íslands fyrir 4,9 milljarða króna veðláni. Síðasta lánveiting Seðlabankans gegn veði í bréfinu var 20. ágúst 2008.

Á stjórnarfundum 30. júní 2008 samþykkti stjórn sparisjóðsins heimild til handa sparisjóðsstjórum til að kaupa allt að 5 milljarða króna skuldabréf, útgefin af Landsbanka Íslands hf., til notkunar í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Í fundargerð kemur fram að viðskiptin hafi verið gerð í samvinnu við MP Fjárfestingarbanka hf. Þessi bréf voru nýtt sem trygging fyrir 4,9 milljarða króna fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við Byr sparisjóð frá lokum júní 2008 til byrjunar október 2008.

Mynd 23. Tryggingarandlag dag- og veðlána Byrs sparisjóðs hjá Seðlabanka Íslands frá mars 2008 til apríl 2010.<sup>420</sup>



### 18.4.3 Lántaka

Lántökur voru annar stærsti þáttur fjármögnunar sparisjóðsins á eftir innlánnum en undir lántökur í ársreikningi fellur fjármögnun til lengri tíma, svo sem verðbréfaútgáfa og lán frá íslenskum og erlendum fjármálastofnunum.

Tafla 45. Sundurliðun á lántöku Byrs sparisjóðs í árslok 2006–2009.<sup>421</sup>

Pús. kr.	2006	2007	2008	2009
Verðbréfaútgáfa	10.777.111	10.593.222	14.715.596	15.477.028
Lán frá fjármálafyrirtækjum	19.243.631	30.947.444	63.453.499	61.086.768
þar af erlend lán	8.211.060	16.692.808	41.746.689	41.650.766
<b>Samtals</b>	<b>30.020.742</b>	<b>41.540.666</b>	<b>78.169.095</b>	<b>76.563.796</b>

Lántaka sparisjóðsins var 32–34% af skuldum hans að eigin fé undanskildu frá 2006 til 2009. Hún rúmlega tvöfaldaðist á tímabilinu og má rekja þá aukningu einkum til erlendar lántöku sparisjóðsins. Verðbréfaútgáfa sparisjóðsins hélst nokkuð stöðug á sama tíma og náði hæst 15,5 milljörðum króna árið 2009.

Önnur fjármögnun sparisjóðsins en erlend lán og verðbréfaútgáfa var einkum frá Íbúðalánsjóði en sú fjármögnun nam 11 milljörðum króna í árslok 2006, 13,4 milljörðum króna ári síðar, 16,2 milljörðum króna í árslok 2008 og loks 16,7 milljörðum króna í árslok 2009. Þá keypti Íbúðalánsjóður lánasafn fyrir sem nam 2,7 milljörðum króna af Byr sparisjóði 11. júní 2009.<sup>422</sup>

419. GLBIRFLOAT 01/09, nafnverð 5 milljarðar króna.

420. Yfirlit dag- og veðlána frá Seðlabanka Íslands, 2005–2011.

421. Ársreikningar Byrs sparisjóðs 2006–2009. Auk þess er stuðst við sundurliðanir frá Íslandsbanka hf. og PricewaterhouseCoopers hf.

422. Frekar er fjallað um samninga sparisjóðanna við Íbúðalánsjóð í 9. kafla.

### 18.4.3.1 Verðbréfaútgáfa

Útistandandi verðbréfaútgáfa sparisjóðsins 2006–2009 var nær eingöngu í formi skuldabréfa, enda voru víxlar ekki stór þáttur í fjármögnun hans. Í lok árs 2009 voru yfir 20 skuldabréfaflokkar útistandandi hjá sparisjóðnum og gáfu forverar sparisjóðsins út stærstan hluta þeirra fyrir árið 2000. Sumar af eldri útgáfunum voru tví- eða þrískiptar og var hver hluti með mismunandi lokagjaldlega. Þótt flestir útistandandi skuldabréfaflokkar sparisjóðsins væru eldri námu þeir nýrri mun hærrí fjárhæðum en höfðu styttri líftíma. Eldri skuldabréf voru gjarnan til 15–25 ára en nýrri bréf til 5–10 ára.

Árið 2008 gaf Byr sparisjóður út tvo flokka skuldabréfa, fyrst BYR 08 1, í júlí að nafnverði 2,5 milljarðar króna og síðan, BYR 08 2, í desember að nafnverði 5 milljarðar króna. Fyrri flokkurinn seldist vel, meðal annars til lífeyrissjóða, en sparisjóðurinn sjálfur átti um 500 milljónir króna í þessum bréfum. Ekkert seldist af seinni útgáfunni.<sup>423</sup>

Fyrsta víxlaútgáfa Byrs sparisjóðs var 30. apríl 2007. Lítil hluti þessara víxla var keyptur en þó voru nokkrir lífeyrissjóðir sem fjárfestu í þeim og voru útistandandi víxlar í lok árs 2007 115 milljónir króna að nafnvirði. Mun meiri viðskipti voru með víxla sparisjóðsins sem gefnir voru út í apríl 2008, meðal annars keypti Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. víxla fyrir 1,8 milljarða króna í apríl 2008 og seldi svo í bótum síðar á árinu. Peningamarkaðssjóður Glitnis hf. keypti víxla Byrs sparisjóðs fyrir 700 milljónir króna í mars 2008 og seldi aftur rúmum mánuði síðar. Engir víxlar voru útistandandi í lok árs 2008 eða 2009.<sup>424</sup>

### 18.4.3.2 Erlend lán

Byr sparisjóður og forverar hans sóttu lánsfé erlendis til þess að fjármagna starfsemi sína. Frá fyrsta starfsári sparisjóðsins til loka ársins 2009 fimmfaldaðist erlend lántaka sparisjóðsins, bæði vegna nýrra lána og gengislækkunar krónunnar. Erlend lántaka Byrs fólst meðal annars í lánalínunum í erlendri mynt hjá Sparisjóðabankanum en einkum í sambankalánunum frá erlendum bönkum. Byr sparisjóður og forverar hans tóku fimm sambankalán frá árinu 2006, öll nema eitt til þriggja ára og var umsjónaraðili þeirra Bayerische Landesbank.

Tafla 46. Sambankalán Byrs sparisjóðs og forvera hans frá árinu 2006.<sup>425</sup>

Lántaki	Upphafsdagur	Lokadagur	Fjárhæð	Álag	Gjaldmiðill	Tímabil	Lágmarks eiginfjárlutfall
Sparisjóður vélstjóra	6.7.2006	6.7.2009	30.000.000	0,43%	EUR	3 ár	12,0%
Sparisjóður Hafnarfjarðar	6.7.2006	6.7.2009	32.000.000	0,45%	USD	3 ár	10,5%
Sparisjóður Kópavogs	13.6.2007	13.6.2010	13.000.000	0,85%	EUR	3 ár	10,0%
Byr sparisjóður	27.7.2007	27.7.2010	110.000.000	0,49%	EUR	3 ár	10,0%
Byr sparisjóður	14.7.2008	14.7.2009	50.000.000	1,10%	EUR	1 ár	10,0%

Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar tóku báðir erlend lán stuttu fyrir sameiningu sparisjóðanna í Byr sparisjóð, eða í júlí 2009. Lánin voru veitt fyrir tilstilli Bayerische Landesbank og voru meðal annars tekin til þess að endurfjármagna eldri lán sem þá voru að koma á gjalddaga.<sup>426</sup>

Í stjórnarfundargerð Sparisjóðs vélstjóra frá 23. maí 2006 sagði:

Sparisjóðsstjóri sagði frá því að ákveðið hefði verið í samráði við Bayern LB [...] að fara út á evrópskan sambankalánamarkað á næstu vikum með 25 milljón evru lánsfjárfærðum. Sparisjóðsstjóri hafði áður kynnt stjórn sparisjóðsins áform þessu lík í lok janúar en í kjölfar skýrslna um bankakerfið á Íslandi og efnahagsástands sem komu fram um mánaðamótin febrúar/mars urðu þau áform að engu. Á næstu vikum mun koma í ljós hversu mikla fjárhæð næst [svo] að safna og á hvaða kjörum.

Á stjórnarfundum 30. júní 2006 veitti stjórnin heimild til þess að taka 30 milljóna evra sambankalán. Ekki er að sjá af fundargerðum stjórnar sparisjóðsins að umræða um lánið hafi verið bókuð í janúar 2006 eins og getið var um í tilvitnuninni hér að ofan.

423. Samkvæmt upplýsingum frá Verðbréfastofu Íslands.

424. Samkvæmt upplýsingum frá Verðbréfastofu Íslands.

425. Gögn sem Íslandsbanki hf. afhenti rannsóknarnefndinni.

426. Skýrsla Ástu Friðriksdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Hafnarfjarðar 3. apríl 2006 var fjallað um að sparisjóðurinn myndi leita eftir því við nokkra erlenda banka að setja saman sambankalán fyrir sig. Á fundi stjórnar 27. apríl 2006 var aftur rætt um sambankalánið og var stjórnin sammála um að þótt dýrara væri að taka lán þá en í „venjulegu árferði“ væri best að taka lánið strax. Ekki væri víst að ástandið á fjármagnsmarkaðnum myndi skána um haustið eða í byrjun vetrar. Bayerische Landesbank hafði gert tilboð um að leiða sambankalánið þegar kom að fundi stjórnar 12. maí 2006 en á fundi mánuði síðar ræddi stjórnin um að umfram-áskrift væri að sambankaláninu. Lagt hefði verið af stað með að ekki yrði safnað undir 25 milljónum dollara en stjórn gaf heimild fyrir að sambankalánið yrði allt að 40 milljónir dollara á fundi 13. júní 2006.

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Kópavogs 24. apríl 2007 var sparisjóðsstjóra veitt heimild til þess að undirrita sambankalán leitt af Bayerische Landesbank sem nam frá 10–25 milljónum evra.

Byr sparisjóður tók sambankalán í júlí 2007 sem nam 110 milljónum evra en það var stærsta lán sem sparisjóðurinn tók. Á stjórnarfundum 20. júní 2007 var sparisjóðsstjórum, ásamt framkvæmdastjóra fjármálasviðs og forstöðumanni fjárstýringar, veitt heimild til að undirrita lánasamninginn. Engin ástæða var tiltekin fyrir lántökunni í stjórnarfundargerðum en í tölvupósti forstöðumanns fjárstýringar Byrs sparisjóðs frá 21. mars 2007 sagði: „Hvað varðar þá aðila sem taka [íbúðalán] í erlendri mynt þá fjármögnum við okkur á móti í erlendum lánalínum og sambankalánum. Í dag er verið að vinna að erlendri fjármögnun fyrir BYR því við erum nú þegar búin að nýta allt okkar erlenda lánsfjármagn sem var aflað í fyrra.“<sup>427</sup> Um þetta lán sagði fyrrverandi forstöðumaður fjárstýringar fyrir rannsóknarnefndinni: „Við Sighvatur [Sigfússon, framkvæmdastjóri fjármálasviðs] vörðum við að fara í svona hátt lán af því að 100 milljónir evra er alveg töluvert stórt fyrir sparisjóð. Það voru skýr skilaboð frá stjórnendum, sparisjóðsstjórum og stjórum að það átti að poppa upp lánabókina.“<sup>428</sup>

Á fundi 30. júní 2008 heimilaði stjórnin sparisjóðsstjórum og forstöðumanni fjárstýringar að undirrita lánaskjöl vegna væntanlegrar erlendar lántöku Byrs sparisjóðs en ekki var meira fjallað um lánið. Í tölvupóstum milli starfsmanna sparisjóðsins fyrr um vorið sagði annar sparisjóðsstjóra um þessa fjármögnun: „Best er auðvitað að fá eins mikið og hægt er, en ég held að það sé ekki undir okkur komið. Við þurfum einnig að taka tillit til hvernig við ætlum að greiða lánin til baka. Ég er sammála því að við verðum ekki í vandræðum með að koma peningunum í vinnu.“<sup>429</sup> Sparisjóðurinn fékk 50 milljóna evra lán til eins árs í júlí 2008.

Í skilmálum lánanna var ávallt gerð krafa um ákveðið lágmarks eiginfjárlutfall. Ströngustu kröfurnar voru gerðar í skilmálum láns sem veitt var Sparisjóði vélstjóra í júlí 2006 þar sem eiginfjárlutfall sjóðsins skyldi vera að lágmarki 12%. Byr sparisjóður uppfyllti ekki þessi skilyrði árin 2008 og 2009.<sup>430</sup> Í byrjun mars 2009 varð ljóst að Byr sparisjóður myndi ekki uppfylla skilmála vegna eiginfjárlutfalls<sup>431</sup> í sambankalánunum sínum og fékk sjóðurinn því undanþágu 9. apríl 2009 vegna lágmarks eiginfjárlutfalls sem skilgreint var í útistandandi sambankalánunum sparisjóðsins.<sup>432</sup>

Þrjú sambankalán, samtals um 105 milljónir evra, voru á gjalddaga í júlí 2009. Hinn 15. þess mánaðar höfðu allir lánveitendur sjóðsins að sambankalánunum í erlendum myntum og stærstu eigendur skuldabréfaútgáfa sparisjóðsins samþykkt viljayfirlýsingu um að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins. Ekki náðist samkomulag um hana og tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar Byrs sparisjóðs 22. apríl 2010.

427. Tölvuskeyti forstöðumanns fjárstýringar Byrs sparisjóðs til tveggja starfsmanna sparisjóðsins 21. mars 2007.

428. Skýrsla Ástu Friðriksdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. maí 2013.

429. Tölvuskeyti Ragnars Z. Guðjónssonar til Magnúsar Ægis Magnússonar, Sighvats Sigfússonar og Ástu Friðriksdóttur 25. mars 2008.

430. Eiginfjárlutfall Byrs sparisjóðs var 8,3% í árslok 2008 og -18,5% í árslok 2009.

431. Drög að upplýsingaskjali um Byr sparisjóð fyrir kröfuhafa, 24. júlí 2009.

432. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um ákveðna þætti innra eftirlits Byrs sparisjóðs, 10. desember 2010.

#### 18.4.4 Víkjandi lán

Víkjandi lán voru ekki fyrirferðarmikill þáttur í fjármögnun Byrs sparísjóðs en þau námu á bilinu 1,6–3,5 milljörðum króna frá árslokum 2006 til ársloka 2009, sem var á þeim tíma um 1,5% af skuldum sparísjóðsins að undanskildu eigin fé.

Sparísjóður vélstjóra hafði verið fjármagnaður að takmörkuðu leyti með víkjandi lánum og því voru þau lán í lok árs 2006 að mestu vegna sameiningar við Sparísjóð Hafnarfjarðar. Árið 2005 voru víkjandi lán Sparísjóðs vélstjóra 137 milljónir króna en víkjandi lán Sparísjóðs Hafnarfjarðar 992 milljónir króna. Í árslok 2006 voru víkjandi lán í sameinuðum sparísjóði tæpir 1,6 milljarðar króna. Byr sparísjóður gaf ekki út víkjandi lán og má rekja aukningu í þeim fram til ársins 2009 til sameiningar við aðra sparísjóði og hækkunar höfuðstóls vegna verðtryggingar. Í árslok 2006 námu víkjandi skuldir Sparísjóðs Kópavogs 703 milljónum króna en hann sameinaðist Byr í október 2007. Í árslok 2007 námu víkjandi lán Sparísjóðs Norðlendinga 502 milljónum króna en hann sameinaðist Byr sparísjóði snemma árs 2008. Sá sparísjóður hafði fengið 250 milljóna króna víkjandi lán frá Byggðastofnun í febrúar 2007 til fjármögnunar á eldri lánnum og styrkingar á eiginfjárgrunni.

Hinn 19. desember 2008 veitti stjórn Byrs sparísjóðs sparísjóðsstjóra og fjárstýringu heimild til að selja víkjandi skuldabréf fyrir allt að 5 milljarða króna. Í ársreikningi Byrs 2008 og 2009 eru ekki talin fram skuldabréf gefin út á árinu 2008. Samkvæmt sundurliðun víkjandi lána sparísjóðsins, sem rannsóknarnefndin fékk frá Íslandsbanka hf., voru engin víkjandi lán gefin út eftir 2008.

### 18.5 Eignarhald og stofnfé

Sparísjóður vélstjóra og Sparísjóður Hafnarfjarðar voru gamalgrónir sparísjóðir þar sem stofnfjárbréfin voru í eigu einstaklinga og framsöl og eigendaskipti voru fátíð. Í apríl 2005 var haldinn sögulegur aðalfundur í Sparísjóði Hafnarfjarðar, þegar sitjandi stjórn var felld við stjórnarkjörið. Í kjölfar þessa var framsali stofnfjárbréfa gefinn lausari taumur og leiddi það til mikilla viðskipta með stofnfjárbréf sparísjóðsins. Háar fjárhæðir voru boðnar fyrir bréfin og samþjöppun varð í stofnfjáreigendahópi. Samþjöppun í stofnfjáreigendahópi Sparísjóðs vélstjóra hófst undir lok sama árs þar sem lögaðilar keyptu mikinn fjölda stofnfjárbréfa. Í lok febrúar 2006 voru sjö lögaðilar í hópi tíu stærstu stofnfjáreigenda og höfðu flestir keypt meiri hluta bréfa sinna á undanförunum þremur mánuðum. Hugmynd um að sameina þessa tvo sparísjóði var viðruð innan þeirra beggja í ársbyrjun 2006 og 1. desember sama ár var hún samþykkt af stofnfjáreigendum. Hinn sameinaði sparísjóður fékk nafnið Byr sparísjóður og var það bundið í samþykktir 13. mars 2007. Á árinu 2007 var stofnfé Byrs sparísjóðs aukið úr rúmri 231 milljón króna í rúma 27 milljarða króna. Einnig samþykktu stofnfjáreigendur að sameina sparísjóðinn Sparísjóði Kópavogs og Sparísjóði Norðlendinga, en síðarnefndi samruninn gekk í gegn á árinu 2008. Á aðalfundi sparísjóðsins 2008 var samþykkt að greiða stofnfjárhöfum arð upp á 12,2 milljarða króna en það voru tæp 154% af hagnaði sjóðsins. Á fundi stofnfjáreigenda í ágúst 2008 var samþykkt að breyta sparísjóðnum í hlutafélag. Ekkert varð þó úr þeim áformum. Byr sparísjóður sótti um 20% eiginfjárframlag frá ríkinu í mars 2009. Hófst þá ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar sem endaði með yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á valdi stofnfjáreigendafundar sjóðsins 22. apríl 2010.

#### 18.5.1 Stofnfé og stofnfjáreigendur Sparísjóður vélstjóra

Í lok árs 2004 var stofnfé í Sparísjóði vélstjóra 120,7 milljónir króna og hafði það þá verið aukið um 74,3 milljónir á árinu.<sup>433</sup> Stofnfjáreigendur í sjóðnum gátu verið allt að 700 og voru það aðallega einstaklingar þótt nokkrir lögaðilar væru í hópnum.<sup>434</sup> Árið 2004 var ár mikilla breytinga í sparísjóðnum. Þá hófst stefnumótunarvinna sem var unnin langleiðina út næsta ár. Skipt var um sparísjóðsstjóra og stjórnarformann á árinu og sparísjóðurinn átti í sameiningarviðræðum við Sparísjóð Reykjavíkur og nágrennis. Þær voru langt komnar

433. Ársreikningur Sparísjóðs vélstjóra 2004.

434. Samþykktir Sparísjóðs vélstjóra, 12. mars 2004.

Þegar þeim var slitið í nóvember 2004. Á fyrsta stjórnarfundum ársins 2005 var rætt um áherslur og stefnu sparisjóðsins á árinu og að móta þyrfti stefnu hans, til dæmis var rætt hvort stefna bæri að stækkun með því að stofna fleiri útibú eða kaupa annan sparisjóð. Á fundinum var einnig rætt um hugsanlegar breytingar á samþykktum sparisjóðsins sem lagðar skyldu fyrir aðalfund 1. apríl, t.d. að heimila stofnun tilboðsmarkaðar fyrir stofnfé.<sup>435</sup>

Fleiri hugmyndir um breytingar á samþykktum komu fram á næstu stjórnarfundum. Á fundi stjórnar 11. mars 2005 var lagður fram listi með tillögum að breytingum á samþykktum. Meðal þeirra var að breyta 1. mgr. 5. gr. samþykktanna á þann veg að í stað þess að „sparisjóðsaðili“ mætti aldrei ráða meira en sex atkvæðum yrði einstökum „stofnfjáreigendum“ aldrei heimilt, fyrir sjálfs síns hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Einnig var lagt til að breyta 2. mgr. 4. gr. samþykktanna á þann veg að ákvæði um fjölda stofnfjáreigenda yrði fellt út, og að breyta 2. mgr. 17. gr. þannig að umboðsmanni yrði óheimilt að fara með umboð fyrir fleiri en tvo stofnfjáreigendur í stað átján atkvæða. Í greinargerð sem fylgdi tillögunum sagði að í frumvarpi að lögum nr. 161/2002 hefði verið tekið fram að meginstoð sparisjóðakerfisins frá upphafi hefði verið dreifð eignaraðild að sparisjóðum landsins og að með lögunum hefði verið leitast við að tryggja hana enn betur. Þá stóð enn fremur í greinargerðinni:

Sparisjóður vélstjóra hefur í samþykktum sínum ákvæði sem tryggja enn frekar dreifða eignaraðild stofnfjár í sparisjóðnum en fram koma í lögum nr. 161/2002, þar sem fjöldi stofnfjáreigenda er fast bundinn í 2. mgr. 4. gr. samþykktanna. Þá er atkvæðisréttur stofnfjáreigenda fast bundinn við hámark sex stofnfjárhluti sbr. 5. gr. og réttur til að fara með umboð bundinn við hámark átján atkvæði sbr. 2. mgr. 17. gr.

Með breytingartillögum þeim sem stjórn sparisjóðsins hefur nú lagt fram er gert ráð fyrir að þessi sérákvæði samþykta sparisjóðsins verði felld úr samþykktum.<sup>436</sup>

Aðalfundur 1. apríl 2005 samþykkti ekki breytingu á 5. gr. og 17. gr. samþykktanna en samþykkti breytingu á 2. mgr. 4. gr. Á næsta stjórnarfundum, 27. apríl 2005, komu fram margar tillögur er vörðuðu framtíð sjóðsins, til dæmis um að opna útibú á Akranesi, kaupa Sparisjóð Kópavogs, kaupa Sparisjóðinn í Keflavík eða fara í sameiningar. Sparisjóðsstjóri taldi mestu möguleikana liggja hjá fyrirtækjasviði í því að efla þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki og veita sérfræðiaðstoð. Þeirri fyrirsögn hvort ekki þyrfti að huga að stofnfjárukningu svaraði stjórnarformaður á þann veg að fyrst þyrfti að huga að verkefnum til að nota féð í.<sup>437</sup>

Á næsta stjórnarfundum var greint frá því að vinnu við stefnumótandi greiningu á styrkleikum, veikleikum, tækifærum og ógnunum sparisjóðsins væri lokið ásamt stöðumati á umhverfi og starfsemi hans. Stefnunótun væri þar með lokið og innleiðing stefnunnar hafin. Ekki var tekið fram í fundargerðinni í hverju stefnan fælist.<sup>438</sup>

Á fundum stjórnar sjóðsins 27. júlí 2005 var rætt um málefni Sparisjóðs Hafnarfjarðar og bent á að „í kjölfar átaka í stofnfjáreigendahópi [Sparisjóðs Hafnarfjarðar hefðu] átt sér stað viðskipti með stofnbref“.<sup>439</sup> Hinn 2. september 2005 voru haldnir tveir stjórnarfundir og á þeim síðari var aðeins eitt mál á dagskrá: Kaup Sparisjóðs vélstjóra á stofnfé í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Samþykkt var að veita stjórnarformanni og sparisjóðsstjóra heimild til þess.<sup>440</sup> SPV fjárfesting hf. keypti síðan fimm stofnfjárhluti í Sparisjóði Hafnarfjarðar fyrir 225 milljónir króna.<sup>441</sup>

Í desember 2005 var mikið um framsöl stofnfjárbréfa í Sparisjóði vélstjóra, ekki síst til MP Fjárfestingarbanka hf. sem keypti þá samtals 277 stofnfjárbréf í sparisjóðnum. Heildarfjöldi bréfa í sjóðnum var þá 3205 þannig að um var að ræða 8,64% eignarhlut í sparisjóðnum. Fyrstu ellefu mánuði ársins hafði stjórnin samþykkt framsal alls 18 stofnfjárbréfa.<sup>442</sup> Í

435. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 12. janúar 2005.

436. Fylgiskjal með fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 11. mars 2005.

437. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 27. apríl 2005.

438. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 18. maí 2005.

439. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 27. júlí 2007.

440. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 2. september 2005.

441. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 26. október 2005.

442. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra 9. desember 2005, 16. desember 2005 og 22. desember 2005.

kjölfar þessara viðskipta sendi Fjármálaeftirlitið bréf til stjórnar Sparisjóðs vélstjóra þar sem það áréttaði þær lagaskyldur sem á stjórninni hvíldu í tengslum við samþykki á sölu eða framsali stofnfjárhluta. Í bréfinu sagði meðal annars um það efni:

Ákvæðum um samþykki stjórnar [mun] einkum hafa verið ætlað að tryggja að stjórn sparisjóðs gæti haft ákvörðunarvald um það hverjir gerðust stofnfjáreigendur, með til-  
liti til eðlis og tilgangs sparisjóðs. Væri enda ljóst að grundvallarmunur [væri] á stofnfé  
í sparisjóði og hlutafé í hlutafélagi þar sem stofnfjáreign jafngildi ekki hlutdeild í eigin fé  
sparisjóðsins með sama hætti og hlutafjáreign feli í sér. Í flestum sparisjóðum sé því svo  
varið að stofnfé nemi einungis litlum hluta heildareiginfjár. Bróðurpartur eigin fjár sé í  
eigu sparisjóðs sjálfs og til þeirra fjármuna eigi stofnfjáreigendur ekkert tilkall.

Einnig var bent á eftirfarandi í bréfinu:

Fjármálaeftirlitið telur [...] að stjórn sparisjóðs [séu] ætlaðar ríkar skyldur til að gæta  
hagsmuna sparisjóðsins og þeirra verðmæta sem þar myndast og ekki teljast til eigna  
stofnfjáreignenda. Þannig ber stjórn sparisjóðsins ennfremur að gæta hagsmuna sparisjóðs-  
ins gagnvart stofnfjáreigendum og gæta þess að þeir taki ekki hagsmuni sína fram yfir  
hagsmuni sparisjóðsins, jafnvel þó stjórn sæki umboð sitt til stofnfjáreignenda.

Að lokum var dregin svohljóðandi ályktun:

[...] því verður að telja megin skyldur stjórnar sparisjóðs við afgreiðslu á samþykkt eða  
synjun framsalsbeiðna vera að gæta hagsmuna þess hluta eigin fjár sparisjóðsins sem  
stofnfjáreigendur eiga ekki tilkall til. Ennfremur verður að telja að við mat sitt beri stjórn  
að hafa hagsmuni sparisjóðsins, þ.m.t. eigið fé hans, og viðskiptamanna að leiðarljósi en  
ekki hagsmuni einstakra stofnfjáreignenda eða viðsemjenda þeirra.<sup>443</sup>

Að lokum óskaði Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um hvort og með hvaða hætti  
sparisjóðsstjóri eða einstakir stjórnarmenn hefðu komið að sölu á stofnfjárhlutum til  
MP Fjárfestingarbanka hf. Eftirlitið óskaði eftir afritum af fundargerðum stjórnar spari-  
sjóðsins frá því í nóvember 2005 og afritum af stofnfjáreignendalistum sparisjóðsins þar  
sem fram kæmu dagsetningar á framsölum sex mánuði aftur í tímann. Þá skyldi stjórn  
upplýsa Fjármálaeftirlitið um öll frekari samþykki á framsölum, auk þess sem óskað var  
eftir upplýsingum um eignatengsl sparisjóðsins eða einstakra stjórnarmanna við MP Fjár-  
festingarbanka og enn fremur hvort einhver stjórnunar- eða hagsmunatengsl væru á milli  
Sparisjóðs vélstjóra eða einstakra stjórnarmanna og MP Fjárfestingarbanka.

Í svari sparisjóðsins var rakinn aðdragandi að kaupum MP Fjárfestingarbanka og bent á að  
einstakir stjórnarmenn hefðu engin eignatengsl við bankann. Hins vegar ætti Sparisjóður  
vélstjóra 14,47% eignarhlut í MP Fjárfestingarbanka og Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnar-  
formaður sparisjóðsins, sæti í stjórn bankans fyrir hönd sparisjóðsins.<sup>444</sup> Fjármálaeftirlitið  
svaraði með bréfi 24. janúar 2006 þar sem það benti á að samkvæmt fundargerðum Spari-  
sjóðs vélstjóra í desember 2005 hefðu verið afgreidd framsöl til félaga og aðila tengdra  
Jóni Þorsteini Jónssyni án þess að hann viki af fundi. Félögin og aðilarnir sem um ræddu  
voru MP Fjárfestingarbanki hf., Andaklettur hf., þar sem Jón var stjórnarformaður, og  
Saxbygg ehf., stofnað af Saxhóli ehf., sem Jón var stjórnarformaður í, ásamt Byggingarfélagi  
Gunnars & Gylfa ehf. Í lok bréfsins var síðan óskað eftir upplýsingum um hvernig Jón  
Þorsteinn hefði komið að afgreiðslu þessara framsala.<sup>445</sup>

Því bréfi var svarað 1. febrúar af LOGOS lögmannsþjónustu fyrir hönd sparisjóðsins og  
kom þar fram að Jón Þorsteinn hefði vikið af fundi á meðan viðskipti Andakletts ehf. voru  
rædd og að það hefðu verið mistök að það hefði ekki verið bókað. Varðandi viðskiptin  
við MP Fjárfestingarbanka hefði stjórn sparisjóðsins ákveðið að Jón Þorsteinn þyrfti ekki  
að vika af fundi vegna þeirra, því hann sæti þar í stjórn fyrir hönd sparisjóðsins og ætti  
ekki persónulegra hagsmuna að gæta. Loks féllst sjóðurinn ekki á að um veruleg hags-  
munatengsl væri um að ræða milli Gylfa Héðinssonar og Gunnars Þorlákssonar annars  
vegar og Jóns Þorsteins hins vegar, þar sem ekki væri um nein persónuleg eða fjárhagsleg

443. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs vélstjóra 28. desember 2005.

444. Bréf Sparisjóðs vélstjóra til Fjármálaeftirlitsins 4. janúar 2006.

445. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs vélstjóra 24. janúar 2006.

tengsl að ræða milli þeirra.<sup>446</sup> Fjármálaeftirlitið svaraði bréfinu 21. mars og greindi frá því að í ljósi atvika málsins og þess að sparisjóðurinn hefði gætt þess að stjórnarmenn vikju af fundum sem haldnir höfðu verið frá því að Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdina yrði ekki aðhafst frekar í málinu.<sup>447</sup>

Á meðan þessi bréfaskipti voru í gangi hélt framsal á stofnfjárbréfum áfram. Í janúar voru 342 framsöl samþykkt og 412 í febrúar. Eftir það hægðist á sölunni en rúmlega þúsund framsöl voru þó samþykkt það sem eftir lifði árs. Alls voru 2.085 framsöl samþykkt á tímabilinu frá desember 2005 til desember 2006. Þar af seldu 426 einstaklingar 1.851 bréf en 21 lögaðili seldi 234 bréf. Alls keyptu 145 einstaklingar 749 bréf og 43 lögaðilar keyptu 1.336 bréf. Ekki var tekið saman hversu mörg viðskipti voru með hvert bréf.<sup>448</sup> Á fundi stjórnar 27. febrúar 2006 var lagður fram listi yfir stærstu stofnfjáreigendur í sparisjóðnum.

Tafla 47. Stærstu stofnfjáreigendur í Sparisjóði vélstjóra 27. febrúar 2006.

Stofnfjáreigandi	Fjöldi bréfa	Keypt bréf frá des. 2005 til feb. 2006
Fleða ehf.	303	175
MP Fjárfestingarbanki hf.	302	277
Sólstafir ehf.	215	215
Íslandsbanki hf.	64	64
Íbúðaleigan ehf.	50	38
Víkur ehf.	43	43
Sund ehf.	41	37
Guðjón Steingrímsson	17	15
Jóna Gróa Sigurðardóttir	16	10
Jón Levi Hilmarsson*	12	12
Kaupthing Lux	10	10
nb.is-sparisjóður hf.	10	10
Saxhóll ehf.	10	10
Jóhann Gíslason	8	2
Helga Guðmundsdóttir	7	1
Moshvoll ehf.**	7	7

\* Samkvæmt lista yfir stærstu stofnfjáreigendur sem lagður var fyrir stjórn 27. febrúar 2006 átti Jón Levi Hilmarsson 10 bréf en samkvæmt fundargerð stjórnar 22. febrúar keypti hann 12 bréf.

\*\* Moshvoll ehf. keypti 9 bréf á tímabilinu en seldi 2.

Ekki urðu miklar breytingar á lista yfir stærstu stofnfjáreigendur á næstu mánuðum þrátt fyrir áframhaldandi framsal stofnfjár, nema hvað einn einstaklingur, Guðmundur Albert Birgisson, keypti mörg bréf. Stóran hluta þeirra seldi hann síðar til félaganna Imons, Byggingarfélag Gunnars og Gylfa, Saxhóls og Myllunnar.<sup>449</sup>

Tafla 48. Stærstu stofnfjáreigendur í Sparisjóði vélstjóra 24. maí 2006.

Stofnfjáreigandi	Fjöldi bréfa	Eignarhlutur
MP Fjárfestingarbanki hf.	314	9,80%
Fleða ehf.	303	9,45%
Guðmundur Albert Birgisson	226	7,05%
Sólstafir ehf.	215	6,71%
Íslandsbanki hf.	64	2,00%
Víkur ehf.	43	1,34%
Sund ehf.	41	1,28%
nb.is-sparisjóður hf.	21	0,66%
Saxhóll ehf.	19	0,59%
Jóna Gróa Sigurðardóttir	16	0,50%
Insolidum ehf.	14	0,44%
Guðrún Jóna Sturludóttir	12	0,37%
Jón Levi Hilmarsson	12	0,37%
Guðjón Steingrímsson	10	0,31%
Kaupthing.lu	10	0,31%

446. Bréf LOGOS lögmannsþjónustu til Sparisjóðs vélstjóra 1. febrúar 2006.

447. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs vélstjóra 21. mars 2006.

448. Fundargerðir Sparisjóðs vélstjóra frá 9. desember 2005 til 21. desember 2006.

449. Þessi félag keyptu líka stofnfjárhluti í Sparisjóði Hafnarfjarðar.



Á fundi stjórnar Sparisjóðs vélstjóra 27. febrúar 2006 voru lagðar fram tillögur um breytingar á samþykktum, sem undirbúnar voru af LOGOS lögmannsþjónustu. Í innangi að tillögunum var tekið fram að þær væru „byggðar á þeim tillögum, sem lagðar voru fyrir fund stofnfjäreigenda þann 1. apríl 2005“. Aftur var lagt til að breyta 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 17. gr., en að auki voru tillögur um að heimila aukningu stofnfjár þrítugfalt, gefa stofnfjárbréf út á rafrænu formi og heimila veðsetningu stofnfjár.<sup>450</sup> Aðalfundurinn var haldinn 10. mars 2006 og voru tillögurnar samþykktar.

Á fundi stjórnar Sparisjóðs vélstjóra 26. apríl 2006 kynnti stjórnarformaður verðmat sem Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, hafði gert á Sparisjóði vélstjóra og Sparisjóði Hafnarfjarðar.<sup>451</sup> Verðmatið var unnið til að draga fram hugsanleg skiptihlutföll á milli sjóðanna ef vilji yrði til að sameina þá. Niðurstaða verðmatsins var að leiðrétt bókfært eigið fé Sparisjóðs vélstjóra væri 7,8 milljarðar króna en rúmlega 4,3 milljarðar króna hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Þannig fengi Sparisjóður vélstjóra um tvo þriðju hluta stofnfjár í sameinuðum sjóði. Stjórnin samþykkti heimild til stjórnarformanns og sparisjóðsstjóra til að hefja viðræður við forsvarsmenn Sparisjóðs Hafnarfjarðar um hugsanlega sameiningu sjóðanna.<sup>452</sup>

Á næsta stjórnarfundum skýrði sparisjóðsstjóri frá því að vinna væri hafin við að kanna með hvaða hætti komið yrði á fót tilboðsmarkaði með stofnfé, hvernig staðið yrði að rafrænni skráningu bréfa og hvaða verklag stjórn ætti að hafa þegar óskað væri eftir veðsetningu bréfa. Ákveðið var að vinna frekar að þessum málum.<sup>453</sup>

Sameiningarviðræður hófust 26. apríl 2006. Á stjórnarfundum 2. júní var samrunaáætlun sparisjóðanna undirrituð og voru skiptihlutföll ákveðin þannig að Sparisjóður vélstjóra fengi 61% stofnfjár í sameinuðum sjóði. Samruni sjóðanna skyldi miðast við 1. janúar 2006.<sup>454</sup> Samrunaáætlunin var síðan send til Fjármálaeftirlitsins. Nokkur bréf gengu síðan á milli sparisjóðsins og Fjármálaeftirlitsins, sem vildi ganga úr skugga um að virkur eignarhlutur yrði ekki til við samruna sparisjóðanna.<sup>455</sup> Á stjórnarfundum 26. júlí var upplýst að undirbúningsferli rafrænnar skráningar stofnfjárbréfa væri lokið og að skráningunni yrði lokið 31. júlí.<sup>456</sup>

Skipulag fyrir sameinaðan sparisjóð var kynnt í ágúst 2006. Gert var ráð fyrir tveimur sparisjóðsstjórum þar sem annar bæri ábyrgð á allri viðskiptabankaþjónustu, rekstrarsviði og fjárstýringu en hinn sæi um fyrirtækjaþjónustu, áhættugreiningu útlána og markaðsmál.<sup>457</sup> Á stjórnarfundum í september var farið yfir drög að viðauka við greinargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra um samrunann. Í þeim kom fram að íslensk fjármálfyrirtæki hefðu stækkað og að aukinnar samkeppni gætti á íslenskum fjármálamarkaði. Þá hefði þrýstingur á lækkun vaxta aukist vegna erlendra samkeppni og aukinnar fjölbreytni í fjármálastarfsemi:

Í langflestum tilvikum leiðir aukin stærð fjármálfyrirtækis til forskots í samkeppni. Einkum lýtur það að tækifærum til öflunar ódýrara lánsfjármagns og þjónustu við stærri lántakendur og samstæður. Þrengt hefur að minni fjármálastofnunum og sparisjóðirnir hafa átt undir högg að sækja á meðan stærri einingar hafa vaxið. Stjórn [Sparisjóðs vélstjóra] telur að þessi þróun kalli á að styrkja þurfi sparisjóðinn. Nærtækasta leiðin til þess er sameining sparisjóða.<sup>458</sup>

450. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 27. febrúar 2006.

451. Ekkert er að finna um þetta í eldri fundargerðum stjórnar. Í fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 31. janúar 2006 er hins vegar greint frá viðræðum um hugsanlegt náð samstarf milli þessara tveggja sparisjóða. Þar voru líka lögð fram drög að bréfi til Fjármálaeftirlitsins um málið og greint frá því að búið væri að ráða Árna Tómasson til að skoða hagkvæmni af sameiningu sjóðanna.

452. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 26. apríl 2006.

453. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 29. apríl 2006.

454. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 2. júní 2006.

455. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs vélstjóra 17. júlí 2006.

456. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 26. júlí 2006.

457. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 10. ágúst 2006.

458. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 7. september 2006.

Í drögunum sagði að til að jafna skiptihlutföll vegna samrunans þyrfti að auka stofnfé í Sparisjóði Hafnarfjarðar um tæpar 68 milljónir króna áður en til samrunans kæmi, en stofnfé sparisjóðsins var ekki nema rúmar 16 milljónir króna. Síðan myndi Sparisjóður Hafnarfjarðar fá rúmar 84 milljónir króna af nýju stofnfé í Sparisjóði vélstjóra við sameiningu, þannig að stofnfé hans myndi aukast úr 132 milljónum króna í 216 milljónir króna. Ákveðið var að boða til fundar stofnfjáreigenda 1. desember 2006 þar sem tillaga um sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar yrði lögð fram til samþykktar og gekk það eftir. Hún var einnig samþykkt af stofnfjáreigendum Sparisjóðs Hafnarfjarðar sama dag. Í kjölfarið var haldinn fyrsti stofnfjáreigendafundur í hinum sameinaða sjóði og kjörin stjórn. Hún var skipuð Jóni Þorsteini Jónssyni formanni, Agli Ágústssyni varaformanni, Styrmi Þór Bragasyni, Matthíasi Imsland og Magnúsi Ármann.

Á fyrsta fundi stjórnar í desember 2006 var meðal annars ákveðið að nýta heimild í samþykktum Sparisjóðs vélstjóra til stofnfjárukningar upp á rúma 3,7 milljarða króna. Gjaldlagi áskriftar skyldi vera 28. desember 2006 og KPMG hf. yrði falin gerð útboðslýsingar.<sup>459</sup> Á síðasta stjórnarfundum ársins, 21. desember 2006, var hins vegar ákveðið að fresta fyrirhugaðri stofnfjárukningu sparisjóðsins fram yfir aðalfund 2007 því ekki reyndist nægur tími til að framkvæma útboðið.<sup>460</sup>

### 18.5.2 Stofnfé og stofnfjáreigendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar

Í byrjun árs 2005 voru stofnfjáreigendur í Sparisjóði Hafnarfjarðar 47 talsins og hafði sá fjöldi verið óbreyttur um árabíl. Hver stofnfjáreigandi átti tvö bréf, nema einn sem átti eitt bréf. Fátítt hafði verið að stofnfjárbréf skiptu um hendur og kom það helst til þegar stofnfjárhlutir gengu í erfðir eða af öðrum sérstökum ástæðum. Stjórnarformaður var Matthías Á. Mathiesen og hafði hann setið í stjórninni frá árinu 1958, lengst af sem stjórnarformaður. Á fyrsta stjórnarfundum ársins, 3. janúar 2005, var kynntur nýr sparisjóðsstjóri, Björn Ingi Sveinsson. Hann tók við af Þór Gunnarssyni sem starfað hafði hjá sparisjóðnum síðan 1981.

Stofnfé sparisjóðsins var aðeins 14,7 milljónir króna í árslok 2004 og hafði þó verið aukið um tæpa 8,1 milljón króna á árinu með stofnfjárukningu og endurmati stofnfjár. Stofnféð var ekki nema tæp 0,5% af eigin fé sparisjóðsins.<sup>461</sup> Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins mátti stofnfé hans vera allt að 30 milljónir króna og skiptast í allt að 300 stofnfjárhluti.<sup>462</sup> Á fundi stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 23. mars 2005 var samþykkt að auka stofnféð um 300 þúsund krónur að nafnverði og að áskriftartímabilið yrði frá 1. maí til 1. júlí 2005.<sup>463</sup> Á fundinum var einnig tekið fyrir dreifibréf frá Sambandi íslenskra sparisjóða um stofnfé og samfélagslega ábyrgð sparisjóða. Í því kom fram að í árslok 2003 hefði samanlagt eigið fé sparisjóða numið 22,2 milljörðum króna, en þar af var stofnfé aðeins tæpir 2,9 milljarðar króna, eða rúm 13% af eigin fé. Þeirri spurningu var varpað fram í bréfinu hvort stefna ætti að því að auka stofnfé sparisjóða, þannig að það yrði til dæmis á bilinu 10–20% af eigin fé. Þá var eftirfarandi tekið fram:

Almennt er gert ráð fyrir að stofnfé sé fjármagn sem stofnfjáreigandi ætli ekki að hreyfa um langa framtíð. Stofnfé er bundið sem innlán sem sparisjóðurinn leysir til sín og selur aftur ef þess er óskað. Ef rekstur sparisjóðs er góður á stofnfé að gefa betri arð en aðrir innláns- eða fjárfestingarkostir.<sup>464</sup>

Þá kynnti sambandið hugmyndir að almennum verklagsreglum um það hverjir gætu orðið stofnfjáreigendur, hvernig arður af stofnfé væri ákveðinn og um að samfélagslegri ábyrgð yrði mætt.

Á fundi stjórnar 18. apríl 2005 var lögð fram tilkynning um framboð til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar þar sem Páll Pálsson var í forsvari. Í samþykktum sparisjóðsins frá 12. apríl 2003 var ákvæði um að stjórnarmenn skyldu kjósa fimm aðila úr röðum sínum

459. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 4. desember 2006.

460. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, 21. desember 2006.

461. Ársreikningur Sparisjóðs Hafnarfjarðar 2004.

462. Samþykktir Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 12. apríl 2003.

463. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 23. mars 2005.

464. Bréf Sambands íslenskra sparisjóða til allra sparisjóðanna 4. mars 2005.

í stjórn og með hlutbundinni kosningu ef þess væri óskað fimm dögum fyrir aðalfund. Framboðslistum til stjórnar áttu að fylgja meðmæli minnst fimm stofnfjáreigenda og samþykki framboðenda.<sup>465</sup>

Aðalfundurinn var haldinn 20. apríl 2005. Á fundinn mættu fulltrúar 46 stofnfjárhafa, auk lögmannanna Karls Georgs Sigurbjörnssonar og Sigurðar G. Guðjónssonar, sem sátu sem áheyrnarfulltrúar að beiðni Páls Pálssonar. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði Páll að hann hefði viljað hafa lögfræðingana með sér því í hópi stjórnarmanna hefðu verið tveir lögfræðingar.<sup>466</sup> Kosid var á milli Árna Grétars Finnssonar og Sigurðar G. Guðjónssonar sem fundarstjóra og hlaut Árni Grétar meirihluta atkvæða í þeirri kosningu.<sup>467</sup>

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Karl Georg Sigurbjörnsson aðdragandanum að því að hann og Sigurður sátu aðalfundinn:

A-Holding biður okkur um að vinna fyrir Pál Pálsson til að aðstoða hann, hann var þá með eitthvert framboð, framboðið er komið fram og það voru einhverjir erfiðleikar að fá – samkvæmt reglum sparisjóðsins eða samþykktum sparisjóðsins þá þurfti að kynna framboðið með ákveðnum hætti, mig minnir sex dögum fyrir aðalfund eða eitthvað slíkt, og þáverandi stjórnarformaður sparisjóðsins neitaði að tala við þá. Þannig að þeir sáu fyrir sér að það yrðu einhverjir erfiðleikar vegna þess að þáverandi stjórnarformaður var með einhverja svona einræðistilburði og stjórnaði sparisjóðnum í raun. Það var okkar tilfinning. Þannig að Stefán talaði við okkur og setti okkur í samband við Pál og við tókum að okkur að aðstoða hann við að koma framboðinu á framfæri við aðalfund og aðstoða hann þar.<sup>468</sup>

Í kjölfar skýrslu stjórnar og kynningar á ársreikningi var fundarmönnum boðið að koma með athugasemdir. Þar tók fyrstur til máls Bjarni Þórðarson sem fjallaði um útkomu sjóðsins í ánægjuvuginni en ræddi einnig um stofnfjármarkað og hugsanlega fjölgun stofnfjáreigenda. Næst tók til máls Jónas Reynisson, sem fagnaði tillögunni um stofnfjárukningu og taldi að hagnaður sjóðsins myndi aukast verulega við það að auka stofnfé. Einnig benti hann á að ef markaðsstarfsemi nyti ekki við væri tap sjóðsins 200 milljónir króna og að tap væri af almennum rekstri. Fleiri tóku til máls og var stofnfé þar aðalræðuefnið.<sup>469</sup>

Fleiri dagskrárliðir voru teknir fyrir en ekki varð mikil umræða fyrir en til stjórnarkjörs kom. Mikill ágreiningur var um fyrirkomulag kosningarinnar og kom meðal annars fram yfirlýsing um vanhæfi fundarstjóra, en hún var síðan felld með einu atkvæði. Tvær tillögur lágu þá fyrir um fyrirkomulag kosningarinnar. Niðurstaðan varð sú að kosið yrði á milli lista, þannig að sá listi sem hlyti fleiri atkvæði fengi alla stjórnarmenn kjörna. Á A-lista voru Ingvar Viktorsson, Gissur Guðmundsson, Bjarni Þórðarson, Albert Már Steingrímsson og Árni Grétar Finnsson. Á B-lista voru Páll Pálsson, Ingólfur Flygenring, Þórður R. Magnússon, Trausti Ó. Lárusson og Eyjólfur Reynisson. Allir stofnfjárhafar á fundinum tóku þátt í atkvæðagreiðslunni og féllu atkvæði þannig að A-listi fékk 22 atkvæði, B-listi 23 atkvæði og einn seðill var auður. Þar með hafði ný stjórn tekið við í sparisjóðnum.<sup>470</sup>

Þessi stjórnarskipti hafa gjarnan verið kölluð „hallarbyltingin“. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði Páll Pálsson að tilefni framboðs lista hans til stjórnar hefði verið óánægja með störf og stefnu sitjandi sparisjóðsstjórnar. Taldi Páll að það ætti að setja á fót stofnfjármarkað í sjóðnum og leyfa frjálsara framsal stofnfjárbréfa. Einnig taldi hann að hægt væri að reka sparisjóðinn betur, þar sem tap hefði verið af almennum rekstri. Í kjölfarið hefði hann síðan talað við stofnfjáreigendur í sparisjóðnum og reynt að tryggja sér kosningu. Taldi hann að atburðarásin hefði hafist um áramótin 2004–2005.<sup>471</sup>

Nýja stjórnin hélt sinn fyrsta fund 25. apríl 2005. Þar var ákveðið að bjóða allt að fimm starfsmönnum eða þjónustuaðilum Sparisjóðs Hafnarfjarðar að kaupa hluta af óseldum stofnfjárbréfum. Þá var gengið frá starfslokum nýja sparisjóðsstjórans, Björns Inga Sveins-

465. Samþykktir Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 12. apríl 2003.

466. Skýrsla Páls Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. mars 2012.

467. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 20. apríl 2005.

468. Skýrsla Karls Georgs Sigurbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. mars 2012.

469. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 20. apríl 2005.

470. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 20. apríl 2005.

471. Skýrsla Páls Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. mars 2012.

sonar. Magnús Ægir Magnússon, sem var starfsmaður sparisjóðsins, tók þá við starfinu.<sup>472</sup> Á næsta fundi stjórnar var kynnt bréf frá fimm stofnfjáreigendum sem óskuðu eftir því að haldinn yrði stofnfjáreigendafundur hið fyrsta. Svarbréf var kynnt á fundi 11. maí 2005 en í því kom meðal annars fram að „ein ástæða þess að ákveðið var að bjóða fram lista við stjórnarkjör á aðalfundi Sparisjóðs Hafnarfjarðar var mikil og djúpstæð óánægja með ráðningu nýs sparisjóðsstjóra“. Tillögu um að halda fund stofnfjáreigenda var hafnað vegna formgalla á bréfinu.<sup>473</sup>

Á fundi stjórnar 19. maí var samþykkt beiðni eins stofnfjáreiganda um framsal á bréfum sínum til Audur Invest Holding S.A. Þetta var forsmekkur að því sem í vendum var. Á fundi stjórnar 29. júní lágu fyrir beiðnir 12 einstaklinga um samþykki fyrir framsali á alls 24 bréfum og var framsal samþykkt í öllum tilfellum.<sup>474</sup> Í kjölfar þessa urðu umtalsverð viðskipti með bréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Alls var samþykkt framsal 153 bréfa frá 29. júní 2005 til 12. september 2006. Alls seldu 54 aðilar stofnfjárbréf á tímabilinu, þar af þrír lögaðilar, en 38 aðilar keyptu bréf á tímabilinu, þar af 23 lögaðilar. Nokkrir áttu stofnfjárhluti í stuttan tíma, til dæmis var á fyrrnefndum stjórnarfundum sjóðsins 29. júní 2005 samþykkt framsal á fjórum bréfum til Gunnars Hjaltalín og á sama fjölda til Guðna Aðalsteinssonar og framsal á sömu bréfum til Jóns Erlings Ragnarssonar og Björns Magnússonar var síðan samþykkt á stjórnarfundum 21. júlí 2005.

Hinn 21. júlí 2005 var haldinn aukafundur stofnfjáreigenda að beiðni fimm stofnfjáreigenda. Þar var meðal annars kynnt nýtt stjórnskipulag sjóðsins, breytingar á starfsmannahaldi, hugmyndir um útrás, aðgerðir til að bæta reksturinn og „annað það sem stjórn [Sparisjóðs Hafnarfjarðar] fyrirhugar að taka til endurmats í núverandi eignar- og rekstrarumhverfi [sjóðsins], þar á meðal stofnfé“.<sup>475</sup> Orðið var gefið laust og tóku margir til máls. Meðal annars var rætt um ráðningu Björns Inga Sveinssonar og lýsti Bjarni Þórðarson því yfir að Björn hefði verið hæfasti umsækjandinn. Árni Mathiesen lagði fyrirspurn í átta liðum fyrir Pál Pálsson um framsal á stofnfé, þar sem hann spurði meðal annars hvort nýir stofnfjáreigendur væru með fleiri en einn hlut hver, hvort fleiri aðilar væru í kaophugleiðingum, hvort tengsl væru á milli kaupenda og hvort formaðurinn teldi að gera þyrfti breytingar á stofnfé sparisjóðsins. Rætt var um verð á hlut í sjóðnum og sagðist Bjarni Þórðarson ekki trúa því að einstaklingar greiddu 50 milljónir króna fyrir hlut í sjóðnum. Hins vegar var haft eftir Þór Gunnarssyni að „hlutur í [Sparisjóði Hafnarfjarðar væri] ekki 50 milljóna króna virði heldur frekar 75 milljóna króna“, auk þess sem hann teldi að „allt varðandi kaup og sölu stofnfjárbréfa [hefði] verið planlagt fyrirfram“. Páll svaraði og sagði stjórnina ekki vera aðila að sölu stofnfjárbréfa og að hann vissi ekki hvort fleiri aðilar væru í kaophugleiðingum. Enn urðu miklar umræður og ítrekaði Páll Pálsson það sem hann hafði sagt á aðalfundi 2004, að hann vildi fjölga stofnfjáreigendum. Áður en fundi var slitið bætti Bjarni Þórðarson því við að Sparisjóður Hafnarfjarðar væri „eign Hafnfirðinga. [Hann] væri ekki fjárfestingartækifæri. Menn mættu ekki eyðileggja [Sparisjóð Hafnarfjarðar]“.<sup>476</sup>

Mörg framsöl á stofnfjárbréfum í sjóðnum fóru í gegnum dótturfélag Baugs Group í Lúxemborg, A-Holding S.A., og áðurnefnda lögmenn, þá Karl Georg Sigurbjörnsson og Sigurð G. Guðjónsson. Gengu viðskiptin þannig fyrir sig að stofnfjáreigendur sem höfðu áhuga á að selja lögðu bréf sín inn til Karls eða Sigurðar. Þeir skráðu síðan niður þau bréf sem þeir fengu og ábyrgðust greiðslu til seljanda upp á 50 milljónir króna fyrir hver tvö bréf. Síðan höfðu áhugasamir kaupendur samband við lögmennina, sem tengdu bréf sem áður höfðu verið lögð inn við kaupendurna. Þá var lögð fram beiðni um samþykki á framsali bréfanna frá seljanda til kaupanda á stjórnarfundum í sparisjóðnum. Þegar hún hafði verið samþykkt fengu seljendur greiðslu fyrir bréfin. Hlutverk A-Holding í þessu ferli var að fjármagna flest stofnfjárkaupin og sjá til þess að lögmennirnir hefðu bolmagn til þess að ábyrgjast greiðslurnar.

472. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 25. apríl 2005.

473. Bréf stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar til Sigurðar Þórðarsonar, Sigurbergs Sveinssonar, Jónasar Hallgrímssonar, Helga Vilhjálmssonar og Harðar Zophoníassonar 11. maí 2005.

474. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 25. apríl 2005 og 29. júní 2005.

475. Fundargerð aukafundar stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar, 21. júlí 2005.

476. Fundargerð aukafundar stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar, 21. júlí 2005.

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Stefán Hilmar Hilmarsson, fjármála-  
stjóri Baugs Group hf., því hvað hann hefði ráðlagt Páli Pálssyni um verðlag-  
ningu stofnfjárbréfanna:

Páll leitaði ráðgjafar hjá mér með hvernig ætti að verðleggja þessi stofnfjárbréf og ég ráð-  
lagði Páli að horfa á eigið fé í sparisjóðnum. Það gæti verið nálgun á það verðmæti sem  
kynni að felast í sparisjóðnum og eigin fé. Þannig að það verð sem var að lokum borgað  
fyrir hlutinn, þessar 50 milljónir, tók mið af verðmæti eigin fjár sparisjóðsins.<sup>477</sup>

Eins og áður sagði var stofnfé mjög lítill hluti af eigin fé sparisjóðsins, sem var alls  
3,081 milljarðar króna. Stefán lýsti aðkomu A-Holding að fjármögnun kaupa á bréfum  
í sparisjóðnum:

Mín aðkoma var sú að við náðum samkomulagi um það að fjármagna kaup af nokkrum  
tilteknum aðilum í Hafnarfirði. Við skilgreindum ákveðna fjármuni frá Baugi Group  
í þetta verkefni og það varð úr að við ákváðum að nota dótturfélag í Lúxemborg, sem  
heittir A-Holding, og undir því fyrirtæki var útibú staðsett í Sviss. [...] Ástæðan fyrir því  
að við notuðum það félag var að að megintilgangurinn með útibúinu var eingöngu að  
lána fjármuni.<sup>478</sup>

Við skýrslugjöf hjá rannsóknarnefndinni lýsti Karl Georg því hvernig hann og Sigurður  
G. komu að miðlun á bréfum að ósk Páls Pálssonar:

Páll Pálsson kom með lista og þeir sem voru í kringum hann. [...] Við hringdum út listann  
og ég og Sigurður G. hittum alla á fundi á skrifstofunni okkar. Bara í fimm, tíu mínútur  
hvern og einn og þeir afhentu bréfin og við ábyrgðumst greiðslur til þeirra. Létum þá  
kvitta fyrir að við hefðum fengið bréfin og þegar bréfin voru farin í gegn hjá stjórninni  
þá myndu þeir fá greiðsluna.<sup>479</sup>

Auk þess sagði hann:

Þegar við vorum beðnir um að taka að okkur að hringja út þessa lista, þá sögðum við  
við Pál Pálsson og Stefán Hilmarsson að við myndum ekki taka það að okkur nema pen-  
ingarnir lægju fyrir. Við ætluðum ekki að ábyrgjast gagnvart fólki einhverjar greiðslur  
nema við hefðum peningana handbæra. Við værum ekki tilbúnir að hitta fólk og skrifa  
upp á einhverjar kvittanir um að það myndi fá greiðslur, en við gætum svo ekki framkvæmt  
greiðslurnar sjálfir. Þess vegna held ég að fyrsta greiðslan sem kom til okkar hafi verið einn  
og hálfur milljarður sem kom frá A-Holding. Það var það fyrirtæki sem líklega Baugur  
eða Stefán [Hilmar Hilmarsson] eða einhver hefur valið til þess að sjá um þessi viðskipti.  
Það var þá fyrst sem ég heyrði talað um A-Holding.<sup>480</sup>

Að sögn Karls Georgs var þessi greiðsla innborguð í maí eða júní 2005, stuttu áður en skriður  
komst á framsal stofnfjárbréfa í sjóðnum. Þótt bréfin væru keypt af stofnfjäreigendum á  
ákveðnu verði voru þau ekki seld fyrir sama verð. Karl Georg sagði að bréfin hefðu verið  
keypt á 25 milljónir króna hvert bréf og síðan hefðu þau verið seld áfram á 45 milljónir  
króna hvert.<sup>481</sup> Stefán Hilmar kvað verðið síðan hafa hækkað þegar bréfin voru seld áfram:

Það komu tilboð frá fyrstu aðilum upp á 90 milljónir og það verð var þá bara látið ganga  
yfir – svona allavega næstu viðskipti á eftir. Svo fór verðið bara hækkaði. Þannig að það  
fór skömmu síðar, held ég um haustið, bara í 100–110 milljónir.<sup>482</sup>

Karl Georg Sigurbjörnsson var síðar ákærður fyrir fjársvik þar sem hann var sakaður um  
að hafa í tengslum við þessa milligöngu sína um sölu stofnfjárbréfa styrkt og hagnýtt sér  
ranga hugmynd nokkurra stofnfjäreigenda og fengið þá til að selja stofnfjárbréf á lægra  
verði en hann hefði samið við kaupendur um að greiða. Með dómi Héraðsdóms Reykja-  
víkur, sem staðfestur var í Hæstarétti, var hann sýknaður af öllum kröfum í málinu.<sup>483</sup>

477. Skýrsla Stefáns Hilmars Hilmarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. mars 2012.

478. Skýrsla Stefáns Hilmars Hilmarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. mars 2012.

479. Skýrsla Karls Georgs Sigurbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. mars 2012.

480. Skýrsla Karls Georgs Sigurbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. mars 2012.

481. Skýrsla Karls Georgs Sigurbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. mars 2012.

482. Skýrsla Stefáns Hilmars Hilmarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 13. mars 2012.

483. Hæstaréttardómur 18. mars 2009 í máli nr. 218/2009.

Á tímabilinu frá 29. júní 2005 til 12. september 2006 keypti SPV fjárfesting ehf. fimm stofnfjárbréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar fyrir hönd Sparisjóðs vélstjóra, eða 5,4% hlut, á 225 milljónir króna. Sama dag keypti MP Fjárfestingarbanki hf. fimm bréf, en hann varð stærsti eigandi Sparisjóðs vélstjóra í lok árs 2005. Á þessum tíma keypti Saxhóll ehf. einnig fjögur bréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en það félag varð síðar einn af stærstu eigendum í Sparisjóði vélstjóra. Þá keypti Byggingarfélag Gylfa & Gunnars ehf., sem Gylfi Héðinsson og Gunnar Þorláksson áttu, fjögur bréf. Gylfi og Gunnar sátu einnig í stjórn Saxbyggs ehf. ásamt Jóni Þorsteini Jónssyni, en það félag var stofnað af byggingarfélaginu og Saxhóli ehf. Byggingarfélagið keypti síðar 39 hluti í Sparisjóði vélstjóra. Þá áttu Gylfi og Gunnar félagið Bygg ehf. sem keypti fjögur stofnfjárbréf á tímabilinu. Loks keypti Guðmundur A. Birgisson tvö bréf.

Í skýrslu Stefáns Hilmarssonar fyrir rannsóknarnefndinni lýsti hann sinni hlið málsins:

Svo komu aðilar sem fóru að ræða við mig og Pál og stjórnarmenn um það að þeir vildu komast að sparísjóðnum. Þeir komu einmitt með þessa sýn, að þarna væri hægt að byggja upp öflugt fjármálafyrirtæki með því að kaupa hluti í sparísjóðnum, með hópi aðila sem væri samstiga um það hvert ætti að stefna með fjármálafyrirtækið.<sup>484</sup>

Pegar hann var inntur eftir því hverjir það hefðu verið svaraði hann:

Þetta voru aðilar sem síðar komu að eignarhaldinu og – eða nánast bara mjög fljótlega eftir að hallarbyltingin átti sér stað, þetta voru aðilar sem tengdust nokkrum fyrirtækja-blokkum. Þetta voru aðilar sem tengdust okkur í Baugi Group. Þetta voru aðilar sem tengdust Sparisjóði vélstjóra og MP banka. Þannig að það má eiginlega segja að það hafi verið þessar þrjár ráðandi blokkir sem urðu mjög stórar, eða náðu að mynda svona 50–60 prósent eignarhald í sparísjóðnum, sem sagt, og aðilar þeim tengdir.<sup>485</sup>

Seinna bætti hann við:

Nú, með þá aðila sem voru að kaupa í gegnum þessa fjármögnun frá A-Holding, þá voru það þessar þrjár blokkir sem ég er að tala um, þ.e.a.s. aðilar sem voru nátengdir Baugi, eins og t.d. Magnús Ármann, sem ég er reyndar búinn að þekkja í mjög mörg ár. Hann er síðan nákunnugur Jóni Þorsteini Jónssyni, sem var þá formaður stjórnar Sparisjóðs vélstjóra, og ég veit að Magnús Ármann og Jón Þorsteinn töluðu síðan sameiginlega við MP banka. Þar með kannski var komið þriðja hjólið undir það að eiga þá hluti í sparísjóðnum. Síðan vindur það smám saman upp á sig. Magnús talar við féлага sinn Þorstein M. Jónsson, þá kenndan við Vífilfell. Hann eignaðist líka bréf í sparísjóðnum, að segja má í gegnum Magnús Ármann.<sup>486</sup>

Albert Már Steingrímsson, fyrrverandi stjórnarmaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar, lýsti fyrir rannsóknarnefndinni að hann teldi að upphafið að „hallarbyltingunni“ mætti rekja til lánalínu sem stjórn sparísjóðsins samþykkti 5. janúar 2005 að veita Baugi Group, allt að 300 milljónum króna:

Ég held að þetta hafi kannski byrjað með því að allt í einu var Baugur farinn að biðja um lán í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Ég var náttúrulega mjög – ja, mér fannst það mjög skrýtið og var mjög skeptiskur á það – og spurði: hvað er svona stórfyrirtæki að leita í svona lítinn sparísjóð? – og taldi að við ættum að fara varlega þar. Það voru allir á þeirri skoðun líka. Samt héldu menn að það væri líka virðing að fá svona stórt fyrirtæki, en einhvern veginn þá fannst mér þetta svo skrýtið.<sup>487</sup>

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 17. mars 2006 var aftur samþykkt lánalína til Baugs Group, þá upp á 600 milljónir króna. Samþykkt var á fundi stjórnar 25. ágúst sama ár að fyrirgreiðsla til Baugs mætti nema allt að 25% af eiginfjárgrunni Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Þá keyptu Hagar hf., sem voru í eigu Baugs, alls fjögur bréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar á áðurnefndu tímabili.

484. Skýrsla Stefáns Hilmarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparísjóðina 13. mars 2012.

485. Skýrsla Stefáns Hilmarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparísjóðina 13. mars 2012.

486. Skýrsla Stefáns Hilmarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparísjóðina 13. mars 2012.

487. Skýrsla Alberts Más Steingrímssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. mars 2012.

Samkvæmt stofnfjárhafalista frá 23. júní 2005 voru á þeim tíma 93 stofnfjárhlutir í Sparisjóði Hafnarfjarðar og skiptust þeir á 47 stofnfjárhafa, þannig að hver þeirra átti tvo hluti, nema einn aðili sem átti einn hlut. Á sams konar lista frá 10. febrúar 2006 voru aðeins eftir átta af þeim 47 stofnfjárhöfum sem voru á fyrri listanum. Í hópi þessara átta sem ekki höfðu framselt hlut sinn voru allir fimm stjórnarmenn Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Á hinu tímabilinu frá 23. júní 2005 til 13. nóvember 2006 fækkaði stofnfjárhöfum úr 47 í 30.<sup>488</sup>

### 18.5.2.1 Rannsókn Fjármálaeftirlitsins

Hinn 24. júní 2005 sendi Fjármálaeftirlitið<sup>489</sup> „dreifibréf“ til stofnfjáreigenda í sparisjóðnum þar sem þeir voru spurðir hvort þeir hefðu verið aðilar að samkomulagi um hvernig beita skyldi atkvæðisrétti á aðalfundi sparisjóðsins 20. apríl 2005. Einnig var spurt hvort þeir væru aðilar að samkomulagi um sölu stofnfjár í sparisjóðnum, hvort þeir hefðu fengið tilboð í stofnfjáreign sína og hvort þeim væri kunnugt um slíkt samkomulag eða tilboð.<sup>490</sup>

Í kjölfar þessara fyrirspurna Fjármálaeftirlitsins gerði stjórn sparisjóðsins athugasemdir við að Fjármálaeftirlitið sneri sér þannig beint til stofnfjáreigenda í stað þess að leita til stjórnarinnar. Í svari Fjármálaeftirlitsins 29. júní 2005 ítrekaði það heimildir sínar til að afla upplýsinga frá einstaklingum. Jafnframt óskaði það eftir frekari upplýsingum frá sparisjóðsstjórninni um það hvort stjórnin hefði verið aðili að samkomulagi um viðskipti með stofnfé í sparisjóðnum, hvort hún hefði stuðlað að eða haft milligöngu um slíkt samkomulag eða hvort henni væri kunnugt um að framsal stofnfjárluta hefði átt sér stað án þess að formleg beiðni um slíkt hefði borist stjórn. Þá var óskað eftir afritum af öllum bréfaskriftum milli sparisjóðsins og stofnfjáreigenda síðastliðna þrjá mánuði.<sup>491</sup> Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til stjórnar sparisjóðsins tæpum mánuði síðar kom fram um svör stofnfjárhafa við fyrirspurnum eftirlitsins,

að á aðalfundi sparisjóðsins þann 20. apríl sl. hafi verið til staðar formlegt samkomulag um beitingu atkvæðisréttar á aðalfundinum. Jafnframt verður ráðið að slíkt samkomulag hafi tengst sölu á stofnfé í sparisjóðnum. Þá virðist sem að í þeim tilvikum þar sem kaupsamningar hafa verið gerðir um stofnfé hafi kaupandi/kaupendur gert þá kröfu að seljandi fengi ekki samninginn eða afrit hans. Einnig verður ekki annað séð en að kaupsamningar hafi gert ráð fyrir því að atkvæðisrétti yrði beitt á tiltekinn veg á aðalfundi sparisjóðsins.

Í ljósi þessa hefði Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að virkur eignarhlutur kynni að hafa myndast í sparisjóðnum í skilningi ákvæða laga um fjármálafyrirtæki.<sup>492</sup>

Á stjórnarfundum Sparisjóðs Hafnarfjarðar 5. ágúst 2005 samþykkti stjórn sparisjóðsins stofnfjárkaup Magnúsar Ármann og Sigurðar Á. Bollasonar sem hvor um sig keyptu þrjá stofnfjárlhuti. Eftir kaupin átti hvor þeirra sjö hluti en samkvæmt samþykktum sjóðsins mátti hver aðili eiga að hámarki fimm stofnfjárlhuti.

Nokkrir stofnfjáreigendur svörðu ekki ítrekuðum fyrirspurnum Fjármálaeftirlitsins og því var ákveðið að leggja dagsektir á átta tiltekna stofnfjáreigendur.<sup>493</sup> Sú ákvörðun Fjármálaeftirlitsins var kærð til sérstakrar kærunefndar samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar sem því var haldið fram að Fjármálaeftirlitið skorti heimildir til að leggja dagsektir á einstaklinga.<sup>494</sup> Kærunefndin féllst á það og felldi því ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um álagningu dagsekta úr gildi.<sup>495</sup>

488. Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. þágildandi laga nr. 161/2002 máttu stofnfjáreigendur í sparisjóði ekki vera færri en 30.

489. Um þessa rannsókn Fjármálaeftirlitsins á framsölum stofnfjárluta í Sparisjóði Hafnarfjarðar er einnig fjallað í 12. kafla, um eignarhald sparisjóða, stofnfé og ávöxtun þess.

490. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar 24. júní 2005.

491. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 29. júní 2005.

492. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Hafnarfjarðar 20. júlí 2005.

493. Fylgigögn með dagskrárlíð 4b á 122. stjórnarfundum Fjármálaeftirlitsins, 13. september 2005.

494. Frá gildistöku laga nr. 87/1998 starfaði kærunefnd sem skipuð var af viðskiptaráðherra. Samkvæmt 17. gr. laganna mátti skjóta ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til kærunefndarinnar. Úrskurðum hennar var ekki hægt að skjóta til viðskiptaráðherra. Með lögum nr. 67/2006 um breytingar á lögum um fjármálaeftirlit var kærunefndin lögð niður og ákvæði fært í lög sem heimilaði aðilum að höfða mál til ógildingar ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins fyrir dómstólum.

495. Úrskurðir í málum kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 3/2005, 4/2005, 5/2005 og 6/2005. Úrskurðirnir eru efnislega samhljóða.

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

Ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eins og ákvæðið hljóðaði 9. júní 2006.

Í framhaldinu gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við afgreiðslu stjórnarinnar á framsalsbeiðnum, meðal annars að stjórnin hefði ekki aflað nauðsynlegra gagna áður en framsal stofnfjárhluta var samþykkt.<sup>496</sup> Hinn 30. nóvember 2005 gerði Fjármálaeftirlitið alvarlegar athugasemdir við það að beiðnir tiltekinna aðila um samþykki fyrir því að framselja stofnfjárhluti til MP Fjárfestingarbanka og Sparisjóðs vélstjóra hefðu verið samþykktar af stjórn sparisjóðsins án samráðs við Fjármálaeftirlitið. Þá krafðist Fjármálaeftirlitið þess að stjórn sparisjóðsins samþykkti engin frekari framsöl þar til lokið væri athugun á því hvort virkur eignarhlutur hefði stofnast í sparisjóðnum.<sup>497</sup>

Hinn 16. desember 2005 tilkynnti síðan Fjármálaeftirlitið ríkislögreglustjóra að athugun Fjármálaeftirlitsins hefði leitt í ljós að óbeinn virkur eignarhlutur virtist vera til staðar í Sparisjóði Hafnarfjarðar í andstöðu við 40. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 70. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá yrði ekki annað séð en að tilteknir aðilar hefðu veitt Fjármálaeftirlitinu rangar eða villandi upplýsingar sem kynni að fela í sér brot á 2. mgr. 111. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 146. gr. almennra hegningarlaga.<sup>498</sup> Í kjölfarið hóf efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsókn á sölu stofnfjárbréfa í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Stjórn sparisjóðsins leitaði álits lögfræðings á kröfu Fjármálaeftirlitsins um að samþykkja engin frekari framsöl á stofnfjárhlutum og taldi hann að ekki væri um að ræða skýrt afmarkaða stjórnvaldsákvörðun sem meinaði stjórn sparisjóðsins að samþykkja framsalsbeiðnir.<sup>499</sup> Í kjölfarið samþykkti stjórnin rúmlega tuttugu framsalsbeiðnir á fundi sínum 10. febrúar 2006.<sup>500</sup> Stjórn Fjármálaeftirlitsins brást við með því að leggja féviti á stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar þar sem ekki væri farið að fyrirmælum stofnunarinnar.<sup>501</sup> Stjórn sparisjóðsins mótmælti og taldi lagaheimildir skorta<sup>502</sup> en fékk ekki að gert, og ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að beita sparisjóðinn féviti upp á 1,5 milljónir króna.<sup>503</sup>

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til stjórnar sparisjóðsins 20. febrúar kom fram að það hefði ákveðið að takmarka atkvæðisrétt sex stofnfjáreigenda þannig að sameiginlega færu þeir ekki með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Taldi það þessa aðila mynda óbeinan virkan eignarhlut í sparisjóðnum.<sup>504</sup> Jafnframt var ákveðið að Íslandsbanki hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. færu sameiginlega með í mesta lagi 5% atkvæðisrétt í sparisjóðnum. Fjármálaeftirlitið ákvað einnig að taka til athugunar hæfi þriggja stjórnarmanna til setu í stjórn sparisjóðsins með hliðsjón af aðkomu þeirra að athugun þess á virkum eignarhlut í sparisjóðnum. Þá var farið fram á það við stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar að aðalfundi sparisjóðsins, sem halda átti 21. febrúar 2006, yrði frestað um ótiltekinn tíma í ljósi þess að stofnast hefði óbeinn virkur eignarhlutur tiltekinna aðila í sparisjóðnum sem væri til skoðunar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.<sup>505</sup>

Stjórn sparisjóðsins féllst ekki á beiðnina og í svarbréfi stjórnarformanns sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins var lagagrundvöllur hennar dreginn í efa og óvissan um aðalfund og lok rannsóknar Fjármálaeftirlitsins sögð „óbærileg bæði fyrir stjórnarmenn, starfsmenn og viðskiptavinum sjóðsins“. Þar kom einnig fram að stjórnarmennirnir þrír sem Fjármálaeftirlitið hefði til athugunar hefðu dregið stjórnarframboð sín til baka og aðrir gefið kost á sér í þeirra stað.<sup>506</sup> Aðalfundur sparisjóðsins var því haldinn 21. febrúar 2006 í óþökk Fjármálaeftirlitsins. Á fundinum var samþykktum Sparisjóðs Hafnarfjarðar breytt mikið, meðal annars var veðsetning stofnfjár heimiluð, takmörk á fjölda hluta í eigu einstakra stofnfjáreigenda afnumin og rafræn útgáfa stofnfjárbréfa heimiluð. Þegar kom til stjórnarkjörs var Páll Pálsson einn þeirra þriggja sem drógu til baka framboð sitt til stjórnar sparisjóðsins í ljósi athugunar Fjármálaeftirlitsins á hæfi þeirra til setu í stjórn fjármálafyr-

496. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 29. ágúst 2005.

497. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 30. nóvember 2005.

498. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 16. desember 2005.

499. Bréf Lárentsinusar Kristjánssonar til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 9. febrúar 2006.

500. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar, 10. febrúar 2006.

501. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 17. febrúar 2006.

502. Bréf Lárentsinusar Kristjánssonar til Fjármálaeftirlitsins 28. febrúar 2006.

503. Fundargerð stjórnar Fjármálaeftirlitsins, 9. mars 2006.

504. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 20. febrúar 2006.

505. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 20. febrúar 2006.

506. Bréf stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 21. febrúar 2006.



irtækis. Í skýrslu Páls fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að hann taldi Fjármálaeftirlitið hafa þvingað sig til að hætta í stjórn sparisjóðsins. Hann hefði fengið þau skilaboð að færi hann ekki úr stjórninni myndi stofnunin halda afskiptum sínum áfram.<sup>507</sup>

Fjármálaeftirlitið hélt rannsókn sinni áfram næstu mánuði og 16. maí 2006 tilkynnti það stjórn sparisjóðsins um þá ákvörðun sína að bæta þeim Páli Pálssyni og Ingólfi Flygenring í hóp þeirra sex stofnfjárhafa sem sættu takmörkun á atkvæðisrétti umfram 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum, þar sem þeir væru aðilar að óbeinum virkum eignarhlut í Sparisjóði Hafnarfjarðar.<sup>508</sup> Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um skerðingu atkvæðisréttar tiltekinna stofnfjárhafa voru kærðar til kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Niðurstaða kærunefndarinnar var í öllum málunum sú að Fjármálaeftirlitið hefði ekki sýnt fram á aðild stofnfjárhafanna að virkum eignarhlut í sparisjóðnum. Þá hefði málsmeðferð Fjármálaeftirlitsins verið gölluð, auk þess sem Fjármálaeftirlitinu væri óheimil meðferð málsins á meðan það væri til meðferðar hjá öðru stjórnvaldi, þ.e. lögreglu. Kærunefndin ómerkti því úrskurði Fjármálaeftirlitsins.<sup>509</sup>

Fjármálaeftirlitið höfðaði þá dómsmál gegn Birni Þorra Viktorssyni annars vegar og Magnúsi Ármann hins vegar þar sem þess var krafist að úrskurðir kærunefndarinnar í málum þeirra yrðu felldir úr gildi. Þegar hér var komið sögu hafði stofnfjäreigendafundur Sparisjóðs Hafnarfjarðar ákveðið að slíta sparisjóðnum og sameina hann Sparisjóði vélstjóra og í ljósi þess taldi Hæstiréttur að Fjármálaeftirlitið hefði ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn dómsins um kröfur í málunum og vísaði báðum málum frá dómi.<sup>510</sup>

### 18.5.2.2 Sameining Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra

Eins og rakið hefur verið hófust viðræður milli stjórna Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra um hugsanlega sameiningu sparisjóðanna snemma árs 2006. Á stjórnarfundum Sparisjóðs vélstjóra 21. apríl 2006 var lagt fyrir verðmat á Sparisjóði vélstjóra og Sparisjóði Hafnarfjarðar sem Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, vann. Samkvæmt matinu skyldi hlutur Sparisjóðs vélstjóra vera um það bil tveir þriðju hlutar á móti einum þriðja hluta Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Á fundinum var stjórnarformanni og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs vélstjóra veitt heimild til frekari viðræðna við Sparisjóð Hafnarfjarðar.

Á stjórnarfundum í Sparisjóði Hafnarfjarðar 27. apríl 2006 var samþykkt að fela stjórnarformanni að hefja formlegar viðræður við Sparisjóð vélstjóra um samruna sparisjóðanna tveggja. Samrunaáætlunin var svo undirrituð á stjórnarfundum Sparisjóðs vélstjóra 2. júní 2006 og 13. júní sama ár undirritaði stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar samrunaáætlunina. Skiptihlutföll við sameininguna voru endanlega ákveðin þannig að Sparisjóður Hafnarfjarðar fengi 39% stofnfjár í hinum sameinaða sjóði. Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar boðaði til stofnfjárhafafundar 1. desember 2006. Fyrsti dagskrárliður fundarins var tillaga að breytingum á samþykktum sparisjóðsins vegna fyrirhugaðs samruna við Sparisjóð vélstjóra. Í fundarboðinu kom fram að í samrunanum fælist að stofnfé Sparisjóðs vélstjóra hækkaði um 84,4 milljónir króna, úr 132 milljónum króna í 216,4 milljónir krónur. Nýja stofnféð myndi síðan ganga til stofnfjäreigenda Sparisjóðs Hafnarfjarðar við sameininguna og kæmi í stað stofnfjár þeirra, sem hefði verið aukið til að jafna skiptihlutföll.

Tillaga um samrunann var samþykkt á fundinum og var honum síðan slitið. Á sama tíma var stofnfjäreigendafundur hjá Sparisjóði vélstjóra þar sem tillaga um samrunann var einnig samþykkt. Hlé var gert á fundum sparisjóðanna og var þeim síðan fram haldið sameiginlega, sem fundi í sameinuðum sparisjóði með þátttöku stofnfjáraðila sparisjóðanna beggja, eins og ráðgert hafði verið við undirbúning fundanna. Þar var kjörin stjórn hins sameinaða sparisjóðs og var hún skipuð Jón Þorsteini Jónssyni formanni, Agli Ágústssyni varaformanni, Styrmi Þór Bragasyni, Matthíasi Imsland og Magnúsi Ármann. Fjármálaeftirlitið samþykkti samrunann 8. desember 2006.

507. Skýrsla Páls Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. mars 2012.

508. Bréf Fjármálaeftirlitsins til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 16. maí 2006.

509. Sjá úrskurði kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 2/2006, 5/2006, 6/2006, 7/2006 og 10/2006.

510. Dómar Hæstaréttar 23. apríl 2007 í málum nr. 198/2007 og 199/2007.

### 18.5.3 Stofnfé og stofnfjáreigendur Byrs sparisjóðs

Sameinaði sparisjóðurinn sem varð til við sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar hét í fyrstu Sparisjóður vélstjóra. Boðað var til fyrsta aðalfundar hins sameinaða sparisjóðs 13. mars 2007. Tilkynnt hafði verið 3. mars að sparisjóðnum hefði verið valið nafnið „Byr sparisjóður“ og á aðalfundinum var samþykktum sjóðsins breytt á þann veg. Á fundinum var einnig samþykkt heimild til stjórnar Byrs sparisjóðs um að auka stofnfé sjóðsins í allt að 30 milljarða króna. Í skýrslu stjórnar kom fram að stefnt væri að því að nýta fimm tung heimildarinnar á seinni hluta árs 2007 í samræmi við arðsemismarkmið. Stofnfjárukning væri nauðsynleg til að sparisjóðurinn væri „vel í stakk búinn með skömmum fyrirvara til að takast á við umfangsmikil fjármálatengd verkefni, jafnt innan lands sem erlendis“.<sup>511</sup> Loks var sú stjórn sem kosin hafði verið 1. desember endurkjörin.

Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar voru mun færri en í Sparisjóði vélstjóra við sameininguna 1. desember 2006. Í Sparisjóði Hafnarfjarðar voru stofnfjáreigendurnir einungis 30, sem var lágmarksfjöldi stofnfjáreigenda, en stofnfjáreigendur í Sparisjóði vélstjóra voru 541. Við sameininguna áttu sex aðilar stofnfjárhluti í báðum sjóðum. MP Fjárfestingarbanki og tengdir aðilar voru þar stærstir með 314 hluti í Sparisjóði vélstjóra og 5 hluti í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Var bankinn því einn stærsti eigandinn í báðum sparisjóðunum fyrir sameiningu. Í töflu 49 má sjá 10 stærstu stofnfjáreigendur í hvorum sparisjóði fyrir sig fyrir sameiningu, og svo 20 stærstu eigendur af stofnfjárlista í sameinuðum sparisjóð 28. desember 2006.<sup>512</sup>

Tafla 49. Stærstu stofnfjáreigendur í Sparisjóði vélstjóra, Sparisjóði Hafnarfjarðar og Byr sparisjóði við sameiningu.<sup>513</sup>

Sparisjóður vélstjóra		Stofnfé	Byr sparisjóður		Stofnfé
1	MP Fjárfestingarbanki hf.	9,800%	1	MP Fjárfestingarbanki hf.	16,740%
2	Fleða ehf.	9,450%	2	Saxhóll ehf.	6,359%
3	Guðmundur Albert Birgisson	7,051%	3	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	5,885%
4	Sólstafir ehf.	6,708%	4	Imon ehf.	4,097%
5	Saxhóll ehf.	6,271%	5	Sólstafir ehf.	4,092%
6	Glitnir hf.	4,150%	6	Guðmundur Albert Birgisson	3,922%
7	Víkur ehf.	1,342%	7	Kevin Stanford og Karen Millen	3,354%
8	Sund ehf.	1,279%	8	Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.	2,648%
9	nb.is-sparisjóður hf.	0,655%	9	Myllan-brauð ehf.	2,458%
10	Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson	0,562%	10	Sparisjóður Kópavogs	2,135%
11	Jóna Gróa Sigurðardóttir	0,499%	11	Fjárfestingafélagið Primus ehf.	2,097%
			12	Fjárfestingafélagið Klettur ehf.	2,517%
	<b>Sparisjóður Hafnarfjarðar</b>	<b>Stofnfé</b>	13	Fons Eignarhaldsfélag ehf.	1,677%
1	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	8,603%	14	Hagar ehf.	1,677%
2	Kevin Stanford og Karen Millen	8,603%	15	LL-Eignir ehf.	1,677%
3	MP Fjárfestingarbanki hf.	7,527%	16	Skarðshyrna ehf.	1,677%
4	SPV fjárfesting ehf.	5,376%	17	Helgi Vilhjálmsson	0,839%
5	Sparisjóður Kópavogs	5,376%	18	Matthías Á. Mathiesen	0,839%
6	Ziltis Inc.	4,301%	19	Páll Pálsson	0,839%
7	Skarðshyrna ehf.	4,301%	20	Sphinx ehf.	0,839%
8	Sigurður Bollason ehf.	4,301%			
9	Saxhóll ehf.	4,301%			
10	Myllan-brauð ehf.	4,301%			
11	LL-eignir ehf.	4,301%			
12	Hagar ehf.	4,301%			
13	Fons Eignarhaldsfélag hf.	4,301%			
14	Bygg ehf.	4,301%			

Samkvæmt samþykktum Byrs sparisjóðs, sem samþykktar voru á aðalfundinum 13. mars 2007, skyldi lágmarksstofnfé sparisjóðsins vera 216,3 milljónir króna og skiptast í jafnmarga einnar krónu hluti. Stofnfé sparisjóðsins var rúm 231 milljón króna, eða 1,7% af heildar eigin fé, sem var 13.917 milljónir króna. Stofnfjáreigendur áttu einn eða fleiri jafngilda

511. Fundargerð aðalfundar Byrs sparisjóðs, 13. mars 2007.

512. Stofnfjáreigendalisti Sparisjóðs vélstjóra 7. september 2006, Sparisjóðs Hafnarfjarðar 14. júlí 2006 og sameinaður listi 28. desember 2006.

513. Stofnfjáreigendalisti Sparisjóðs vélstjóra 2006, Sparisjóðs Hafnarfjarðar 2006 og Byrs sparisjóðs 2007.

stofnfjárluti og var atkvæðisréttur í hlutfalli við stofnfjáreign. Sala eða annað framsal stofnfjárluta var óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar og átti það sama við um veðsetningu stofnfjárluta. Eins og áður sagði var stjórn sparisjóðsins heimilt að auka stofnfé hans í allt að 30 milljarða króna. Stjórninni var falið að útfæra slíka hækkun nánar og gildi heimildin til ársins 2012. Stofnfjáreigendur skyldu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við stofnfjáreign sína á nánar tilgreindu áskriftartímabili. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnféð umfram þá heimild sem stjórn hafði, samkvæmt fyrrnefndum samþykktum, með áskrift nýrra stofnfjárluta. Í fundarboði skyldi þá greina frá tillögu stjórnar um stofnfjárukningu og tillögu um hvernig að henni skyldi staðið. Með tillögunni skyldi leggja fram skýrslu stjórnar um fjárhagslega stöðu sparisjóðsins og breytingar á henni frá síðasta ársreikningi, ásamt umsögn endurskoðanda. Enn fremur var heimilt að auka stofnfé umfram heimild stjórnar með endurmati á stofnfé og með ráðstöfun hluta hagnaðar. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins frá 15. janúar 2010 voru framsal og önnur ráðstöfun stofnfjárluta í sparisjóðnum heimil án takmarkana og hið sama átti við um veðsetningu stofnfjárluta.

Snemma sumars 2007 hófst vinna hjá fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka hf. við að skoða Byr sparisjóð. Fram kom í skýrslu starfsmanns fyrirtækjaráðgjafar fyrir héraðsdómi að frumkvæðið að könnun Glitnis hefði komið frá Magnúsi Ármann, stjórnarmanni í Byr sparisjóði, og Þorsteini Jónssyni, Jóni Sigurðssyni og Lárusi Welding.<sup>514</sup> Lárus var bankastjóri Glitnis banka hf. en Jón og Þorsteinn sátu í stjórn bankans. Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis útbjó glærुकynningu með yfirskriftinni „Hlutafélagavæðing sparisjóðanna“ sem kynnt var fyrir Magnúsi Ármann og Jóni Þorsteini Jónssyni, stjórnarformanni Byrs sparisjóðs. Í glærुकynningunni var farið yfir lagaumhverfi sparisjóða og möguleika til hækkunar stofnfjár og arðgreiðslna. Þá var teiknað upp ferli fyrir hlutafélagsvæðingu Byrs sparisjóðs, en þar var fyrsta skrefið umtalsverð stofnfjárukning. Mikilvægt þótti að tímasetja stofnfjárukninguna með tilliti til arðgreiðslna sparisjóðsins, en möguleiki á að greiða út arð umfram hagnað ársins var hluti af næsta skrefi hlutafélagsvæðingar. Því næst átti að fara fram mat á virði sparisjóðsins og því hvað sanngjarnt væri að kæmi í hlut stofnfjáreigenda. Samkvæmt kynningunni átti ferlinu að geta lokið með breytingu sparisjóðsins í hlutafélag í júní 2008.<sup>515</sup> Talið var að líta mætti á hlutafélagsvæðingu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sem fyrirmynd um „eðlilegt gagngjald“ fyrir hverja krónu stofnfjár. Á glærurunum sagði: „Mat Glitnis er að hækka skuli stofnfé um 20–30 milljarða á grundvelli núverandi samþykta BYRS sem gefa stjórn sjóðsins heimild til stofnfjárhækkana allt að 30 milljörðum“. Þá væri mikilvægt að tryggja öllum stofnfjáreigendum fjármögnun til kaupa á nýju stofnfé.<sup>516</sup>

Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs 1. júní 2007 var farið yfir viðræður sem höfðu átt sér stað milli stjórnarformanna Byrs og Sparisjóðs Kópavogs. Kynnt var að þeir hefðu fengið umboð til sameiningarviðræðna og samþykkt að KPMG tæki að sér að verðmeta sjóðina. Á næsta fundi, 2. júní 2007, var síðan kynnt að skiptihlutföll hefðu verið ákveðin þannig að Byr sparisjóður fengi 87% stofnfjár í sameinuðum sjóði. Samrunaáætlun sparisjóðanna var undirrituð 27. júní 2007 af stjórnnum þeirra beggja. Samrunaáætlunin byggði á því að stofnfjáreigendur Sparisjóðs Kópavogs fengju eingöngu stofnfé í Byr sparisjóði í skiptum fyrir stofnfé sitt, og yrði sá hlutur 447 milljónir króna að nafnverði. Á fundi stjórnar Byrs 23. ágúst var síðan kynnt að auka þyrfti stofnfé í sparisjóðnum um tæpa 2,8 milljarða króna í tengslum við samrunann. Útboðið stóð 3.–17. september 2007 og var boðið út stofnfé að nafnverði 1.566 milljónir króna og söluverðið að teknu tilliti til endurmats var 1,897517 krónur á hlut. Heildarverðmæti aukningarinnar nam 2.971 milljón króna og að henni lokinni var stofnféð í Byr sparisjóði komið upp í 3.220 milljónir króna að teknu tilliti til ónýttar heimildar til endurmats stofnfjár.<sup>517</sup> Stofnfjáreigendur áttu forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við stofnfjáreign sína en ónýttur áskriftarréttur féll í skaut stofnfjáreigendum sem vildu nýta hann. Að því loknu hafði stjórn sparisjóðsins heimild til að selja óseld bréf öðrum kaupendum. Gert var ráð fyrir að hlutur stofnfjárhafa sem

514. Vitnaskýrsla Einaris Sigurðssonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í máli E-2972/2010.

515. Hlutafélagavæðing sparisjóðanna, glærुकynning unnin af fyrirtækjaráðgjöf Glitnis.

516. Hlutafélagavæðing sparisjóðanna, glærुकynning unnin af fyrirtækjaráðgjöf Glitnis.

517. Lýsing Byrs sparisjóðs, útboðslýsing vegna útgáfu nýs stofnfjár hjá Byr sparisjóði, 31. ágúst 2007.

nýtti ekki forkaupsrétt sinn myndi skerðast um 9,3% og yrði því aðeins 7,7% af fyrri eignarhlut. Mikil þátttaka var í útboðinu og nýttu 99,5% stofnfjáreigenda forkaupsrétt sinn. Allt stofnféð seldist.

Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Kópavogs samþykktu samruna sparisjóðanna á stofnfjáreigendafundi 28. september 2007 og stofnfjáreigendur Byrs sparisjóðs samþykktu samrunann á stofnfjáreigendafundi 3. október 2007. Samruninn var samþykktur með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið sendi bréf til stjórnna Sparisjóðs Kópavogs og Byrs í október 2007 til að kanna hvort virkur eignarhlutur hefði myndast við sameiningu sparisjóðanna og stjórnir beggja svöruðu, eftir að hafa kannað lista yfir stofnfjáreigendur í báðum sjóðum, að þeim væri ekki kunnugt um nein tengsl stofnfjáreigenda sem myndu leiða til myndunar virks eignarhluta við sameininguna.<sup>518</sup> Fjármálaeftirlitið samþykkti síðan samruna sparisjóðanna athugasemdalaust 14. nóvember 2007. Við samrunann fjölgaði stofnfjáreigendum Byrs sparisjóðs um 501, en alls voru stofnfjáreigendur 1.322 í lok ársins.

Sama dag og stofnfjáreigendafundur Byrs sparisjóðs samþykkti samrunann við Sparisjóð Kópavogs samþykktu stjórnir Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga samrunaáætlun sjóðanna. Viðræður stjórnarformanna og sparisjóðsstjóra höfðu hafist í júlí 2007 og niðurstaðan af því var að Sparisjóður Norðlendinga yki stofnfé sitt um 234,9 milljónir króna að nafnverði og yrði stofnfé hans því 387,6 milljónir króna að nafnverði eftir stofnfjárukningu. Við sameininguna fengu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Norðlendinga eingöngu stofnfé í Byr sparisjóði í skiptum fyrir stofnfé sitt. Skiptihlutföll á milli sjóðanna yrðu þau að Byr sparisjóður fengi 90,5%.<sup>519</sup> Samruninn var samþykktur á fundi stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðlendinga 15. október 2007. Í sjónvarpsviðtali degi síðar sagði Ragnar Z. Guðjónsson, þáverandi sparisjóðsstjóri Byrs sparisjóðs, að ef allt gengi að óskum gæti Byr breytt rekstrarformi sínu í hlutafélag á árinu 2008. Helsti kostur þess væri auðveldari aðgangur að fjármagni, auk þess sem hlutafélag hentaði fjármálafyrirtæki sem vildi stækka hratt mun betur en sparisjóðsformið. Um það hvort sparisjóðurinn yrði á endanum tekinn yfir af einhverjum af stóru bönkunum sagði Ragnar ljóst að hlutverk stjórnenda sparisjóðsins væri að sjá til þess að það yrði ekki gert.<sup>520</sup> Við skýrslutökur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Ragnar spurður út í þetta og sagði:

Gott að þú kemur inn á þetta vegna þess að allt sumarið 2007 er ég að neita því í fjölmiðlum, það var svoleiðis sótt að mér af fjölmiðlum, að við værum að sameinast Glitni og við værum að hlutafjárvaðast. Sannleikanum samkvæmt neitaði ég þessu öllu saman því það var engin umræða um slíkt.

Spyrjandi: Það hefur ekkert verið talað um þetta á stjórnarfundum?

Ragnar: Ekki neitt og þetta var rosalega óþægilegt. Við fréttum það innan úr Glitni að þar væri bara allt á fullu og það væri meðal annars verið að kortleggja útibúanetið og [...] hverjir ættu að vera starfsmenn hér og þar, að það væri allt tilbúið hjá Glitni fyrir yfirtöku. Þetta var mjög furðulegur tími. [...] Ég er að koma fram í sjónvarpi til að neita þessu, en því er haldið fram að heimildir fyrir þessu séu mjög áreiðanlegar. Mér fannst ég því illa upplýstur og það var þannig, því ég hafði ekki hugmynd um hvað var í gangi.<sup>521</sup>

Á fundi stjórnar Byrs sparisjóðs 23. nóvember 2007 var samþykkt að auka stofnfé sjóðsins enn frekar með aukningu upp á 12,2 milljarða króna að nafnverði. Stofnfjárútboð Sparisjóðs Norðlendinga hófst fimm dögum síðar og stóð 28. nóvember til 12. desember 2007. Stjórn sparisjóðsins ákvað að nýta útboðið til að auka stofnfé enn meira en samrunaáætlunin gerði ráð fyrir og styrkja þar með nýjan sameinaðan sparisjóð. Viðbótarstofnféð sem boðið var út nam rúmum 2,4 milljörðum króna að nafnverði og nam útboðið samtals hátt í 2,7 milljarða króna að nafnverði.<sup>522</sup> Stjórn sparisjóðsins gerði samning við Glitni hf. um að fjármagna stofnfjárukninguna sem var að söluvirði rúmum 2,7 milljarðar króna.<sup>523</sup>

518. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Kópavogs, 29. október 2007; fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 29. október 2007.

519. Samrunaáætlun Sparisjóðs Norðlendinga og Byrs sparisjóðs skv. 120. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélag, 3. október 2007.

520. Viðtal við Ragnar Z. Guðjónsson í Hádegisviðtali Stöðvar 2, 16. október 2007.

521. Skýrsla Ragnars Z. Guðjónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.

522. Lýsing Sparisjóðs Norðlendinga, 28. nóvember 2007.

523. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Norðlendinga, 27. nóvember 2007.

## Athugun Samkeppniseftirlitsins á kaupum Byrs sparisjóðs á Sparisjóði Kópavogs, Sparisjóði Norðlendinga og Verðbréfastofu sparisjóðanna

Byr sparisjóður tilkynnti Samkeppniseftirlitinu 2. júlí 2007 um fyrirhugaðan samruna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs. Um tilkynningarskyldan samruna var að ræða. Eftir að hafa óskað eftir tilteknum gögnum og að þeim fengnum taldi Samkeppniseftirlitið að þörf væri á frekari rannsókn á samrunanum.

Byr sparisjóður tilkynnti svo Samkeppniseftirlitinu 12. október 2007 um kaup á Sparisjóði Norðlendinga og 29. sama mánuðar um kaup á Verðbréfastofu sparisjóðanna. Samkeppniseftirlitið kallaði einnig eftir gögnum um þessa samruna og taldi að ekki hefði verið tilkynnt um þá með fullnægjandi hætti.

Meðferð þessara mála dróst á langinn, meðal annars vegna erfiðleika Samkeppniseftirlitsins við öflun upplýsinga þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þess efnis. Þegar tilkynnt var um yfirtöku ríkisins á Glitni banka hf. 29. september 2008 losnaði um eignatengsl Glitnis banka og Byrs sparisjóðs. Samkeppniseftirlitið sá þá ekki lengur nein sérstök vandkvæði tengd fyrrgreindum samrunum og taldi af þeirri ástæðu ekki vera forsendur til að fjalla frekar um þá og tilkynnti Byr sparisjóði bréflaga um þessa ákvörðun sína 29. september 2008.

Útboð á stofnfé sem ákveðið var á stjórnarfundum 23. nóvember 2007 stóð dagana 3.–14. desember 2007. Samkvæmt útboðslýsingu var tilgangur stofnfjárukningarinnar að styrkja og efla sparisjóðinn og „gera hann betur í stakk búinn til að takast á við verkefni í nánustu framtíð með skjótum fyrirvara“. Forgangsrétti var skipað með sama hætti og í fyrra útboði og seldust öll stofnfjárbréfin í útboðinu, þar af 98,3% þeirra í grunnrétti.<sup>524</sup>

Stofnfjárukningin var einnig liður í fyrirhugaðri breytingu á rekstrarformi Byrs sparisjóðs í hlutafélag. Þannig var á stjórnarfundum sparisjóðsins 18. október 2007 rætt um „drög að samningi við Glitni um ráðgjöf, sölutryggingu, fjármögnun og útboð í tengslum við breytingu á rekstrarformi BYRS sparisjóðs“.<sup>525</sup> Í samningnum er tiltekið að Byr hafi áætlað að auka stofnfé sparisjóðsins fyrir árslok 2007 þannig að það yrði allt að 30 milljarðar króna. Glitni banki tók að sér að sölutryggja fyrirhugað stofnfjárútboð og tryggja stofnfjáreigendum Byrs fjármögnun til þátttöku í útboðinu. Þá kvað samningurinn einnig á um ráðgjöf Glitnis banka við framkvæmd hugsanlegra breytinga á rekstrarformi Byrs sparisjóðs og átti þóknun Glitnis að vera að lágmarki 240 milljónir króna.<sup>526</sup>

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs sparisjóðs, að stofnfjárukningin hefði verið partur af því að hlutafélagsvæða sjóðinn. Stjórnarformaðurinn sagði að stuðst hefði verið við aðferðafræði sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefði beitt til að ákvarða hlutfall sjálfseignarstofnunar og stofnfjáreigenda í hlutafélaginu. Þá hefðu væntingar um arðgreiðslu haft áhrif á stofnfjárukninguna: „Arðgreiðslan ákvaðst náttúrulega út frá arðsemi þess rekstrarárs sem þetta er gert en rekstrarárið hafði verið mjög gott.“ Þá sagði hann að Glitni hefði í stofnfjárukningunni lagt fram fjármagn „með veði í bréfum og væntum arði“. Arðurinn sem var greiddur til stofnfjáreigenda á aðalfundi 2008 var síðan 12,2 milljarðar króna, eða 154% af hagnaði sjóðsins. Frekari umfjöllun um arðgreiðslur Byrs sparisjóðs er hér aftar í kaflanum.<sup>527</sup>

Á stofnfjáreigendafundi Byrs sparisjóðs 18. desember 2007 var samruninn við Sparisjóð Norðlendinga samþykktur en reikningslegur samruni var miðaður við 1. apríl 2008. Við samrunann bættust 138 stofnfjáreigendur í hóp stofnfjáreigenda Byrs sparisjóðs en alls voru stofnfjáreigendur 1.509 í árslok 2008. Einnig var ný stjórn kosin þar sem sú fyrri hafði sagt af sér. Sjálfkjörnir voru í stjórn, þar sem ekkert mótframboð barst: Egill Ágústsson,

524. „Stærsta stofnfjárukning Íslandssögunnar“, *Fréttablaðið* 5. desember 2007; „Allt stofnfé í stofnfjárukningu hjá Byr seldist“, vefsíða Viðskiptablaðsins 18. desember 2007, <http://www.vb.is/frettir/22691/>.

525. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 18. október 2007.

526. Samningur um ráðgjöf, sölutryggingu, fjármögnun og útboð fyrir Byr sparisjóð, október 2007.

527. Sjá umfjöllun um verðmat Capacent á Byr sparisjóði í tengslum við stofnfjárukninguna í 12. kafla, um eignarhald sparisjóða, stofnfé og arðgreiðslur.

Guðmundur Ingi Jónsson, Jón Þorsteinn Jónsson, Magnús Ármann og Páll Þór Magnússon. Heildarverðmæti stofnfjár Byrs sparisjóðs í árslok 2007 var 27.287 milljónir króna, en það var liðlega 51% af heildar eigin fé sjóðsins sem var 53.196 milljónir króna.

Tafla 50. Þróun stofnfjár í Byr sparisjóði á bókfærðu verði.<sup>528</sup>

Pús. kr.	2006		2007		2008		2009	
Stofnfé	231.377	2%	27.287.009	51%	30.608.437	.	30.608.437	.
Varasjóður	13.716.477	98%	25.909.936	49%	(14.395.218)	.	(53.219.747)	.
Eigið fé	13.947.854	100%	53.196.945	100%	16.213.219	.	(22.611.310)	.

Teknir voru saman listar yfir stærstu stofnfjäreigendur Byrs sparisjóðs á þremur tíma-  
punktum: miðað við stofnfjäreigendalista 1. nóvember 2007 eftir sameiningu við Sparisjóð  
Kópavogs, 7. apríl 2008 eftir sameiningu við Sparisjóð Norðlendinga og loks 30. júní 2009.  
Búið er að tengja saman tengda aðila. Félagið Imon ehf. í eigu Magnúsar Ármann, stjórn-  
armanns í sparisjóðnum, var stærsti eigandi Byrs árið 2007 og 2008 en fór af listanum árið  
2009 í kjölfar veðkalls Landsbanka Íslands hf. Þá er ofarlega á lista Saxhóll ehf. sem var í  
eigu stjórnarformannsins Jóns Þorsteins Jónssonar og systkina hans.

Tafla 51. Stærstu stofnfjäreigendur í Byr sparisjóði 2007–2009.<sup>529</sup>

1. nóvember 2007		7. apríl 2008		30. júní 2009	
Nafn		Nafn		Nafn	
1 Imon ehf.	8,380%	1 Imon ehf.	7,717%	1 Saxhóll ehf.	9,159%
2 Saxhóll ehf.	7,989%	2 Saxhóll ehf.	7,034%	2 Landsbanki Íslands hf.	7,438%
3 Sund ehf.	6,415%	3 Sund ehf.	4,951%	3 IceCapital ehf.	6,017%
4 Bygg invest ehf.	4,274%	4 Imis ehf.	4,615%	4 Kaupthing Lux	4,527%
5 Landsbanki Lux (Kilimanjaro S.a.r.l.)	3,868%	5 Bygg invest ehf.	4,085%	5 Bygg invest ehf.	4,132%
6 Fjárfestingafélagið Primus ehf.	3,366%	6 Landsbanki Lux (Kilimanjaro S.a.r.l.)	3,562%	6 Landsbanki Lux (Kilimanjaro S.a.r.l.)	3,493%
7 Myllan-brauð ehf.	2,880%	7 Fjárfestingafélagið Klettur ehf.	3,375%	7 Fjárfestingafélagið Klettur ehf.	3,310%
8 MP Fjárfestingarbanki hf.	2,485%	8 Fjárfestingafélagið Primus ehf.	3,100%	8 FI fjárfestingar ehf.	3,040%
9 Glitnir hf.	2,213%	9 Myllan-brauð ehf.	2,653%	9 Myllan-brauð ehf.	2,602%
10 Kaupthing.lu Rona Finance Trading Ltd	2,080%	10 Glitnir hf.	2,002%	10 Glitnir hf.	1,964%
11 Sólstafir ehf.	2,079%	11 Sólstafir ehf.	1,915%	11 Exeter Holdings ehf.	1,921%
12 Björn Þorri Viktorsson	1,466%	12 Fons Eignarhaldsfélag ehf.	1,350%	12 Sólstafir ehf.	1,878%
13 Fons Eignarhaldsfélag ehf.	1,466%	13 Glitnir Eignarhaldsfélag ehf.	1,327%	13 Fons hf.	1,324%
14 Glitnir Eignarhaldsfélag ehf.	1,466%	14 Hagar ehf.	1,327%	14 Glitnir Eignarhaldsfélag ehf.	1,301%
15 Hagar ehf.	1,466%	15 Björn Þorri Viktorsson	0,966%	15 Hagar hf.	1,301%
16 Karen Millen	1,466%	16 Sameinaði lífeyrissjóðurinn	0,904%	16 Skarðshyrna ehf.	0,948%
17 Kevin Stanford	1,466%	17 Miðbuðin ehf.	0,899%	17 Sameinaði lífeyrissjóðurinn	0,887%
18 Fjárfestingafélagið Klettur ehf.	0,733%	18 VBS Fjárfestingarbanki hf.	0,749%	18 Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	0,754%
19 Helgi Vilhjálmsson	0,733%	19 Helgi Vilhjálmsson	0,675%	19 Helgi Vilhjálmsson	0,662%
20 Hvítá ehf.	0,733%	20 Þórður Magnússon	0,675%	20 Þórður Magnússon	0,662%
21 Páll Pálsson ehf.	0,733%				
22 Sphinx ehf.	0,733%				
23 VSS ehf.	0,733%				
24 Þórður Magnússon	0,733%				

Í byrjun árs 2008 var farið að huga að hlutafélagsvæðingu Byrs sparisjóðs og á stjórnarfundi  
26. febrúar 2008 var lögð fram tillaga frá endurskoðanda sparisjóðsins um tímaramma  
fyrir þá vinnu sem þyrfti að inna af hendi til að breyta sparisjóðnum í hlutafélag.<sup>530</sup> Á  
stjórnarfundi sparisjóðsins 4. apríl 2008 var samþykkt að stofna hlutafélagsvæðingarnefnd  
undir stjórn Jóns Kr. Sólnes lögmanns en auk hans sátu í nefndinni Gunnar Árnason,  
starfsmaður sparisjóðsins, og Sigurður Jónsson endurskoðandi. Verkefni nefndarinnar  
var að kanna og meta galla og kosti hugsanlegrar hlutafélagsvæðingar og að leiða það  
starf ef stjórn ákvæði að hefja hlutafélagsvæðingu.<sup>531</sup> Á fundinum kom einnig fram að

528. Ársreikningur Sparisjóðs vélstjóra 2006 og Byrs sparisjóðs 2007–2009.

529. Stofnfjäreigendalista Byrs sparisjóðs, 2007–2009.

530. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 26. febrúar 2008.

531. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 6. maí 2008.

gerður hefði verið samningur við Capacent um verðmat á sparisjóðnum og „til að meta sanngjarnt gagngjald til stofnfjáreigenda“.<sup>532</sup> Hugmyndir um hlutafélagsvæðingu voru síðan kynntar stofnfjáreigendum á aðalfundi 9. apríl 2008.<sup>533</sup>

Drög að matsgerð Capacent voru lögð fram á stjórnarfundum sparisjóðsins 27. maí 2008 og féllst stjórnin á aðferðafræðina sem beitt var og fól Capacent að fullklára matsgerðina. Á stjórnarfundum sparisjóðsins 30. júní 2008 var síðan lögð fram greinargerð hlutafélagsvæðingarnefndarinnar, endanleg matsgerð Capacent og samrunaáætlun Byrs sparisjóðs og Byrs sparisjóðs hf. Samkvæmt matsgerð Capacent var markaðsvirði sparisjóðsins 58,2 milljarðar króna. Verðmæti stofnfjár sparisjóðsins var metið 54,4 milljarðar króna og verðmæti varasjóðs hans var metið 3,8 milljarðar. Því myndi skiptihlutfall við sameiningu vera þannig að 93,5% hlutfjár féllu í hlut stofnfjáreigenda en 6,5% rynnu í sérstaka sjálfseignarstofnun sem stofnuð yrði við hlutafélagsvæðingu sjóðsins.<sup>534</sup>

### Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á sameiginlegum yferráðum yfir Glitni banka hf. og Byr sparisjóði

Samkeppniseftirlitið tilkynnti með bréfi 15. maí 2007 um upphaf rannsóknar sinnar á samstarfi ýmissa félaga sem tengdust Glitni banka hf. Tílfni rannsóknarinnar voru umtalsverð viðskipti með hlutabréf í bankanum. Bréfið var sent tilteknum félögum sem átt höfðu viðskipti með bréfin og var óskað upplýsinga frá þeim öllum svo stofnunin gæti lagt mat á viðskiptin. Rannsóknin var umfangsmikil og leiddi í ljós flókin eigna- og stjórnunartengsl milli félaganna og eigenda þeirra.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins lá fyrir ári síðar eða 26. maí 2008:

Með hliðsjón af því að þorri hlutfjár eða drjúgur hluti stofnfjár í BYR og Glitni eru í eigu sama fyrirtækjahóps, tengslum þeim sem fyrirfinnast innan þessa fyrirtækjahóps, ásamt því að fjárhagsleg afkoma þessara aðila er verulega samtvinnuð og með hliðsjón af tengslum stjórnarmanna félaganna tveggja og þeirri staðreynd að meirihluti stjórnarmanna BYR og Glitnis tengjast málsaðilum og hafa gert um nokkurt skeið telur Samkeppniseftirlitið að tilkynningarskylda á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga hafi stofnast.

Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að félögin FL group hf., Primus eignarhaldsfélag ehf., Baugur hf., Sund hf., Saxhóll hf., Bygg hf., Imon ehf. og Materia Invest ehf. fara sameiginlega með yferráð yfir Glitni banka hf. og Byr sparisjóði. Ber framangreindum fyrirtækjum að tilkynna samrunann í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga.\*

Fyrirgreind félög, sem ákvörðunin beindist að, kærðu ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem felldi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi með úrskurði 5. september 2008 í máli nr. 11/2008. Átaldi áfrýjunarnefndin Samkeppniseftirlitið fyrir að veita Glitni banka hf. og Byr sparisjóði ekki aðilastöðu í málinu. Þar sem það var ekki gert var lítið svo á að andmælaréttur þeirra hefði verið brotinn. Af þeirri ástæðu taldi kærunefndin óhjákvæmilegt að ómerkja málsmeðferðina hjá Samkeppniseftirlitinu í heild sinni og felldi ákvörðun þess úr gildi.\*\*

Með yfirtöku ríkisins á Glitni banka hf. 29. september 2008 voru forsendur fyrir frekari aðgerðum í málinu af hálfu Samkeppniseftirlitsins ekki lengur fyrir hendi og var því ekkert aðhafst frekar í málinu.

\* Samkeppniseftirlitið, mál nr. 0705008, Yferráð yfir Glitni banka og Byr sparisjóði, 26. maí 2008.

\*\* Kærunefnd samkeppnismála, mál nr. 11/2008, 5. september 2008.

Tillaga um að breyta Byr sparisjóði í hlutafélag var síðan samþykkt á fundi stofnfjárhafa 27. ágúst 2008. Eftir það var lítið bókað um framgang málsins í stjórnarfundargerðum, en á fundi stjórnar 4. nóvember 2008 var bókað að rætt hefði verið um stöðu hlutafélagsvæðingar og fram hefði komið að ekki hefðu allir erlendir lánardrottnar samþykkt breytinguna. Á fundi sparisjóðsins 20. nóvember var bókað að stjórn teldi „nauðsynlegt að fara að nýju í stefnumótunarvinnu“. Á næsta fundi á eftir var upplýst undir liðnum „Stefnumótunarvinna“ að stefnumótunarumræðu hjá Byr hefði verið frestað vegna hugsanlegra sameiningarvið-

532. Fundargerð stjórnar Byrs sparisjóðs, 4. apríl 2008.

533. Fundargerð aðalfundar Byrs sparisjóðs, 9. apríl 2008.

534. Fjallað er um verðmöt á sparisjóðum í 12. kafla.

ræðna við Sparisjód Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðinn í Keflavík. Undirrituð hefði verið viljayfirlýsing þar sem stjórnir sjóðanna samþykktu að hefja undirbúning að vinnu sem hefði það að markmiði að leggja tillögu fyrir fundi stofnfjáreigenda og hluthafa um að sameina sjóðina. Þó var bókað að stjórn væri „sammála um að sameining þessi væri ekki fær nema á forsendum Byrs og að hagsmunir stofnfjáreigenda, starfsmanna og viðskiptavina Byrs yrðu hafðir að leiðarljósi“.

Í tengslum við undirbúning hlutafélagsvæðingar var Byr sparisjóður hf. stofnað 30. maí 2008 og var tilgangur þess að yfirtaka rekstur Byrs sparisjóðs í samræmi við ákvæði þágildandi 73. gr. laga nr. 161/2002. Einnig var stofnuð sjálfseignarstofnunin Byr sparisjóður ses. 31. nóvember 2008. Ekkert varð úr áformum um hlutafélagsvæðingu Byrs sparisjóðs og aldrei varð neinn rekstur í Byr sparisjóði hf. samkvæmt ársreikningum félagsins. Með lögum nr. 76/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002, sem tóku gildi 14. júlí 2009, voru ákvæði um heimild til að breyta sparisjóði í hlutafélag felld úr gildi.<sup>535</sup> Byr sparisjóður sótti um 20% eiginfjárframlag frá ríkinu 13. mars 2009 og fór þá í ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar.

### Aðalfundur Byrs sparisjóðs 13. maí 2009

Á aðalfundi Byrs sparisjóðs 13. maí 2009 fór fram stjórnarkjör þar sem í framboði voru tveir listar, A-listi og B-listi. Á þeim síðarnefnda voru meðal annars fyrrverandi stjórnarmenn sparisjóðsins en framboð A-listans var skipað stofnfjáraðilum sem vildu komast í stjórn sparisjóðsins eftir að fram höfðu komið upplýsingar um starfsemi sparisjóðsins sem þóttu orka tvímælis, meðal annars um Exeter-málið svokallaða. Fundarmenn fengu rafræna atkvæðaseðla á grundvelli stofnfjáreignar hvers og eins sem gefnir voru út á fundarstað. Niðurstaða stjórnarkjörsins var að A-listi hlaut 46,1% atkvæða en B-listi 48,7% og meiri hluta stjórnarmanna. Sitjandi stjórnarformaður sparisjóðsins, Ágúst Ármann, framvísaði umboði frá Kaupþingi í Lúxemborg. Vafi lék á gildi umboðsins sem að lokum var úrskurðað gilt á fundinum af lögfræðingi sparisjóðsins. Á fundinum fóru fulltrúar A-lista fram á að fá aðgang að umboðinu þar sem þeir töldu að væri umboðið ógilt hefðu þeir sigrað í kosningunni. Því var því hafnað af Jóni Kr. Sólnes, sem þá hafði verið kosinn stjórnarformaður sjóðsins, og taldi fundarstjóri sig ekki geta hlutast til um málið.

Fjármálaeftirlitið var upplýst um málið 15. maí sama ár en það taldi ágreining aðila vera einkaréttarlegs eðlis því ekki væri um að ræða meint brot gegn ákvæðum laga 161/2002. Það gæti hins vegar varðað refsingu að hafa áhrif á kosningar í hlutafélögum með ólögmetum hætti samkvæmt 155. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og slík brot bæri að kæra til lögreglu. Það var gert sama dag. Þremur dögum síðar, 18. maí 2009, lá fyrir að lögregla myndi ekki aðhafast í málinu. Einn stjórnarmanna sem var í framboði fyrir A-lista fékk umboðið í hendur 25. maí 2009. Kom þá í ljós að umboðið var ekki í frumriti, ekki vottað og veitti umboð vegna stofnfjárluta í fjárvörslu á safnreikningi hjá bankanum. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins bar að dagsetja umboð og vottfesta. Þá var stofnfjáreigendum einungis heimilt að fela öðrum umboð til að fara með rétt sinn á fundi stofnfjáreigenda. Sá einn gat talist stofnfjáreigandi sem skráður var í stofnfjáreigendaskrá sparisjóðsins. Ætla má að fjárvörsluaðilar stofnfjárbréfa hafi ekki haft heimild til að gefa út umboð. Hópur stofnfjáreigenda fór fram á lögbindisbeiðni í júní 2009 á stjórnarsetu eins þeirra þriggja sem tóku sæti í stjórn fyrir hönd B-lista. Beiðninni var hafnað og átti B-listi meiri hluta stjórnarmanna Byrs sparisjóðs allt þar til Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins 22. apríl 2010.

## 18.6 Arður af stofnfjáreign í Byr sparisjóði, forverum hans og sparisjóðum sem sameinuðust honum

Byr sparisjóður greiddi stofnfjárhöfum tvisvar sinnum arð af stofnfénu, þ.e. árin 2007 og 2008 vegna áranna 2006 og 2007, samtals rúma 12,3 milljarða króna. Fyrri arðgreiðslan var í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða, en hins vegar var hún lítillaga breytt frá tillögu stjórnar og samþykkt aðalfundar sem tiltók að greiddur skyldi 16% arður, að fjárhæð 37 milljónir króna.<sup>536</sup> Í reynd voru greiddar 38,9 milljónir króna, eða 16,8% af

535. Sjá nánari umfjöllun í 4. og 12. kafla.

536. Fundargerð aðalfundar Byrs sparisjóðs 13. mars 2007, sbr. fundargerð stjórnar 5. mars 2007.



stofnfé, í lok árs 2006. Síðari arðgreiðslan var 185 milljónum króna hærrí en samþykkt aðalfundar hljóðaði upp á, það er að segja 44,7% í stað 44% af stofnfé.<sup>537</sup> Raunávöxtun eigin fjár sparisjóðsins árið 2007 var 41,7%, þannig að tillaga stjórnar sem aðalfundur samþykkti var nokkuð hærrí. Þessi arðgreiðsla var því umfram það heimilt var.<sup>538</sup> Samkvæmt ársreikningi Byrs sparisjóðs 2008 var greiddur arður upp á 12.191 milljón króna vegna ársins 2007.<sup>539</sup> Það var 4.260 milljónum króna umfram hagnað ársins 2007. Þá er búið að taka tillit til ónýttar heimildar til arðgreiðslu vegna upptöku IFRS hjá Sparisjóði vélstjóra árið 2006 upp á tæpar 2 milljónir króna sem hefði mátt greiða út árið 2007.<sup>540</sup> Byr sparisjóður greiddi ekki arð eftir þetta. Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.<sup>541</sup> Arðgreiðslur og forsendur þeirra eru tíundaðar í töflu 52.

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.<sup>542</sup> Árin 2006 og 2007 var stofnfé Byrs sparisjóðs hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um tæpar 298 milljónir króna. Endurmat vegna ársins 2007 var rúmum 188 milljónum króna hærrí en löggin heimiluðu. Þar sagði að nýtt stofnfé nyti hlutfallslegs endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Tvær miklar stofnfjár- aukningar í sparisjóðnum á árinu 2007, upp á tæpa 2,6 milljarða króna seint í september og rúma 23,7 milljarða króna seint í desember, áttu því ekki að veða mikið við útreikning á endurmatinu. Heimilt var að endurmeta stofnféð um 95,6 milljónir króna en í ársreikningi 2007 voru 284 milljónir króna færðar úr varasjóði til hækkunar stofnfjár undir þessum lið. Stofnfé var svo ekki verðbætt eftir 2007.

Í sömu lögum var einnig heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.<sup>543</sup> Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðalfundi sparisjóðsins 2007 var samþykkt að hækka stofnfé í lok næstliðins árs um 5%. Það var gert og stofnfé þannig hækkað um 11,6 milljónir króna. Á aðalfundi sparisjóðsins 2008 var samþykkt að hækka stofnféð um 3% með sérstöku endurmati vegna ársins 2007, en þá var þegar búið að ráðstafa öllum hagnaðinum, og meira til, í arð.<sup>544</sup> Sú samþykkt var því ekki í samræmi við heimildir laga til ráðstöfunar hagnaðar. Af hækkuninni varð þó ekki, enda varð tap sparisjóðsins 2008 meira en sem nam varasjóðnum og því ekki af neinu að taka. Alls var stofnfé hækkað með sérstöku endurmati vegna árána 2005 og 2006 um 18,2 milljónir króna.

Í töflum 52–56 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru reiknuð út. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæðan er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmda og því sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

537. Fundargerð aðalfundar Byrs sparisjóðs 9. apríl 2008, sbr. fundargerð stjórnar 4. apríl 2008.

538. Samkvæmt 68. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var ekki heimilt að ráðstafa meiru í arð og sérstakt endurmat en sem næmi hagnaði viðkomandi árs. Í athugasemdum Jóns Þorsteins Jónssonar, fyrrverandi stjórnarformanns, til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 kom fram að stjórnarmenn hefðu ekki reiknað út arðinn. Útreikningur hans hefði verið í höndum endurskoðenda sem báru arðgreiðsluna undir Fjármálaeftirlitið, en það gerði engar athugasemdir við þessa framkvæmd. Um nánari umfjöllun um heimildir til arðgreiðslu vísast til 12. kafla.

539. Samkvæmt ársreikningnum nam arðgreiðslan 13.471 milljón króna. Af þeirri fjárhæð voru 1.280 milljónir króna arðgreiðsla sem síðasti aðalfundur Sparisjóðs Norðlendinga samþykkti vegna atkomu hans á árinu 2007. Hér er sú arðgreiðsla ekki meðtalin í umfjölluninni um Byr sparisjóð heldur fjallað um hana í tengslum við Sparisjóð Norðlendinga aftar í kaflanum.

540. Í bréfi Tryggingasjóðs sparisjóða til allra sparisjóða 10. desember 2007 var greint frá samþykkt stjórnar Tryggingasjóðs um hámark arðgreiðslu vegna 2007. Þar var ákvæði um að taka mætti tillit til hækkunar á eigin fé vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskila og greiða arð út á hana á næstu fjórum árum. Sjá nánar um þetta í 12. kafla.

541. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

542. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

543. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

544. Heimilt er að nýta hluta hagnaðar til sérstaks endurmats stofnfjár.

Tafla 52. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Byrs sparisjóðs 2006–2009.<sup>545</sup>

<i>Pús. kr.</i>	2006	2007	2008	2009
Arður vegna ársins	38.871	12.190.989	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	231.377	27287.009	30.608.437	30.608.437
Arður sem hlutfall af stofnfé	16,8%	44,7%	•	•
Arður sem hlutfall af hagnaði	1,5%	153,7%	•	•
Afkoma ársins	2.676.299	7.929.115	(28.881.415)	(38.824.528)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	22,3%	41,1%	5,0%	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði	•	•	•	50,0%
Raunarðsemi ársins	22,3%	41,1%	-66,7%	-228,4%
Verðbólga ársins	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	11.569	–	–	–
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga	8.439	284.083	–	–

### Sparisjóður vélstjóra

Sparisjóður vélstjóra greiddi stofnfjárhöfum jafnan arð af stofnfé þeirra. Arðgreiðslur vegna árána 2001–2005 námu samtals 57,6 milljónum króna. Þær fóru 2,4 milljónir króna fram úr leyfilegu arðgreiðsluhlutfalli vegna ársins 2001, en þá var greiddur 24,8% arður af stofnfé en arðsemi eigin fjár á árinu var 17,2%. Arðgreiðsluhlutfallið vegna 2004 og 2005 var lítillega yfir raunarðsemi eigin fjár þessi sömu ár. Stofnfé í Sparisjóði vélstjóra var hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga og með sérstöku endurmati um samtals 30,6 milljónir króna árin 2001 til 2005. Það var allt gert í samræmi við lög og reglur.

Tafla 53. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005.<sup>546</sup>

<i>Pús. kr.</i>	2001	2002	2003	2004	2005
Arður vegna ársins	7.727	5.560	5.582	14.958	23.755
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	31.186	33.596	37.065	120.684	131.967
Arður sem hlutfall af stofnfé	24,8%	16,5%	15,1%	12,4%	18,0%
Arður sem hlutfall af hagnaði	1,8%	0,8%	1,0%	2,2%	2,1%
Afkoma ársins	418.029	703.030	582.637	682.559	1.123.597
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) – % af stofnfé.	17,2%	23,9%	16,0%	11,7%	17,7%
Raunarðsemi ársins	17,2%	23,9%	16,0%	11,7%	17,7%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	•	1.680	1.853	6.034	6.598
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga	•	658	1.000	7.544	5.249

### Sparisjóður Hafnarfjarðar

Sparisjóður Hafnarfjarðar greiddi stofnfjárhöfum jafnan arð af stofnfé þeirra. Arðgreiðslur vegna árána 2001–2005 námu samtals 6,3 milljónum króna. Arðgreiðsluhlutfallið vegna 2004 var aðeins yfir hámarkinu sem Tryggingasjóður gaf út fyrir það ár. Stofnfé í Sparisjóði Hafnarfjarðar var hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga og með sérstöku endurmati um samtals 3,3 milljónir króna árin 2001 til 2005. Það var allt gert í samræmi við lög og reglur.

545. Ársreikningar Byrs sparisjóðs 2005–2009. Verðbólga ársins er reiknuð út frá tölum frá Hagstofunni með aðferð sem skilgreind er í 8. kafla.

546. Ársreikningar Sparisjóðs vélstjóra 2001–2005.

Tafla 54. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Hafnarfjarðar 2001–2005.<sup>547</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
Arður vegna ársins	576	618	680	1.501	2.954
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	5.762	6.171	6.624	14.689	16.413
Arður sem hlutfall af stofnfé	10,0%	10,0%	10,3%	10,2%	18,0%
Arður sem hlutfall af hagnaði	0,5%	1,1%	0,4%	0,5%	0,4%
Afkoma ársins	108.416	56.979	185.320	319.391	703.887
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) – % af stofnfé	10,0%	15,0%	15,0%	10,0%	18,0%
Raunarðsemi ársins	4,7%	2,3%	7,2%	7,4%	18,0%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	288	308	340	750	–
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga	192	121	–	302	974

### Sparisjóður Kópavogs

Á aðalfundi Sparisjóðs Kópavogs í apríl 1996 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins í þá veru að skipta stofnfjárhlutum í tvo flokka, A- og B-bréf. Nafnverð hvers B-hlutar skyldi vera tólfalt nafnverð hvers A-hlutar en án atkvæðisréttar. Stofnfé var samt ekki aukið fyrr en tveimur árum síðar og um leið samþykkt að arðgreiðsla út á B-hluta skyldi vera 4% hærrí en A-bréfanna. Það var gert í því skyni að auka gildi þeirra sem fjárfestingarkosts.<sup>548</sup> Enn meiri stofnfjárukning átti sér stað á árinu 1999. Þá var orðið ljóst að B-bréfin löðuðu að stóra fjárfesta, t.d. keypti Kaupþing hf. mikið af slíkum bréfum. Stjórn sparisjóðsins áttaði sig fljótt á að þessi forgangur B-bréfanna olli vandræðum. Sparisjóðurinn hafði greitt stofnfjárhöfum 7–8% arð um margra ára skeið en nú varð mikill þrýstingur af þeirra hálfu til að njóta hærrí arðgreiðslna. Mismununin olli einnig úlfúð innan raða stofnfjárhafa. Í kjölfar þessa fékk stjórnin það samþykkt að 4%-álagið yrði ekki greitt ef arður af A-bréfum næði 11%.<sup>549</sup> Á grundvelli mjög góðrar afkomu sparisjóðsins árið 2000, sem stafaði eingöngu af söluhagnaði af eignarhlut í Kaupþingi hf., og nær 38% arðsemi eigin fjár gerði stjórnin tillögu um að stofnfjárhöfum yrði greiddur 30% arður af stofnfjáreign þeirra í árslok 2000 en helmingi hans yrði varið til hækkunar á stofnfé. Aðalfundur sparisjóðsins 2001 gerði þá breytingu að arðurinn skyldi allur greiddur út. Arðgreiðslan nam samtals 145 milljónum króna, eða 36,5% af stofnfé. Eigendur B-bréfanna voru mjög ósáttir við að fá ekki álagið á arðinn og Kaupþing hf. hótaði málssókn. Þetta varð til þess að sparisjóðurinn tók að greiða upp B-bréfin en auka jafnframt stofnfé í A-flokki að sama skapi, þannig að heildarstofnfé yrði nokkurn veginn það sama.<sup>550</sup> Stofnfé í sparisjóðnum nam 420 milljónum króna í árslok 1999 og var B-flokkurinn tæpur helmingur þess. Á næstu tveimur árum greiddi sparisjóðurinn upp stofnfjárbréf í B-flokki fyrir 155 milljónir króna þannig að í árslok nam B-flokkurinn 77 milljónum króna.

Sparisjóður Kópavogs greiddi stofnfjárhöfum arð af stofnfé þeirra frá 2001 til sameiningarinnar við Byr sparisjóð 2007, þó með þeirri undantekningu að ekki var greiddur arður vegna 2003, en það ár varð tap af rekstri sjóðsins. Arðgreiðslur vegna árána 2001–2006 námu samtals 411,1 milljón króna. Arðgreiðsluhlutfall vegna 2001 og 2005 var yfir hámarkinu sem Tryggingasjóður gaf út fyrir þau ár og arðgreiðslan vegna ársins 2002 fór fram úr hagnaði ársins, þannig að umframardgreiðsla nam samtals 6,5 milljónum króna. Stofnfé í Sparisjóði Kópavogs var hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um samtals 93,6 milljónir króna árin 2001 til 2006. Það var allt gert í samræmi við lög og reglur. Stofnfé í sparisjóðnum var aldrei hækkað með sérstöku endurmati, þótt heimilt væri.

547. Ársreikningar Sparisjóðs Hafnarfjarðar 2001–2005.

548. Valþór Hlöðversson, *Sparisjóður Kópavogs: Hálfrar aldar saga í máli og myndum*, Kópavogi 2008, bls. 63.

549. Skýrsla Karls M. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. apríl 2013.

550. Skýrsla Karls M. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. apríl 2013.

Tafla 55. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Kópavogs 2001–2006.<sup>551</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Arður vegna ársins	48.314	31.095		62.106	123.413	146.194
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	-	-	-	-	-	-
Stofnfé í árslok	433.059	451.125	440.250	414.083	398.107	417.698
Arður sem hlutfall af stofnfé	11,2%	6,9%	-	15,0%	31,0%	35,0%
Arður sem hlutfall af hagnaði	-53,3%	114,7%	-	46,2%	51,8%	28,6%
Afkoma ársins	(90.702)	27.101	(8.299)	134.479	238.459	511.397
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) – % af stofnfé	10,0%	15,0%	15,0%	17,2%	29,4%	47,1%
Raunarðsemi ársins	-10,9%	4,0%	-1,2%	17,2%	29,4%	47,1%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%	7,0%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	-	-	-	-	-	-
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga	40.241	8.878	-	11.896	16.129	16.491

### Sparisjóður Norðlendinga

Sparisjóður Norðlendinga greiddi stofnfjárhöfum jafnan arð af stofnfé þeirra. Arðgreiðslur vegna árána 2001–2007 námu samtals rúmum 1,3 milljörðum króna og var arðurinn vegna 2007 langstærstur hluti þeirrar fjárhæðar. Eftir árið 2002 fór arðgreiðsluhlutfallið alltaf fram úr hámarkinu sem Tryggingasjóður gaf út fyrir þau ár, þannig að umframardreiðsla nam samtals tæpum 745 milljónum króna, þar af 720 milljónum króna vegna 2007. Í það skipti var raunávöxtun eigin fjár reiknuð hærrí en rétt var, þ.e. 44% í stað 40,3%.<sup>552</sup> Það eitt út af fyrir sig gaf 107,6 milljónum króna hærrí arð. Hins vegar fór arðgreiðslan langt fram úr hagnaði ársins 2007, svo munaði 720 milljónum króna.

Stofnfé í Sparisjóði Norðlendinga var hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga og með sérstöku endurmati um samtals 38,2 milljónir króna árin 2001–2007. Það var allt gert í samræmi við lög og reglur.

Tafla 56. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Norðlendinga 2001–2007.<sup>553</sup>

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Arður vegna ársins	219	370	453	830	1.363	29.849	1.279.717
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	-	-	-	-	-	-	-
Stofnfé í árslok	2.420	2.468	2.941	3.603	4.679	142.138	2.908.448
Arður sem hlutfall af stofnfé	9,0%	15,0%	15,4%	23,0%	29,1%	21,0%	44,0%
Arður sem hlutfall af hagnaði	-0,2%	0,5%	0,8%	0,7%	0,7%	16,1%	228,7%
Afkoma ársins	(122.301)	80.435	57.582	126.450	186.478	185.968	559.624
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) – % af stofnfé.	10,0%	24,4%	15,0%	22,2%	26,1%	15,5%	40,0%
Raunarðsemi ársins	-27,9%	24,4%	14,0%	22,2%	26,1%	15,5%	40,0%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%	7,0%	5,9%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	-	123	147	180	234	7.107	-
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga	192	48	17	107	148	2.648	27.290

## 18.7 Fjárhagsleg endurskipulagning

Í desember 2007 jók Byr sparisjóður stofnfé sitt um 26,3 milljarða króna en fyrir var í sparisjóðnum stofnfé sem nam 575 milljónum króna, þegar tekið hafði verið tillit til samruna við Sparisjóð Kópavogs. Eigið fé sparisjóðsins í árslok 2007 nam 53,2 milljörðum króna, þar af var stofnfjárukningin um helmingur þess og var eiginfjárlutfall sparisjóðsins 40,2%. Árið 2008 reyndist sparisjóðnum þungt í skauti af ástæðum sem þegar hafa verið raktar. Í árslok 2008 var eiginfjárlutfallið komið niður í 8,3% og eigið fé í 16,2 milljarða króna. Þrátt fyrir að 25,4 milljarða króna af tapi ársins 2008 mætti rekja til niðurfærslu útlána og krafna taldi Fjármálaeftirlitið, 14. apríl 2009, að afskriftaþörf sparisjóðsins í ársreikningi 2008 væri vanmetin og að frekari niðurfærslna væri þörf.<sup>554</sup>

551. Ársreikningar Sparisjóðs Kópavogs 2001–2005.

552. Í útreikningum sem sparisjóðurinn lét gera var reiknað með því að stofnfjárukningin í desember, samtals 2.732 milljónir króna, hefði öll verið innborguð síðasta dag ársins. Stofnfjáruktboði stóð yfir dagana 28. nóvember til 19. desember 2007 og var gjalddagi útsendra greiðsluseðla 19. desember. Raunarðsemi eigin fjár reiknuð út frá því var 40,29%.

553. Ársreikningar Sparisjóðs Norðlendinga 2001–2007.

554. Þetta kemur fram í umsögn Fjármálaeftirlitsins vegna umsóknar Byrs sparisjóðs um eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli reglna um framlag til sparisjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 125/2008, sem samþykktar voru 18. desember 2008. Í samræmi við þær reglur vísaði fjármálaráðuneytið umsókn Byrs sparisjóðs til umsagnar hjá Fjármálaeftirlitinu 23. mars 2009.

### 18.7.1 Umsókn Byrs sparisjóðs um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði

Í stjórnarfundargerð Byrs sparisjóðs frá 13. mars 2009 segir að þrátt fyrir að sparisjóðurinn hafi náð að standa af sér áföll nýliðinna mánaða standi hann, líkt og aðrir sparisjóðir, frammi fyrir ótryggum horfum í efnahags- og atvinnulífi. Á fundinum samþykkti stjórnin að sótt yrði um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008 og var umsóknin send 20. mars 2009. Reglur um eiginfjárframlag frá ríkissjóði til sparisjóða voru samþykktar 18. desember 2008 og heimiluðu þær framlagningu allt að 20% eigin fjár sparisjóðs miðað við bókfærða stöðu þess 31. desember 2007. Eiginfjárframlag ríkisins til Byrs gat því hæst numið 10,6 milljörðum króna. Í umsögn KPMG hf., endurskoðanda sparisjóðsins, með umsókninni kom fram að hefði stofnfé hækkað sem því næmi í árslok 2008 hefði eiginfjárlutfall sparisjóðsins á þeim tíma verið 14% að því gefnu að áhættugrunnur hefði ekki hækkað á sama tíma.<sup>555</sup> Í samræmi við ákvæði reglna um framlög til sparisjóða vísaði fjármálaráðuneytið umsókninni til umsagnar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Fjármálaeftirlitið gaf frá sér umsögn 14. apríl 2009 og taldi verulega skorta á að gerð væri grein fyrir forsendum og sundurliðun rekstraráætlunar sparisjóðsins fyrir árin 2009 og 2010 sem fylgdi umsókninni. Miðað við fyrirbyggjandi gögn sæi Fjármálaeftirlitið sér ekki fært að leggja mat á raunhæfi áætlunarinnar og trúverðugleika áætlaðs eiginfjárlutfalls sem átti að verða 14,6% í árslok 2009 og 16,1% í árslok 2010. Fjármálaeftirlitið vakti einnig athygli á því að í kjölfar birtingar ársuppgjör sjóðsins 13. mars 2009, þar sem fram hefði komið að eiginfjárlutfall væri 8,3%, hefði eftirlitið tekið til skoðunar mat sparisjóðsins á virði stærstu áhættuskuldbindinga sparisjóðsins og hvort frekari niðurfærsla væri þörf. Áhrif aukinnar niðurfærslu á eiginfjárlutfallið hefði verið metin og taldi eftirlitið verulegan vafa leika á því að sparisjóðurinn uppfyllti kröfur um lög bundið lágmark eiginfjárlutfalls samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið hafði áður gefið sparisjóðnum kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi þetta mat eftirlitsins og í svari sparisjóðsins 25. mars 2009 var ekki talin þörf á afskriftaframlögum umfram þau sem væru í ársreikningi vegna þeirra aðila sem eftirlitið gerði athugasemdir við. Í svari sparisjóðsins var vísað til þess að uppgjörið byggði á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og að samkvæmt þeim skyldu eignir og skuldir metnar miðað við stöðu á uppgjörsgreigi. Óheimilt væri að taka tillit til forsendna um tiltekna aðstæður í framtíðinni. Fjármálaeftirlitið taldi svar sparisjóðsins ekki gefa ástæðu til að breyta matinu og lagði til að gerð yrði áreiðanleikakönnun á útlánasafni sjóðsins með tilliti til afskriftarþarfar til að draga úr óvissu um verðmæti eignasafns sparisjóðsins. Slík könnun yrði skilyrði fyrir því að ríkissjóður veitti fjárframlag til sparisjóðsins.<sup>556</sup> Seðlabanki Íslands veitti ekki umsögn um umsókn Byrs sparisjóðs.<sup>557</sup>

#### 18.7.1.1 Skýrsla PricewaterhouseCoopers

Endurskoðunarfyritækið PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera könnun á ákveðnum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs og skilaði niðurstöðum 22. maí 2009. Meginniðurstaðan var að færa þyrfti eignasafn sjóðsins niður um 13,7 milljarða króna umfram það sem fært var í ársreikningi sjóðsins, þar af 8,7 milljarða króna vegna viðbótarvirðisýrnunar útlána. Að teknu tilliti til skattahagræðis myndi það þýða 11,9 milljarða króna lækun á eigin fé. Miðað við upplýsingar sem komu fram í innsendri skýrslu sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall 31. desember 2008 færi eiginfjárlutfall sparisjóðsins úr 8,95% í 2,63% ef eignir yrðu að fullu færðar niður í samræmi við matið.<sup>558</sup>

555. Bréf KPMG hf. til stjórnar Byrs sparisjóðs 19. mars 2009.

556. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 14. apríl 2009.

557. Eftir ítarlega leit í skjalakerfi Seðlabanka Íslands þótti ljóst að eintak af bréfi fjármálaráðuneytisins varðandi Byr sparisjóð þar sem beðið var um umsögn vegna eiginfjárframlags hafði ekki borist bankanum. Vegna fyrirspurnar rannsóknarnefndar hafði Seðlabankinn samband við fjármálaráðuneyti og samkvæmt hefðbundinni skjalavinnslu ráðneytisins var ekki hægt að staðfesta að bréfið hefði verið sent.

558. Ekki var sama eiginfjárlutfall á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins og ársreikningi sparisjóðsins í árslok 2008. Í ársreikningi var eiginfjárlutfall 8,3%.

Til þess að sparisjóðurinn uppfyllti 12% lágmarks eiginfjárhlutfall, sem var skilyrði í reglum um eiginfjárframlag ríkissjóðs til sparisjóða, þurfti að auka eigið fé um 14,4 milljarða króna. Hámarksframlag frá ríkissjóði til Byrs sparisjóðs samkvæmt sömu reglum var 10,6 milljarðar króna og myndi sú upphæð því ekki nægja ein og sér til að leysa eiginfjávanda sjóðsins. Þá taldi PricewaterhouseCoopers hf. að afar erfitt yrði fyrir Byr sparisjóð að ná þeim hagnaði sem áætlanir sparisjóðsins fyrir árin 2009 og 2010 gerðu ráð fyrir.<sup>559</sup>

### 18.7.1.2 Aðgerðaáætlun Byrs og viðbrögð stjórnvalda og kröfuhafa

Í kjölfar stjórnarfundar 28. maí 2009 tilkynnti stjórn sparisjóðsins Fjármálaeftirlitinu að verulegar líkur væru á að sjóðurinn væri kominn undir lögbundið lágmark eigin fjár og var það staðfest með bréfi 3. júní 2009 sem með fylgdi uppgjör fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2009. Tap sjóðsins á tímabilinu nam 10,2 milljörðum króna og þar af var virðisrýrnun útlána um 7,1 milljarður króna. Eigið fé sparisjóðsins samkvæmt uppgjörinu nam um 6 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfallið 3,29%. Bréfinu fylgdi greinargerð með aðgerðaáætlun til styrkingar á eiginfjárgrunni sparisjóðsins og rekstrar- og efnahagsáætlun til ársins 2013.<sup>560</sup> Í ljósi stöðu sparisjóðsins nýtti Fjármálaeftirlitið heimildir sínar, samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, til að skipa sparisjóðnum sérstakan eftirlitsmann til að hafa sértækt eftirlit með rekstri hans og var Eva B. Helgadóttir hrl. skipuð.

Í greinargerð sparisjóðsins var aðgerðaáætlun til styrkingar á eiginfjárgrunni sparisjóðsins sem og rekstrar- og efnahagsáætlun til ársins 2013.<sup>561</sup> Settar voru upp tvær mismunandi aðgerðaráætlanir sem myndu þó báðar leiða til þess að eiginfjárhlutfall sjóðsins yrði um 15%. Áætlun A gerði ráð fyrir að almennir kröfuhafar myndu breyta 35% krafna sinna í ígildi eigin fjár, það er að segja 30% í stofnfé og 5% í víkjandi lán, og eftirstöðvum yrði breytt í 10 ára lán. Þá yrði stofnfé þáverandi stofnfjárhafa fært niður í 6 milljarða króna auk þess sem gert var ráð fyrir að fjármálaráðuneyti myndi samþykka sölurétt til erlendra kröfuhafa að fjárhæð 10,6 milljarðar króna. Að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni myndu erlendir kröfuhafar eignast 55,1% stofnfjár, innlendir kröfuhafar 19,2% og þáverandi stofnfjárhafar halda eftir 25,7%. Áætlun B gerði ráð fyrir þátttöku fjármálaráðuneytis í stofnfjárhækkun fyrir 10,6 milljarða króna. Innlendir kröfuhafar myndu breyta 53% af kröfum sínum í stofnfé, erlendir kröfuhafar myndu breyta kröfum sínum í 30 ára lán og niðurfærsla stofnfjár yrði samsvarandi og í áætlun A. Að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu myndi ríkissjóður eignast 43,1% stofnfjár, innlendir kröfuhafar 32,5% og þáverandi stofnfjárhafar halda eftir 24,4%. Gerði sparisjóðurinn ráð fyrir að samkomulag við kröfuhafa yrði undirritað 15. júlí 2009 og að stofnfjáreigendafundur um afgreiðslu stofnfjárukningar yrði haldinn 10. ágúst sama ár.<sup>562</sup> Lítillega breytt aðgerðaáætlun var lögð fyrir fjármálaráðuneytið 5. júní 2009 og meðal breytinga var að stofnfé skyld fært niður í 4,3 milljarða króna.<sup>563</sup>

Í rekstraráætlun voru forsendur að mestu þær sömu og í fyrri áætlun sparisjóðsins, en þó hafði virðisrýrnun útlána og krafna hækkað um 8,2 milljarða króna, úr 2,7 í 10,9 milljarða króna. Fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir samtals 3,7 milljarða króna framlagi í afskriftareikning og 2 milljarða króna árin 2011 til 2013. Áætluð staða afskriftareiknings útlána í árslok 2009 yrði um 9,1% af heildarútlánum og veittum ábyrgðum.

Í bréfi með aðgerðaáætluninni er vísað til umsóknar sparisjóðsins um eiginfjárframlag og þess getið að staða sparisjóðsins hafi versnað mjög frá ársuppgjöri 2008. Því væri mikilvægt að gripið yrði til nauðsynlegra aðgerða vegna ónógs eigin fjár. Fram hefði komið á fundi forsvarsmanna sparisjóðsins með fulltrúum fjármálaráðuneytis og fleiri hagsmunaaðilum 28. maí 2009 að þá þegar hefði sparisjóðurinn átt fyrstu samningaviðræðurnar við erlenda lánardrottna sjóðsins. Af hálfu lánardrottna hefði komið skýrt fram að forsenda

559. Skýrsla PricewaterhouseCoopers vegna könnunar á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi Byrs sparisjóðs, 22. maí 2009.

560. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 3. júní 2009.

561. Fjármálaráðuneytinu var send sams konar greinargerð 5. júní 2009, en þar hafði hlutföllum umbreytinga krafna lítillega verið breytt auk þess sem stofnfé skyldi fært niður í 4,3 milljarða króna í stað 6 milljarða króna áður.

562. Aðgerðaáætlun til styrkingar á eiginfjárgrunni Byrs sparisjóðs, 3. júní 2009.

563. Bréf Byrs sparisjóðs til fjármálaráðuneytisins 5. júní 2009.

frekari samningaviðræðna væri að stjórnvöld staðfestu að ríkissjóður veitti sjóðnum þá fjárhagslegu aðstoð sem heimild væri fyrir í 2. gr. laga nr. 125/2008. Óskað var eftir því að fjármálaráðuneytið tæki afstöðu, með sérstakri yfirlýsingu, um hvernig það myndi koma að fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins.<sup>564</sup>

Fjármálaráðuneytið tilkynnti sparisjóðnum, 11. júní 2009, að það hefði farið yfir tillögurnar í aðgerðaáætlun sjóðsins. Ráðuneytið taldi aðkomu að málefnum sparisjóðsins á grundvelli aðgerðaáætlunar með söluverði frá ríkissjóði á stofnfé ekki koma til greina þar sem skilmálar varðandi slíkan rétt væru ekki nægjanlega ljósir. Gengi fjárhagsleg endurskipulagning sjóðsins eftir, á grundvelli þeirrar aðgerðaáætlunar sem gerði ráð fyrir beinu framlagi ríkissjóðs, væri það niðurstaða fjármálaráðuneytisins, með vísan til heimilda í 2. gr. laga nr. 125/2008 og reglna um framlög til sparisjóða, að forsendur væru til að ráðuneytið tæki þátt í endurskipulagningunni með kaupum á stofnfé fyrir allt að 10,6 milljarða króna. Það væri þó háð því að aðgerðaáætluninni yrði hrint í framkvæmd og forsendur hennar um endanlegt eiginfjárhlutfall héldu. Samþykki kröfuhafa og stofnfjáreigendafundar sparisjóðsins þyrfti einnig að liggja fyrir.<sup>565</sup>

Hinn 16. júní 2009 veitti Fjármálaeftirlitið Byr sparisjóði frest til 15. júlí sama ár til að auka eiginfjárgrunn sjóðsins og koma eiginfjárhlutfalli í lögmætt horf. Í bréfinu var vísað til uppfærðrar tímaáætlunar aðgerða sem sjóðurinn hafði sent fjármálaráðuneytinu 5. júní 2009 þar sem gert var ráð fyrir að samkomulag við innlenda og erlenda kröfuhafa um aðgerðir yrði undirritað 15. júlí 2009. Fjármálaeftirlitið tók fram í bréfi sínu að gengi framangreint eftir, og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem sett voru fram í bréfinu, yrði Byr sparisjóði veittur áframhaldandi frestur til 11. ágúst 2009, en framlögð tímaáætlun sjóðsins gerði ráð fyrir að 10. ágúst 2009 yrði fyrirhugaðri afgreiðslu á aukningu stofnfjár lokið.<sup>566</sup>

Hinn 30. júní 2009 námu heildarskuldir sparisjóðsins við erlenda lánardrottna 203 milljónum evra og 32 milljónum dollara, eða samtals um 40,5 milljörðum króna.<sup>567</sup> Um var að ræða sambankalán nítján lánveitenda, aðallega þýskra og austurrískra fjármálastofnana. Heildarskuldbindingar sparisjóðsins gagnvart innlendum lánveitendum námu 34,5 milljörðum króna í lok apríl 2009. Þar af voru 14,8 milljarðar króna vegna útgefina skuldabréfa. Innlendir kröfuhafar voru 35 en um það bil 90% af heildarupphæð innlendra krafna á sparisjóðinn voru í eigu lífeyrissjóða. Þá voru víkjandi lán um 3,3 milljarðar króna 30. apríl 2009.<sup>568</sup>

Sparisjóðurinn réð þýskan ráðgjafa, Wolfgang Otte, frá endurskoðunarfyrtækinu KPMG í Þýskalandi til þess að aðstoða sjóðinn við samningaferlið gagnvart erlendum lánardrottnum. Lagði Otte áherslu á að meginmarkmiðið væri að vinna traust lánardrottnanna og öðlast trúverðugleika. Í því skyni yrði að bregðast fljótt við, útbúa stutta og hnitmiðaða kynningu um sparisjóðinn og fjárhagslega endurskipulagningu hans, þar sem forsendur útreikninga og áætlana væru gagnsæjar. Töldu stjórnendur sparisjóðsins brýnt að hefja viðræður við erlenda kröfuhafa áður en rætt væri við innlenda kröfuhafa. Nokkrir innlendra kröfuhafa sparisjóðsins, þar á meðal lífeyrissjóðir, áttu háar innstæður hjá sjóðnum og var talin ákveðin hættu á áhlaupi á sjóðinn ef staða hans spyrdist út. Færi svo, var talið að fljótt yrði útséð með framtíð hans. Þórarinn Sveinsson, var ráðinn til þess að halda utan um viðræður sparisjóðsins við innlenda kröfuhafa.<sup>569</sup>

### 18.7.1.3 Viljayfirlýsing um vinnu að fjárhagslegri endurskipulagningu

Hinn 15. júlí 2009 höfðu erlendir kröfuhafar og stærstu innlendu kröfuhafarnir samþykkt að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins með undirritun sérstakrar viljayfirlýsingar (e. *memorandum of understanding*).<sup>570</sup> Efnislegt inntak skjalsins var að kröfuhafar lýstu yfir vilja til að halda áfram viðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu,

564. Bréf Byrs sparisjóðs til fjármálaráðuneytisins 5. júní 2009.

565. Bréf fjármálaráðuneytisins til Byrs sparisjóðs 11. júní 2009.

566. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 16. júní 2009.

567. Samkvæmt miðgengi Seðlabankans 30. júní 2009.

568. Byr sparisjóður, Restructuring memorandum, 9. október 2009.

569. Minnisblað tilsjónarmanns Byrs sparisjóðs 30. júní til 5. júlí 2009.

570. Minnisblað tilsjónarmanns Byrs sparisjóðs 14.–20. júlí 2009, 21. júlí 2009.

engar fjárhæðir voru í skjalinu og ekki var minnst á þær tillögur sem fram höfðu komið. Áður en að undirritun yfirlýsingarinnar kom höfðu erlendir lánardrottinnar haft tækifæri til að koma að athugasemdum.<sup>571</sup>

Sparisjóðurinn óskaði eftir framlengingu á fresti frá Fjármálaeftirlitinu 15. júlí 2009. Vinna við fjárhagslega endurskipulagningu hafði tekið lengri tíma en vænst hafði verið og var lögð fram ný tímaáætlun sem gerði ráð fyrir að lánveitendur staðfestu samninga um aðkomu þeirra að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrir 11. ágúst 2009. Óskað var eftir fresti til að ná samningum við lánveitendur um aðkomu að fjárhagslegri endurskipulagningu til 11. ágúst 2009 og fresti til að koma eiginfjárlutfalli upp fyrir lögbundin mörk til 5. september sama ár.<sup>572</sup> Frestur var veittur til 11. ágúst 2009 og lögð áhersla á að í því fælist að sparisjóðurinn hefði þá þegar þurft að komast að samkomulagi við lánveitendur um þátttöku þeirra í fjárhagslegri endurskipulagningu hans.<sup>573</sup> Sá frestur var enn framlengdur til 20. ágúst sama ár.<sup>574</sup> Þá staðfesti fjármálaráðuneytið, að beiðni sparisjóðsins, að næði sparisjóðurinn samningum við erlenda kröfuhafa, að uppfylltum skilyrðum í reglum um eiginfjárframlag frá ríkinu, myndi ríkið nýta heimild í lögum til þess að leggja fram eigið fé til sparisjóðsins.<sup>575</sup>

Á fundi sem fulltrúar Byrs sparisjóðs áttu með Fjármálaeftirlitinu 19. ágúst 2009 var ræddur árangur á sameiginlegum fundi með erlendum og innlendum kröfuhöfum daginn áður. Gert væri ráð fyrir afskriftum tæplega helmings krafna, öðru yrði breytt í almenn lán og víkjandi lán og um 18% krafna greiddar út í peningnum þegar fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins lyki. Þá sem fyrr settu kröfuhafar fram skilyrði um þátttöku fjármálaráðuneytisins með kaupum á stofnfé fyrir 10,6 milljarða króna. Sparisjóðurinn hafði óskað eftir staðfestingu kröfuhafa um að þeir hefðu í hyggju að fylgja málinu eftir og skila afstöðu fyrir lok ágúst. Byr sparisjóður óskaði því eftir frekari fresti Fjármálaeftirlitsins til að afla staðfestingar kröfuhafa.<sup>576</sup> Frestur til að ná samkomulagi við kröfuhafa og koma eiginfjárlutfalli yfir lögboðin mörk var veittur til 4. september 2009.<sup>577</sup>

Fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri að erfiðlega hefði gengið að útskýra fyrir erlendum kröfuhöfum starfsumhverfi íslenskra sparisjóða í kjölfar falls bankanna. Þeir hefðu haft lítinn skilning á þeim eðlismun sem væri á stofnfé og hlutfé og álitid að stofnfé ætti að vera síðast í kröfuröðinni. Þá hefði þeim þótt ósanngjarnt að innlán hefðu verið gerð að forgangskröfu en innlán Byrs sparisjóðs höfðu hækkað verulega haustið 2008 og fram á árið 2009. Erlendu kröfuhöfunum hefði jafnvel fundist stjórnvöld eða starfsmenn sparisjóðsins ekki vita hvernig ætti að standa að fjárhagslegri endurskipulagningu.<sup>578</sup>

Í bréfi sem Byr sparisjóður sendi Fjármálaeftirlitinu 4. september 2009 kom fram að allir lánveitendur sparisjóðsins í erlendum myntum, utan Sparisjóðabankans, hefðu samþykkt sérstakt, bindandi samkomulag. Málefni Byrs sparisjóðs og Sparisjóðabankans væru til skoðunar með tilliti til skuldajöfnunar á gagnkvæmum kröfum. Þá höfðu um 95% af eigendum skuldabréfa Byrs sparisjóðs samþykkt sambærilegt bindandi samkomulag en Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., sem átti um 5% af útgefnum skuldabréfum, hafði ekki samþykkt fyrirbyggjandi skilmála. Ekki var tekið tillit til skuldabréfa í eigu Glitnis banka þar sem unnið var að samkomulagi um skuldajöfnun gagnkvæmra krafna. Með samkomulaginu urðu aðilar sammála um hvernig þeir ætluðu sameiginlega að standa að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins. Óskað var eftir frekari fresti til að klára skjalagerð og önnur mál.

571. Minnisblað tilsjónarmanns Byrs sparisjóðs 6.–13. júlí 2009; bréf sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 15. júlí 2009.

572. Bréf sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 15. júlí 2009.

573. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 16. júlí 2009.

574. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 11. ágúst 2009.

575. Bréf fjármálaráðuneytisins til Byrs sparisjóðs 17. ágúst 2009.

576. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 20. ágúst 2009.

577. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 21. ágúst 2009.

578. Skýrsla Jóns Finnbogasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.



Frestur var veittur til 31. október 2009 með því skilyrði að eigi síðar en 10. október sama ár lægi fyrir staðfesting allra lánveitenda um aðkomu að fjárhagslegri endurskipulagningu. Gert var ráð fyrir að fjármálaráðuneytið hefði frest til 26. október 2009 til að staðfesta endanlega aðkomu sína og greiða nýtt stofnfé 30. október sama ár.<sup>579</sup>

#### 18.7.1.4 Athugasemdir við áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði athugasemdir við fjárhagslega endurskipulagningu Byrs sparisjóðs. Í athugasemdunum var meðal annars bent á að stjórnvöld þyrftu skýrari rökstuðning fyrir því að endurskipulagningin gengi upp áður en settir yrðu fjármunir í sjóðinn. Lausafjárstaða sparisjóðsins væri ekki sterk og forsendur áætlaðrar innlána- aukningar hæpnar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi að framkvæma þyrfti álagspróf til að greina getu sparisjóðsins til að mæta óvæntu útflæði innlána.<sup>580</sup>

Fjármálaeftirlitið hafði til skoðunar gögn vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Byrs sparisjóðs í tengslum við frest til að auka eiginfjárgrunn upp fyrir lögbundin mörk. Í skoðuninni fólst meðal annars mat á rekstrarhæfi sparisjóðsins eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Í bréfi til fjármálaráðuneytisins 24. september 2009 kom Fjármálaeftirlitið á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

- Áform Byrs sparisjóðs gerðu ráð fyrir greiðslu til kröfuhafa þegar eiginfjárframlag ríkisins hefði verið veitt. Um væri að ræða greiðslu upp á 9,8 milljarða króna eða nær sömu fjárhæð og framlag ríkisins. Hætta væri á að greiðslan myndi hafa veruleg áhrif á sjóðstreymi og lausafjárstöðu og því myndi krafa um að greiðslunum yrði dreift yfir ákveðið tímabil mögulega verða til þess að minnka neikvæð áhrif þessarar aðgerðar á fjárhagsstöðu sparisjóðsins.
- Í ljósi ríkjandi óvissu í efnahagsmálum væri erfitt að meta hvort áætlanir sparisjóðsins um afskriftir og tekjur af núverandi lánasafni stæðust og hvort þörf væri á frekari afskriftum. Dygðu núverandi endurskipulagningaráform ekki til og þörf yrði á frekari framlagi til að tryggja eiginfjárstöðu væri óvissa um hvort kröfuhafar sæju sér hag í frekari aðkomu að fjármögnun.
- Rammasamningur við kröfuhafa kvæði á um að ekki skyldi greiða arð til stofnfjáreigenda fyrr en eftir að kröfuhafar hefðu fengið allar sínar greiðslur. Gert var ráð fyrir að kröfuhafar fengju þær greiddar út sem og að þeir fengju „greiðslu sem næmi því sem væri umfram 4% af lögbundnum lágmarkseiginfjárgrunni“.
- Rammasamningur gerði ráð fyrir takmörkun á ráðstöfun eigna sparisjóðsins og banni við veðsetningum.
- Áform um samdrátt í efnahagsreikningi með minnkun lánasafns gæfi til kynna að ekki yrði um eðlilegan bankarekstur að ræða að lokinni endurskipulagningu.
- Vaxtakjör á nýjum lánasamningum væru mun hærri en í fyrri samningum. Samkvæmt upplýsingum frá Byr væri gert ráð fyrir að raunafskriftir kröfuhafa væru um 32% að teknu tilliti til breyttra vaxtakjara.<sup>581</sup>

Í skýrslu sem Mats Josefsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, skilaði um stöðu íslenska bankakerfisins 24. september 2009 er meðal annars fjallað um Byr sparisjóð. Honum fannst verulegur vafi leika á um að áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins myndu tryggja rekstrarhæfi hans til framtíðar. Endurskoða þyrfti þá aðferðafræði sem lagt hefði verið upp með og skoða aðra valkosti. Fjárhagsleg endurskipulagning snerist ekki eingöngu um bókhaldslega niðurstöðu þess að breyta skuldum í eigið fé eða vikjandi lán og þvinga lánardrottna til að afskrifa skuldir þyrfti að leggja mat á rekstrarhagkvæmni til lengri tíma. Að öðrum kosti yrði það soun á opinberu fjármagni að leggja til eiginfjárframlag

579. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 7. september 2009.

580. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Restructuring proposal for Savings bank Byr, 18. september 2009.

581. Bréfið varðar bæði Byr sparisjóð og Sparisjóðinn í Keflavík. Í einhverjum tilvikum er greint á milli sparisjóðanna í bréfinu og hefur umfjöllun sem eingöngu varðar Sparisjóðinn í Keflavík verið fjarlægð úr þessum texta. Atriði þar sem ekki er greint á milli þess hvort átt er við Byr sparisjóð eða Sparisjóðinn í Keflavík eða jafnvel báða eru birt hér sem atriði sem eiga við um Byr sparisjóð.

frá ríkissjóði.<sup>582</sup> Mats Josefsson lagði til að Bankasýsla ríkisins legði sjálfstætt mat á áform varðandi fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna áður en fé yrði lagt til sjóðanna og að Bankasýslan hefði síðan umsjón með samningum fyrir hönd ríkisins.<sup>583</sup>

Í lok september 2009 lá fyrir að almennir kröfuhafar hefðu fallist á eftirgjöf 45% krafna; að 27% þeirra yrði breytt í nýtt skuldabréf eða lánasamning, 10% krafna yrði breytt í víkjandi lán og 18% þeirra yrðu greiddar. Kröfuhafar víkjandi skuldabréfa, sem áttu kröfur sem námu 3,3 milljörðum króna, myndu gefa eftir 50% krafna sinna og fá nýjan flokk víkjandi skuldabréfa fyrir eftirstöðvum. Áskilið var að fjármálaráðuneytið legði fram 10,6 milljarða króna eiginfjárframlag. Unnið var að endanlegri skjalagerð vegna málsins og ráðgert að boða til fundar stofnfjáreigenda um leið og frágangur væri kominn á lokastig. Þá þyrfti að vera ljóst með hvaða hætti fjármálaráðuneytið kæmi að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins og samningur þar að lútandi að liggja fyrir. Fyrirhugað var að leggja fram tillögur fyrir fundinn um eftirfarandi málefni:

1. Niðurfærslu stofnfjár til jöfnunar á neikvæðum varasjóði.
2. Heimild til hækkunar stofnfjár.
3. Breytingar á samþykktum vegna laga nr. 76/2009.<sup>584</sup>

Hinn 9. október 2009 voru skjöl vegna samninga við kröfuhafa nær fullmótuð og tíð samskipti sparisjóðsins við kröfuhafa vegna þeirra báru með sér að aðilar hefðu komist að niðurstöðu í öllum veigamestu þáttum málsins. Beðið var með formlega staðfestingu samninga þar til athugasemdir stjórnvalda kæmu fram. Stefnt var að því að ráðast í vinnu með ráðuneytinu um nánari afmörkun á aðkomu þess að sjóðnum.<sup>585</sup>

Samkvæmt 5. gr. reglna um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., skyldi fjármálaráðherra meðal annars fá umsögn Fjármálaeftirlitsins í tengslum við ákvörðun um framlag úr ríkissjóði til sparisjóða. Umsögn Fjármálaeftirlitsins um Byr sparisjóð lá fyrir 23. október 2009. Fjármálaeftirlitið taldi að veruleg óvissa væri um hvort Byr sparisjóður yrði rekstrarhæfur eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Áætlanir gerðu ráð fyrir 23,8% eiginfjárlutfalli eftir fjárhagslega endurskipulagningu sem yrði 12,1% í lok árs 2011. Lækkun eiginfjárlutfalls fram til ársloka 2011 væri vegna umtalsverðra afskrifta útlánasafns sem gert var ráð fyrir að yrðu um 15 milljarðar króna. Með því afskriftaframlagi fram til loka árs 2011 yrði afskriftahlutfallið 23% en sambærilegt hlutfall hjá nýju bönkunum þremur væri í kringum 50%. Ljóst væri að ef afskriftahlutfall Byrs sparisjóðs reyndist hið sama og hjá bönkunum færi eiginfjárlutfallið niður fyrir lögbundin mörk. Jafnframt þótti Fjármálaeftirlitinu aðrir liðir í rekstraráætlun sparisjóðsins einkennast af fullmikilli bjartsýni. Þá taldi það að almennt yrði ekki hægt að gera lægri eiginfjárkröfu til sparisjóða en nýju bankanna þriggja, eða 16%.<sup>586</sup> Lægri eiginfjárkröfu yrði að rökstyðja á grunni sérstakra þátta, svo sem meiri útlánagæða eða áhættuminni rekstrar. Slíkur rökstuðningur lægi aftur á móti ekki fyrir í tilviki Byrs sparisjóðs. Að lokum kom fram að líkur væru á að sparisjóðurinn þyrfti að lagfæra bresti í stjórnun og áhættustýringu

Sama dag fundaði Fjármálaeftirlitið ásamt fjármálaráðuneytinu með Byr sparisjóði og Sparisjóðnum í Keflavík. Fjármálaeftirlitið fór fram á að sparisjóðirnir færu nánar yfir eignasöfn sín og mætu afskriftaþörf betur. Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins í kjölfar fundarins kom fram að ef ekki væri hægt að ná samningum við kröfuhafa þyrftu stjórnvöld að huga að því hvernig þau ættu að bregðast við þeirri stöðu. Lögð var áhersla á að tíminn væri knappur og samkvæmt efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væri ráðgert að klára mál sparisjóðanna fyrir lok nóvember 2009.<sup>587</sup>

582. Mats Josefsson, *Iceland: Status report of the banking system*, 24. september 2009.

583. Tölvuskeyti Guðmundar Árnasonar til Þórhalls Arasonar 23. september 2009.

584. Bréf Byrs sparisjóðs til fjármálaráðuneytisins 28. september 2009.

585. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 9. október 2009.

586. Var þar miðað við að eiginfjárlutfall A samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 væri 12% en eiginfjárlutfall B 4%, eða 16% samanlagt.

587. Minnisblað fjármálaráðuneytisins um næstu skref í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna, 29. október 2009.

### 18.7.1.5 Eignasafn Byrs sparisjóðs yfirfarið að nýju

Fulltrúar sparisjóðsins tóku til við að fara yfir eignasafnið og kynntu niðurstöður vinnu sinnar á fundi með Fjármálaeftirlitinu 30. október 2009. Sparisjóðurinn taldi áhyggjur Fjármálaeftirlitsins byggðar á misskilningi. Bent var á að lánasafn sparisjóðsins væri töluvert frábrugðið lánasafni nýju bankanna þriggja auk þess sem Byr hefði selt sjóðstreymi tiltekinnna íbúðalána til Íbúðalánasjóðs sem takmarkaði áhættu sparisjóðsins. Því væri ekki hægt að bera saman afskriftahlutfall bankanna og áætlað afskriftahlutfall Byrs sparisjóðs eftir fjárhagslega endurskipulagningu.<sup>588</sup> Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins 2. nóvember 2009 kom fram að stjórnendur sparisjóðsins teldu fjárhagslega endurskipulagningu hans þá þegar hafa verið kynnta með fullnægjandi hætti fyrir Fjármálaeftirlitinu og fjármálaráðuneytinu. Þessu til stuðnings vísuðu fulltrúar hans einnig til þess að á umliðnum misserum hefði farið fram mjög ítarleg upplýsingagjöf milli sjóðsins og eftirlitsins, eins og sjá mætti af þriðja tug skipulagðra funda og erinda á milli þeirra tveggja. Sérstakur sérfræðingur eftirlitsins hefði starfað innan sjóðsins frá byrjun júní 2009, fylgst með starfsemi og upplýst Fjármálaeftirlitið með reglubundnum hætti um málefni hans. Í fyrirbyggjandi samningum, sem lánveitendur sjóðsins hefðu nú þegar yfirfarið, var gert ráð fyrir að fjárhagslegri endurskipulagningu yrði lokið eigi síðar en 15. desember 2009. Gerðist það ekki fyrir tilgreindan tíma væri sá góði árangur sem náðst hefði í uppnámi og því þyrfti að hraða málinu. Óskað var eftir að Fjármálaeftirlitið tæki formlega afstöðu til fjárhagslegrar endurskipulagningar sjóðsins og að gerð yrði skýr grein fyrir þeim fresti sem eftirlitið teldi þurfa til að ljúka henni. Fjármálaeftirlitið taldi þó enn að veruleg óvissa ríkti um að fjárhagsleg endurskipulagning, eins og hún lá fyrir þá, væri raunhæf og líkleg til árangurs. Fjármálaeftirlitið taldi mikilvægt að eyða óvissu um mat á eignasafni og afskriftaþörf eins og frekast væri kostur og veitti því Byr sparisjóði áframhaldandi frest til að uppfylla lágmarksskilyrði um eiginfjárlutfall til 26. nóvember 2009 á meðan lagst yrði í frekari vinnu við að yfirfara áætlanir sjóðsins.<sup>589</sup> Hinn 6. nóvember 2009 réð Fjármálaeftirlitið PricewaterhouseCoopers til þess að fara aftur yfir ákveðna þætti í efnahagsreikningi Byrs sparisjóðs. Skýrsla um þá þætti var tilbúin síðar í sama mánuði.

Með bréfi sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins 12. nóvember 2009 var ítrekuð beiðni frá 2. nóvember sama ár um formlega afstöðu eftirlitsins til fjárhagslegrar endurskipulagningar sjóðsins. Sparisjóðurinn taldi sig hafa lagt fram skýr rök fyrir því að grundvöllur væri fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu og áttaði sig ekki á afstöðu Fjármálaeftirlitsins né í hverju óvissan fælist. Sparisjóðurinn hefði miðað eiginfjárlutfall eftir fjárhagslega endurskipulagningu við reglur um eiginfjárframlag ríkissjóðs til sparisjóða. Þar væri gert ráð fyrir að eiginfjárlutfall þyrfti að verða hærra en 12%, en framlag úr ríkissjóði yrði þó ekki hærra en svo að eiginfjárlutfallið næði 15%. Því hafi það komið sparisjóðnum á óvart að Fjármálaeftirlitið skyldi setja fram kröfu um 16% eiginfjárlutfall og áleit ekki boðlegt að breyta grundvallarviðmiðum í miðju endurskipulagningarferlinu. Þá komu fram aðrar athugasemdir við gagnrýni Fjármálaeftirlitsins á fyrirbyggjandi áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins. Starfsmenn PricewaterhouseCoopers væru að afla frekari upplýsinga um sparisjóðinn og var lögð áhersla á það í bréfinu að gengið yrði hreint til verks og unnið skipulega að því að afla svara við spurningum Fjármálaeftirlitsins. Mikilvægt væri að sparisjóðurinn yrði upplýstur um þær spurningar sem eftirlitið þyrfti svör við svo hægt yrði að hraða málinu eins og kostur væri.<sup>590</sup>

Niðurstaða vinnu PricewaterhouseCoopers var að auka þyrfti niðurfærslu útlána, krafna og fjáreigna sjóðsins um 23,6 milljarða króna til viðbótar við það sem fært hafði verið niður í árschlutareikningi 30. júní 2009. Eigið fé yrði þá neikvætt um tæpa 24 milljarða króna. Sparisjóðurinn óskaði eftir fundi með Fjármálaeftirlitinu og fjármálaráðuneytinu til þess að fara yfir hugmyndir um næstu skref í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins með það í huga að ná samkomulagi milli stjórnvalda og kröfuhafa sparisjóðsins um framhaldið og tímaáætlun. Enn fremur óskaði sparisjóðurinn eftir framlengingu á fresti frá Fjármálaeftirlitinu til að auka eigið fé sparisjóðsins.<sup>591</sup>

588. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 5. nóvember 2009.

589. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 12. nóvember 2009; bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 5. nóvember 2009.

590. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 12. nóvember 2009.

591. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 27. nóvember 2009.

Fjármálaeftirlitið vakti athygli fjármálaráðuneytisins á ákveðnum atriðum í könnun PricewaterhouseCoopers í bréfi 2. desember 2009. Gefið væri í skyn að staða eignasafns sparisjóðsins gæti haldið áfram að versna og niðurfærsluþörf numið enn hærri fjárhæðum en gert var ráð fyrir í könnuninni. Auk þess væri það mat Fjármálaeftirlitsins að væri lánasafn Byrs sparisjóðs fært niður um sama hlutfall og meðaltalsafskriftir nýju bankanna myndi það þýða um það bil 47 milljarða króna viðbótarafskrift við mat PricewaterhouseCoopers. Fjármálaeftirlitið ítrekaði að það teldi ekki annað mögulegt en að gera kröfu um að eiginfjárlutfall sparisjóðsins yrði 16%.<sup>592</sup>

Á sama tíma versnaði lausafjárstaða sparisjóðsins. Þannig kom fram í drögum að fundargerð nefndar um fjármálastöðugleika 7. desember 2009 að innistæður hefðu flætt út úr Byr sparisjóði. Upphæð á reikningi Byrs sparisjóðs hjá Seðlabankanum hefði farið úr 11,5 milljörðum króna í byrjun desember í 3,4 milljarða króna á hádegi 7. desember 2009. Ástæða þessa væri líklega fréttáflutningur af stöðu sjóðsins en fjármálaráðuneytið væri að vinna að fréttatilkynningu til að róa markaði.<sup>593</sup>

#### 18.7.1.6 Skilyrði stjórnvalda fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu

Fjármálaeftirlitið efaðist um að sú fjárhagslega endurskipulagning sem Byr sparisjóður og kröfuhafar hefðu komið sér saman um myndi skapa rekstrargrundvöll til framtíðar fyrir sparisjóðinn. Forsendan fyrir framlagi ríkisins til sparisjóða var að áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu væri trúverðug og líkleg til árangurs. Hinn 8. desember 2009 kynnti Fjármálaeftirlitið fjármálaráðuneytinu kröfur sínar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Byrs og þau skilyrði sem sparisjóðurinn yrði að uppfylla til að grundvöllur væri fyrir áframhaldandi rekstrarhæfi. Meðal krafna Fjármálaeftirlitsins var að eiginfjárbáttur A næmi að lágmarki 12% af áhættugrunni og eiginfjárlutfall sjóðsins yrði aldrei lægra en 16% næstu þrjú ár eftir endurskipulagningu. Þá þyrfti sparisjóðurinn að uppfylla lausafjárkröfur Seðlabankans auk annarra skilyrða um laust fé sem hlutfall af innistæðum og samsetningu lánasafns. Sparisjóðurinn skyldi leggja fram skýrslu um sjálfstætt mat á eiginfjárbörð, gera endurbætur á innri ferlum og áhættustýringu, draga úr veigamestu áhættunum og gera ráðstafanir sem miðuðu að því að hann sinnti eingöngu kjarnastarfsemi.<sup>594</sup>

Fjármálaráðuneytið sendi þessar kröfur áfram til Byrs með bréfi 10. desember 2009 þar sem það lýsti sig tilbúið til þess að koma að samningaviðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins, að því marki sem sparisjóðurinn og kröfuhafar hans teldu nauðsynlegt. Fjármálaráðuneytið hefði þá þegar fengið ráðgjafa frá fyrirtækinu Hawkpoint Partners Ltd. til að liðsinna sér meðal annars í þessu verkefni.<sup>595</sup>

Í drögum að minnisblaði sem skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneyti sendi nefnd um endurreisn bankanna 8. desember 2009 og var síðar lagt fyrir fund efnahags- og viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra og seðlabankastjóra 9. desember er fjallað um málefni Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík.<sup>596</sup> Minnisblaðið er þýðing á helstu atriðum um stöðu sjóðanna sem fram komu í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Oliver Wyman, *Restructuring the Savings Bank sector*, sem unnin var fyrir íslensk stjórnvöld.<sup>597</sup> Samkvæmt minnisblaðinu lá það fyrir að samkomulagið sem sparisjóðirnir höfðu gert við kröfuhafa sína gæti ekki að óbreyttu orðið grundvöllur að endurfjármögnun fyrir tilstuðlan ríkissjóðs. Stjórnvöld hefðu þess vegna tvo kosti í stöðunni:

1. að hafna fyrirliggjandi samkomulagi við kröfuhafa og taka sjóðina til gjaldþrotaskipta; eða,
2. að hefja samningaviðræður um framlag ríkissjóðs við kröfuhafa sjóðanna á grundvelli neyðarlaganna.

592. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 2. desember 2009.

593. Sérstakur saksóknari gerði húsleit í höfuðstöðvum Byrs í lok nóvember í tengslum við rannsókn á Exeter Holdings ehf. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni 27. maí 2013 hélt fyrirverandi sparisjóðsstjóri því fram að frétt sem birtist í *Fréttablaðinu* 7. desember 2009 undir fyrirsögninni „Byr verður traudla bjargað“ hefði jafnvel haft meiri áhrif til lækkunar innlána í sparisjóðnum en húsleitinn sjálf.

594. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 9. desember 2009.

595. Sjá nánar um fyrirtækið Hawkpoint Partners Ltd. og ráðgjöf þess til stjórnvalda í 13. kafla.

596. Drög að minnisblaði efnahags- og viðskiptaráðuneytis um leiðir til lausnar sparisjóðamálsins, 8. desember 2009; skýrsla Oliver Wyman um endurskipulagningu sparisjóðakerfisins, 14. desember 2009.

597. Oliver Wyman, *Restructuring the Savings Bank sector*, 8. desember 2009.

Hvað varðaði fyrri leiðina var bent á tryggingu innistæðna og að hve miklu leyti ríkissjóður þyrfti að bæta innistæðueigendum tap ef sjóðurinn yrði tekinn til gjaldþrotaskipta. Ef eignir Byrs sparisjóðs rýrnðu um 45% umfram stöðu þeirra í árshlutareikningi 2009 myndu þær ekki standa undir innistæðum. Í ljósi 50% eignarýrnunar hjá viðskiptabönkunum og 60% rýrnunar eigna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. væri ekki ólíklegt að eignir sparisjóðsins dygðu ekki til. Endurreisn fjármálakerfisins væri vel á veg komin en gjaldþrotameðferð Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík gæti falið í sér bakslag í uppbyggingunni og haft í för með sér álitshnekki fyrir stefnu stjórnvalda innanlands og utan. Gjaldþrotameðferð væri jafnframt ekki álitlegur kostur, meðal annars vegna viðbótarálags á dómskerfi sem ekki mætti við því. Þá var talið að gjaldþrot Byrs og Sparisjóðsins í Keflavík gætu haft neikvæð áhrif á fjármálakerfið í heild, meðal annars með tilliti til lausafjár-, fjármögnunar- og eignatengsla þeirra á milli. Því væri augljóst að allra hagur væri að ná fram annarri niðurstöðu en gjaldþrotaleið.

Þar sem samningar sem sparisjóðirnir hefðu náð við kröfuhafa uppfylltu ekki skilyrði Fjármálaeftirlitsins lægi beint við fjármálaráðuneytið kæmi að samningaferli sparisjóðanna. Huga þyrfti að endursamningum á grundvelli fyrirbyggjandi samninga, kanna möguleika á sölu- eða samrunaferli við önnur fjármálafyrirtæki eða færa ákveðnar eignir sparisjóðanna yfir í eignaumsýslufélag. Við endursamninga þyrfti að liggja fyrir sameiginlegur skilningur á þeim kröfum sem reikna mætti með að Fjármálaeftirlitið gerði, meðal annars kröfu um 16% eiginfjárlutfall. Þá yrði lögð áhersla á að framlag ríkisins yrði fremur fjárfesting og að til staðar væru áætlanir um hvernig ríkissjóður hygðist endurheimta fjármunina með viðunandi ávöxtun í fyllingu tímans. Í því augnamiði væri mikilvægt að samningaviðræður við kröfuhafa sjóðanna ættu sér stað undir forystu fjármálaráðuneytisins. Stjórnir sparisjóðanna eða ráðgjafar þeirra gætu ekki leitt samningaviðræður fyrir hönd ríkisins og mikilvægt væri að í samningum yrði áhættunni dreift með sanngjörnum hætti milli ríkisins og kröfuhafa. Til greina kæmi að selja eða sameina Byr sparisjóð og Sparisjóðinn í Keflavík, í heild sinni eða ákveðin útibú. Þá kynni fjármálaráðuneytið að beita sér fyrir því að tryggja eða jafnvel kaupa ákveðnar eignir út úr eignasafni sparisjóðanna og flytja yfir í eignaumsýslufélag í eigu ríkisins. Með þessu fyrirkomulagi tæki ríkissjóður á sig hluta rekstraráhættunnar en fengi jafnframt tækifæri til að ná til sín hagnaði sem kynni að myndast ef eignaverðmæti reyndist herra en upphaflega var reiknað með.

Lagt var til að ráðinn yrði utanaðkomandi ráðgjafi til að leiða samninga við sparisjóði og kröfuhafa um ásættanlega lausn á vanda sjóðanna innan ramma þágildandi laga. Stefnt skyldi að því að ljúka verkefninu fyrir 15. janúar 2010.<sup>598</sup> Fjármálaeftirlitið veitti Byr frest til þess að ná lágmarkseiginfjárlutfalli til 15. janúar 2010 með bréfi 10. desember 2009.<sup>599</sup> Í bréfi til sparisjóðsins sama dag lýsti fjármálaráðuneytið yfir vilja sínum til að taka þátt í samningaviðræðum við hagsmunaaðila sem tækju mið af skilyrðum Fjármálaeftirlitsins. Ráðuneytið væri nú í aðstöðu til að kynna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku sinni í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins að fengnum upplýsingum um þá skilmála sem Fjármálaeftirlitið setti. Um þessa breyttu afstöðu stjórnvalda sagði sparisjóðsstjóri:

Í byrjun þegar farið var á fyrstu fundina og farið að nálgast fjármálaráðuneytið með fjárhagslega aðkomu þá var búist við að framlagið [20% eiginfjárlag ríkisins] myndi duga. Svo þegar fer að verða ljóst að það dugir ekki þá breytist staða fjármálaráðuneytisins því það er ekki skuldbundið til þess að leggja fjármálafyrirtækjum til fjármuni í lagaheimildinni nema það sé öruggt að til staðar sé viðskiptalíkan sem heldur til lengri tíma litið. Þá verður samningsstaðan önnur. Hún er sú að fjármálaráðuneytið getur boðið A eða B eða C, ef kröfuhafarnir geri eitthvað á móti. Þá eru þeir orðnir aðilar að samningnum. Þess vegna þurftu þeir að fá sér ráðgjafa, en í byrjun þá voru þetta bara hefðbundin samskipti, og fá þá gögn og annað til þess að styðja við þessa ákvörðun.<sup>600</sup>

598. Drög að minnisblaði efnahags- og viðskiptaráðuneytis um leiðir til lausnar sparisjóðamálsins, 8. desember 2009.

599. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Byrs sparisjóðs 10. desember 2009.

600. Skýrsla Jóns Finnbogasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.

### 18.7.1.7 Samningaviðræður við kröfuhafa

Byr sparisjóður hélt fund með kröfuhöfum og fulltrúum fjármálaráðuneytisins 14. desember 2009 þar sem farið var yfir þau skilyrði sem sett voru fram í bréfinu 10. desember sama ár. Á fundinum var staðfest þátttaka ráðuneytisins í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins miðað við tilteknar forsendur í sérstakri yfirlýsingu. Í yfirlýsingunni, sem hefur fyrirsögnina „Proposal from the Ministry of Finance“, var lagt til að 60% af kröfum lánardrottna yrðu afskrifuð, 15% breytt í víkjandi lán og 25% breytt í lán til fimm ára með 3% vaxtaálagi. Yfirlýsingin var háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands en ríkisstjórnin myndi skoða tillögur um að kröfuhafar gætu eignast eitthvert hlutfall stofnfjár í sjóðnum gegn lægri afskriftum krafna.<sup>601</sup>

Fjármálaráðuneytið undirbjó þátttöku í samningaviðræðum sparisjóðsins og kröfuhafa en þó var talið brýnt að skoða hvaða leiðir væru færar ef samningar við kröfuhafa næðust ekki og unnu Fjármálaeftirlitið, fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn saman að lausnum er það varðaði. Hugmyndir til að tryggja innistæður voru einkum tvær: að flytja innlán og eignir í NBI hf. (síðar Landsbankann hf.) eða félag í eigu þess eða að flytja innlán og eignir í sparisjóð í eigu ríkisins.<sup>602</sup>

Í lok desember 2009 var það mat Fjármálaeftirlitsins að miðað við nýtt eignamat og kröfur um eiginfjárhlutfall væri svigrúm til samninga takmarkað.<sup>603</sup> Á svipuðum tíma óskaði fjármálaráðuneytið eftir því að PricewaterhouseCoopers framkvæmdi fjárhagslega áreiðanleikakönnun á sparisjóðnum og var niðurstöðu hennar skilað snemma í febrúar 2010. Í millitíðinni hafði Fjármálaeftirlitið veitt sparisjóðnum frest til 18. febrúar 2010 til þess að koma eiginfjárhlutfalli í lögbundið horf. Ekki var lögð til meiri niðurfærsla á eignum sparisjóðsins í áreiðanleikakönnuninni en lögð var til við athugun PricewaterhouseCoopers í nóvember 2009.<sup>604</sup>

Byr sparisjóður sendi uppfært samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu (e. *restructuring memorandum*) ásamt skilmálaskjali (e. *term sheet*) til kröfuhafa 3. febrúar 2010 þar sem vitnað var í tillögu frá kröfuhafafundi 14. desember 2009. Stofnfjáreign þáverandi stofnfjáreigenda myndi minnka um 96% og kröfuhafar afskrifa 60% krafna sinna, 15% þeirra yrði breytt í víkjandi lán, 18% breytt í lán til fimm ára og 7% greitt út í peningum. Gert var ráð fyrir að greiðslan myndi nema um 4 milljörðum króna en hún var háð ákveðnum skilyrðum um lausafjárstöðu Byrs sparisjóðs.<sup>605</sup> Vonast var til þess að samþykki kröfuhafa á samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu myndi liggja fyrir 19. febrúar 2010.<sup>606</sup> Það var skoðun ráðgjafa sparisjóðsins um fjárhagslega endurskipulagningu, Wolfgang Otte, á þessum tíma að skilyrðin um lausafjárstöðuna væru ekki uppfyllt og því ekki miklar líkur á greiðslu. Taldi hann því líklegt að kröfuhafar myndu telja þetta tilboð einskis virði.<sup>607</sup>

Sparisjóðurinn gerði grein fyrir þróun samningaviðræðna í bréfi til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2010. Þar kom fram að Byr sparisjóður, fjármálaráðuneytið, Hawkpoint, KPMG Þýskalandi, Deutsche Bank og aðrir kröfuhafar ynnu að úrlausn málsins. Í byrjun febrúar hefðu helstu kröfuhafar fengið upplýsingar um samningsskilmála sem lagðir hefðu verið fram með stuðningi frá fjármálaráðuneytinu. Kröfuhafarnir höfðu þá farið fram á að gera sjálfir athugun á sparisjóðnum á grundvelli þeirra fjárhagslegu upplýsinga sem legið höfðu til grundvallar áreiðanleikakönnun PricewaterhouseCoopers. Óskað var eftir fresti til þess að uppfylla eiginfjárskilyrði meðan niðurstöðu þessarar athugunar væri beðið og lögð fram tímaáætlun um að drög að lánaskjölum yrðu send til fjármálaráðuneytis og Fjármálaeftirlitsins 19. mars 2010 og endanlegt samþykki kröfuhafa að helstu skilmálum lægi þá fyrir.<sup>608</sup> Sparisjóðurinn fékk frest til 18. mars 2010.

601. Bréf fjármálaráðuneytisins til kröfuhafa Byrs sparisjóðs 14. desember 2009.

602. Minnisblað nefndar um fjármálastöðugleika um mögulegar leiðir takist ekki að semja við kröfuhafa, 15. desember 2009.

603. Minnisblað fjármálaráðuneytisins um samningaviðræður vegna eiginfjárframlags ríkissjóðs til sparisjóðsins Byrs og Sparisjóðsins í Keflavík, 30. desember 2009.

604. Áreiðanleikakönnun PricewaterhouseCoopers á ákveðnum þáttum í rekstri Byrs sparisjóðs, janúar 2010.

605. Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu Byrs sparisjóðs, 9. október 2009.

606. Minnisblað tilsjónarmanns Byrs sparisjóðs 20. janúar til 2. febrúar 2010.

607. Minnisblað tilsjónarmanns Byrs sparisjóðs 20. janúar til 2. febrúar 2010.

608. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2010.

Að beiðni lánardrottna staðfesti fjármálaráðuneytið enn á ný 26. febrúar 2010 að ráðuneytið hygðist leggja til eiginfjárframlag í sjóðinn. Það yrði gert í samræmi við skilmála í skilmálaskjali frá byrjun febrúar þar sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður legði fram 10,6 milljarða króna og eignaðist við það 75,6% stofnfjár.<sup>609</sup> Framlagið væri þó háð því að ekki kæmu upp atvik í rekstri sjóðsins sem breyttu með afgerandi hætti stöðu hans, svo sem verulegir lausafjárerfiðleikar, og að Fjármálaeftirlitið samþykkti niðurstöðu samninga um endurskipulagningu, áhrif þeirra á efnahagsreikning og að útreikningar á eiginfjárlutfalli stæðust kröfur þess.<sup>610</sup>

Fyrir hönd kröfuhafanna kláraði Deutsche Bank athugun sína á Byr sparisjóði 17. mars 2010. Í skýrslunni kom fram að erfitt væri að meta núverandi stöðu sparisjóðsins og framtíðarhorfur þar sem vinna við framtíðarstefnu sparisjóðsins færi ekki fram fyrr en eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Setja þyrfti í forgang að semja framtíðaráætlun fyrir sjóðinn en einnig þyrfti að sameina þrjá sparisjóði og efla áhættustýringuna. Hvað varðaði lánasöfn taldi bankinn að möguleikar væru á að færa lán upp um 10 milljarða króna. Heildarsamhengi skýrslunnar er þó óljóst þar sem mörgum atriðum var eytt úr henni að beiðni Byrs sparisjóðs.<sup>611</sup>

Um þessa skýrslu sagði þáverandi sparisjóðsstjóri í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni:

Þarna var kominn einhver aðili [Deutsche Bank] sem að [kröfuhafarnir] treystu betur heldur en einhverjum íslenskum aðila. Kannski var „game-planið“ að selja kröfurnar til einhverra vogunarsjóða. [...] Ég man ekki hvort [upplýsingum var eytt úr skýrslunni] en ef það hefur verið gert að þá hefur það verið til þess að koma í veg fyrir [að upplýsingar yrðu nýttar til að mynda verð á kröfur á sparisjóðinn áður en útséð yrði með fjárhagslega endurskipulagningu hans].<sup>612</sup>

Sparisjóðurinn greindi Fjármálaeftirlitinu frá tölum á fjárhagslegri endurskipulagningu í bréfi 18. mars 2010. Töluverð vinna hefði farið í viðræður við Deutsche Bank vegna athugunar bankans en tvær vikur hefðu liðið frá því Deutsche Bank skilaði niðurstöðum sínum til sparisjóðsins 4. mars 2010 þar til lokaniðurstaða athugunarinnar lá fyrir. Kröfuhafar hefðu um leið verið boðaðir á fund sem til stæði að halda 24. mars 2010. Ný áætlun gerði ráð fyrir að drög að lánaskjölum, sem hlotið hefðu endanlegt samþykki kröfuhafa á helstu skilmálum, yrðu send stjórnvöldum 2. apríl 2010. Skilmála þess myndu kröfuhafar þá hafa samþykkt endanlega. Óformlegar viðræður hefðu staðið yfir milli sparisjóðsins og Íslandsbanka hf. um aðkomu bankans að fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins. Formlegt erindi um þá aðkomu hefði borist frá Íslandsbanka 17. mars 2010 og bankinn hygðist leggja fram tilboð til kröfuhafa og stofnfjareigenda sjóðsins 31. mars 2010 að undangenginni lagalegri og fjárhagslegri áreiðanleikakönnun. Aðrir aðilar hefðu einnig lýst áhuga á aðkomu að fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins, t.d. með kaupum á kröfum af kröfuhöfum eða nýju stofnfé.<sup>613</sup> Óskað var eftir frekari fresti til þess að uppfylla lágmarkseiginfjárlutfall meðan unnið væri að því að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu með farsælum hætti.<sup>614</sup> Frestur var veittur til 21. apríl 2010.

Fundur kröfuhafa Byrs sparisjóðs var haldinn 24. mars 2010. Þar kom fram að þær breytingar sem helstar hefðu orðið á áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu sneru að niðurfærslu eigna í MP Banka hf. um 1 milljarð króna, afskráningu fjármögnunar frá Íbúðalánasjóði úr bókum sparisjóðsins og því að lokadegi samningaferilsins hefði verið frestað þar til í júní 2010. Farið var yfir kröfur Fjármálaeftirlitsins og tillögur fjármálaráðuneytisins á þessum fundi.

609. Af kynningu sem sparisjóðurinn hélt fyrir kröfuhafa 24. mars 2010 má sjá að gert var ráð fyrir að þáverandi stofnfjareigendur ættu 8,7% stofnfjár, innlendir kröfuhafar 2,2%, kröfuhafar vikjandi lána 7,6%, erlendir kröfuhafar 5,8% og ríkissjóður 75,6%.

610. Bréf fjármálaráðuneytisins til Byrs sparisjóðs 26. febrúar 2010.

611. Tölvuskeyti Hjördisar Drafnar Vilhjálmstöttur til Luis Cortavarria, starfsmanns Hawkpoint, 15. febrúar 2010.

612. Skýrsla Jóns Finnbogasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.

613. Í tölvupósti Evu Bryndísar Helgadóttur, sérstaks sérfræðings Fjármálaeftirlitsins í Byr sparisjóði, til Fjármálaeftirlitsins 25. mars 2010 kemur fram að fjárfestar hafi sett sig í samband við kröfuhafa og boðið þeim að kaupa kröfurnar fyrir 12% og móttíloð kröfuhafanna hafi hljóðað upp á 18%. Engir samningar virðast þó hafa náðst um þessi kaup.

614. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 18. mars 2010.

Viðræður sparisjóðsins við fjármálaráðuneytið og kröfuhafa héldu áfram eftir fundinn og 26. mars 2010 sendi fjármálaráðuneytið bréf til sparisjóðsins um breytingar á forsendum samkomulags um fjárhagslega endurskipulagningu sem ráðuneytið taldi sig geta komið til móts við. Enn var rætt um 10,6 milljarða króna framlag frá ríkissjóði og talin fram skilyrði sem sparisjóðurinn þurfti að uppfylla til þess að kröfuhafar fengu peningagreiðslu fljótlega upp í hluta krafna sinna. Hinn 31. mars 2010 sendi sparisjóðsstjóri tillögur um aðkomu fjárfesta að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins til fjármálaráðuneytisins. Í þeim áætlunum nam framlag ráðuneytisins 5,3 milljörðum króna, eða um helmingi af því sem áður hafði verið gert ráð fyrir, en fyrir það fengi ríkissjóður rúm 20% í sparisjóðnum. Því sem eftir væri yrði skipt milli nýrra fjárfesta og kröfuhafa. Nýir fjárfestar, í samvinnu við skuldabréfaeigendur, myndu kaupa kröfur af lánardrottnum sparisjóðsins með þessu fyrirkomulagi. Aðstoð ríkisins við sparisjóðinn myndi hins vegar nema 20,3 milljörðum króna því gert var ráð fyrir 15 milljarða króna lausafjárfrármögnun frá Seðlabanka Íslands.<sup>615</sup> Í tölvupósti milli starfsmanna fjármálaráðuneytis, lögfræðinga sem unnu fyrir ráðuneytið og Hawkpoint kom fram að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti sig upp á móti peningagreiðslum til kröfuhafa eða öðrum þeim aðgerðum sem breyttu kröfuröðinni.<sup>616</sup>

Á sama tíma voru í undirbúningi í fjármálaráðuneytinu aðgerðir, kæmi til þess að Fjármálaeftirlitið þyrfti að taka sparisjóði yfir, en á sama tíma stóð Sparisjóðurinn í Keflavík í fjárhagslegu endurskipulagningarferli og höfðu lögfræðingar á vegum ráðuneytisins útbúið minnisblöð um slíkar aðgerðir strax í desember 2009.<sup>617</sup> Í apríl 2010 gengu tölvupóstar á milli sparisjóðsstjóra, starfsmanna fjármálaráðuneytisins og ráðgjafa fjármálaráðuneytisins, Hawkpoint, um skilmála í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins sem tóku mið af þeim tillögum sem lagt hafði verið upp með frá því í desember 2009, þ.e. 60% afskrift, 25% umbreytingu í langtímalán, að 15% yrði breytt í víkjandi lán og 6% í eigið fé af kröfum lánveitenda í erlendum sambankalánnum. Gert var ráð fyrir 10,6 milljarða króna framlagi úr ríkissjóði og ekki farið fram á beinar peningagreiðslur gegn ákveðnum skilyrðum, en skilyrði um slíkt hafði verið að finna í eldri hugmyndum.<sup>618</sup>

Íslandsbanki hf. hafði íhugað að taka yfir sparisjóðinn og gert um það formlegt tilboð í mars 2010. Bankanum voru afhent gögn til þess að glöggva sig betur á stöðu sparisjóðsins en í apríl 2010 varð niðurstaðan sú að bankinn væri ekki reiðubúinn að taka yfir sparisjóðinn að svo komnu máli. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri:

Þá var það bara hreinlega [mat bankans] að það þyrfti að afskrifa eignasafnið meira en [sparisjóðurinn var búinn] að vinna með. Kannski var svolítið ólíku saman að jafna þar sem bankarnir byrjuðu að afskrifa niður í meira og minna ekki neitt og síðan þá eru þeir búnir að vera að hækka eignasafnið. Við vorum alltaf að reyna að finna hvert væri hið raunverulega virði safnsins en ekki bara taka það niður um einhvern helling og skila svo einhverju ef það kemur eitthvað til baka.<sup>619</sup>

Bankastjóri NBI hf. lýsti yfir áhuga bankans á því að koma að endurreisn sparisjóðanna við ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu 19. apríl 2010. Honum væri kunnugt um að Íslandsbanki hf. hefði metið eignir Byrs sparisjóðs og hafnað yfirtöku fyrirtækisins og hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því að NBI hf. kæmi að sparisjóðnum.<sup>620</sup>

Kröfuhafar sparisjóðsins mynduðu ekki einsleitán hóp enda voru hagsmunir þeirra margvíslegir. Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni skýrði fyrrverandi sparisjóðsstjóri frá því að erlendir kröfuhafar hefðu átt erfitt með að átta sig á íslensku fjármálaumhverfi og áhrifum neyðarlaganna.<sup>621</sup> Í mars 2010 barst fjármálaráðuneytinu bréf sem hluti kröfuhafa Byrs sparisjóðs hafði látið íslenska lögfræðinga vinna fyrir sig. Í bréfinu voru gerðar alvarlegar athugasemdir við breytingu á kröfuröð í kjölfar setningar neyðarlaganna og þess

615. Tölvuskeyti Jóns Finnbogasonar til Hjördísar D. Vilhjálmisdóttur 31. mars 2010.

616. Tölvuskeyti Hjördísar D. Vilhjálmisdóttur til Andrews Speirs, starfsmanns Hawkpoint, 6. apríl 2010.

617. Tölvuskeyti Hjördísar D. Vilhjálmisdóttur til Egils Tryggvasonar, starfsmanns fjármálaráðuneytisins, og Þórhalls Arasonar 9. apríl 2010.

618. Sjá t.d. tölvuskeyti Jóns Finnbogasonar til Hjördísar D. Vilhjálmisdóttur í fjármálaráðuneytinu og Andrews Speirs hjá Hawkpoint 8. apríl 2010.

619. Skýrsla Jóns Finnbogasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.

620. Tölvuskeyti Ásmundar Stefánssonar til Guðmundar Árnasonar 19. apríl 2010.

621. Skýrsla Jóns Finnbogasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.



forgangs sem innistæður öðluðust þá. Þegar kom að því að samþykkja fyrirbyggjandi hugmyndir um fjárhagslega endurskipulagningu náðist ekki einhugur meðal kröfuhafa. Fyrir stjórnarfund Byrs sparisjóðs 16. apríl 2010 höfðu margir kröfuhafar samþykkt tilboð um endurskipulagningu en tveir stórir erlendir kröfuhafar ekki talið sig geta gefið jákvætt svar fyrr en Bankasýsla ríkisins skýrði hvernig hún sæi fyrir sér stöðu sjóðsins að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni. Kæmi það svar ekki myndu þessir kröfuhafar hafna tilboðinu. Sparisjóðsstjóri hafði sama dag fengið bréf frá Bankasýslunni en það þótti frekar almennt orðað og ekki til þess fallið að svara spurningum kröfuhafa.<sup>622</sup> Samkvæmt skýrslum sérstaks sérfræðings Fjármálaeftirlitsins í Byr sparisjóði virtist honum og starfsmönnum sparisjóðsins sem átök væru milli stóru kröfuhafanna og þeir sem vildu hafna tilboði um endurskipulagningu væru að reyna að selja kröfur sínar. Þó var látið í veðri vaka að höfnun tilboðsins væri eingöngu vegna skorts á upplýsingum frá Bankasýslu ríkisins um hver framtíðarsýn hennar fyrir sparisjóðinn væri sem stærsta tilvonandi stofnfjárhafa í honum.<sup>623</sup> Að kvöldi 19. apríl 2010 varð ljóst að Bankasýslan myndi engu bæta við bréfið sem fyrir lá og var það sent kröfuhöfum ásamt bréfi frá sjóðnum degi síðar. Sparisjóðsstjóri var ekki bjartsýnn á að bréfið stæði undir væntingum kröfuhafa sem þurftu að svara tilboðinu daginn eftir en þá rann frestur sparisjóðsins til þess að uppfylla lágmarkseiginfjárkröfur út.<sup>624</sup>

Byr sparisjóður tilkynnti Fjármálaeftirlitinu 21. apríl 2010 að erlendir kröfuhafar sparisjóðsins hefðu synjað tilboði um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins. Þeir hefðu gefið þær skýringar að skort hefði á upplýsingar frá stjórnvöldum um með hvaða hætti endurskipulagning sparisjóðakerfisins í heild sinni færi fram. Ekki hefðu verið gerðar athugasemdir við skilmála fjárhagslegu endurskipulagningarinnar eða upplýsingagiöf Byrs sparisjóðs. Inn á stjórnarfund Byrs sparisjóðs þennan sama dag hefði borist tilboð frá bresku fyrirtæki, Carval, til kröfuhafa um kaup á kröfum þeirra á 5% af nafnvirði krafna. Frestur til að taka tilboðinu væri til kl. 17 föstudaginn 23. apríl 2010. Á fundi með Fjármálaeftirlitinu sama dag sagði sparisjóðsstjóri erfitt að meta hversu mikil alvara væri að baki tilboðinu en þó væri ekki hægt að líta framhjá því að fulltrúi fjármálaráðuneytisins, ráðgjafafyrirtækið Hawkpoint, hefði átt þátt í að koma á tengslum milli aðila. Því væri væntanlega um trúverðugan aðila að ræða.<sup>625</sup>

Sama dag sendi starfsmaður Hawkpoint drög að bréfi til stjórnar Byrs sparisjóðs, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, til ráðgjafa fjármálaráðherra. Í póstinum segir: „please find attached draft letter to Byr establishing the government’s position [...] Carval just called saying that they will put a bid in of 5 today. He said that he would be able to raise the bid given more time.“<sup>626</sup> Í bréfi til stjórnar Byrs sparisjóðs er þess getið að ráðuneytið telji að hluti kröfuhafa hafi ekki sýnt mikinn samstarfsvilja þennan síðasta spöl viðræðnanna um fjárhagslega endurskipulagningu. Það hafi meðal annars birst í lögfræðialiti um ólögsmæti þess að gera innlán að forgangskröfum á grunni neyðarlaganna, en sá forgangur hefði eigi að síður verið grundvöllur allra tilboða og áætlana um endurskipulagningu. Það hafi valdið vonbrigðum að stór hluti erlendra kröfuhafa sparisjóðsins hafi ekki samþykkt tilboðið þar eð athugun Deutsche Bank frá í mars sama ár hefði gefið til kynna að þeir gætu búist við betri endurheimtum krafna með því að ganga að fyrirbyggjandi tilboði en ef sparisjóðurinn yrði tekinn til slitameðferðar. Tilboðið sem hafi legið fyrir hafi verið í samræmi við það tilboð sem hafi verið rætt í desember við Byr sparisjóð og lykilköfuhafa, en að mati ráðuneytisins hafi það haft að geyma ákveðin viðbótaratriði sem væru hliðhollari kröfuhöfum í kjölfar samningaviðræðna ráðuneytisins við sjóðinn. Bréfið var formlega sent stjórn Byrs sparisjóðs 21. apríl 2010.<sup>627</sup>

622. Tölvuskeyti Evu B. Helgadóttur til Fjármálaeftirlitsins 16. apríl 2010.

623. Minnisblað tilsjónarmanns Byrs sparisjóðs 10.–19. apríl 2010.

624. Tölvuskeyti Evu B. Helgadóttur til Fjármálaeftirlitsins 20. apríl 2010.

625. Bréf Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 21. apríl 2010; bréf Carval Investments til Byrs sparisjóðs 21. apríl 2010; fundargerð af fundi forsvarsmanna Byrs og Fjármálaeftirlitsins, 21. apríl 2010.

626. Tölvuskeyti Andrews Speirs til Hjördísar D. Vilhjálmisdóttur 21. apríl 2010.

627. Bréf fjármálaráðuneytisins til stjórnar Byrs sparisjóðs 21. apríl 2010; bréf Réttar – Adalsteinsson & Partners til fjármálaráðuneytisins 23. mars 2010.

Í minnisblaði nefndar um fjármálastöðugleika sem lagt var fyrir fund forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, forstjóra Fjármálaeftirlitsins og bankastjóra Seðlabanka Íslands 21. apríl var fjallað um vanda Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík. Með tilliti til yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar um tryggingu innistæðna, heildarinnlána þessara tveggja sparisjóða, lausafjárstöðu þeirra og eiginfjárfarframa til sparisjóðanna væri heildar-eiginfjárbinding ríkissjóðs til þess að fara með allar eignir Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík metin að hámarki 38 milljarðar króna. Í ljósi þessa væri ekki önnur leið í stöðunni en að Fjármálaeftirlitið beitti heimild til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki og tæki yfir starfsemi sparisjóðanna tveggja og ráðstafaði eignum þeirra og skuldum.

Daginn eftir, 22. apríl, sendi stjórn Byrs sparisjóðs bréf til Fjármálaeftirlitsins um að stjórninni þætti sýnt að viðleitni við að endurreisa fjárhag sparisjóðsins myndi ekki skila árangri. Stærsti erlendi kröfuhafi sjóðsins hefði hafnað tilboði íslenska ríkisins og jafnframt tilboði fjárfestingarsjóðs sem vildi kaupa kröfur erlendra lánardrottna. Þá teldi stjórnin að fall Sparisjóðsins í Keflavík myndi hafa neikvæð áhrif á rekstrarhæfi Byrs sparisjóðs og teldi hún því óhjákvæmilegt að fara þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það tæki yfir Byr sparisjóð.<sup>628</sup>

### 18.7.2 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og stofnun Byrs hf.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 22. apríl 2010 tók það yfir vald stofnfjáreigendafundar Byrs sparisjóðs, vék stjórn hans frá og skipaði bráðabirgðastjórn. Sama dag voru allar innistæður og eignir sparisjóðsins fluttar í nýtt félag, Byr hf., en ríkissjóður lagði félaginu til 900 milljónir króna í hlutafé. Fyrir lá að leggja þyrfti þessari nýju fjármálastofnun til það eigið fé sem þyrfti til að uppfylla skilyrði Fjármálaeftirlitsins fyrir starfsleyfi. Áætlað var að sú upphæð væri í kringum 25 milljarðar króna í tilfelli Byrs sparisjóðs.<sup>629</sup> Fjármálaeftirlitið hafði sama dag einnig tekið yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík og stofnað nýjan sparisjóð til þess að taka við ákveðnum eignum og skuldum hans og var reiknað með að eiginfjárfarframlag til þess sparisjóðs myndi nema um 13 milljörðum króna. Heildarútgjöld ríkissjóðs vegna þessara tveggja sparisjóða færu langt umfram það sem stjórnvöld hefðu miðað við fyrir fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna í landinu. Þannig hefði í ásetningsbréfi stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 7. apríl 2010 komið fram að ekki yrði varið meira en því sem samsvaraði 1,5% af landsframleiðslu, þá um 25 milljörðum króna, í endurskipulagningu sparisjóðakerfisins. Þá var gert ráð fyrir að útgjöld vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar átta smærri sparisjóða, sem fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands hefðu átt samstarf um, gætu numið um það bil 4 milljörðum króna en samningar um endurskipulagningu þeirra væru frágengnir og biðu einungis samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).<sup>630</sup>

Þáverandi bankastjóri NBI hf. ítrekaði áhuga bankans á að koma að rekstri Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík með bréfi til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins 23. apríl 2010. Sama dag gerði bankastjóri Arion banka hf. ráðuneytisstjóranum ljóst að hann hefði áhuga á að taka þátt í viðræðum um samruna Byrs hf. við viðskiptabanka sem væri einfaldari þar sem hann væri ekki lengur sparisjóður heldur hlutafélag. Þá sendi bankastjóri Íslandsbanka hf. fjármálaráðuneytinu bréf 25. apríl 2010 þar sem lýst var yfir áhuga á að eiga fund með öllum hlutaðeigandi aðilum til þess að ræða frekar hugsanlega aðkomu bankans að málefnum Byrs hf. Þótt áform um aðkomu bankans að endurskipulagningu Byrs sparisjóðs hefðu ekki gengið eftir í mars sama ár hefðu aðstæður breyst með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 22. apríl 2010. Íslandsbanki lýsti sig nú reiðubúinn að koma að kaupum á eða sameiningu við Byr hf. í samvinnu við stjórnvöld.

628. Bréf stjórnar Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 22. apríl 2010.

629. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni 27. maí 2013 sagði Jón Finnbogason, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Byrs sparisjóðs, að ríkið hefði lagt fram 900 milljóna króna eiginfjárfarframlag í Byr hf. Ríkissjóður hefði svo fengið um 700 milljónir króna í skuldabréfum Íslandsbanka hf. við kaup bankans á Byr sparisjóði árið 2011. Ekkert annað fjárfarframlag af hálfu ríkissjóðs til Byrs sparisjóðs eða Byrs hf. hefði verið veitt. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki frá árinu 2012 kemur fram að ríkissjóður hafi lagt fram 900 milljóna króna eiginfjárfarframlag til Byrs hf. og fengið 765 milljónir króna við sölu hans til Íslandsbanka hf. Ríkissjóður hafi veitt Byr hf. 5 milljarða króna víkjandi lán en ekki hafi verið dregið á það.

630. Minnisblað um málefni Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík, 3. maí 2010.

Um ástæður þess að ákveðið var að fara þessar ólíku leiðir, að endurreisa Sparisjóðinn í Keflavík sem stofnfjársparisjóð og Byr sparisjóð sem hlutafélag sagði fjármálaráðherra fyrir rannsóknarnefndinni að það hefði verið gert í þeirri von að Spkef sparisjóður gæti síðar orðið einhvers konar kjölfesta í því sem eftir var af sparisjóðakerfinu, en ekki hefði verið talin sérstök ástæða til þess með Byr sparisjóð og því stofnað hlutafélag í tilviki Byrs.<sup>631</sup> Menn hefðu talið allgóðar líkur á að Sparisjóðurinn í Keflavík gæti starfað áfram sem slíkur og orðið langstærsti sparisjóðurinn og kannski í fyllingu tímans „móðurstöð“ eða bakhjarl fyrir aðra minni sparisjóði. Varðandi Byr sparisjóð hefði það verið mun stærri biti og mat manna að það væru meiri líkur á því að fá aðra aðila að því að endurreisa hann sem hlutafélagabanka.<sup>632</sup> Mörg sjónarmið hefðu komið inn í þessa ákvörðun þar á meðal byggðarök. Byr sparisjóður hefði verið með starfsemi á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þannig að það voru kannski ekki byggðarök á sama hátt og með Sparisjóðinn í Keflavík sem var eini þjónustuaðilinn á stórum landsvæðum.<sup>633</sup>

Í skýrslu skrifstofustjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneyti fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að töluverð átök hefðu verið um þá leið sem farin yrði. Sérfræðihópurinn vildi fara sömu leið með Byr sparisjóð og Sparisjóðinn í Keflavík, þ.e. hlutafélagaleiðina, en pólitískur vilji hefði staðið til fara sparisjóðaleiðina.<sup>634</sup> Aðspurður hvers vegna sérfræðingarnir hefðu viljað fara hlutafélagaleiðina en ekki sparisjóðsleiðina sagði hann:

Sparisjóðirnir hafa bara fengið mikinn hlómgrunn hjá pólitíkinni í gegnum tíðina. Þetta var Steingrímur J. Sigfússon sem var þá fjármálaráðherra og þessi krafa virtist koma þaðan. Einhvern veginn virtist hann halda í þá von að hægt væri að endurreisa Sparisjóðinn í Keflavík og að hann yrði þá einhvers konar móðurskip fyrir sparisjóðina, en ég held að það hafi verið praktískar ástæður fyrir því að við vildum fara hlutafélagaleiðina. Það væri auðveldara að vinda ofan af því og kannski selja lífvænlegar einingar út úr pakkanum.<sup>635</sup>

Í skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að hugmyndin hefði verið að Byr hf. yrði áfram hluti af sparisjóðafjölskyldunni og gegndi áfram því hlutverki sem hann hafði gegnt til þess tíma, en hann hafði tekið við hlutverki greiðslumiðlunar og fjárstýringar fyrir sparisjóðina sem Sparisjóðabanki Íslands hf. hafði áður sinnt. Skilningur ráðherrans hefði verið að auðveldara yrði að fjármagna Byr í hlutafélagagaformi en sem sparisjóð með stofnfé. Þá hefði ein hugmyndin verið að selja Byr hf. viðskiptabanka og þá sérstaklega horft til Íslandsbanka, þó að einnig hefði verið litið til Landsbankans, um að bankinn tæki að sér þjónustu við sparisjóðina í einhverjum skilningi. Innan sparisjóðanna hefði mönnum verið illa við þessa hugmynd því þá litu menn þannig á að þeir væru angi frá banka, því hefði verið erfitt að vinna með þessa hugmynd vegna andstöðu sparisjóðanna. Þá hefðu þeir orðið í einhverjum skilningi annars flokks fjármálastofnunar sem ætti allt sitt undir einum af viðskiptabönkunum<sup>636</sup>

Við stofnun Byrs hf. átti ríkissjóður 5,2% í félaginu en Byr sparisjóður 94,8% eftir að kröfum hans á félagið hafði verið breytt í hlutafé.<sup>637</sup> Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri Byrs sparisjóðs og framkvæmdastjóri Byrs hf. að þegar unnið hefði verið áfram með eignasafn bankans hefði komið í ljós að staða sparisjóðsins hefði verið enn verri en talið var og breyttust eignarhlutföll í kjölfarið. Ríkissjóður hélt sínu framlagi en hlutur kröfuhafa minnkaði um hér um bil 6 milljarða króna.<sup>638</sup> Eignarhlutur ríkisins nam þá 11,6% en hlutur Byrs sparisjóðs varð 88,4%. Sala eignarhluta ríkisins í Byr hf. til Íslandsbanka hf. var samþykkt af Alþingi í lok nóvember 2011 en söluverð alls hlutafjár í félaginu var 6,6 milljarðar króna. Hlutur ríkissjóðs af söluandvirði Byrs hf. var 765 milljónir króna sem þýðir að sölutapið nam 135 milljónum króna.<sup>639</sup>

631. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

632. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

633. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

634. Skýrsla Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. september 2013.

635. Skýrsla Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. september 2013.

636. Skýrsla Gylfa Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

637. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins, júní 2012.

638. Skýrsla Jóns Finnbogasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. maí 2013.

639. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins, júní 2012.

## Byr hf. og samruni við Íslandsbanka

Þegar ársreikningur Byrs hf. fyrir árið 2010 lá fyrir kom í ljós að endurmat á eignum félagsins hafði leitt til lækkunar á virði þeirra um 9.169 milljónir króna frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í samkomulagi Byrs sparisjóðs og fjármálaráðuneytisins. Lækkunin skyldi koma að fullu til lækkunar á greiðslu Byrs hf. til slitastjórnar Byrs sparisjóðs. Í byrjun júní 2011 tilkynnti Byr hf. ákvörðun stjórnar um að hefja söluferli á nýju hlutafé í þeim tilgangi að styrkja eiginfjárgrunn félagsins en eiginfjárlutfall Byrs hf. var í árslok 2010 orðið 5% og því undir þeirri 16% kröfu sem Fjármálaeftirlitið hafði sett. Skuldbindandi tilboð lágu fyrir 8. júlí 2011 en samhliða tilboði í nýtt hlutafé, útgefnu af Byr hf., voru lögð inn tilboð í hlut þáverandi eigenda Byrs hf. Gengið var frá samningi við Íslandsbanka um kaup á 10 milljörðum króna af nýju hlutafé í Byr hf. á genginu 1, auk kaupa á eignarhlut slitastjórnar Byrs sparisjóðs og fjármálaráðuneytisins í Byr hf. 12. júlí 2011.\* Í kjölfar samþykkis Fjármálaeftirlitsins, Alþingis, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA eignaðist Íslandsbanki 100% hlutafjár í Byr hf. 27. nóvember 2011. Kaupverðið nam 6.600 milljónum króna\*\* fyrir eignarhlut slitastjórnar Byrs sparisjóðs og fjármálaráðuneytisins en ekki kom til þess að Íslandsbanki gæfi út 10 milljarða króna í nýtt hlutafé þar sem heimild fékkst fyrir yfirtöku bankans.\*\*\*

\* Ársreikningur Byrs hf. 2010.

\*\* Ársskýrsla Íslandsbanka hf. 2011.

\*\*\* Töluskeyti Íslandsbanka hf. til rannsóknarnefndarinnar 11. júlí 2012.

## 18.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hefðu verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Byrs sparisjóðs og áhrifum þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2007 til 2010, einkum þó árin 2008 og 2009.

### 18.8.1 Innri endurskoðun

Í ársskýrslum innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs fyrir árin 2008 og 2009 var hlutverk innri endurskoðunar<sup>640</sup> skilgreint á eftirfarandi hátt:

Innri endurskoðun (IE) er hluti af skipulagi Byrs og þáttur í eftirlitskerfi hans. Innri endurskoðun er hlutlaust matsferli, sem hefur það grundvallarmarkmið að skapa verðmæti (virðisauka) með því að bæta viðkomandi rekstur, aðstoða stjórnendur við að ná settum rekstrarmarkmiðum og meta árangur, bæta áhættustýringu, eftirlit og stjórnun með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.<sup>641</sup>

Mjöll Flosadóttir var ráðin forstöðumaður innri endurskoðunardeildar Byrs í mars 2007 en hún hafði áður gegnt starfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar Sparisjóðs Hafnarfjarðar auk annarra stjórnendastarfa fyrir sparisjóðinn. Auk þess að vera menntaður viðskiptafræðingur hafði hún lokið löggildingarprófi í verðbréfamiðlun. Fljótlega eftir ráðningu Mjallar til Byrs sparisjóðs var hún fengin til að taka að sér tímabundið verkefni hjá Verðbréfabjónustu sparisjóðanna (VSP) þar sem framkvæmdastjóra verðbréfabjónustunnar hafði verið vikið frá störfum í apríl 2007 vegna gruns um umboðssvik og fjárdrátt. Í upphafi var talið að um tveggja til þriggja mánaða tímabil yrði að ræða, en það stóð hins vegar í níu mánuði. Þáverandi forstöðumaður bankabjónustu Byrs, sem áður var starfsmaður Sparisjóðs Hafnarfjarðar, Björn Steinar Pálmason, sinnti starfi innri endurskoðanda Byrs frá 14. maí 2007 til 1. mars 2008. Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2007 lýsti staðgengill forstöðumanns innri endurskoðunardeildar aðkomu sinni svo:

Það að fara inn í nýtt starf með þessum hætti og sérstaklega þegar enginn er til að leiðbeina og kenna, leiddi af sér að oft á tíðum tók það lengri tíma að vinna verkefni sérstaklega þegar þau eru unnin í fyrsta skipti. Við sameiningar sem átt hafa sér stað á árinu og þær

640. Innri endurskoðun nær almennt til allra þátta í starfsemi fjármálfyrirtækja og þá einnig til dótturfélaga. Samkvæmt ársskýrslu innri endurskoðunar 2008 náði innri endurskoðun þó ekki til Allianz Íslands hf., dótturfélags Byrs. Gerður var sérstakur samningur við Rekstrarfélag Byrs um innri endurskoðun á Allianz.

641. Skýrsla innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs 2008.

sem framundan eru er ljóst að verkefni [innri endurskoðunar] hafa og munu aukast verulega í framtíðinni og því brýnt að efla þetta svið ekki síst í ljósi þess að eftirlit og fjölgun ýmissa reglna frá ESB til fjármálastofnana hafa aukist verulega. Þegar er gert ráð fyrir tveimur stöðugildum í [innri endurskoðun] en í rekstraráætlun er jafnframt gert ráð fyrir 1 stöðugildi til viðbótar.<sup>642</sup>

Í mars 2008 var ráðinn sérfræðingur til starfa í innri endurskoðunardeild sparisjóðsins við hlið Mjallar Flosadóttur forstöðumanns og voru því tvö stöðugildi í deildinni í árslok 2008.<sup>643</sup> Enn var Mjöll fengin til að taka að sér tímabundið starf. Nú hafði framkvæmdastjóri Byrs Verðbréfa látið af störfum og gegndi Mjöll starfinu frá 1. febrúar til 1. september 2009.<sup>644</sup> Á meðan leysti sérfræðingur deildarinnar forstöðumanninn af. Mjöll kom aftur til starfa 1. september 2009 og gegndi störfum innri endurskoðanda Byrs þar til hún tók við starfi innri endurskoðanda Spkef sparisjóðs í júlí 2010. Ljóst er að þótt gert hafi verið ráð fyrir tveimur til þremur stöðugildum í innri endurskoðun Byrs sparisjóðs frá 2007 til 2010 var forstöðumaðurinn fenginn til að taka að sér ýmis afleysingarstörf og því starfaði einungis einn starfsmaður við innri endurskoðun sparisjóðsins stóran hluta tímabilsins.

### Verkefni innri endurskoðunar

Í árlegum skýrslum forstöðumanns innri endurskoðunardeildar Byrs vegna árána 2007, 2008 og 2009 var gerð grein fyrir störfum deildarinnar þar sem fram kom að gerð væri endurskoðunaráætlun fyrir hvert ár, auk þess sem oft kæmu upp sértæk verkefni sem gætu haft áhrif á áætlunina. Verkefni innri endurskoðunar væru unnin í samvinnu við framkvæmdastjórn og aðra starfsmenn sparisjóðsins, auk þess sem fyrirspurnir væru sendar til ytri endurskoðanda.<sup>645</sup>

Tafla 57. Helstu verkefni innri endurskoðunardeildar Byrs sparisjóðs.

Eftirlitsþættir	2007	2008	2009	2010
Sjóðstalningar	*	*	*	*
Útlánaskoðanir:				
- erlend lán	*			
- handveðstryggingar	*			
- íbúðalán		*	*	
- vanskil			*	
- eftirlit með lánveitingum og heimildum				*
- greining og samantekt á stærstu lánþegum	*	*	*	
Gjaldeyrissala		*	*	
Innlán		*	*	
Viðskipti starfsmanna		*	*	
Áhættustýring			*	
Lausafjárstýring			*	*
Kynning á innra eftirliti				*
Yfirferð á starfsreglum stjórnar				*

Byggt á ársskýrslum innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs.

Forstöðumaður innri endurskoðunar tók þátt í starfshópi um innri endurskoðun á vegum sparisjóðanna auk þess sem hann tók virkan þátt í starfi Félags innri endurskoðenda og sótti ráðstefnur um innri endurskoðun. Í skýrslu Mjallar Flosadóttur fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að ekki hefði verið búið að innleiða alþjóðlega staðla um innri endurskoðun hjá Byr. Ekki hefði verið farið kerfisbundið yfir eða fylgt leiðbeinandi reglum um innri endurskoðun, svo sem reglum frá Basel-nefndinni eða leiðbeinandi reglum FME nr. 1/2002.<sup>646</sup> Þó kom fram að starfsmenn innri endurskoðunar vissu af þessum reglum en ákveðin fastmótuð vinnubrögð sem innri endurskoðendur sparisjóðanna unnu eftir mótuðu nálgun þeirra á verkefnið. Eftir að leiðbeinandi tilmæli um störf innri endurskoðunardeilda komu frá Fjármálaeftirlitinu hefði þeim verið fylgt.<sup>647</sup>

642. Innri endurskoðun – samantekt unnin af VEV og lögð fyrir stjórn 27. febrúar 2008.

643. Skýrsla innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs 2008.

644. Skýrsla innri endurskoðunar Byrs sparisjóðs 2009.

645. Innri endurskoðun – samantekt unnin af VEV og lögð fyrir stjórn 27. febrúar 2008.

646. Skýrsla Mjallar Flosadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

647. Skýrsla Mjallar Flosadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012. Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008 um störf innri endurskoðunardeilda fjármálaþyrirtækja voru gefin út 24. september 2008.

Innri endurskoðun gerði margar athugasemdir við vinnuferli og eftirlitsþætti á hinum ýmsum sviðum. Síðan var farið yfir allar ábendingar og athugasemdir með yfirmönnum sviða. Á árinu 2009 gerði innri endurskoðun úttekt á störfum áhættunefndar sparisjóðsins og voru gerðar alvarlegar athugasemdir við störf hennar. Í skýrslu Mjallar Flosadóttur fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að ekki hefðu verið gerðar athugasemdir við endurskoðunaráætlanir sem hefðu verið lagðar fyrir stjórn sparisjóðsins árlega. Sparisjóðsstjóri hefði, fyrir hönd stjórnar, í einhverjum tilvikum beðið um að ákveðin verkefni yrðu unnin, en skýrslugjöf vegna þessara verkefna var til stjórnar. Farið var yfir einstakar úttektir með yfirmönnum sviða og sparisjóðsstjórum og fannst innri endurskoðanda stjórnendur yfirleitt taka niðurstöðum innri endurskoðunar vel og að tillit hefði verið tekið til athugasemda hennar og ábendinga. Niðurstöður þessara úttekta voru þó, að mati innri endurskoðanda, ekki þess eðlis að þær þyrfti að bera undir stjórn sparisjóðsins. Innri endurskoðun skilaði árlega samantekt, eða ársskýrslu, yfir helstu verkefni nýliðins starfsárs, auk þess að vinna skýrslu um útlán sem lögð var fyrir stjórn sparisjóðsins. Að sögn forstöðumanns innri endurskoðunar fékk ytri endurskoðandi afrit af öllum skýrslum innri endurskoðanda. Samvinna milli þeirra og samskipti hefðu verið góð. Taldi innri endurskoðandi að ekki hefðu komið fram athugasemdir af hálfu ytri endurskoðanda um störf innri endurskoðunar.<sup>648</sup>

Í skýrslu innri endurskoðunar kom einnig fram að hún myndi ekki til þess að stjórn sparisjóðsins hefði spurt út í stöðu einstakra mála sem til skoðunar voru eða fylgt eftir frávikum sem komu upp við vinnu innri endurskoðunar. Ekki hefðu verið mikil samskipti milli innri endurskoðunar og stjórnar milli formlegra funda. Lítil samskipti hefðu verið á milli innri endurskoðunar og stjórnarformanns og af þeim sökum hefði hún frekar leitað til sparisjóðsstjóra en stjórnar, enda taldi hún sig fá meiri skilning á störfum sínum þar. Aftur á móti merkti hún ekki áhuga á innra eftirliti og innri endurskoðun hjá stjórnarformanninum. Þá gerði stjórnarformaðurinn athugasemd við úttekt innri endurskoðunar á stærstu lánþegum og hvernig innri endurskoðun tengdi saman félög í eigu hans eða aðila sem tengdust honum. Niðurstöðum innri endurskoðunar var þó ekki breytt.<sup>649</sup>

### 18.8.2 Áhættustýring

Fjármálafyrirtækjum ber, samkvæmt 11. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, að upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu sína. Umfjöllun um áhættustýringu var birt í skýringum með ársreikningi Byrs sparisjóðs frá árinu 2007 og var samskonar umfjöllun í ársreikningi fyrir árið 2008. Þar kom enn fremur fram að helstu áhættuþættir sparisjóðsins væru taldir vera mótaðilaáhætta, lausafjáraáhætta, markaðsáhætta og rekstraráhætta.

Reglur Byrs sparisjóðs um áhættuviðmið og áhættustýringu voru samþykktar af stjórn sparisjóðsins 16. maí 2007. Markmið og hlutverk reglna um áhættustýringu var að innleiða og stuðla að notkun áhættustýringar sem hagnaðartækis. Áhættustýringu bar meðal annars að greina og veita heildaryfirsýn yfir alla helstu áhættuþætti, hafa eftirlit með áhættu innan einstakra sviða og bera saman við viðmið eða heimildir sem settar væru af stjórn sparisjóðsins.<sup>650</sup> Stjórn sparisjóðsins setti almennar reglur um útlánastarfsemi í samræmi við ákvæði laga og samþykktu sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri bar hins vegar ábyrgð á að starfsemi sparisjóðsins tæki mið af reglum um áhættustýringu og bar honum að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að greina, mæla og hafa eftirlit með áhættuþáttum í daglegri starfsemi. Þá bar sparisjóðsstjóra að viðhalda skipuriti sem tilgreindi ábyrgðarsvið og heimildir starfsmanna, auk þess að setja nánari reglur sem byggðust á fyrrgreindum reglum sparisjóðsins um áhættustýringu. Áhættustýring sparisjóðsins skyldi vera nátengd sem flestum sviðum sparisjóðsins og bar hvert svið og framkvæmdastjóri þess ábyrgð á

648. Skýrsla Mjallar Flosadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

649. Í athugasemdum Jón Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs sparisjóðs, til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 kom fram að hann hefði gert verulegar athugasemdir við tengingarnar. Hann hefði ekki skilið hvers vegna hann hefði verið talinn tengdur þeim aðilum sem þar um ræddi frekar en öðrum sem hann átti viðskipti við en voru ekki tengdir við hann. Helst vildi hann sjá að þessir aðilar færu úr viðskiptum við sparisjóðinn til þess að aðilarnir teldust ekki venslaðir sparisjóðnum eða tengdir sér.

650. Reglur Byrs sparisjóðs um áhættuviðmið og áhættustýringu, 16. maí 2007.

stýringu þeirra áhættuþátta er að þeim sneru. Í því fólst að framfylgja reglum um áhættuviðmið og áhættustýringu, auk annarra reglna og viðmiða um áhættustýringu sem kynnu að verða settar.<sup>651</sup>

#### Fyrirkomulag áhættustýringar

Sérstöku sviði innan Byrs sparisjóðs, áhættustýringu og útlánaeftirliti, var ætlað að starfa eftir reglum sparisjóðsins um áhættustýringu og áhættuviðmið og standa skil á skýrslum um þróun mála. Þá skyldi sviðið greina frá öllum frávikum frá reglum og settum viðmiðum auk þess sem áhættustýringu var falið að annast hluta skýrslugerðar og samskipti við eftirlitsaðila.<sup>652</sup> Hlutverk áhættustýringar var jafnframt að annast frekari úrvinnslu upplýsinga frá einstökum sviðum sparisjóðsins, kanna áreiðanleika þeirra og framkvæma sjálfstætt áhættumat. Áhættustýring skyldi hafa beinan aðgang að gögnum sem nauðsynleg væru vegna þeirra verkefna. Áhættustýringu bar að hafa með höndum „lánaáhættu og fjármálaáhættu, þ.e. markaðsáhættu og lausafjáraáhættu“. Áhættustýring hafði eftirlit með því að kröfur eftirlitsaðila á hverjum tíma varðandi áhættutöku í rekstri væru uppfylltar. Áhættustýringu bar að fara yfir og fjalla um, í samvinnu við sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórn, stöðu helstu skuldara og einstakar, stórar lánveitingar.<sup>653</sup>

Byr sparisjóður starfrækti sérstaka áhættunefnd og var hlutverk hennar skilgreint í reglum um áhættustýringu og áhættuviðmið. Nefndinni var ætlað að hafa eftirlit með lánarömmum fyrir stóra lánþega, yfirfara reglulega stöðu aðila innan lánaramma ásamt því að yfirfara fjárhagsstöðu hvers aðila í hópi stærstu skuldara sparisjóðsins. Það var á hendi lánanefndar að skilgreina lánaramma fyrir hvern viðskiptavin og afhenda þá áhættunefnd til athugunar.<sup>654</sup> Áhættunefnd átti einnig að fara yfir lánveitingar sem voru skilgreindar háar, en ekki var getið um fjárhæðir í því sambandi. Fjármálaeftirlitið taldi í skýrslu sinni um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs frá 24. október 2007 að áhættunefnd sparisjóðsins væri ekki virk<sup>655</sup> og kallaði eftir gögnum varðandi greiningu áhættustýringar. Þar sem ekki reyndist unnt að afhenda þau ályktaði Fjármálaeftirlitið að slík gögn væru ekki til staðar í sparisjóðnum og gerði alvarlegar athugasemdir við það.<sup>656</sup>

Í máli Gunnars Árnasonar, forstöðumanns áhættustýringar, fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að hann hefði ekki setið fundi lánanefndar. Hann sagðist hafa sóst eftir að sitja þá fundi sem áheyrnarfulltrúi en ekki fengið. Því gat forstöðumaðurinn ekki komið athugasemdum sínum á framfæri á fundum lánanefndar.<sup>657</sup> Taldi hann að almennt hefðu stjórnendur tekið tillit til sjónarmiða áhættustýringar en ekki alltaf. Ekki hefði verið verulegur ágreiningur milli stjórnenda og áhættustýringar en áhættustýring hefði þó viljað beita fyrirbyggjandi eftirlitsaðgerðum en ekki getað þar sem hún hafði ekki aðgang að lánanefndarfundum. Ábendingar og athugasemdir áhættustýringar fólust í að gera athugasemdir við útlán til ákveðinna aðila, tryggingatöku og ferli við lánveitingu og ákvörðunartöku.<sup>658</sup> Í útlánareglum Byrs frá 30. september 2009 var sett inn ákvæði um að fulltrúi áhættustýringar fengi sæti sem áheyrnarfulltrúi í lánanefnd.

651. Reglur Byrs sparisjóðs um áhættuviðmið og áhættustýringu, 16. maí 2007.

652. Ársreikningur Byrs sparisjóðs 2007.

653. Reglur Byrs sparisjóðs um áhættuviðmið og áhættustýringu, 16. maí 2007.

654. Reglur Byrs sparisjóðs um áhættuviðmið og áhættustýringu, 16. maí 2007.

655. Í athugasemdum Byrs sparisjóðs til Fjármálaeftirlitsins 7. febrúar 2008 við skýrslu um útlánaáhættu sagði að áhættunefnd hefði verið lögð niður og verkefni hennar flutt til áhættustýringar.

656. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.

657. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 18. desember 2013 sagði Magnús Ægir Magnússon að hann teldi að forstöðumaður áhættustýringar hefði tapað óhæði sínu sem yfirmaður áhættu ef hann hefði setið fundina. Hann hefði þá getað metið mál út frá því sem lagt var fram á fundinum. Í athugasemdum Ragnars Z. Guðjónssonar til rannsóknarnefndarinnar 3. desember 2013 taldi hann ekki rétt að Gunnar hefði ekki fengið aðgang að lánanefndinni en hann mundi þó ekki hvenær hann kom inn.

658. Skýrsla Gunnars Árnasonar, forstöðumanns áhættustýringar Byrs sparisjóðs, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

### Úttektir á áhættustýringu Byrs sparisjóðs

Fjármálaeftirlitið skilaði skýrslu um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs í október 2007, en vinna vegna þeirrar athugunar hófst í júlí sama ár.<sup>659</sup> Helstu niðurstöður skýrslunnar voru að nokkuð skorti á yfirsýn yfir útlánamál Byrs. Mikilvægt væri að áhættustýring og innra eftirlit yrði ekki vanrækt við stækkun sparisjóðsins og innri starfsreglur og ferlar uppfærðir og kynntir starfsfólki. Þá yrði að vinna með formlegum hætti að utanumhaldi gagna og greininga. Mat Fjármálaeftirlitsins á stjórnun og eftirliti Byrs var að stefnu, lánareglum og skipulagi væri ábótavant og það sama ætti einnig við um eftirlit og skýrslugjöf.<sup>660</sup>

Í skýrslunni kom fram að áhættustýring Byrs starfaði ekki í samræmi við reglur um áhættuviðmið og áhættustýringu. Áhættustýring hefði ekki gert greiningar á tapsáhættu og ekki virtist vera ákveðið verklag ef frávik yrðu á tryggingum, en frávik voru rædd óformlega. Álagspróf væru takmörkuð og hvorki framkvæmd reglulega né markvisst. Taldi Fjármálaeftirlitið að nokkuð skorti á að áhættustýring hefði gott yfirlit yfir útlána-áhættu sparisjóðsins. Þá taldi Fjármálaeftirlitið mikilvægt að stjórnendur Byrs hröðuðu vinnu við að efla áhættustýringu og tryggðu að reglulegt eftirlit væri með útlánaáhættu. Áhersla var lögð á að um mikilvæga einingu innan sparisjóðsins væri að ræða og að hún þyrfti að búa yfir nægum mannafla til að stýra áhættu sparisjóðsins. Því væri mikilvægt að eftirlitsþættir og verkferlar fylgdu eftir stækkun sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið leit svo á að deild með tveimur starfsmönnum væri falið.<sup>661</sup>

Að mati Fjármálaeftirlitsins lágu ekki fyrir gögn um greiningar áhættustýringar, þrátt fyrir að kveðið væri á um í útlánareglum sparisjóðsins að til staðar skyldu vera áhættu- og útlánagreiningar. Taldi Fjármálaeftirlitið það vera alvarlegan skort á eftirliti. Í athugasemdum Byrs vegna skýrslu Fjármálaeftirlitsins kom fram að áhættustýring hefði skoðað sérstaklega lánþega með fyrirgreiðslu sem væri yfir 15% af eiginfjárgrunni og framkvæmt álagspróf vegna þeirra þótt engin formleg skýrslugerð lægi fyrir. Taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að formgera þessar skýrslur, skila þeim til sparisjóðsstjóra og að samræma yrði ákvæði reglna og framkvæmd um áhættunefnd og áhættustýringu.<sup>662</sup> Í svari sparisjóðsins við skýrslu Fjármálaeftirlitsins 7. febrúar 2008 kom fram að starfsmönnum deildarinnar hefði verið fjölgað úr einum í þrjá frá gerð skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Fleiri greiningar væru nú gerðar á áhættuþáttum.

659. Sams konar úttekt var gerð í fimm öðrum stórum fjármálafyrirtækjum og var markmiðið að fá yfirsýn yfir útlánaáhættu meginhluta fjármálakerfisins og staðfestingu á útlánagæðum, en einnig var lagt mat á áhættustýringu og innra eftirlit vegna útlána.

660. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.

661. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.

662. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Byrs sparisjóðs, október 2007.